Hæstaréttardómar 1961

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Gallar á bls. 52, 477, 596, og 805 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1961

Efnisskrá til bráðabirgða

Atvinnuréttindi 359
Áfengislagabrot 52, 63, 74, 77, 131, 167, 638, 724 811
Áfrýjun 598
Ákæra 538
Barnsfaðernismál 536
Bifreiðar:
a. Refsikrafa 52, 59, 74, 77, 131, 167, 247, 413, 532, 638, 811
b. Bótakrafa 22, 81, 432, 620, 675
Blóðrannsókn 52, 167
Búskipti 744, 839, 844
Dómstólar 417
Eignarréttur 350
Erfðamál 201, 283
Farmsamningur 212
Félagsréttindi 324, 646
Fjármál hjóna 839, 844
Fjárnám 596
Fjársvik 538
Framfærslukrafa 451
Framhaldsrannsókn 33, 137, 271, 859, 887
Frávísun 28, 255, 274, 275, 279, 300, 370, 411, 417, 446, 538, 598, 610, 613, 779
Frestur 506, 592
Friðhelgi einkalífs 376
Heimvísun 138, 536, 685
Hótanir 376
Húsaleiga 101, 500
Ítaksréttindi 350
Kaupkrafa 786, 790
Kjarasamningur 786, 790
Kærumál:
Dómstólar 417
Framhaldsrannsókn 33
Frávísun 28, 255, 274, 275, 279, 300, 411, 417, 598, 610, 613
Frestur 506, 592
Málsgögn 266

Málskostnaður 50, 456, 873
Uppboð 506, 592
Uppboðsskilmálar 163
Landamerki 685, 760
Leiga 86, 101, 500
Líkamsáverkar 661
Læknaráð 137, 339, 460
Lögbann 219, 598
Lögmenn 300, 376
Lögræði 339
Lögtak 46, 118, 294, 617
Manndráp 460, 481
Málsgögn 266, 859 887
Málskostnaður 50, 112, 456, 873
Meiðyrði 772, 815
Nauðgun 470
Opinberir starfsmenn 376, 538
Ómerking 138, 370, 446, 536, 685, 779
Rangar sakargiftir 376
Rangar skýrslur 538, 724
Sameign 500
Samningar 86, 98, 101, 212, 219, 261, 428, 500
Sjóslys 5, 310
Sjótjón 170
Sjóveð 1, 310
Skaðabætur 5, 81, 101, 147, 186, 310, 431, 432, 538, 607, 620, 632, 646, 653, 675, 720, 734, 739, 749, 793, 830, 868, 878, 888
Skiptamál 451
Skírlífisbrot 470
Skotvopn 376
Skuldamál 98, 428, 715, 849, 861, 900
Slysatrygging 511
Sprengjukast 124
Stjórnsýsla 359
Sýsluvegir 157
Tolllagabrot 33
Uppboð 506, 592
Uppboðsskilmálar 163
Útburður 500, 629
Útsvarsmál 46, 118, 294
Varnarsamningur 359
Vátrygging 142, 170, 176, 234, 305, 421, 511
Vixilmál 210, 272
Þjófnaður 124, 367

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XLII. árgangur. 1961

Miðvikudaginn 11. janúar 1961.

Nr. 144/1960. **H/f Norðlendingur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Útgerðarfélag Akureyringa h/f**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Kaupfélagi Skagfirðinga
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1960 og krafizt þess, að ákvæði héraðsdóms um sjóveðrétt í b/v Norðlendingi verði fellt úr gildi, héraðsdómur staðfestur að öðru leyti og stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt vottorði bæjarfógetans í Ólafsfirði, dags. 20. október 1960, var h/f Norðlendingur skráður í hlutafélagaskrá Ólafsfjarðar hinn 22. marz 1955, og samkvæmt öðru vottorði sama bæjarfógeta, dags. s. d., var b/v Norðlendingur talinn í afsals- og veðmálabókum Ólafsfjarðar eign h/f Norðlendings árið 1959. Var Ólafsfjörður heimili skipsins, sbr. 3. gr. laga nr. 56/1914 og 7. gr. laga nr. 17/1948.

Fyrirsvarsmaður ríkissjóðs varð hæstbjóðandi í b/v Norðlending á uppboði hinn 22. júní 1960, en framseldi síðan

Útgerðarfélagi Akureyringa h/f boð sitt í skipið. Hafa þessir aðiljar gengið inn í málið fyrir Hæstarétti.

Þar sem b/v Norðlendingur átti heimahöfn og var gerður út til fiskveiða frá Íslandi, mátti skipstjórinn á honum eigi samkvæmt 2. gr. laga nr. 30/1933, skýrðri í samræmi við undirstöðurök þeirra laga, stofna hér á landi til sjóveðréttar í botnvörpungnum vegna úttektar á nauðsynjum þeim, er í nefndri grein segir, í öðrum tilvikum en þeim, er í 4. gr. laganna getur, þ. e. til beinnar heimferðar án veiða.

Samkvæmt þessu ber að sýkna af kröfu stefnda um sjóveð í b/v Norðlendingi fyrir dómskuld héraðsdóms, er staðfestist að öðru leyti.

Þrátt fyrir þessi málalok ber að dæma áfrýjanda, h/f Norðlending, sem eigi sótti þing í héraði og eigi hefur sannað lögmæt forföll, til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Héraðsdómur staðfestist að öðru en því, að niður er fellt ákvæði héraðsdóms um sjóveðrétt í b/v Norðlendingi.

Áfrýjandi h/f Norðlendingur greiði stefnda, Kaupfélagi Skagfirðinga, kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en að því er aðra aðilja varðar, fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Sauðárkróks 17. maí 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. janúar s.l., hefur Kaupfélag Skagfirðinga höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 20. janúar s.l., gegn Norðlendingi h/f til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 190.886.11, ásamt 6% ársvöxtum frá áramótum s.l. til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins. Þá er og krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Norðlendingi, ÓF 4, til tryggingar tildæmdum kröf-

um samkvæmt 4. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56 frá 30. nóvember 1914, sbr. 1. mgr. 53. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda hefur eigi verið sótt þing, þótt löglega hafi stefnt verið.

Stefnandi hefur gert þá grein fyrir umstefndri skuld, að hún sé mynduð á árinu 1959 með úttekt matvæla og smurningsolíu til skips stefnda b/v Norðlendings, ÓF 4, og hafi til úttektar þessarar hjá stefnanda verið stofnað af skipstjóranum samkvæmt stöðuumboði hans.

Hvað snertir kröfu stefnanda um viðurkenningu sjóveðréttar í b/v Norðlendingi til tryggingar stefnukröfunni, tekur stefnandi fram, að þá kröfu reisi hann á 4. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914, sbr. 1. mgr. 53. gr. sömu laga. Tekur stefnandi sérstaklega fram, að hann telji breytingu þá á siglingalögum, sem gerð var með lögum nr. 30/1936, eigi geta tekið til tilviks þess, er hér liggur fyrir, en í 2. gr. þeirra laga sé niðurfelling sjóveðréttar bundin við kröfur, sem skipstjóri stofnar við menn eða stofnanir hér á landi í sambandi við útgerð skipa, sem heimilisföst eru hér á landi og eingöngu eða aðallega eru notuð til fiskveiða hér við land, vegna úttektar á vistum, veiðarfærum o. fl., þar á meðal hvers konar olíu. Telur stefnandi greind ákvæði laga nr. 30/1936 eigi geta átt við í máli þessu, þar sem sannað sé og viðurkennt af framkvæmdastjóra stefnda, að b/v Norðlendingur hafi aðallega stundað veiðar á fjarlægum miðum við önnur lönd á þeim tíma, er til téðrar skuldar stefnda var stofnað.

Með því að engir gallar þykja vera á málatilbúnaði stefnanda, er frávísun eigi að varða ex officio, og eigi hefur verið sótt þing af hálfu stefnda, þykir rétt samkvæmt kröfu stefnanda, að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Lögð hefur verið fram í málinu yfirlýsing frá framkvæmdastjóra hins stefnda félags, þar sem stefnufjárhæðin er viðurkennd rétt að vera og að til skuldarinnar hafi verið stofnað á þann hátt, er stefnandi heldur fram. Verður þegar af þeirri ástæðu að taka stefnufjárkröfu stefnanda að öllu leyti til greina, þannig að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 190.886.11 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar s.l. til greiðsludags.

Þá þykir og rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Framkvæmdastjóri hins stefnda félags hefur gefið út vottorð, sem lagt hefur verið fram í málinu, um veiðidaga b/v Norð-

lendings á árinu 1959, og hefur skipið samkvæmt því stundað veiðar á fjarlægum miðum, þ. e. Newfoundlandsmiðum og Grænlandsmiðum, 136 daga og á heimamiðum 76 daga. Tekið er fram í vottorðinu, að með veiðidögum sé átt við tímann frá því, er skipið fer úr höfn tilbúið til veiða, þar til það kemur í höfn til affermingar. Samkvæmt þessu vottorði, sem eigi þykir ástæða til að véfengja, verður eigi litið svo á, að b/v Norðlendingur hafi á árinu 1959 eingöngu eða aðallega verið notaður til fiskveiða hér við land. Þykja því ákvæði 2. gr. laga nr. 30/1936 eigi taka til þeirrar kröfu, er hér um ræðir. Ber því samkvæmt 4. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914, sbr. 53. gr. sömu laga, að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda til handa í b/v Norðlendingi, ÓF 4, til tryggingar framangreindum kröfum.

Dómurinn var kveðinn upp af Jóh. Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta ásamt meðdómsmönnum Haraldi Júlíussyni kaupmanni og Sveini Sölvasyni formanni.

Dómsorð:

Stefndi, Norðlendingur h/f, greiði stefnanda, Kaupfélagi Skagfirðinga, kr. 190.886.11 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1960 til greiðsludags og 1500 krónur í málskostnað.

Á stefnandi sjóveðrétt í b/v Norðlendingi, ÓF 4, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúar 1961.

Nr. 212/1959. **Þórður Halldórsson** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Guðmundi H. Oddssyni og
Helga Benediktssyni
og gagnsök (Gísli Ísleifsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sjóslys. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1959 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Þá hefur hann og fengið novaleyfi hinn 11. janúar 1961, sem heimilar honum að bera fram nýjar kröfur og ný skjöl og skilríki fyrir Hæstarétti. Gerir hann þessar kröfur:

Aðalkrafa: Að gagnáfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 191.548.94 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955 og af kr. 191.548.94 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Varakrafa: Að gagnáfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 154.178.07 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 30. janúar 1954 til 30. janúar 1959 og af kr. 154.178.07 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda in solidum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Um framangreinda kröfugerð aðaláfrýjanda skal þetta tekið fram:

Hin nýja krafa um hækkun á vöxtum, sem aðaláfrýjandi hefur borið fram hér fyrir dómi, er gerð samkvæmt 31. gr. laga nr. 4/1960 og tilkynningum Seðlabanka Íslands um

vaxtabreytingar frá 21. febrúar 1960 og 28. desember sama ár.

Gagnáfrýjendur voru eigendur v/s Odds, þegar atvik þau gerðust, sem mál þetta er af risið. Krafa aðaláfrýjanda er á því reist, að skipshöfn v/s Odds hafi með vanrækslu í starfi allt sök á heilsutjóni hans. Slíkar tjónbótakröfur ábyrgjast útgerðarmenn skipa ekki með öllum eigum, heldur aðeins með skipi og farmgjaldi samkvæmt 13. gr. siglingalaga nr. 56/1914. Kröfugerð aðaláfrýjanda í héraði var og við þetta miðuð, enda krafðist hann þar sjóveðréttar í v/s Oddi til tryggingar kröfum sínum, sbr. 4. tölulið 236. gr. siglingalaganna. Fyrir Hæstarétti hefur því verið lýst, að v/s Oddur hafi verið metinn óbætandi og strikaður af skipaskrá hinn 15. nóvember 1957. Krefst aðaláfrýjandi þess nú, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða dómkröfurnar persónulega in solidum án takmörkunar á aðfararandlagi samkvæmt 13. gr. siglingalaganna. Af hálfu gagnáfrýjenda hefur verið lýst yfir því, að þeir séu því samþykkir, að greiðsluskylda verði, ef til kemur, dæmd á hendur þeim persónulega án takmörkunar á aðfararandlagi, svo sem aðaláfrýjandi gerir nú kröfu til, enda hafi vátryggingarfélag það, sem v/s Oddur var tryggður hjá, tekizt á hendur ábyrgð á greiðslu tjónbóta til handa aðaláfrýjanda samkvæmt endanlegum dómi í máli því, sem hér er til úrlausnar.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 15. desember 1959. Krefjast þeir þess *aðallega*, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda og að honum verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að kröfufjárhæðir verði færðar niður eftir mati dómsins og málskostnaður látinn falla niður.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ný gögn, þar á meðal vottorð Gunnars Guðmundssonar læknis, dags. 25. nóvember 1960. Kveður læknirinn aðaláfrýjanda hafa verið hjá sér til rannsóknar hinn 22. sama mánaðar. Í vottorðinu segir meðal annars:

„*Álit:* Hin obj. einkenni sjúklings benda ekki á vefrænan taugasjúkdóm, nema e. t. v. e-ð af húðskynsbreytingum á

fótum svo og skyntruflunin á vísifingri vinstri handar. Kvartanir sjúklings eru nokkuð neurasteniskar, og gæti það bent til þess, að hann hefði fengið traumatiska neurosu eftir slysið.

Mér finnst eðlilegast að álíta, að einkenni sjúklings stafi af hinni traumatisku neurosu svo og æðaveggsbreytingum þeim, sem prófessor Jóhann Sæmundsson getur um í sínu vottorði (marz 1955).

Viðvíkjandi starfsgetu sjúklings vil ég benda á, að ástand hans er nú sízt betra en segir í vottorði prófessors Jóhanns Sæmundssonar (1955)".

Þá hefur Bergþór læknir Smári að nýju skoðað aðaláfrýjanda hinn 29. nóvember 1960. Í vottorði hans, dags. 30. sama mánaðar, segir:

„Kvartanir slasaða eru þær sömu og áður, og skoðun leiðir ekki neitt sérstakt nýtt í ljós. Mér virðist einsætt, að örorkumat það, er ég framkvæmdi á Þórði 14. des. 1957, eigi að standa óbreytt, þ. e. a. s. varanleg örorka 30%, er skiptist þannig: Traumatisk neurosa 15% og sköddun á blóðrás 15%".

Eins og í héraðsdómi greinir, gerði skipshöfn v/s Odds enga tilraun til að flytja v/b Orra að bryggju og festa hann þar, þegar v/s Oddur fór frá bryggjunni. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms má fallast á það álit héraðsdómenda, að skipshöfn v/s Odds hafi með óhæfilegu skeytingarleysi átt þátt í óförum v/b Orra og þar með áfalli því, er aðaláfrýjandi varð fyrir. Hins vegar ber á það að líta, að skipshöfn v/b Orra sýndi einnig hirðuleysi um gæzlu bátsins, og sérstaklega má meta aðaláfrýjanda það til óvarkárni, að hann svaraði ekki, þegar skipverji af v/s Oddi fór yfir í v/b Orra og kallaði niður í hásetaklefann, hvort þar væri nokkur. Telst hæfilegt eftir málavöxtum, að gagnáfrýjendur bæti aðaláfrýjanda tjón hans að ⅔ hlutum.

Tjón aðaláfrýjanda sökum atvinnumissis og örorku, eftir að bætur til hans frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 41.893.06, hafa verið frá dregnar, þykir hæfilega metið kr. 70.000.00. Staðfesta má ákvæði héraðsdóms um þjáningabætur, kr.

35.000.00. Verður gagnáfrýjendum því dæmt að greiða in solidum aðaláfrýjanda ⅔ hluta af kr. 105.000.00, þ. e. kr. 70.000.00. Aðaláfrýjandi hefur krafizt 6% ársvaxta af þjáningabótum frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955 og svo vaxta af allri dæmdri fjárhæð frá þeim degi, eins og í aðalkröfu hans segir. Samkvæmt framansögðu eru honum dæmdar í þjáningabætur ⅔ hlutar af kr. 35.000.00, þ. e. kr. 23.333.33, og ber að dæma honum 6% ársvexti af þeirri fjárhæð tímabilið frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955. Að öðru leyti má dæma honum vexti af allri hinni dæmdu fjárhæð, kr. 70.000.00, samkvæmt aðalkröfu hans.

Eftir þessari niðurstöðu ber gagnáfrýjendum að greiða in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 25.000.00. Af þeim hljóti talsmaður aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti samtals kr. 17.000.00, en ríkissjóður kr. 8000.00 upp í dómgjöld og annan kostnað af málssókninni.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Guðmundur H. Oddsson og Helgi Benediktsson, greiði in solidum aðaláfrýjanda, Þórði Halldórssyni, kr. 70.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 23.333.33 frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955, 6% ársvöxtum af kr. 70.000.00 frá 25. apríl 1955 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 22. febrúar 1960 til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 29. desember 1960 til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur greiði in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00. Af þeim hljóti talsmaður aðaláfrýjanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, kr. 17.000.00 og ríkissjóður kr. 8000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Skipstjórnarmenn v/b Orra bundu bát sinn utan á v/b Odd. Þar sem veðurútlit gerðist ískyggilegt, bar þeim að hafa viðbúnað í v/b Orra til að losa hann frá v/s Oddi, ef þörf krefði, og bjarga honum á sjálfs sín vélarafli, en þetta vanræktu þeir. Skipstjórnarmenn á v/s Oddi voru betur á verði um sitt skip og hófust handa um að færa hann frá bryggjunni, þá er landfestar hans tóku að slitna. Þar sem v/b Orra var eigi gætt sem vera bar, hefði skipstjóri v/s Odds átt að reyna að losa v/b Orra frá v/s Oddi, áður en v/s Oddi var siglt frá bryggjunni. Þeir á v/s Oddi urðu eigi manna varir á v/b Orra, er haldið var frá bryggjunni, og eigi var svarað kalli frá v/s Oddi yfir á v/b Orra. Allt að einu hefði skipstjóri v/s Odds átt að láta aðgæta, eftir því sem kostur var, hvort nokkur maður væri neðan þilja í v/b Orra. En hér er rétt að geta þess, að aðaláfrýjandi kveðst hafa „getað átt þess kost" að bjarga sér upp í v/s Odd, en hafi eigi viljað neyta þess færis. Aðaláfrýjandi hafði verið sendur til gæzlu í v/b Orra. Skipsfélagi hans, sem í land var farinn, hafði tjáð honum, að til stæði að flytja v/s Odd frá bryggjunni. Fárviðri var að skella á. Aðaláfrýjandi hófst eigi þegar handa að setja vél v/b Orra í gang, þótt hann kynni að sjálfs sín sögn á hana. Hann svaraði eigi kallinu frá v/s Oddi, heldur hélt sig án teljandi aðgerða neðan þilja í v/s Orra, meðan v/s Oddur var leystur og færður frá bryggju. Með tilvísan til þess, sem nú var rakið, eru alls eigi rök fyrir hendi til að leggja nema helming fébótaábyrgðar af slysi aðaláfrýjanda á gagnáfrýjendur. Þykir því mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms að skipta ábyrgð til helminga.

Læknir telur orkumissi aðaláfrýjanda 30%.

Rétt þykir að reikna nú óbætt tjón aðaláfrýjanda þannig:

1. Vegna orkumissis	kr.	70.000.00
2. Vegna þjáninga	—	35.000.00
	Alls kr.	105.000.00

Ber að dæma gagnáfrýjendur til að greiða in solidum helm-

ing þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 52.500.00. Aðaláfrýjandi hefur krafizt 6% ársvaxta af þjáningabótum frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955 og svo vaxta af allri dæmdri fjárhæð frá þeim degi, eins og í aðalkröfu hans segir. Samkvæmt framansögðu er honum dæmdur í þjáningabætur helmingur af kr. 35.000.00, þ. e. kr. 17.500.00, og ber að dæma honum 6% ársvexti af þeirri fjárhæð tímabilið frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955. Að öðru leyti má dæma honum vexti af allri hinni dæmdu fjárhæð, kr. 52.500.00, samkvæmt aðalkröfu hans.

Eftir þessari niðurstöðu ber gagnáfrýjendum að greiða in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 17.000.00, er renni til talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Gagnáfrýjendur, Guðmundur H. Oddsson og Helgi Benediktsson, greiði in solidum aðaláfrýjanda, Þórði Halldórssyni, kr. 52.500.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 17.500.00 frá 30. janúar 1954 til 25. apríl 1955, 6% ársvöxtum af kr. 52.500.00 frá 25. apríl 1955 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 22. febrúar 1960 til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 29. desember 1960 til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur greiði in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 17.000.00, er renni til talsmanns aðaláfrýjanda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. september 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., hefur Þórður Halldórsson sjómaður, Dagverðará, Breiðavíkurhreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með utanréttarstefnu, dags. 19. janúar 1956, gegn Guðmundi H. Oddssyni skipstjóra, Drápuhlíð 42, hér í borg, og Helga Benediktssyni kaupmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu in solidum á skaðabótum, að fjárhæð kr. 242.086.24, ásamt 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1954 til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu svo og til viðurkenningar á sjóveðrétti í v/s Oddi, VE 353,

til tryggingar dæmdum fjárhæðum. Eftir höfðun málsins veitti dómsmálaráðherra stefnanda gjafsókn, en stefnandi krefst eftir sem áður málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Við munnlegan flutning málsins hinn 13. þ. m. lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 215.650.94, en hélt kröfunni fram óbreyttri að öðru leyti.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* mjög mikillar lækkunar á fjárhæð þeirri, sem krafizt er, og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Vátryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar h/f, hér í borg, er stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru þó ekki gerðar kröfur, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 30. janúar 1954, um kl. 1830, kom v/b Orri, SH 95, 29 rúmlestir brúttó að stærð, til Ólafsvíkur úr róðri, og var bátnum lagt fyrir þveran enda norðurbryggjunnar. Lá báturinn þar um kyrrt, meðan dagsaflinn var settur á land, svo og lína sú, er notuð hafði verið í róðrinum, og að því loknu látin í bátinn sú lína, er beitt hafði verið í landi og nota skyldi í næsta róður, er farið yrði í þá um kvöldið. Meðal skipverja á bátnum var stefnandi máls þessa. Um kl. 2200 færðu skipstjóri og menn hans bátinn og lögðu honum utan á bakborðshlið v/s Odds, VE 353, sem lá einnig við norðurbryggjuna, þannig að stefni vissi inn í höfnina, en skutur nam við bryggjusporð. Orra var lagt þannig, að stefni beggja skipa vissu í sömu átt. Að framan var Orri festur með nýrri 2" vírmanillu, sem vafið var 5—6 sinnum um polla og lokað með hálfstikki. Frá pollanum lá vír þessi um stjórnborðsframkefa Orra og bakborðskefa á hvalbak Odds í járnpolla á Oddi. Var vírnum brugðið nokkrum sinnum um pollann og læst með hálfstikki, en lausi endinn bundinn með snæri. Skipin voru einnig bundin saman að framan með 4" grastói, og var það þverband fest í aðra polla á skipinu. Að aftan voru skipin fest saman með nýrri 2" vírmanillu, sem brugðið var nokkrum sinnum um krussholtið á hvoru skipi um sig og læst með hálfstikki. Á hinn bóginn mun engin festing hafa verið frá Orra í bryggjuna. Enginn slaki var á böndum þeim, sem tengdu skipin. Um kl. 2200, er skipverjar á Orra höfðu lokið við að binda skipið, fóru þeir í land til þess að matast, en skipstjóri lagði fyrir tvo þeirra að fara um borð aftur, er þeir hefðu lokið borðhaldi. Oddur hafði legið við bryggjuna síðan kl. um 1000 um morguninn, og hafði verið unnið að því allan daginn

og kvöldið að losa úr honum salt. Veður hafði verið gott allt fram til um kl. 2230, en þá tók veður að versna, og var veðurspá um, að fljótlega færi veður versnandi. Einn af eigendum Orra, Víglundur Jónsson, sá um losun saltsins úr Oddi. Skýrir hann svo frá, að um kl. 2230, er veður fór versnandi, hafi hann átt tal við skipstjórann á Oddi, stefnda Guðmund, og tjáð honum, að brátt myndi hætt affermingu skipsins vegna veðurútlitsins svo og að rétt væri, að stefndi Guðmundur flytti skip sitt frá bryggju, er vinnu yrði hætt, því að óveður gæti snögglega skollið á. Þessu hafi stefndi Guðmundur engu sinnt, en gengið til hvílu og haft orð á því um leið, hvort ekki væri hægt að ljúka losun þá um nóttina. Um kl. 2330 kveðst Víglundur hafa tilkynnt stýrimanni á Oddi, að hann myndi láta hætta affermingu skipsins kl. 2400 og kveðst jafnframt hafa tjáð honum, að hann myndi sjá um, að sent yrði eftir vélstjóra Orra og að báturinn yrði færður frá Oddi, áður en Oddi yrði siglt frá bryggju. Hafi stýrimaður svarað því til, að hann myndi flytja stefnda Guðmundi þessi skilaboð. Hvorki stefndi Guðmundur né stýrimaður á Oddi vefengja þessa frásögn Víglundar Jónssonar. Á hinn bóginn staðhæfir stefndi Guðmundur, að hann hafi í áðurgreindu samtali við Víglund tjáð honum, að flytja yrði Orra utan af Oddi, og síðar um kvöldið hafi hann áminnt stýrimann sinn um að sjá til þess, að þetta yrði gert. Stýrimaðurinn, Ólafur Haraldur Stefánsson, staðhæfir og, að hann hafi í áðurgreindu samtali sínu við Víglund Jónsson skorað á hann að láta flytja Orra þegar í stað utan af Oddi. Hafi Víglundur svarað því til, að sjálfsagt væri, að þetta yrði gert, og farið við svo búið upp á bryggju. Kveðst stýrimaður þá hafa talið, að ætlun hans væri að sækja áhöfn Orra. Víglundur Jónsson fullyrðir aftur á móti, að ekki hafi verið á það minnzt í áðurgreindum samtölum hans við skipstjóra og stýrimann Odds, að flytja yrði Orra utan af Oddi. Fáum mínútum eftir að umrætt samtal Víglundar Jónssonar og Ólafs stýrimanns á Oddi átti sér stað, skall á afspyrnuveður af suðaustri, og var vindhraðinn á að gizka 10—12 stig.

Oddur var bundinn við bryggjuna með vír að framan og vír að aftan og einnig með „spring" bæði að framan og aftan. Þegar ofviðrið skall á, slitnaði springurinn að framan og einnig afturvírinn, en af því hvoru tveggja hlauzt það, að skipið rann áfram inn með bryggjunni á báta, er lágu fyrir innan, unz afturspringurinn verkaði sem afturvír, og hékk skipið í hon-

um, þar til því var siglt aftur á bak út með bryggjunni og framvírinn var færður fram á enda hennar. Áður en þetta gerðist, höfðu skipverjarnir tveir, er gæta skyldu Orra, komið til skips, en það voru stefnandi og maður að nafni Guðmundur Guðmundsson. Er sá síðarnefndi kom niður á bryggjuna, varð hann þess var, að skipverjar á Oddi voru að búa sig undir að flytja skipið frá bryggju. Ákvað hann því að snúa við og sækja vélstjórann á Orra. Áður fór hann þó yfir Odd og um borð í Orra og niður í hásetaklefann. Þar var stefnandi fyrir, og tjáði Guðmundur honum, að til stæði að fara með Odd frá bryggjunni. Að því búnu fór Guðmundur aftur í land án þess að eiga tal við skipverja á Oddi. Vinnuljós voru þá á þilfari Odds, lestarlúgan ólæst og eitthvað af verkamönnum úr landi niðri í lestinni. Stefndi Guðmundur kveðst hafa kallað til ónafngreinds skipverja á Orra, er verið hafi að fara í land úr bátnum um það leyti, er Oddur var að fara frá bryggjunni, og bent honum á, að nauðsynlegt væri, að Orri yrði færður, en hann hafi ekki sinnt kallinu. Jafnframt tekur stefndi Guðmundur það fram, að ekki sé víst, að bátverji þessi hafi heyrt kallið vegna veðurofsans. Þegar Guðmundur Guðmundsson var nýfarinn í land, heyrði stefnandi, að kallað var um borð í Orra: „Er nokkur hér?“ Kveðst hann hafa skilið kall þetta svo, að þar væru á ferð skipsfélagar hans á leið um borð í bátinn. Hafi hann ekki kallað á móti, þar sem hann hafi talið það þýðingarlaust vegna veðurofsans, enda hafi hann engan mann séð á þilfari Orra, er hann leit upp í lúkarskappann. Hann hafi þá um leið litið til festa bátsins og séð, að þær voru í lagi. Við svo búið hafi hann farið aftur niður í lúkarinn til þess að sækja sér hlífðarföt. En er hann kom að því loknu upp á þilfar, hafi Oddur verið laus frá bryggjunni og í þann veginn að sleppa við bryggjuendann. Kveðst stefnandi hafa hinkrað við stundarkorn til þess að ganga úr skugga um, hvort Oddsmenn hygðust ekki festa dráttartaug í Orra, en af því varð ekki, og var ekkert sinnt um Orra. Stefndi Guðmundur kveður skipverjum á Oddi hafa verið ókunnugt um, að maður var um borð í Orra, því að ella hefði hann verið látinn vita, þegar er Oddi var siglt frá bryggjunni. Maður sá, er kallað hafði um borð í Orra og spurt, hvort þar væri nokkur, reyndist vera matsveinninn á Oddi. Hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi kallað þetta niður um lúkarsgatið, en eigi hafi verið tími til þess að fara niður í lúkarinn, þar eð landfestar Odds hafi þá þegar verið teknar að slitna. Kveður maður þessi ætlunina hafa

verið að aðstoða skipverja á Orra við að leysa bátinn frá Oddi, ef einhverjir þeirra væru um borð í bátnum. Stefndi Guðmundur og stýrimaður hans hafa báðir borið, að skipverjar á Oddi hafi allir verið önnum kafnir við að bjarga skipinu frá bryggjunni. Var skipinu fyrst siglt aftur á bak um stund, en síðan með fullri ferð áfram, til þess að koma því út á víkina utan við höfnina. Mun skipið hafa tekið einu sinni niðri, meðan á þessu stóð, án þess kæmi að sök. Að öðru leyti komst skipið klakklaust út á víkina, en þar var svo látið reka það, sem eftir var nætur.

Stuttu eftir að Oddur var kominn frá bryggjunni, losnaði Orri frá honum. Er svo að sjá, að afturfesting bátsins hafi slitnað og enn fremur grastóið, sem hann var festur með að framan. Aftur á móti kveðst einn skipverja á Oddi hafa leyst vírmanilluna, sem Orri var bundinn með að framan, eins og áður var lýst. Kemur það heim við skýrslu stefnanda, er kveður vírmanilluna hafa verið heila, en grastóið slitið, er hann dró festarnar um borð í Orra, skömmu eftir að skildi með skipunum. Kveðst stefndi Guðmundur ekki treysta sér til að vefengja, að umrædd festing hafi verið leyst. Er stefnandi sá fram á, að eigi væri að vænta liðsinnis skipverja Odds til bjargar Orra, fór hann niður í vélarrúm og hugðist freista þess að koma vél bátsins í gang. Meðan á undirbúningi þess stóð, rak Orra undan veðrinu, unz báturinn tók niðri að skömmum tíma liðnum á skeri, sem er rétt norðan hafnargarðsins. Stóð báturinn þar nokkra stund, og brotnaði gat á hann. Aðfall var, og lyfti það bátnum af skerinu, og nokkru síðar sökk hann, þannig að einungis stóðu upp úr sjó blátoppar siglutrjánna. Eftir að báturinn var strandaður á skerinu og tekinn að fyllast af sjó, skar stefnandi stjórafæri frá ljósbauju, sem bundin var við vantinn, og batt það rækilega um mitti sér. Kleif hann að því búnu upp í framsigluna, en á meðan reið yfir hann ólag, svo að hann missti handfestuna, en tókst um leið að grípa í spotta, sem hékk niður úr blökk í siglutrénu, og komst að því aftur. Var nú báturinn sokkinn, og sjór náði hér um bil upp að blökkum í siglutrénu. Stefnanda tókst að komast með bringuna upp fyrir blakkirnar og gat vafið enda af bandinu, er hann hafði bundið um sig miðjan, tvo hringi utan um siglutréð. Batt hann síðan þann enda bandsins við hinn lausa enda þess. Var stefnandi orðinn örmagna, er hér var komið, enda fór siglutréð í kaf í ólögunum, og blakkirnar lömdust við bringu hans.

Víkur nú frásögninni til lands. Í þann mund, sem óveðrið var skollið á, kom Víglundur Jónsson, er áður var nefndur, niður á bryggju, en þá rétt áður hafði hann sent mann heim til vélstjórans á Orra með boð um, að færa þyrfti bátinn utan af Oddi. Er Víglundur kom niður á bryggjuna, voru skipin komin rétt austur fyrir norðurgarð hafnarinnar, en vegna særoks varð hvorki greint af bryggjunni, hvort skipin voru þá enn bundin saman eða sneru til sömu áttar. Hófst Víglundur þegar handa um undirbúning að björgun Orra og stefnanda, sem hann vissi, að var um borð í bátnum. Fór hann niður í vélarrúm v/b Fróða, sem lá þarna við bryggjuna, og ræsti vél hans, til þess að báturinn yrði til taks í björgunarleiðangur. Er hann kom upp á þiljur bátsins að því loknu, var þar kominn skipstjóri bátsins, einn af hásetum hans og vélstjóri af Orra. Var tafarlaust haldið frá bryggju í leit að Orra. Haldið var vestur með landi og allt vestur að Rifi, en þá var bátverjum tjáð frá öðru skipi, að Orri myndi strandaður á fyrrgreindu skeri, því að þaðan sæjust ljós. Var Fróða þegar siglt þangað, og með því að beita leitarljósum greindu bátverjar siglutoppa Orra, er einir voru upp úr sjó. Jafnframt greindu þeir stefnanda í fremra siglutrénu. Var nú Fróða siglt á milli siglutoppanna á Orra, til þess að stefnanda yrði náð úr siglutrénu, en hann reyndist þá vera bundinn fastur við það. Var hann í sjó upp undir hendur og virtist mjög rænulítill. Þar sem ógjörningur var að halda Fróða við siglutréð vegna storms og sjógangs, var gerð tilraun til að henda færi til stefnanda, og flæktist það utan um hann. Toguðu þrír menn í færið um stund, unz þar kom, að stefnandi losnaði frá siglutrénu. Var hann tekinn um borð í Fróða og var þá meðvitundarlaus. Var þegar haldið til lands og komið þangað kl. 0230 um nóttina. Samkvæmt því hefur stefnandi átt í þessum hrakningum um 3 klukkustundir, og mun veður hafa haldizt óbreytt þann tíma.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að skipstjórnarmenn á v/s Oddi hafi átt alla sök á því, að v/b Orri fórst, og þar með hrakningum þeim, er hann sjálfur lenti í við það tækifæri. Telur hann, að þeir hefðu ekki átt að sigla Oddi frá bryggju með Orra bundinn utan á sér, og enn fremur, að þeir hefðu getað bjargað Orra með því að kasta yfir í hann dráttartaug. Í stað þessa, hafi þeir yfirgefið stefnanda í bersýnilegum lífsháska, er þeir hafi sjálfir komið honum í. Við munnlegan flutning málsins hreyfði lögmaður stefnanda því einnig, að skips-

höfn Odds í umrætt sinn hafi verið of fámenn, og hafi það átt sinn þátt í því, að engar ráðstafanir voru gerðar til bjargar Orra.

Stefndu reisa sýknukröfuna á því, að skipverjum á v/s Oddi verði engin sök gefin á afdrifum v/b Orra. Óviðráðanleg atvik hafi valdið því, að Oddur slitnaði frá bryggju og Orri síðan utan af honum. Á hinn bóginn hefði aldrei til umræddra hraknинga stefnanda komið, ef áhöfn Orra hefði sinnt aðvörun skipstjórnarmanna á Oddi að fjarlægja Orra nægilega tímanlega. Þá telja stefndu og, að stefnandi eigi að verulegu leyti við sjálfan sig að sakast, hvernig til tókst, þar sem hann hafi gersamlega vanrækt að gera nokkrar ráðstafanir til að bjarga sér og bátnum, hvorki áður né eftir að í óefni var komið.

V/s Oddur er 245 brúttó rúmlestir að stærð, og leitt er í ljós, að áhöfn skipsins í umræddri ferð þess voru 6 menn: skipstjóri, stýrimaður, tveir vélstjórar, matsveinn og háseti. Þetta er að vísu of fámenn áhöfn á svo stóru skipi, og eigi ósennilegt, að torveldað hafi skipverjum framkvæmdir til björgunar Orra. En allt um það brestur sönnur fyrir því gegn mótmælum stefndu, að afdrif Orra verði til þessa rakin.

Það er álit hinna siglingafróðu manna, sem dóminn skipa, að ekki hafi verið unnt að halda v/s Oddi við bryggjuna lengur en gert var, eftir að slitnað höfðu þær landfestar, sem fyrr var greint (afturvír og framspringur). Er þess að gæta, að jafnvel þótt svo ólíklega hefði farið, að hinar tvær festarnar (framvír og afturspringur) hefðu ekki slitnað, voru mjög miklar líkur til þess, að festingarnar um borð í skipinu hefðu bilað, er svo mjög reyndi á þær. Verður því að telja viðbrögð skipstjórans á Oddi rétt og eðlileg, eins og á stóð, er hann sigldi skipi sínu aftur á bak. Hins vegar er það og álit hinna siglingafróðu dómenda, að skipstjórinn á Oddi hefði átt að gera tilraun til að losa Orra af síðunni, áður en hann fór alveg frá bryggjunni. Hefði þetta átt að vera fært með því, að vél Odds yrði látin ganga aftur á bak með hæfilegu afli, áður en framvírinn var færður, til þess að sem jafnast yrði átakið á báðar landfestar, meðan tilraunin væri gerð. Nægur mannafli virðist hafa verið fyrir í landi til að taka á móti Orra, eftir að tekizt hefði að losa hann frá Oddi, og hefði eitthvað bilað, meðan tilraun þessi færi fram, hefði þegar mátt sigla Oddi aftur á bak út úr höfninni, eins og gert var. Þá var það vanræksla, sem meta verður stefnda Guðmundi til gáleysis, að ekki var sendur maður niður í lúkar á Orra, áður en Oddi var siglt frá bryggju, til þess að gengið

yrði úr skugga um, hvort þar væri nokkur maður. Var það sjálfsögð öryggisráðstöfun, og er ekki sýnt fram á, að til þess hafi ekki gefizt tími.

Þegar framangreind atriði eru virt, er ljóst, að skipverjar Odds hafa sýnt óhæfilegt skeytingarleysi um afdrif Orra og þar með um velferð þess eða þeirra, sem hugsazt gat, að væru um borð í bátnum. Verður því að leggja á stefndu, sem voru eigendur og útgerðarmenn skipsins, fébótaábyrgð að nokkrum hluta á því tjóni, er stefnandi beið af þessum mistökum.

Þegar þess á hinn bóginn er gætt, að stefnandi var einn af áhöfn Orra, hafði verið sendur gagngert niður í bátinn til að gæta hans og var fullkunnugt um, að hann var bundinn utan á Odd, þá verður að telja, að hann hafi sýnt ámælisvert tómlæti um öryggi sitt og bátsins með því að halda kyrru fyrir neðan þilja, unz í fullt óefni var komið. Gat þó ekki hjá því farið, að hann yrði þess var, að óveður var skollið á, en auk þess hafði skipsfélagi hans tjáð honum, að til stæði að fara með Odd frá bryggjunni, og kallað hafði verið um borð, hvort þar væri nokkur maður, en allt gaf þetta stefnanda ærið tilefni til að fylgjast með, hverju fram færi ofan þilja. Verður stefnandi vegna þessarar augljósu vanrækslu að bera tjón sitt að nokkru sjálfur.

Eins og atvikum er háttað, þykir rétt að skipta tjóni stefnanda þannig, að stefndu bæti honum in solidum helming þess.

Stefnandi sundurliðar fjárhæð kröfu sinnar þannig:

1. Atvinnutjón	kr.	207.544.00
2. Þjáningar	—	50.000.00
	Kr.	257.544.00
Frá dragast bætur, er stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, dagpeningar, kr. 8.807.06, og örorkubætur, kr. 33.086.00	kr.	41.893.06
	Kr.	215.650.94

Um 1.

Að lokinni björgun stefnanda, var hann fluttur heim til formannsins á v/b Fróða, þar sem hann lá rúmfastur upp undir hálfan mánuð. Kvaðst hann ekkert hafa getað sofið fyrstu tvo sólarhringana vegna verkja, en auk þess hafi náladofi valdið honum miklum þjáningum. Eftir mánaðardvöl í Ólafsvík fór stefnandi heim til sín að Dagverðará. Kveðst hann hafa verið

við rúmið í nokkra daga, eftir að hann kom þangað. Í apríl 1954 leitaði stefnandi til Jóhanns Sæmundssonar prófessors, og liggur fyrir í málinu mjög ýtarleg greinargerð hans um sjúkrasögu stefnanda, dags. 24. marz 1955. Þar segir m. a. á þessa leið:

„... Aðalkvörtun hans (þ. e. stefnanda) síðan slysið varð og allt til þessa dags er, hve mikill kuldi sækir á fæturna. Auk þessa verkir í kálfum eftir gang eða nokkra áreynslu að ráði. Svipuð einkenni hafa sótt á hendur og handleggi. Hann kveðst ekki finna, þegar honum kólnar á fótum, því að fæturnir dofni. Er þeir hitni aftur, fái hann kvalir í þá. Hann kveðst þola illa allan kulda, vosbúð og bleytu. Hann kveðst þó hafa þolað þurrafrost nú í vetur með því að nota hnéháa sokka úr tófuskinni...

Við almenna rannsókn á Þórði hef ég aldrei fundið mikið athugavert. En ég hef litið svo á, að einkennin, sem hann kvartar um, stöfuðu af slysinu. Hygg ég, að líkindi séu til, að hið langa volk, þar sem hann var sjóblautur uppundir 3 klukkutíma og mest af þeim tíma í kafi í sjó upp undir hendur, bundinn við mastur hins sokkna skips, en sjálfsagt allur í kafi, er ólög skullu yfir annað veifið, hafi orðið til þess að skadda blóðrásina, einkum um fætur og hendur. Slík sköddun er aðallega fólgin í truflun á stjórn blóðsóknarinnar til útlimanna, fyrst og fremst ganglimanna, og gætir hennar fyrst og fremst við áreynslu, við kulda- og bleytuáhrif. En þegar ekkert sérstaklega reynir á, getur allt sýnzt vera með felldu, og því lítið sem ekkert að finna athugavert við almenna læknisskoðun. Hér er því einungis ályktað út frá líkum og byggt á því, að kvartanir mannsins falla nákvæmlega saman við það, sem maður gæti búizt við, ef þessu væri þannig farið ....

Ég tel mjög ólíklegt, að Þórður Halldórsson geti stundað sjómennsku framvegis, en mundi telja hann hafa misst ⅓ starfsorku sinnar til landvinnu almennt."

Hinn 25. apríl 1955 var stefnandi skoðaður af Bergþóri Smára lækni, og mat læknirinn við það tækifæri örorku stefnanda af völdum umræddra hrakninga. Í vottorði læknisins, sem dagsett er 26. apríl 1955, segir m. a.:

„.... *Skoðun 25. apríl 1955:* Við almenna skoðun finnst ekkert sérstakt athugavert. Hlustun á hjarta og lungum eðlileg .... Blóðþrýstingur eðlilegur .... Útlimir: Hreyfingar eðlilegar. Kraftur virðist jafn og góður. Engin vöðvarýrnun finnanleg. Hendur og fætur eðlileg að lit og eðlilega heit. Góð pulsation í art. dors. pedis báðum megin. Sinaviðbrögð eðlileg. Nokkur titringur er á hægri hendi, er hann reynir á sig.

Niðurstaða: Nærri liggur að ætla, að blóðrásartruflanir valdi miklu um óþægindi slasaða, þótt ekki sé hægt að sjá objektiv einkenni þess, og sé slysið orsök þessa.

Ekki þykir mega búast við neinum verulegum bata úr þessu, og því tímabært að meta varanlega örorku hans.

Telst hún hæfilega áætluð: 35%."

Í vottorði Jóhanns Sæmundssonar prófessors, dags. 2. júní 1954, segir, að stefnandi sé þá enn óvinnufær.

Í vottorði Arngríms Björnssonar, héraðslæknis í Ólafsvík, dags. 27. september 1954, segir á þá leið um heilsufar stefnanda, að hann sé haldinn mjög miklu máttleysi í öllum líkamanum við gang upp í móti og meiri háttar átök. Þá segir í vottorðinu, að stefnandi sé enn ófær til erfiðisvinnu.

Kjartan R. Guðmundsson læknir hefur gefið vottorð um heilsufar stefnanda. Er það dags. 7. desember 1957. Í vottorði þessu kveðst læknirinn hafa rannsakað stefnanda hinn 3. og 5. þess sama mánaðar. Segir m. a. á þessa leið í vottorðinu:

„.... Kvartanir hans (stefnanda) eru:

1) Máttleysi í fótum, ef hann gengur nokkuð að ráði, og verkir í kálfum, einkum h. m.

2) Verkir í h. öxl, einkum við áreynslu, og kraftleysi í h. handlegg, sem og h. fæti.

3) Ef úti í kulda, finnur hann ekki til kuldans, en fær fyrir brjóstið, verður þungt um andardrátt, og það dregur úr honum allan mátt. Þetta er sama tilfinningin, sem greip hann, er hann var að sökkva í stýrishúsinu, áður en hann komst upp í mastrið. Þessi óþægindi fær hann og stundum, þótt ekki sé kalt, einkum ef hann er á sjó.

4) Þreytist mjög við alla vinnu, einkum í h. hendi og fæti, og hann fær verki í axlir og mest hægri.

Hann segist ekki vera slæmur á taugum, sefur vel og hefur engin hjartaóþægindi ....

Álit: Hin obj. einkenni sjúklings benda ekki á vefrænan taugasjúkdóm, nema ef til vill eitthvað af húðskynsbreytingum á fótum. Einkenni sjúklings fyrst eftir volkið benda nokkuð á, að hann hafi fengið svokallaðan „immersions" fót, sem kemur af langri verkun vatns og kulda. Taugar sjúklings virðast annars hafa bilað við hina miklu þrekraun, og það er líka traumatisk neurósa með í spilinu."

Hinn 12. desember 1957 framkvæmdi Bergþór læknir Smári að nýju læknisskoðun á stefnanda. Í vottorði um skoðun þessa,

dags. 14. s. m., kveðst læknirinn telja rétt að lækka matið á örorku stefnanda niður í 30% örorku.

Eftir því, sem fram kemur í læknisvottorðum, sem lögð hafa verið fram í málinu, er stefnandi fæddur 25. nóvember 1905. Hefur hann því verið 48 ára gamall, er hann lenti í umræddum hrakningum. Í einu læknisvottorðinu er þess getið, að stefnandi sé ókvæntur lausamaður.

Hinn 3. marz 1959 gerði Árni Björnsson tryggingafræðingur áætlun um atvinnutjón stefnanda, miðað við 100% örorku frá slysdegi til 27. september 1954, 65% örorku frá þeim degi til 25. apríl 1955, er varanleg örorka var metin, og 30% örorku eftir það til frambúðar. Útreikningurinn er tvíþættur. Er hann annars vegar byggður á áætluðum meðaltekjum sjómanna í Ólafsvík á árunum 1954 og 1955, kr. 43.179.00 hvort ár, en hins vegar á tekjum samkvæmt kaupgjaldsskrá Dagsbrúnar af 8 stunda dagvinnu og 50 vinnuvikum á ári ásamt orlofsfé. Í fyrra tilvikinu reiknast hinum sérfróða manni, að verðmæti atvinnutjónsins nemi kr. 44.420.00 frá slysdegi til 25. apríl 1955, en kr. 139.022.00 eftir það til frambúðar, eða alls kr. 183.442.00. Í síðara tilvikinu er atvinnutjónið reiknað í einu lagi frá slysdegi og telst nema alls kr. 163.124.00.

Í báðum tilvikum er byggt á hérlendri reynslu af manndauða frá árunum 1941—1950 og reiknað með 6% vöxtum p. a.

Stefnandi leggur saman fyrstgreindu og síðastgreindu tölurnar og fær þannig fram þá fjárhæð, sem krafizt er undir þessum lið.

Eins og fram kemur í forsendum útreikningsins, er þar um hreina áætlun að ræða á atvinnutjóni stefnanda, er eigi styðst að neinu leyti við atvinnutekjur hans fyrir slysið. Lágu og eigi fyrir í málinu neinar upplýsingar um þær. Af þessum ástæðum og vegna eindreginna mótmæla stefndu gegn réttmæti þessa útreiknings var kveðinn upp í málinu úrskurður hinn 27. júní s.l., þar sem veittur var kostur á öflun gagna um hagi stefnanda. Liggja nú fyrir í málinu þau gögn, sem fáanleg eru um það efni.

Samkvæmt bréfi Ríkisskattanefndar, dags. 4. janúar 1955, og hreppstjóra Breiðavíkurhrepps á Snæfellsnesi, dags. 17. nóvember 1957, hafa áætlaðar og framtaldar atvinnutekjur stefnanda verið sem hér segir á árunum 1949—1955: Árið 1949 kr. 6000.00 (áætlað), árið 1950 kr. 14.000.00 (áætlað), árið 1951 kr. 14.000.00 (áætlað), árið 1952 kr. 10.000.00 (áætlað), árið 1953 kr. 21.640.00 (framtalið) og árið 1954 kr. 6.000.00, áætlað.

Hinn 24. ágúst 1959 gerði Árni Björnsson tryggingafræðingur

nýjan útreikning á áætluðu atvinnutjóni stefnanda. Er útreikningur þessi annars vegar byggður á framtöldum atvinnutekjum stefnanda árið 1953, en hins vegar á meðaltali þeirra tekna og áætlaðra atvinnutekna hans árin 1950—1953. Miðað er við sömu örorku og í fyrra útreikningi. Niðurstaða þessa nýja útreiknings um áætlað atvinnutjón stefnanda verður sú, að í fyrra tilvikinu nemi það kr. 53.834.20 frá slysdegi til 30. janúar 1959 og kr. 82.044.13 frá þeim tíma til frambúðar, eða alls kr. 135.878.35, en í síðara tilvikinu kr. 44.222.07 frá slysdegi til 30. janúar 1959 og kr. 67.884.94 til frambúðar, eða alls kr. 111.512.04.

Eins og í fyrra útreikningi er reiknað með 6% ársvöxtum og miðað við reynslu af langlífi íslenzkra karla frá tímabilinu 1941—1951.

Eftir atvikum þykir rétt, að þessi kröfuliður verði tekinn til greina með kr. 60.000.00. Hafa þá verið dregnar frá bætur þær, er stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, kr. 41.893.06.

Um 2.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem fjarstæðu.

Þegar virtir eru hrakningar þeir, er stefnandi lenti í, og afleiðingar þeirra fyrir heilbrigði hans samkvæmt því, er greinir í læknisvottorðunum hér að framan, þykir hæfilegt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 35.000.00.

Tjón stefnanda telst þá nema alls kr. 95.000.00. Verða stefndu dæmdir til að greiða in solidum helming þess eða kr. 47.500.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda kr. 6.275.00 í málskostnað. Þar af hljóti stefnandi kr. 1275.00 fyrir útlagðan kostnað af málinu, en skipaður málflutningsmaður hans, Magnús Thorlacius hrl., kr. 5000.00 í málflutningslaun. Jafnframt ákveðast honum málflutningslaun úr ríkissjóði, kr. 5000.00.

Taka ber til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á sjóveðrétti hans í v/s Oddi, VE 353, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum, sbr. 4. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómendunum Jónasi Jónassyni og Pétri Björnssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur H. Oddsson og Helgi Benediktsson, greiði in solidum stefnanda, Þórði Halldórssyni, kr. 47.500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 6275.00 í málskostnað. Þar af hljóti stefnandi kr. 1275.00, en skipaður málflutningsmaður hans, Magnús Thorlacius hrl., kr. 5000.00 í málflutningslaun. Jafnframt hljóti hann kr. 5000.00 í málflutningslaun úr ríkissjóði.

Stefnandi á sjóveðrétt í v/s Oddi, VE 353, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúar 1961.

Nr. 115/1959. **Sveinbjörn Jónsson f. h. Bjarna Sveinbjörnssonar** (Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Hilmari Erni Gunnarssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1959 og krafizt þess, að hann verði sýknaður og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sveinbjörn Jónsson f. h. Bjarna Sveinbjörnssonar, greiði stefnda, Hilmari Erni Gunnarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Hilmar Örn Gunnarsson, bankaritari hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan gegn Sveinbirni Jónssyni, Drápuhlíð 15, hér í bænum, fyrir hönd ófjárráða sonar hans, Bjarna Sveinbjörnssonar, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 8.333.34, ásamt 7% ársvöxtum frá 28. október 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 28. október 1955 milli kl. 2100 og 2345, á meðan stefnandi var á kvikmyndasýningu í Austurbæjarbíói, var bifreið hans, R 2309, tekin af bifreiðastæði við Snorrabraut. Kveðst stefnandi hafa gengið frá bifreiðinni þarna læstri, bæði kveikjulás og hurðum, að því er hann bezt hafi vitað. Strax og stefnandi sá, að bifreiðin var horfin, tilkynnti hann lögreglunni um það, en fékk síðan kunningja sinn, sem á bifreið, til að hefja leit með sér. Um kl. 0030 þá um nóttina fundu þeir bifreiðina, þar sem henni hafði verið ekið út af skammt frá gatnamótum Hringbrautar og Sóleyjargötu. Kveður stefnandi augljóst, að bifreiðin hafi oltið þarna og farið að minnsta kosti eina veltu. Morguninn eftir atburð þenna fóru rannsóknarlögreglumenn á vettvang. Komu þeir að bifreiðinni, þar sem hún stóð úti í móum sunnan Hringbrautar. Var bifreiðin mjög mikið skemmd að áliti lögreglumannanna. Í marzmánuði 1957 var upplýst, að Bjarni Sveinbjörnsson hafði átt þátt í töku bifreiðarinnar R 2309 í umrætt skipti og hafði ásamt tveimur öðrum piltum verið í henni, er bifreiðinni var ekið út af.

Bjarni Sveinbjörnsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt skipti verið á gangi við Austurbæjarbíó, hér í bænum, ásamt

þeim Gunnari Kristinssyni og Viggó Viggóssyni. Hafi þeir farið að ræða um og orðið ásáttir um að taka bifreið í leyfisleysi og aka eitthvað. Hafi þeir síðan ákveðið að taka 4 manna bifreið af Austingerð, sem þarna var, en hún hafi verið læst. Bjarni kveður þá Gunnar hafa verið með naglasköfur. Hafi Gunnar opnað bifreiðina með naglasköfu sinni, en hins vegar hafi hann sjálfur, þ. e. Bjarni, opnað kveikjulás bifreiðarinnar með sinni naglasköfu. Kveður hann þá félaga þrjá síðan hafa farið inn í bifreiðina. Hafi hann sjálfur setzt undir stýri og ekið bifreiðinni suður að Miklatorgi, en þar hafi Gunnar tekið við og ekið fyrst upp í Hlíðar, en síðan vestur Hringbraut. Í ferðalagi þessu kveður Bjarni Gunnar hafa ekið utan í tunnur og einnig utan í bifreið, sem lítið muni þó hafa skemmzt. Er bifreiðin kom á Hringbraut, kveður Bjarni Gunnar hafa ekið á allmiklum hraða, en allt í einu hafi bifreiðin sveiflazt til á veginum, en síðan farið út af honum og farið nokkrar veltur.

Gunnar Kristinsson hefur skýrt svo frá, að þeir félagarnir hafi í upphafi rætt um að taka einhverja bifreið í leyfisleysi og aka henni, en kveðst ekki muna, hver þeirra hafi stungið upp á þessu. Hafi þeir síðan svipazt um eftir bifreið og þá komið auga á bifreið, sem stóð fyrir utan kvikmyndahúsið. Bifreið þessi hafi verið lokuð, en Bjarni hafi opnað hana með naglasköfu og sett hana í gang. Kveður Gunnar þá Viggó hafa staðið sunnar á Snorrabraut, á meðan á þessu stóð, en Bjarni hafi síðan komið akandi til þeirra og tekið þá upp í bifreiðina. Bjarni hafi síðan ekið áfram að Miklatorgi, en þar hafi hann ekið á vegbrúnasteina. Kveðst Gunnar þá hafa tekið við akstri bifreiðarinnar og ekið upp í Hlíðar, en í þeirri ferð hafi honum orðið það á að aka utan í aðra bifreið. Gunnar kveðst síðan hafa ekið vestur Hringbraut, því ætlunin hafi verið að aka vestur í bæ, en skila síðan bifreiðinni, áður en kvikmyndasýningu lyki. Kveðst hann hafa ekið vestur Hringbraut á miklum hraða, 90—100 km miðað við klukkustund, að því er hann gizkar á. Er hann sá bifreið standa á götunni, kveðst hann hafa ætlað að hægja á ferð bifreiðarinnar og sett vélina í 3. ganghraðastig. En við það hafi bifreiðin tekið að sveiflast til á götunni. Gunnar kveður þá Viggó, sem setið hafi við hlið sér, hafa tekið í handhemil bifreiðarinnar, en við það hafi hann misst stjórn á bifreiðinni, sem hafi þá kastazt út af veginum og farið nokkrar veltur.

Viggó Örn Viggósson hefur skýrt svo frá, að hann hafi í um-

rætt skipti verið á gangi á Snorrabraut, skammt fyrir sunnan Austurbæjarbíó, er bifreið hafi verið ekið frá kvikmyndahúsinu í áttina til hans og bifreiðin síðan stöðvuð hjá honum. Kveður hann Bjarna Sveinbjörnsson hafa verið undir stýri bifreiðarinnar, en Gunnar Kristinsson hafa setið í aftursæti hennar og kveður þá hafa boðið sér að koma með í bifreiðina. Kveðst Viggó síðan hafa setzt í framsæti bifreiðarinnar hjá Bjarna. Við Miklatorg kveður Viggó Gunnar hafa tekið við stjórn bifreiðarinnar og ekið fyrst um Hlíðahverfið, en síðan vestur Miklubraut og þá með ofsahraða. Á Miklubraut kveður Viggó Gunnar hafa misst stjórn á bifreiðinni og hafi hún farið út af veginum. Hefur Viggó eindregið neitað því að hafa tekið í handhemil bifreiðarinnar.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum hinn 2. júlí 1957, var umræddur Gunnar Kristinsson dæmdur til refsingar, m. a. fyrir framangreint atferli, og var honum jafnframt gert að greiða stefnanda máls þessa skaðabætur, kr. 25.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 28. október 1955 til greiðsludags, en bótakrafa þessi hafði verið samþykkt af hálfu nefnds Gunnars. Ekki mun hafa verið höfðað opinbert mál gegn stefnda út af atburði þessum sökum æsku hans.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi hafi verið meðsekur um töku bifreiðarinnar á ólögmætan og refsiverðan hátt og beri því ábyrgð á tjóni því, sem af hafi hlotizt. Refsimál það, sem höfðað hafi verið út af atburði þessum, hafi ekki verið höfðað á hendur Bjarna Sveinbjörnssyni, og hafi því ekki verið grundvöllur fyrir skaðabótakröfu á hendur honum í því máli.

Af hálfu stefnanda hefur því verið lýst yfir, að Gunnar Kristinsson og Viggó Örn Viggósson hafi hvor um sig greitt þriðja hluta af fjárhæð skaðabótakröfu þeirrar, sem umræddum Gunnari var gert að greiða samkvæmt dómi í framangreindu refsimáli. Jafnframt hafi verið farið fram á það við stefnda, að hann greiddi hluta af tjóni stefnanda, en því hafi verið hafnað, þar sem ekki væri talið að stefndi ætti sök á tjóninu. Krefur stefnandi stefnda því um bætur fyrir þriðja hluta af tjóni því, sem hann telur sig hafa orðið fyrir.

Stefndi reisir kröfur sínar í máli þessu í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi í sakadómi Reykjavíkur haft uppi kröfur um bætur fyrir allt það tjón, sem hann hafi orðið fyrir út af framangreindum atburði, og hafi fengið þær bætur tildæmdar sam-

kvæmt dómi þess dómstóls. Sá dómur sé bindandi um úrslit þess sakarefnis, sem fjallað sé um í þessu máli, og eigi stefnandi samkvæmt því ekki kröfu um bætur úr hendi stefnda.

Þá reisir stefndi kröfur sínar jafnframt á því, að stefnandi hafi ekki heimild til að skipta bótakröfu sinni, eins og gert sé, enda beri samkvæmt 46. gr. einkamálalaganna að hafa skaðabótakröfuna uppi gegn öllum þeim þremur aðiljum, sem kunni að vera bótaskyldir gagnvart stefnanda fyrir umrætt tjón.

Stefndi reisir kröfur sínar einnig á því, að hinn 6. maí 1957 hafi stefnandi fyrir sakadómi Reykjavíkur einungis gert kröfu til þess, að Gunnar Kristinsson yrði dæmdur til að greiða bætur vegna framangreinds tjóns, og hafi stefnandinn ekki áskilið sér rétt til að krefja stefnda um bætur. Með þessu hafi stefnandi firrt sig rétti til að krefja stefnda um bætur, hafi sá réttur verið fyrir hendi.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að það hafi verið Gunnar Kristinsson, en ekki stefndi, sem ók greindri bifreið, er hún skemmdist. Hafi stefndi engan hlut átt að því að skemma bifreiðina. Skipti í því sambandi engu máli, þótt stefndi hafi verið meðsekur nefndum Gunnari um töku bifreiðarinnar.

Að lokum hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að af síðast greindum ástæðum hljóti allavega að leiða, að stefndi beri ekki eins mikla ábyrgð á tjóni stefnanda og umræddur Gunnar Kristinsson.

Við munnlegan flutning málsins var því hreyft af hálfu stefnda, að vísa beri málinu ex officio frá dómi.

Ekki verður talið, að framangreindur dómur sakadóms Reykjavíkur sé bindandi um úrslit sakarefnis máls þessa, enda var stefndi ekki sakaraðili í því máli.

Þegar virt er það, sem hér hefur verið rakið, þá verður að telja nægjanlega fram komið, að Bjarni Sveinbjörnsson, sem var 14 ára, er umræddur atburður varð, hafi átt slíkan þátt í töku bifreiðarinnar og akstri hennar, m. a. með því að afhenda nefndum Gunnari stjórn bifreiðarinnar, að það baki honum ásamt öðrum, sem samábyrgir kunna að vera, bótaskyldu fyrir öllu því tjóni, sem stefnandi kann að hafa orðið fyrir vegna töku bifreiðarinnar. Í því sambandi verður eigi talið, að ákvæði 46. gr. einkamálalaganna standi í vegi fyrir því, að efnisdómur gangi í málinu, og eigi verður heldur talið, að stefnandi hafi firrt sig rétti til höfðunar máls þessa.

Af hálfu stefnda hefur því verið mótmælt, að tjón stefnanda

sé eins mikið og hann heldur fram. Á hinn bóginn hefur því ekki verið haldið fram, að stefnandi hafi fengið meira greitt af bótakröfu sinni en sem að framan greinir.

Fjárhæð stefnukröfunnar hefur stefnandi ákvarðað þannig, að frá kaupverði bifreiðarinnar, kr. 33.000.00, hefur hann dregið verð það, sem hann fékk fyrir bifreiðina, eftir að hún skemmdist, kr. 15.000.00. Við mismun þeirra fjáræða, kr. 18.000.00, hefur stefnandi lagt kr. 7000.00, sem hann kveður vera þá fjárhæð, sem hann hafi varið til að endurbæta bifreiðina, frá því að hann keypti hana og þar til er hún varð fyrir umræddu tjóni. Af fjárhæð þessari, kr. 25.000.00, sem hann telur tjón sitt, kveður stefnandi stefnda eiga að greiða þriðja hluta, þ. e. kr. 8333.34.

Í málinu hafa verið lögð fram vottorð seljanda og kaupanda bifreiðarinnar, er staðfesta, að kaupverð og söluverð bifreiðarinnar eru rétt tilgreind hjá stefnanda. Þá hefur verið lagt fram vottorð bifreiðaverkstæðis eins hér í bænum, þar sem segir, að samkvæmt frumbókum fyrirtækisins hafi farið fram viðgerðir og endurbætur á bifreiðinni á tímabilinu 23. júlí 1954 til 16. maí 1955 fyrir reikning stefnanda, að fjárhæð kr. 5.504.96. En auk þess hafi verið framkvæmdar á umræddu tímabili ýmsar smærri viðgerðir gegn staðgreiðslu og komi því ekki fram í frumbókum. Í málinu hafa verið lögð fram afrit af blöðum úr frumbók fyrirtækis þessa, er staðfesta greinda fjárhæð, kr. 5.504.96.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að framkvæmdir þær við bifreiðina, sem staðfestar eru af hinum framlögðu gögnum, hafi að langmestu leyti verið til eðlilegs viðhalds bifreiðarinnar, sem var af árgerð 1946.

Að öllu því athuguðu, sem að framan hefur verið rakið, þykir tjón stefnanda vegna framangreinds atburðar hæfilega ákveðið kr. 20.500.00.

Eins og að framan er rakið, hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnanda, að þeir Gunnar Kristinsson og Viggó Örn Viggósson hafi hvor um sig greitt þriðja hluta af skaðabótakröfu stefnanda, þ. e. samtals kr. 16.666.68. Samkvæmt þessu verður stefndi aðeins dæmdur til að greiða mismun þeirrar fjárhæðar og fjárhæðar tjóns stefnanda, eins og hún er ákveðin í þessu máli.

Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.833.32, þ. e. 20.500.00 ÷ 16.666.68, ásamt 6% ársvöxtum frá 28. október 1955 svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 750.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Sigurgesti Guðjónssyni og Sigþóri Guðjónssyni bifvélavirkjum.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinbjörn Jónsson f. h. Bjarna Sveinbjörnssonar, greiði stefnanda, Hilmari Erni Gunnarssyni, kr. 3.833.32 með 6% ársvöxtum frá 28. október 1955 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. janúar 1961.

Nr. 215/1960. **Afgreiðsla smjörlíkisgerðanna h/f**

gegn

Skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. Þrotabús Þingvalla h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. desember 1960, er Hæstarétti barst 14. s. m., og krafizt þess, að tekin verði við skipti á þrotabúinu til greina krafa hans, kr. 22.513.22, en til vara kr. 14.018.35, svo og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Mál þetta sætir eigi kæru til Hæstaréttar, sbr. 3. tl. b 198. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa því sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að

greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 1000.00.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Afgreiðsla smjörlíkisgerðanna h/f, greiði varnaraðilja, skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. þrotabús Þingvalla h/f, kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Vestmannaeyja 3. desember 1960.

Með greinargerð, dags. 26. nóvember s.l., framlagðri í skiptarétti Vestmannaeyja, hefur Árni Guðjónsson hæstaréttarlögmaður gert þá kröfu, að krafa umbjóðanda hans, Afgreiðslu smjörlíkisgerðanna h/f, á hendur þrotabúi Þingvalla h/f verði tekin til greina við skipti á búinu, aðallega eins og hún var gerð í kröfu í kröfulýsingarbréfi 6. apríl 1959, kr. 22.513.22, auk kostnaðar, en til vara, eins og þrotamaður lýsti henni við gjaldþrotauppgjör, kr. 14.018.35. Svo krafðist hann málskostnaðar sér til handa.

Jón Hjaltason héraðsdómslögmaður og Friðþjófur G. Johnsen héraðsdómslögmaður, sem gættu hagsmuna margra kröfuhafa í þrotabúi Þingvalla h/f, andmæltu kröfu þessari og kröfðust þess, að hún yrði ekki tekin til greina við skipti á eignum búsins. Jafnframt kröfðust þeir málskostnaðar úr hendi sækjanda. Jón Hjaltason héraðsdómslögmaður fór með umboð fyrir þessa kröfuhafa í búinu:

Bæjarsjóð Vestmannaeyja,
Guðlaug Gíslason,
Kjartan Friðbjarnarson,
Kjartan Friðbjarnarson & Co.,
Hjálmar Eiðsson,
Einar Jónsson,
Bananasöluna,
Ingvar Ingvarsson,
Mjólkursamsöluna,
Flugfélag Íslands h/f,
Karl Kristmanns,
Snorra Árnason,
Árna J. Johnsen,

Sölufélag Garðyrkjumanna,
Kaupfélag Vestmannaeyja,
Samband íslenzkra samvinnufélaga,
Kristján Friðbergsson,
Sigurjón Sigurðsson,
Magnúsarbakarí,
Verzlunarfélagið Reykjafoss h/f og
Bifreiðastöð Vestmannaeyja.

Friðþjófur G. Johnsen héraðsdómslögmaður fór með umboð fyrir þessa kröfuhafa:

Bæjarbúðina h/f,
Ágústu Traustadóttur og
Pétur Pétursson.

Síðast í ágústmánuði 1958 sneri stjórn Þingvalla h/f sér skriflega til skiptaréttarins í Vestmannaeyjum og óskaði eftir, að fyrirtækið yrði tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Var þá búið að loka verzlunum fyrirtækisins og allar vörubyrgðir kyrrsettar með löghaldsgerð, sem hófst 13. ágúst. Taldi stjórn félagsins, að hag þess væri þann veg komið, að það ætti ekki lengur fyrir skuldum. Lagði stjórnin jafnframt fram yfirlit yfir hag félagsins og skrá yfir bókfærðar skuldir þess pr. 16. ágúst 1958. Meðal skuldheimtumanna samkvæmt þeirri skrá var sækjandi, Afgreiðsla smjörlíkisgerðanna h/f, og inneign hans talin kr. 14.018.35, en við endurskoðun á bókhaldi félagsins kom þó fram síðar, að þar var krafa sækjanda talin kr. 1.102.35. Beiðni stjórnarinnar var tekin til greina og félagið úrskurðað gjaldþrota 30. ágúst 1958. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út 1. september og birt í Lögbirtingablaðinu 6., 13. og 17. september 1958. Kröfulýsingarfrestur rann því út 17. janúar 1959.

Er kröfulýsingarfresti lauk, hafði mörgum kröfum verið lýst í búið, er námu að fjárhæð rúmum tveimur milljónum króna. Sumir þeirra skuldheimtumanna, sem taldir voru upp í áðurgreindri skrá, er lögð var fram við upphaf gjaldþrotaskipta, lýstu þó ekki kröfum sínum, meðan á innköllunarfresti stóð, og meðal þeirra var sækjandi. Að innköllunarfresti liðnum, var gerð skrá yfir lýstar kröfur og hún lögð fram á skiptafundi í búinu 20. janúar 1959. Á næsta skiptafundi, er haldinn var 2 vikum síðar, komu fram athugasemdir og mótmæli gegn mörgum hinna lýstu krafna, og hlaut sá ágreiningur afgreiðslu smám saman og á ýmsan hátt, meðan á skiptameðferð stóð.

Fyrri hluta aprílmánaðar 1959 barst skiptaréttinum bréf frá

umboðsmanni sækjanda, dags. 6. apríl 1959, og var á þessa leið: „Krafa Afgreiðslu smjörlíkisgerðanna h/f í þrotabú Þingvalla h/f mun hafa verið talin kr. 7.000.00.

Ég leyfi mér nú að senda nákvæma upphæð kröfunnar ásamt víxlum og skilríkjum. Samkvæmt því er krafan kr. 22.900.70 auk vaxta frá falldegi víxlanna til 1. maí 1959, kr. 1.135.66, og innheimtukostnaðar samkvæmt taxta, kr. 2.250.00, eða alls kr. 26.286.33."

Bréfinu fylgdu 5 víxlar, allir samþykktir af Lofti Magnússyni sem prókúruhafa fyrir hönd Þingvalla h/f með gjalddögum í ágúst, september og október 1958, en út gefnir í júní, júlí og ágúst s. á., þar af einn 15. ágúst eða sama dag og verzluninni var lokað. Allir höfðu víxlarnir verið seldir Útvegsbanka Íslands h/f og innleystir á tímabilinu 18. ágúst til 18. nóvember 1958.

Alllöngu eftir að bréf þetta barst skiptaréttinum, var samin ný skrá yfir lýstar kröfur og þær reiknaðar út með vöxtum og kostnaði. Á skrá þessa var tekin krafa sækjanda í samræmi við ofangreint bréf. Skráin var lögð fram á skiptafundi 29. október 1959, og á skiptafundi daginn eftir var henni andmælt sem of seint fram kominni eða of seint lýstri. Voru þá þrír lögfræðingar mættir á fundi, er fóru með umboð fyrir yfirgnæfandi meirihluta kröfuhafa. Stóðu þeir allir að þessum andmælum.

Sala á eignum búsins og innheimta úti standandi skulda tók langan tíma og var fyrst lokið á síðastliðnu hausti. Var þá samið frumvarp að úthlutunargerð og krafa sækjanda ekki tekin með. Var umboðsmanni sækjanda tilkynnt þetta með bréfi, dags. 10. nóvember s.l. Hann vildi ekki una þeirri afgreiðslu og krafðist þess, að krafa sín yrði tekin til greina á þann veg, sem að framan er lýst. Að lokinni sáttaumleitan og gagnaöflun, var atriðið lagt undir úrskurð í gær.

Ágreiningsatriðið, er hér liggur fyrir, snýst eingöngu um, hvort krafa sækjanda sé niður fallin að einhverju leyti eða öllu, vegna þess að hann hafi látið undir höfuð leggjast að lýsa henni fyrir skiptaráðanda innan loka innköllunarfrests. Sækjandi telur, að krafa sín sé enn í fullu gildi, þar eð hún hafi verið gefin upp af forsvarsmönnum Þingvalla h/f, er óskað var eftir gjaldþrotaskiptameðferð, og síðan hafi kröfunni verið endanlega lýst með bréfinu frá 6. apríl 1959, löngu áður en leið að lokum skipta í búinu. Um óeðlilegan drátt væri ekki að ræða, þar sem endanleg kröfulýsing gat ekki farið fram, fyrr en búið var að innleysa víxlana. Svo virðist hann og einnig telja, að krafan hafi

verið viðurkennd af búinu, og upplýsir, að hann hafi tekið þátt í fundi kröfuhafa í Reykjavík, sem þar var haldinn haustið 1958 og fjallaði um tillögur um meðferð búsins.

Öllum þessum rökum er andmælt af hálfu gagnaðilja.

Eins og rakið er hér að framan, var kröfu sækjanda andmælt á skiptafundi, jafnskjótt og tilefni var til. Verður því ekki fallizt á, að hún hafi verið viðurkennd af búinu, hvorki beinlínis né óbeinlínis. Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna, að sækjanda var innan handar að halda kröfu sinni fram með eðlilegum hætti. Lýsing hans á kröfu sinni getur ekki talizt nægjanleg til þess að halda henni í gildi gagnvart búinu. Verður því ekki unnt með tilvísun til ákvæða 3. gr. laga nr. 25/1929 og 2. gr. laga nr. 19/1924 að taka kröfu sækjanda í máli þessu að neinu leyti til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma sækjanda til að greiða gagnaðiljum, Jóni Hjaltasyni héraðsdómslögmanni vegna sinna kröfuhafa og Friðþjófi G. Johnsen héraðsdómslögmanni vegna sinna kröfuhafa, kr. 300.00 í málskostnað til hvors um sig.

Ályktarorð:

Krafa Afgreiðslu smjörlíkisgerðanna h/f, kr. 22.513.22, á hendur þrotabúi Þingvalla h/f skal ekki tekin til greina við úthlutun úr búinu.

Sækjandi, Árni Guðjónsson vegna Afgreiðslu smjörlíkisgerðanna h/f, greiði Jóni Hjaltasyni héraðsdómslögmanni vegna tilgreindra kröfuhafa og Friðþjófi G. Johnsen héraðsdómslögmanni vegna áðurgreindra kröfuhafa hvorum um sig kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa.

Úrskurðinum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. janúar 1961.

Nr. 198/1960. **Ákæruvaldið** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Magnúsi Guðmundssyni
(Guðlaugur Einarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Framhaldsrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. nóvember 1960. Sækjandi málsins, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, og verjandi ákærða, Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður, fluttu kærumál þetta munnlega hér fyrir dómi dagana 16. og 18. janúar s.l.

A.

Verjandi ákærða hefur krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur, en engin efni eru til, að þeirri kröfu verði sinnt.

B.

Eins og rakið er í úrskurði héraðsdómara, er ákærði samkvæmt ákæruskjali 8. október 1960 sakaður um:

I. Að hafa sent lögreglustjóra Reykjavíkur tvö hótunarbréf um líflát, og bárust lögreglustjóra bréf þessi hinn 18. og 22. janúar 1960.

II. Að eiga og hafa í vörzlum sínum skammbyssu og skot í hana án lögmælts leyfis.

III. Að hafa í kæru til dómsmálaráðherra og á dómþingum sakadóms Reykjavíkur borið lögreglumenn og lögreglustjóra Reykjavíkur röngum sakargiftum.

Verjandi ákærða krefst þess, að lagt verði fyrir héraðsdómara að framkvæma viðtæka framhaldsrannsókn um sakarefni og að fimmtíu nafngreindir menn verði leiddir fyrir dóm. Verða kröfur verjandans í þessu efni metnar með hliðsjón af hverju ákæruatriði um sig.

I. ákæruatriði.

1. Sigurjón Ingason lögregluþjónn hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið varðmaður í Stjórnarráðshúsinu í Reykjavík aðfaranótt 18. janúar 1960 frá kl. 2400 til kl. 0700. Hafi ákærði, sem klæddur var einkennisbúningi lögreglumanna, komið til sín um nóttina. Var klukkan þá rúmlega 0230, og dvaldist ákærði í húsinu til klukkan um 0345, að sögn Sigurjóns. Kveðst Sigurjón hafa orðið sjónarvottur að því, að ákærði skrifaði, meðan hann stóð við, á ritvél hótunarbréf til lögreglustjórans í Reykjavík. Ákærði hefur þrætt fyrir að hafa komið í Stjórnarráðshúsið greinda nótt. Í héraði var lagt fram vottorð lögreglustjórnarinnar í Reykjavík þess efnis, að ákærði, lögregluþjónn nr. 64, hefði „samkvæmt lögregluvarðskrá næturvaktar sunnudaginn 17. janúar 1960" verið „kl. 0100 til 0300: Í eftirlitsbifreið ásamt lögregluþjónunum nr. 33 og 115. Kl. 0300 til 0400: á lögregluvarðstofunni". Telur verjandi samkvæmt vottorði þessu sýnt, að Sigurjón Ingason hermi rangt um komu ákærða í Stjórnarráðshúsið og dvöl hans þar. Héraðsdómari hefur yfirheyrt lögregluþjón nr. 33. Hins vegar hefur lögregluþjónn nr. 115 ekki komið fyrir dóm, en verjandi ákærða krafðist þess bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að sá lögregluþjónn yrði einnig krafinn vættis. Fyrir Hæstarétti hefur sækjandi lagt fram tvö vottorð lögreglustjórnar Reykjavíkur, bæði dags. 17. janúar 1961, svohljóðandi:

„Samkvæmt dagbók lögreglustjóraembættisins í Reykjavík vottast, að á tímabilinu kl. 03—04 aðfaranótt 18. janúar 1960 var lögreglan aðeins einu sinni kvödd út. Var um hjálparbeiðni að ræða frá Hverfisgötu 49. Á vettvang fóru lögregluþjónar nr. 99, 116 og 122.

Samkvæmt lögregluvarðskrá voru á nefndu tímabili lögregluþjónar nr. 54, 64 og 116 skráðir í varðstofu, nr. 54 til símaþjónustu, en nr. 64 og 116 að sinna útkvaðningum. Samkvæmt sömu varðskrá er lögregluþjónn nr. 122 skráður á vakt í Austurstræti —Hafnarstræti á þessu tímabili og nr. 99 á Laugavegi.

Lögregluvarðskráin ber ekki með sér, hvers vegna lög-

regluþjónn nr. 64 var ekki sendur í umrætt útkall, svo að kveðja þurfti til lögreglumann, sem skráður var til varðþjónustu á öðrum stað".

„Hér með vottast samkvæmt dagbók og talstöðvarbók lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, að lögregluþjónar nr. 64 og 115, sem skráðir voru á eftirlitsbifreið aðfaranótt 18. janúar 1960, kl. 01—03, gegndu engu útkalli á því tímabili. Lögregluþjónn nr. 33, sem skráður er á eftirlitsbifreið alla næturvaktina sem bifreiðarstjóri, gegndi hins vegar útkalli kl. 01 að Sjafnargötu 8 ásamt lögreglumönnum nr. 54 og 99, en þeir voru skráðir á eftirlitsbifreiðina frá kl. 23 til 01."

Eins og gögnum málsins er háttað, er rétt, að rannsakaður verði nánar ferill ákærða greindan varðtíma og í því sambandi spurðir fyrir dómi samstarfsmenn hans á verðinum, þar á meðal áðurgreindur lögregluþjónn nr. 115.

2. Verjandi ákærða hefur í máli þessu lagt fram ýmsar ritsmíðir, sem hann telur nafngreindan, geðbilaðan mann hafa sett saman. Telur verjandi líkur fyrir því, að maður þessi kunni að vera höfundur hótunarbréfa þeirra, er í máli þessu greinir, og krefst verjandi þess, að rannsókn málsins verði beint gegn nefndum manni. Eigi hafa verið leiddar neinar rökstuddar líkur að því, að sjúklingur þessi sé við hótunarbréfin riðinn, og ákæruvaldið hefur eigi beint rannsókn gegn honum. Eins og málum er nú háttað er eigi rétt, að þessi dómstóll skipi fyrir um slíka rannsókn.

II. ákæruatriði.

Eins og rannsókn málsins er háttað, eru engin efni til, að Hæstiréttur mæli fyrir um frekari eftirgrennslan, að því er ákæruatriði þetta varðar. Kröfur verjanda ákærða, er þar að lúta, verða því eigi teknar til greina.

III. ákæruatriði.

Ákærði er, eins og áður segir, sóttur til refsingar fyrir rangar sakargiftir á hendur opinberum starfsmönnum vegna sakburðar hans á hendur þeim í kæru til handhafa ákæruvalds og á dómþingum. Ákærði hefur skorazt undan að finna stað þeim ummælum sínum, sem ákæran á hendur

honum er af risin, en þrátt fyrir það, hefur verjandi hans krafizt þess, að hafin verði almenn rannsókn fyrir sakadómi á hendur þeim mönnum, sem ákærði hefur borið sökum. Handhafar ákæruvalds hafa eigi talið efni til að sinna greindri kröfu, og eigi er rétt, eins og málið liggur fyrir, að þessi dómstóll kveði á um slíka rannsókn.

C.

Málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00, og málflutningslaun verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Verjandi ákærða hefur í héraði og hér fyrir dómi haft uppi ýmsar löglausar og fjarstæðukenndar kröfur, varðandi rannsókn sakaratriða og meðferð málsins. Hefur þetta tafið málið og gert það miklu umfangsmeira en nauðsyn bar til. Af þessu efni ber að víta verjandann, Guðlaug Einarsson héraðsdómslögmann, og hefur verið litið til þessarar hegðunar hans við ákvörðun málsvarnarlauna.

Dómsorð:

Héraðsdómara ber að framkvæma framangreinda rannsókn.

Málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8000.00, og málflutningslaun verjanda fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember 1960.

Ár 1960, þriðjudaginn 22. nóvember, var úrskurður þessi kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni.

Með ákæruskjali, dags. 8. október s.l., hefur ákæruvaldið höfðað mál gegn Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi lögreglumanni, Vesturgötu 27 hér í bæ.

Ákæruefni eru þessi:

I. Að ákærði hafi í janúar 1960 sent Sigurjóni Sigurðssyni, lögreglustjóra í Reykjavík, tvö bréf, þar sem honum er hótað líflláti.

II. Að ákærði hafi átt og haft í fórum sínum skammbyssu án þess að hafa fengið tilskilið leyfi til þess.

III. Að ákærði hafi haft uppi rangar sakargiftir á hendur lögreglumönnum, svo sem hér segir:

1. Borið í kæru til Dómsmálaráðuneytisins, dags. 15. marz s.l., og á dómþingi 4. apríl eftirtalda lögreglumenn þeim sökum, að þeir hefðu verið ölvaðir við skyldustörf: Þorstein Jóhannes Jónsson, Þóri Sigurð Hersveinsson, Sveinbjörn Bjarnason, Hjört Elíasson og Sigurð Sigurðsson.

2. Borið á dómþingi 4. apríl Magnús Sigurðsson lögregluvarðstjóra þeim sökum, að hann hafi látið Finnboga Sigurðsson lögregluþjón aka bifreið undir áfengisáhrifum frá lögreglustöðinni og borið nefndan Finnboga þeim sökum, að hann hefði í nefndu tilviki komið ölvaður akandi í bifreið til lögreglustöðvarinnar og ekið henni þaðan í sama ástandi.

3. Borið á dómþingi 4. apríl Erling Pálsson yfirlögregluþjón þeim sökum, að hann hefði með áfengisáhrifum ekið bifreið sinni sumarið 1957.

4. Borið á dómþingi 4. apríl Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra þeim sökum, að hann hafi iðulega ekið bifreið sinni með áhrifum áfengis, sérstaklega einu sinni, er hann hafi verið vel drukkinn.

5.a. Borið á dómþingi 4. apríl Sigurjón Ingason lögregluþjón þeim sökum, að hann mundi eiga eða hafa átt til skamms tíma talsverðar birgðir af smygluðu áfengi og að hann fengi alltaf öðru hverju smyglað áfengi.

b. Borið ranglega á dómþingi 8. apríl, að Sigurjón Ingason hafi tjáð honum, að hann (S. I.) hefði ritað lögreglustjóra bréf og hótað honum líflláti.

Mál þetta var höfðað, að undangenginni rannsókn, er fram fór í sakadómi Reykjavíkur 4. apríl til 31. ágúst s.l.

Mál þetta var þingfest 31. f. m. Hafði Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður verið skipaður sækjandi málsins, en verjandi hafði að ósk ákærða verið skipaður Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður.

Á fyrsta dómþingi var málinu frestað til 10. þ. m. að ósk verjandans. Hinn 10. þ. m. var lögð fram beiðni verjanda um frek-

ari gögn í málinu. Þann dag svo og 12., 14., 15. og 17. þ. m. hafa farið fram yfirheyrslur og með þeim verið sinnt að nokkru leyti ofangreindri ósk verjandans.

Hinn 17. þ. m. lagði verjandi enn fram beiðni um frekari gagnaöflun og afhenti jafnframt 35 skjöl til framlagningar, en hinn 15. nóvember hafði verið skorað á málflytjendur að segja endanlega til þess, hver ný gögn þeir teldu að fram þyrftu að koma. Í tilefni af þessu bréfi hefur enn verið aflað nokkurra gagna, svo sem greint er frá hér á eftir. Sækjandi hefur ekki óskað þess, að fleiri gögnum væri komið að, og mótmælt því, að sinnt verði kröfum verjanda um gögn, frekar en orðið er.

Verður nú að rekja kröfur verjanda og taka þær síðan til úrlausnar.

1. *Í beiðni, dags. 5. nóvember 1960,* eru settar fram þessar kröfur:

(I) Varðandi I. kafla ákæruskjals:

A. Að yfirheyrður verði Sigurjón Sigurðsson og lagðar fyrir hann tilgreindar spurningar, merktar a—h. Þessi yfirheyrsla hefur farið fram, og þarf ekki að rekja þetta atriði nánar.

B. Að yfirheyrður verði Ólafur Jónsson lögreglufulltrúi (spurningar a—e). Þessi yfirheyrsla hefur farið fram.

C. Að yfirheyrður verði Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn og lagðar fyrir hann spurningar, merktar a—h. Þar af hefur vitnið þegar verið spurt um a—e, en hinar spurningarnar eru þessar:

f) „Hvort vitnið hafi sjálft eða einhverjir undirmenn þess innan lögreglunnar haft eftirlit með afbrotamönnum, sem afplánað höfðu, mönnum grunuðum eða geðveilum, af öryggisástæðum eða vegna almennings, að tilhlutan sakadómara, lögreglustjóra eða einstaklinga utan lögreglunnar."

g) Hvort nokkrir starfsmenn lögreglunnar hafi verið haldnir geðveilu, þannig að sjúkrahúsvist hafi verið þeim nauðsynleg um skemmri eða lengri tíma.

h) Áskilinn réttur til nánari fyrirspurna, ef tilefni sýnist.

D. Að yfirheyrður verði Sigurjón Ingason lögregluþjónn um atriði, merkt a—f, og hafa tvær fyrstu spurningarnar verið lagðar fyrir vitnið. Hinar eru þessar:

c) Hvort vitnið hafi mikið notað síma, meðan hann var vaktmaður í stjórnarráðsbyggingunni, og til hverra hann hafi hringt, ef svo væri, t. d. Jóels Sigurðssonar, Finnboga Sigurðssonar, Magnúsar Guðmundssonar o. fl., og hverra erinda.

d) Hvort vitnið hafi átt byssu og þá hvers konar, hvort það hafi lánað öðrum hana og þá hverjum.

e) Hver ráðið hafi því, að Bjarni Erasmusson ók bifreið vitnisins hinn 17. júlí s.l. með þeim afleiðingum, að slys hlauzt af, er bifreiðinni var ekið á handrið Fossvogsbrúarinnar, og minnist vitnið þess, hverjir komu á staðinn umrætt sinn, og ef svo er, þá hverjir, bæði lögreglumenn og aðrir.

f) Réttur áskilinn til að spyrja nánar, ef svör við framanskráðum spurningum gefi tilefni til.

E. Að eftirtaldir 17 menn verði yfirheyrðir um vitneskju sína um hótunarbréfin, hvenær þeim hafi borizt vitneskja um kærubréf ákærða á hendur Magnúsi Sigurðssyni lögregluvarðstjóra og hvort lögreglustjóri, fulltrúi hans eða yfirlögregluþjónn hafi beðið þá að grennslast fyrir um blaðaskrif, hótunarbréf eða annað, sem mál þetta snertir: 1. Guðbjörn Hansson, 2. Magnús Sigurðsson, 3. Ólafur Guðmundsson, 4. Guðmundur Jónsson, 5. Jakob Björnsson, 6. Stefán Jóhannsson, 7. Trausti Eyjólfsson, 8. Kristmundur Sigurðsson, 9. Sveinbjörn Bjarnason, 10. Jóel Sigurðsson, 11. Bjarni Erasmusson, 12. lögregluþjónn nr. 115 (17. janúar 1960), 13. Kristján Þorsteinsson, bílstjóri hjá Utanríkisráðuneytinu, 14. Magnús Aðalsteinsson, 15. Jóhannes Björgvinsson, 16. Helgi Ágústsson vaktmaður, 17. Gunnlaugur Ingason. Áskilinn réttur til að yfirheyra miklu fleiri, ef yfirheyrslur og ástæður þykja til þess.

Af mönnum þessum hefur Guðbjörn Hansson verið yfirheyrður.

F. Að allir stjórnarmenn Byggingasamvinnufélags lögreglumanna verði yfirheyrðir í sambandi við framburð Sveinbjarnar Bjarnasonar, bls. 80 í endurriti dómsrannsóknar.

G. Að félagsstjórn og kjörstjórn lögreglumannafélagsins, svo og Jakob Björnsson og Tryggvi Friðlaugsson, verði yfirheyrðir, varðandi framburð ákærða bls. 4 (kærubréf) og Magnúsar Sigurðssonar bls. 56.

H. Að lagður verði fram útdráttur úr gerðabók Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns, varðandi yfirheyrslu, er ákærði hafi verið kallaður til 4. febrúar 1960 vegna eins konar áminninga, sem ákærði segist hafa fengið 16. og 27. janúar. Jafnframt verði eftirtaldir menn yfirheyrðir: Þorkell Steinsson, Þórir Þorsteinsson, Einar Halldórsson, Páll Eiríksson, Erlingur Pálsson og Ólafur Jónsson.

(II) Varðandi II. kafla ákæruskjals:

A. Lagðar verði fyrir Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra

spurningar, merktar a—g. Vitnið hefur þegar verið spurt spurninganna a—d, en hinar eru þessar:

e) Hvort vitnið sjálft hafi byssuleyfi eða hafi í fórum sínum einhvers konar skotvopn, sprengju eða hluti eða efni í slíkt, og ef svo er, hvenær vitnið hafi fengið sjálfstætt byssuleyfi.

f) Hvort vitnið telji hvers konar byssur vera skotvopn í merkingu reglugerðar nr. 105/1936, sbr. lög nr. 69/1936, enda þótt slík tæki séu nú hættulaus, þótt þau einhvern tíma hafi ekki verið það, og hvort vitnið telji það varða við sömu reglugerð eða lög, ef maður á eða hefur í fórum sínum skotfæri, en enga byssu til að skjóta þeim úr.

g) Fyrirvari gerður um nánari spurningar og fleiri, ef tilefni sýnist til.

B. Að fulltrúi lögreglustjóra, yfirlögregluþjónn, yfirvarðstjóri, skotfimiþjálfari lögreglunnar og þeir menn innan lögreglunnar, sem hafa byssuleyfi eða upplýst verður um, að eigi eða hafi skotvopn í fórum sínum, verði í sambandi við áðurskráð undir lið II, A, „yfirheyrðir um þetta atriði, að því er varðar æfingar lögreglumanna, meðferð þeirra á skotvopnum og skotfærum í frístundum og um lán þeirra á slíku til annarra, innflutning og sölu o. s. frv." (sic.)

(III) Varðandi III. atriði í ákæruskjali:

A) Að allt lögregluliðið í Reykjavík, bæði lögreglustjórinn, aðrir yfirmenn lögreglunnar og óbreyttir liðsmenn hennar, verði yfirheyrt varðandi meintar rangar sakargiftir á hendur lögreglumönnum um áfengisneyzlu.

B) Að Erlingur Pálsson, Sigurjón Ingason, Jóel Sigurðsson og Bjarni Erasmusson verði yfirheyrðir um ákæruatriðin III, 5, a, og III, 5, b, svo og fleiri menn, ef ástæða verði til.

Í beiðninni er að lokum vikið að fleiri atriðum, er kanna þurfi, og hefur yfirheyrsla um þau þegar farið fram (þ. e. varðandi tæknirannsóknir við rannsókn málsins).

Í bréfi verjanda, dags. 16. nóvember, er krafa gerð um eftirtalin frekari gögn:

A. Yfirheyrt verði allt lögregluliðið í Reykjavík til upplýsinga um eftirtalin atriði:

a) hver sé vitneskja lögreglumannanna um hótunarbréfin,

b) hvenær þeir hafi fyrst fengið vitneskju um tilvist þeirra,

c) hvort þeir hafi komið til Sigurjóns Ingasonar, er hann var vaktmaður í stjórnarráðsbyggingunni, og hverra erinda,

c) (sic) hvenær þeir hafi fengið vitneskju um kæru ákærða á hendur Magnúsi Sigurðssyni, dags. 15. marz,
d) hvort þeir hafi byssuleyfi,
e) hvort þeir eigi byssur og skotfæri og hvort þeir hafi lánað ákærða slíkt,
f) hvort þeir eigi ritvélar,
g) hvort þeir hafi fengið áminningar frá yfirmönnum sínum innan lögreglunnar,
h) hvort þeir hafi verið beðnir að grennslast fyrir um höfund hótunarbréfanna,
i) hvaða afskipti þeir hafi haft af Gunnari Sverrissyni, Ægissíðu 46, og hvort nefndur Gunnar hafi oft verið staddur á lögregluvarðstofu, verið þeim vitanlega undir eftirliti Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns eða annarra löggæzlumanna,
j) hvort þeim sé kunnugt um, að öðrum hafi borizt hótunarbréf en lögreglustjóra og ákærða, bæði einstaklingum utan og innan lögregluliðsins og, ef svo er, þá hverjum,
k) hvað gert hafi verið í slíkum málum, þ. e. hótunarbréfamálum.

B. Að allir rannsóknarlögreglumenn Reykjavíkur verði spurðir um það, hvort þeir hafi haft nokkurs konar afskipti af Gunnari Sverrissyni, Ægissíðu 46, og, ef svo er, þá hver þau afskipti hafi verið.

C. Þessir aðiljar verði krafðir vitnisburðar um hótunarbréfin, dskj. 7, 8 og 13: Bjarni Erasmusson, Jóel Sigurðsson, Bjarni Guðmundsson blaðafulltrúi, Pálmi Jónsson fyrrverandi lögregluvarðstjóri auk þeirra, er áður getur.

D. Að Pálmi Jónsson, Baldur Jónasson fyrrverandi lögreglumaður, Kristinn Ásmundsson, Flókagötu 67, og allir gestir í fimmtugsafmæli Pálma Jónssonar verði yfirheyrðir um vitneskju þeirra um áfengisneyzlu lögreglumanna (ákæruliður III) auk þeirra, er áður getur.

E. Tæknirannsókn verði framkvæmd á ritvélum Gunnars Sverrissonar, Sverris Sigurðssonar kaupmanns, Ægissíðu 46, Verzlunar Magnúsar Benjamínssonar & Co. og öllum ritvélum sakadómaraembættisins svo og þeim einkaritvélum allra löggæzlumanna, bæði hjá lögreglustjóra og sakadómara, er eigi hefur verið framkvæmd rannsókn á fyrr.

F. Yfirheyrðir verði Gústav A. Jónasson ráðuneytisstjóri og Baldur Möller deildarstjóri í sambandi við vætti lögreglustjóra í sakadómi 10. nóvember (dómsrannsókn bls. 5f). Baldur Möller

beri einnig vitni um símtal hans og verjandans að kvöldi dags 7. apríl, varðandi fyrirspurn verjanda um sáttaboð og niðurfellingu máls þessa, að því er varðaði kærumál lögreglustjóra á hendur ákærða.

G. Að leitað verði álitsgerðar tveggja sérfræðinga í geðsjúkdómum um heilsu Gunnars Sverrissonar. Rannsökuð séu atriði nánar tilgreind um dvöl Gunnars þessa á Kleppi og í Danmörku og hvort sjúkleiki hans sé þannig, að hugsanlegt sé, að hann geti eða hafi getað verið valdur að hótunarbréfaskrifunum.

H. Sérfræðirannsókn fari fram á því, hvort framlögð bréf, kvæði og skeyti Gunnars Sverrissonar gefi tilefni til að ætla, að hótunarbréfin, dskj. 7, 8 og 13, séu rituð af honum. (Hér fylgir á eftir greinargerð frá verjanda, hvaða atriði hann telur benda til, að svo kunni að vera).

I. Sigurjón Ingason, lögreglustjóri, yfirlögregluþjónn og allir aðrir lögreglumenn verði spurðir fyrir dómi um nærvist Gunnars Sverrissonar, er þessir aðiljar ræddu sín á milli um blaðagreinarnar og hótunarbréfin. Rannsakað sé, hvort stimpill með merkinu „Rannsóknarlögreglan í Reykjavík", sem er undir einu bréfanna, sé sams konar og rannsóknarlögreglumenn hafa notað eða nota enn og hvort þeir hafi saknað slíks stimpils eða yfirleitt hvernig þessi stimpill er kominn í hendur Gunnars Sverrissonar, þannig að Gunnar hafði hann í sínum fórum, meðan hann dvaldist á Kirkjubæjarklaustri.

J. Að allt verði gert til að draga hið sanna fram í málinu.

Verður nú hvert einstakt atriði framangreindra beiðna verjandans tekið til rökstuddrar úrlausnar, og þá fyrst beiðni, dags. 5. þ. m. Þess er þó að gæta, að atriði A, B, C a–e, D a–f og E 1 hafa þegar verið tekin til greina, svo sem áður er getið, og atriðin C h og D f eru eigi svo skýrt mörkuð, að um þau verði úrskurðað.

Eru þá eftir þessi atriði:

C f og g) Ekki verður séð, að spurningar þessar varði efni máls þessa.

D c) Þessi spurning þykir ekki svo vaxin, að svör við henni geti varpað neinu ljósi á efni málsins.

d) Sakarefninu með öllu óviðkomandi.

e) Í tilefni af þessari spurningu hefur verið aflað upplýsinga um, að vitnið Sigurjón Ágúst Ingason hefur verið saksóttur fyrir, að hann hafi aðfaranótt sunnudags 17. júlí s.l. sam-

þykkt, að Bjarni Sigurjón Erasmusson sjómaður, Ásvallagötu 55 hér í borg, æki bifreið hans, enda þótt Bjarni væri undir áfengisáhrifum, en Bjarni Sigurjón hefur verið ákærður fyrir ölvun við akstur og ógætni í akstri, er hann ók bifreið Sigurjóns á brúarstöpul við Fossvogsbrú í umrætt skipti. Málinu er enn eigi lokið. Ekki þykir nein ástæða til að afla frekari gagna í þessu máli um þetta atriði.

E. Eins og áður segir, hefur einn þeirra, er þessi liður greinir frá, Guðbjörn Hansson, þegar komið fyrir dóm. Ekki eru neinar líkur til þess, að spurningar þær, er í þessum lið greinir, til hinna 16 mannanna geti orðið til þess að lýsa sakarefni frekar en orðið er.

F. Sveinbjörn Bjarnason skýrði svo frá, að hann hefði heyrt, að ákærði bæri þungan hug til stjórnar byggingasamvinnufélagsins, en í henni er Sveinbjörn, og teldi ákærði, að stjórnin hefði hlunnfarið sig í sambandi við lóðaúthlutun. Gat Sveinbjörn þess, að þarna kynni að vera undirrót kærunnar á hendur honum (sbr. ákærulið III, 1). Ekki verður talið, að þörf sé á að yfirheyra félagsstjórnina af þessu tilefni.

G. Þetta atriði varðar kvörtun ákærða yfir því, að Magnús Sigurðsson varðstjóri hafi komið í veg fyrir, að ákærði yrði kosinn í nefnd í lögreglufélaginu, en kemur ekkert við sakarefni í máli þessu. Er ástæðulaust að spyrja frekar um þetta atriði.

H. Umræddur útdráttur úr gerðabók Erlings Pálssonar var lagður fram strax í upphafi rannsóknar málsins (dskj. 6), og verður ekki séð, að nein ástæða sé til þess að afla í þessu máli frekari gagna um það efni, er þar greinir.

(II).

A e) Engu skiptir í þessu máli, hvort lögreglustjóri hefur byssuleyfi eða ekki.

f) Í málinu er fram komið, að byssa sú, sem ákærði er sóttur til saka fyrir að eiga, var í því ástandi, að ekki virtist vera hægt að skjóta úr henni. Það er dómsins að skera úr því, hvort áhald þetta sé að svo vöxnu máli skotvopn í skilningi laga. Ber ekki að leggja spurningar af þessu tagi fyrir vitni.

B. Krafa verjandans undir þessum lið er næsta óskýrt fram sett, en þó þykir mega ráða í, hvað hann eigi við. Telja verður, að engin þörf sé upplýsinga um þau atriði í þessu máli.

(III).

A. Þegar ákærði setti fram sakargiftir sínar hinn 4. apríl, tilgreindi hann ekki, umfram það sem ákæruskjal ber með sér,

nein ákveðin tilvik brota þeirra, er hann sakaði lögreglustjóra um og aðra þá, er í III. kafla ákæru getur. Í þinghaldi 31. ágúst neitaði hann að tjá sig um sakargiftir þessar að svo stöddu og neitaði að svara því, hvað honum hefði gengið til að setja þær fram. Verjandinn setur nú fram kröfu um, að allt lögregluliðið sé kallað fyrir dóm í tilefni af III. kafla ákæruskjalsins, en eigi tilgreinir hann nú, frekar en ákærði áður, nein ákveðin tilfelli, er hann telur að kanna þurfi, né segir neitt um það, um hvað skuli spurt. Dóminum þykir þessi krafa verjandans fráleit og einsætt, að hún sé höfð uppi einungis sem tilraun til þess að þæfa og tefja mál þetta. Ber því eigi að taka hana til greina.

B. Um þessi atriði hefur Sigurjón Ingason verið yfirheyrður, en ekki sést, að neitt tilefni sé til að yfirheyra hina þrjá mennina um þetta efni. Þykja ekki líkur til þess, að þeir geti upplýst neitt um þetta, enda gerir verjandinn enga grein fyrir þessari kröfu sinni.

Þá er komið að því að taka afstöðu til krafna verjandans í bréfi 16. nóvember.

A a–h), j), k). Hér er enn krafizt yfirheyrslu á öllu lögregluliðinu. Ekki eru neinar líkur til þess, að yfirheyrslur þessar yrðu til að varpa ljósi á sakarefnið, og sumar spurningarnar eru efninu alls óviðkomandi. Verður að telja, að þessi krafa sé sett fram í því skyni einu að að tefja málið, og ber ekki að sinna henni.

A. i)-liður, B., E., G., H. og I. Allir þessir liðir varða Gunnar Sverrisson, Ægissíðu 46. Á dómþingi 17. þ. m. lagði verjandinn fram 13 bréf og 1 símskeyti, sem talin eru frá Gunnari þessum til Páls Pálssonar kennara, Kvisthaga 11. Enn fremur eitt tölublað af Vikunni, þar sem birt er smásaga eftir Gunnar. Með nefndum liðum bréfsins 16. nóvember verður að telja, að verjandinn láti liggja að því, að Gunnar kunni að vera höfundur hótunarbréfa þeirra, er þetta mál snýst um. Tilgreinir verjandinn undir lið H. ýmis atriði, er hann telur gefa tilefni til að ætla, að svo geti verið. Út af þessum atriðum hefur verið aflað þeirra upplýsinga, að Gunnar Sverrisson hefur síðan 9. júlí verið vistmaður á Kleppi, en frá því í apríl og fram í júlí var hann til lækninga í Danmörku. Sjúkdómsgreining hans er samkvæmt vottorði Þórðar Möllers yfirlæknis schizoid psychopathia. Bréf þau, er áður greinir, en mörg þeirra eru undirrituð af

Gunnari, bera mjög áberandi einkenni geðveiklunar. Hins vegar getur dómurinn ekki fallizt á, að í þeim sé neitt, er gefi tilefni til að ætla, að Gunnar kunni að hafa ritað hótunarbréfin til lögreglustjóra. Tæknirannsókn, er gerð var á bréfunum, sýndi, að af þeim eru 11 rituð á eina og sömu vél, sem er eign Gunnars Sverrissonar, en eitt á einhverja aðra ritvél, sem ekki er vitað, hvar er, en er þó örugglega ekki meðal véla þeirra, er hótunarbréfin eru skrifuð á. Eitt bréfið er handskrifað. Hótunarbréfin til lögreglustjóra eru talin skrifuð á ritvélar í Utanríkisráðuneytinu og í heildverzluninni Solido. Ekki hafa verið leiddar neinar líkur að því, að Gunnar hafi haft aðgang að þessum stöðum. Alkunna má telja, að eigi er fátítt, að geðbilaðir menn hafi þá áráttu að fást við bréfaskriftir. Þykir ekki fært að kanna slík tilfelli í þessu máli, nema sérstakt tilefni sé til, og bréf Gunnars þykja, sem fyrr segir, ekki gefa slíkt tilefni. Verður því ekki tekin til greina krafa verjanda um rannsókn um þessi atriði, frekar en orðið er.

C. Bjarni Guðmundsson og Jóel Sigurðsson hafa komið fyrir dóm og borið vitni við rannsókn málsins, og sést eigi, að nein ástæða sé til að yfirheyra þá frekar. Eigi er heldur tilefni til að yfirheyra Bjarna Erasmusson né Pálma Jónsson. Er ekki ástæða til að ætla, að þeir geti upplýst neitt um höfund hótunarbréfanna, enda leiðir verjandinn engar líkur að því.

D. Verjandinn hefur ekki gert grein fyrir, að tilgreindir þrír menn geti gefið upplýsingar um þá „áfengisneyzlu lögreglumanna", er hér skiptir máli. Fráleitt sýnist og að fara að yfirheyra alla gesti í fimmtugsafmæli Pálma Jónssonar (en það var 3. desember 1950), enda er ekki tilgreint, um hvað ætti að spyrja þá.

F. Hér krefst verjandi þess, að ráðuneytisstjóri og deildarstjóri í Dómsmálaráðuneytinu verði krafðir vættis um atriði, er varða einungis meðferð ráðuneytisins á kærum þeim, er leiddu til málssóknarinnar, og verður að telja kröfu þessa fjarstæðukennda. Ekki er vitað til þess, enda ekki vikið að því í kröfunni, að menn þessir geti borið neitt um sakarefnið.

J. Sbr. það, sem segir um liðina C. h) og D. f) í fyrra bréfi verjandans.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, verður niðurstaðan sú, að ekki verða teknar til greina kröfur verjanda um öflun framangreindra gagna.

Því úrskurðast:

Kröfur verjanda ákærða um öflun framangreindra gagna verða ekki teknar til greina.

Miðvikudaginn 25. janúar 1961.

Nr. 43/1959. **Samvinnufélag Ísfirðinga**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Bæjarsjóði Siglufjarðar
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Ingimundarson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 4. marz 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. febrúar sama ár. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað verði um framkvæmd lögtaks. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi.

Áfrýjandi er samvinnufélag, sem um útsvarsskyldu og álagningu útsvars lýtur ákvæðum 6. gr. A, II, 2. töluliðar í lögum um útsvör nr. 66/1945. Í þessu máli koma því ekki til álita fyrirmæli laga nr. 59/1947 um breytingu á 8. gr. nefndra útsvarslaga, þar sem þau taka eingöngu til félags samkvæmt 6. gr. A, II, 1. töluliðar útsvarslaganna.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er lýst, hvernig háttað var síldarverkun og síldarsölu áfrýjanda á Siglufirði árið 1956. Verður ekki talið, að atvinnurekstur þessi hafi verið annar eða meiri en átt er við í c-lið 1. töluliðar 9. gr. fyrrgreindra

útsvarslaga. Ber því þegar af þeirri ástæðu að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, bæjarsjóður Siglufjarðar, greiði áfrýjanda, Samvinnufélagi Ísfirðinga, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Siglufjarðar 26. september 1958.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar þann 22. sama mánaðar, hefur gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Siglufjarðar, krafizt þess, að framkvæmt verði lögtak í eignum gerðarþola til tryggingar skuld við Siglufjarðarbæ vegna álagðs útsvars 1957, að fjárhæð kr. 22.000.00, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar við innheimtuna, þar á meðal innheimtulauna, svo og öllum kostnaði við eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli hefur krafizt þess, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og honum tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Undanfarin ár hefur Samvinnufélag Ísfirðinga, Ísafirði, sem skrásett er þar, rekið síldarsöltun hér á Siglufirði yfir sumarið, en félagið á hér söltunarstöð. Félagið mun aldrei hafa talið fram hér vegna þessarar starfsemi, en niðurjöfnunarnefnd Siglufjarðar mun einu sinni fyrir 1957 hafa lagt útsvar á félagið, en engin tilraun þá verið gerð til að innheimta útsvarið.

Sumarið 1956 hófst söltun síldar á söltunarstöð gerðarþola 5. júlí, og síðast var saltað á þessari stöð 24. júlí sama sumar. Afskipun saltsíldar til útflutnings frá stöðinni af framleiðslu ársins 1956 hófst 18. ágúst 1956 og lauk eigi fyrr en 30. marz 1957. Við niðurjöfnun útsvara á Siglufirði árið 1957 var lagt útsvar á síldarsöltun umrædds félags hér, kr. 22.000.00. Útsvarsskrá lá síðan frammi lögboðinn tíma. Álagning útsvarsins mun ekki hafa verið kærð, en greiðsluáskorunum var ekki sinnt, og urðu lyktir þær, að gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Siglufjarðar, krafðist þann

2. apríl 1958 lögtaks í eignum gerðarþola til tryggingar útsvarsskuldinni auk vaxta og kostnaðar, eins og áður er lýst. Fasteignagjöld, kr. 6.518.00, sem gerðarþola var gert að greiða hér vegna eigna sinna hér fyrir sama ár (1957), greiddi hann hins vegar, áður en til lögtaks kom.

Kröfur sínar rökstyður gerðarbeiðandi með því, að augljóst sé, ef atvinnurekstur gerðarþola hér á Siglufirði 1956 sé athugaður, sé rétt að leggja hér útsvar á hann. Bendir hann á, að undirbúningur undir móttöku síldar hafi hafizt á söltunarstöð gerðarþola á svipuðum tíma og á öðrum söltunarstöðvum hér eða í maí eða byrjun júní, og fjarri hafi farið því, eftir að sjálfri söltun síldarinnar var lokið, að atvinnurekstrinum hér hafi verið þar með lokið; hafi þá verið eftir margra mánaða vinna við ápökkun, pæklun og umsöltun síldarinnar, en síldin hafi ekki verið fullunnin og söluhæf fyrr en eftir þessa meðferð. Telur gerðarbeiðandi, að atvinnurekstur gerðarþola vegna síldarsöltunar hér sumarið 1956 hafi staðið í um 7 mánuði. (Réttara virðist þó vera samkvæmt framlögðu vottorði síldarútvegsnefndar, að hann hafi staðið a. m. k. að einhverju leyti í um 10 mánuði, sé tekinn með sá tími, sem ætla má, að gengið hafi til að undirbúa söltunina).

Þá hefur gerðarbeiðandi staðhæft, að allan þenna tíma, þ. e. frá því í maí 1956 og fram um áramót eða lengur, hafi gerðarþoli haft í þjónustu sinni margt manna á síldarsöltunarstöðinni. Hafi starfsfólkið verið flest yfir sumarmánuðina, en umsöltun síldarinnar haustmánuðina hafi einnig krafizt margra starfsmanna. Hafi starfsmennirnir flestir verið hér búsettir, þar á meðal verkstjórinn, sem gegnt hafi því starfi um margra ára skeið, jafnframt því sem hann hafi umsjón með eignum gerðarþola hér þann tíma árs, sem síldarsöltun stendur ekki yfir.

Mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar hefur gerðarþoli rökstutt með því, að ekki verði talið, að hann reki atvinnu á öðrum stað en Ísafirði í skilningi 8. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945. Hafi bátarnir, sem lögðu upp síld til söltunar á söltunarstöð hans á Siglufirði, verið gerðir út frá Ísafirði og nágrenni, þar séu skrifstofur þeirra, bókhald og fyrirsvar allt. Umsjón á söltunarstöð gerðarþola á Siglufirði segir hann vera í höndum manns frá Ísafirði, sem sendur sé til Siglufjarðar í því skyni.

Alla vinnu við síldarsöltunina, svo sem ápökkun, útskipun o. s. frv., segir gerðarþoli vera greidda samkvæmt ákvæðis- og tímavinnutöxtum verkalýðsfélaganna á Siglufirði, og varðandi verkstjórann og laun hans hefur gerðarþoli sérstaklega tekið fram,

að hann sé ekki á föstum launum hjá honum (Samvinnufélagi Ísfirðinga), heldur fái hann greitt viku- og tímakaup yfir þann tíma, sem unnið er að síldarverkun.

Rekstur söltunarstöðvarinnar hér á Siglufirði segir gerðarþoli hafa staðið aðeins mjög skamman tíma á ári hverju, og viðkomandi árinu 1956 hefur hann tekið fram, að undirbúningur undir síldarsöltun þetta ár hafi hafizt hjá gerðarþola síðustu dagana í júní og fyrsta söltun farið fram 5. júlí s. á., en hin síðasta 24. júlí, eins og áður er tekið fram.

Allri vinnu við ápökkun og „sorteringu" síldarinnar á söltunarstöð gerðarþola hér segir hann hafa verið lokið í október 1956, og í lok október hafi verið afskipað af síldarframleiðslu sumarsins 3645 tunnum, en 1023 tunnum hafi verið afskipað á tímabilinu nóvember 1956—marz 1957.

Þá hefur gerðarþoli tekið fram, að hann telji rétt gerðarbeiðanda til að krefjast útsvars af gerðarþola eiga að fara eftir heimild C-liðar 9. gr. útsvarslaganna, enda telur hann auðvelt fyrir gerðarbeiðanda að gera kröfu til hluta af álögðu útsvari á gerðarþola á Ísafirði, þar sem lagt sé á hann útsvar, eftir því hvernig rekstur hans gangi hverju sinni, þar á meðal síldveiðar og síldarsöltun á Siglufirði.

Atriði það, sem ágreiningur gerðarbeiðanda og gerðarþola er risinn af, fer eftir ákvæðum 8. og 9. gr. laga nr. 66/1945 um útsvör. Í upphafi 9. gr. segir, að þar í sveit skuli útsvar gjalda, sem það er á lagt, enda eigi hún allt útsvarið. Þó skuli skipta útsvari milli sveita, við vissar kringumstæður, sem nánar eru tilgreindar, þar á meðal ef gjaldandi hefur rekið t. d. síldarverkun utan heimilissveitar sinnar. Gæti að mati réttarins vel komið til álita að beita þessu ákvæði við útsvarsheimtu Siglufjarðarkaupstaðar á hendur gerðarþola vegna síldarverkunarstarfsemi hans á Siglufirði. Hins vegar telst með öllu ósannað, að gerðarþola hafi verið gert að greiða eða hann greitt nokkurt útsvar í heimilissveit sinni 1957, hvorki vegna síldarverkunar hans 1956 né annarrar starfsemi. Hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælt því, að gerðarþoli hafi greitt útsvar í heimilissveit sinni af starfsemi þeirri, sem fram fór hér á Siglufirði á hans vegum 1956, og hefur umboðsmaður gerðarþola ekki mótmælt þessari staðhæfingu gagnaðilja síns. Verður þegar af þessari ástæðu að telja útilokað, að skiptingarreglum 9. gr. útsvarslaganna verði beitt í þessu tilviki, en hins vegar talið einsýnt, að einhvers staðar beri gerðarþola að greiða útsvar af starfrækslu sinni hér sumarið 1956.

Í 8. gr. útsvarslaganna segir, að leggja skuli útsvar á gjaldþegn, þar sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Er enginn ágreiningur um það í máli þessu, að gjaldþegninn (gerðarþoli) hafði heimilisfang á Ísafirði næst á undan niðurjöfnun útsvara 1957.

Í 2. mgr. 8. gr. laganna segir einnig, að ef félag reki atvinnu í fleiri sveitum en einni, megi á hverjum stað aðeins leggja á þær eignir, sem þar séu, og þær tekjur, sem sá atvinnurekstur gefi. Enginn ágreiningur er heldur um það, að gerðarþoli hafi rekið atvinnu hér á Siglufirði sumarið 1956, enda er vitað, að gerðarþoli á fasteignir hér, sem hann rekur atvinnu á. Verður að telja eðlilegt og rétt, að gerðarþola beri samkvæmt þessu ákvæði að greiða útsvar af starfrækslu sinni hér á Siglufirði sumarið 1956, enda séu skiptingarreglur C-liðar 9. gr. útsvarslaganna taldar útilokaðar í þessu tilviki af ástæðum, sem áður er lýst.

Samkvæmt framansögðu þykir því verða að heimila framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:
Hin umbeðna lögtaksgerð skal fara fram.

Miðvikudaginn 25. janúar 1961.

Nr. 2/1961. **Sveitarstjóri Njarðvíkurhrepps f. h. hreppsins**
gegn
Valgeiri Helgasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. desember 1960, sem barst Hæstarétti 3. janúar s.l., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði dóms, er upp var kveðinn í aukadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. nóvember s.l., en vitneskju um dóminn fékk hann 28. desember s.l., er honum barst endurrit dómsins.

Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu fyrir héraðsdómi. Hins vegar er ekki gerð krafa um greiðslu kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum kærða dómi, ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði hins kærða dóms á að vera óraskað.

Dómur aukadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. nóvember 1960.

Ár 1960, föstudaginn 18. nóvember, var á aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háð var í réttarsal embættisins af Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var hinn 15. þ. m.

Mál þetta er höfðað hér fyrir aukadómþinginu með stefnu, dags. 27. október 1960, af sveitarstjóra Njarðvíkurhrepps f. h. hreppsins gegn Valgeiri Helgasyni, Holtsgötu 30, Ytri-Njarðvík, til greiðslu á útsvörum 1955—1960, að eftirstöðvum kr. 24.331.00, auk 12% ársvaxta af kr. 4.585.00 frá 1. janúar 1957 til 1. janúar 1958, af kr. 8.755.00 frá þeim degi til 1. janúar 1959, af kr. 14.335.00 frá þeim degi til 1. janúar 1960, af kr. 18.060.00 frá þeim degi til 15. október 1960 og af kr. 24.331.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda var mætt í málinu við þingfestingu þess og krafan viðurkennd, en tekinn frestur til 15. nóvember, en þá var ekki mætt af hans hálfu og málið því dómtekið eftir kröfu umboðsmanns stefnanda.

Verður málið því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Stefnandi hefur lagt fram í málinu yfirlitsreikning yfir útsvör stefnda í Njarðvíkurhreppi fyrir útsvarsárin 1954—1960.

Stefnufjárhæðin, kr. 24.331.00, er heildarútsvör stefnda og vegagjald á þessum tíma í Njarðvíkurhreppi, að frádregnum innborgunum.

Þar sem stefnandi hefur þannig gert viðhlítandi grein fyrir

kröfum sínum og ekkert virðist við þær athugavert, verða þær teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður ákveðst kr. 2000.00, og er þá tekið tillit til þess, að lögtaksréttur á útsvari 1959 og 1960 er ekki fyrndur, þannig að ekki verður séð, að stefnanda hafi borið nauðsyn til að stefna og taka dóm fyrir útsvari þeirra ára.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Valgeir Helgason, greiði stefnandanum, sveitarstjóranum í Njarðvíkurhreppi f. h. hreppsins, kr. 24.331.00 auk 12% ársvaxta af kr. 4.585.00 frá 1. janúar 1957 til 1. janúar 1958, af kr. 8.755.00 frá þeim degi til 1. janúar 1959, af kr. 14.335.00 frá þeim degi til 1. janúar 1960, af kr. 18.060.00 frá þeim degi til 15. október 1960 og af kr. 24.331.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað með kr. 2000.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. janúar 1961.

Nr. 161/1959. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller hrl.)
gegn
Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Ákæra um ölvun við akstur. Blóðrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Ákæruatriði máls þessa eru tvö: 1. Að ákærði hafi ekið bifreið í tiltekið skipti, þótt hann væri með áhrifum áfengis, og 2. að hann hafi ekki haft ökuskírteini sitt meðferðis í sama skipti.

1. Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið aflað frekari sakargagna um þetta ákæruatriði.

Vitnið Ingimar Kristján Jónasson hefur staðfest fyrir dómi, að hann hafi, að því er ætla má, sama kvöld og í héraðsdómi

greinir, hitt ákærða og stúlku þá, er þar getur, að Hótel Borg, boðið þeim að borði sínu og hafi þau setið þar um klukkustund. Vitnið sá þá engin áfengisáhrif á ákærða, sá hann ekki neyta neins víns og ber, að ákærði hafi sagt, að hann vildi ekki neyta þess, þar sem hann væri með bifreið.

Þá hefur prófessor Jón Steffensen gefið ýtarlega skýrslu um aðferðir þær, sem beitt er á rannsóknarstofu hans við ákvörðun á áfengismagni í blóði með sérstöku tilliti til þeirrar rannsóknar á blóði ákærða, sem getur í héraðsdómi. Í skýrslu þessari segir m. a.: „... Aðferðin byggist á hæfileika alkóhóls til að reducera ýms málmsölt. Í rannsóknarstofunni er kalíumdichromat notað, sem er það salt, sem langmest er notað við alkóhólmælingar af þessu tagi. Kalíumdichromatið er haft í sterkri brennisteinssýru upplausn (0.214 g $K_2 Cr_2 O_7$ er leyst upp í 1 cm^3 H_2O dest. og síðan þynnt upp í 100 cm^3 með $H_2 SO_4$ conc), og er oxyderandi máttur upplausnarinnar mældur með O.O1N-natríum-thiosulfat upplausn. Mælingin er gerð á þann hátt, að 3 cm^3 af dichromatupplausninni eru þynntir með 25 cm^3 af vatni, síðan er bætt í 1 cm^3 af 10% kalíumjodidupplausn og myndast þá frítt joð svarandi til oxydationsgetu kalíumdichromatsins. Magn fría joðsins er svo ákveðið með titration með O.O1N — Natríumthiosulfat og sterkjuupplausn notuð sem indikator.

Alkóhólmælingin fer fram á þann hátt, að á botninn á víðu tilraunaglasi er látinn filtrerpappír og síðan er mældur ½ cm^3 af upplausninni, sem á að rannsaka, og filtrerpappírinn látinn drekka hana í sig. Áður er búið að mæla 3 cm^3 af kalíumdichromatupplausninni í vítt glas, og er það nú látið ofan í filtrerpappírinn í tilraunaglasinu og því lokað vandlega. Annað tilraunaglas er útbúið á sama hátt, nema að í stað alkóhólupplausnarinnar er látinn ½ cm^3 af hreinu vatni í filtrerpappírinn, og er þetta nefnt blindprufa. Bæði tilraunaglösin eru síðan höfð í sjóðandi vatnsbaði í eina klukkustund. Við það eimast rokgjörn efni eins og alkóhól yfir í kalíumdichromat-upplausnina, sem reducerast að því skapi, sem alkóhólið er mikið, og oxyderandi máttur hennar þverr tilsvarandi. Hve miklu það nemur, er mælt með titr-

ation á kalíumdichromat-upplausnunum úr báðum tilraunaglösunum á þann hátt, sem að ofan er lýst, og draga titrationstölu upplausnarinnar, sem var með alkóhólprufunni, frá gildi blindprufunnar. Með því að rannsaka alkóhólupplausnir af þekktum styrkleika hefur fundizt að ½ cm³ af 1 ‰ upplausn reducerar kalíumdichromat-upplausn, sem samsvarar 4,36 cm³ af 0.01N — natríum — thiosupfatupplausn.

Alkóhólmagn í blóði er mælt, eins og að ofan greinir, nema hvað þá er ½ cm³ af blóðinu, sem á að rannsaka, látinn í filtrerpappírinn í stað alkóhólupplausnar. Á hverju blóðsýnishorni, sem kemur til alkóhólrannsóknar, eru gerðar tvær mælingar á alkóhólmagninu í því og tekið meðaltal þeirra, og er það sú tala, sem send er hlutaðeiganda. Fyrir blóðsýnishorn nr. 148 frá 5/11 '58 var þessi tala 0.51 ‰, en hver einstök mæling gaf útkomurnar 0.47 og 0.55 ‰.

Á öllum mælingum er einhver mælingarskekkja, og mín reynsla af ofangreindri aðferð til alkóhólmælinga er, að það megi gera ráð fyrir allt að 0.2 ‰ mismun á tveim mælingum á sama blóðsýnishorni. Það, sem því mælingin á blóðsýnishorni nr. 148 raunverulega segir, er, að það séu um 99% líkur fyrir því, að magn reducerandi efna í blóðinu liggi einhvers staðar á milli 0.41 ‰ og 0.61 ‰ miðað við alkóhól...

Að lokum vil ég vekja athygli á því, að aðferð sú, er hér hefur verið lýst til mælinga á alkóhóli í blóði, mælir magn rokgjarnra, reducerandi efna í því, en ekki eingöngu magn alkóhólsins. Í blóði heilbrigðra manna er aðeins óverulegt magn af rokgjörnum, reducerandi efnum, alkóhóli og ketóefnum, sem enga raunhæfa þýðingu hafa fyrir ölvunarmál, en við nokkra sjúkdóma, s. s. sykursýki og lifrarskemmdir, geta ketó-efnin aukizt svo mjög í blóðinu, að þau hafi verulega þýðingu við mat á alkóhólmagni í blóði. Ef um slíkan sjúkling er að ræða, er sjálfsagt að endurtaka blóðrannsóknina, þegar hann er sannanlega ekki undir áhrifum áfengis eða annarra utan að komandi efna, er auka rokgjörn reducerandi efni í blóðinu".

Að fyrirlagi Hæstaréttar var málið því næst lagt fyrir

Læknaráð þann veg, að óskað var umsagnar um niðurstöðu vottorðs frá rannsóknarstofu Jóns Steffensens prófessors, dags. 5. nóvember 1959, svo og um rannsóknaraðferð þá, sem lýst er í framangreindri skýrslu prófessorsins. Í ályktun Læknaráðs segir:

„Læknaráð telur þá aðferð, sem notuð er í rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens fullgilda til alkóhólrannsókna á blóði, enda er hún mikið notuð.

Einnig er deildin sammála því, sem hann segir í bréfi sínu, dags. 5. nóvember 1959, um nákvæmni þessarar rannsóknar. Slíkar rannsóknir hafa óhjákvæmilega nokkra skekkju í för með sér, og er því hæpið, eins og próf. Steffensen tekur fram, að miða við fundið mælingarmagn í blóði, t. d. 0.5 ‰, eins og engu geti skeikað við mælinguna.

Þá ber og að taka tillit til annarra reducerandi efna í blóðinu, sem mælast sem alkóhól, en eru það ekki. Enda þótt þeirra gæti almennt svo lítið, að litlu máli skipti, þá sýnist sjálfsagt að reikna með þeim, þar sem svo glöggt er ástatt sem hér.

Í bók réttarlæknisfræðinganna H. Elbel og F. Schleyer (Der Blutalkohol, Stuttgart, 1956) um þessi efni, er á bls. 9 tekið fram, að „eðlileg" reducerandi efni blóðsins nemi 0.03 ‰. Þegar þau eru dregin frá, yrði raunverulegt alkóhólmagn blóðsins 0.48 ‰ í þessu tilfelli. Þessir höfundar taka fram, að þessi reducerandi efni séu meiri í venublóði og meiri að kvöldi dags en endranær. Blóðið var tekið úr venu ákærða að næturlagi, og verður því að gera ráð fyrir, að reducerandi efni í því hafi ekki verið undir 0.03 ‰.".

Þegar litið er til þessara læknisfræðilegu gagna, þykir ekki verða staðhæft, að áfengismagn í blóði ákærða í framangreint skipti hafi náð því lágmarki, sem getur í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Að svo vöxnu máli og þar sem önnur sakargögn eru ekki því til styrktar, að ákærði hafi í nefnt sinn verið með þeim áfengisáhrifum, að varði við þau ákvæði laga, sem greinir í þessum þætti ákæru, ber að sýkna hann af ákæruatriði þessu.

2. Í lögregluskýrslu Ragnars Bergsveinssonar lögreglu-

þjóns segir, að ákærði hafi ekki í umrætt sinn haft ökuskírteini sitt meðferðis. Skýrslu þessa hefur lögregluþjónninn staðfest fyrir dómi. Hins vegar hefur ákærði ekki verið spurður um ákæruatriði þetta, og verður því eigi um það dæmt.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti lagður á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Bjarnason Melsted, á að vera sýkn af framangreindum kröfum ákæruvalds.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Sigurðar Ólasonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. marz 1959.

Ár 1959, föstudaginn 6. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2928/1959: Ákæruvaldið gegn Gunnlaugi Bjarnasyni Melsteð, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 21. janúar 1959, höfðað gegn ákærða Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted trésmið, Rauðarárstíg 3, Reykjavík, fyrir að hafa aðfaranótt mánudagsins 3. nóvember s.l. ekið bifreiðinni R 9664 víðsvegar um götur Reykjavíkur og nágrenni, m. a. eftir Álfhólsvegi í Kópavogi um kl. 0200, þótt hann væri undir áhrifum áfengis, svo og fyrir að hafa ekki haft ökuskírteini sitt meðferðis umrætt sinn.

Þykir þetta varða við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. sbr. 4. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 2. sbr.

3. mgr. 81. gr. umferðarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 5. maí 1908 að Framnesi, Skeiðum. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1931 28/5 Sátt, sekt, 30 kr., fyrir ógætilegan akstur og árekstur.
1931 22/6 Sátt, sekt, 50 kr., fyrir brot á bifreiðalögum.
1939 14/8 Sátt, sekt, 10 kr., fyrir brot á umferðarlögum.
1941 3/2 Sátt, sekt, 5 kr., fyrir brot á lögum nr. 18/1901, sbr. lög nr. 49/1933.
1947 22/9 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1948 19/11 Dómur lögregluréttar, 1000 kr. sekt og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1950 6/2 Staðfest í Hæstarétti.
1951 17/4 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1952 8/8 Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og vangreiðslu ökugjalds.
1954 27/2 Kærður fyrir vanskil. Fellt niður.
1954 28/4 Dómur, 2500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 2 ár, fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
1956 13/2 Sátt, 3000 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. bifreiðalaga.
1957 17/9 Sátt, 100 kr. sekt, fyrir brot á bifreiðalögum.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 3. nóvember 1958, klukkan 0200, stöðvuðu lögreglumenn, er voru við umferðareftirlit, bifreiðina R 9664 á mótum Reykjanesbrautar og Álfhólsvegar í Kópavogskaupstað. Ákærði ók bifreiðinni. Hann hafði ekki ökuskírteini meðferðis. Lögreglumenn fluttu ákærða á lögreglustöðina í Reykjavík, þar sem þá grunaði hann um ölvun við akstur. Eftir að lögregluvarðstjóri hafði yfirheyrt ákærða, var farið með hann á læknavarðstofuna, þar sem tekið var sýnishorn af blóði hans klukkan 0245. Reyndust vera í blóðinu reducerandi efni, er samsvara 0.51‰ af alkóhóli.

Fyrir dómi neitaði ákærði að hafa fundið til áhrifa áfengis við fyrrgreindan akstur sinn, enda ekki neytt víns á seinustu 24 klukkustundum, áður en hann var handtekinn. Að eigin sögn hóf ákærði akstur um nónbil sunnudaginn 2. nóvember s.l. og ók þar til hann var handtekinn, að undanskildum 2—3 klukkustundum í enda sunnudagskvölds, er ákærði dvaldi að Hótel Borg, þar sem hann kvaðst hafa drukkið pilsner og sítrónvatn.

Vitnið Guðbrandur Þorkelsson lögregluvarðstjóri, er yfir-

heyrði ákærða á lögreglustöðinni, þar fyrir dómi, að lítils háttar áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, augu hans dauf og vot, en andlitið þrútið og rjótt. Sagði vitnið ákærða þreytulegan og óupplitsdjarfan.

Vitnið Ragnar Guðmundur Bergsveinsson lögreglumaður, er stóð að handtöku ákærða umrætt sinn, taldi hann hafa verið eitthvað með áhrifum áfengis. Áfengisþefur hafi verið úr vitum ákærða, hann hafi verið rauður og þrútinn í andliti og augu hans vot og rauð. Sagði vitnið, að framburður ákærða hefði verið mjög á reiki fyrst í stað, þannig að ákærði hafi viljað leyna komu sinni að Hótel Borg. Vitni þetta vann eið að framburði sínum.

Bæði framangreind vitni báru, að ákærði hafi hliðrað sér hjá að blása í áfengisskynjara, er þess var óskað. Ekki sögðu vitnin ákærða hafa ymprað á neyzlu blóðmeðala. En ákærði hafði orð á því fyrir dómi, að hann hefði tekið inn eina túbu af blóðmeðali fyrir hádegi sunnudaginn 2. nóvember s.l., eða minnst 14 klukkustundum áður en hann lauk akstri. Taldi ákærði lyf þetta e.t.v. hafa aukið „alkóhólmagn" í blóði hans. Þegar til þess er litið, að ákærði gat enga nánari grein gert fyrir lyfi þessu sem og hins, hversu langur tími líður frá sagðri neyzlu þess, verður nefnd málsvörn ákærða ekki til gagnsmuna í máli þessu, enda mæla vitnaframburðir henni í gegn.

Árangurslausar tilraunir voru gerðar til að kveðja fyrir dóm Hrefnu Hrafnfjörð, Sólvangi, Hafnarfirði. Hún var farþegi í bifreið ákærða umrætt sinn, ofurölva að sögn lögreglumanna.

Samkvæmt niðurstöðu blóðrannsóknar, sem er í samræmi við vitnaframburð og önnur gögn málsins, telst ákærði hafa brotið gegn 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Þykir refsing hans samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 1. sbr. 4. mgr. 80. gr. umferðarlaga eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Bjarnason Melsteð, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. janúar 1961.

Nr. 81/1960. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller hrl.)
gegn
Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted
(Sigurður Ólason hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Ákærði ók bifreið, eftir að honum hafði verið dæmd svipting ökuleyfis.

Dómur Hæstaréttar.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 6. marz 1959 var ákærða dæmd varðhaldsrefsing fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum og hann sviptur ökuleyfi ævilangt. Dómur þessi var birtur ákærða 23. s. m., og var honum síðar áfrýjað til Hæstaréttar, sem með dómi, upp kveðnum í dag, sýknaði ákærða af framangreindri ákæru. Ákærði var enn með ökuskírteini sitt í sínum vörzlum, þegar hann var tekinn við akstur 12. nóvember 1959, en vegna þess aksturs er ákærði í máli þessu sóttur til refsingar fyrir brot á 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 frestar áfrýjun dóms ekki áhrifum hans, að því er varðar sviptingu ökuleyfis. Með framangreindum akstri hefur ákærði því brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem greind eru í ákæruskjali, og breyta úrslit framangreinds hæstaréttarmáls engu þar um. Eftir málavöxtum og þá sérstaklega með tilliti til þess, að eigi var gerð gangskör að því, að ákærði afhenti lögregluyfirvöldum ökuskírteini sitt samkvæmt 7. mgr. 81. gr.

umferðarlaga nr. 26/1958, þykir þó mega ákveða, að ákærði sæti sektarrefsingu fyrir þetta brot sitt, sbr. 3. tl. 74. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Ákveðst sektin 1000 krónur, er renni í ríkissjóð, og komi varðhald 5 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Bjarnason Melsted, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Sigurðar Ólasonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. febrúar 1960.

Ár 1960, miðvikudaginn 3. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1420/1960: Ákæruvaldið gegn Gunnlaugi B. Melsteð, sem dómtekið var 27. janúar s.l.

Mál þetta er að fyrirlagi Dómsmálaráðuneytisins höfðað með ákæruskjali, dagsettu 18. desember 1959, á hendur Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted trésmið, Rauðarárstíg 3, hér í bæ, fyrir að hafa, sviptur ökuréttindum ævilangt, ekið bifreiðinni G 440 um Skúlagötu um kl. 2330 fimmtudaginn 12. nóvember s.l.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er hinn 5. maí 1908 að Framnesi, Skeiðum, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1931 28/5 Sátt, sekt, 30 kr., fyrir ógætilegan akstur og árekstur.
— 22/6 Sátt, sekt, 50 kr., fyrir brot á bifreiðalögum.
1939 14/8 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
1941 3/2 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18/1901, sbr. lög nr. 49/1933.
1947 22/9 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1948 19/11 Dómur lögregluréttar, 1000 kr. sekt og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1950 6/2 Staðfest í Hæstarétti.
1951 17/4 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1952 8/8 Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og vangreiðslu ökugjalds.
1954 27/2 Kærður fyrir vanskil. Fellt niður.
1954 28/4 Dómur, 2500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 2 ár fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
1956 13/2 Sátt, 3000 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. bifreiðalaga.
1957 17/9 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. bifreiðalaga.
1959 6/3 Dómur, 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.

Málsatvik eru þau, að ákærði ók bifreiðinni G 440 um Skúlagötu og Rauðarárstíg hinn 12. nóvember 1959 um kl. 2330. Á þeim slóðum var þá í umferðareftirliti Erlendur Sveinsson, lögregluþjónn nr. 79. Lögregluþjónninn stöðvaði akstur ákærða og spurðist fyrir um ökuskírteini, sem ákærði náði í heim til sín og sýndi lögreglumanninum.

Lögregluþjónninn, sem hafði grun um, að ákærði hefði ekki ökuréttindi þrátt fyrir handhöfn ökuskírteinis, grennslaðist nú fyrir um, hvort svo væri. Spurðist hann fyrst fyrir um það á lögreglustöðinni og síðan í sakaskrá ríkisins, og fékk þar staðfestan grun sinn, þar sem honum var tjáð, að ákærði hefði verið sviptur ökuréttindum ævilangt, er umræddur akstur fór fram.

Fyrir dómi hinn 14/11 s.l. skýrði ákærði svo frá, að hann teldi sig hafa full ökuréttindi, þar eð enn væri eigi genginn dómur í sakadómi Reykjavíkur í máli því, er ákæruvaldið hefði höfðað á hendur sér s.l. vetur fyrir meint áfengis- og umferðarlagabrot.

Haft var nú þegar samband við sakaskrá ríkisins og fengnar þær upplýsingar, að ákærði hefði verið sviptur ökuréttindum

ævilangt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 6/3 1959. Brýnt var þá þegar fyrir ákærða að aka eigi bifreið framvegis, þar eð hann væri nú sviptur ökuleyfi sínu ævilangt. Sama dag var lagt fram í réttinum afrit (mynd) af dómsorði sakadóms Reykjavíkur frá 6. marz 1959 ásamt áritun á skjalið þess efnis, að dómurinn væri nægjanlega birtur, undirritað af ákærða hinn 23. marz s.l. og undirskrifað í viðurvist dómara þess, er fjallaði um málið, Ármanns Kristinssonar, og vottfest af Haraldi Jóhannessyni lögregluþjóni.

Er ákærða í þessu máli var birt ákæruskjalið og jafnframt sýnd mynd af dómsbirtingunni, þekkti hann þar undirskrift sína.

Rétturinn lítur svo á, að margnefndur dómur sakadóms Reykjavíkur frá 6. marz 1959 hafi verið birtur á venjulegan og fullilega löglegan hátt hinn 23. marz 1959, sbr. dskj. nr. 2, og þykir því mótbára ákærða þess efnis, að honum hafi ekki verið birtur dómurinn, eigi hafa við rök að styðjast.

Þá er og þess að geta í því sambandi, að hinn skipaði verjandi ákærða segir svo í hinni skriflegu málsvörn sinni:

„Þegar skjst.m. síðan fór með skjöl þessi til lögmanns síns, Hauks Jónssonar, sá hann, hvað í efni var, og benti honum á, að héðan af yrði engu um þokað nema með áfrýjun. Kom hann þá með málið til mín og bað mig að ganga í að áfrýja málinu, sem ég gerði án tafar."

Viðurkenning um birtingu áfrýjunarstefnu til Hæstaréttar fer fram 4. september 1959, eða röskum 2 mánuðum áður en umræddur akstur ákærða fór fram.

Ákærði þykir því með akstri sínum hinn 12/11 s.l. hafa gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, er í ákæruskjali greinir og þar eru rakin.

Hæfileg refsing ákærða ákveðst 10 dagar í varðhaldi.

Þá greiði ákærði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar, kr. 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Bjarnason Melsted, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði greiði allan málskostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 800.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. febrúar 1961.

Nr. 121/1960. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson hrl.)
gegn
Hafliða Hafliðasyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Tolllagabrot og áfengislaga.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði tilgreindi á ófullnægjandi hátt tollskyldan varning sinn á skipverjaskrá og sagði tollmönnum eigi til nokkurs hluta varningsins, er þeir spurðu hann um tollskyldan varning. Varðar þetta atferli ákærða við þau lagaákvæði, sem í héraðsdómi greinir.

Innflutningur ákærða á áfengi varðar við þau lög, sem í héraðsdómi segir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 25.000.00 sekt til ríkissjóðs, er afplánist með tveggja mánaða varðhaldi, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt lagaboðum þeim, öðrum en 69. gr. laga nr. 19/1940, er greind eru í héraðsdómi, ber að staðfesta ákvæði hans um upptöku.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Hafliði Hafliðason, greiði kr. 25.000.00 sekt til ríkissjóðs, sem afplánist tveggja mánaða varðhaldi, ef hún greiðist eigi, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku varnings og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars Ásmundssonar og Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 4000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1960.

Ár 1960, þriðjudaginn 12. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2147/1960: Ákæruvaldið gegn Hafliða Hafliðasyni, sem dómtekið var 8. þ. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 24. febrúar síðastl., gegn Hafliða Hafliðasyni vélstjóra, Miklubraut 32, hér í bæ, fyrir að hafa:

I.

Með e/s Goðafossi, sem kom til Reykjavíkur frá New York laugardaginn 21. nóvember s.l., haft með sér sex kassa, sem innihéldu naglalakk og uppleysara, alls 72 tylftir af varningi þessum, án þess að tilgreina þá eða án þess að tilgreina þá nægilega á skrá yfir skipverja og vörur þeim tilheyrandi, en hann gat um pakka þessa munnlega við tollgæzlumann við komu skipsins, og á greindri skrá gaf hann upp „dót til heimilsþarfa. Pakkar", svo og fyrir að hafa flutt pakka þessa án heimildar tollvarða úr dekkhúsi og inn í herbergi sitt í skipinu, og enn fremur fyrir að hafa í þessari ferð e/s Goðafoss haft með sér frá New York hingað til bæjarins 100 tylftir lindarpenna, kúlupenna og skrúfblýanta, 65 tylftir stórar fyllingar og 800 tylftir litlar fyllingar í ritfæri, 18 tylftir crepe nylon kvensokka, 59 tylftir kvenpeysur og 9 tylftir crepe sokkabuxur, án þess að gefa varning þenna upp við tollverði og án þess að útfylla nefnda skrá á annan veg en að framan getur, en að kvöldi greinds laugardags fundu tollverðir varning þenna í herbergi ákærða í skipinu, á víð og dreif um herbergið, sumt í rúmum, annað í skúffum, og loks nokkuð af varningnum, sem pakkað hafði verið inn, á gólfinu í herberginu.

Teljast framangreind brot ákærða varða við 2. mgr. 22. gr. sbr. 42. gr. og við 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu

og tolleftirlit svo og við 1. mgr. sbr. 3. tl. 2. mgr. 34. gr. og 3. tl. 36. gr. sbr. 1. mgr. 102. gr. reglugerðar nr. 41/1957 um tollheimtu og tolleftirlit.

II.

Með e/s Goðafossi, sem kom hingað til Reykjavíkur föstudaginn 15. janúar s.l. frá Rotterdam, haft meðferðis 14 heilflöskur af whisky og 3 heilflöskur af genever án þess að gefa varning þenna upp við tollverði eða geta hans á greindri skrá, enda var áfengið falið milli þils og veggja í herbergi ákærða í skipinu.

Telst brot þetta varða við 3. mgr. sbr. 2. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og að allur framangreindur varningur, þar með talið áfengi, verði gerður upptækur samkvæmt 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit og 3. tl. i.f. 33. gr. áfengislaga, svo og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. nóvember 1902 að Stakkhamri í Hnappadalssýslu. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

1923 19/5 Sátt, sekt 400 kr. fyrir áfengissmygl.
1937 27/9 Sátt, sekt 200 kr. fyrir áfengissmygl.
1938 6/12 Sátt, sekt 100 kr. fyrir brot á 36. gr. laga nr. 63 1937, innfluttar vörur gerðar upptækar.
1948 29/5 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1949 16/6 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1950 24/8 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1952 25/8 Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 22. gr. bifreiðalaga.
1953 21/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 6. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1956 28/12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1958 9/1 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1958 18/6 Sátt, 150 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1959 24/11 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Þann 21. nóvember fyrra ár kom m/s Goðafoss til Reykjavíkur frá New York. Við tolleftirlit í skipinu komu í ljós 6 pakkar í svokölluðu dekkhúsi skipsins, sem er bakborðsmegin.

Voru pakkarnir merktir: P. No. 1658/10, 1662/12, 1658/9, 1662/10, 1662/9 og 1658/5, en engin frekari auðkenni á þeim, að því er fram hefur komið. Í pökkum þessum reyndust vera 72 tylftir naglalakk og uppleysari. Í ljós kom, að eigandi þeirra var Hafliði Hafliðason, I. vélstjóri á skipinu, ákærði í máli þessu. Samkvæmt skýrslu Felix Jónssonar yfirtollvarðar hafði ákærði skýrt honum frá því munnlega, að á hans vegum væru nokkur colli á þessum stað, en ókunnugt um innihald þeirra, eins og það er orðað í skýrslu Felix. Á svipuðum tíma komu pakkarnir fram við leit og voru bókaðir óuppgefnir af Sigurði Jónssyni tollverði. Tollgæzlumenn tóku kassana í sína vörzlu, að því er segir í skýrslu Felix, en ekki var þar á það minnzt, eins og síðar kom fram, að ákærði lét flytja pakkana úr dekkhúsinu niður í híbýli sín í skipinu, eftir að Sigurður Jónsson hafði fundið þá í dekkhúsinu. Tók tollgæzlan þá í sína vörzlu í híbýlum ákærða.

Síðar um daginn framkvæmdu tollgæzlumenn leit í herbergi ákærða í skipinu, og fannst þá eftirtalinn varningur:

100 tylftir sjálfblekungar, kúlupennar og skrúfblýantar, þar af voru 480 sjálfblekungar, 360 skrúfblýantar og 360 kúlupennar.
65 tylftir stórar pennafyllingar.
8000 stk. litlar pennafyllingar.
18.1 tylft eða 217 pör crepe nylon kvensokkar.
59 stk. kvenpeysur.
9 stk. crepe sokkabuxur.

Við komu skipsins hafði ákærði ritað á skrá yfir skipverja og vörur þeim tilheyrandi, að hann hefði eftirfarandi meðferðis: 8 flöskur af sterkum drykkjum, 2 flöskur af öðru áfengi, 100 vindla, 600 vindlinga og ½ kg af öðru tóbaki, og í dálkinn yfir aðrar vörur, þar sem segir, að tilgreina skuli nákvæmlega tegund vöru og ávallt magn og tölu, en annað sé ófullnægjandi, hefur ákærði ritað „Dót til heimilisþarfa. Pakkar".

Verður nú rakið það, sem ákærði og vitnin í þessu mál hafa borið.

Ákærði hefur skýrt frá því, að framanskráðan varning hafi hann keypt í New York, er m/s Goðafoss var þar í nóvember s.l. Til kaupanna notaði ákærði sjómannagjaldeyri svonefndan. Varningurinn átti að sögn ákærða að fara í tækifærisgjafir, er heim kæmi. Ákærði færði varninginn á skrána yfir skipverja og varning þeim tilheyrandi, eins og að framan hefur verið

rakið. Það fyrirferðarmesta af varningnum var í 6 pökkum, sem geymdir voru í dekkhúsi, en hinn hluti hans var í smápökkum í herbergi ákærða. Voru pakkarnir á síðarnefndum stað geymdir í botni á klæðaskáp, í skúffum, ofan á dýnunni í rúmi ákærða og ofan á bókaskáp. Varningurinn var á engan hátt falinn, að sögn ákærða. Áður en tollleit hófst í skipinu að morgni umræddS dags, kveðst ákærði hafa skýrt Felix Jónssyni yfirtollverði frá pökkunum í dekkhúsinu. Var það ætlun ákærða, að þeir færu allir upp í tollbúð til afgreiðslu. Gerði ákærði þetta, vegna þess að pakkarnir voru ekki í hans vörzlu. Ákærði gat ekki um pakkana í herbergi sínu við Felix Jónsson yfirtollvörð, vegna þess að ákærði vissi, að tollverðir mundu koma í herbergi sitt og framkvæma þar leit. Er ákærði taldi, að tollskoðuninni væri lokið, fékk hann pilt, sem hann gat ekki tilgreint, til að bera pakkana úr dekkhúsinu niður í káetu sína. Er þangað kom, lagði ákærði þá á rúm sitt. Ákærði fór í land nokkru fyrir hádegi með óhrein föt og fleira, en skildi alla pakkana eftir. Áður en ákærði fór, komu tollverðir niður í herbergi hans og spurðu eftir pökkunum úr dekkhúsinu. Ákærði afhenti þeim pakkana þar. Ákærði hafði skamma viðdvöl í landi og fór síðan út í skipið. Lagði hann sig þar, þar sem hann var ósofinn og svaf þar til klukkan langt gengin 1800, er tollverðir komu á vettvang og gerðu leit í herbergjum hans. Tóku þeir það, sem eftir var af varningi þeim, sem ákærði hafði meðferðis, eins og að framan hefur verið rakið. Ákærði kveðst hafa ætlað að koma öllum varningnum til tollgæzlunnar, en það hafi dregizt hjá sér, vegna þess að hann lagðist til svefns um daginn. Ákærði skýrði frá því, að með orðinu „Pakkar" í uppgjöf sinni, er að framan greinir, hafi hann átt við bæði pakka þá, sem voru í dekkhúsinu, og einnig pakka þá, er voru í herbergjum hans. Jafnframt tók ákærði fram, að hann hefði verið með dót til heimilisþarfa. Ákærði kveðst hafa haft meðferðis í umræddri ferð nokkra gjafapakka frá fólki í Ameríku til fólks hér í bæ í umrætt skipti. Greiddur var tollur af varningi þeim, sem var í pökkunum, og þeir síðan afhentir viðkomandi fólki umyrðalaust, að sögn ákærða. Ákærði kveðst vera búinn að vera vélstjóri á skipum Eimskipafélags Íslands h/f s.l. 35 ár.

Vitnið Sigurður Jónsson tollvörður skýrði frá því, eins og síðar mun rakið, að það hefði fundið pakkana í dekkhúsinu. Komst það að raun um, að ákærði var eigandi þeirra, og hafði tal af honum. Kveðst vitnið hafa bannað ákærða að hreyfa við pökk-

unum. Er ákærði var spurður um þetta, skýrði hann svo frá, að hann minnist þess ekki, að vitnið hafi sagt sér, að pakkarnir ættu að vera kyrrir í dekkhúsinu og ekki mætti hreyfa þá þaðan. Kveðst ákærði því verða að mótmæla þessum framburði vitnisins. Ákærði tók fram, að hann hafi fjarlægt pakkana úr dekkhúsinu til öryggis, þar sem hann hafði orðið þess var, að pakkar, sem geymdir voru þar, höfðu verið opnaðir og tekið úr þeim.

Vitnið Felix Jónsson yfirtollvörður, Baldursgötu 7, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að það hafi haft á hendi tollafgreiðslu í m/s Goðafossi, er hann kom hingað til lands frá New York framangreindan dag. Sigurður Jónsson tollvörður hafði hins vegar með höndum yfirstjórn tollleitar í skipinu. Áður en leitin hófst í skipinu, kvað vitnið ákærða hafa skýrt sér frá pökkunum í dekkhúsinu. Gerðist það fyrir framan dyrnar á matsal I. farrýmis. Vitnið mundi ekki fyrir víst, hvort ákærði minntist á það, hve margir pakkarnir væru, en minnir, að svo hafi verið. Þá taldi vitnið, að ákærði hefði skýrt sér frá innihaldi pakkanna. Vitnið leit þannig á, að með því að skýra sér frá pökkunum væri ákærði að gefa þá upp, og ekkert hafi bent til þess, að hann ætlaði að leyna þeim. Vitnið fór ekki upp í dekkhúsið að líta á pakkana. Vitnið kveður það vera starfsvenju hjá tollvörðum að kæra ekki út af því, þótt skipverjar hafi meðferðis varning við komu frá útlöndum, sem ekki er á skrá, ef varningurinn liggur frammi og þeir skýra tollvörðum frá honum. Er þá miðað við það, er tollgæzlumenn koma í vistarverur skipverja. Ákærði minntist ekki á neina pakka, sem væru í herbergi hans, og tók vitnið fram í því sambandi, að það hefði ekki haft með höndum leit í skipinu, eins og áður greinir. Vitnið kveðst ekki hafa haft samband við tollverði, fyrr en eftir að Sigurður Jónsson tollvörður hafði orðið pakkanna var við sína leit. Skýrði vitnið því engum tollverði frá vitneskju sinni um pakkana. Vitnið minntist ekki á það við ákærða, að hann mætti ekki hreyfa við pökkunum og að afhenda ætti þá tollgæzlunni. Vitnið kveðst ekki muna til þess, að neinn hafi hlustað á samtal þeirra ákærða, er ákærði skýrði því frá pökkunum. Vitnið hafði engin afskipti af leitinni hjá ákærða síðar umræddan dag.

Vitnið Sigurður Jónsson tollvörður, Goðheimum 6, hefur skýrt frá því, að er það gerði leit í m/s Goðafossi ofan þilja í umrætt skipti hafi það séð 6 pakka í dekkhúsinu. Voru þeir innan um aðra pakka og á engan hátt faldir. Vitnið fór að grennslast nánar um það, hver væri eigandi pakkanna, og fékk þær upplýsingar

hjá manni úr vélarrúmi, að ákærði Hafliði ætti þá. Vitnið hafði tal af ákærða, og viðurkenndi hann strax fyrir vitninu, að hann ætti pakkana. Vitnið kveðst hafa skýrt ákærða frá því, að pakkarnir ættu að vera kyrrir á sínum stað, þar sem þeir væru komnir í vörzlu tollgæzlunnar, og ekki mætti hreyfa þá, fyrr en tollgæzlumenn kæmu og flyttu þá upp á tollbúð, er að landi kæmi. Þetta minnist ákærði ekki að hafa heyrt vitnið segja, eins og áður hefur verið rakið. Er skipið var komið upp að bryggju, varð vitnið vart við það, að pakkarnir voru horfnir. Fór vitnið þá strax niður í herbergi ákærða og hitti hann þar að máli. Voru pakkarnir þar, og tók vitnið þá í sína vörzlu og lét flytja þá í land. Er vitnið kom til ákærða, var fólk inni hjá honum. Vitnið kveðst eingöngu hafa verið með hugann við pakkana og hugði ekki að öðrum varningi hjá ákærða. Varð vitnið ekki vart við það, að ákærði hefði í fórum sínum óeðlilega mikið af varningi. Að kvöldi umrædds dags var gerð leit í híbýlum ákærða í skipinu, og fannst þá viðbótarvarningur sá, sem áður hefur verið skýrt frá. Var varningurinn á víð og dreif um herbergi ákærða, sumt uppi í rúmum, annað í skúffum, og loks var varningur á gólfinu, sem settur hafði verið í umbúðir. Ákærði viðurkenndi strax að eiga varning þenna. Vitnið kveðst hafa kært út af pökkunum 6 í dekkhúsinu, vegna þess að ákærði hafði látið flytja þá á brott úr dekkhúsinu, en það var vitnið búið að banna honum, eins og áður greinir. Vitnið kveður stundum koma fyrir, að skipverjar tilgreini ekki á skrá varning, sem þeir hafa meðferðis, en tilkynni tollgæzlumönnum það munnlega. Er þá yfirleitt um smáræði að ræða til heimilisþarfa, og láta tollgæzlumenn það gott heita, er þannig stendur á. Vitnið tók fram, að það hefði innsiglað dekkhúsið, ef það hefði haft minnsta grun um, að ákærði mundi taka pakkana þaðan. Vitnið tók og fram, að leit í skipum mundi vera illframkvæmanleg að sínu áliti, ef skipverjum væri stætt á því að flytja til varning, sem tollgæzlumenn væru búnir að taka í sínar hendur.

Vitnið Sigurður Sigurðsson tollvörður, Drekavogi 16, hefur skýrt frá því, að það hafi við leitina í m/s Goðafossi í margnefnt skipti séð pakkana í dekkhúsinu ásamt fleira dóti. Vitnið vissi þá ekki um eiganda þeirra. Þegar taka átti pakkana, er skipið kom upp að bryggju, voru þeir horfnir úr dekkhúsinu. Vitnið fór með Sigurði Jónssyni til herbergis ákærða, og fór Sigurður inn til ákærða og sótti pakkana og bar þá fram á ganginn. Þar tók vitnið við nokkru af pökkunum og flutti þá síðan með Sig-

urði í land. Um kl. 1800 fóru vitnið og Sigurður til herbergis ákærða vegna gruns um það, að hann hefði smyglvörur meðferðis. Virtist ákærði vera sofandi, er þeir komu á vettvang. Varningur sá, er tollgæzlumennirnir tóku af ákærða í umrætt skipti, var á víð og dreif um herbergið algerlega ófalinn. Vitnið kvað varning þenna ekki hafa verið gefinn upp, eins og fram hafi komið í gögnum frá tollgæzlunni.

Vitnið Jónas Guðmundsson tollvörður, Ránargötu 22, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að það hafi ásamt Guðmundi Þóroddssyni tollverði gert tollleit í híbýlum vélamanna í m/s Goðafossi í umrætt skipti. Var um yfirlitsleit að ræða eða fyrstu umferð við leitina, og fór hún fram á ytri höfninni. Gerð var leit í klefum undirvélstjóra og hirzlum þeirra. Er til ákærða kom, litu þeir aðeins inn í vistarverur hans í skipinu, en framkvæmdu ekki leit í hirzlum. Ekkert var að sjá inni hjá ákærða, sem tollgæzlumennirnir töldu ástæðu til að skipta sér af. Þeir spurðu ákærða eftir því, hvort hann hefði meðferðis tollskyldar vörur. Sagði ákærði þá, að hann hefði ekki, eins og þeir sæju, annað meðferðis en smávegis til heimilisþarfa. Ákærði minntist ekki á pakkana í dekkhúsinu við vitnið og Guðmund.

Vitnið Guðmundur Þóroddsson tollvörður, Básenda 11, hefur skýrt frá því, að um yfirlitsleit hafi verið að ræða hjá þeim Jónasi, en ekki fullnaðarleit með verkfærum. Gerð var leit í vistarverum vélstjóra og hirzlum þeirra. Er til ákærða kom, litu þeir inn í vistarverur hans í skipinu, en framkvæmdu ekki leit í hirzlum. Vitnið kveðst ekkert hafa séð inni hjá ákærða fram yfir það, sem eðlilegt var, að hann hefði meðferðis. Tollgæzlumennirnir spurðu ákærða að því, hvort hann hefði meðferðis fyrir sjálfan sig tollskyldar vörur eða pakka til manna í landi, sem hann hefði verið beðinn fyrir. Sagðist ákærði ekki hafa neitt meðferðis, sem máli skipti. Ef svo hefði verið, kveður vitnið tollgæzlumennina mundu hafa tekið það þá og flutt síðar upp á tollbúð. Ekki minntist ákærði neitt á pakkana í dekkhúsinu í umrætt skipti.

Samkvæmt tollinnflutningsskýrslu nam verð naglalakksins og uppleysarans í pökkunum 6 samtals kr. 21.826.00, en tollverðið eða FOB-verðið er talið kr. 4.500.00 þar af, miðað við þáverandi gengi. Verð varningsins, sem fannst í herbergi ákærða, nam kr. 43.128.00, og er tollverð hans talið kr. 20.000.00 af upphæðinni.

Mál þetta var sent til umsagnar tollgæzlustjóra. Kvaðst hann líta svo á, að allir munir og farangur, sem skipverjar hafa með

sér frá útlöndum og tollskylt kann að vera, skuli vera nægilega tilgreindir á skrá þeirri, sem til þess sé ætluð og alltaf er krafizt af skipverjum í fyrstu höfn hérlendis. Hélt tollgæzlustjóri því fram, að munnleg uppgjöf við tollverði sé samkvæmt því ófullnægjandi og enn fremur óákveðin tilgreining varnings á skýrslunni, svo sem: Pakkar, ýmislegt smádót, enda sé greinilega tekið fram á skýrslunni, að þar skuli gefin upp tegund, magn og tala varnings, en annað teljist ófullnægjandi og varði refsingu. Kvaðst tollgæzlustjóri telja, að fyrir framkvæmd tollgæzlunnar sé nauðsynlegt, að haldið sé fast við þá reglu, að uppgjöf skipverja á því, sem þeir hafa meðferðis, sé skrifleg og nákvæm, svo af hinni skriflegu skýrslu verði glöggt ráðið um vörumagn og vörutegund.

Kvað tollgæzlustjóri það ekki breyta að sínum dómi refsinæmi þess að segja rangt eða ónákvæmt frá í hinni skriflegu skýrslu, þótt tollverðir kunni að hafa fellt niður í einhverjum tilfellum að kæra slíka ónákvæmni og látið munnlega leiðréttingu eða skýringu á skýrslunni nægja. Þeir geta að sjálfsögðu ekki breytt þeim fyrirmælum, sem þeim eru beinlínis sett til að fara eftir, með því einu að framfylgja þeim ekki fyllilega.

Sú villa varð í tollgæzluskýrslu, er Felix Jónsson yfirtollvörður hefur undirritað, að ákærði var talinn hafa haft meðferðis 800 tylftir af stórum pennafyllingum, 18 tylftir af crepe nylon kvensokkum, 59 tylftir af kvenpeysum og 9 tylftir af crepe sokkabuxum. Hið rétta er samkvæmt leiðréttingu frá tollgæzlustjóra á skýrslunni, að ákærði hafði meðferðis 8000 stk. pennafyllingar, 18.1 tylft crepe nylon kvensokka, 59 stk. kvenpeysur og 9 stk. crepe sokkabuxur. Ákæruskjalið var samið samkvæmt framangreindri skýrslu Felix. Ber samkvæmt framansögðu að sýkna ákærða af ákærunni að þessu leyti.

Varningur sá, er ákærði hafði meðferðis í umrætt skipti, var ýmiss konar hátollaður smávarningur, sem bersýnilega hefur verið ætlaður til sölu, en ekki dót til heimilisþarfa, eins og ályktа má af uppgjöf ákærða á skipverjaskránni. Lítur dómurinn því svo á, að með uppgjöf sinni „Dót til heimilisþarfa. Pakkar" hafi ákærði gefið ófullnægjandi og villandi upplýsingar um varninginn til tollgæzlunnar. Ekki var það heldur að áliti dómsins fullnægjandi uppgjöf, þótt ákærði skýrði Felix Jónssyni yfirtollverði munnlega frá varningnum, eins og ákærði og Felix hafa skýrt frá. Í 3. tl. 36. gr. reglugerðar nr. 41/1957 um tollheimtu og tolleftirlit er svo fyrir mælt, að skipverjar skuli á skipverjaskrá skýra frá ýmsum varningi, og er þar talinn upp

sérstaklega ýmiss konar hátollaður varningur, sem þeir kunni að hafa meðferðis til landsins, og hvers konar varningur, sem er umfram íverufatnað og venjulega persónulega muni, enda séu munir þessir eða varningur ekki færðir á aðalfarmskrá skipsins. Er þannig augljóst af ákvæði þessu og eins ber skipverjaskráin það greinilega með sér, að skipverjar skuli tilgreina á henni skýrt og afdráttarlaust varning, sem þeir hafa meðferðis, eftir tegundum og magni.

Að því er varning þann, sem ákærði hafði meðferðis í herbergi sínu, varðar, þá var sá varningur að vísu ekki falinn, en ákærði framvísaði honum ekki við tollgæzlumenn og neitaði að hafa meðferðis nokkurn tollskyldan varning, er tveir tollverðir komu í herbergi hans og spurðu hann um það.

Eins og áður er rakið, lét ákærði flytja pakkana 6 úr dekkhúsinu án leyfis tollgæzlunnar í híbýli sín í skipinu, eftir að tollgæzlumenn höfðu tekið þá í sínar hendur, og vitnið Sigurður Jónsson tollvörður hefur borið, að það hafi verið búið að banna ákærða að hreyfa þá. Verður að líta þannig á, að umræddur flutningur hafi verið gerður í því skyni að villa um fyrir tollgæzlumönnum, enda þótt ákærði hafi borið, að hann hafi gert þetta af ótta við, að farið yrði í pakkana og tekið úr þeim.

Með framanskráðu atferli sínu þykir ákærði hafa orðið brotlegur gegn 2. mgr. 22. gr. sbr. 42. gr. og við 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit svo og við 1. mgr. sbr. 3. tl. 2. mgr. 34. gr. og 3. tl. 36. gr. sbr. 1. mgr. 102. gr, reglugerðar nr. 41/1957 um tollheimtu og tolleftirlit.

II.

Er m/s Goðafoss kom frá Rotterdam, Antwerpen og Hull þann 15. janúar s.l. gaf ákærði Hafliði Hafliðason það upp á skrá yfir skipverja og vörur þeim tilheyrandi, að hann hefði meðferðis: 48 flöskur af öli með yfir 2¼% vínanda, 8 flöskur af sterkum drykkjum, 1 flösku af öðru áfengi, 50 vindla, 400 vindlinga og 1 kg. af öðru tóbaki og auk þess ýmislegt til heimilisnotkunar. Við leit í herbergjum ákærða fundust auk þess milli þils og veggja 3 flöskur af Seagrams Whisky, 3 flöskur af Hultskamp Genever og 11 flöskur af Haigs Whisky, sem ákærði hafði ekki gefið upp. Ákærði viðurkenndi fyrir tollgæzlumönnum að eiga áfengi þetta.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi keypt áfengið, er fannst við leitina, úti í Hollandi og Belgíu í janúar s.l. Ákærði faldi áfengið milli þilja í herbergjum sínum bak við lausa fjöl.

Hann gaf áfengið ekki upp á skipverjaskrána, eins og að framan greinir. Ákærði kveðst hafa ætlað áfengið til risnu, er í land kæmi, en neitaði að hafa ætlað það til sölu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er nægilega sannað, að ákærði flutti ólöglega inn áfengi það, er að framan greinir. Hefur hann þar með orðið brotlegur gegn 3. gr. sbr. 2. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit.

III.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 30.000.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit og 2. tl. i.f. 33. gr. áfengislaga skal eftirtalinn varningur, er að framan greinir, gerður upptækur til ríkissjóðs:

72 tylftir naglalakk og uppleysari.
9 crepebuxur.
217 pör crepesokkar.
59 peysur.
65 tylftir af stórum fyllingum í kúlupenna.
8000 litlar fyllingar í kúlupenna.
480 sjálfblekungar.
360 skrúfblýantar.
360 kúlupennar.
3 flöskur Seagrams Whisky.
3 flöskur Hultskamp Genever.
11 flöskur Haig's Whisky.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hafliði Hafliðason, greiði 30.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftirtalinn varningur skal gerður upptækur til ríkissjóðs: 72 tylftir naglalakk og uppleysari, 9 crepebuxur, 217 pör crepesokkar, 59 peysur, 65 tylftir stórar kúlupennafyllingar,

8000 litlar kúlupennafyllingar, 480 sjálfblekungar, 360 skrúfblýantar, 360 kúlupennar, 3 flöskur Seagrams Whisky, 3 flöskur Hultskamp Genever, 11 flöskur Haig's Whisky.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. febrúar 1961.

Nr. 186/1960. **Ákæruvaldið** (Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Georg Sigurvaldasyni (Baldvin Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Bifreiðar. Ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi ekið bifreið aðfaranótt 9. apríl 1960, eftir að hafa neytt víns, enda hafi hann fundið lítillega til áhrifa áfengis. Reyndust „reducerandi" efni í blóði hans 0.87‰. Með þessu hefur ákærði gerzt sekur við ákvæði 2. sbr. 3. málsgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. málsgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Með dómi sakadóms Húnavatnssýslu 23. maí 1958 var ákærða dæmd refsing og svipting ökuleyfis í 3 mánuði fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis. Þar sem nú er um ítrekað brot að ræða, varðar það ákærða refsingu samkvæmt 4. málsgr. 80. gr. laga nr. 26/1958 og ítrekunarákvæði 45. gr. laga nr. 58/1954. Þykir refsing hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Þá ber og samkvæmt 3. málsgr. 81. gr. laga nr. 26/1958 og 1. málsgr. 24. gr. laga nr. 58/1954 að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Georg Sigurvaldason, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Árna Guðjónssonar og Baldvins Jónssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 20. júní 1960.

Mál þetta, sem var þingfest 16. þ. m. og tekið til dóms sama dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Georg Sigurvaldasyni verkamanni, Eldjárnsstöðum, fyrir brot, er telst varða við 2. og 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Er þess krafizt í ákæruskjali dómsmálaráðherra, „að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði, Georg Sigurvaldason, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Gafli í Svínadal 18. nóvember 1924. Hann hefur sætt ákæru og refsingu, sem hér segir:

1958 23/5 Dómur: 1200.00 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 24. gr. laga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941.

1959 15/8 Sektaður á Siglufirði um kr. 125.00.

Málsatvik eru þessi:

Föstudagskvöldið 8. apríl þ. á. var Bergur Arnbjarnarson löggæzlumaður, Akranesi, staddur á Blönduósi við annan mann. Var þá dansleikur á Hótel Blönduósi. Veittu þeir þá athygli

bifreiðinni H 393 og höfðu grun um, að bifreiðarstjórinn væri undir áhrifum áfengis. Stöðvuðu þeir bifreiðina, og viðurkenndi bifreiðarstjórinn, sem var ákærði, Georg Sigurvaldason, að hann hefði bragðað vín, og samþykkti, að tekin væri af honum blóðprufa, sem svo var gert. Kom bifreiðarstjórinn mjög kurteislega fram. Nánar aðspurður fyrir sakadómi, viðurkenndi ákærði, að hann hefði fengið vín út í gosdrykk í 2 venjulegum vatnsglösum og einu sinni sopið á óblönduðu víni á tímabilinu frá kl. 11 til kl. um 2 eftir miðnætti. Taldi hann sig aðeins hafa fundið til áhrifa, en svo lítið, „að hann hafi talið, að það gerði ekkert til".

Samkvæmt alkóhólrannsóknarvottorði rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens „fundust reducerandi efni, er samsvara 0,87‰ af alkóhóli".

Ákærði hefur ekki óskað, að fá skipaðan verjanda í máli þessu.

Þar sem alkóhólprósentan í blóði ákærða reyndist vera talsvert yfir 0,50‰, hefur hann gerzt brotlegur við þau ákvæði umferðarlaga nr. 26/1958 og áfengislaga nr. 58/1954, sem tilfærð eru hér að framan úr ákæruskjali dómsmálaráðherra. Ber því að dæma ákærða til greiðslu sektar, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðin kr. 1200.00, svo og til ökuleyfissviptingar í 3 mánuði, þar sem hér er um annað brot að ræða.

Á rekstri máls þessa hefur enginn óþarfadráttur orðið.

Dómsorð:

Ákærði, Georg Sigurvaldason verkamaður, Eldjárnsstöðum í Svínavatnshreppi, sæti 1200.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Jafnframt er hann sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 8. apríl þ. á. að telja.

Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. febrúar 1961.

Nr. 219/1960. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundson hrl.)
gegn
Kristþóri Zophoníasi Sveinssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt prófum málsins átti ákærði heima í Hafnarfirði, þegar atvik máls þessa gerðust, og stundaði þar akstur leigubifreiðarinnar G 1490. Hinn 8. júlí 1960 var hann í bifreið sinni á heimleið frá Reykjavík, þar sem hann kveðst hafa verið í einkaerindum. Stöðvuðu lögreglumenn bifreið hans við Kópavogsbrú í því skyni að athuga, hvort hún fullnægði skilyrðum laga um skoðunarvottorð. Urðu þeir þá varir við töskur í bifreiðinni, og við nánari athugun þeirra kom í ljós, að í töskunum voru flöskur með áfengi. Töldu lögreglumennirnir þetta fella grun á ákærða um flutning áfengis, sem ætlað væri til sölu. Af því tilefni fór svo fram rannsókn, sem leiddi til málshöfðunar þessarar á hendur ákærða. Ekki verður talið skipta máli um refsinæmi verknaðar samkvæmt 4. sbr. 3. málsgr. 19. gr. laga nr. 58/1954, þó að grunur löggæzlumanna um ólögmætan áfengisflutning komi þá fyrst til, er þeir hafa stöðvað bifreið eða hafið afskipti af henni í öðru skyni en leit að áfengi.

Ákærði hafði meðferðis í bifreið sinni 17 flöskur af brennivíni, sem hann kveðst hafa keypt í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og ætlað til eigin neyzlu. Eins og atvikum var háttað, svo sem nánar er greint í héraðsdómi, þykir ákærði ekki hafa leitt að því nægar líkur, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur hann því gerzt sekur við ákvæði 4. sbr. 3. málsgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Leitt er í ljós, að hinn 8. júlí 1960 nam söluverð á 17 brennivínsflöskum hjá Áfengisverzlun ríkisins samtals kr. 2890.00. Í 2. málsgr. 42. gr. greindra áfengislaga er mælt, að brot gegn 4. málsgr. 19. gr. laganna varði sektum, er nemi í fyrsta sinni fimmföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Samkvæmt því ber að ákveða refsingu ákærða kr. 14.450.00 sekt, er renni til Menningarsjóðs, og komi varðhald 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Áfengi það, 17 flöskur af brennivíni, sem tekið var af ákærða, skal vera upptækt til ríkissjóðs samkvæmt 2. málsgrein 42. gr. laga nr. 58/1954.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 5000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristþór Zophonías Sveinsson, greiði kr. 14.450.00 sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 45 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindar 17 flöskur af brennivíni eru upptækar til handa ríkissjóði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00, og laun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 6500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 5. nóvember 1960.

Ár 1960, laugardaginn 5. nóvember, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Gunnari

Sæmundssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 404/1960: Ákæruvaldið gegn Kristþóri Sveinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er með ákæruskjali Dómsmálaráðuneytisins, dags. 29. júlí s.l., höfðað gegn Kristþóri Sveinssyni bifreiðarstjóra, Grænukinn 12, Hafnarfirði, fyrir áfengislagabrot samkvæmt 4., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þykir ákærði hafa orðið brotlegur við téð lagaákvæði um kl. 1215 föstudaginn 8. júlí s.l., með því að hafa haft meðferðis í bifreið sinni, G 1490 L, 17 flöskur af brennivíni, en áfengi þetta, er lögreglumenn fundu í bifreiðinni á Reykjanesbraut, þykir ákærði hafa ætlað til sölu.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, að fyrrgreindar 17 áfengisflöskur verði upptækar til ríkissjóðs samkvæmt 2. mgr. i.f. 42. gr. áfengislaga, svo og verði ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 18. júní 1932 í Ólafsvík, og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum, svo kunnugt sé:

1955 24/1 Hafnarf. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.
1956 7/6 Hafnarf. Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir meinta áfengissölu.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 8. júlí s.l. um kl. 1215 stöðvuðu tveir lögreglumenn úr Reykjavík leigubifreiðina G 1490 á Reykjanesbraut. Í skýrslu annars lögreglumannanna, Guðmundar Hermannssonar varðstjóra, um málið kveður hann þetta hafa verið gert „til að ganga úr skugga um, hvað skoðun liði fyrir árið 1960". Síðar kom í ljós, að skoðun var ekki hafin í Hafnarfirði. Er þeir félagar voru að ræða við ökumann bifreiðarinnar, kveður varðstjórinn þá hafa veitt athygli tveimur töskum aftur í bifreiðinni og spurt ökumann, hvort hann væri að koma úr ferðalagi, en hann sagt, að hann hefði verið að sækja dóttur sína, en með honum hafi verið í bifreiðinni 2—3 ára telpa. Aðspurður, hvað í töskunum væri, kveður varðstjórinn ökumanninn hafa svarað því til, að það væri ýmiss konar dót. Er varðstjórinn snerti við töskunum, kveðst hann hafa fundið, að í þeim voru flöskur, og hafi þá bifreiðarstjórinn viðurkennt að hafa verið að kaupa áfengi í Reykjavík. Kannaðist bifreiðarstjórinn við að eiga áfengið, sem reyndist 17 flöskur af brennivíni, og kvaðst ætla að drekka það sjálfur.

Lögreglumennirnir færðu síðan ökumann G 1490, ákærða í

máli þessu, á lögreglustöðina í Hafnarfirði, og kom hann hér fyrir réttinn samdægurs.

Við yfirheyrslu kvaðst ákærði hafa keypt vín þetta í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík. Síðan kvaðst hann hafa ekið að húsi þar í bænum og tekið þar í bílinn tveggja ára dóttur sína. Að því búnu kvaðst hann hafa haldið heim á leið, en við Kópavogsbrú hefðu lögreglumenn stöðvað bifreiðina. Hann hélt fast við, að áfengið væri ætlað til eigin neyzlu, en hann bragðaði iðulega áfengi og veitti gestum sínum. Ákærði kvaðst frekar aðspurður smakka áfengi 1—2 í viku eða svo, og færi það eftir ýmsum ástæðum, svo sem hvort mikið væri að gera við akstur eða ekki. Hann kvaðst sjaldan kaupa svo mikið vín í einu, en það kæmi þó fyrir. Aðspurður, kvaðst ákærði iðulega fara til Reykjavíkur. Ekki kvað hann veizluhöld né ferðalög standa fyrir dyrum hjá sér.

Það er fullsannað, að ákærði átti sjálfur vín það, er fannst í leigubifreið hans í umrætt skipti. Kemur því til álita, hvort hinar sérstæðu sönnunarreglur 4. sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954 eigi hér við. Í greindum lagaákvæðum er vikið frá þeirri meginreglu íslenzks réttar, að ákæruvaldinu beri að sanna sök. Ber því samkvæmt almennum lögskýringarreglum að skýra greind lagaákvæði þröngt, og virðist því eðlilegt að skýra þau eftir orðanna hljóðan. Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. áfengislaga er lögreglumönnum heimilað að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu. Hér verður ekki séð, að skilyrðum nefndrar greinar sé fullnægt. Áfengið uppgötvaðist þarna nánast fyrir tilviljun, þar sem ástæðan fyrir því, að bifreiðin var stöðvuð, er aðeins talin sú, að ætlað var, að fyrirmælum um skoðun bifreiða hefði ekki verið fullnægt. Brestur því forsendur til að beita 4. mgr. 19. gr. áfengislaga um umrætt tilvik, og ber því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að fella allan kostnað málsins á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 1500.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristþór Sveinsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Málskostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 8. febrúar 1961.

Nr. 3/1960. **Davíð Árnason** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Ragnari Haraldssyni (Gunnar J. Möller hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1960 og krafizt þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 4503.06 með 6% ársvöxtum frá 15. nóvember 1958, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Davíð Árnason, greiði stefnda, Ragnari Haraldssyni, málskostnað fyrir Hæstarrétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 27. nóvember 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., var höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 15. nóvember 1958, af Ragnari Haraldssyni rafvirkja, Eyrarlandsvegi 19, hér í bæ, gegn Davíð Árnasyni, til heimilis Endurvarpsstöð í Glæsibæjarhreppi. Gerir stefnandi þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 13.509.18 með 6% ársvöxtum og málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða eftir mati réttarins.

Varnaraðili hefur krafizt þess, aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum sækjanda í máli þessu og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, en til vara, að stefnuupphæðin verði stórlega lækkuð og að málskostnaður verði látinn falla niður. Sóknaraðili hefur einnig stefnt Stefáni S. Björnssyni f. h. Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f til réttargæzlu, en engin krafa hefur verið gerð á hendur honum.

Málavexti kveður stefnandi þá, er nú skal greina. Föstudaginn 22. nóvember 1957 ók hann bifreiðinni S 139 norðan veginn fyrir neðan samkomuhússbrekkuna í bifreiðinni S 139 og inn á Hafnarstræti. Kveðst hann þá hafa séð bifreiðina A 490 standa á götunni milli húsanna nr. 33 og 35 við Hafnarstræti. Kvaðst stefnandi nú hafa gefið hljóðmerki og ætlað að aka framhjá hægra megin, en í sömu andrá hafi þeirri bifreið verið ekið af stað og hafi henni strax verið stefnt til hægri. Hafi svo engum togum skipt, að bifreiðarnar hafi rekizt saman, enda hafi ekki verið unnt fyrir hann að forða árekstri, þótt hann hafi hemlað strax, þar sem ökumaður A 490 hafi ekki hemlað, en ekið áfram. Við áreksturinn kveður stefnandi bifreiðina S 139 hafa skemmzt mikið, og kveður hann mál þetta höfðað til greiðslu viðgerðarkostnaðarins samkvæmt reikningi.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi með tilvísun til 45. gr. einkamálalaga vegna þess að stefnanda bresti aðild til þess að höfða mál þetta á hendur honum. Þegar varð árekstur sá, er mál þetta sé af risið, hafi stefnandi ekki verið eigandi bifreiðarinnar S 139 og sé enn í dag ekki skráður eigandi hennar, sbr. dskj. nr. 5. Í öðru lagi telur stefndi, að sýkna beri hann, þar sem stefnandi hafi átt alla sökina á slysinu með ógætilegum akstri. Stefndi mótmælir því, að hann hafi staðið með bifreið sína á miðri götunni, enda sé slíkt ósennilegt, þar sem hann hafi ætlað að stöðva við húsið nr. 35 við Hafnarstræti, sem hafi verið hægra megin við hann. Þá telur hann,

að stefnandi hafi sýnt vítavert gáleysi með því að ætla sér að fara fram úr bifreiðinni, sem hafi verið á miðri götunni. Því undir slíkum kringumstæðum megi jafnan ætla, að bifreiðin sé á leið út á hægri kant. Þá kveður hann stefnda ekki hafa heyrt neitt hljóðmerki frá stefnanda.

Um fyrri sýknuástæðuna, það er, að stefnandi sé ekki réttur aðili, er það að segja, að hann er ekki skráður eigandi bifreiðarinnar S 139, en fyrir liggur á dskj. nr. 9 í málinu yfirlýsing frá þinglýstum eigendum bifreiðar þessarar um það, að stefnandi sé eigandi að bótakröfu þessari og að hann hafi fulla heimild til að innheimta kröfuna í máli þessu. Að svo vöxnu máli, þykir ekki eiga að taka þessa sýknukröfu til greina. Verður þá vikið að síðari ástæðunni og atvikum að slysinu.

Opinber rannsókn fór fram út af árekstri þessum hjá lögreglunni á Akureyri, og síðar voru í máli þessu aðiljar látnir gefa nánari skýrslur og vitni leidd. Í skýrslum stefnanda segir svo, auk þess er að framan greinir. Hann kvað bílana hafa komið þannig saman, að vinstra frambretti S 139 hafi lent á stýrishúsi, frambretti og framstuðfjöður A 490, en við árekstur-inn hafi bílarnir kastazt dálítið til, og hafi þá vinstra afturbretti á S 139 lent á varahjóli, sem var aftan á A 490, en við það hafi brettið skemmzt nokkuð. Skemmdir á S 139 hafi verið bæði brettin á vinstri hlið dældað og rifin, framstuðfjöður bogin og undin og bæði frambrettin og kæligrindin gengin úr skorðum og fleira. Þá kvaðst stefnandi hafa strax hemlað og reynt að sveigja til hægri, og hafi bifreið hans runnið 1—1.5 m á veginum, vegna þess að hann var sleipur. Þá hefur stefnandi staðhæft, að A 490 hafi staðið kyrr á götunni, frá því hann sjálfur fór að veita honum athygli, en það hafi verið, þegar hann var á gatnamótunum, en þaðan sé töluverður spölur að árekstrarstaðnum. Hann telur hægra hjól A 490 hafa verið um miðja götu, áður en hann var hreyfður. Þá hefur Björn Guðmundsson varðstjóri, sem rannsakaði árekstur þenna af hálfu lögreglunnar, skýrt m. a. svo frá: Eitt sinn, er hann hafði kvatt aðilja þessa máls og bifreiðaeftirlitsmenn á sinn fund til að hafa framhaldsathugun á því, hafði hann veitt því eftirtekt, að svo virtist, sem far eftir varadekkið á A 490, sem var aftan á þeirri bifreið og stóð dálítið út fyrir hægri hlið, væri á vinstra afturbretti S 139, og hafi allir aðiljar verið sammála um, að þannig hlyti þetta að vera, og þá jafnframt, að S 139 hlyti að hafa verið komin fram með A 490, þegar árekstur-inn hafi orðið. Það sama

hafi umboðsmaður Sjóvá viðurkennt, þegar hann hafi séð greind för.

Stefndi, Davíð Árnason, skýrði þannig frá atvikum að slysinu: Þegar hann ók suður götuna, hélt hann sig frekar vinstra megin. Þegar hann var kominn um það bil á móts við húsið nr. 35 við Hafnarstræti, kveðst hann hafa sveigt til hægri í þeim tilgangi að stöðva við það hús, en þegar hann hafi verið búinn að sveigja og verið á leið að götukantinum, hafi hann orðið þess var, að bifreið var komin fram með bifreið hans á hægri hlið, og kvaðst hann þá hafa sveigt til vinstri, og rétt í því muni bifreiðarnar hafa rekizt saman. Ekki kveðst hann geta gert sér fulla grein fyrir, hvernig bifreiðarnar hafi rekizt saman. Ekki kvaðst stefndi hafa heyrt hljóðmerki frá S 139. Hann neitaði því að hafa nokkurn tíma stöðvað þarna á götunni fyrr en eftir áreksturinn.

Í aðiljaskýrslu sinni í máli þessu sagði stefndi, að honum hafi virzt bílarnir fyrst snertast við hægra afturhorn A 490. Enn fremur sagði hann, að lakkmylsna hafi verið á brúninni á varahjólbarða hjá honum, sem skafizt hafi af S 139, eins og sú bifreið hafi strokizt þar fram með. Hann kveðst ekki hafa samþykkt neina ráðagerð um, hvernig bílarnir hafi lent saman.

Þórhalla Davíðsdóttir, dóttir stefnda, er sat hægra megin í bifreiðinni hjá föður sínum, hefur borið eftirfarandi: Hún kvað föður sinn hafa ekið á vinstra kanti, en svo hafi hann ætlað að sveigja að gangstéttinni hægra megin, en áður muni hann hafa litið aftur, en ekki orðið var við neitt, en er hann hafi sveigt, hafi bifreiðarnar rekizt saman eða að hin aðkomandi bifreið hafi ekið á þeirra bifreið. Þá sagði vitnið, að þau hefðu ekkert hljóðmerki heyrt frá S 139 og þau hafi alltaf verið á ferð, þangað til árekstúrinn varð.

Með tilvísun til þess, er nú hefur verið rakið af gögnum málsins, verður að telja, að nægilega sé upplýst, að bílarnir hafi lent þannig saman, að vinstra framhorn S 139 hafi lent nálægt hægra framhjóli A 490, þegar sú síðarnefnda var að sveigja til hægri, en síðan hafi bifreiðarnar slegizt saman að aftan, enda hefur umboðsmaður Sjóvátryggingafélagsins álitið, að svo hafi verið, og stefndi hefur eigi mótmælt því. Þá hefur stefndi viðurkennt að hafa eigi litið til baka, áður en hann beygði yfir á hægri kant, og sýnir með því mikinn aðgæzluskort, sér í lagi þar sem um götu er að ræða, þar sem mikil umferð er að jafnaði, og hann hafði að minnsta kosti dregið mjög úr ferð eða verið næstum ferðlaus. Ekki er heldur upplýst, að hann hafi

gefið stefnubreytingu sína til kynna með stefnuljósum eða öðrum merkjum. Samkvæmt þessu lítur rétturinn svo á, að stefndi hafi átt meginsök á árekstrinum. Að því er varðar aðstöðu stefnanda, er það að segja, að hann hefur eigi getað sannað, að A 490 hafi verið stöðvaður, áður en hann beygði inn á götuna, og hann gefið hljóðmerki, þegar hann ætlaði að aka framúr, og mátti hann þó gera ráð fyrir, að A 490 færi þarna yfir á vesturkantinn, þar sem sú bifreið hægði ferð, og hús eru eingöngu vestan götunnar á þessu svæði. Verður því að telja, að stefnandi eigi einnig nokkra sök á árekstrinum, og þykir hæfilegt, að hann beri ¼ hluta tjóns síns sjálfur, en stefndi ¾ hluta þess.

Um upphæð kröfu stefnanda er það að segja, að umboðsmaður stefnda hefur eigi mótmælt henni sem slíkri, og þar sem hann hefur lagt fram sundurliðaðan reikning fyrir upphæðinni ásamt fylgiskjölum, verður krafan lögð óbreytt til grundvallar. Samkvæmt því ber að dæma stefnda til greiðslu á kr. 10.131.89 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 15. nóvember 1958 og kr. 1800.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Davíð Árnason, greiði stefnanda, Ragnari Haraldssyni, kr. 10.131.89 með 6% ársvöxtum frá 15. nóvember 1958 til greiðsludags og kr. 1800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. febrúar 1961.

Nr. 57/1960. **Bæjarstjórinn í Kópavogi f. h. Kópavogskaupstaðar** (Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Helga Lárussyni (Kristján Guðlaugsson hrl.)
og
Helgi Lárusson (Kristján Guðlaugsson hrl.)
gegn
Bæjarstjóranum í Kópavogi f. h. Kópavogskaupstaðar (Árni Guðjónsson hrl.)
og til réttargæzlu
Landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkissjóðs
(Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samningar. Lóðarleiga.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 28. marz 1960, og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna í málinu og svo málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar 27. apríl 1960 og gert þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að viðlögðum kr. 500.00 dagsektum til gagnáfrýjanda að gera við hann lóðarsamning um 4.736 ha landspildu úr Digraneslandi samkvæmt uppdrætti á hdskj. nr. 7 og eftir uppkasti að lóðarleigusamningi á hæstaréttarskjali, merktu G, sem er í samræmi við lóðarleigusamning gagnáfrýjanda við landbúnaðarráðherra, dags. 6. febrúar 1948. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Þess er að geta, að gagnáfrýjandi hafði uppi víðtækari kröfur í lok málflutnings síns fyrir Hæstarétti, en dómur verður eigi á þær lagður, þar sem þær ganga lengra en kröfur gagnáfrýjanda í héraði.

Réttargæzlustefndi hefur tekið undir kröfur gagnáfrýjanda fyrir Hæstrétti.

Með yfirlýsingu Steingríms Steinþórssonar, er landbúnaðarráðherra var 1955, greinargerð Sveinbjarnar Dagfinnssonar, deildarstjóra í Landbúnaðarráðuneytinu, og málflutningsyfirlýsingum af hendi ráðuneytisins fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti er sannað, að Steingrímur ráðherra lofaði gagnáfrýjanda máls þessa að leysa land það, sem í málinu greinir, að stærð 4.736 ha við Álfhólsveg austan túns í Digranesi, úr erfðaleigu þriðja aðilja og leigja gagnáfrýjanda það með þeim kjörum, sem gagnáfrýjandi hafði haft á landi á Digraneshálsi samkvæmt lóðarleigusamningi 2. apríl 1947, er breytt var með samningi 6. febrúar 1948, gegn því, að gagnáfrýjandi afsalaði sér hluta af síðarnefndu landi til afnota handa samvinnufélagi. Þá er landbúnaðarráðherra 15. ágúst 1957 afsalaði samkvæmt lögum nr. 32/1957 Kópavogskaupstað lendum jarðanna Digraness og Kópavogs, var í afsalinu tekið fram: „Einstaklingar, félög og stofnanir, sem fengið hafa á leigu eða loforð fyrir lóðum eða landspildum í Kópavogi, halda rétti sínum samkvæmt þar að lútandi samningum eða skuldbindingum". Deildarstjóri í Landbúnaðarráðuneytinu, sem að sölunni starfaði, hefur vottað, að fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda hafi, áður en frá kaupum var gengið, verið kynnt loforð ráðherra til gagnáfrýjanda og „það ítrekað við kaupanda, að skyldan til að efna það yfirfærðist á hann, um leið og hann fengi afsal fyrir landinu". Þáverandi fyrirsvarsmaður aðaláfrýjanda hefur viðurkennt, að honum hafi verið kunnugt um loforð ráðherra, en kveðst hafa talið það ógilt.

Samkvæmt þessu og öðrum gögnum málsins, hvílir á aðaláfrýjanda skylda til að efna loforð það, sem landbúnaðarráðherra Steingrímur Steinþórsson veitti gagnáfrýjanda 1955 og rakið var, og ber að dæma aðaláfrýjanda til efnda, en þar sem landið er nú í erfðaleigu þriðja aðilja og eigi er víst um, hversu greitt gengur að losa landið úr þeirri leigu, verður efndaskyldan eigi lögð á aðaláfrýjanda að viðlögðum dagsektum, heldur er rétt að setja honum frest

að fullnægja skyldunni, og þykir fresturinn hæfilega ákveðinn 5 mánuðir frá birtingu dóms þessa. Eigi hefur verið höfð uppi í máli þessu varakrafa um skaðabætur á hendur aðaláfrýjanda, ef hann hefur eigi efnt skyldu sína, er fullnægjufrestur dómsins rennur út. Ákvörðun slíkra skaðabóta myndi því bera undir fógeta samkvæmt 11. gr. laga nr. 19/1887 um aðför.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjanda, bæjarstjóranum í Kópavogi f. h. kaupstaðarins, ber áður en 5 mánuðir eru liðnir frá birtingu dóms þessa, að viðlögðum skaðabótum, er ákveðast samkvæmt 11. gr. laga nr. 19/1887, að efna loforð um gerð lóðarleigusamnings við gagnáfrýjanda, Helga Lárusson, samkvæmt því, sem að framan er skráð.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 17. febrúar 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Helga Lárussyni, forstjóra í Reykjavík, með stefnu, út gefinni 16. júní 1958, gegn Huldu Jakobsdóttur, bæjarstjóra í Kópavogi, f. h. bæjarstjórnar Kópavogs og Hermanni Jónassyni, þá landbúnaðarráðherra, f. h. jarðeignadeildar ríkisins til þess að viðlögðum dagsektum að fá formlega gengið frá lóðar- og leigusamningum um landsspildu í Kópavogi. Í stefnu er krafan skilgreind nánar, þ. e. að þess er krafizt, að bæjarstjóri Kópavogs f. h. bæjarstjórnar Kópavogs verði dæmdur til þess að viðlögðum 500 króna dagsektum, er renni til stefnanda, að ganga frá formlegum lóðarsamningi við stefnandann, Helga Lárusson, um 4.84 hektara landspildu úr Digraneslandi austan túns í Digranesi

en sunnan Álfhólsvegar, en land þetta er afmarkað á uppdrætti á dskj. nr. 7. Við munnlegan flutning málsins krafðist lögmaður stefnanda, að bæjarstjóri og landbúnaðarráðherra verði solidariskt að viðlögðum 500 króna dagsektum dæmd til þess að gera eða láta gera leigusamning við stefnanda um landið, sem sýnt sé á uppdrætti á dskj. nr. 7. Síðar í málflutningnum lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að hann félli frá sjálfstæðum kröfum á hendur landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins, en skoða beri hann sem réttargæzlustefnda, en haldi fast við allar kröfur á hendur bæjarstjóra Kópavogs. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda, bæjarstjóra Kópavogs, eigi minni en kr. 7500.00.

Stefndi, bæjarstjórinn í Kópavogi, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað eftir mati og að þá verði tekið tillit til frávísunarkröfu, sem gerð var vegna galla, sem lögmaður Kópavogsbæjar taldi vera á málatilbúnaði, en hann féll frá, er hann taldi úr hafa verið bætt.

Réttargæzlustefndi, landbúnaðarráðherra fyrir hönd jarðeignadeildar ríkisins, gerir ekki neinar sjálfstæðar kröfur í málinu.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að á árinu 1955 hafi hann fengið loforð hjá þáverandi landbúnaðarráðherra, Steingrími Steinþórssyni, vegna jarðeignadeildar ríkisins fyrir tæplega 5 hektara landi úr Digranesjörðinni, austan Digranestúns, en sunnan Álfhólsvegar. Stefnandi kveðst hafa látið Byggingasamvinnufélagi Kópavogs eftir undir byggingar þess allmikið land, sem hann hafði á leigu sunnan Álfhólsvegar, en vestan Skólatraðar í Kópavogi, en um þetta hafi áður staðið langar umræður milli hans og Steingríms ráðherra og Sveinbjörns Dagfinnssonar héraðsdómslögmanns vegna jarðeignadeildarinnar og Hannesar Jónssonar félagsfræðings vegna Byggingarsamvinnufélags Kópavogs. Fyrir bænir og orðastað þessara viðsemjenda kveðst stefnandi hafa fallizt á að afsala sér því landi, sem falazt var eftir, þó með þeim skilyrðum, að hann fengi í staðinn land í Kópavogi, sem hann teldi viðunandi bæði um stærð og legu og fortakslaust með sömu skilmálum og um fyrra landið gilti, en þá kveður hann m. a. hafa verið, að honum væri ekki skylt að láta af hendi land „eftir þeirri almennu heimild, sem jarðeignadeild ríkisins samkvæmt sérstökum heimildarlögum veitti Kópavogskaupstað til þess að taka land til byggingarlóða af skipulagsástæðum o. þ. h.“ Stefnandi kveður skriflega samninga

ekki hafa verið gerða, en hann kveður munnleg loforð viðkomandi aðilja um það, að gengið yrði að þeim skilmálum, „er ég setti um afhendingu lands míns, hafa verið eindregin og ótvíræð". Hann kveður hina lofuðu lóð hafa verið mælda út og markaða á uppdrátt. Hefur hann lagt fram ljósmynd af uppdrætti á dskj. nr. 4 og samrit uppdráttar á dskj. nr. 7, þar sem hið umkrafða land er markað inn á. Réttargæzlustefndi, landbúnaðarráðherra, lýsir því yfir í greinargerð, að stefnanda hafi, meðan lönd Digraness og Kópavogs hafi enn verið í ríkis eigu, verið lofað landspildu á leigu úr landi Digranesjarðar og liggi hún austan Digranesstúnsins og sunnan Álfhólsvegar. Stærð landspildunnar hafi verið um 5 ha. Hann kveður landspildu þessa að vísu hafa verið bundna í leigu Ísaks Vilhjálmssonar, sem haft hafi leigusamning fyrir öllu landi Digranesjarðarinnar og eftir lát hans erfingjar hans. Hann kveður ætlun ráðuneytisins hafa verið að losa spildu þá, sem stefnanda hafði verið lofuð, með samkomulagi við leiguhafana, en næðist ekki samkomulag, hafi átt að nota 7. gr. samnings þess, sem leiguhafar höfðu fyrir landinu, til þess að segja því upp. Ýmsar ástæður kveður hann hafa legið til þess, að landið hafði ekki verið losað úr fyrri leigu, þannig að ekki var búið að ganga frá samningi við Helga Lárusson, þegar landið var selt Kópavogskaupstað samkvæmt afsali 15. ágúst 1957. Í greinargerð af hálfu landbúnaðarráðherra segir og, að áður en frá kaupunum var gengið, hafi fyrirsvarsmönnum kaupanda verið kynnt loforð ráðuneytisins við stefnanda og það verið ítrekað við kaupanda, að skyldan til að efna það yfirfærðist á hann, um leið og hann fengi afsal fyrir landinu, en í afsali er einnig tekið fram, „að einstaklingar, félög og stofnanir, sem fengið hafa á leigu eða loforð fyrir lóðum eða landspildum í Kópavogi, haldi rétti sínum samkvæmt þar að lútandi samningum eða skuldbindingum." Sveinbjörn Dagfinnsson, deildarstjóri í Stjórnarráði Íslands, jarðeignadeild, hefur gefið svofellda aðiljaskýrslu um mál þetta: „Á árinu 1955 var Hannes Jónsson félagsfræðingur að leita eftir lóðum fyrir byggingarsamvinnufélag Kópavogs, þar sem hægt væri að byggja stór sambýlishús eða raðhús. Hafði byggingarsamvinnufélagið þá þegar byggt raðhús við Álfhólsveg í Kópavogi, og sóttist Hannes mjög eftir að fá aukið landsvæði í nánd við þær byggingar. Mun hann þess vegna hafa leitað til Helga Lárussonar, sem þá var leiguhafi að landi við Álfhólsveg. Helgi mun hafa léð máls á því, að láta hluta af landi sínu undir byggingarlóðir gegn því, að hann fengi land á leigu annars staðar í Kópavogi

með sömu leiguskilmálum og hann hafði fyrir þessu landi. Um þessi atriði ræddi Hannes Jónsson við þáverandi landbúnaðarráðherra, Steingrím Steinþórsson, og við mig, eftir að ráðherrann hafði sett mig sem starfsmann inn í málið. Land það, sem Helgi fór fram á að fá í stað þess, sem hann lét af hendi, er innarlega við Álfhólsveginn í landi Digranesjarðarinnar. Er það land sunnan Álfhólsvegar og austan túnsins frá Digranesbænum. Samkomulag varð um það, að Helgi fengi þetta land, sem er tæpir 5 ha, eftir að búið væri að losa það úr höndum þáverandi leiguhafa, sem var Ísak heitinn Vilhjálmsson, en hann hafði allt land jarðarinnar Digraness á leigu. Ekki kom til þess, að landspilda þessi væri tekin af Ísak Vilhjálmssyni eða hann léti hana af hendi með samkomulagi, því að hann dó um það leyti, sem ætlunin var að leita samkomulags við hann um að láta spilduna af hendi. Lá þá málið niðri um skeið, en nokkru síðar sneri ráðuneytið sér til ekkju Ísaks Vilhjálmssonar, sem fékk Egil hæstaréttarlögmann Sigurgeirsson til þess að annast mál þetta fyrir sig og jafnframt bróður sinn Björn Björnsson, hagfræðing Reykjavíkurbæjar. Eftir athuganir og eftir það, að þeir Egill og Björn höfðu komizt að því, að ráðuneytið lagði á það ákveðna áherzlu að fá þessa landspildu til ráðstöfunar, voru þeir til viðtals um að láta hana af hendi. Kom Björn Björnsson á skrifstofu jarðeignadeildarinnar og tilkynnti, að leiguhafarnir myndu láta þessa landspildu af hendi, þannig að til uppsagnar á landinu þyrfti ekki að koma. En áður en til þess kæmi, að endanlega yrði frá þessu gengið, dó Björn Björnsson, og lá þá málið enn niðri um skeið. Á þeim tíma kom til með sölu lands Kópavogs og Digraness. Kópavogskaupstaður óskaði eftir að fá land jarðanna keypt. Var gengið eftir því, að kaupum yrði hraðað, eftir að heimild Alþingis til sölu var fyrir hendi. Var þá enn ekki búið, eins og fram hefur komið, að ganga frá skuldbindingum ráðuneytisins við Helga Lárusson. Kaupendum var sérstaklega kynnt skylda landeiganda við Helga Lárusson. Þar á meðal var forráðamönnum kaupstaðarins sýnt bréf Steingríms Steinþórssonar landbúnaðarráðherra, dags. 8. desember 1956, en það bréf hljóðar svo: „Að gefnu tilefni vil ég taka fram eftirfarandi: Í ársbyrjun 1955 kom Hannes Jónsson félagsfræðingur til mín og ræddi við mig um þörf Byggingarsamvinnufélags Kópavogs fyrir lóðir vegna bygginga, sem félagið hugðist reisa um vorið. Helzt óskaði félagið þess að reisa hinar nýju byggingar í nágrenni við eldri byggingar félagsins við Álfhólsveg. Þar sem ekkert land var laust á því svæði, varð

það að ráði, að Hannes Jónsson fór þess á leit við Helga Lárusson, sem átti stórt land með Álfhólsvegi, að hann afsalaði hluta af því til byggingarsamvinnufélagsins. Helgi léði máls á því, gegn því að hann fengi landspildu úr landi Digraness (á óskipulögðu svæði) með sömu leigukjörum og þá, sem hann léti af hendi. Spilda sú, sem Helga var mæld úr Digraneslandi, mun vera 4—5 ha, og fékk hann loforð mitt fyrir því, að samningur fyrir landspildunni skyldi vera efnislega eins og samningur hans fyrir landinu við Álfhólsveg, dagsettur 2. apríl 1947. — Reykjavík, 8. desember 1956. — Steingrímur Steinþórsson (sign)".

Kaupendur lögðu áherzlu á að tefja ekki sölu á landinu, þó að skuldbindingar við Helga hefðu enn ekki verið efndar. Sérstakt tillit var tekið til þessa við sölu landsins, bæði, eins og þegar hefur verið sagt, með því að kynna kaupendum nákvæmlega skuldbindingar ráðuneytisins, og eins með því að taka fram í afsali, að einstaklingar, félög eða stofnanir, sem fengið hafi á leigu eða loforð fyrir lóðum eða landspildum í Kópavogi, haldi rétti sínum samkvæmt þar að lútandi samningum eða skuldbindingum. Var kaupendum tilkynnt, að með kaupunum á landinu tækju þeir á sig að efna skuldbindingar við Helga Lárusson."

Stefndi, bæjarstjóri Kópavogs, rökstyður sýknukröfu sína með því, að stefnandi hafi ekki fengið neitt loforð, sem gilt sé stjórnarfarsréttarlega. Slíkt loforð sé hvergi að finna í skjölum ráðuneytisins. Hafi fyrrverandi landbúnaðarráðherra munnlega og óformlega lofað stefnanda einhverju í þessu sambandi, sé það þar af leiðandi Kópavogsbæ með öllu óviðkomandi. Þá segir í greinargerð af hálfu stefnda, bæjarstjóra Kópavogs: „Þótt svo væri, að stefnandi hafi fengið loforð fyrrv. landbúnaðarráðherra fyrir umræddri landspildu og það loforð ráðherra yrði tekið gilt stjórnarfarsréttarlega, mótmælir umbj.m. því harðlega, að hann hafi orðið skuldbundinn af því loforði samkvæmt 4. gr. afsalsins á rskj. nr. 12, þegar af þeirri ástæðu að þótt ráðherra hafi lofað stefnanda þessu landi, þá hafði ráðherra ekki umráð landsins eða gat ráðstafað því formlega, svo sem fram kemur í greinargerð og skýrslu lögmanns Landbúnaðarráðuneytisins á rskj. nr. 10 og nr. 11. Landspildan er enn formlega í erfðafestu db. Ísaks Vilhjálmssonar og því ekki til ráðstöfunar. Við undirbúning og samning afsalsins á rskj. nr. 12 tók fyrrv. bæjarstjóri Finnbogi Rútur Valdimarsson sérstaklega fram f. h. Kópavogskaupstaðar við afsalsgjafa, að ekki kæmi til mála að í 4. gr. afsalsins fælist skylda fyrir Kópavogskaupstað að láta stefnanda þessa máls fá

landspildu þá, er hann hafði heyrt ávæning af, að stefnandi teldi, að sér hafi verið lofað, að hann skyldi fá. Féllst afsalsgjafi algjörlega á það og kvað engan grundvöll fyrir því, að stefnandi fengi þetta land, enda væri það alls ekki vilji ráðuneytisins, að stefnandi fengi landið á leigu". Þá er því og haldið fram í sömu greinargerð, að það sé alveg gagnstætt öllu réttlæti að láta stefnanda fá um 5 hektara lands í kaupstaðnum til íbúðarhússbyggingar eða annarra afnota í eigin þarfir. Þá bendir hann á, að land það, sem stefnandi hafði, hafi verið um 4 ha, en af því hafi hann selt Dráttarvélum h/f 2½ ha fyrir fullt verð, þannig að hann hefði átt að fá 4.8 ha fyrir 1½ ha, sem hann hafi látið í té vegna byggingarsamvinnufélagsins.

Finnbogi Rútur Valdimarsson bankastjóri, sem annaðist samninga um kaup á landi Kópavogs og Digraness f. h. Kópavogsbæjar, hefur komið fyrir dóm út af máli þessu. Aðspurður skýrði hann frá því, að tilvitnun lögmanns Kópavogsbæjar í greinargerð í samtali hans við landbúnaðarráðherra sé rétt. Kvaðst hann hafa talað um mál þetta við Hermann Jónasson forsætis- og landbúnaðarráðherra í sambandi við landakaup Kópavogsbæjar, og hafi í því samtali komið fram, „að ráðherrann vildi ekki og hafi ekki í sinni ráðherratíð gefið út neinn samning til stefnanda máls þessa samkvæmt loforði því, sem stefnandinn taldi sig hafa frá Steingrími Steinþórssyni." Þá kveðst Finnbogi Rútur sem stjórnskipaður fulltrúi til að vinna með starfsmönnum ráðuneytisins um meðferð leigulanda hafa kynnzt kröfum stefnanda til hins umdeilda lands og hafi hann þá látið þá skoðun í ljós, að ekki kæmi til mála að láta stefnanda land þetta af hendi, og kvaðst vita, að ráðherra liti eins á það mál, enda hafi stefnandi engan samning fengið. Þá kveðst Finnbogi Rútur hafa skýrt Hermanni ráðherra frá því fyrir afsalsgerðina, að hann teldi ekki hafa verið bindandi fyrir ráðuneytið hið svokallaða loforð Steingríms Steinþórssonar, enda hafi ráðuneytið ekki haft full umráð landsins, þar sem það hafi enn þá verið í erfðafestu d.b. Ísaks Vilhjálmssonar og sé það enn. Sé hið svokallaða loforð þess vegna heldur ekki bindandi fyrir Kópavogskaupstað. Aðspurður kvað Finnbogi Rútur sér alls ókunnugt um, að Steingrímur Steinþórsson hafi sem ráðherra lofað stefnanda hinu umdeilda landi.

Með yfirlýsingu á dskj. nr. 16, dags. 28. janúar 1960, lýsir fyrrverandi landbúnaðarráðherra Hermann Jónasson því yfir, að hann muni auðvitað ekki orðrétt samtöl þau, sem hann hafi átt sem ráðherra við einn eða annan, en í sambandi við þetta mál

og framburð í því sambandi skuli fram tekið, að honum hafi í þessu máli aldrei komið til hugar að reyna að breyta loforðum, sem fyrirrennari hans hafi gefið sem ráðherra. Þeirri reglu kveðst hann hafa haldið í sinni ráðherratíð, ekki hafa talið sig hafa heimild til hins gagnstæða, og geti hann því ekki hafa látið upp skoðun í andstöðu við þessa meginreglu. Þegar landinu var afsalað, kveður Hermann við það hafa verið miðað, að allir samningar og loforð yrðu haldin, og í öðru lagi, að sá, sem keypti, yrði að taka á sig skuldbindingar samkvæmt því, ríkinu að skaðlausu.

Auk skjala þeirra og annarra gagna, sem að framan greinir, hafa þessi gögn verið lögð fram í málinu:

1. Lóðarleigusamningur landbúnaðarráðherra við Helga Lárusson, út gefinn 6. febrúar 1948, um land það, sem Helgi lét hluta af af hendi 1955 (dskj. nr. 6).
2. Bréf lögmanns stefnanda til lögmanns stefnda, Kópavogsbæjar, dags. 17. nóvember 1958, þar sem gerð er grein fyrir stefnukröfum, þ. e. legu landsins, stærð, takmörkum og ákvæðum hins umkrafða lóðarsamnings.
3. Afsal ríkissjóðs til Kópavogsbæjar fyrir löndum úr jörðunum Kópavogi og Digranesi 15. ágúst 1957 (dskj. nr. 12).
4. Afsal stefnanda til Dráttarvéla h/f fyrir hluta af landi því, sem hann hafði á leigu ásamt mannvirkjum, dags. 5. maí 1955 (dskj. nr. 13).
5. Beiðni Dráttarvéla h/f um nýjan lóðarsamning (dskj. nr. 14).
6. Vottorð séra Kristins Stefánssonar um viðræður, varðandi sölu landsins til Kópavogsbæjar og hvað Sveinbjörn Dagfinnsson hafi sagt honum af þeim viðræðum (dskj. nr. 17).
7. Erfðafestusamningur fyrir Digranesi frá 11. júní 1936 (dskj. nr. 18).
8. Framsal erfðafestusamningsins á dskj. nr. 18 (dskj. nr. 19).
9. Lóðarleigusamningur landbúnaðarráðherra við Helga Lárusson frá 5. apríl 1947 um sama land og samningurinn frá 6. febrúar 1948 fjallar um (dskj. nr. 20).
10. Lóðarleigusamningur Dráttarvéla (dskj. nr. 21).

Lóðarleigusamningur á dskj. nr. 6 er í venjulegu prentuðu formi lóðarleigusamninga, en inn í hann er bætt í 3. gr., þar sem segir, að lóðin sé leigð leigutaka til íbúðarhúsbyggingar og annarra löglegra afnota, setningunni „og byggingar bifreiðaverkstæðis, geymslu o. fl. fyrir bíla." Þá er 17. gr., „Aðrir skilmálar" um lóðarræmu, sem leigutaka eru heimiluð nokkur afnot af auk sjálfs leigulandsins. Í bréfi sínu á dskj. nr. 8 telur lögmaður stefnanda

þessa viðauka við hið prentaða samningsform eiga að falla niður.

Í afsalinu á dskj. nr. 12 segir svo í 4. tölulið þess, sem undanskilið er: „Einstaklingar, félög og stofnanir, sem fengið hafa á leigu, eða loforð fyrir landspildum í Kópavogi, halda rétti sínum samkvæmt þar að lútandi samningum eða skuldbindingum". Þá er tekið fram í afsalinu, að söluverð hins selda lands, sem er allt land jarðanna Kópavogs og Digraness, að undanskildum 8 nýbýlum og landi ríkisspítalanna, sé kr. 250.000.00, en þar af greiðist kr. 10.000.00 strax, en eftirstöðvarnar með jöfnum greiðslum á 24 árum og 5% ársvextir af skuldinni.

Í erfðafestusamningnum frá 1936 (dskj. nr. 18) segir í 2. gr., að landið sé leigt á erfðafestu til 50 ára til hvers konar ræktunar svo og byggingar allra nauðsynlegra húsa vegna búrekstrar á löndum þessum. Í 7. gr. erfðafestusamningsins segir: „Nú þarfnast ríkið eða Reykjavíkurbær erfðafestulandsins undir sérstök mannvirki, svo sem vegi, byggingarlóðir o. fl., og er þá erfðafestuhafa skylt að láta af hendi erfðafesturétt, hvort heldur er að öllu landinu eða nokkrum hluta þess gegn 20 aura endurgjaldi fyrir hvern ræktaðan fermetra, en ekkert greiðist fyrir það, sem óræktað er..."

Lóðarleigusamningarnir við stefnanda frá 5. apríl 1947 og 6. febrúar 1948 eru í aðalatriðum eins, nema að í síðari samningnum er eitt ákvæði, sem ekki er í hinum fyrri, þ. e. 7. gr. svohljóðandi: „Hvenær sem ríkið telur þörf fyrir lóðina undir opinber mannvirki ríkis, hrepps eða bæjarfélaga svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka þá skylt að láta leigurétt sinn og lóðina af hendi að nokkru eða öllu leyti. Fyrir byggingar og önnur mannvirki á lóðinni skal greiða leigutaka eftir mati, nema öðruvísi semjist. Fyrir leiguréttinn greiðist ekkert endurgjald. Slík afhending á lóðinni eða hluta af henni skal þó í engu skerða rétt veðhafa."

Með bréfi bæjarstjóra Kópavogs, dags. 5. þ. m. (dskj. nr. 22), má telja upplýst, að hið umdeilda land sé enn í erfðaleigu dánarbús Ísaks Vilhjálmssonar.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, verður að telja nægilega sannað, að Steingrímur Steinþórsson ráðherra hafi á árinu 1955, meðan hann gegndi embætti landbúnaðarráðherra, lofað stefnanda máls þessa lóðarleigusamningi fyrir 4—5 hektara spildu úr landi jarðarinnar Digraness með sömu kjörum og hann hafði um land samkvæmt lóðarleigusamningi frá 2. apríl 1947, en hluta af landi þessu lét hann jafnframt af

hendi. Þá má og telja sannað, að í framhaldi af loforði þessu hafi landspildan verið mæld út með samkomulagi stefnanda og jarðeignadeildar ríkisins og mörk síðan ákveðin, svo sem greinir á uppdrættinum á rskj. nr. 7, en samkvæmt honum er landstærð 4,736 ha.

Þegar Steingrímur Steinþórsson gaf stefnanda loforð það, sem að framan greinir, var hann ráðherra í ríkisstjórn Íslands, og samkvæmt auglýsingu um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl. frá 11. september 1953 fór hann m. a. með umráð þjóðjarða.

Telja verður, að gerningur sá, sem hér um ræðir, þ. e. leiga hluta af landi jarðar, sé einkamálaréttarlegs eðlis, þótt landeigandinn sé ríkissjóður, og hlíti því reglum einkamálaréttar. Engar brigður hafa verið á það bornar í máli þessu, að Steingrímur Steinþórsson ráðherra hafi haft umráð þjóðjarða, er hann veitti stefnanda fyrr greint loforð, og var loforð ráðherrans því fullgilt samkvæmt reglum einkamálaréttarins. Þá verður og að telja nægilega sannað, að þegar Kópavogsbær fær afsal fyrir hluta af jörðunum Digranesi og Kópavogi 14/15 ágúst 1957, en land það, sem deilt er um í máli þessu, er hluti lands þess, sem þá var afsalað, hafi þáverandi umboðsmanni Kópavogsbæjar, Finnboga Rúti Valdimarssyni. verið kunnugt um, að fyrrverandi ráðherra Steingrímur Steinþórsson hafði lofað stefnanda landinu. Kemur þetta m. a. fram í framburði Finnboga Rúts fyrir dómi í sambandi við mál þetta svo og í skýrslu Sveinbjörns Dagfinnssonar deildarstjóra. Hins vegar verður ekki talin sönnuð sú staðhæfing umboðsmanns Kópavogsbæjar, Finnboga Rúts Valdimarssonar, að hann hafi við samningsgerðina við forsætis- og landbúnaðarráðherra Hermann Jónasson og jarðeignadeild ríkisins um landsöluna til Kópavogsbæjar undanþegið loforð Steingríms Steinþórssonar fyrrverandi ráðherra til stefnanda máls þessa frá skyldu kaupanda, Kópavogsbæjar, samkvæmt 4. tölulið afsalsins frá 14/15 ágúst 1957 til að fullnægja samningum eða loforðum, sem seljandi landsins, ríkið, hefði veitt einstaklingum, félögum eða stofnunum fyrir lóðum eða löndum. Hefur fullyrðing Finnboga Rúts um þetta efni enga stoð fengið í skýrslum fyrrverandi forsætisráðherra Hermanns Jónassonar eða starfsmanna jarðeignadeildar stjórnarráðsins. Þykir því verða að leggja til grundvallar um þetta atriði hið skýlausa ákvæði afsalsins á dskj. nr. 12 um skyldu kaupand-

ans, Kópavogsbæjar, til að standa við öll loforð seljandans, ríkisins, um leigu landa.

Eins og að framan greinir, verður að telja, að með framangreindu loforði Steingríms Steinþórssonar hafi skapazt skylda fyrir landeigandann, ríkissjóð, um að leigja stefnanda hina umdeildu lóð. Samkvæmt 4. tölulið afsalsins og því, sem að framan hefur verið rakið, yfirfærðist þessi skylda á kaupandann, Kópavogsbæ, og þar með skyldan til að losa hið umdeilda land úr erfðafestu. Þykir í því sambandi mega hafa nokkra hliðsjón af því, að Kópavogsbær fékk með afsalinu frá 14/15 ágúst 1957 mjög verðmætt land með vildarkjörum bæði um verð og greiðsluskilmála. Virðist því eðlilegra, að Kópavogsbær beri halla af vafa, sem vera kynni á skilningi á afsalsákvæðum, en seljandinn.

Af öllu þessu leiðir, að taka ber til greina kröfu stefnanda um það, að stefnda verði gert skylt að láta honum í té, að viðlögðum dagsektum, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 300.00, lóðarleigusamning fyrir landi því, sem markað er inn á uppdráttinn á dskj. nr. 7, 4.736 ha, með þeim sömu kjörum og greinir í lóðarleigusamningi frá 2. apríl 1947 milli landbúnaðarráðherra og stefnanda, að því fráskildu, að ákvæðið „aðrir skilmálar" í 15. gr. falli niður, þar sem það getur ekki átt við í samningi um land annars staðar.

Upplýst er í málinu, að hið umdeilda land er enn í erfðafestu db. Ísaks Vilhjálmssonar frá Bjargi á Seltjarnarnesi. Þykir því rétt, að stefndi, Kópavogskaupstaður, fái frest til að losa landið úr erfðafestu, þannig að framangreindri skyldu hans verði fullnægt. Þykir sá frestur hæfilega ákveðinn 90 dagar frá lögbirtingu dómsins að telja.

Eftir atvikum og öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þenna hafa kveðið upp Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti og Ísleifur Árnason samdómandi, en samdómandinn Zophonías Pálsson skilaði sértakvæði.

Dómsorð:

Stefndu, frú Huldu Jakobsdóttur bæjarstjóra f. h. bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, skal skylt að viðlögðum 300 króna dagsektum, er renni til stefnanda, innan 90 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að veita stefnanda, Helga Lárussyni forstjóra, Reykjavík, lóðarleigusamning fyrir 4.736

hektara landi við Álfhólsveg austan túns í Digranesi samkvæmt afmörkun á uppdrætti Ásgeirs H. Karlssonar verkfræðings á dskj. nr. 7 með sömu skilmálum og eru í lóðarleigusamningi milli landbúnaðarráðherra og stefnanda frá 2. apríl 1947 um land á Digraneshálsi, að undanskildu ákvæðinu „aðrir skilmálar" í 15. gr.

Málskostnaður falli niður. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Zophoníasar Pálssonar samdómanda.

Ég er samþykkur málavaxtalýsingunni í framanrituðum dómi. Hins vegar er það fram komið í málinu, að land það, sem stefnandi gerir kröfu til að fá lóðarsamning um, var í erfðafestu, þegar loforð fyrrgreinds ráðherra, Steingríms Steinþórssonar, var gefið, og er enn. Tel ég því eigi unnt að skylda stefnda, Kópavogskaupstað, til þess að verða við dómkröfu stefnanda, þar sem eigi hefur verið úr því skorið, hvort stefndi geti losað landið til þeirrar ráðstöfunar, sem um getur í lóðarleigusamningi frá 5. apríl 1947.

Niðurstaða mín er því sú, að sýkna beri stefnda að svo stöddu af kröfum stefnanda í málinu, en ég er samþykkur því, að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 10. febrúar 1961.

Nr. 150/1959. **Guðmundur Guðmundsson og**
Ólafur Guðmundsson (Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Hjálmari Þorsteinssyni & Co.
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samningar. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. sept. 1959 og gert þær réttarkröfur, að þeir verði

sýknaðir af öllum kröfum stefnda í máli þessu og þeim dæmdur málskostnaður fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Lögð hafa verið fram í Hæstarétti aðiljaskýrsla áfrýjenda og vitnaleiðslur tveggja starfsmanna stefnda.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Guðmundur Guðmundsson og Ólafur Guðmundsson, greiði stefnda, Hjálmari Þorsteinssyni & Co., kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. júní 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., hefur Hjálmar Þorsteinsson húsgagnameistari, hér í bæ, fyrir hönd firmans Hjálmars Þorsteinssonar & Co. hér í bænum höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 3. maí 1956, gegn Guðmundi Guðmundssyni stórkaupmanni, Laufásvegi 3, og Ólafi Guðmundssyni, Sörlaskjóli 62, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1870.46, auk 6% ársvaxta frá 29. nóvember 1955 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara að dómkröfur hans verði lækkaðar. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvort heldur sem aðalkrafa þeirra eða varakrafa yrði tekin til greina.

Málsatvik kveður stefnandi þau, að í október og nóvember 1955 hafi firma hans smíðað þrjú afgreiðsluborð og nokkrar aðrar innréttingar og sett muni þessa upp í veitingastofu, er stefndu hafi á þeim tíma átt og rekið í húsnæði við Laugarnes-

veg hér í bænum. Hafi kostnaður við verk þetta (efni og vinna), að meðtalinni teikningu, numið kr. 8870.46. Upp í kostnaðinn hafi stefndu greitt kr. 7000.00, og standi því hin umstefnda skuld eftir.

Kröfu sína um sýknu reisa stefndu á því, að svo hafi um samizt með þeim og sonum stefnanda, að framangreint verk skyldi unnið í ákvæðisvinnu fyrir kr. 7000.00. Þá fjárhæð hafi þeir þegar greitt; og sé skiptum þeirra og stefnanda þar með lokið.

Af hálfu stefnanda er því ákveðið andmælt, að firma hans hafi tekið að sér að vinna umrætt verk í ákvæðisvinnu, og þar sem stefndu hafa engar sönnur fært á gagnstæða staðhæfingu sína, verður krafa þeirra um sýknu ekki tekin til greina.

Varakröfuna reisa stefndu á því, að endurgjald það, sem stefnandi áskildi sér fyrir verkið, sé ósanngjarnlega hátt. Styðja þeir þessa staðhæfingu sína þeim rökum, að vinnustundir séu taldar óhæfilega margar, miðað við vinnu þá, sem framkvæmd var, auk þess sem andvirði hverrar vinnustundar sé reiknað á mismunandi verði, en þeir hafi ekki óskað eftir neinni eftirvinnu við verkið. Þá telja þeir efnisnotkun óhæfilega mikla, og andvirði efnisins reiknað hærra verði en í timburverzlunum á sama tíma.

Stefnandi hefur lagt fram sundurliðaðan reikning yfir umrætt verk (efni og vinnu). Þá liggja fyrir í málinu frumdrög að teikningum yfir afgreiðsluborðin og innréttingarnar. Hins vegar er fram komið, að veitingastofan, sem munirnir voru settir í, er hætt störfum og búið að taka munina niður og flytja þá burtu. Verður því eigi farið á vettvang til athugunar á munum og öðrum aðstæðum, er kynnu að hafa skipt máli.

Að því athuguðu, sem hér að framan er sagt, þykir ekki í ljós leitt gegn mótmælum stefnanda, að endurgjald það, sem hann hefur áskilið sér fyrir umrætt verk, sé ósanngjarnt. Ber því, sbr. 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922, að taka dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 800.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Árna Árnasyni kaupmanni og Hjalta Geir Kristjánssyni húsgagnaarkitekt.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur Guðmundsson og Ólafur Guðmunds-

son, greiði stefnanda, Hjálmari Þorsteinssyni f. h. firmans Hjálmars Þorsteinssonar & Co., kr. 1870.46 með 6% ársvöxtum frá 29. nóvember 1955 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. febrúar 1961.

Nr. 151/1960. **Gísli Finnsson** (Vagn E. Jónsson hdl.)
gegn
Erlendi Blandon og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Theodór B. Líndal prófessor.

Húsaleigusamningur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1960. Gerir hann þessar kröfur:

Að í aðalsök í héraði verði honum einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 598.57, en málskostnaður látinn falla niður.

Að í gagnsök í héraði verði gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum kr. 48.000.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 22. október 1959 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 30. ágúst 1960 áfrýjað málinu með stefnu 6. september s. á. Krefst hann þess, að í aðalsök í héraði verði aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum kr. 32.975.21 með 7% ársvöxtum frá 14. október 1959 til greiðsludags. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

I. **Aðalsök í héraði.**

Húsaleigusamningur sá, er aðiljar máls þessa gerðu með sér hinn 23. júlí 1955, átti að gilda frá 1. ágúst 1955 til 1. ágúst 1965 án uppsagnar. Hinn 26. júní 1959 sagði aðaláfrýjandi samningnum upp frá 1. júlí sama árs að telja. Þegar hann fluttist úr húsnæðinu, átti hann ógoldna vísitöluuppbót á húsaleiguna fyrir júnímánuð 1959, kr. 362.87, og upphitunarkostnað fyrir sama mánuð, kr. 235.70. Fjárhæðir þessar, sem aðaláfrýjandi kannast við að séu réttar, samtals kr. 598.57, ber samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda að taka til greina.

Samkvæmt rökum þeim, sem greinir í forsendum hins áfrýjaða dóms, var riftun aðaláfrýjanda á húsaleigusamningnum ólögmæt. Ber því að dæma hann til að greiða gagnáfrýjanda bætur vegna samningsrofa. Þá var og viðskilnaður aðaláfrýjanda á húsnæðinu slíkur, að gagnáfrýjandi á rétt á bótum úr hendi hans fyrir að koma því aftur í það horf, sem það átti að vera að samningstíma loknum. Verða nú athugaðar bótakröfur gagnáfrýjanda, sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 1., 2., 4., 6. og 7. tölulið í kröfugerð gagnáfrýjanda.

Um 1. kröfulið. Rétt er, eins og í hinum áfrýjaða dómi er gert, að taka tillit til þessa kröfuliðar í sambandi við ákvörðun málskostnaðar.

Um 2. kröfulið. Ekki er leitt í ljós, að spjöll þau, er urðu á húsi gagnáfrýjanda vegna árekstrar bifreiðar, sem flutti vörur til aðaláfrýjanda, hafi orðið með þeim hætti, að það hafi bakað aðaláfrýjanda skaðabótaskyldu. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um, að krafa um tjónbætur af þessum sökum, kr. 800.00, verði ekki tekin til greina. En bætur fyrir að koma hinu leigða húsnæði í viðunandi horf samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna, kr. 10.120.00, þykir rétt að taka til greina að fullu, enda bar aðaláfrýjanda samkvæmt húsaleigusamningnum að annast á sinn kostnað viðhald hins leigða húsnæðis.

Um 4. og 6. kröfulið. Hér krefst gagnáfrýjandi húsaleigu í 2 mánuði (júlí—ágúst 1959) vegna hinnar ólögmætu upp-

sagnar, kr. 3925.74, og hitakostnaðar sama tíma, kr. 235.90. Ber að taka fjárhæðir þessar til greina, samtals kr. 4161.64.

Um 7. kröfulið. Hæfilegt þykir eftir málavöxtum að ákveða bætur samkvæmt þessum kröfulið kr. 5000.00.

Niðurstaða í aðalsök í héraði verður samkvæmt framangreindu sú, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 598.57 + kr. 10.120.00 + kr. 4161.64 + kr. 5000.00, þ. e. samtals kr. 19.880.21, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, enda hefur þeim ekki verið sérstaklega mótmælt.

II. Gagnsök í héraði.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu í aðalsök í héraði og þar sem ekki er leitt í ljós, að gagnáfrýjandi hafi vanefnt húsaleigusamninginn, ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sýknu gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í þessum þætti málsins.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 9000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Gísli Finnsson, greiði gagnáfrýjanda, Erlendi Blandon, kr. 19.880.21 með 7% ársvöxtum frá 14. október 1959 til greiðsludags og samtals kr. 9000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Kópavogs 30. apríl 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 13. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi af Erlendi Blandon, Kópavogsbraut 42, Kópavogi, með stefnu, út gefinni 14. október 1959, gegn Gísla Finnssyni, Kópavogsbraut 35, Kópavogi, til greiðslu á kr. 34.938.08 ásamt 7% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. (Við munnlegan flutning hefur krafan verið lækkuð um kr. 1962.87). Stefndi hefur krafizt, að stefnukrafan í aðalsök verði lækkuð í kr. 598.57 og málskostnaður verði látinn falla niður.

Með stefnu, út gefinni 22. október 1959, höfðaði aðalstefndi gagnsök gegn aðalstefnanda og gerir þær dómkröfur í gagnsök, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 48.000.00 með 6% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi (22. október 1959) til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Gagnstefndi hefur krafizt sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsök og hæfilegs málskostnaðar.

Málsatvik eru þessi:

Með húsaleigusamningi, dags. 23. júlí 1955, tók aðalstefndi í máli þessu á leigu af aðalstefnanda húsnæði til verzlunar og vörugeymslu í húsinu nr. 42 við Kópavogsbraut. Nánar tiltekið voru þetta tvær stofur á neðri hæð hússins.

Var umsamið, að leigutíminn skyldi vera 10 ár, frá 1. ágúst 1955 til 1. ágúst 1965.

Leigutaki skyldi hafa aðgang að salerni og fatahengi í ytri forstofu. Þá skyldi leigutaki annast á sinn kostnað allar breytingar á hinu leigða húsnæði svo og viðhald þess. Leigan fyrir húsnæðið var ákveðin kr. 1600.00 á mánuði, en ef vísitala hækkaði, skyldi leigan hækka í samræmi við það. Leigan skyldi greidd 1. dag hvers mánaðar fyrirfram. Með bréfi til aðalstefnanda, dags. 26. júní 1959 (dskj. nr. 5), segir aðalstefndi síðan upp húsnæðinu frá 1. júlí 1959, þar eð hann telur, að aðalstefnandi hafi vanefnt leigusamninginn með því að veita eigi aðgang að salerni og fatahengi í ytri forstofu o. fl. Af öðrum skjölum máls þessa er ljóst, að með orðunum o. fl. er átt við ónógan hita í húsnæðinu, svo og að í því hafi verið slagi. Þessu bréfi svaraði síðan umboðsmaður aðalstefnanda hinn 29. júní 1959 (dskj. nr. 6). Þar er mótmælt ásökun aðalstefnda um vanefndir aðalstefnanda á fyrrgreindum leigusamningi og þess krafizt, að staðið sé við samninginn, að viðlagðri fébótaábyrgð af hálfu aðalstefnda. Þá er bent á það í bréfi þessu, að samningurinn sé óuppsegjanlegur. Aðalstefnandi hefur gefið aðiljaskýrslu í máli þessu (dskj. nr. 21) og staðfest hana fyrir dómi. Þar hefur hann skýrt svo frá, að á hinu leigða húsnæði hafi verið dyr inn í innri forstofu íbúðar sinnar. Kveðst hann hafa ætlazt til þess, að um þessar dyr yrði gengið úr verzluninni í ytri forstofu og salerni. Kveðst hann hafa talið þetta svo augljóst, að um þetta hafi ekki verið rætt í sambandi við afnot leigjanda af ytri forstofu og salerni. Hins vegar segir aðalstefnandi, að aðalstefndi hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að setja hlera fyrir dyr þessar verzlunarmegin og setja þar síðan búðarhillur.

Þetta kveðst aðalstefnandi hafa látið afskiptalaust, enda hafi leigutaki haft frjálsar hendur um alla innréttingu verzlunarinnar, svo sem leigusamningur beri með sér. Að sögn aðalstefnanda skyldi húsnæðinu skilað í sama ástandi og þegar leigusamningurinn var gerður. Kveður aðalstefnandi, að aðalstefndi hafi ekki í þau ár, sem hann var í húsnæðinu, nefnt þessi afnot af ytri forstofu og salerni við sig, því síður að hann bæri fram kvartanir í þessu efni né færi fram á við sig sem leigusala að fá lykil að útidyrum íbúðar sinnar. Það fyrsta, sem aðalstefndi hafi látið sig heyra eða sjá í þessu efni, hafi verið riftunarbréfið frá 26. júní s.l. (dskj. nr. 5).

Varðandi slaga í verzluninni, hefur aðalstefnandi skýrt svo frá, að um hann hafi aðeins verið að ræða í suðvesturhorni verzlunarinnar, og hafi hann stafað af skemmdum, sem einn viðskiptavina aðalstefnda hafi valdið með ákeyrslu á húsið, og hafi aðalstefnda borið skylda til að láta gera við þetta þegar í stað, en það hafi hann vanrækt í 1½ ár án þess jafnvel að láta sig vita, að húsið lægi undir skemmdum af þessum sökum. Þá hefur aðalstefnandi skýrt svo frá, að þegar verið var að rýma verzlunina, hafi fólk það, er við það vann, rifið frá handlaug, sem aðalstefndi hafði sett upp í verzluninni, án þess að ganga úr skugga um, að lokað væri fyrir rennsli inn á vatnsleiðslukerfi hússins. Hafi vatn þá verið látið streyma úr tveimur rörum fram á gólf verzlunarinnar í langan tíma, áður en komið var inn í íbúðina til hans til að loka fyrir vatnið. Kveður aðalstefnandi vatnsborðið á gólfi verzlunarinnar þá hafa verið orðið það hátt, að flætt hafi yfir útidyraþröskuld verzlunarinnar. Varðandi hitann í verzluninni, kveðst aðalstefnandi ekki minnast þess, að aðalstefndi hafi kvartað um þetta við sig, en þó geti það verið.

Aðalstefndi hefur hins vegar skýrt svo frá, að hann hafi hinn 23. júlí 1955 tekið á leigu húsnæði á 1. hæð hússins nr. 42 við Kópavogsbraut af aðalstefnanda. Kveður aðalstefndi húsið hafa verið nýtt. Samkvæmt teikningu var húsnæðið ekki ætlað til verzlunarrekstrar. Hafi strax verið ljóst, að breyta þyrfti húsnæðinu til þess að reka þar verzlun, en þó ekki ýkja mikið. Þurfti að sögn aðalstefnda að koma fyrir handlaug og brjóta niður smáveggkrók. Kveðst aðalstefndi hafa rætt þessar breytingar við konu aðalstefnanda. Aðalstefndi segir, að milli forstofu íbúðar aðalstefnanda og hins leigða húsnæðis hafi verið dyr með hurð í. Til þess að nota húsnæðið sem bezt, kveðst

hann hafa þurft að koma fyrir kæliskáp fyrir framan nefnda hurð, en til þess að hún skemmdist ekki, hafi verið ákveðið að skrúfa masonitplötu í dyraumbúnaðinn. Kveður aðalstefndi, að þeim aðalstefnanda og konu hans hafi verið afhentur bæði lykill og húnn, er tekinn var af hurðinni. Aðalstefndi hefur skýrt svo frá, að í fyrstu hafi þeir, er í verzluninni störfuðu, haft óhindraðan aðgang að salerni og fatahengi í ytri forstofu aðalstefnanda. Í fyrstu kveður aðalstefndi, að kona aðalstefnanda hafi unnið í verzluninni eða fram að páskum 1956, eða þar um bil. Þegar hún hætti þar störfum, segir aðalstefndi, að afstaða hennar og aðalstefnanda til sín hafi gerbreytzt. Þau hafi hætt að verzla í búðinni og einnig hafi þau hætt að veita aðgang að salerni og fatahengi. Eigi kveðst aðalstefndi hafa kvartað við aðalstefnanda um vanefndir á húsaleigusamningnum að viðlagðri riftun hans.

Aðalstefndi kveðst aldrei hafa verið ánægður með upphitun í verzluninni, og eftir að eiginkona aðalstefnanda hætti störfum, kveður hann kyndingu hafa versnað. Hafi hún eftir það verið algerlega ófullnægjandi. Hafi komið fyrir, að eigi hafi verið „kveikt upp" allan daginn. Einnig segir aðalstefndi, að þann tíma, sem verzlunin var opin á daginn, hafi ekki verið heitt vatn í krönum, nema stöku sinnum.

Hins vegar heldur aðalstefndi því fram, að að kvöldi dags hafi verið sæmilega heitt. Aðalstefndi kveður, að stúlkur þær, er hjá honum unnu, hafi kvartað yfir kyndingu og hann misst þær af þessari ástæðu. Kveðst hann hafa kvartað við aðalstefnanda vegna hitans og of hárra hitareikninga og kveðst hafa sagt aðalstefnanda, að þetta gæti ekki gengið, en án nokkurs árangurs.

Aðalsök:

Í aðalsök hefur aðalstefnandi byggt dómkröfur sínar á því, að aðalstefndi hafi rofið ólöglega gerðan samning og beri honum því skýlaus réttur til skaðabóta úr hendi aðalstefnda, enda sé húsaleigusamningurinn óuppsegjanlegur.

Aðalstefndi byggir hins vegar kröfur sínar í aðalsök á því, að leigusali (aðalstefnandi) hafi ekki staðið við leigusamninginn af sinni hálfu, og hafi honum (þ. e. aðalstefnda) verið heimilt að rifta honum vegna verulegra vanefnda af hálfu aðalstefnanda. Á dskj. nr. 10, 15, 16 og 17 hafa nokkrir menn gefið yfirlýsingu, varðandi notkun á salerni og fatahengi í íbúð aðal-

stefnanda svo og vegna upphitunar í verzluninni (dskj. 15, 16 og 17). Einnig hafa nokkrir menn gefið yfirlýsingu, varðandi slaga í húsnæðinu (dskj. nr. 18). Allt hefur þetta fólk komið fyrir dóm og staðfest þar, að rétt sé frá skýrt í fyrrnefndum dómskjölum, að undanteknum vottorðsgjafa á dskj. nr. 10. Magnea Vattnes kveðst hafa starfað í verzlun aðalstefnda á árinu 1956 og að á þeim tíma, er hún starfaði í verzluninni, hafi henni aldrei verið meinuð afnot af salerni og fatahengi í ytri forstofu í íbúð aðalstefnanda. Hún hefur ekki komið fyrir dóm.

Vitnið Aðalheiður Guðmundsdóttir kveðst hafa unnið hjá aðalstefnda frá 14. maí 1957 til 1. júní 1959. Á þessu tímabili kveðst vitnið hafa gert eina tilraun til að komast á salerni með því að hringja á dyrabjöllu og banka á útidyr, en enginn hafi komið til dyra, og hafi vitnið því ekki gert fleiri tilraunir til að komast þangað. Vitnið kveðst hafa heyrt umgang í íbúð aðalstefnanda í nefnt sinn. Ekki kveðst vitnið hafa heyrt aðalstefnda kvarta við aðalstefnanda um skort á aðgangi að salerni og fatahengi.

Vitnið Guðrún Sturlaugsdóttir kveðst hafa unnið í ca 6 mánuði á árinu 1956 til 1957 í verzlun aðalstefnda. Á þessu tímabili kveðst vitnið hafa komizt tvisvar til salernis í íbúð aðalstefnanda. Í fyrra sinnið kveður vitnið, að allt hafi verið í lagi með afnotin, en hið síðara sinn hafi húsfreyja amazt við banki á útihurð íbúðar sinnar og einnig við umgangi að salerni, en hafi leyft aðgang í þetta sinn. Vitnið kveðst hafa gert fleiri tilraunir síðar til að komast til salernis, en ekki var komið til dyra, þótt bankað væri. Vitnið segist hafa gert a. m. k. 3—4 árangurslausar tilraunir til að komast til salernis. Ekki kveðst vitnið hafa heyrt nein samtöl milli aðilja málsins um þessi vandamál.

Vitnið Sigrún Steinsdóttir kveðst hafa unnið í verzluninni frá október 1956 til maí 1957. Vitnið kveðst hafa gert eina tilraun á því tímabili til að nota salerni í íbúð aðalstefnanda, en útidyr hafi verið læstar og að því er virtist enginn heima.

Eiginkona aðalstefnda, Margrét Guðmundsdóttir, hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu (dskj. nr. 19), er hún hefur gefið. Kveður hún, að afnot aðalstefnda og starfsfólks hans af salerni og fatahengi hafi hætt, um það bil mánuði eftir að eiginkona aðalstefnanda hætti vinnu í verzluninni. Hún telur, að eiginkona aðalstefnanda hafi unnið í verzluninni frá 1. október 1955 framundir páska 1956. Eiginkona aðalstefnda segir fyrir dómi,

að kvörtunum hafi verið haldið uppi, varðandi aðgang að salerni og fatahengi við eiginkonu aðalstefnanda eingöngu fram á mitt sumar 1956, en þá hafi verið gefizt upp, vegna þess að engin svör fengust.

Aðalstefndi hefur fyrir dómi lýst því yfir, svo sem áður greinir, að hann hafi ekki kvartað við aðalstefnanda um vanefndir af hans hálfu á húsaleigusamningnum, að viðlagðri riftun samningsins. Hins vegar kveðst hann oft hafa kvartað yfir of háum hitareikningum og sérstaklega litlum hita, og sagt, að þetta gæti ekki gengið. Það kemur og fram af aðiljaskýrslu aðalstefnda (dskj. nr. 23), að hann telur, að aðgangur að salerni og fatahengi hafi hætt um páska 1956, eða nánar tiltekið, þegar eiginkona aðalstefnanda hætti vinnu í verzluninni. Með hliðsjón af því:

að tvö vitna þeirra, er leidd hafa verið í máli þessu, hafa skýrt svo frá, að þau hafi aðeins einu sinni reynt að hafa afnot af salerni og fatahengi á því tímabili, er viðkomandi starfaði í verzluninni,

að aðalstefndi hefur aldrei kvartað um þessar vanefndir við aðalstefnanda, að viðlagðri riftun samningsins, allan þann tíma, er verzlunin var í húsnæðinu,

að eiginkona aðalstefnda kveðst ekki hafa kvartað um afnot þess frá miðju sumri 1956,

að viðurkennt er af aðalstefnda, að hann hafi sjálfur fyllt upp í dyr þær, er voru milli verzlunarhúsnæðisins og íbúðar aðalstefnanda með samþykki aðalstefnanda,

að gegn mótmælum aðalstefnanda hefur aðalstefndi ekki fært fram neinar líkur fyrir því, að hann hafi farið fram á að fá lykil að útidyrum íbúðar aðalstefnanda, þykja ekki komnar fram nægar ástæður til þess, að aðalstefnda væri heimilt að rifta leigusamningnum frá 23. júlí 1955 fyrirvaralítið með þeim hætti, er hann gerði með uppsagnarbréfinu frá 26. júní 1959 (dskj. nr. 5). Þykir framburður vitnisins Guðrúnar Sturlaugsdóttur, er áður var rakinn, ekki geta hnekkt þessari niðurstöðu.

Í greinargerð aðalstefnda í aðalsök á dskj. nr. 14 hefur aðalstefndi talið, að upphitun hafi verið af svo skornum skammti þann tíma, er verzlunin var í húsnæðinu, að telja hafi mátt til vanefndar á samningnum af hálfu aðalstefnanda.

Vottorðsgjafar á dskj. nr. 15, 16 og 17 hafa í vottorðum sín-

um lýst yfir, að upphitun í verzluninni hafi verið lítil sem engin og varla nokkrum sinnum heitt vatn í krönum.

Aðalstefndi hefur, eins og áður greinir, haldið því fram, að hann hafi aldrei verið ánægður með upphitunina í verzluninni, og kveðst oft hafa kvartað yfir of háum hitareikningum og sérstaklega litlum hita og sagt, að þetta gæti ekki gengið. Aðalstefnandi hefur hins vegar bent á, að varla sé hægt að hita svo verzlunarhúsnæði, sem mikill umgangur er um, að ekki sé kalt í köldum veðrum. Einkum eigi þetta við um matvöruverzlun og mjólkurbúð, eins og hér var um að ræða.

Samkvæmt framansögðu og öðru því, sem fram er komið í málinu, þykja réttinum að vísu fram komnar líkur fyrir því, að upphitun húsnæðisins kunni að hafa verið ábótavant á ákveðnum tímabilum. Hins vegar virðist réttinum vanefnd þessi ekki þess eðlis, að fyrirvaralítilli riftun samningsins hafi átt að valda, ef hliðsjón er höfð af því, að aðalstefndi hefur ekki kvartað um þetta beinlínis, að viðlagðri riftun samningsins, allan þann tíma, er hann var í húsnæðinu. Ef aðalstefndi kynni að hafa átt einhvern rétt á hendur aðalstefnanda af þessum sökum, verður að telja, að hann hafi ekki haldið honum nægilega í gildi, þannig að hann geti byggt fyrirvaralitla riftun á þessu atriði. Eins og rakið hefur verið hér að framan, verður að telja, að um ólögleg samningsrof sé að ræða hjá aðalstefnda. Af því leiðir, að honum ber að bæta aðalstefnanda það tjón, sem telja má, að hann hafi beðið af þessum sökum.

Er þá næst að athuga dómkröfur aðalstefnanda í aðalsök. Hann lét dómkveðja tvo sérfróða menn til að meta til fjár, hvað kosta mundi að koma húsnæðinu í það horf, er eðlilegt og verjanlegt mætti teljast, miðað við að húsnæðið var nýtt og nýmálað, er leigutaki (aðalstefndi) flutti í það. Byggir aðalstefnandi kröfur sínar í aðalsök að nokkru á mati þessu.

Aðalstefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Útlagður matskostnaður	kr.	2295.00
2.	Bætur samkvæmt mati	—	10920.00
3.	Hitakostnaður í júní	—	235.70
4.	Hitakostnaður í júlí—ágúst	—	235.90
5.	Vísitöluuppbót í júní	—	362.87
6.	Húsaleiga í 3 mánuði, kr. 5388.61. Við munnlegan málflutning er þessum lið breytt þannig, að húsaleigan reiknast í 2 mánuði, þ. e. lækki		

um ⅓ eða kr. 1962.87, og verður liðurinn því .. — 3925.74
7. Bætur fyrir samningsrof og óþægindi ..... — 15000.00

Alls kr. 32975.21

Um 1). Samkvæmt 1. mgr. 5. tl. 175. greinar einkamálalaga ber að taka tillit til matskostnaðar við ákvörðun málskostnaðar.

Um 2). Þessum lið hefur verið mótmælt á þeim forsendum, að í fyrrnefndu mati hafi eigi verið tillit til þess tekið, að húsnæðið hafi verið skemmt af slaga í veggjum og gólfi, sem stafaði af því, að húsið hafi verið illa byggt og illa einangrað. Eigi hefur aðalstefndi í neinu sannað, að húsið hafi verið illa byggt eða illa einangrað. Báðir matsmennirnir, Ögmundur Jónsson verkfræðingur og Einar Kristjánsson byggingameistari, hafa komið fyrir dóm og staðfest mat sitt. Ekki kveðast matsmennirnir hafa orðið varir við raka eða slaga í húsnæðinu, er skoðun fór fram. Þrátt fyrir framburði vottorðsgjafanna á dskj. nr. 18, þykir með hliðsjón af framburði fyrrnefndra matsmanna eigi komin fram sönnun þess, að húsnæðið hafi verið haldið þessum galla í þeim mæli, að fyrirvaralausri riftun leigusamnings hafi átt að valda.

Í húsaleigusamningi á dskj. nr. 4 segir svo: „Er leigutaki flytur úr húsnæðinu, skal honum skylt að skila því að öllu leyti í sama ástandi og hann tók við því, að öðru leyti en því, sem telja má, að óumflýjanlega leiði af venjulegri notkun."

Aðalstefndi leigði húsnæðið til verzlunarrekstrar, og verður því að telja, að húsnæðinu hafi átt að skila í ástandi, sem miðast við venjulega notkun þess sem slíks. Skiptir í því sambandi ekki máli, þótt leigusamningurinn sé á samningsformi, sem venjulega er haft um íbúðarhúsnæði. Þegar þetta er virt og einnig það, að aðalstefndi skyldi samkvæmt leigusamningnum á sinn kostnað annast viðhald húsnæðisins, en af matsgerðinni á dskj. nr. 9 er ljóst, að húsnæðið var allilla farið, þegar aðalstefndi fór úr því, verður að telja, að aðalstefndi eigi að greiða aðalstefnanda bætur samkvæmt þessum lið. Þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 7000.00. Eigi þykir dóminum fært að taka til greina kröfu um greiðslu á kr. 800.00, sem innifalin er í mati vegna árekstrar bifreiðar á húsið, Kópavogsbraut 42, á þeim tíma, er aðalstefndi hafði verzlun í húsinu.

Um liði 3) og 5). Þessir liðir eru viðurkenndir og verða því teknir til greina að fullu.

Um 4) og 6). Þessum liðum er mótmælt. Með tilliti til þeirrar niðurstöðu réttarins, að um ólögmæt samningsrof hafi verið að

ræða hjá aðalstefnda með bréfinu frá 26. júní 1959, þykir sanngjarnt, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda húsaleigu í 2 mánuði, þ. e. til 1. september 1959, en þá tókst aðalstefnanda að leigja húsnæðið á ný, og hefur því ekki verið mótmælt af aðalstefnda. Einnig þykir sanngjarnt, að hann greiði hitakostnað fyrir sama tíma. Verður því að taka þessa liði til greina að fullu.

Um 7). Þessum lið er mótmælt. Fallast verður á það með aðalstefnanda, að hann eigi rétt á bótum samkvæmt þessum lið, en þó þykir ekki fært að taka hann til greina að öllu leyti, enda verður ekki talið sannað eða sennilegt gert, að hann hafi beðið allt það tjón vegna samningsrofa og óþæginda, sem þar er krafizt. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af því, að aðalstefnanda tókst að leigja húsnæðið aftur þann 1. september 1959, þykir eftir öllum atvikum rétt, að þessi liður verði tekinn til greina með kr. 3000.00.

Lyktir aðalsakar verða því þær, að aðalstefnda verður gert að greiða aðalstefnanda kr. 14.760.21 ásamt 7% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags.

Gagnsök.

Dómkröfur sínar í gagnsök styðja báðir aðiljar sömu rökum og kröfur sínar í aðalsök. Gagnstefnandi skírskotar til þess, að gagnstefndi hafi vanefnt verulega leigusamninginn frá 23. júlí 1955, og því hafi riftun hans verið sér heimil. Beri gagnstefnda því að bæta sér tjón, er hann hafi orðið fyrir af þessum sökum. Krafa gagnstefnanda í gagnsökinni er kr. 48.000.00 auk málskostnaðar eða sem samsvarar 6 mánaða tekjum sínum af verzluninni, en þær telur hann að hafi numið kr. 8000.00 á mánuði. Gagnstefndi heldur því hins vegar fram, að gagnstefnandi hafi riftað samninginn, án þess að hann hafi í nokkru vanefnt hann, og því eigi gagnstefnandi ekki rétt á neinum bótum úr sinni hendi. Krefst hann sýknu í gagnsökinni og málskostnaðar. Eins og þegar er rakið í aðalsök, verður að telja, að um ólögmæt samningsrof sé að ræða af hálfu gagnstefnanda, og þykir þegar af þeirri ástæðu ekki vera hægt að taka kröfur hans um bætur í gagnsök til greina, enda verður eigi séð af samanburði á skattaframtölum gagnstefnanda fyrir árin 1959 og 1960, að hann hafi misst verulegar tekjur fyrir árið 1959, miðað við næsta ár á undan.

Með vísan til þessa ber að sýkna gagnstefnda af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni. Eftir þessu verður aðalstefndi (gagnstefnandi) dæmdur til að greiða aðalstefnanda (gagnstefnda)

málskostnað í aðalsök og gagnsök, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 5000.00, þar með talinn matskostnaður.

Bergur Bjarnason, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi, kvað upp dóminn ásamt sjó- og verzlunardómsmönnunum Jósafat Líndal skrifstofustjóra og Þormóði Pálssyni gjaldkera.

Dómsuppsögn hefur dregizt nokkuð, en það stafar af páskahátíð o. fl. hátíðisdögum í apríl eftir dómtöku málsins og enn fremur af miklum önnum dómenda.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Gísli Finnsson, aðalstefnanda, Erlendi Blandon, kr. 14.760.21 með 7% ársvöxtum frá 14. október 1959 til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Erlendur Blandon, vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Gísla Finnssonar.

Aðalstefndi (gagnstefnandi) skal greiða aðalstefnanda (gagnstefnda) kr. 5000.00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök, þar með innifalinn matskostnað. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1961.

Nr. 140/1960. **Guðbrandur Ásmundsson**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Byggingarsamvinnufélaginu Framtaki
(Árni Guðjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Theodór B. Líndal prófessor.

Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1960 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt

að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi.

Áfrýjandi gerðist, eins og í héraðsdómi greinir, félagsmaður stefnda hinn 9. júlí 1958 og greiddi sama dag í stofnsjóð stefnda kr. 50.000.00, er ganga skyldu upp í kostnað af byggingu íbúðar á vegum stefnda til handa áfrýjanda. Samkvæmt ákvörðun stjórnar stefnda hinn 17. júlí s. á. var fé þessu varið til kaupa efnis til fyrirhugaðrar húsbyggingar. Í bréfi stefnda til áfrýjanda 15. febrúar 1959 segir svo: „Byggingin verður auglýst í þessum mánuði. Ef ekki fæst næg þátttaka, verður efnið boðið til sölu fyrir lok marzmánaðar". Af þessu er ljóst, að stefndi hefur ráðstafað stofnfé áfrýjanda til efniskaupa, alllöngu áður en skilyrði voru til fullnaðarákvörðunar um byggingu húss þess, sem áfrýjanda mun hafa verið ætluð íbúð í. Að svo vöxnu máli og þar sem stefnda er samkvæmt 22. gr. samþykkta sinna skylt að hafa stofnfé „óbundið, þannig að unnt sé að greiða félagsmönnum fjáreign sína, hvenær sem er", þá þykir stefndi eigi hafa sýnt fram á, að honum hafi verið rétt að ráðstafa stofnfé áfrýjanda, svo sem hann gerði, á þeim tíma.

Hinn 20. nóvember 1958 krafðist áfrýjandi endurgreiðslu fjárins af stefnda og ítrekaði þá kröfu með bréfi hinn 10. febrúar 1959. Með greindu bréfi sínu 15. s. m. synjaði stefndi endurgreiðslu, enda bæri félaginu „ekki að endurgreiða fé, fyrr en annar maður hefði" gerzt félagsmaður í stað áfrýjanda, „eða ef ekki verður af byggingunni, þegar efnið, sem keypt var fyrir fé, hefur verið selt". Áfrýjandi sagði sig því næst úr félaginu með bréfi 23. febrúar 1959, og með stefnu 24. s. m. höfðaði hann mál þetta. Eftir að þingað hafði verið í málinu í héraði fjórum sinnum, lagði stefndi fram á dómþingi hinn 16. apríl 1959 greinargerð sína, þar sem hann krefst sýknu og málskostnaðar gegn greiðslu stofnfjár áfrýjanda ásamt 5% ársvöxtum frá 9. júlí 1958 til greiðsludags, en greiðslu þessa hafði stefndi boðið áfrýjanda sjálfum utan réttar um mánaðamótin marz og apríl 1959.

Telja verður samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, að stofnfé áfrýjanda hafi verið endurkræft, er mál var höfðað. Þegar þetta er virt og til þess litið, að stefndi bauð eigi fram greiðslu eftir málshöfðun, fyrr en getið var, þá þykir stefndi eiga að greiða málskostnað í héraði, kr. 4500.00, svo og málskostnað hér fyrir dómi, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Byggingarsamvinnufélagið Framtak, greiði áfrýjanda, Guðbrandi Ásmundssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., höfðaði Guðbrandur Ásmundsson, Laugavegi 8 hér í borg, fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem birt var 24. febrúar 1959, gegn byggingarsamvinnufélaginu Framtaki hér í borg til endurgreiðslu á stofnfjárframlagi.

Í stefnu er þess krafizt, að stefnda endurgreiði stefnanda kr. 50.000.00 og greiði 5% vexti p. a. af þeirri fjárhæð frá 9. júlí 1958 til stefnudags og 6% vexti p. a. af upphæðinni, eins og hún er þá orðin með vöxtum, frá stefnudegi til greiðsludags. Þá er krafizt málskostnaðar eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Í hinum munnlega málflutningi lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að aðaldómkrafan hefði þegar verið greidd ásamt vöxtum, en hann krefðist nú málskostnaðar eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, miðað við stefnukröfu.

Í greinargerð lögmanns stefnda er krafizt sýknu „gegn greiðslu á kr. 50 þúsund auk 5% vaxta p. a. af þeirri fjárhæð" frá 9. júlí 1958 til greiðsludags. Þá var krafizt málskostnaðar eftir mati dómsins. Í hinum munnlega málflutningi krafðist lögmaðurinn aðallega málskostnaðar eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, miðað við hina upphaflegu kröfu. Til vara krafðist lögmaðurinn þess, að málskostnaður yrði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir: Hinn 9. júlí 1958 gerðist stefnandi félagsmaður í hinu stefnda byggingarsamvinnufélagi og greiddi sama dag kr. 50.000.00 í stofnsjóð þess. Hinn 20. nóvember s. á. krafð-

ist hann þess fyrirvaralaust, að því er segir í greinargerð stefnda, að fá fé þetta endurgreitt. Ekki varð þó úr endurgreiðslu, og 10. febrúar 1959 ritar lögmaður stefnanda, Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, stefnda og krefst fjárins. Segir m. a. í bréfinu, að stefnandi byggi kröfu sína „bæði á samþykktum félagsins og skýlausum loforðum talsmanns þess, er innborgunin fór fram". 15. febrúar 1959 ritaði formaður stjórnar stefnda lögmanninum um málið. Í bréfinu segir:

„Stjórn Bsf. FRAMTAKS ræddi þessa kröfu á fundi sínum í dag og komst að þeirri niðurstöðu, að félaginu bæri ekki að endurgreiða fé, fyrr en annar maður hefði gengið inn í stað Guðbrandar, eða ef ekki verður af byggingunni, þegar efnið, sem keypt var fyrir fé, hefur verið selt.

Byggingin verður auglýst í þessum mánuði, ef ekki fæst næg þátttaka, verður efnið boðið til sölu fyrir lok marzmánaðar.

Vér væntum þess, að skjólstæðingur yðar sætti sig við þessar ákvarðanir."

Sem fyrr segir, var stefna í máli þessu birt 24. febrúar 1959. Upplýst var í hinum munnlega málflutningi, að nokkru síðar bauð formaður stefnda stefnanda sjálfum greiðslu, en stefnandi hafnaði því. Kr. 50.000.00 voru síðan greiddar með vöxtum fyrir milligöngu lögmanns stefnanda hinn 2. maí 1959.

Í greinargerð í máli þessu er endurgreiðslukrafan þannig rökstudd af lögmanni stefnanda: Kröfu sína um endurgreiðslu byggir umbjóðandi minn á 4. gr. og 22. gr. samþykkta félagsins ...

Ég get þess, að í viðtölum við umbj.m., áður en hann gekk í félagið, hét formælandi þess, Sverrir Kjartansson, umbj.m. því sérstaklega, að hann skyldi fá stofnfé sitt endurgreitt, nær hann krefðist þess."

Í 4. gr. samþykkta stefnda segir m. a.:

„Félaginu skal aflað fjár:

....

2. með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð.
   Stofnsjóðseign hvers félagsmanns gangi upp í byggingarkostnað húss þess eða íbúðar, sem félagið ákveður að reisa fyrir hann ...
   Stofnfjárinnistæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu, verði félagsmaður fátækrastyrksþurfi og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

4. ...

Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar."

22. gr. samþykkta stefnda er svohljóðandi:

„Stofnsjóð félagsins skal ávaxta í banka, sem hefur ríkisábyrgð fyrir innstæðufé. Stofnféð verður jafnan að vera óbundið þannig, að unnt sé að greiða félagsmönnum fjáreign sína, hvenær sem er."

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, eins og fyrr greinir, að í ofangreindum ákvæðum samþykktanna felist, að stefnda hafi borið að greiða honum stofnsjóðsframlag hans, þegar er þess var krafizt. Því er og haldið fram, að ráðstöfun sú á fénu, sem síðar greinir frá, hafi verið óheimil og í þágu 1. byggingarflokks félagsins gerð, en stefnandi var í 2. byggingarflokki.

Um loforð það um endurgreiðslu, sem getið er um hér að framan, er því haldið fram af hálfu stefnanda, að telja verði sannað, að það hafi verið gefið, þar sem staðhæfingu stefnanda um, að svo sé, hafi verið látið ómótmælt í greinargerð lögmanns stefnda.

Í hinum munnlega málflutningi hreyfði lögmaður stefnanda því, að ákveða bæri málskostnað til stefnanda með tilliti til þess, að formaður stefnda hefði gert tilraun til að greiða stofnsjóðsframlagið beint til stefnanda, án þess að lögmaður stefnanda hefði vitneskju um það. Taldi lögmaðurinn, að hér hefði verið um ólögmæta tilraun að ræða til að komast hjá greiðslu á kostnaði vegna þjónustu þeirrar, sem hann hafði í té látið.

Í hinum munnlega málflutningi sagði lögmaður stefnda, að Sverrir Kjartansson, formaður félagsins, hefði tjáð sér, að hann hefði ekki gefið loforð um tafarlausa endurgreiðslu, eins og stefnandi heldur fram. Kvaðst lögmaðurinn ekki hafa hirt um að fá skýrslu, þar að lútandi, gefna fyrir dómi eða ræða þetta atriði í greinargerð, þar sem sér hefði skilizt af orðalagi greinargerðar lögmanns stefnanda, að á þessu meinta loforði væri ekki byggt sem málsástæðu. Einnig taldi lögmaðurinn mótmæli gegn því, að slíkt loforð hefði verið gefið, liggja í þeirri afstöðu stefnda að synja um greiðslu stofnsjóðsframlags stefnanda, jafnskjótt og hann krafði um hana. Loks mótmælti lögmaðurinn því, að loforð, eins og það, sem hér um ræðir, gæti verið bindandi fyrir stefnda.

Af hálfu stefnda er því einnig mótmælt, að í samþykktum þess felist skylda til að greiða stofnfjárframlag með öðrum hætti en boðið er í bréfinu frá 15. febrúar 1959. Féð hafi með löglegum hætti verið fest til að kaupa byggingarefni fyrir hús það, sem

stefnandi hafi átt að fá íbúð í. Hann hafi því ekki átt stofnfé í skilningi 22. gr. samþykktarinnar, enda geti enginn bæði átt stofnfé sitt í banka og jafnframt fast í byggingu þeirri, sem verið er að reisa fyrir fé. Til að sýna ráðstöfun stofnfjárins hefur verið lagður fram útdráttur úr fundargerð stjórnar stefnda um fund 17. júlí 1958. Segir þar:

„Formaður spurði meðstjórnendur, hvort að þeir væru samþykkir því, að þeirri fjárhæð, sem komin væri inn á 2. deild, væri varið til þess að greiða inn á skriðmót og timbur frá 1. deild.

Allir stjórnarmenn voru þessu samþykkir."

Er því haldið fram, að þessi ráðstöfun hafi ekki aðeins verið lögleg, heldur og hagkvæm og eðlileg, eins og á stóð, og í þágu 2. byggingarflokks.

Með þessum rökum er því mótmælt, að endurgreiðslan til stefnanda hafi dregizt lengur en eðlilegt og löglegt var, enda verði að ætla byggingarsamvinnufélögum ríflegan frest til að greiða út stofnfjárframlög, þegar aðstæður eru, eins og í þessu tilviki.

Eins og á stendur, verður ekki talið, að unnt sé að leggja til grundvallar þá staðhæfingu stefnanda, að bindandi loforð hafi verið gefið um, að framlag hans í stofnsjóð yrði endurgreitt, þegar er hann krefðist þess. Byggist sú niðurstaða þegar á þeirri ástæðu, að ekki er fram komið, að formaður félagsins hafi getað gefið slíkt loforð, svo að bindandi sé.

Í máli þessu þykir verða að taka tillit til þess, að endurheimtukrafa stefnanda verður aðeins, að því er séð verður, byggð á því ákvæði 2. töluliðar 4. gr. samþykkta stefnda, sem kveður á um slíka endurgreiðslu, þegar félagsmaður segir sig úr félaginu. Fram er komið í málinu, að það gerði stefnandi ekki fyrr en 23. febrúar 1959, en stefnan í málinu var birt daginn eftir. Telja verður, að ósannað sé, að ráðstöfun sú, sem gerð var, varðandi stofnsjóðsframlag stefnanda, hafi verið ólögmæt, og varð stefndi því ekki krafinn um fé með þeim hætti, sem gert var. Málssókn þessi virðist því hafa verið hafin, án þess að fullt tilefni væri til.

Ekki þykir heldur unnt að dæma stefnda til að greiða málskostnað vegna þeirrar greiðslutilraunar formanns þess, sem áður er um getið.

Eftir þessu verður ekki unnt að taka til greina kröfu stefnanda um málskostnað, og ekki er annars en málskostnaðar krafizt í máli þessu.

Ekki þykir heldur efni til að sinna kröfu stefnda um máls-

kostnað, enda verður að telja, að nokkur vafi hafi verið um úrslit máls þessa.

Verða þá úrslit málsins þau, að málskostnaður fellur niður.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:
Málskostnaður í málinu nr. 473/1959 falli niður.

Föstudaginn 17. febrúar 1961.

Nr. 96/1960. **Búnaðarbanki Íslands**
(Hermann Jónasson hrl.)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Theodór B. Lindal prófessor.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, synjað um framkvæmd lögtaks þess, sem krafizt er, og stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í a-lið 6. gr. laga nr. 66/1945 um útsvör segir, að ríkissjóður og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, þ. á m. Ræktunarsjóður, séu undanþegnir útsvarsskyldu. Jafnframt er kveðið svo á, að um útsvör annarra

ríkisstofnana fari eftir lögum nr. 47/1924, en samkvæmt þeim lögum er engin stofnun ríkisins útsvarsskyld eftir efnum og ástæðum, nema um verzlunarstofnanir ríkissjóðs sé að ræða og þá eftir tilteknum reglum. Búnaðarbanki Íslands er ríkisstofnun, sem starfar í fimm deildum, og eru meðal þeirra Ræktunarsjóður og Byggingar- og landnámssjóður, sbr. 3. gr. laga nr. 115/1941. Bankinn, sem ekki er verzlunarstofnun í skilningi laga nr. 47/1924, er því undanþeginn útsvarsskyldu samkvæmt áðurgreindum beinum ákvæðum útsvarslaga. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaks fyrir útsvari því, er greinir í úrskurði fógeta.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 8000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framkvæmd lögtaks þess, sem krafizt er.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Búnaðarbanka Íslands, kr. 8.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 23. marz 1960.

Gerðarþola, Búnaðarbanka Íslands, hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1958 kr. 45.000.00. Þar eð útsvar þetta hefur eigi verið greitt, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að gert verði lögtak í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarskröfu ásamt vöxtum og kostnaði.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt útsvarskröfu gerðarbeiðanda og gert þær kröfur í málinu, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni upplýst, að umrætt útsvar hafi verið lagt á gerðarþola vegna leigu-

tekna hans af húseign hans nr. 5 við Austurstræti, en eigi vegna bankastarfsemi hans.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarþola reist á 49. gr., 1. mgr., laga nr. 115 7. nóvember 1941 um Búnaðarbanka Íslands, en þar segir: „Bankinn er undanþeginn tekjuskatti, útsvari og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða til annarra stofnana.“ Sömu ákvæði sé að finna í lögum um Landsbanka Íslands nr. 10 15. apríl 1928, í lögum um Útvegsbanka Íslands h/f nr. 7 11. marz 1930, í lögum um Framkvæmdabanka Íslands nr. 17 10. febrúar 1953, lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f nr. 113 29. desember 1951 og lögum nr. 40/1945 um Áburðarverksmiðju, 9. gr., og ennfremur séu almennir sparisjóðir undanþegnir tekju- og eignarskatti og útsvari samkvæmt 27. gr. laga nr. 69 frá 1944. Þá sé og Ræktunarsjóður sérstaklega undanþeginn útsvari í 6. gr. III A laga nr. 66/1945, útsvarslögunum, en hann sé ein af fimm deildum Búnaðarbanka Íslands samkvæmt 3. gr. laga nr. 115 frá 1941. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola enn fremur bent á lög nr. 47 4. júní 1924, en þar segir svo í 1. gr.: „Engin stofnun ríkisins er aukaútsvarsskyld eftir efnum og ástæðum.“ Hefur nefndur umboðsmaður og haldið því fram, að orðið „bankastarfsemi“ megi eigi skýra það þröngt, að það taki eingöngu til þess, að banki taki við innlánsfé gegn ákveðnum vöxtum og láni féð út aftur með lítið eitt hærri vöxtum, enda muni löggjafinn eigi leggja þessa merkingu í orðið „banki“ í lögum almennt. Eftir því sem viðskiptalífið verði fjölbreyttara, þá aukist og breytist sú þjónusta, sem bankarnir veiti. Þeir ávaxti eigi einungis fé manna, heldur geymi þeir alls konar verðmæti fyrir fólk, innheimti kröfur, yfirfæri peninga til erlendra aðilja o. fl. Allt þetta sé bankastarfsemi og þá einnig, að hans áliti, það að ráðstafa eignum bankans á þann hátt, sem hagkvæmastur sé hverju sinni, svo sem með því að leigja út húsnæði, sem bankinn hafi eigi not fyrir um stundarsakir, svo að það renti sig. Það sé óhugsanlegt, að löggjafinn hafi viljað undanskilja þvílíkar ráðstafanir, er hann veitti Búnaðarbanka Íslands þau réttindi, að vera undanþeginn hvers konar opinberum sköttum og gjöldum. Engum muni detta í hug að telja, að útlán banka á eigin fé falli utan við venjulega bankastarfsemi, og því sé engin ástæða, að það skipti höfuðmáli, hvort bankinn hafi tekjur af fasteignum sínum eða ekki. Vextir af útlánsfé séu ekki annað

en leiga af peningum og húsaleigutekjur leiga eftir húsnæði. Hér virðist því eigi mikill munur á. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola bent á í þessu sambandi máli sínu til stuðnings hæstaréttardóm frá 1946, þar sem neitað var um lögtak til tryggingar útsvari, er Reykjavíkurbær lagði í Tjarnarbíó í Reykjavík, og hæstaréttardóm frá 1957, þar sem synjað var um lögtak vegna fasteignagjalda, er lögð höfðu verið á Áburðarverksmiðjuna h/f. Með skírskotun til allra þessara varnarástæðna hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að synja beri um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum og sjónarmiði umboðsmanns gerðarþola. Hefur hann vitnað til bréfs gerðarþola til niðurjöfnunarnefndar, dags. 26. september 1958, sem lagt hefur verið fram í máli þessu í afriti, þar sem segir, að húsaleigutekjur gerðarþola árið 1957 hafi numið kr. 152.518.56 nettó. Kveður nefndur umboðsmaður gerðarbeiðanda, að í þessari upphæð sé eigi fólgin húsaleiga bankans sjálfs, og að það sé á þessa leigustarfsemi bankans og tekjur hans af henni eingöngu, sem niðurjöfnunarnefnd hafi lagt á útsvar við aukaniðurjöfnun í októbermánuði 1958. Nefndur umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur ekki véfengt, að Búnaðarbanki Íslands sé undanþeginn útsvarsskyldu með almennu ákvæði í lögum nr. 115/1941, sbr. 49. gr. Hins vegar hefur hann haldið því fram, að með 2. og 3. grein sömu laga og breytingum þeim, sem á þeim hafa verið gerðar, sé tilgreindur tilgangur bankans og starfsvið hans, sem sé, að þar sé að finna skilgreiningu á þeirri stofnun, sem veitt sé útsvarsfrelsi með 49. gr. nefndra laga, og að ljóst sé, að umrætt útsvar hafi eigi verið lagt á neina grein þeirrar starfsemi, sem lögboðin hafi verið eða lögheimiluð með stofnun bankans eða síðar. Það sé vitanlega hagkvæm ráðstöfun, að bankar reisi hús yfir starfsemi sína, enda verði slíkt eigi talið falla utan við eðlilega bankastarfsemi. Hins vegar geti það eigi talizt þáttur í almennri bankastarfsemi, er bankar reisa stórhýsi, sem þeir svo leigja út að meira eða minna leyti. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið því fram í sambandi við lög nr. 47/1924, 1. gr., sem umboðsmaður gerðarþola hefur vitnað í máli sínu til stuðnings, að við túlkun þessa ákvæðis verði að hafa í huga, að hver og ein stofnun ríkisins starfi samkvæmt lögum, oftast sérstökum lögum, og að það sé sú starfsemi ein, sem skipað sé með viðkomandi lögum, er njóti undanþágu frá útsvarsskyldu.

Hér sé eigi deilt um útsvarsskyldu þeirrar starfsemi, sem lögin um Búnaðarbanka Íslands kveða á um, þ. e. þeirrar ríkisstofnunar, sem sett er með þeim lögum, heldur um það, hvort slíkri stofnun sé heimilt að fara inn á önnur starfssvið en lögin um stofnunina gera ráð fyrir, án þess að stofnunin verði þá að því leyti að hlíta almennum reglum um viðskipti í þjóðfélaginu, og þá einnig að því er tekur til útsvarsskyldu. Hér gildi hin almenna regla að skýra þröngt undanþáguákvæði laga sem þau, er hér ræðir um, enda komi hér eigi til greina nein þau þjóðyrkjusjónarmið, er gefi tilefni til annars. Skattfríðindi þeirra banka og annarra stofnana, sem getið sé í greinargerð umboðsmanns gerðarbeiðanda, séu nógu víðtæk, þó að eigi sé seilzt út fyrir það, sem ótvírætt hafi vakað fyrir löggjafanum í þessu efni. Beri því að halda sér við bankastarfsemina, eins og hún sé skilgreind í lögum nr. 115/1941. Af því leiði óhjákvæmilega, að leigutekjur gerðarþola, sem hér sé um að ræða, séu útsvarsskyldar, og því beri að leyfa framgang lögtaksgerðarinnar.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Svo sem að framan greinir, hefur umboðsmaður gerðarþola reist sýknukröfu sína í máli þessu aðallega á 49. gr., 1. mgr., laga nr. 115/1941 um Búnaðarbanka Íslands, þar sem segir, að bankinn sé undanþeginn tekjuskatti, útsvari og öðrum opinberum gjöldum, og enn fremur á 1. gr. laga nr. 47/1924, þar sem segir, að engin stofnun ríkisins sé aukaútsvarsskyld eftir efnum og ástæðum. Þá hefur nefndur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að bankastarfsemi nú á tímum sé orðin svo fjölþætt, að hugtakið „bankastarfsemi" verði eigi bundið við innlánsstarfsemi og útlán peninga eingöngu. Það sé því fráleitt að undanskilja útsvarsfrelsi þá eðlilegu ráðstöfun bankans að leigja út það húsnæði í húsi sínu, sem hann hefur eigi not fyrir um stundarsakir. Það sé í rauninni engin eðlismunur á leigutekjum bankans af útlánsfé (sem enginn ágreiningur sé um, að séu útsvarsfrjálsar) og leigutekjum af húsnæði hans.

Á þessi sjónarmið umboðsmanns gerðarþola getur rétturinn eigi fallizt. Hins vegar verður rétturinn að fallast á þá skoðun umboðsmanns gerðarbeiðanda, að leigustarfsemi gerðarþola, sú er hér ræðir um, falli eigi undir starfsvið Búnaðarbanka Íslands, eins og það er skilgreint í lögum nr. 115/1941, og geti því eigi notið þeirra skattfríðinda, sem bankanum eru veitt í sömu lögum, og hljóti því að lúta almennum reglum útsvarslaganna um útsvarsskyldu. Ef sjónarmið umboðsmanns gerðarþola um þetta at-

riði yrði talið rétt, mundi vera opin leið fyrir bankana eða aðrar slíkar stofnanir að reisa t. d. fyrir eigið fé stórhýsi eingöngu til útleigu og fá af því skattfrjálsar leigutekjur. Varla mun þó löggjafinn hafa ætlað með framangreindum lögum að veita viðkomandi stofnunum svo víðtæk skattfríðindi, en á þessu tvennu, útleigu Búnaðarbankans á húsnæði í umræddu húsi sínu og í húsi, sem hann kynni að reisa eingöngu til útleigu, er enginn eðlismunur, aðeins stigmunur. Þá verður rétturinn og að fallast á þá skoðun umboðsmanns gerðarbeiðanda, að ríkisstofnanir njóti eigi ákvæðis 1. gr. laga nr. 47/1924 um útsvarsfrelsi, nema að því er snertir þá starfsemi þeirra, sem falli undir þau lög, sem um þær stofnanir hafa verið sett. Samkvæmt framansögðu verður því að líta svo á, að umræddar leigutekjur gerðarþola af húsnæði hans í húsinu nr. 5 við Austurstræti séu útsvarsskyldar samkvæmt almennum reglum útsvarslaganna nr. 66/1945. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. Af þessu leiðir, að málskostnaðarkrafa gerðarþola verður eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Föstudaginn 17. febrúar 1961.

Nr. 110/1960. **Ákæruvaldið** (Gunnar A. Pálsson hrl.)
gegn
Hafsteini Jóhannssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Theodór B. Líndal prófessor.

Ákæra um brot gegn 4. mgr. 220. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og lögreglusamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir að dómur var kveðinn upp í héraði, hafa farið fram framhaldspróf í málinu.

A.

I. ákæruatriði.

Samkvæmt kæru til lögreglustjórans á Akranesi og prófum málsins er talið, að ílátið með svonefndum Leó-töflum hafi horfið úr vörugeymsluhúsi Haralds Böðvarssonar & Co. á Akranesi einhvern tíma í næstu viku á undan 3. marz 1958. Í framhaldsprófum málsins hefur komið fram, að ákærði var skráður skipverji á b/v Akurey, sem var í veiðiför án viðkomu á Akranesi frá 21. febrúar 1958 til 10. marz s. á. Samkvæmt þessu og eins og aðgangi að vörugeymslunni og herbergi ákærða var háttað, þykja ekki sönnur færðar að sök ákærða, að því er þenna ákærulið varðar, og ber því að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

II. ákæruatriði.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er sannað, að ákærði er sekur um innbrot það og töku á þremur pökkum af dynamiti, sem þar greinir.

III. ákæruatriði.

Ákærði hefur kannazt við, að hann hafi varpað sprengjum á ýmsum stöðum í Akraneskaupstað á gamlárskvöld 1957 og 1958 og aðfangadag jóla 1958, en sprengjur þessar hafði hann gert sjálfur í heimildarleysi. Kveður hann dynamit hafa verið í sumum sprengjunum.

Eftir gögnum málsins þykir ekki nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um misferli með skotvopn, og ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar.

Þegar til þess er litið, hve hættulegt efni það var, er ákærði hefur gerzt sekur um stuld á samkvæmt II. ákærulið, sbr. lög nr. 69/1936, svo og þess, hver aðferð var höfð við þjófnaðinn, þá þykir bera að heimfæra þetta brot hans til 2. málsgr. 244. gr. laga nr. 19/1940. Brot þau, er ákærði hefur gerzt sekur um samkvæmt III. ákæruatriði, hefur héraðsdómari fært til réttra refsiákvæða.

Eins og gert er í héraðsdómi, ber að dæma refsingu í einu lagi fyrir framangreind brot ákærða og brot þau, er honum var dæmd skilorðsbundin refsing fyrir með dómi 21. febrúar 1955. Þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabótakröfu og málskostnað.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hafsteinn Jóhannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars A. Pálssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 5000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akraness 7. apríl 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. marz s.l., er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, út gefnu 8. maí 1959, höfðað gegn Hafsteini Jóhannssyni sjómanni, Krókatúni 14, Akranesi, fyrir að hafa:

I. Í febrúarlok eða marzbyrjun 1958 stolið þremur dunkum, innihaldandi svokallaðar Leó-opal töflur, úr læstri vörugeymslu hjá Haraldi Böðvarssyni & Co, Akranesi.

II. Skömmu fyrir jól 1958 brotizt inn í sprengiefnageymslu á Hólabrú og stolið þar þremur pökkum af dynamiti.

III. *1.* Á gamlárskvöld 1957 varpað heimatilbúnum sprengjum og „kínverjum" hingað og þangað um bæinn á Akranesi, m. a. á Merkurtún, Skuldartorg og hjá Bjóhöllinni.

2. Þann 24. desember 1958 framkvæmt sprengingu í fjörunni við Dráttarbraut Akraness og á gamlárskvöld 1958 og nýjársnótt kastað nokkrum heimagerðum sprengjum á Akranesi, m. a. við götuna Stillholt, hjá Fiskiveri, í Steinsvör og við vélsmiðjuna Loga með þeim afleiðingum, að nokkrar rúður brotnuðu í húsum.

3. Nokkrum sinnum skotið af byssu út um glugga heima hjá sér í Krókatúni og af lóðinni við húsið, m. a. einhvern tíma vors 1958 og 16. október s.l.

Brot þau, sem í nr. I og II að framan greinir, þykja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og brot þau, er í nr. III (1, 2 og 3) eru rakin, þykja varða við 4. mgr. 220. gr. fyrrgreindra laga og 1., 3. og 6. sbr. 70. gr. lögreglusamþykktar Akraness nr. 81/1945.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, til greiðslu skaðabóta svo og alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur á Akranesi 15. desember 1935, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

Á Akranesi:

1951 2/8 Samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins skal hann háður eftirliti barnaverndarnefndar til 18 ára aldurs.

1952 28/11 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 3. og 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. lög nr. 69/1936.

1955 21/2 Dómur: Fangelsi í 3 mánuði, skilorðsbundið í 5 ár. Greiði 5.000.00 króna skaðabætur, fyrir brot á 106. og 220. gr. hegningarlaganna og 1., 3. og 6. gr. lögreglusamþykktar Akraness.

Málavextir eru þessir:

I.

Á gamlárskvöld 1957 var allmikið um sprengingar á götum úti á Akranesi, og upplýstist af framburði vitna og eigin játningu ákærða sjálfs, að ákærði hafði búið til sprengjur eða „kínverja" heima hjá sér, sem hann síðan sprengdi víðsvegar um bæinn áðurgreint gamlárskvöld, meðal annars á Skuldartorgi, á Merkurtúni og hjá Bjóhöllinni. Þóttu sprengingar þessar óvenju kraftmiklar.

II.

Mánudaginn 3. marz 1958 tilkynnti Ingólfur Jónsson, verzlunarstjóri hjá Haraldi Böðvarssyni & Co, til lögreglunnar, að þá alveg nýlega hefði verið framið innbrot í eina af vörugeymslum nefnds fyrirtækis og stolið þaðan þremur dunkum af Leo-töflum. Vóg hver dunkur 27.5 kg.

Við athugun kom í ljós, að innbrotið hafði verið framið með þeim hætti, að spennt hafði verið upp smálúga á bakhlið vöruskemmunnar og farið þar inn og síðan sömu leið út aftur með þýfið. Leið nú nokkur tími svo, að ekki tókst að upplýsa, hver framið hefði umrætt innbrot, en hinn 23. júní 1958 komst lögreglan á snoðir um, að lítill drengur, Þorgeir Jóhannsson, Krókatúni 14 hér í bænum, hafði í fórum sínum óeðlilega mikið magn af umræddum Leo-töflum og gaf leikfélögum sínum óspart af þeim. Er drengurinn var spurður um það, hvar hann hefði fengið töflurnar, sem ekki var vitað til, að fengjust þá í verzlunum hér í bænum, kvað hann Hafstein bróður sinn, þ. e. ákærða, eiga mikið af þeim heima.

Við leit, sem gerð var samkvæmt dómsúrskurði á heimili ákærða 26. júní 1958, fannst einn hálffullur dunkur af Leo-töflum í sængurfatakassa í herbergi hans. Var þá ákærði farinn sem skipverji á m/b Sveini Guðmundssyni á síldarvertíð fyrir Norðurlandi, og var bæjarfógetinn á Siglufirði beðinn að annast um, að leit yrði gerð, en sú leit bar ekki árangur.

Við rannsókn máls þessa viðurkenndi ákærði ekki, að hann hefði framið umræddan innbrotsþjófnað, og ekki kvaðst hann heldur vita, hver það hefði gert.

Gunnar Brynjar Bergþórsson, Skólabraut 31 hér í bænum, sem yfirheyrður var út af innbrotsþjófnaðinum vegna náins kunningsskapar við ákærða, kvaðst ekki heldur geta upplýst neitt um það, hver verknaðinn hefði framið.

Móðir ákærða, Guðrún Magnúsdóttir, kvað það vera algengt, að ýmsir strákar, kunnugir og lítt kunnugir ákærða, gengju um herbergi hans, án þess þó að hún gæti nafngreint nokkra sérstaka, sem líklegir væru til að hafa gert það.

Enda þótt ekki liggi fyrir játning ákærða sjálfs um að hafa framið innbrotsþjófnað þenna né heldur upplýsingar vitna um það, þykir sú staðreynd, að sams konar dunkur og þeir, er hurfu úr vörugeymslu Haralds Böðvarssonar & Co., fannst falinn í herbergi ákærða, hálffullur af sams konar töflum og þeim, er stolið var, vera nægileg sönnun þess, að ákærði hafi að minnsta kosti átt hlut að umræddum innbrotsþjófnaði. Þykja eftirgreindar stoðir renna undir sönnunargildi þessarar staðreyndar:

1) Að bróðir ákærða, Þorgeir, sem að vísu var þá ekki nema 5—6 ára gamall, lét þau orð falla, svo sem áður er tekið fram, að Hafsteinn bróðir sinn ætti mikið af þessum töflum heima, er hann var spurður um, hvar hann hefði fengið þær.

2) Að ákærði aðeins neitar að vera valdur að umræddum þjófnaði, en sýnir enga viðleitni í þá átt að upplýsa, hverjir líklegastir væru til þess að nota herbergi hans sem felustað fyrir stolna hluti.

3) Að dunkurinn með Leo-töflunum er falinn í herbergi ákærða. Verður ekki séð, að dunkinn hefði þurft að fela, ef hann hefði verið löglega fenginn. Og hefðu aðrir framið þjófnaðinn og viljað reyna að koma grun um það yfir á ákærða, væru og litlar líkur til, að þeir hefðu farið að fela dunkinn í herbergi hans.

III.

Stuttu fyrir jól 1958 fór ákærði með þeim Brynjari Bergþórssyni, Skólabraut 31, og Ásgrími Þór Guðmundssyni, Kirkjubraut 21, hér í bænum, inn að svonefndri Hólabrú í Innri-Akraneshreppi í bifreiðinni X 352, sem nefndur Ásgrímur átti og ók sjálfur.

Brutu þeir upp hengilás á geymsluskúr, sem þar er, og tók ákærði þar ófrjálsri hendi 3 pakka af dynamiti og hafði heim með sér.

Þykir framangreint atferli fullsannað með eigin játningu ákærða sjálfs og framburði vitnanna Ásgríms Þórs Guðmundssonar og Gunnars Brynjars Bergþórssonar.

IV.

Miðvikudaginn 24. desember 1958 kærði Árni Runólfsson,

Fjólugrund 9 hér í bænum, til lögreglunnar það athæfi, að þá um morguninn hefði verið framin hrikaleg sprenging í fjörunni við Dráttarbraut Akraness, og hefði hann séð ákærða koma upp úr fjörunni ásamt með Garðari Kjartanssyni.

Undir rannsókn málsins viðurkenndi ákærði þegar, að hann hefði sprengt þarna heimagerða sprengju umræddan morgun.

Þá er upplýst með framburði vitnanna Ásgríms Þórs Guðmundssonar og Garðars Kjartanssonar, að ákærði sprengdi á gamlárskvöld 1958 og nýjársnótt heimagerðar sprengjur hér í bænum, m. a. við götuna Stillholt, hjá Fiskiveri, í Steinsvör, fram undan fiskiðjuveri Haralds Böðvarssonar & Co og í fjörunni fram undan vélsmiðjunni „Loga" með þeim afleiðingum, að nokkrar rúður brotnuðu í húsum.

Hefur ákærði sjálfur ekki beinlínis viðurkennt að hafa gert þetta, en ekki heldur borið á móti því.

V.

Hinn 16. október 1958 kærði Stefán Bjarnason lögregluþjónn, Krókatúni 12, hér í bænum, ákærða fyrir að hafa þá um daginn skotið úr hermannariffli af lóðinni heima hjá sér að Krókatúni 14 og út á sjóinn (Krókalón). Kveður kærandi ákærða hafa gert þetta oft áður og jafnvel leikið sér að því að skjóta út um glugga á efri hæð áðurnefnds húss heima hjá sér að Krókatúni 14.

Er kærandi mætti við rannsókn málsins sem vitni, kvaðst hann að vísu ekki hafa séð ákærða sjálfan, er skotið var af lóðinni við Krókatún 14 hinn 16. október 1958, né heldur, er skotið hefur verið þar út um glugga, en hann kveðst í nokkur önnur skipti hafa séð ákærða skjóta úr riffli á lóðinni heima hjá sér, enda hafi hann góða aðstöðu til að fylgjast með þessu, þar sem hann búi í næsta húsi við ákærða.

Vitnið Gunnar Brynjar Bergþórsson, kveðst hafa verið viðstatt eitt sinn, er ákærði, Hafsteinn Jóhannsson, skaut úr hermannariffli út um eldhúsgluggann heima hjá sér á tunnur úti á Krókalóni. Enn fremur kveðst vitnið oftar en einu sinni hafa horft á ákærða skjóta úr hermannariffli á lóðinni heima hjá sér að Krókatúni 14, en man ekki nákvæmlega, hvenær það var.

Bæði framangreind vitni, Stefán Bjarnason og Gunnar Brynjar Bergþórsson, hafa heitfest framburð sinn.

Ákærði sjálfur hefur reynzt óákveðinn í framburði sínum um þetta atriði ákærunnar. Fyrst í stað játaði hann hvorki né neitaði

sakargift þessari, en síðan mótmælti hann því að hafa skotið úr riffli út um glugga heima hjá sér, en tjáði sig ekki um hitt, hvort hann hefði skotið úr byssu af lóðinni heima hjá sér.

Með heitfestum framburði vitnanna Stefáns Bjarnasonar lögregluþjóns og Gunnars Brynjars Bergþórssonar þykir nægilega sannað, að ákærði hafi framið umrætt atferli.

VI.

Ákærði hefur samkvæmt því, sem að framan er rakið, gerzt sekur um allt það atferli, sem hann er saksóttur fyrir.

Varðar það atferli hans, sem greint er frá í I., IV. og V. hér að framan, við 1., 3., og 6. gr. sbr. 70. gr. lögreglusamþykktar fyrir Akraneskaupstað nr. 81/1945. Ekki hefur rannsókn málsins leitt í ljós eða sannanir fengizt fyrir því, að ákærði hafi með umræddu atferli sínu stofnað lífi eða heilsu annarra í „augljósan háska". Verður hann því ekki sóttur til saka fyrir brot á 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem ætlazt er til í ákæruskjali, og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot á nefndu hegningarlagaákvæði.

Það atferli ákærða, sem frá er greint í II. og III. hér að framan, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með því að ákærði hefur rofið skilorð samkvæmt dómi frá 21. febrúar 1955, ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22 3. maí 1955, að dæma bæði málin nú í einu lagi.

Með hliðsjón af framanrituðu svo og 72. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði hefur unnið til sviptingar kosningarréttar og kjörgengis til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Halldór Jónsson, Melteig 9 hér í bænum, hefur gert skaðabótakröfu í máli þessu, kr. 100.00, fyrir rúðubrot í húsi hans af völdum sprengingar á gamlárskvöld 1957 á Merkurtúni.

Með því að ekki liggja fyrir sannanir um, að ákærði hafi með atferli sínu valdið umræddu rúðubroti, þar sem upplýst er, að fleiri sprengdu heimagerðar sprengjur umrætt gamlárskvöld í bænum, verður hann ekki dæmdur til að greiða framangreindar skaðabætur til Halldórs Jónssonar í máli þessu.

Aðrar skaðabótakröfur hafa ekki verið gerðar í máli þessu.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með

talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Dómarinn lætur þess getið, að uppkvaðning dóms þessa hefur dregizt nokkuð vegna fjarveru ákærða og mikilla embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Hafsteinn Jóhannsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1961.

Nr. 222/1960. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Þorsteini Skúlasyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Laugardaginn 26. marz 1960, kl. um 2300, voru lögreglumennirnir Jóhannes Björgvinsson varðstjóri og Magnús Einarsson lögregluþjónn við eftirlit í eftirlitsbifreiðinni R 6947 og voru staddir við bifreiðastöð Hreyfils við Hlemmtorg.

Veittu þeir þá athygli leigubifreiðinni R 3031, sem ákærði var bifreiðarstjóri á, og þótti akstur hennar ógætilegur. Veittu lögreglumennirnir ákærða eftirför um nokkrar götur bæjarins, og um leið og ákærði stöðvaði bifreið sína á

gatnamótum Laugavegar og Snorrabrautar, fór Magnús lögregluþjónn út úr eftirlitsbifreiðinni og inn í bifreið ákærða, og óku bifreiðarnar síðan að bifreiðastæðinu við Rauðarárstíg og Grettisgötu.

Þegar þangað var komið, óskaði Jóhannes varðstjóri að fá að gera áfengisleit í bifreiðinni R3031, og samþykkti ákærði það. Rétti ákærði lögreglumönnunum tösku, sem var á gólfinu ökumannsmegin undir sætinu, og sagði, að í henni væri áfengi það, sem hann ætti. Reyndist það vera ein heil flaska af brennivíni, ein heil flaska af vodka og hálfflaska af brennivíni. Annað áfengi fannst ekki í bifreiðinni, en í hólfi í bifreiðinni fannst poki, og voru í honum 24 korktappar, sem voru hæfilega stórir í ölflöskur. Kvaðst ákærði hafa keypt heilflöskurnar í útsölubúð Áfengisverzlunar ríkisins við Snorrabraut fyrr um daginn, en á hálfflöskuna hafi hann látið sjálfur þá um daginn gamlar leifar af brennivíni, sem keypt hafi verið hjá Áfengisverzluninni.

Töldu lögreglumennirnir þetta fella grun á ákærða um flutning áfengis, sem ætlað væri til sölu. Af því tilefni fór svo fram rannsókn, sem leiddi til málshöfðunar þessarar á hendur ákærða. Ekki verður talið skipta máli um refsinæmi verknaðar samkvæmt 4. sbr. 3. málsgr. 19. gr. laga nr. 58/1954, þó að grunur löggæzlumanna um ólögmætan áfengisflutning komi þá fyrst til, er þeir hafa stöðvað bifreið eða hafið afskipti af henni í öðru skyni en leit að áfengi.

Ákærði, sem með dómi sakadóms Reykjavíkur 12. febrúar 1954 var dæmd sekt fyrir ólöglega áfengissölu samkvæmt 15. sbr. 33. gr. þágildandi áfengislaga, hafði, eins og áður segir, meðferðis tvær og hálfa flösku áfengis og kveðst hafa ætlað það til eigin nota. Eins og atvikum er háttað, svo sem nánar er greint í héraðsdómi, þykir ákærði ekki hafa leitt að því nægar líkur, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur hann því gerzt sekur við ákvæði 4. sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Leitt er í ljós, að 26. marz 1960 nam söluverð hins umrædda áfengis hjá Áfengisverzlun ríkisins samtals kr. 435.00. Í 2. mgr. 42. gr. greindra áfengislaga er mælt, að brot gegn 4. mgr.

19. gr. laganna varði sektum, er nemi í fyrsta sinn fimmföldu, en í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Þar sem ítrekunaráhrif dómsins frá 12. febrúar 1954 eru niður fallin, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940, og ákærði verður ekki talinn hafa gert sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, ber að ákveða refsingu ákærða kr. 2175.00 sekt, er renni í Menningarsjóð, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Áfengi það, ein og hálf flaska af brennivíni og ein flaska af vodka, sem tekið var af ákærða, skal vera upptækt til ríkissjóðs samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 58/1954.

Hins vegar verður krafa ákæruvaldsins um, að ákærða verði dæmd ökuleyfissvipting samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaganna, ekki tekin til greina af framangreindum ástæðum.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 3000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Skúlason, greiði kr. 2175.00 sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindar 2½ flaska af áfengi eru upptækar til handa ríkissjóði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00, og laun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. nóvember 1960.

Ar 1960, miðvikudaginn 16. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 6795/1960: Ákæruvaldið gegn Þorsteini Skúlasyni, en mál þetta var tekið til dóms hinn 28. f. m.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 21. maí 1960, höfðað gegn ákærða, Þorsteini Skúlasyni bifreiðarstjóra, Rauðarárstíg 13 í Reykjavík, fyrir að hafa laugardagskvöldið 26. marz s.l. haft meðferðis í bifreið sinni, R 3031, 1 flösku af vodka og 1½ flösku af brennivíni, en áfengi þetta, er ákærði þykir hafa ætlað til sölu, afhenti hann lögreglumönnum á bifreiðastæði á Rauðarárstíg, þangað sem hann hafði fært bifreiðina að þeirra ósk. Telst þetta varða við 4. sbr. 3. mgr. 19. gr. sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga, að fyrrgreint áfengi verði gert upptækt samkvæmt 2. mgr. i.f. 42. gr. áfengislaga, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 4. nóvember 1926 að Hálsgerði í Ljósavatnshreppi. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1951 21/11 Áminning fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1954 12/2 Dómur: 3000 kr. sekt fyrir brot á 15. sbr. 33. gr. áfengislaga.

1956 1/2 Áminning fyrir umferðarlagabrot.

1958 12/6 Dómur: 2000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 10/5 1958 fyrir brot á bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 26. marz s.l. klukkan um 2300 urðu þeir Jóhannes Björgvinsson lögregluvarðstjóri og Magnús Einarsson lögregluþjónn varir við leigubifreiðina R 3031, er þeim fannst ekið gálauslega og hratt. Mældu lögreglumennirnir hraða R 3031, og reyndist hann mestur austur Skúlagötu 60 km, miðað við klukkustund. Lögreglumennirnir áttu tal við ökumann bifreiðarinnar, er reyndist ákærði í máli þessu. Óskaði Jóhannes lögregluvarðstjóri þess þá, að ákærði veitti heimild til áfengisleitar í bifreiðinni. Ákærði samþykkti þegar slíka leit, rétti samtímis fram litla tösku, er hann

kvað geyma áfengi það, sem í bifreiðinni væri. Í töskunni voru ein heilflaska brennivíns, önnur af vodka og ölflaska full af brennivíni. Þessu næst leituðu lögreglumennirnir frekara áfengis í bifreið ákærða, en fundu ekki. Úr hólfi í mælaborði bifreiðarinnar tóku þeir poka með 24 korktöppum.

Ákærði játaði þegar eignarrétti sínum á víninu og kvaðst aðspurður af Jóhannesi lögregluvarðstjóra ætla að nýta áfengið sjálfur, þar sem hann hugðist fara á dansleik. Ákærði var færður á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar og staðfesti þar frásögn sína. Vörslu á korktöppunum skýrði hann á þá leið, að farþegar beiddust oft slíkra muna, og því æskilegt að eiga þá í bifreiðinni.

Ákærði játaði að hafa ekið allgreitt umrætt sinn, en gat ekki fullyrt um hraðann í km, þar sem hann leit ekki á hraðamælinn. Lögreglumennirnir mældu hraða bifreiðar ákærða og fullyrtu, að hann hefði reynzt 60 km, miðað við klukkustund, austur Skúlagötu í Reykjavík, þar sem hámarkshraði er 35 km, miðað við klukkustund. Ákæruvaldið hefur ekki ákært vegna þessarar háttsemi ákærða, og kemur hún því ekki frekar til úrlausnar.

Málið er hins vegar höfðað gegn ákærða fyrir að hafa ætlað til sölu áfengi það, er hann afhenti lögreglumönnunum. Þeim sakargiftum hefur ákærði algerlega neitað sem réttum.

Ákæruvaldið telur, að hegðun ákærða varði við 4. sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Verður ekki hjá því komizt að greina hér efni þeirra orðrétt: 3. mgr: „Enn fremur er þeim (þ. e. mönnum með lögregluvaldi) heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu", og 4. mgr.: „Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á, sem í næstu málsgrein hér á undan segir (þ. e. 3. mgr.), og skal þá refsa eiganda þess, sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema leiddar séu að því sterkar líkur, að áfengið sé ekki ætlað til sölu."

Hér er um að ræða sérstæða lagareglu, þar sem sönnunarbyrðinni, sem að jafnaði hvílir á ákæruvaldinu, er velt yfir á sakborning, og hlýtur því ákvæðið að lúta þröngri lögskýringu. Frumskilyrði þess, að reglunni verði beitt, er, að fyrir liggi rökstuddur grunur um, að í bifreið sé áfengi, ætlað til ólöglegrar sölu.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, stóð svo á, eins og áður er sagt, að bifreið ákærða var ekki stöðvuð, af því að rökstuddur grunur væri á því, að hún flytti áfengi til ólöglegrar sölu. Bifreiðin er stöðvuð, vegna þess að lögreglumenn telja ökumann aka gálauslega og yfir lögleyfðan hraða. Lögreglumennirnir hafa báð-

ir staðhæft fyrir dómi, að þessi hafi verið ástæðan til afskipta þeirra af ákærða, og jafnframt beinlínis fullyrt, að þeir hefðu engan grun haft um, að bifreið hans flytti áfengi, er ætlað væri til ólöglegrar sölu. Heimild til leitarinnar byggist ekki á neinum ákvæðum 19. gr. áfengislaganna. Ljóst er af orðun 1. og 2. mgr. 19. gr., sambandi þeirra við 3. og 4. mgr. sem og forsendum lagasetningarvalds, þá er síðastnefndum málsgreinum var efnislega fyrst skotið inn í áfengislöggjöfina með lögum nr. 47/1951, að 1. og 2. mgr. fjalla einasta um meðferð ólöglegs áfengis í landinu, m. a. heimild til leitar í flutningatækjum í því sambandi, og gilda þá almennar reglur um sönnunarbyrði. Það virðist fráleitt að heimila leit samkvæmt 3. mgr. 19. gr. í ákveðnum hópum bifreiða, t. d. öllum leigubifreiðum, og telja þannig, að ávallt sé fyrir hendi rökstuddur grunur um áfengi til ólöglegrar sölu, ef um leigubifreiðastjóra er að ræða, þó að allmargir úr þeirri stétt hafi gerzt sekir um áfengissölu. Slík skýring frávikningarreglu kann að vera mjög æskileg fyrir löggæzlu, en lögheimil verður hún ekki talin.

Þar sem löggæzlumenn hafa ekki haft sérstakan rökstuddan grun um það í máli þessu, að ákærði flytti í bifreið sinni áfengi, er ætlað væri til ólöglegrar sölu, brestur skilyrði til þess, að beitt verði ákvæðum 4. mgr. 19. gr. áfengislaganna. Heimild löggæzlumanna til leitarinnar byggist eingöngu á leyfi ákærða um, að hún færi fram, ekki 3. mgr. 19. gr. áfengislaga, en þar af leiðir, að undantekningarákvæði 4. mgr. sömu greinar um sönnunarbyrði, verður ekki við komið í máli þessu, heldur ber ákæruvaldið sönnunarbyrði sem í öðrum opinberum málum.

Fullnægjandi rök hafa ekki verið færð fyrir því af hálfu ákæruvaldsins, að áfengi það, er ákærði afhenti löggæzlumönnum, hafi verið ætlað til ólöglegrar sölu.

Ákærða ber því að sýkna af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu, en dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Skúlason, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 24. febrúar 1961.

Nr. 79/1960. **Ákæruvaldið** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Brynjari Ólafssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Mál lagt fyrir Læknaráð til umsagnar.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt með skírskotun til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja umsagnar Læknaráðs um skýrslu Rannsóknarstofu háskólans, dags. 30. ágúst 1959, um krufningu þá, sem Ólafur Bjarnason læknir framkvæmdi á líki Sigríðar Ástu Þórarinsdóttur, er í málinu greinir. Einkum er um það spurt, hvað ráða megi af krufningunni og með hve mikilli vissu um dánarorsök konunnar. Þá er óskað skýrslu um hættusemi kverkataka. Rétt er og, að Læknaráð láti uppi álit um, hvort álykta megi af krufningarskýrslunni nokkuð um það, hvort samfarir ákærða við nefnda konu hafi farið fram að óvilja hennar.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té umsögn um framgreind atriði.

Föstudaginn 24. febrúar 1961.

Nr. 174/1960. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Hannesi Guðmundssyni og gagnsök
(Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Þorgeir Þorsteinsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1960 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. febrúar 1961, gagnáfrýjað málinu með stefnu 21. s. m. og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 20.714.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 17. maí 1960 til 28. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Munnlegur málflutningur í máli þessu fór fram hinn 23. júní 1960, en dómur var upp kveðinn 14. september s. á. Með þessum drætti á dómsuppsögu hefur héraðsdómari freklega brotið fyrirmæli 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936, sbr. einnig 44. gr. laga nr. 112/1935, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlazt, þá er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja dóm og málsmeðferð frá og með þinghaldi 23. júní 1960 og skylda dómarann til að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Meðferð máls þessa í héraði frá og með þinghaldi 23. júní 1960 og héraðsdómur eiga að vera ómerk, og ber héraðsdómara að taka málið upp af nýju til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadóms Keflavíkurflugvallar 14. september 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 16. júní s.l., er höfðað með samkomulagi aðilja fyrir aukadómþingi Keflavíkurflugvallar með stefnu, útgefinni 17. maí 1960 og birtri 30. sama mánaðar, af Hannesi Guðmundssyni, Vífilsgötu 15, Reykjavík, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 20.714.00, fyrir örorku, þjáningar og líkamslýti vegna slyss, er stefnandi varð fyrir hinn 14. marz 1958 í aðaldyrum þvottahúss varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Enn fremur krefst hann 11% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaður að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa, en til vara lækkunar á kröfu stefnanda og að málskostnaður falli niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 14. marz 1958, kl. 1540, var stefnandi, sem var starfsmaður þvottahúss varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, á leið inn í þvottahúsbygginguna um aðaldyr hennar.

Er hann var í þann veginn að opna dyrnar, en hurðin opnast út, og hafði tekið hægri hendi um hurðarhún og dregið hurðina að sér lítils háttar, taldi hann sig finna, að hann hefði ekki fullkomið vald yfir hurðinni með annarri hendi, og greip hann þá vinstri hendi um hurðarbrún, en um leið svipti vindhviða hann valdi yfir hurðinni, sem við það skall að stöfum. Varð vinstri hönd stefnanda á milli hurðar og stafs með þeim afleiðingum, að fremsti köggull baugfingurs kubbaðist af og hrökk inn á gólf hússins.

Vegna slyss þessa var stefnandi frá vinnu í 4 til 5 vikur, þar til sár hans var að fullu gróið, en þó hélt hann fullum launum á meðan.

Stefnandi telur orsök slyss þessa vera, að dyraumbúnaður hafi verið ófullnægjandi, miðað við aðstæður, og að stefndi beri á því fébótaábyrgð samkvæmt ákvæðum laga nr. 110/1951.

Telur stefnandi, að vegna þunga hurðarinnar hafi honum verið ókleyft að valda henni, einungis með því að taka um hurðarhúninn, sem var kúlulagaður og því afsleppur. Þegar þar við bætist, að stöðugs dragsúgs gæti í dyrunum vegna hita og gufumyndunar inni í byggingunni, hafi húsráðendum verið skylt að útbúa hurðina með traustu handfangi, sem auðvelt væri að ná öruggu taki á, og að öðru leyti ganga þannig frá hurðinni, að ekki stafaði af henni slysahætta, eins og raun hafi orðið á.

Til styrktar framangreindum staðhæfingum sínum hefur hann lagt fram skýrslu öryggiseftirlits ríkisins, en niðurstaða hennar hljóðar svo: „Að sögn starfsmanna þvottahússins er oft, þegar hvasst er, mjög erfitt að opna umrædda hurð. Eðlilegast hefði því verið að útbúa hurðina þannig, að ekki hefði þurft óeðlilega mikið afl til að opna hana. Fyrirmæli þar að lútandi hafa verið gefin, það er að segja, setja farg á hurðina.

Orsök slyssins verður því að teljast að miklu leyti vanbúnaður á hurðinni".

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann beri enga fébótaábyrgð vegna slyss þessa, í fyrsta lagi vegna aðildarskorts, þar eð umræddur atburður verði ekki rakinn til verknaðar manna úr liði Bandaríkjanna á Íslandi, og í öðru lagi vegna þess að stefnandi hafi átt alla sök á slysinu vegna klaufaskapar við að opna hurðina.

Ljóst er af því, sem að framan er rakið, að frágangur við framangreindar dyr, miðað við þunga hurðar og aðrar aðstæður, hefur ekki verið fullnægjandi og að slysið má að nokkru leyti rekja til greinds vanbúnaðar.

Telur rétturinn hins vegar, að stefnandi, sem var kunnugur staðháttum og aðstæðum, hefði átt að sýna meiri varúð, er hann opnaði hurðina í umrætt skipti, og að aðgæzluskorti hans verði hér að nokkru leyti um kennt.

Samkvæmt 2. tl. 12. gr. fylgiskjals með lögum nr. 110/1951 verður talið, að stefndi beri fébótaábyrgð vegna slyss þessa, og þykir rétt, að hann beri ábyrgð að ¾ hlutum, en stefnandi að ¼ hluta.

Stefnandi hefur ekki sundurliðað stefnukröfuna, kr. 20.714.00, en ljóst er samkvæmt örorkumati Guðjóns Hansens cand. act., þar sem örorka stefnda vegna umrædds slyss er metin til fjár á kr. 10.714.00, að krafa stefnanda fyrir þjáningar og líkamslýti nemur kr. 10.000.00. Samkvæmt vottorði tryggingalæknis er varanleg örorka stefnanda vegna umrædds slyss talin nema 1½%.

Ekki er ágreiningur um fjárupphæð örorkumats, og verður það því tekið til greina óbreytt.

Kröfu stefnanda fyrir þjáningar og líkamslýti hefur stefndi mótmælt sem of hárri.

Þegar hliðsjón er höfð af því, að sárið gréri fljótt og með eðlilegum hætti, og að hönd stefnanda var lýtt áður, tvær fremstu kjúkur á litla fingur sömu handar vantaði, þykja bætur vegna greinds kröfuliðar hæfilega ákveðnar kr. 6.000.00.

Samkvæmt framanrituðu ber stefnda því að greiða stefnanda ¾ hluta af kr. 16.714.00, eða samtals kr. 12.560.50, með 11% ársvöxtum frá 17. maí 1960 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 2.000.00 í málskostnað.

Þar eð atvik máls þessa lágu ljóst fyrir, þótti dómaranum ekki ástæða til að taka málið til flutnings að nýju, eftir að réttarhléi lauk hinn 31. ágúst s.l.

Dráttur sá, er orðið hefur á dómsuppkvaðningu að loknu réttarhléi, stafar af önnum dómarans við rannsókn opinbers máls, sem ekki þoldi bið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hannesi Guðmundssyni, kr. 12.560.50 með 11% ársvöxtum frá 17. maí 1960 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. febrúar 1961.

Nr. 209/1960. **Gunnar Ásgeirsson, Lárus Ingimarsson og Matthías Guðmundsson**
gegn
Þorsteini Thorarensen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Gunnar Ásgeirsson, Lárus Ingimarsson og Matthías Guðmundsson, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir stefnda, Þorsteini Thorarensen, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 500.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. marz 1961.

Nr. 70/1959. **H/f Marz** (Haukur Jónsson hdl.)
gegn
Almennum tryggingum h/f
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1959. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 171.506.89 eða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Til vara krefst hann mikillar lækkunar á dómkröfum áfrýjanda og að málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa nokkur ný gögn verið lögð fram í málinu.

Áfrýjandi krefur stefnda um vátryggingarbætur vegna skemmda, sem hann telur, að orðið hafi á b/v Marz á þeim tíma, er togarinn var vátryggður hjá stefnda, þ. e. frá 15. apríl 1951 til 15. apríl 1956. Kveður áfrýjandi skemmdir þessar annað hvort hafa orðið vegna handvammar skipverja eða af völdum óveðra, og beri stefnda því að bæta þær samkvæmt ákvæðum í vátryggingarsamningi aðilja.

Áfrýjandi tilkynnti stefnda ekki skemmdir þessar fyrr en í lok vátryggingartímabils, og er þó leitt í ljós, að frá því í október 1951 og þar til í október 1955 fékk áfrýjandi 32 sinnum vátryggingarbætur úr hendi stefnda vegna skemmda á skipinu, og skipið var, að sögn áfrýjanda, á þessum tíma fjórum sinnum á ári í slipp. Ekkert er heldur skráð í skipsbækur um skemmdir þessar. Er því allt á huldu um, hvenær þær hafa orðið, og verður ekki vitað, hvort eða að hve miklu leyti bótakröfur kunna að vera fyrndar samkvæmt ákvæðum 29. gr. laga nr. 20/1954. Þá veita og gögn þau, sem áfrýjandi hefur lagt fram til stuðnings staðhæfingum sínum um orsakir skemmdanna, ekki fullnægjandi vitneskju í því efni. Að svo vöxnu máli á áfrýjandi því ekki rétt til vátryggingarbóta úr hendi stefnda vegna skemmda þessara, sbr. 17. lið í vátryggingarsamningi aðilja og 21. og 22. gr. laga nr. 20/1954. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Marz, greiði stefnda, Almennum tryggingum h/f, kr. 5.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. febrúar 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur h/f Marz, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með utanréttarstefnu, dags. 4. apríl 1957, gegn Almennum tryggingum h/f, hér í bænum, til greiðslu tjónbóta, að fjárhæð kr. 171.506.89 auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. *Til vara* krefst hann þess, að stefnukröfurnar verði færðar niður til verulegra muna og málskostnaður þá látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að togari stefnanda, b/v Marz, RE 261, var í vátryggingu hjá stefnda frá 15. apríl 1951 til 15. apríl 1956 með skildögum um alla áhættu togara (trawler all risk clauses). Á þessum tíma hafði togarinn verið tekinn í dráttarbraut að jafnaði fjórum sinnum á ári til viðgerðar á tjónum, er undir vátrygginguna féllu. Að beiðni stefnanda voru hinn 15. marz 1956 tveir hæfir og óvilhallir menn dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur til þess að meta til peningaverðs „viðgerðir á dældum á skrokk b/v Marz svo og plötu- og dekkviðgerð við hálfdekk í framhaldi af bráðabirgðaviðgerð, sem gerð var við hálfdekk seint á árinu 1955". Segir í bréfi stefnanda til bæjarþingsins, að mats sé beiðzt vegna þess, að skipt verði um vátryggjendur skipsins á næstunni, og því sé nauðsynlegt, að örugg vissa sé fyrir því, hvaða viðgerðir það séu, sem framkvæma beri á kostnað núverandi vátryggjenda skipsins, svo að komið verði í veg fyrir deilur um það síðar meir. Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 26. október 1956, fór aðalskoðun þeirra á b/v Marz fram 15. marz 1956. Auk matsmannanna voru viðstaddir skoðun þessa trúnaðarmaður stefnda, trúnaðarmaður vátryggingarfélags þess, er vátrygging skipsins fluttist til, og skoðunarmaður Lloyd's. Í matsgerðinni er skemmdum á skipinu lýst svo, að nokkrar plötur bæði á stjórnborðs- og bakborðshlið þurfti viðgerðar eða endurnýjunar við. Þá sé dekksvinkill við hádekk brotinn og handriðstréð aftast á bátaþilfari allt ónýtt. Virða matsmennirnir kostnað við viðgerð á skemmdunum til peningaverðs og áætla tímann, sem viðgerðin muni taka.

Viðgerð á umræddum skemmdum fór fram í nóvember og desember 1956, og framkvæmdi Stálsmiðjan h/f, hér í bæn-

um, hana samkvæmt verktilboði, sem gert var, áður en viðgerðin hófst.

Stefnandi heldur því fram og reisir á því dómkröfur sínar, að umræddar skemmdir hafi orðið á skipinu á vátryggingartímanum og með þeim hætti, að vátryggingarsamningur aðiljanna taki til þeirra. Að vísu sé ekki unnt að rekja skemmdirnar til ákveðinna atburða, en augljóst sé, að skipið hafi ekki skemmzt af sjálfu sér. Beri stefnda því að greiða viðgerðarkostnaðinn svo og annan kostnað, er af viðgerðinni hafi leitt. Hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína svo:

1.	Viðgerðarkostnaður	kr.	142.638.50
2.	Kostnaður vegna mannahalds, meðan á viðgerð stóð	—	21.754.36
3.	Kostnaður vegna gæzlumanns	—	4.127.64
4.	Reikningur trúnaðarmanns Lloyd's	—	2.530.00
5.	Slysatrygging 9 manna, meðan á viðgerð stóð	—	456.39
		Alls kr.	171.506.89

Kröfu sína um sýknu styður stefndi fyrst og fremst þeim rökum, að engar sannanir liggi fyrir um það, að skip stefnda, b/v Marz, hafi á vátryggingartímabilinu orðið fyrir þeim tjónum, sem hér er krafizt bóta á, eða þó svo yrði litið á, að tjónin hafi þá orðið með þeim hætti, að þau falli undir vátryggingarsamninginn. Bendir stefndi í þessu sambandi á, að stefnandi hafi aldrei gert neina tilraun til þess að rekja tjónin á skipinu til ákveðinna atburða né heldur til þess að sýna fram á, að þau féllu undir vátryggingarsamninginn. Þetta hafi stefnanda þó átt að vera í lófa lagið, þar sem skipið hafi á vátryggingartímanum verið tekið svo oft sem áður er sagt í dráttarbraut vegna skemmda, er undir vátrygginguna hafi fallið.

Í öðru lagi styður stefndi sýknukröfuna þeim rökum, að kröfur stefnanda til tjónbóta, þótt einhverjar hefðu verið, séu niður fallnar vegna fyrningar og vangeymslu. Samkvæmt vátryggingarsamningnum sé það frumskylda vátryggða að tilkynna vátryggingarsala, þegar tjón ber að höndum, svo að vátryggingarsali geti gætt hagsmuna sinna. Þessari frumskyldu hafi stefnandi ekki fullnægt. Í þessu sambandi beri og á það að líta, að hann (stefndi) endurtryggi, svo sem öll önnur vátryggingarfélög, hvert það tjón, er undir vátryggingarsamninginn falli, og á honum hvíli sú skylda, að tilkynna endurtryggjendum um bótaskyld tjón. Þetta hafi honum ekki verið unnt, þar sem hon-

um sjálfum hafi engar tilkynningar borizt frá stefnanda, og sé þannig fullkomin hætta á, að hann hafi fyrirgert öllum rétti á hendur endurtryggjendum vegna umræddra tjóna.

Telja verður sennilegt, eftir því sem fram hefur komið, að skemmdir þær, sem hér um ræðir, hafi orðið á b/v Marz á vátryggingartímanum, en hins vegar er og þegar komið fram, að ekki er unnt að rekja þær til ákveðinna atburða, ekkert hefur fundizt skráð um þær eða tildrög þeirra í leiðarbók skipsins. Á reikningi, sem stefnandi hefur lagt fram yfir viðgerðarkostnað þann, er hann krefst endurgreiðslu á, kemur fram, að viðgerðin hefur aðallega beinzt að plötuskemmdum á stjórnborðsbyrðingi skipsins. Við munnlegan flutning málsins taldi lögmaður stefnanda sennilegt, að skemmdirnar hefðu orðið smátt og smátt, og orsök þeirra væri sú, að við togveiðar hefðu toghlerar og „bobbingar" slegizt í skipshliðina. Á þetta álit lögmannsins má fallast. Nú hefur, eins og áður segir, ekkert komið fram, sem bendi til þess, að þetta hafi orsakazt af sérstökum áföllum vegna slæms veðurs eða vegna mistaka skipstjórnarmanna eða annarra skipverja skipsins. Verður því ekki annað séð en umræddar skemmdir hafi orðið við almenna notkun b/v Marz við togveiðar, en ekki verður talið, að skemmdir, er eingöngu verða raktar til slíkrar venjulegrar notkunar skipsins, falli undir vátryggingarsamning aðiljanna.

Að þessu athuguðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni og Hjálmari R. Bárðarsyni skipaskoðunarstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar tryggingar h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, h/f Marz, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 3. marz 1961.

Nr. 25/1960. **H/f Júpiter og h/f Marz**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Elding Trading Company og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1960 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim kr. 60.100.00 með 6% ársvöxtum frá 10. desember 1953 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. júní 1960, gagnáfrýjað málinu með stefnu 28. s. m. og krafizt sýknu og að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur hér fyrir dómi haft uppi sýknukröfu, reista á því, að aðaláfrýjendur séu eigi réttir aðiljar máls þessa, en af ástæðum þeim, sem raktar eru í héraðsdómi, verður þessari kröfu eigi sinnt.

Samkvæmt gögnum máls þessa verður við það að miða, að aðaláfrýjendur hafi veitt viðtöku aluminiumplötum þeim, sem í málinu greinir, í október-nóvember 1950. Gegn neitun gagnáfrýjanda er eigi sannað, að aðaláfrýjendur hafi kvartað undan göllum á plötunum fyrr en með bréfi 30. desember 1952. Þar sem þannig lengri tími en eitt ár leið, frá því aðaláfrýjendur fengu plöturnar afhentar, og þar til þeir kvörtuðu, svo sannað sé, og þar sem eigi er í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hafi tekizt á hendur sérstaka ábyrgð á plötunum, eru kröfur aðaláfrýjenda á hendur honum fyrndar samkvæmt 54. gr. laga nr. 39/1922.

Ber því að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um sýknu í málinu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Elding Trading Company, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjenda, h/f Júpiters og h/f Marz, í máli þessu.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. nóvember 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hafa h/f Júpiter og h/f Marz, hér í bænum, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni og birtri 10. desember 1953, gegn Halldóri Kjartanssyni forstjóra f. h. Elding Trading Company, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð allt að kr. 60.100.00 auk 6% ársvaxta frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra að skaðlausu. Til vara hefur hann mótmælt kröfum stefnenda sem of háum.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 12. júní 1950, gerði stefndi, að undangengnu samtali, framkvæmdastjóra stefnenda, Tryggva Ófeigssyni, tilboð um sölu á bylgjuðum aluminiumplötum, nr. 25, þykkt 0.019", stærð 8 fet sinnum 24", fyrir kr. 24.00 per fermetra hér á staðnum, og var innifalinn í verðinu allur kostnaður ásamt söluskatti og 5% ómakslaunum til stefnda. Jafnframt bauðst stefndi til að útvega tilheyrandi saum úr aluminium, 2" langan og 0.135" í þvermál með plastic skífu, fyrir kr. 13.75 per lbs. f.o.b. New York.

Framkvæmdastjóri stefnenda kveðst hafa svarað bréfi þessu með bréfi, dags. 21. júní 1950, og sent stefnda það með sérstökum sendimanni. Hafa stefnendur lagt fram í málinu sem dskj. 4 plagg, er þeir kveða vera endurrit af bréfi þessu. Í endurritinu er viðurkennd móttaka bréfsins frá 12. júní 1950 og jafn-

framt pantaðar 1500 bylgjaðar aluminiumplötur svo og nægjanlegt magn af aluminiumsaum í þetta plötumagn, og er pöntunin í samræmi við tilboð stefnda í fyrrgreindu bréfi hans, að öðru leyti en því, að óskað er eftir, að plöturnar séu 9 fet á lengd í stað 8 feta, þar eð við síðari athugun hafi komið í ljós, að 9 feta lengdin henti betur. Þá segir í endurritinu: „Jeg geng út frá því, að plöturnar þoli seltu og séu af svipuðum gæðum og enskar „aluminiumalloy roofing sheets".

Forstjóri stefnda fullyrðir, að hann hafi aldrei móttekið neitt bréf frá framkvæmdastjóra stefnenda eða stefnendum, varðandi pöntunina á aluminiuminu, og heldur því fram, að gert hafi verið út um viðskiptin munnlega. Liggur fyrir í málinu bréf frá stefnda til framkvæmdastjóra stefnenda, dags. 29. júní 1950, þar sem stefndi viðurkennir að hafa pantað fyrir hann til afgreiðslu frá Bandaríkjunum, eins fljótt og mögulegt sé, 2300 fermetra af bylgjuðum þakplötum úr aluminium, og er ekki í bréfinu vísað til neins bréfs frá framkvæmdastjóra stefnenda.

Samkvæmt endurriti af reikningi yfir vöruna, sem fyrir liggur í málinu og stílaður er á framkvæmdastjóra stefnenda, hefur varan komið hingað til lands í októbermánuði 1950, og er vörumagnið á reikningnum talið 1804 fermetrar af aluminium þakplötum og 23 kg af saum.

Meginhlutann af þakplötunum kveða stefnendur hafa verið notaðan á fiskverkunarhús, sem þeir á þessum tíma hafi átt í smíðum á Kirkjusandi, hér í bænum, og hafi þakplöturnar verið negldar niður með aluminíumsaum þeim, er plötunum hafi fylgt. Síðar hafi fljótlega tekið að bera á því, að aluminíum efnið í þakplötunum hafi tærzt óeðlilega fljótt, t. d. hafi lítil útidyrahurð, sem klædd hafi verið með efninu, verið orðin alveg ónýt vegna tæringar eftir eitt ár og því orðið að skipta um hurð. Á árinu 1952, er um það bil tvö ár hafi verið liðin frá því efnið var lagt á þökin, hafi verið dottin göt á það af tæringu. Stefnda hafi strax verið gert viðvart, er tæringin hafi komið í ljós, og honum gefinn kostur á að fylgjast með ásigkomulagi efnisins. Jafnframt hafi margsinnis verið óskað eftir ráðleggingum frá honum um það, hvernig stöðva mætti tæringuna, en til þess hafi hann ekki kunnað nein ráð. Þegar komið hafi verið fram á árið 1952, hafi verið orðið fyrirsjáanlegt, að skipta yrði sem fyrst algerlega um efni á þakinu, þar sem það hafi þá verið farið að leka verulega. og hætta orðin á, að plötur tæki af í

stormi. Stefnda hafi verið tilkynnt um þetta og honum gefinn kostur á að taka þátt í kostnaði við viðgerð þaksins, en hann hafi algerlega hafnað því.

Að beiðni stefnenda voru tveir hæfir og óvilhallir menn dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur 11. maí 1953 til þess að framkvæma mat á umræddu þakefni. Var sérstaklega óskað eftir áliti matsmanna um eftirgreind atriði.

„1. Hvað veldur því, að þakplöturnar tærast og skemmast, svo sem raun ber vitni?

2. Telja matsmenn, að þakefni þetta samsvari að gæðum hinu enska aluminium þakefni, sem er sjávarmegin á þurrkhúsinu?

3. Hvern áætla matsmenn kostnað, efni og vinnu við að taka burtu hið skemmda þakefni og setja í þess stað á þakið varanlegt aluminium efni, samsvarandi að gæðum því, sem nú er sjávarmegin á húsinu".

Í matsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 31. október 1953, segir, að á suðausturhluta fiskverkunarhúss stefnenda sé þakaluminiumið mjög skemmt. Þakkjölurinn sé allur corroderaður og samskeyti öll á plötum (skörnum) sömuleiðis mikið tærð. Þá ber einnig mikið á tæringu út frá nöglum. Á norðvesturhluta byggingarinnar séu aluminiumplötur af annarri gerð, og beri lítið á tæringu í þeim. Í málinu er framkomið, að þakplöturnar á þessum hluta byggingarinnar eru ensk framleiðsla. Enn segir í matsgerðinni, að 67 plötur á austurenda byggingarinnar virðist úr sama efni og þakaluminiumið á suðausturhlutanum, enda svipað skemmdar.

Telja matsmennirnir, að á aðalþakinu séu alls skemmdar 685 stk. 9 feta plötur og á viðbyggðum skúr 6 stk. 7 feta plötur, einnig kjölur beggja húsanna. Enn fremur segir svo í matsgerðinni um frágang þaksins og skemmdir þakefnisins: „Burðarviðir þaksins á hinu umrædda húsi eru úr tré, og er að mestu klætt með timbri yfir sperrurnar.

Yfir klæðningu er lagður einfaldur tjörupappi. Yfir þenna pappa er svo hið umrædda bylgjualuminíum lagt á venjulegan hátt. Negltur er með aluminíumsaum. Kjölur er úr sléttu aluminíum. Tvær tegundir af aluminíum hafa verið notaðar, eins og greint er frá í skoðunargerðunum.

Skemmdirnar á hinu umrædda aluminiumþakefni lýsa sér í því, að efnið gránar og bletthrúðrar af völdum tæringar á þeirri hlið, sem upp snýr. Á samskeytum og út frá naglagötum eru víðast dottin göt á efnið og það gegnumtært. Á þeirri hlið á

plötunum, sem niður snýr, ber minna á skemmdunum, nema á móti plötusamskeytum og þar sem aluminíumið hefur legið fast að þakinu. Á þessum stöðum er bakhlið aluminíumplantnanna einnig mjög mikið tærð. Kjölurinn er allur gegntærður."

Til viðbótar því, sem hér að framan greinir, hefur komið fram, að tjörupappinn var negldur niður með venjulegum pappasaum svo og að á nokkru svæði á miðju þakinu beggja megin við mæninn hafi aluminíumplöturnar verið lagðar á langbönd og þar hafi ekki verið undir þeim timbur, pappaklæðning eða önnur klæðning.

Við skoðun á þakinu tóku matsmennirnir sýnishorn bæði af hinum ensku og amerísku þakplötum og fengu sýnishornin efnagreind hjá Atvinnudeild háskólans.

Í niðurlagi matsgerðarinnar svara matsmennirnir spurningu matsbeiðenda, sem áður hafa verið raktar, á þessa leið:

Ad. 1. „Matsmenn telja, að hið umrædda aluminíumþakefni sé ekki úr nægjanlega hreinum málmi og ekki heldur nægjanlega meðhöndlað til þess, að það geti talizt viðrunarþolið þakefni, miðað við hérlendar aðstæður."

Ad. 2. „Matsmenn telja, að þakefni þetta samsvari ekki að gæðum hinu „enska" aluminíumþakefni."

Ad. 3. „Matsmenn áætla kostnað, efni og vinnu við að taka burtu hið skemmda þakefni og setja í þess stað bylgjualuminíum af gerðinni 3S og þykktinni nr. 24 kr. 50.100.00."

Báðir matsmennirnir hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina. Þar gerðu þeir grein fyrir því og sundurliðuðu, hvernig þeir hefðu fengið út fjárhæðina undir 3. lið, og jafnframt komu þeir fram með ýmsar upplýsingar, varðandi efni matsgerðarinnar. Fyrir dóminum kom í ljós, að aðeins annar matsmaðurinn hefði unnið þann hluta matsgerðarinnar, er fjallar um tæknileg atriði, en báðir voru matsmennirnir sammála um framangreindar niðurstöður hennar.

Auk kostnaðarins við viðgerð á þakinu kveðast stefnendur einnig hafa orðið fyrir öðru tjóni. Vegna tæringar á hinum amerísku aluminíumþakplötum hafi fiskverkunarhús þeirra tekið að leka verulega, og við það hafi fiskur í húsinu skemmzt og það þrátt fyrir ýmsar ráðstafanir, sem gerðar hafi verið til þess að koma í veg fyrir slíkar skemmdir svo sem með yfirbreiðslum, þegar því hafi orðið við komið. Aukin vinna og fyrirhöfn af þessum sökum hafi valdið kostnaði auk tjóns, er af

því hafi hlotizt, að fiskur hafi skemmmzt og við það lækkað í verði. Áætla stefnendurnir tjón sitt af þessum sökum kr. 10.000.00, og nema framangreindar fjárhæðir samtals hinni umstefndu kröfu. Kröfu sína um skaðabætur úr hendi stefnda vegna umræddra viðskipta reisa stefnendur í fyrsta lagi á því, að í bréfi því til stefnda, sem dskj. 4 sé endurrit af, hafi verið sett ákveðin skilyrði um gæði þakaluminíumsins, þau, að plöturnar þyldu seltu og væru af svipuðum gæðum og enskar „aluminium-alloy roofing sheets". Stefnda hafi því og þar sem hann hafi vitað til hvers átti að nota plöturnar, borið að gæta þess sérstaklega að panta þannig efni, að öruggt væri að það þyldi hið saltmettaða loft, sem um það hlaut að leika. Ljóst sé, að stefndi hafi ekki gætt þess, þar sem þakefnið hafi verið orðið ónýtt vegna tæringar, rúmum tveimur árum eftir að það var notað. Beri stefndi því fébótaábyrgð á tjóni, sem af þessu hafi hlotizt.

Í öðru lagi reisa stefnendur kröfur sínar á hendur stefnda á ákvæðum 42. og 43. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922. Stefndi hafi mátt vita, þegar kaupin gerðust, jafnvel þó að hann hefði ekki fengið í hendur bréfið, sem dskj. 4 sé endurrit af, að kaupandi hafi ætlazt til, að þakefnið þyldi loftslagið hér á landi, en sú hafi ekki orðið raunin á.

Stefndi reisir í fyrsta lagi kröfu sína um sýknu á því, að stefnendur séu ekki réttir aðiljar málsins. Hann hafi engin viðskipti átt við þá, heldur við framkvæmdastjóra þeirra, Tryggva Ófeigsson, persónulega.

Þá mótmælir lögmaður stefnda því í greinargerð sem ósönnuðu, að efni það, sem stefndi hafi selt Tryggva Ófeigssyni, sé hið sama efni, sem um hafi verið kvartað í þessu máli, að skemmzt hafi og sýnt hafi verið matsmönnum.

Í þriðja lagi fullyrðir stefndi, svo sem áður er fram komið, að hann hafi aldrei móttekið bréf það, sem dskj. 4 á að vera endurrit af, og hafi hann því enga vitneskju fengið um skilyrði þau, sem stefnendur telja, að sett hafi verið í bréfinu um gæði þakefnisins. Þá mótmælir stefndi því, að með öðrum hætti hafi verið tilskilið, að þakefnið væri af svipuðum gæðum og enskar „aluminium-alloy roofing sheets". Enn fremur neitar stefndi því ákveðið, að hann hafi ábyrgzt, að þakefnið þyldi seltu eða yfirleitt tekið nokkra ábyrgð á gæðum efnisins.

Enn ber stefndi það fyrir sig, að tæringu þakefnisins megi rekja til umbúnaðar þess á þakinu, sérstaklega að því leyti, að

það hafi komizt í snertingu við tjörupappann og sauminn, sem hann var negldur niður með, en hann hafi verið úr járni.

Loks heldur stefndi því fram, að fyrst með bréfi, dags. 30. desember 1952, er honum hafi borizt í hendur í byrjun ársins 1953, hafi verið kvartað yfir því við hann, að hið selda aluminium hafi verið gallað. Hafi þá verið liðin rösk tvö ár, frá því viðskiptin fóru fram. Telur stefndi því, að eftir ákvæðum 51., 52. og 54. gr. lausafjárkaupalaganna hafi verið kvartað svo seint, að réttur til að bera fyrir sig galla á þakefninu, ef um þá hefði verið að ræða, hafi verið fallinn niður, er kvartað var.

Að því er varðar þá sýknuástæðu stefnda, að stefnendur séu ekki réttir aðiljar málsins, þá er það að vísu svo, að framkvæmdastjóri stefnenda, Tryggvi Ófeigsson, samdi um aluminiumviðskiptin við forstjóra stefnda, og ekki er í ljós leitt, að framkvæmdastjórinn hafi sérstaklega vakið athygli viðsemjanda síns á því, að hann við kaupin kæmi fram fyrir hönd stefnenda. Hins vegar hefur forstjóri stefnda skýrt svo frá fyrir dómi, að honum muni, er kaupin gerðust, hafa verið kunnugt um, að Tryggvi Ófeigsson væri viðriðinn h/f Júpiter og h/f Marz, og á það hafi verið minnzt, að nota ætti aluminíumið á fiskverkunarhús og geymsluhús. Þá minnir forstjórann, að leyfið, sem aluminíumið var flutt inn eftir, hafi verið á nafn fyrirtækis hans vegna ýmissa aðilja, er munu eingöngu hafa verið útgerðarfyrirtæki. Þrátt fyrir tilmæli dómsins hefur eigi verið unnt að afla endurrits af innflutningsleyfinu eða pöntun stefnda á umræddu þakefni.

Svo sem hér á eftir verður rakið, verður að telja vafalaust, að umrætt aluminiumþakefni hafi verið notað á hluta af þaki fiskþurrkunarhúss stefnenda á Kirkjusandi, og samkvæmt endurritum af fjórum bréfum til stefnda, þar sem kvartað er yfir göllum á þakefninu, hafa þrjú bréfanna verið undirrituð vegna h/f Júpiters, en eitt vegna beggja stefnenda. Þá eru þrjú svarbréf frá stefnda við bréfum þessum stíluð á h/f Júpiter, og í bréfunum er því ekki hreyft, að hann sé ekki réttur aðili að því að hafa uppi kvartanir um galla á þakefninu.

Þegar virt er það, sem hér að framan er rakið, verður að telja stefnendur rétta aðilja að málssókn þessari, og hefur þá umrædd sýknuástæða stefnda ekki við rök að styðjast.

Svo sem áður segir, hefur lögmaður stefnda í greinargerð mótmælt því sem ósönnuðu, að aluminiumþakefni það, sem

keypt var af stefnda, sé hið sama og notað hafi verið á fiskþurrkunarhús stefnenda. Forstjóri stefnda hefur hvorki í aðiljaskýrslu, sem fram hefur verið lögð í málinu, fyrrgreindum bréfum sínum eða fyrir dómi hreyft þessari varnarástæðu. Þá hefur hann fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi líklega í febrúarmánuði 1953 farið með Tryggva Ófeigssyni inn á Kirkjusand vegna framkominna kvartana um galla á þakefninu. Hafi hann þá séð um einn þriðja hluta þakefnisins ónotaðan í geymslu þar inn frá. Eftir þessa för hreyfði forstjórinn engum athugasemdum í þá átt, að þakefni það, sem keypt hafði verið hjá fyrirtæki hans, hefði ekki verið notað á fiskverkunarhús stefnanda. Í málinu er ekkert fram komið, er bendi til þess, að keypt hafi verið aluminíumþakefni annars staðar en hjá stefnda á þeim tíma, er hér skiptir máli, til notkunar á þak umrædds fiskverkunarhúss.

Að því athuguðu, sem hér að framan er sagt, verður að telja tvímælalaust, að aluminíumþakefni það, sem keypt var af stefnda, hafi verið notað á hluta af þaki fiskverkunarhúss stefnenda, eins og þeir halda fram.

Í málinu kemur fram, að umrætt aluminíumþakefni var selt undir vörumerkinu Life Time Corrugated Aluminium Roofing, en um sérstakt tegundarheiti þess er ekki upplýst.

Það verður að teljast fyllilega sannað með framangreindri matsgerð, að þakefnið hafi verið haldið verulegum göllum, þar sem það hafði tærzt svo á þriðja ári, eftir að það var tekið í notkun, að það var orðið ónothæft sem þakklæðning.

Það verður að teljast nægilega sannað, að bréf samhljóða dskj. 4 hafi verið ritað á skrifstofu stefnenda í því skyni að boðsenda það til stefnda. Eitt vitni hefur borið það, að það hafi fyrir hádegi sama daginn og bréfið var skrifað farið með frumrit þess á skrifstofu stefnda og afhent forstjóra stefnda það. Fyrir dómi lýsti vitni þetta húsbúnaði í skrifstofu þeirri, sem það kveður sig hafa farið með bréfið í, öðruvísi en hann var á skrifstofu stefnda á þeim tíma. Vitnið þekkti þá ekki forstjóra stefnda persónulega. Vitnið var á þessum tíma og er enn starfsmaður stefnenda; og hefur vætti þess verið mótmælt sem vilhöllu og röngu. Er því gegn ákveðnum mótmælum forstjóra stefnda ekki nægilega sannað, að hann hafi nokkru sinni fengið frumrit umrædds bréfs í hendur. Þá er og allsendis ósannað gegn mótmælum hans, að sett hafi verið sérstök skilyrði af hálfu kaupenda um gæði aluminíumþakefnisins, þegar kaupin

gerðust. Eigi að síður verður að telja, að forstjóra stefnda hafi mátt og átt að vera ljóst, að það væri veruleg forsenda fyrir kaupum þakefnisins af hálfu kaupenda, að það þyldi loftslagið hér á landi og entist nokkuð til frambúðar, en sú varð eigi raunin á, eftir því sem áður er fram komið. Hefur því stefndi með sölu hins gallaða þakefnis bakað sér fébótaskyldu gagnvart stefnendum, sbr. ákvæði 42. og 43. gr. lausafjárkaupalaganna, en í þessu sambandi athugast, að það er álit hinna vörufróðu samdómenda, að skemmdirnar á þakefninu megi að einhverju leyti rekja til umbúnaðar þess á þakinu, og takmarkast því fébótaábyrgð stefnda sem því svarar.

Er þá komið að þeirri varnarástæðu stefnda, að stefnendur hafi firrt sig rétti til fébóta með því að kvarta of seint við hann út af göllunum.

Eins og áður er sagt, kveða stefnendur, að fljótlega hafi tekið að bera á því, að aluminiumefnið tærðist óeðlilega fljótt, t. d. hafi lítil útidyrahurð, sem klædd hafi verið með efninu, verið orðin algerlega ónýt vegna tæringar á því eftir eitt ár. Er stefnendur höfðu orðið þessa varir, var sérstök ástæða til þess fyrir þá að athuga, hvernig efnið á þakinu hefðist við. Áður er sagt, að þakefnið hafi komið hingað til lands í októbermánuði 1950, og mun það hafa verið tekið í notkun um svipað leyti eða litlu síðar. Eftir staðhæfingum stefnenda hefur því umrædd hurð verið orðin ónýt vegna tæringar fyrir áramótin 1951—1952. Nú er það algerlega ósannað í málinu, að kvartað hafi verið við stefnda út af göllum á þakefninu fyrr en rúmu ári síðar eða með bréfi, dags. 30. desember 1952. Það verður því að telja, að stefnendur hafi ekki kvartað yfir göllunum á þakefninu án ástæðulauss dráttar, og geta þeir því eigi nú borið það fyrir sig og krafizt fébóta fyrir, að þakefninu hafi verið áfátt, sbr. ákvæði 1. mgr. 52. gr. lausafjárkaupalaganna. Ber á þessum grundvelli að sýkna stefnda af kröfum stefnenda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum dr. Jóni E. Vestdal og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Halldór Kjartansson f. h. Elding Trading Company, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, h/f Júpiters og h/f Marz, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 3. marz 1961.

Nr. 179/1960. **Oddur Helgason**
gegn
Sigurgeiri Sigurjónssyni f. h.
Alf Thomsen A/S.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Mál fellt niður. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, krafðist áfrýjandi þess, að málið félli niður.

Af hálfu stefnda var sótt dómþing og krafizt ómaksbóta. Stefndi hefur þrisvar sinnum sótt dómþing í málinu í Hæstarétti, og þykja ómaksbætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 1500.00.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður.

Áfrýjandi, Oddur Helgason, greiði stefnda, Sigurgeiri Sigurjónssyni f. h. Alf Thomsen A/S, kr. 1.500.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. marz 1961.

Nr. 98/1960. **Hinrik A. Þórðarson**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Hreppsnefnd Skeiðahrepps f. h. hreppsins
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Um kostnað af gerð sýsluvegar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1960 og krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 10.690.00 auk 6% ársvaxta til greiðsludags af kr. 2500.00 frá 1. janúar 1951, af kr. 2500.00 frá 1. janúar 1952, af kr. 2500.00 frá 1. janúar 1953 og af kr. 3190.00 frá 1. janúar 1954. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í 13. gr. laga nr. 34/1947 segir: „Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði. Heimilt er sýslunefnd að gera samþykkt um stofnun sýsluvegasjóðs samkvæmt lögum nr. 10 20. júní 1923, um samþykktir um sýsluvegasjóði, og fer þá um kostnað við sýsluvegi samkvæmt þeim lögum".

Kostnaðarákvæði 5. gr. laga nr. 10/1923 eru tekin orðrétt upp í 6. gr. núgildandi laga um samþykktir um sýsluvegasjóði nr. 102/1933.

Í 2. málsgr. 6. gr. þeirra laga segir: „Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti, eftir nánari reglum sýslunefndar í hvert sinn".

Ákvæðið í niðurlagi 2. gr. samþykktar um sýsluvegasjóð Árnessýslu nr. 73/1950 um greiðslu á ⅓ hluta vegagerðarkostnaðar við sýsluvegi í II. flokki er ekki í samræmi við þessi ákvæði, og ekki er í ljós leitt, að stefndi hafi tekið á sig frekari skuldbindingar í sambandi við setningu samþykktarinnar en framangreindar lagareglur leggja honum á herðar.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. marz 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. marz s.l., hefur Hinrik A. Þórðarson, bóndi að Útverkum, Skeiðahreppi í Árnessýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttatilraun með stefnu, sem gefin var út 4. apríl 1957, gegn hreppsnefnd Skeiðahrepps fyrir hreppsins hönd. Hafa aðiljar samið um, að með mál þeirra skuli farið hér á þinginu. Stefnandi krefst greiðslu vegna vangoldinna vegartillaga, kr. 10.690.00, auk 6% ársvaxta til greiðsludags þannig: af kr. 2500.00 frá 1. janúar 1951, af kr. 2500.00 frá 1. janúar 1952, af kr. 2500.00 frá 1. janúar 1953 og af kr. 3190.00 frá 1. janúar 1954. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Af hálfu stefndu er krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir: Með samþykkt nr. 37/1943 um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Árnessýslu nr. 54/1938 var vegur að Útverkum á Skeiðum tekinn í sýsluvegatölu. Sýslunefnd Árnessýslu veitti í fyrsta skipti fé til vegarins árið 1949, kr. 2000.00. Var síðan unnið það ár við veginn fyrir kr. 20.000.00, að því er stefnandi telur. Kveðst hann hafa lagt fé þetta út, og reikningshald um vegargerðina hafði hann með höndum með samþykki sýslunefndarmanns Skeiðahrepps. Á árunum 1950, 1951 og 1952 veitti sýslunefndin kr. 5000.00 á ári til vegarins og árið 1953 kr. 7000.00. Síðari sýsluframlög höfðu ekki verið notuð, er mál þetta var höfðað, vegna ágreinings þess, sem málið er risið af.

Krafa stefnanda er á því byggð, að Skeiðahreppi sé skylt að leggja fram fé á móti framlögum þeim, sem sýslunefndin hefur ákveðið, og telur hann, að mótframlögin skuli nema a.m.k. 50% af því fé, sem sýslunefnd veitir. Stefnandi skýrir kröfu sína nánar þannig, að hann hafi fengið greidd sýslaframlögin fyrir árin 1949 til 1953 að báðum árunum meðtöldum og skilað sýslumanni reikningum fyrir jafnháum upphæðum svo og reikningum vegna mótframlaga ár hvert. Hreppurinn hafi greitt mótframlagið fyrir árið 1949, en ekki fyrir hin árin. Hafi reikningarnir vegna mótframlaganna numið kr. 2500.00 á ári fyrir árin 1950—1952, en kr. 3190.00 fyrir árið 1953. Samkvæmt framlagðri útskrift úr ársreikningum sýsluvegasjóðs Árnessýslu nema framlög „að heiman" sömu upphæðum ár hvert eða litlu hærri, og er ekki véfengt í máli þessu, að stefnandi hafi greitt til vegarins það fé, sem hann krefst úr hendi hreppsnefndarinnar.

Um lagarök er af hálfu stefnanda vísað til samþykktar um sýslusvegasjóð Árnessýslu nr. 73/1950 og laga um samþykktir um sýsluvegi nr. 102/1953, sbr. lög nr. 50/1947. Enn fremur eru kröfur stefnanda studdar þeim rökum, að hreppsnefnd Skeiðahrepps hafi tekizt á hendur þá skyldu að veita fé á móti sýslaframlögum til Útverkavegar, þegar hún veitti fé til vegarins á móti fyrsta sýslaframlaginu. Framlag hreppsins nam í það skipti kr. 2000.00, og var stefnanda tilkynnt um það með bréfi, dagsettu 10. febrúar 1950.

Stefnda byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að ekki sé um neina greiðsluskyldu að ræða, þar sem enginn löggerningur þar að lútandi hafi verið gerður milli málsaðilja og skilningur stefnanda á samþykkt nr. 73/1950 og lögum um samþykktir fyrir sýsluvegasjóði sé rangur, enda myndi samþykktin, ef skilningur stefnanda væri réttur, ekki eiga stoð í lögum. Einnig er því haldið fram af hálfu stefndu, að stefnandi hafi fyrirgert hugsanlegum endurkröfurétti sínum með því að taka við sýslaframlögum til Útverkavegar og láta sýslumann fá reikninga fyrir mótframlögum hin umræddu ár án þess að gera fyrirfram kröfu um greiðslu þeirra til hreppsins. Loks er sýknukrafan studd þeim rökum, að stefnandi hafi tekið við endurgreiðslum á hreppsvegagjaldi fyrir árin 1951—1954. Greiðslur þessar eru þannig til komnar, að á fundi hreppsnefndar 20. júlí 1951 var samþykkt að heimila oddvita að endurgreiða þeim, sem byggju við II. flokks sýsluvegi, hreppsvegagjald þeirra, enda

yrði því varið til vegabóta. Í máli þessu hafa verið lögð fram afrit af tveimur kvittunum frá stefnanda. Er þar kvittað fyrir „framlag Skeiðahrepps í Útverkaveg árið 1952", 80 krónur, og „framlag Skeiðahrepps til Útverkavegar fyrir árið 1953" 80.00 krónur.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að framlag Skeiðahrepps til Útverkavegar 1949 hafi verið ákveðið vegna þess, að hreppsnefndin hafi verið skyldug til þess, enda hafi framlagið verið helmingi hærra en meint skyldaframlag. Einnig er því mótmælt, að fjárveiting þessi hafi leitt til þess, að hreppurinn hafi skuldbundið sig til frekari framlaga.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að réttarreglur um endurkröfur leiði til þess, að krafa stefnanda í máli þessu sé ólögvarin, enda hafi hann margkrafið hreppsnefndina um mótframlögin og henni verið kunnugt um lagaskilning stefnanda, áður en hann tók við sýslaframlögunum. Þá er því mótmælt, að stefnandi hafi fallið frá kröfum sínum með því að kvitta fyrir endurgreiðslu hreppsvegagjaldsins, enda hafi ekki verið um að ræða fullnaðarkvittanir fyrir framlögum úr hendi hreppsins til Útverkavegar.

Samþykkt nr. 73/1950 var staðfest í Samgöngumálaráðuneytinu 15. apríl 1950, en mun hafa verið samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Árnessýslu árið áður. Í samþykktinni er Útverkavegur talinn meðal II. flokks sýsluvega. Í niðurlagi 2. gr. samþykktarinnar segir: „Sýsluvegasjóður greiðir allan kostnað nýbygginga og viðhalds vega í I. flokki, en hlutaðeigandi hreppsfélag skal leggja fram a.m.k. ⅓ hluta alls kostnaðar við vegi í II. flokki eftir ákvörðun sýslunefndar í hvert sinn."

Aðilja greinir á um, hvernig ákvæði þetta skuli skýra. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að með ákvæðinu sé sú skylda lögð á hreppsnefndir í sýslunni, að þær greiði a.m.k. þriðjung af heildarkostnaði við gerð II. flokks sýsluvega, er sýslunefnd veitir til þeirra fé af sinni hálfu. Því er sérstaklega haldið fram, að ekki sé unnt að líta svo á, að þeir bændur, sem sérstaklega njóta veganna, eigi að greiða til þeirra, enda séu vegirnir almenningseign. Stefnandi hefur lagt fram afrit af bréfi, undirrituðu af Geir Zoëga, þar sem sami skilningur kemur fram og hjá stefnanda. Bréfi þessu hefur verið mótmælt.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að í ákvæðinu felist ekki, að skylt sé að greiða af hreppsfé mótframlag, eins og stefnandi álítur. Hafi sýslunefndin ekki lagaheimild til slíkrar álagningar.

Samþykktin styðjist við lög nr. 102/1933 um samþykktir fyrir sýsluvegi og lög nr. 50/1957 um breytingu á þeim lögum. Það ákvæði í lögunum, sem eitt getur verið heimild fyrir skilningi stefnanda á fyrrgreindu samþykktarákvæði, sé 2. mgr. 6. gr. Þar segir: „Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn." Af þessu má að dómi stefndu draga þá ályktun, að mótframlag geti verið skilyrði fyrir því, að sýslunefnd veiti fé til II. flokks sýsluvega. Hins vegar geti ekki verið um það að ræða, að sýslunefndin skyldi hreppsfélög til slíkra mótframlaga.

Af hálfu stefndu er því enn fremur haldið fram, að sami skilningur og af hennar hálfu kemur fram í máli þessu hafi jafnan verið lagður í sýsluvegasjóðssamþykkt Árnessýslu af öllum, sem hún varðar, öðrum en stefnanda þessa máls, og hafi aðrir bændur í sýslunni greitt sjálfir sín mótframlög, þar sem um II. flokks sýsluvegi var að ræða. Í málinu hafa verið lögð fram vottorð frá fjórum hreppsnefndaroddvitum í Árnessýslu, auk aðiljaskýrslu oddvita Skeiðahrepps, um, að þessi háttur sé á málum í viðkomandi hreppum.

Til að upplýsa aðstöðu sýslunefndar Árnessýslu til málsins hefur verið bent á eftirfarandi: Á sýslufundi 1947 var veitt fé til nokkurra vega með því skilyrði, „að viðkomandi hreppssjóður eða notandi greiði helming kostnaðar við framkvæmdir."

Hinn 6. maí 1951, þegar deila var komin upp milli aðilja þessa máls, samþykkti hreppsnefnd Skeiðahrepps að óska eftir, að sýslunefnd setti „nánari ákvæði um greiðslu áskilins þriðjungs kostnaðar við 2. fl. vegi". Af þessu tilefni gerði sýslunefnd á aðalfundi sínum sama ár eftirfarandi samþykkt:

„55. Út af fyrirspurn oddvita Skeiðahrepps um skilning á niðurlagi 2. gr. samþykktar um sýsluvegasjóð Árnessýslu frá 1949 ályktar sýslunefndin að lýsa yfir því, að öllum aðiljum (hreppsnefndum og einstaklingum) er í sjálfsvald sett, hvort þeir nota fjárveitingar sýsluvegasjóðs til 2. fl. vega. En sé fjárveiting notuð, skal sá, sem það gerir, leggja fram það, sem nemi að minnsta kosti hálfu framlagi sýsluvegasjóðs. Öllum framkvæmdum í 2. flokks vegum skal haga eftir fyrirmælum viðkomandi sýslunefndarmanns, eins og gert er í 1. flokks vegum. Samþykkt samhljóða."

Þar sem ágreiningurinn varð enn ekki til lykta leiddur, ósk-

aði hreppsnefndin eftir því, að sýslunefndin breytti niðurlagi 2. gr. sýsluvegasjóðssamþykktarinnar til samræmis við samþykkt þá, sem hér hefur verið tekin upp. Sýslunefndin afgreiddi málið 1954 með eftirfarandi bókun:

„Oddviti Skeiðahrepps hefur óskað þess, að sýslunefndin breyti orðalagi á niðurlagi 2. gr. samþykktar um sýsluvegasjóð Árnessýslu vegna ágreinings við Hinrik Þórðarson um framlag til Útverkavegar móti tillagi sýsluvegasjóðs. Sýslunefndin telur ekki ástæðu til að breyta samþykktinni vegna þessa ágreinings og veitir ekki fé til vegarins, fyrr en þeim ágreiningi er lokið og samkomulag fengið um tillag til hans."

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að venjur um framkvæmd niðurlags 2. gr. sýsluvegasjóðssamþykktarinnar hafi nokkra þýðingu í máli þessu. Einnig er því haldið fram, að yfirlýsingar oddvita fjögurra hreppa auk aðiljaskýrslu séu ófullnægjandi gögn um venjur um þessi mál í Árnessýslu yfirleitt. Þá er því mótmælt, að fyrrgreindar samþykktir sýslunefndar hafi þýðingu í málinu gegn orðum hinnar staðfestu samþykktar nr. 73/1950.

Ekki verður fallizt á þá skoðun, sem haldið er fram af hálfu stefnanda, að stefnda hafi með fjárveitingu sinni fyrir árið 1949 skuldbundið sig til að veita framvegis fé á móti sýslaframlögum í Útverkaveg. Enginn þar til bær aðili hefur tekizt á hendur slíka skyldu f. h. hreppsins. Ekki er sannað í málinu, að hreppsnefndin hafi veitt fé fyrir 1949 á þeim forsendum, að henni bæri skylda til þess, og kemur þetta atriði því ekki frekar til athugunar.

Að skoðun dómarans ráðast úrslit málsins að þessu athuguðu á því, að kröfu stefnanda skorti stuðning í lögum. Þó að sá skilningur, sem stefnandi heldur fram á niðurlagi 2. gr. samþykktar nr. 73/1950, hljóti að teljast eðlilegur eftir orðanna hljóðan, verður að hafna honum, þar sem ákvæðið styðst ekki við lög, ef það er skilið með þessum hætti. Ekki er í íslenzkum lögum almenn heimild til fyrir sýslunefndir til að leggja gjaldskyldu á hreppsfélög. Samþykkt nr. 73/1950 er, að því er segir í niðurlagi hennar, byggð á fyrrnefndum lögum um samþykktir fyrir sýsluvegasjóði. Ákvæði það, sem helzt gæti verið heimild fyrir niðurlagsákvæði 2. gr. samþykktarinnar, er 2. mgr. 6. gr. laganna, sem áður er rakin. Þar er sýslunefndum aðeins veitt heimild til að binda framlög sín því skilyrði, að hreppar sjái um mótframlög. Þegar af þessari ástæðu verður að sýkna stefndu af kröfum stefnanda um greiðslu vegna vangoldinna vegatillaga.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, hreppsnefnd Skeiðahrepps fyrir hönd hreppsins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hinriks A. Þórðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 3. marz 1961.

Nr. 24/1961. **Davíð Ólafsson, Hannes Ólafsson, Steinunn Ólafsdóttir og Þóra Ólafsdóttir**
gegn
Guðmundi Ólafssyni, Jónínu Ólafsdóttur, Málfríði Ólafsdóttur og Helga Runólfssyni sem fjárhaldsmanni Bjarnar Á. Þorbjörnssonar og Ólafs Á. Þorbjörnssonar.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Kærumál. Uppboðsskilmálar.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 13. febrúar 1961, sem Hæstarétti barst 16. s. m., hafa sóknaraðiljar skotið til Hæstaréttar úrskurði uppboðsréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum 7. febrúar 1961, og krafizt þess, að 2. lið 3. gr. uppboðsskilmála fyrir jörðina Hvítárvelli í Andakílshreppi frá 3. febrúar 1961 verði breytt þannig, að sá hluti af kaupverði jarðarinnar, er eigi greiðist, þá er boð er samþykkt, skuli greiða að fullu, þegar uppboðskaupandi tekur við umráðum jarðarinnar í fardögum 1961, en til vara, að nefndur hluti kaupverðsins greiðist á

næstu fjórum mánuðum eftir uppboðsdag. Loks krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og þeim dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Um skipti á dánarbúi Maríu Sæmundsdóttur mun fara eftir 4. kapitula laga nr. 3/1878. Var á skiptafundi 2. febrúar 1961 fjallað um uppboðsskilmála þá, sem í málinu greinir, sbr. 2. mgr. 50. gr. nefndra laga.

Með skírskotun til ástæðna þeirra, er í hinum kærða úrskurði greinir, og samkvæmt 27. sbr. 55. gr. laga nr. 3/1878 og 15. og 25. gr. laga nr. 57/1949 ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 7. febrúar 1961.

Á skiptafundi í dánarbúi Maríu Sæmundsdóttur, er haldinn var 16/12 1960, var ákveðið, að jarðeign búsins, Hvítárvellir í Andakílshreppi, skyldi seld á uppboði 4/3 1961. Uppboðsauglýsing var útgefin 2/1 1961 og birt í Lögbirtingablaðinu. Rétt eftir útgáfu auglýsingarinnar barst skiptaráðandanum bréf, dags. 5/1 1961, frá Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, umboðsmanni Málfríðar Ólafsdóttur, erfingja að dánarbúinu, og Hauki Jónssyni héraðsdómslögmanni, umboðsmanni Guðmundar Ólafssonar, annars erfingja að dánarbúinu, þar sem þeir leggja til, að sett verði í uppboðsskilmála við sölu jarðarinnar ákvæði um, að greiðslufrestur verði veittur í allt að 3 ár á hluta af uppboðsandvirðinu. Telja þeir slíkt ákvæði nauðsynlegt, til þess að sannvirði fáist fyrir jörðina á uppboðinu.

Hinn 2/3 1961 var haldinn skiptafundur í dánarbúinu, og lagði skiptaráðandinn þar fram fyrrgreint bréf og uppkast að uppboðsskilmálum, þar sem gengið var til móts við tilmæli bréfritara.

Þó var ákvæði um greiðslufrest þannig hagað, að ljúka mætti skiptum búsins á þessu vori. Leitaði hann eftir samkomulagi milli mættra erfingja og umboðsmanna þeirra um skilmálana, en eigi tókst að ná því.

Uppboðshaldari boðaði þá til þinghalds í uppboðsrétti 6/2 1961, og voru þar mættir allir erfingjar eða umboðsmenn þeirra. Lagði hann þar fram uppboðsskilmála, samhljóða uppkasti því, er lagt hafði verið fram í skiptaréttinum.

Þeir Ragnar Jónsson og Haukur Jónsson lýstu yfir því f. h. greindra umbjóðenda sinna, að þeir féllust á ákvæði 3. gr. uppboðsskilmálanna um fyrirkomulag á greiðslu uppboðsandvirðis jarðarinnar, og kröfðust þess, að skilmálarnir yrðu staðfestir með úrskurði réttarins. Sams konar yfirlýsingu gaf Haukur Jónsson f. h. Helga Runólfssonar, sem er fjárhaldsmaður erfingjanna Björns Á. og Ólafs Á. Þorbjörnssona í Borgarnesi, en þeir eru ófjárráða. Erfinginn Jónína Ólafsdóttir lýsti yfir því, að hún féllist á uppboðsskilmálana.

Þeir Þorvaldur Lúðvíksson héraðsdómslögmaður sem umboðsmaður erfingjanna Davíðs Ólafssonar og Þóru Ólafsdóttur og Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður sem umboðsmaður erfingjanna Hannesar Ólafssonar og Steinunnar Ólafsdóttur lýstu yfir því, að þeir mótmæltu því fyrir hönd umbjóðenda sinna, að nokkurt ákvæði yrði sett í uppboðsskilmálana, er heimilaði frest á greiðslu uppboðsandvirðisins fram yfir þann tíma, er afhending jarðarinnar fer fram. Kröfðust þeir þess, að 2. lið 3. gr. uppboðsskilmálanna yrði breytt á þann veg, að eftirstöðvar uppboðsandvirðis jarðarinnar verði greiddar að fullu, þegar er kaupandi tekur við umráðum hennar og fær afsal í fardögum 1961. Til vara kröfðust þeir þess, að sá hluti uppboðsandvirðis, er eigi er greiddur á uppboðsdegi, verði greiddur eigi síðar en 4 mánuðum frá þeim degi.

Ég lít svo á, að er ágreiningur kemur upp milli uppboðsbeiðenda um uppboðsskilmála, svo sem hér er um að ræða, verði uppboðshaldari að skera úr þeim ágreiningi með úrskurði.

Ástæðan til þess, að jörðin Hvítárvellir er boðin til sölu á opinberu uppboði, mun vera sú, að þrátt fyrir það að auglýst hefur verið eftir tilboðum í jörðina, hefur ekkert það verðtilboð borizt, er allir erfingjar hafa fallizt á, að tekið yrði. Þá hefur einn erfingjanna, Davíð Ólafsson, með tilboði og tilmælum á skiptafundum, óskað eftir að fá jörðina keypta, en eigi boðið svo hátt verð fyrir hana, að allir samerfingjar hans vildu samþykkja sölu til

hans. Er því sýnilegt, að erfingjarnir eru eigi sammála um sannvirði jarðarinnar og vilja fá úr því skorið með uppboðssölu, hvert það sé.

Ég tel því, að uppboðshaldara beri, er hann tekur ákvörðun um uppboðsskilmálana, að hafa það í huga, að í þeim séu engin þau ákvæði, er líklegt megi telja, að verði til þess, að eigi fáist á uppboðinu boð í jörðina, er svari til sannvirðis hennar. Er því ríkari ástæða til að hafa þetta í huga, þar sem tveir erfingjar eru ófjárráða.

Það er vitað, að allmikill lánsfjárskortur er nú á landi hér. Lánsstofnanir þær, er annast þarfir landbúnaðarins, lána að vísu árlega mikið fé, en samkvæmt lagafyrirmælum eru þau lán að mestu bundin við framkvæmdir í húsagerð og ræktun.

Ég hygg, að margur sá, er hug hefur á því að kaupa Hvítárvellina, muni leggja árar í bát, er hann á að greiða allt kaupverð jarðarinnar í fardögum í vor. Allt öðru máli mundi gegna, ef hann ætti, svo sem ráð er fyrir gert í uppboðsskilmálunum á rj.skj. 2, kost á 3 ára fresti til greiðslu verulegs hluta kaupverðsins. Mundi honum þá, ef hann ætti eign, er hann vildi selja til að afla sér fjár til greiðslu upp í kaupverðið, gefast ráðrúm til að koma þeirri sölu í kring.

Því verður eigi neitað, að það kann að vera nokkur bagi einhverjum erfingjanna að fá eigi allan arfahluta sinn úr dánarbúinu greiddan í næstu fardögum. Hins vegar verða skuldabréf þau, er ráðgert er, að erfingjarnir fái í sína arfahluti, til fremur skamms tíma, vel tryggð og bera allháa vexti, og mætti ætla, að þau væru seljanleg án hárra affalla, og að minnsta kosti eru þau vel veðhæf.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að eigi beri að taka til greina kröfur nokkurra erfingjanna um, að 2. lið 3. gr. uppboðsskilmálanna verði breytt á þann veg, að sá hluti uppboðsverðs jarðarinnar Hvítárvalla, er eigi verður greiddur á uppboðsdegi, verði eigi greiddur síðar en í fardögum 1961, er afhending jarðarinnar á að fara fram. Eigi ber heldur að taka til greina þá varakröfu, að greiðsla fyrrgreinds hluta uppboðsverðsins fari fram 4 mánuðum eftir uppboðsdag.

Því úrskurðast:

Skilmálar þeir við sölu jarðarinnar Hvítárvalla í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu, eignar dánarbús Maríu

Sæmundsdóttur, á uppboði 4/3 1961, er lagðir hafa verið fram í uppboðsréttinum á réttarskjali 2, skulu óbreyttir standa.

Föstudaginn 10. marz 1961.

Nr. 123/1960. **Ákæruvaldið** (Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Þóri Ásvaldi Roff (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, reyndust í blóði ákærða, sem honum var tekið kl. 0300 aðfaranótt 19. október 1958, „reducerandi efni, er samsvara 0,51‰ af alkóhóli".

Samkvæmt álitsgerð Læknaráðs, sem lögð var fram í hæstaréttarmálinu nr. 161/1959, er talið, að „eðlileg" reducerandi efni blóðs, er mælist sem áfengi án þess að vera það, nemi 0.03‰, og séu efni þessi „meiri í venublóði og meiri að kvöldi dags en endranær".

Þegar litið er til þessara læknisfræðilegu gagna, verður ekki við það miðað, að áfengismagn í blóði ákærða hafi náð því lágmarki, sem getur í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Að svo vöxnu máli og þar sem eigi er samkvæmt öðrum gögnum leitt í ljós, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis við akstur þann, er mál þetta er af risið, þá verður honum dæmd sýkna af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Þórir Ásvaldur Roff, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar og Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanna, kr. 2000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. janúar 1960.

Ár 1960, fimmtudaginn 21. janúar, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Gunnari Sæmundssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 30/1960: Ákæruvaldið gegn Þóri Ásvaldi Roff.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er með ákæruskjali Dómsmálaráðuneytisins, dags. 7. janúar 1960, höfðað gegn Þóri Ásvaldi Roff bifreiðarstjóra, Ljósvöllum, Innri-Njarðvík, fyrir að hafa um kl. 0215 sunnudaginn 19. október 1958 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni VL-E-811 nokkurn spöl við samkomuhús Ytri-Njarðvíkur.

Telst þetta varða við 2. og 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar, samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 15. marz 1940 í Reykjavík, og hefur ekki áður sætt kærum eða refsingum, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudags 19. október 1958 kl. 0215 stöðvaði lögregluþjónn, er var á verði við Samkomuhús Ytri-Njarðvíkur, bifreiðina VL-E-811, er var að aka burt frá samkomuhúsinu. Ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, hafði þá ca 25 mínútum áður lent í ryskingum inni í nefndu samkomuhúsi. Þar sem lögregluþjónninn taldi sig sjá ölvunareinkenni á ákærða, þau að hann var loðmæltur og augu gljáandi, færði hann ákærða til blóðtöku, og var hún framkvæmd þremur stundarfjórðungum síðar á sjúkrahúsi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Lögreglumaður sá, er handtók ákærða, Bergsteinn Árnason, hefur við yfirheyrslu í sakadómi Keflavíkurflugvallar upplýst,

að hann hafi ekki séð önnur ölvunareinkenni á ákærða en á undan greinir. Vitni þetta kveðst hafa handtekið ákærða, vegna þess að hann hefði lent í ryskingum skömmu áður, eins og áður getur.

Annar lögregluþjónn, er þarna var og staddur, Kristján Maríus Jónsson, hefur og borið vitni í máli þessu. Þetta vitni sá ákærða ekki aka bíl í umrætt skipti. Vitnið kvaðst ekki hafa fundið vínlykt af ákærða, enda ekki grennslazt fyrir um það atriði. Vitnið kvaðst ekki hafa séð nein ölvunareinkenni á ákærða, en kvað hann hafa verið í einhverju þrasi við fólk þarna á staðnum og öran í skapi.

Ákærði hefur sjálfur skýrt svo frá atvikum við yfirheyrslu í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. desember s.l., að hann hafi í umrætt skipti sungið með hljómsveit, er lék fyrir dansi í samkomuhúsinu. Ákærða minnti, að hann hefði drukkið sjö flöskur af íslenzkum pilsner þarna á dansleiknum. Ekkert sterkara kvaðst hann hafa drukkið þar og taldi sig ekki hafa fundið til áfengisáhrifa. Hann taldi sig mundu hafa verið orðinn rauðeygðan af reykingarsvælu í danssalnum. Skömmu áður en dansleik þessum lauk, kvaðst ákærði hafa verið að tala í síma, er maður nokkur hafi komið þar aðvífandi og þrifið af sér símatólið. Lenti ákærði í smáryskingum við að fjarlægja mann þenna. Ákærði kannast við að hafa verið að leggja af stað heimleiðis í bifreið föður síns, er lögreglan tók hann.

Við alkóhólrannsókn á blóði því, er tekið var úr ákærða umrædda nótt, fundust reducerandi efni, er samsvara 0.51‰ af alkóhóli.

Með þeirri játningu ákærða, að hann hafi þarna á dansleiknum neytt svo mikils magns, er áður getur, af öli, sem inniheldur að vísu alveg hverfandi alkóhólmagn, svo og með framburði vitnisins Bergsteins Árnasonar og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er nægilega sannað, að ákærði var í umrætt skipti það mikið undir áhrifum áfengis, að hann verður ekki talinn hafa getað stjórnað bifreið örugglega.

Hefur því ákærði gerzt brotlegur við 2. og 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þykir refsing ákærða fyrir brot þetta hæfilega ákveðin samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga 1200.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hins vegar þykir með tilliti til þess, að áfengismagn í blóði ákærða var ekki meira en raun bar vitni, og þar sem ákærði

hefur ekki áður gerzt sekur um sams konar brot né annað verulegt brot á skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, mega sleppa ökuleyfissviptingu vegna brots þessa með tilvísun til 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga in fine.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þórir Ásvaldur Roff, greiði 1200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal vera sýkn af kröfu ákæruvaldsins um ökuleyfissviptingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. marz 1961.

Nr. 95/1960. **Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja** (Páll S. Pálsson hrl.) gegn **Helga Benediktssyni** (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sjótjón. Vátrygging fiskiskips.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, ásamt samdómendum Ólafi St. Ólafssyni forstjóra og Þorsteini Jónssyni skipstjóra, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. júní 1960, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. s. m. og gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að honum verði dæmd sýkna og loks, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Ómerkingarkrafan er á því reist, að málið eigi undir gerðardóm samkvæmt félagssamþykkt áfrýjanda. Kröfu þessari verður eigi sinnt, þar sem hún var eigi höfð uppi í héraði.

Samkvæmt gögnum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, var báturinn Skaftfellingur, VE 33, í vátryggingu áfrýjanda, þá er brunatjón það varð, sem í málinu greinir.

Vátryggingin tók til sameiginlegs sjótjóns samkvæmt 64. gr. laga nr. 20/1954, en þar sem stefndi hefur hvorki innt af hendi sjótjónsbætur þær, sem féllu samkvæmt sjótjónsniðurjöfnun á bátinn vegna bruna á varningi í honum, né fengið framsal réttra aðilja fyrir þeim bótakröfum, verða þær eigi dæmdar stefnda í máli þessu. Verða honum því einungis dæmdar sjótjónsbætur sem skipseiganda,

þ. e.	kr.	8.132.13
að frádregnum 10% af þeirri fjárhæð, sem var í sjálfstryggingu, þ. e.	—	813.21
	Kr.	7318.92
Þar frá dregst skuld samkvæmt viðskiptareikningi, er getur í héraðsdómi	kr.	1455.67
	Kr.	5863.25

Þessa fjárhæð greiði áfrýjandi stefnda ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1957 til greiðsludags.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, greiði stefnda, Helga Benediktssyni, kr. 5.863.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1957 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 15. júní 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 2. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Helga Benediktssyni, Heiðaveg 20, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 9. júní 1958, birtri 10. sama mánaðar, á hendur stjórn Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja fyrir hönd félagsins, þeim Ársæli Sveinssyni stjórnarformanni, Vestmannabraut 68, Karli Guðmundssyni framkvæmdastjóra, Urðarveg 11, Jóhanni Sigfússyni, Sólhlíð 8, Jónasi Jónssyni, Urðaveg 16, og Jóni Í. Sigurðssyni, Vestmannabraut 44, öllum í Vestmannaeyjum, til greiðslu bóta samkvæmt niðurjöfnun sjótjóns.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða honum kr. 66.722.00, en til vara aðra lægri fjárhæð eftir mati réttarins, ásamt 6% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá 28. nóvember 1957 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu. Ef rétturinn kynni að líta svo á, að stefnda bæri ekki að greiða til stefnanda, gerir stefnandi þá kröfu til vara, að viðurkennt yrði með dómi, að stefnda væri skylt að greiða stefnukröfurnar.

Mætt var í málinu af hálfu hins stefnda félags, og gerði umboðsmaður þess þær réttarkröfur, að félagið yrði algerlega sýknað af öllum kröfum stefnanda og því tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi eftir mati réttarins.

Haustið 1956 var bátur stefnanda, Skaftfellingur, VE 33, í vöruflutningum milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja og víðar. Hinn 23. nóvember 1956 lá skipið í Reykjavíkurhöfn, og lét Skipaútgerð ríkisins hlaða bátinn vörum, er fara áttu til Vestmannaeyja. Um nóttina eftir lá báturinn við Verbúðarbryggju, og sváfu þrír skipverjar um borð, skipstjórinn, stýrimaður og annar vélstjóri. Um áttaleytið um morguninn þann 24. nóvember urðu skipverjar varir við reyk, og við athugun kom í ljós, að eldur var uppi í farmrýminu. Skipverjar sáu strax fram á, að þeir myndu ekki geta ráðið niðurlögum eldsins, og leitaði því skipstjórinn eftir aðstoð slökkviliðsins. Var þá klukkan 10 mínútur yfir 8. Hófst slökkviliðið þegar handa og tókst að hindra útbreiðslu eldsins og slökkva hann til fullnustu. Tók slökkvistarfið um 2 tíma. Allmiklar skemmdir hlutust af völdum brunans og vegna slökkvi-

starfsins, sérstaklega á vörum í lest skipsins, en skipið sjálft skemmdist hins vegar ekki mikið. Lögregluranns6knir fóru fram í Reykjavík og Vestmannaeyjum, en ekki tókst að fá upplýst, hverjar væru orsakir brunans.

Að tilhlutan Skipaútgerðar ríkisins fór fram uppgjör á brunatjóninu samkvæmt ákvæðum 8. kafla siglingalaganna. Uppgjörið var framkvæmt af Birni Helgasyni, löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns. Skilaði hann sjótjónsniðurjöfnun 28. nóvember 1957, og liggur hún fyrir í málinu. Samkvæmt henni er sjótjónsframlag skipsins kr. 66.722.00. Þar af eru kr. 8.132.13 vegna skipsins sjálfs, en afgangurinn, kr. 58.589.87, eru bætur til farmeigenda, niðurjöfnunarkostnaður, kostnaður við mat og flokkun skemmdra vara svo og annar kostnaður.

Strax eftir að niðurjöfnun lá fyrir, skrifaði Skipaútgerðin hinu stefnda félagi og tilkynnti því niðurstöðurnar. Fór Skipaútgerðin jafnframt fram á, að stefnda sem vátryggjandi skipsins greiddi til hennar sjótjónsframlag skipsins, kr. 66.722.00, að frádregnum áðurgreindum kr. 8.132.13, er félaginu bæri að greiða stefnanda. Félagið samþykkti ekki þessar kröfur, en sendi málið til Samábyrgðar Íslands til athugunar. Álitsgerð frá Samábyrgðinni hefur ekki verið lögð fram, en að sögn forstjóra Skipaútgerðarinnar mun Samábyrgðin hafa kvatt til ráðuneytis löggiltan sjótjónsniðurjöfnunarmann og hæstaréttarlögmann, en þessir aðiljar allir munu hafa talið vafasamt að neita uppgjörskröfu samkvæmt niðurjöfnun Björns Helgasonar. Málið var svo endursent stefnda. Snemma vors 1958 tilkynnti framkvæmdastjóri hins stefnda félags stefnanda, að félagið myndi ekki greiða kröfuna. Lét þá stefnandi Skipaútgerðina vita um þessa ákvörðun. Átti þá forstjóri Skipaútgerðarinnar tal við formann Bátaábyrgðarfélagsins, er ekki gaf ákveðin svör um afstöðu félagsins til tjónbótanna, en tók jafnframt fram, að hann myndi ekki gera þær upp við aðra en stefnanda, ef þær á annað borð yrðu greiddar. Mæltist þá Skipaútgerðin til, að stefnandi innheimti tjónbæturnar og með málsókn, ef með þyrfti. Höfðaði stefnandi svo mál þetta, og eru kröfur að öllu leyti byggðar á sjótjónsniðurjöfnun Björns Helgasonar.

Í desember 1956 lét Bátaábyrgðarfélagið virðingarmenn sína framkvæma mat á skemmdum, er Skaftfellingur varð fyrir við ofangreindan bruna. Virðingarmennirnir luku málinu hinn 31. desember 1956 og skiluðu skriflegri matsgerð þann dag. Mátu þeir skemmdirnar á kr. 6.000.00. Upphæð þessa, að frádreginni sjálfstryggingu, eða kr. 5 400.00, færði félagið stefnanda til tekna

á viðskiptareikningi hans hinn 24. janúar 1957. Hér fyrir réttinum kveðst stefnda hafa gert þetta í greiðaskyni og umfram lagaskyldu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnanda skorti aðild til þess að fara með málið. Stefnukrafan sé að langmestu leyti eign annarra manna og þurfi því stefnandi að fá formlegt framsal eða rétta aðild með öðrum hætti til þess að geta haft kröfurnar uppi gegn stefnda. Þetta virðist ekki vera rétt. Viðurkennt er, að skipið var vátryggt hjá stefnda, m. a. fyrir eldsvoða, og náði tryggingin einnig til framlaga, sem á skipið kunni að falla vegna sameiginlegs sjótjóns af þeim sökum. Og þar sem stefnandi er eigandi skipsins og aðili að vátryggingarsamningnum við stefnda, var honum heimilt að höfða málið, enda er málshöfðunin samþykkt af Skipaútgerð ríkisins, sem fer með umboð eigenda bótakrafnanna (eða framlaganna). Sýknukrafa stefnda, byggð á þessari ástæðu, verður því ekki tekin til greina að neinu leyti.

Í öðru lagi er sýknukrafa stefnda byggð á þeirri ástæðu, að Skaftfellingur hafi verið fallinn út úr tryggingu, er bruninn átti sér stað. Skipið hafi verið tryggt sem fiskiskip og iðgjöld ákveðin samkvæmt því. Hins vegar hafi það verið notað til vöruflutninga, en til þess hafi tryggingin ekki tekið. Er bruninn átti sér stað, hafi skipið einmitt verið í vöruflutningum, og ekki nóg með það, heldur hafi sprengiefni verið í lestinni og engin öryggisvakt sett um borð. Af þessum sökum telur stefnda sér óskylt að greiða stefnukröfurnar. Þessar varnarástæður virðist ekki þörf að taka til sérstakrar meðferðar, þar eð ekki verður fram hjá því gengið, að stefnda hefur viðurkennt tryggingarskyldu sína með því að láta virða skemmdir bátsins eftir brunann og greiða bætur fyrir þær. Þegar af þeirri ástæðu verða þær ekki teknar til greina.

Þá hefur einnig verið haft á orði af hálfu stefnda, að ýmsir liðir í sjótjónsniðurjöfnuninni muni vera hæpnir, og í því sambandi minnzt á kostnað við endurnýjun á kúlulegum. Ekki hefur þetta þó verið rökstutt frekar og engar ákveðnar lækkunarkröfur settar fram í því sambandi. Að svo vöxnu máli, þykir ekki fært að taka þessar athugasemdir til greina. Einnig var minnzt á við hinn munnlega málflutning frá stefnda hálfu, að við niðurjöfnun sjótjónsins hefði ekki verið gætt fyrirmæla 6. liðar 195. gr. siglingalaganna. Sjótjónsniðurjöfnunin ber þó greini-

lega með sér, að fyrirmæli þeirrar greinar hafa verið höfð í huga. Aðrar athugasemdir við sjótjónsniðurjöfnunina komu ekki fram, og verða því niðurstöður hennar lagðar til grundvallar, eins og þær eru.

Stefnda hefur bent á, að ábyrgð félagsins nái aðeins til 9/10 hluta hinna vátryggðu hagsmuna, en afgangurinn, 1/10 hluti, sé í eigin áhættu stefnanda. Samkvæmt lögum félagsins er þessi athugasemd rétt, og ber að lækka stefnukröfuna um 1/10 hluta eða um kr. 6.672.20.

Stefnda kveður stefnanda skulda háar fjárhæðir, að því er virðist í ógreiddum iðgjöldum, og beri að skuldajafna þeim móti kröfum hans. Jafnframt hefur stefnda lagt fram viðskiptareikning Skaftfellings, og sýnir hann skuld stefnanda hinn 1. janúar 1958, kr. 1.455.67. Reikningurinn hefur ekki sætt andmælum af hálfu stefnanda, og þykir því bera að taka fjárhæð þessa til greina til skuldajafnaðar. Um frekari skuldir stefnanda við stefnda liggja engar upplýsingar fyrir.

Að lokum hefur stefnda krafizt þess, að ofangreindar kr. 5.400.00, er stefnanda hafa verið færðar til tekna á viðskiptareikningi hans samkvæmt matsgerð virðingarmanna félagsins, verði dregnar frá stefnukröfunum. Fjárhæð þessi lýtur eingöngu að kostnaði við endurbætur á lestarþili og rafleiðslum, en í sjótjónsniðurjöfnuninni eru skipinu ekki ætlaðar neinar bætur af þeim ástæðum. Fjárhæð þessa ber því ekki að draga frá stefnukröfunum að neinu leyti.

Niðurstaða málsins verður því, að stefnda verður dæmt til að greiða stefnanda kr. 66.722.00, að frádregnum kr. 6.672.20 og kr. 1455.67, eða alls kr. 58.594.13 og ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1957 til greiðsludags, en krafan um vaxtavexti verður ekki tekin til greina.

Rétt þykir að ákveða, að stefnda greiði stefnanda kr. 6.000.00 í málskostnað.

Dómsuppsögn hefur dregizt vegna anna formanns réttarins við almenna bifreiðaskoðun, sem staðið hefur yfir.

Dómsorð:

Stefndu, Ársæll Sveinsson, Karl Guðmundsson, Jóhann Sigfússon, Jónas Jónsson og Jón Í. Sigurðsson, f. h. Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, greiði stefnandanum, Helga Benediktssyni, kr. 58.594.13 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóv-

ember 1957 til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. marz 1961.

Nr. 117/1960. **Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Helga Benediktssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging fiskiskips.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Ólafur St. Ólafsson forstjóri og Þorsteinn Jónsson skipstjóri, hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1960 og gert þær dómkröfur, aðallega að héraðsdómurinn verði ómerktur, en til vara, að honum verði dæmd sýkna, og loks, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 20/1935 var sérhverjum eiganda opins vélbáts, sem aðallega gekk til fiskveiða, skylt að hafa bát sinn tryggðan fyrir sjótjóni eftir lögunum, enda hefði bátaábyrgðarfélag, slíkt er lögin greindu, verið stofnað í þeirri verstöð, sem í hlut átti. Í 3. gr. laga nr. 27/1938, er leystu fyrrgreind lög af hólmi, var mælt, að allir vélbátaeigendur, sem áttu vélbáta, opna eða með þilfari, allt að 70 smálestum brutto að stærð og aðallega voru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skyldu vátryggja þá eftir

skilmálum laganna hjá vátryggingarfélagi því, sem stofnað hefði verið verið samkvæmt 2. gr. laganna innan þess umdæmis, sem bátarnir voru skrásettir í. Í ákvæðum laganna til bráðabirgða sagði, að þau innlend vátryggingarfélög, sem starfað hefðu 50 ár eða lengur, þegar lögin öðluðust gildi, skyldu undanþegin skyldutryggingum samkvæmt lögunum 3 ár frá gildistöku þeirra, enda hefðu þau sent Fiskifélagi Íslands tilmæli um undanþágu frá lögunum innan 15. ágúst 1938. Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, áfrýjandi máls þessa, er stofnað var 1862, naut góðs af undanþágu þessari. Lögum nr. 27/1938 var breytt í ýmsum greinum með lögum nr. 34/1939, lögum nr. 82/1940 og lögum nr. 38/1941, svo sem um stærð tryggðra skipa. Með 10. gr. laga nr. 38/1941 var undanþágutímabil það, sem gat í bráðabirgðaákvæði laga nr. 27/1938, lengt úr 3 árum í 6 ár, og hlaut áfrýjandi þá undanþágu. Enn var lögunum breytt og þau gefin út sem lög nr. 32/1942. Segir í 2. gr. þeirra laga, að allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta allt að 100 smálestum að stærð, aðallega ætlaða til fiskveiða við Ísland, skuli vátryggja þá hjá vátryggingarfélagi, sem starfar innan svæðis þess, þar sem báturinn er skrásettur, og með skilmálum laganna og reglugerða. Heimilt skyldi vátryggingarfélagi að vátryggja skip, 100—250 smálestir brúttó, og svo opna vélbáta með samþykki Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Í 4. tl. 21. gr. laga nr. 32/1942 er tekið upp ákvæði, sem sett hafði verið með 5. gr. laga nr. 38/1941, svohljóðandi: „Ef skip er að staðaldri notað til einhvers, sem er óviðkomandi fiskveiðum, er tjón, sem það veldur eða hlýtur, því aðeins bótaskylt, að vátryggjandi hafi samþykkt notkunina". Skýrir þetta ákvæði orðalag 2. gr. laganna, þar sem talað er um báta, „sem aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland". Bráðabirgðaákvæði laga nr. 32/1942 mælir svo: „Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga til ársloka 1944. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna". Með

lögum nr. 15/1944 var svo kveðið á, að undanþága áfrýjanda skyldi gilda til ársloka 1946. Enn voru gefin út heildarlög um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip nr. 61/1947. Í 2. gr. og 4. lið 21. gr. þeirra laga eru sömu ákvæði og í lögum nr. 32/1942 um, hvaða skip tryggja skuli, nema nú má tryggja stærri skip en 250 smálestir brúttó með samþykki Samábyrgðar Íslands. Lögin nr. 61/1947 gilda nú með breytingum samkvæmt lögum nr. 103/1952, sbr. lög nr. 35/1956.

Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 61/1947 segir: „Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga til ársloka 1948. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð". Undanþága þessi var framlengd með lögum nr. 25/1948 til ársloka 1949. Loks voru sett lög nr. 110/1949 um breyting á lögum nr. 61/1947 um fiskiskip. Í 1. gr. laganna segir: „Aftan við 2. gr. laganna (þ. e. laga nr. 61/1947) komi ný málsgrein svohljóðandi: „Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð". Með ákvæði þessu var undanþága áfrýjanda gerð ótímabundin.

Þar sem framangreind undanþáguákvæði miða að því að gera hluta áfrýjanda betri en annarra vátryggingarfélaga, er falla undir lög þau, sem að framan eru rakin, þykir eigi rétt að skýra 1. gr. laga nr. 110/1949 þannig, að áfrýjanda sé skylt að tryggja skip, sem að staðaldri er notað til annars en fiskveiða, í viðtækari mæli en segir í 4. tölulið 21. gr. laga nr. 61/1947. Að þessu athuguðu og þar sem stefndi notaði Skaftfelling, VE 33, einungis til flutninga á þeim tíma, er hér skiptir máli, mátti áfrýjandi segja upp vátryggingunni. Ber því að taka kröfur áfrýjanda í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Helga Benediktssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 1. apríl 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 22. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðaveg 20, Vestmannaeyjum, með stefnu, út gefinni 2. apríl 1959, birtri 6. apríl s. á., á hendur stjórn Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja fyrir hönd félagsins, þeim Ársæli Sveinssyni, Vestmannabraut 68, Karli Guðmundssyni, Urðaveg 11, Jónasi Jónssyni, Urðaveg 16, Jóhanni Sigfússyni, Sólhlíð 8 og Jóni Í. Sigurðssyni, Vestmannabraut 44, öllum í Vestmannaeyjum. Málið er höfðað út af uppsögn á tryggingu mótorbátsins Skaftfellings og fleiru.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að slegið verði föstu með dómi, að m/b Skaftfellingur, VE 33, sé tryggingarskyldur og þar með að lögum vátryggður hjá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja frá 22. marz 1958. Enn fremur verði Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja skyldað til með dómi að færa úr viðskiptareikningi bátsins 1958 ábyrgðargjald frá 1949, að fjárhæð kr. 19.890.00, sem innfært er til skuldar á reikninginn samkvæmt bókun stjórnar 17. maí 1958. Svo krefst stefnandi, að Bátaábyrgðarfélagið verði dæmt til að greiða honum málskostnað að fullu eftir mati dómsins.

Af hálfu hins stefnda félags var mætt í málinu og þær kröfur gerðar, að félagið yrði algerlega sýknað af öllum kröfum stefnanda í málinu og því tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Mótorbáturinn Skaftfellingur var skráður í Vestmannaeyjum árið 1940 sem fiskiskip, og hefur skráningin haldizt síðan óbreytt að því leyti. Báturinn er að stærð 60.46 rúmlestir brúttó, en 27.25 rúmlestir nettó. Stefnandi hefur jafnan verið eigandi, frá því báturinn var skráður hér. Eftir að hingað kom, var bátur-

inn um nokkur ár aðallega í ísfiskflutningum til Bretlands, en var þó jafnframt eitthvað gerður út á fiskveiðar. Eftir lok stríðsins lögðust fiskflutningar til Bretlands niður, og var þá báturinn gerður út á botnvörpuveiðar að vetri til, en síldveiðar á sumrum. Einnig mun báturinn hafa verið í vöruflutningum milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja og jafnvel víðar. Aðiljar eru sammála um, að fyrstu árin hér hafi báturinn ekki verið í tryggingu hjá Bátaábyrgðarfélaginu, en um ástæðuna til þess eru þeir ekki á einu máli. Stefnandi kveður félagið hafa neitað að tryggja bátinn og notað sem tylliástæðu, að báturinn væri notaður til fiskflutninga, en umráðamenn félagsins kveða stefnanda aldrei hafa farið fram á að fá bátinn tryggðan, og þar af leiðandi aldrei komið til kasta stjórnarinnar að taka afstöðu til slíkrar beiðni. Sumarið 1949 var báturinn á síldveiðum fyrir Norðurlandi, og kom þá upp eldur innanborðs, er skipverjum tókst ekki að slökkva af eigin rammleik. Bátur kom á vettvang til hjálpar, og með aðstoð hans tókst að ráða niðurlögum eldsins. Eigendur þess báts höfðu uppi kröfur um björgunarlaun og fengu hana viðurkennda bæði í undirrétti og Hæstarétti. Síðan höfðaði stefnandi mál gegn stefnda og krafðist endurgreiðslu á björgunarlaunum úr þess hendi. Dómur undirréttar gekk stefnanda í vil, og var ekki áfrýjað. Var komizt að þeirri niðurstöðu, að báturinn hefði verið í tryggingu hjá Bátaábyrgðarfélaginu samkvæmt lögum, er björgunin fór fram, og alveg án tillits til þess, hvort stefnandi hefði beðið um tryggingu eða greitt iðgjald. Auk þess hafði upplýstst, að Bátaábyrgðarfélaginu hafði verið greitt af hálfu hins opinbera tryggingargjald bátsins, kr. 19.890.00, fyrir árið 1949.

Fyrri hluta ársins 1950 lét Bátaábyrgðarfélagið virða bátinn til tryggingar og ákvað árlegt iðgjald hans. Eftir það taldi félagið bátinn kominn í tryggingu. Um þetta leyti var báturinn aðallega gerður út á fiskveiðar, en brátt var hann tekinn í vöruflutninga, aðallega milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, en einnig á öðrum leiðum. Samkvæmt skipshafnarskrám bæjarfógetaembættisins í Vestmannaeyjum frá og með 1954 til og með 1959 var eingöngu lögskráð á bátinn til flutnings á því tímabili, að netjavertíðinni 1954 undanskilinni. Virðist mega ganga út frá, að báturinn hafi aldrei verið gerður út á fiskveiðar á þessum árum. Hinn 15. marz 1958 ritaði stjórn Bátaábyrgðarfélagsins bréf til stefnanda og tilkynnti honum, að hún hefði ákveðið að segja upp tryggingu bátsins, þar sem hann væri ekki lengur

notaður til fiskveiða, heldur eingöngu til flutninga. Félli bátur-inn því úr tryggingu þann 22. marz 1958. Tekið var þó jafnframt fram, að hugsanlegt væri, að félagið tryggði bátinn áfram og þá sem flutningaskip og gegn hærra iðgjaldi en bátnum hefði verið gert að greiða til þess tíma, enda yrði líka iðgjaldið greitt á réttum gjalddögum. Stefnandi svaraði með bréfi, dags. 17. s. m., og mótmælti uppsögninni og kvað hana óheimila bæði samkvæmt landslögum sem og lögum félagsins. Jafnframt tilkynnti hann Útvegsbankanum í Vestmannaeyjum sem veðhafa í bátnum um ákvörðun félagsins. Einnig sneri hann sér til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og beiddist liðsemdar frá hennar hálfu. Af þessu tilefni ritaði Samábyrgðin Bátaábyrgðarfélaginu 9. apríl 1958 og tók fram, að hún hefði aldrei skorazt undan að endurtryggja báta, þótt þeir væru við fólksflutninga og vöruflutninga um sinn. Mundi hún því að sjálfsögðu endurtryggja Skaftfelling með þeim tryggingarkjörum, sem félagið og eigendur skipsins kæmu sér saman um, og mætti félagið ráða, hve mikinn hluta áhættunnar það tæki, en áhætta félagsins yrði að vera einhver vegna erlendra endurtryggjenda. Bréf þetta hafði ekki þau áhrif, að stjórn Bátaábyrgðarfélagsins hvikaði frá ákvörðun sinni. Um svipað leyti eða hinn 5. apríl, svaraði stjórnin fyrirspurn Útibús Útvegsbankans um tryggingu bátsins með breyttu iðgjaldi og kvaðst ekki sjá sér fært að verða við tilmælum bankans og gera tilboð þar um. Hinn 11. apríl 1958 skrifaði stefnandi Atvinnumálaráðuneytinu um málið og óskaði eftir fyrirgreiðslu þess og aðstoð við að fá formlega gengið frá tryggingu bátsins hjá Bátaábyrgðarfélaginu. Ráðuneytið svaraði þessu bréfi ekki þá þegar og hófst ekki handa til að leysa málið fyrst um sinn. Veðhafar bátsins undu því ekki, að trygging hans svifi í lausu lofti, og hinn 4. júní 1958 kveður stefnandi, að sér hafi borizt uppsögn á láni Fiskveiðasjóðs Íslands í bátnum. Sneri stefnandi þá sér enn skriflega til Samábyrgðarinnar og óskaði eftir fyrirgreiðslu frá hennar hálfu. Samábyrgðin ákvað á stjórnarfundi 12. júní 1958 að bjóða honum að sjá um tryggingu bátsins samkvæmt beztu fáanlegum endurtryggingarkjörum. Var stefnanda tilkynnt þetta með bréfi, dags. 13. júní s. á., og honum jafnframt bent á, að Samábyrgðinni væri nauðsynlegt að fá upplýsingar um greidd iðgjöld árin 1954—1958 incl. og tjónkröfur hans vegna tjóna á sama tímabili.

Stefnandi svaraði með bréfi, dags. 16. júní 1958, og kvaðst fyrst og fremst hafa farið fram á aðstoð Samábyrgðarinnar við

að fá Bátaábyrgðarfélagið til þess að uppfylla lögboðnar tryggingarskyldur sínar. Væri báturinn að landslögum tryggingarbundinn hjá stefnda, og meðan svo væri, þá væri óheimilt að ráðstafa tryggingu hans með öðrum hætti, nema fyrir lægi úrskurður viðkomandi ráðuneytis. Um sama leyti skrifaði stefnandi útvegsmálaráðuneytinu, sendi endurrit af bréfi sínu frá 11. apríl og óskaði eftir, að málið fengist afgreitt. Nokkrum dögum síðar eða hinn 20. júní 1958 skrifaði ráðuneytið Bátaábyrgðarfélaginu langt bréf um tryggingu bátsins og gerði grein fyrir gildandi lögum og framkvæmd þeirra og komst að þeirri niðurstöðu, að Bátaábyrgðrafélaginu væri skylt að tryggja bátinn, enda þótt hann væri notaður til vöruflutninga. Hins vegar tók ráðuneytið fram, að ekki væri hér um endanlegan úrskurð að ræða, þar eð úrlausn málsins heyrði undir dómstólana. Ráðuneytið sendi stefnanda eftirrit af bréfi þessu, og hinn 25. júní s. á. skrifaði hann félaginu og vitnaði til bréfs ráðuneytisins og kvaðst vænta þess, að nú væri öll deila um tryggingu bátsins niður fallin. Hinn 5. júlí kom stjórn Bátaábyrgðarfélagsins saman til fundar, og var þar bréf stefnanda tekið til meðferðar. Samþykkt var að breyta ekki fyrri afstöðu stjórnarinnar, og var stefnanda tilkynnt þetta samdægurs. Stefnandi skýrði Samábyrgðinni frá þessari afstöðu bréflega og skrifaði einnig Sjávarútvegsmálaráðuneytinu og óskaði aðstoðar þess við að fá því til leiðar komið, að trygging Skaftfellings kæmist í óumdeilt form. Hinn 3. september 1958 ritaði svo Sjávarútvegsmálaráðuneytið bréf til Bátaábyrgðarfélagsins. Vísaði það til bréfs síns frá 20. júní og bætti síðan við:

„Eftir að hafa gefið þessa yfirlýsingu treysti ráðuneytið því, að m.b. Skaftfellingur yrði áfram í tryggingu hjá félaginu, og lítur svo á, að hann verði það áfram, meðan félagið gerir ekki aðrar ráðstafanir, þar sem ekki er hægt að una því, að skipið fáist ekki tryggt."

Stjórn Bátaábyrgðarfélagsins hvikaði allt að einu ekki frá ákvörðun sinni, og sneri stefnandi sér þá til dómstólanna. Höfðaði hann mál þetta og gerði þær kröfur, sem fyrr segir. Málið greinist í tvo þætti, annars vegar um skyldu Bátaábyrgðarfélagsins til þess að tryggja m/b Skaftfelling, en hins vegar um færslu tryggingariðgjalds bátsins fyrir árið 1949 stefnanda til skuldar á viðskiptareikning hans hjá félaginu. Verður nánar rætt um báða þessa þætti málsins hér á eftir.

Um tryggingarskylduna. Eins og fram kemur í lýsingu aðdraganda málsins hér að framan, taldi stefndi sér óskylt að annast um tryggingu bátsins, vegna þess að hann væri ekki lengur gerður út á fiskveiðar, heldur eingöngu notaður til vöruflutninga, og var uppsögnin byggð á þeirri ástæðu. Hér fyrir réttinum eru þetta einnig höfuðrök stefnda fyrir sýknukröfu sinni.

Í lögum nr. 110/1949 um breytingu á lögum nr. 61/1947, sbr. 2. gr. síðastnefndra laga, er Bátaábyrgðarfélaginu gert að skyldu að tryggja vélbáta með þilfari allt að 100 rúmlestir að stærð brúttó, sem skrásettir eru í Vestmannaeyjum og aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland. Samsvarandi ákvæði er í 2. gr. laga Bátaábyrgðarfélagsins. Í samræmi við þessi ákvæði hefur Bátaábyrgðarfélagið tryggt alla báta í Vestmannaeyjum, sem gerðir eru út á fiskveiðar og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru í hinum tilvitnuðu greinum. Einnig hefur félagið tryggt fiskibáta, sem verið hafa í vöruflutningum um stundarsakir eða jafnvel um lengri tíma, svo sem m/b Skógafoss og m/b Vonarstjörnuna. Síðarnefndi báturinn, Vonarstjarnan, hefur jafnan verið í mjólkurflutningum milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja, frá því hann var skrásettur hér í ársbyrjun 1955, og aldrei gengið á fiskveiðar á því tímabili. Svo hefur og hafnsögubáturinn Léttir verið tryggður hjá félaginu, þótt hann sé ekki skrásettur sem fiskiskip og hafi aldrei verið gerður út á fiskveiðar. Hjá öðrum hliðstæðum vátryggingarfélögum mun tryggingum hafa verið hagað á líkan veg. Upplýst er, að Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga, Vélbátatrygging Eyjafjarðar og Bátatrygging Breiðafjarðar hafa tekið að sér tryggingu flutningaskipa, er síðar voru endurtryggð hjá Samábyrgð Íslands.

Eins og áður er getið, nær tryggingarskylda Bátaábyrgðarfélagsins og annarra hliðstæðra vátryggingarfélaga til báta, sem aðallega eru ætlaðir til fiskveiða. Af orðum þessum má ráða, að vátryggingarskyldan falli ekki niður, þótt bátur sé tekinn til annarrar notkunar um skeið. Önnur regla kann að gilda, ef um langvarandi notkun væri að ræða, óviðkomandi fiskveiðum, og í þá átt hnígur 21. gr., 4. tölul., laga nr. 61/1947, sem ekki á sér hliðstæðu í lögum Bátaábyrgðarfélagsins. En með tilliti til þeirrar venju um tryggingar, sem skapazt hafa bæði hjá Bátaábyrgðarfélaginu og öðrum vátryggingarfélögum fiskiskipa, virðist þó rétt að líta svo á, að tryggingarskylda félags-

ins hafi ekki fallið niður þótt m/b Skaftfellingur væri notaður til vöruflutninga á þann veg, sem að framan er lýst, þar sem báturinn hefur ekki verið tekinn út úr fiskiskipaskrá.

Stefnda heldur því einnig fram, að stefnandi hafi á margan hátt vanefnt tryggingarskyldur sínar, og hafi félaginu af þeim ástæðum verið heimilt að segja upp tryggingunni. Sem dæmi hefur hann tilfært, að báturinn hafi iðulega verið látinn flytja sprengiefni og benzín. Oft hafi hann verið í förum, þótt ýmsu væri ábótavant um haffærni hans og hæfni og réttindi áhafnar, enda hafi reglum laga um skráningu áhafnar ekki verið fylgt, svo að viðunandi væri. Ábyrgð félagsins á bátnum hafi af þessum sökum verið sérlega ísjárverð, eins og segir í 8. gr. félagslaganna, og skapað félaginu rétt til uppsagnar. Fá sönnunargögn um þessi sakaratriði liggja fyrir í málinu. Upplýst er, að eitt sinn um haustið 1955 flutti báturinn á þilfari nokkurt magn af sprengiefni frá útlendu skipi á ytri höfninni í Reykjavík og inn að bryggju á innri höfninni. Ári síðar voru settir í lest bátsins í Reykjavík nokkrir kassar af dýnamíti, sem flytja átti fyrir hafnarsjóð til Vestmannaeyja. Gögn eru fyrirliggjandi, er sýna, að skráningu áhafnar hafi verið ábótavant, en engar traustar upplýsingar eru fyrir hendi, er gefi til kynna, að ástandi bátsins sjálfs eða búnaði hafi verið áfátt, meðan hann var í förum. Ekki verður fallizt á, að þær misfellur í rekstri bátsins, er sönnur hafa verið leiddar að, hafi veitt stefnda heimild til að segja upp tryggingunni, enda er ljóst af fyrirliggjandi gögnum, að stefnda hefur fljótlega orðið um þær kunnugt og ekki hreyft neinum athugasemdum þeirra vegna, svo vitað sé, fyrr en í máli þessu.

Aðrar varnarástæður hafa ekki komið fram. Verður því krafa stefnanda tekin til greina og fallizt á, að m/b Skaftfellingur sé tryggingarskyldur og að lögum vátryggður hjá hinu stefnda félagi frá 22. marz 1958.

Um tryggingariðgjald m/b Skaftfellings árið 1949, kr. 19.980.00.

Stefnandi skýrir svo frá, að 27. júní 1958 hafi hann móttekið á skrifstofu Bátaábyrgðarfélagsins óundirritað hvítt blað með bréfhaus félagsins og eftirfarandi áritun:

„Flskj. nr. ... Vm. 17/5 1958 An m.s. Skaftfellingur, VE 33. Pr. aðaliðgjald. Ábyrgðargjald frá 1949 (sjá bókun stjórnarinnar frá 17/5 1958) kr. 19.890.00. Bókun stjórnarinnar: Samþykkt var að skulda m.s. Skaftfelling, VE 33, fyrir ábyrgð-

argjaldi bátsins fyrir árið 1949, en samkvæmt dómi sjó- og verzlunard. 28/5 1957 er slegið föstu, að báturinn sé í tryggingu hjá félaginu það ár og að iðgj. hafi verið greitt með innborgun Samábyrgðarinnar 8/10 1951, sem fært er hjá félaginu sem greiðsla á iðgjaldi 1950."

Blað þetta hefur ekki verið lagt fram og ekki heldur viðskiptareikningur m/b Skaftfellings, að undanskildum reikningi fyrir árið 1957. Útskrift úr gerðabók stjórnar Bátaábyrgðarfélagsins liggur heldur ekki fyrir. Málatilbúnaði stefnanda er því áfátt að þessu leyti. En af hálfu hins stefnda félags hefur því ekki verið andmælt, að hin tilvitnuðu orð séu að innihaldi rétt. Má því ganga út frá, að tryggingariðgjald Skaftfellings, sem ríkissjóður greiddi með milligöngu Samábyrgðarinnar, hafi í bókhaldi Bátaábyrgðarfélagsins verið fært stefnanda til tekna sem greiðsla á iðgjaldi 1950. Einnig má víst ganga út frá, að tryggingariðgjaldið fyrir árið 1949 hafi þá fyrst verið fært stefnanda til skuldar, er komið var fram á árið 1958. Telur stefnandi, að þá hafi iðgjaldið verið niður fallið vegna fyrningar fyrir 5 árum, og færslan þar af leiðandi ekki átt rétt á sér. Af hálfu hins stefnda hefur því verið svarað til, að fyrning komi hér ekki til greina, þar eð um áframhaldandi viðskipti hafi verið að ræða.

Framlag ríkissjóðs, sem fyrr getur, kr. 19.890.00, var látið af hendi sem tryggingariðgjald Skaftfellings fyrir árið 1949. Verður ekki talið, að stefnda hafi verið heimilt að ráðstafa því á annan veg né að stefnandi eigi rétt á, að það sé látið ganga upp í önnur iðgjöld. Af þessari ástæðu og einnig vegna þess, hvernig krafa stefnanda er sett fram, þykir ekki unnt að taka hana til greina.

Rétt þykir að ákveða, að málskostnaður falli niður í málinu.

Dómsuppsaga hefur dregizt vegna anna við uppboðsgerðir og daglega afgreiðslu.

Dómsorð:

Mótorbátur stefnanda, Helga Benediktssonar, Skaftfellingur, VE 33, er tryggingarskyldur hjá stefnda, Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, og í vátryggingarábyrgð félagsins frá 22. marz 1958.

Að öðru leyti skal stefnda vera sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 14. marz 1961.

Nr. 40/1960. **Tryggvi Sigurðsson f. h. Jóhannesar Tryggvasonar** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Júpiter h/f og Marz h/f og gagnsök
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. marz 1960 og krafizt þess, að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 551.848.46 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 21. júní 1957 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 19. maí 1960, skotið málinu til Hæstaréttar með gagnáfrýjunarstefnu 23. maí s.l. og krafizt þess, að þeir verði aðeins taldir bera að hálfu fébótaábyrgð á tjóni því, er aðaláfrýjandi hefur orðið fyrir vegna slyss hinn 21. júní 1957, og að þeim verði aðeins dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 162.841.50 með 6% ársvöxtum frá 21. júní 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði að mati dómsins, en málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Eftir að dómur var kveðinn upp í héraði, hefur verið lagt fram vottorð frá Árna Björnssyni lækni, dags. 7. marz s.l., þar sem hann telur ekki ástæðu til að breyta örorkumati því, sem lagt var fram í héraðsdómi. Þá hafa dómarar Hæstaréttar farið á slysstaðinn og athugað aðstæður þar.

I. Með vísan til 39. greinar laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna og 16., 18. og 19. greina laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum má fallast á þá skoðun héraðsdómsins, að ekki sé ástæða til að skipta sök á slysinu og hana beri að leggja óskoraða á gagnáfrýjendur.

II. Aðaláfrýjandi sundurliðar fjárhæð kröfu sinnar, eins

og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, svo sem hér segir:

1. Örorkutjón	kr.	376.165.46
2. Þjáningar, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum	—	150.000.00
3. Fyrirhöfn og ómak heimilis	—	25.000.00
4. Örorkumat	—	183.00
5. Útreikningur örorkutjóns	—	500.00
Samtals	kr.	551.848.46

Um 1. lið. Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta upphæð þessa töluliðar, kr. 250.000.00.

Um 2. lið. Þegar virt eru hin alvarlegu meiðsli, sem Jóhannes Tryggvason varð fyrir, þjáningar hans, hin miklu framtíðarlýti, sem hann ber eftir þau, og hin mikla röskun á stöðu og högum, sem ætla verður að honum sé búin til frambúðar af þeirra völdum, þykir hæfilegt að dæma í bætur samkvæmt þessum lið kr. 100.000.00.

Um 3. lið. Auðsætt er, að heimili stefnanda hefur orðið fyrir allmikilli röskun og óþægindum vegna hins umrædda slyss og afleiðinga þess. Þykir því bera að taka þenna kröfulið til greina og meta bætur samkvæmt honum kr. 15.000.00.

Um 4. og 5. lið.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, að því er tekur til upphæða liða þessara.

Niðurstaðan hér fyrir dómi verður því, að gagnáfrýjendum ber in solidum að greiða aðaláfrýjanda kr. 250.000.00 + kr. 100.000.00 + kr. 15.000.00 + kr. 183.00 + kr. 500.00 eða samtals kr. 365.683.00 með vöxtum, eins og krafizt er.

Þá ber og gagnáfrýjendum að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem ákveðst kr. 42.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Júpiter h/f og Marz h/f, greiði in solidum aðaláfrýanda, Tryggva Sigurðssyni f. h. sonar hans, Jóhannesar Tryggvasonar, kr. 365.683.00 með 6%

ársvöxtum frá 21. júní 1957 til greiðsludags og kr. 42.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. þ. m., hefur Tryggvi Sigurðsson sjómaður, Melgerði 15, hér í borg, vegna ófjárráða sonar síns Jóhannesar, sama stað, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. október 1958, gegn hlutafélögunum Júpiter og Marz, hér í borg, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 551.848.46, ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júní 1957 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins var gerð varakrafa af hendi stefnanda þess efnis, að honum verði dæmd einhver lægri fjárhæð eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast *aðallega* sýknu, en *til vara* verulegrar lækkunar á þeirri fjárhæð, sem krafizt er í stefnu.

Vátryggingarfélaginu Tryggingu h/f er stefnt til réttargæzlu í málinu. Eru ekki gerðar kröfur í málinu á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur uppi.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 21. júní 1957 varð sonur stefnanda, Jóhannes, er þá var 11½ árs gamall, fyrir því slysi í frystihúsi stefndu á Kirkjusandi hér í borginni, þar sem hann þá vann, að vinstri hönd hans varð á milli færibands og keflis, er það lék um, og vafðist allur handleggurinn upp á keflið, áður því yrði við komið að stöðva færibandið. Hlaut drengurinn af þessu slík lemstur, að nauðsynlegt reyndist að nema burtu handlegginn um 15 cm neðan við axlarliðinn.

Slys þetta varð í flökunarsal frystihússins, en þar hagar svo til, að tvær færibandssamstæður liggja eftir salnum endilöngum og ná inn í annan sal, sem er til hliðar við hann. Færibandasamstæður þessar eru jafnlangar, um 24 m að lengd, þ. e. sá hlutinn, sem inni í flökunarsalnum er. Á milli þeirra er gangur, 56 cm breiður. Í hvorri samstæðu eru tvö færibönd, og eru um 30 cm frá neðra borði þess efra niður að efra borði þess, sem neðar er. Er efra borð efra færibandsins um það bil í axlarhæð meðalmanni, mælt frá gólfi. En efra borð neðra bandsins mun vera í um það bil 90 cm hæð frá gólfi. Frá þeim endum færibandanna, sem inni í flökunarsalnum eru, er nokkurra metra

breitt opið svæði, en þar sem það endar, tekur við veggur, sem lokar flökunarsalnum í þann endann. Þar sem böndin enda, eru kefli, sem þau renna eftir. Eru keflin, sem böndin renna um inni í flökunarsalnum, fyrst og fremst til þess að halda böndunum strengdum, og snúast þau, þegar böndin eru á hreyfingu. Keflin, sem hinir endar bandanna leika um, þ. e. þau, sem eru utan flökunarsalarins, eru aftur á móti í sambandi við rafmótor, og knýja þau kefli böndin áfram. Straumrofar færibandanna voru á þessum tíma ekki í flökunarsalnum, heldur í klefa, sem er í á að gizka 40—50 m fjarlægð frá slysstaðnum. Var á þessum tíma hvorki hægt að setja færiböndin á stað né stöðva þau annars staðar en í þessum klefa. Böndin tvö í hvorri samstæðu færast sitt í hvora áttina, efra bandið út úr flökunarsalnum, en neðra bandið inn í hann. Er þá að sjálfsögðu miðað við efra borð þeirra. Meðfram endilangri færibandasamstæðunni, sem hér kemur við sögu, þeirri hliðinni, sem frá áður greindum gangi veit, liggur um 30 cm breið málmrenna, og er hún í sömu hæð og efra borð neðra færibandsins. Út frá þessari rennu og hornrétt á hana standa flökunarborðin, alls 24, eða eitt á hvern lengdarmetra færibandsins. Standa flakararnir á milli borðanna við vinnu sína og snúa því vanga að færibandinu. Eins og áður greinir, færist neðra færibandið inn í flökunarsalinn, og flytur það fiskinn til flakaranna. Á neðra borð þess bands er aftur á móti fiskúrgangurinn settur og flytzt á þann hátt út úr flökunarsalnum. Efra færibandinu er ætlað það hlutverk, að flytja flökin frá flökurunum og út úr flökunarsalnum. Á neðra borð þess bands má ekkert setja, því að það, sem þar er sett, flyzt með bandinu að keflinu í enda þess og merst þar á milli bandsins og keflisins. Á ganginum á milli færibandasamstæðanna er staðsettur einn maður, eða tveir, ef flakað er, meðfram báðum samstæðunum í senn. Hefur þessi starfsmaður það hlutverk á hendi að ýta fiskinum af neðra færibandinu niður í rennuna meðfram flökunarborðunum og sjá með því flökurunum fyrir nægum fiski til flökunar. Hefur hann spaða í höndum til þess að ýta með fiskinum. Gengur hann meðfram færibandinu endilöngu, til þess að fiskurinn dreifist sem jafnast að flökurunum. Mun unglingum aðallega falið þetta starf. Efra færibandið er að öllu leyti óvarið og svo var einnig á þessum tíma um keflið, er það leikur um. Sama er að segja um neðra bandið, en meðfram þeim jaðri þess, er að ganginum snýr, rís upp 10—15 cm há, þunn brík, sem nær um tvo metra frá keflinu. Út frá brík

þessari miðri á að gizka liggur álíka há bríkás á ská þvert yfir efra borð bandsins í átt að enda þess. Er þessi útbúnaður ætlaður til þess, að fiskurinn, sem færibandið flytur, renni ekki út af enda þess. Sést þessi útbúnaður glöggt á ljósmyndum, sem liggja frammi í málinu. Af þessum útbúnaði á enda færibandsins leiðir, að ekki er ætlazt til þess, að sá, sem fiskinum ýtir af færibandinu, fari nær enda færibandsins en þangað, sem umrædd bríkás byrjar. Mun og trauðla hægt með góðu móti að hreinsa fisk af bandinu framundan henni. Virðist þetta fyrirkomulag hafa í för með sér, að þeir, sem við tvö fremstu flökunarborðin vinna, verði sjálfir a.m.k. að nokkru leyti að verða sér úti um fisk af færibandinu.

Er slysið varð, virðist einungis hafa verið flakað meðfram þeirri færibandasamstæðunni, sem hér um ræðir. Hafði Jóhannes Tryggvason það starf á hendi að sjá flökurunum fyrir fiski af færibandinu með þeim hætti, sem lýst hefur verið hér að framan. Unnu 12—14 flakarar við færibandið á þessum tíma að sögn hans. Slysið varð kl. rétt rúmlega 1 eftir hádegi, en skömmu áður hafði verið gefið merki um það, að vinna skyldi hefjast aftur eftir matarhlé. Um það, með hverjum hætti slysið atvikaðist, eru fyrst og fremst tveir til frásagnar, Jóhannes sjálfur og Bragi Jónsson flakari. Eru framburðir þeirra mjög á sinn hvorn veg. Drengurinn skýrir svo frá, að stundum hafi safnazt fyrir fiskur hjá Braga Jónssyni, ef hann hafði illa undan að ýta af bandinu, þar sem Bragi hafi verið við endann á bandinu við fremsta flökunarborðið. Einnig hafi það komið fyrir, að lítill fiskur var hjá Braga, þar sem hann mætti þá afgangi. Kveðst drengurinn hafa mátt hafa sig allan við til þess að sjá hverjum og einum fyrir nægum fiski. Hann kveður Braga oft hafa verið ónotalegan við sig, fyndist honum hann hafa of lítinn eða of mikinn fisk. Þannig hafi Bragi t. d. hótað að flengja sig, ef hann færi ekki að vilja hans. Hafi Bragi tekið í öxlina á honum og hrist hann til eða hrint honum. Kveðst hann af þessum sökum hafa haft beyg af Braga og leitazt við að gera honum til hæfis. Þegar Bragi kallaði eftir fiski, hafi hann stundum sett fisk á neðri reimina á efra bandinu, þar sem það band gekk hraðar, en með því móti hafi fiskurinn komizt fyrr til Braga. Rétt áður en slysið varð, hafi Bragi kallað, eins og oft áður: „Drengur, komdu með fisk.“ Hafi hann þá sett 3—4 fiska á neðra borð efra færibandsins, ýtt þeim síðan öllum af því, nema einum, og kallað að því búnu til Braga, að hann skyldi taka þann fisk af bandinu.

Bragi hafi svarað því til, að hann væri að flaka og gæti það ekki. Hafi hann þá sjálfur hlaupið til og ætlað að grípa fiskinn, en ermin á blússu hans hafi þá slegizt inn undir keflið, er síðan hafi dregið höndina og handlegginn til sín.

Vitnið Bragi Jónsson skýrir svo frá, að Jóhannes hafi ekki verið farinn að ýta fiski af færibandinu, er slysið varð. Það kveðst hafa séð, að drengurinn var með lítinn karfa í höndunum. Hvort hann tók karfann af færibandinu eða gólfinu, viti það ekki, en það hafi séð, að drengurinn lagði fiskinn á neðra borð efra færibandsins. Því hafi verið ljóst, að drengurinn gerði þetta einungis af „fikti" og barnaskap, og því hafi það sagt við hann orðrétt á þessa leið: „Vertu nú ekki að þessu fikti, drengur. Þú veizt, að Markús er margsinnis búinn að banna að láta neitt á þetta band." Drengurinn hafi horft á karfann berast með bandinu að keflinu, og er hann var rétt kominn að því, hafi drengurinn auðsjáanlega ætlað að taka karfann aftur af bandinu. Það hafi svo engum togum skipt, að karfinn og hönd drengsins festust á milli bandsins og keflisins. Vitnið kveðst ekki minnast þess að hafa séð nema í þetta eina skipti, að fiskur væri settur á neðra borð efra færibandsins. Það neitar því, að það hafi beðið Jóhannes um fisk í umrætt sinn, enda minnist það þess, að nægur fiskur hafi verið í fiskrennunni við borð þess, er það fór til hádegisverðar. Vitnið kveðst og ekki minnast þess, að drengurinn hafi beðið það að taka fisk af færibandinu í umrætt sinn. Vitnið kveður sig að jafnaði ekki hafa skort fisk til flökunar. Sá fiskur, sem kom á færibandinu og ekki var ýtt af því til annarra flakara, hafi runnið viðstöðulaust í rennuna hjá vitninu. Vitnið kveður Jóhannes hafa verið röskan við starf sitt og kveðst enga ástæðu hafa haft til að kvarta undan honum. Þá fullyrðir vitnið, að það hafi aldrei verið ónotalegt við drenginn.

Jóhannes hljóðaði upp, er hönd hans festist í færibandinu, og jafnskjótt varð yfirverkstjórinn í frystihúsinu, Andrés Markús Einarsson, sem þarna var nærstaddur, þess áskynja, hvernig komið var fyrir drengnum. Skundaði hann þegar áleiðis út úr flökunarsalnum til þess að stöðva færiböndin. Margt manna var á ferð um salinn á leið til starfa sinna, og torveldaði það för hans. Varð ein af starfsstúlkunum á undan honum að straumrofanum. Um leið og bandið, sem drengurinn var fastur í, stöðvaðist, skar einn flakarinn það í sundur, og var handleggur drengsins þar með laus. Var þá drengurinn í öngviti, en allur handleggur hans hafði undizt upp á keflið.

Vitnið Andrés Markús Einarsson, yfirverkstjóri í frystihúsinu, skýrir svo frá, að það hafi oft séð Jóhannes og aðra drengi, sem við færiböndin unnu, setja fisk á neðra borð efra bandsins. Hafi þetta verið gert af leikaraskap, og það hafi margoft verið búið að banna þetta. Vitnið kveður það hafa komið fyrir, að fiskur datt niður af fiskflutningsbandinu, og hafi þá sá eða þeir, sem unnu að því að ýta fiski af bandinu, stundum tekið fiskinn, þegar svo stóð á, og sett hann á neðra borð efra bandsins, en ýtt honum síðan af bandinu. Stundum hafi þó flakararnir tekið fiskinn sjálfir af bandinu, þegar svo stóð á. Vitnið tekur fram, að aldrei hafi verið ástæða til að nota efra færibandið til þess arna, enda hafi hann margsinnis verið búinn að banna það. Vitnið kveðst ekki vita annað en sambúð drengsins og Braga Jónssonar hafi verið með eðlilegum hætti, og kveðst það hvorki hafa séð Braga skamma drenginn né leggja á hann hendur.

Jóhannes Tryggvason hafði ráðizt til starfa í frystihúsi stefndu vorið 1956 og unnið þar það sumar. Var upphaflega svo ráð fyrir gert, að hann ynni þar við merkingar á umbúðum, og mun hann hafa æft sig undir það starf í Fiskiðjuveri ríkisins í tvo daga, áður en hann hóf starf sitt í frystihúsi stefndu. Andrés Markús Einarsson verkstjóri skýrir svo frá, að er stefnandi kom að máli við hann vorið 1956 og falaðist eftir starfi í frystihúsinu fyrir Jóhannes son sinn, hafi hann gjarnan viljað gera stefnanda þann greiða að verða við þeirri beiðni, væri þess nokkur kostur, enda hafi þeir verið kunningjar. Raunar hafi honum þó fundizt drengurinn of ungur til vinnu í frystihúsinu. Með tilliti til þess hafi og svo talazt til milli hans og stefnanda, að drengurinn yrði látinn merkja fiskkassa. Við það verk hafi drengurinn svo verið fram eftir sumrinu, en með því að hann var nokkuð út af fyrir sig við þetta verk og fjarri félagsskap við annað starfsfólk frystihússins, hafi komið að því, er á sumarið leið, að honum tók að leiðast þetta starf og biðja um, að hann fengi að skipta um starf við dreng, sem sá flökurunum við færiböndin fyrir fiski. Sá drengur hafi fallizt á verkaskiptin, og hafi þetta orðið til þess, að Jóhannes vann að hinu nýja starfi um mánaðartíma sumarið 1956. Vitnið kveður sér ekki kunnugt um, að stefnandi hafi vitað um, að drengurinn skipti um starf á sumrinu 1956, enda hafi það ekki skýrt honum frá því. Þegar stefnandi að nýju bað um vinnu fyrir drenginn vorið 1957, hafi alls ekkert verið um það rætt, að hvaða störfum hann ynni, en reyndin hafi orðið sú, að hann hvarf að sama starfi og hann

gegndi, er hann hætti sumarið áður. Tvö vitni auk Andrésar Markúsar verkstjóra, þau Bragi Jónsson, sem áður var nefndur, og Guðbjört Magnúsdóttir, eftirlitskona í flökunarsal frystihússins, bera það, að Jóhannes hafi unnið að þessu sama starfi sumarið 1956. Sjálfur skýrir drengurinn svo frá um þetta atriði, að fyrra sumarið hafi hann svo til einungis unnið við að stimpla fiskkassa, og fullyrðir jafnframt, að það sumar hafi hann alls ekki unnið við færiböndin. Hann kveðst oft hafa beðið Andrés Markús þess sumarið 1957, að hann fengi sitt fyrra starf, enda hafi sér þótt starfið við færiböndin erfitt. Um þetta síðasta atriði í framburði drengsins er framburður Andrésar Markúsar á annan veg. Kveðst vitnið ekki minnast þess, að drengurinn hafi nokkru sinni kvartað um það við sig, að starf sitt við færiböndin væri of erfitt, eða hreyft því, að hann vildi skipta um starf. Á hinn bóginn kveðst vitnið ekki hafa gengið þess dulið, að drengurinn var orðinn leiður á þessu starfi, þar sem stefnandi hafi verið búinn að hringja í það, nokkrum dögum áður en slysið varð, og tjá því, að drengurinn væri að kvarta undan því, að starfið væri erfitt og hann vildi helzt fara aftur í sitt fyrra starf við að merkja umbúðir. Kveðst vitnið hafa lofað að athuga þetta, þótt eigi hefði orðið að framkvæmdum í því efni.

Stefnandi skýrir svo frá, að er hann réð Jóhannes son sinn til starfa í frystihúsi stefndu vorið 1956, hafi hann beðið Andrés Markús þess, að drengurinn yrði látinn vinna við að merkja umbúðir, þar sem hann hafi talið það starf henta drengnum bezt sökum hins unga aldurs hans og lágra launa, er hann myndi fá greidd. Kveðst stefnandi ekki hafa vitað betur en drengurinn væri við þetta starf. Er fram á sumarið 1957 kom, hafi drengurinn farið að skýra honum frá því, að hann væri látinn vinna við færiband og að það starf væri alltof erfitt fyrir sig. Jafnframt hafi drengurinn beðið hann um, að hann talaði við Andrés Markús til þess að herða á því, að hann yrði látinn hverfa að sínu fyrra starfi. Kveðst stefnandi hafa hringt í Andrés Markús, er drengurinn hafði tvívegis haft orð á þessu, og spurt, hverju það sætti, að drengurinn væri ekki látinn vera við það starf, sem upphaflega var ráðgert, að hann ynni að. Andrés Markús hafi svarað því til, að drengnum hafi leiðzt þetta starf. Kveðst stefnandi þá hafa látið þetta kyrrt liggja, en bent drengnum á, að hann skyldi sjálfur ítreka óskir sínar í þessu efni við Andrés Markús. Hafi drengurinn tjáð honum, að þetta hefði hann gert, tveimur til þremur dögum áður en slysið varð. Stefn-

andi tekur það fram, að honum hafi aldrei komið til hugar, að um slysahættu gæti verið að ræða í frystihúsi stefndu, enda hafi hann vitað, að frystihús þetta var nýtt, og talið, að það væri hið fullkomnasta sinnar tegundar hér í borginni.

Samkvæmt skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins um slys þetta, dags. 8. júlí 1957, var því ekki tilkynnt um slysið, en frétti um það á skotspónum. Í skýrslu þessari segir skoðunarmaður Öryggiseftirlitsins á þessa leið:

„Ég álit, að störf og almenn umgengni við og í umhverfi nefnds slysstaðar verði, eins og á stendur og störfum hagar til, ekki talin hættuleg fyrir starfsfólk á hæfum starfsaldri.

Hins vegar er hægt að koma fyrir hlífabúnaði, sem myndi, ef til vill, hafa varnað nefndu slysi.

Aðalorsök slyssins tel ég vera þá, að slasaði er við störf, sem telja verður verulega varhugavert að hafa börn við ....“

Í annarri skýrslu um slysið frá Öryggiseftirliti ríkisins, dags. 9. júlí 1957, undirritaðri af öðrum skoðunarmanni þess, segir svo:

„Það, sem ég tel athugaverðast í sambandi við hlífa- og öryggisbúnað bandanna er, að ekki skuli vera stöðvunarrofi við báða enda þeirra. Að sögn verkstjórans var hann búinn að biðja um, að hann yrði settur, en ekki hafi orðið úr framkvæmdum ....“

Hinn 31. júlí 1957 gefur Öryggiseftirlitið stefndu fyrirmæli um öryggisútbúnað fyrir færiböndin. Er bréf Öryggiseftirlitsins, er að þessu lýtur, svohljóðandi:

„Að beiðni er gefin sérstök yfirlýsing um ástand færibandsins, sem áðurnefndt slys varð í hér.

Bandið, sem um ræðir, er ekki hættulegt í venjulegri umgengni eða starfsemi, eins og búnaði þess er farið. Það skal hins vegar tekið fram, að hlífa ber betur bandkeflið næst neðan við nefnt band. Einnig skal komið fyrir rofum við miðju bandanna og við báða enda þeirra allra.“

Við athugun hinna sérfróðu meðdómenda á slysstað hinn 16. þ. m., kom í ljós, að hlíf hefur verið sett framan við kefli það, sem hér ræðir einkum um. Er þessi hlíf mjög einföld að gerð, og auðsætt, að mjög auðvelt hefur verið að koma henni fyrir. Verður eigi annað séð, en að hún sé algerlega örugg slysavörn. Þá hefur og verið komið fyrir þremur rofum á vegg, sem liggur meðfram færibandasamstæðunni og skammt frá henni. Rofar þessir eru auðkenndir með rauðum spjöldum og mjög áberandi. Er einn rofinn á móts við samstæðuna miðja, en einn nálægt

hvorum enda hennar. Er því nú hægt að stöðva færiböndin á örskömmum tíma af þeim, er við þau vinna.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að slys það, er um ræðir, hafi orðið með þeim atvikum, að stefndu, er eigi og starfræki í sameiningu umrætt frystihús, hljóti að bera óskipta og sameiginlega fébótaábyrgð á tjóni sonar hans af þess völdum. Í fyrsta lagi hafi drengurinn verið ráðinn til starfs í frystihúsinu í trausti þess, að hann yrði þar látinn sýsla við að merkja umbúðir, sem sé algerlega hættulaust starf. Í stað þess hafi verkstjórinn, sem yfir honum hafði að segja, breytt þessum ráðningarkjörum drengsins á eindæmi sitt með því að setja hann til verks við hættuleg tæki í flökunarsal frystihússins, sem á engan hátt hafi svarað til aldurs hans og þess lága kaups, er hann fékk greitt. Sú ráðabreytni hafi verið algerlega óverjandi, þar sem svo ungur drengur átti í hlut, enda brýnt brot á 39. gr. laga nr. 29/1947 um vernd barna og ungmenna. Í öðru lagi sé leitt í ljós, að öryggisútbúnaði við færiböndin hafi verið mjög ábótavant, þar sem kefli það, er slysinu olli, hafi verið með öllu óvarið og enginn rofi staðsettur í flökunarsalnum til þess að stöðva færiböndin. Hér hafi verið um vanrækslu að ræða, er varði við lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952, 16., 18. og 19. gr. Í þriðja lagi hafi hér verið um svo hættulegt starf að ræða, einkum með tilliti til aldurs drengsins, að stefndu eigi af þeim sökum að bera fébótaábyrgð á tjóni hans. Að lokum er á það bent, að eðlilegra sé, að atvinnuveitendur beri tjón það, er starfsmenn verða fyrir við störf sín í þeirra þágu, þar sem þeir eigi hægara um vik að tryggja sig fyrir slíkum skakkaföllum.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að þeim verði ekki gefin sök á slysinu, heldur verði það eingöngu rakið til gáleysis drengsins sjálfs. Leitt sé í ljós, að hann hafi notað efra færibandið við verk sitt þrátt fyrir gagnsleysi þess við það verk og margítrekuð fyrirmæli og bann verkstjóra við notkun þess. Með þessu hafi drengurinn af sjálfsdáðum lagt sig í algerlega þarflausa hættu. Starf það, sem drengnum var ætlað að vinna við færiböndin, sé algerlega hættulaust í sjálfu sér, sé að því unnið, eins og til er ætlazt. Hættu sé aðeins til að dreifa við enda bandanna, þar sem keflin eru, en þar sé engum ætlað að vera, og þar þurfi enginn að koma nálægt. Um færiböndin gegni sama máli og aðrar vélar. Þau séu hættulaus, nema menn geri sig seka um sérstakt gáleysi og leggi sig þannig í hættu að þarflausu. Í

frystihúsum séu ýmsar vélar og margs konar tæki, og megi segja, að allt sé það hættulegt. Tæki þessi séu þó óhjákvæmileg, og öllum starfsmönnum sé ljóst, að hætta sé samfara notkun þeirra, sé ekki höfð í frammi full gát. Frystihús það, er hér um ræðir, hafi verið að heita má nýtt á þessum tíma, og allur útbúnaður þess hafi verið eins fullkominn og kostur var og í samræmi við ströngustu kröfur. Þannig hafi Öryggiseftirlit ríkisins fram að þeim tíma, er slysið varð, ekki talið öryggisútbúnaði færibandanna í neinu áfátt. Af hálfu stefndu er því mótmælt, að það hafi verið gálauslegt athæfi, hvað þá brot á lögum, að setja drenginn til vinnu við færiböndin. Alkunnugt sé, að unglingar á aldrinum 10—15 ára séu mjög fjölmennir við störf í frystihúsum, og þegar námsleyfi eru, sé framboð á slíku vinnuafli í frystihúsunum mun meira en eftirspurnin. Það sé jafnvel farið að tíðkast, að skólanemendum í unglingaskólum sé veitt leyfi frá námi um hríð beinlínis í þeim tilgangi, að þeir vinni í frystihúsum á meðan. Að lokum er því haldið fram, að ekki geti hjá því farið, að stefnanda hafi verið um það kunnugt, að sonur hans hafði skipt um starf og byrjað að vinna við færiböndin. Hafi það verið yfirsjón af hendi verkstjórans, er að þeirri ráðabreytni stóð, sé engu að síður við stefnanda sjálfan um þetta að sakast, föður drengsins og forsjármann. Hljóti gáleysi hans í því efni að koma drengnum í koll og jafngilda gáleysi hans sjálfs.

Réttargæzlustefndi styður kröfur stefndu og tekur að öllu leyti undir málsástæður þær og rök, er þeir bera fram til stuðnings kröfum sínum í málinu.

Hér að framan hefur verið lýst eftir föngum útbúnaði og starfrækslu færibanda þeirra, sem sonur stefnanda vann við, er hann slasaðist. Af þeirri lýsingu og athugunum hinna sérfróðu meðdómenda á vettvangi er auðsætt, að verulega hefur á það skort af hendi stefndu, að viðhlítandi öryggisráðstafanir væru í frammi hafðar, þar sem hvorki var hlíf framan við kefli það, er slysinu olli, né heldur til staðar í flökunarsalnum rofar til þess að stöðva færiböndin, ef skjótlega bar til þess þörf, svo sem gera mátti ráð fyrir og hér varð raunin. Vísast í þessu efni til laga nr. 23/1952, sbr. einkum 16. og 19. gr. Til þessa augljósa skorts á öryggisútbúnaði, sem mjög var auðvelt úr að bæta, eins og lýst hefur verið, má rekja slysið og afleiðingar þess. Verður fallizt á það með stefnanda, að við þær aðstæður, sem þarna voru, hafi verið mjög óvarlegt að láta dreng, svo ungan

sem sonur hans var, vinna það starf, er hann hafði á hendi. Vegna þessa skorts á nauðsynlegum öryggisútbúnaði og þess gáleysis yfirmanns drengsins að fela honum umrætt verk við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru, verður að leggja á stefndu fébótaábyrgð á tjóni drengsins af völdum slyssins. Að því er fyrra atriðið varðar, er þess að gæta, að stefndi getur ekki borið það fyrir sig, að Öryggiseftirlit ríkisins hafi ekki krafizt frekari öryggisútbúnaðar en til staðar var, þar sem það er ekki á færi þeirrar stofnunar að slaka á þeim kröfum til öryggis á vinnustöðum, sem telja verður nauðsynlegar. Að því er tekur til síðara atriðisins, þ. e. þeirrar ráðabreytni, að láta drenginn vinna umrætt starf við færiböndin, þá er á það að líta, að þótt stefnanda hefði verið kunn sú ákvörðun og jafnframt sú hætta, sem því verki var samfara, þá myndi vanræksla hans í því að láta þar til sín taka í engu hagga rétti drengsins til bóta úr hendi stefndu. Þykir því ekki ástæða til að hyggja frekar að málflutningi aðilja um það atriði.

Svo sem áður greinir, var sonur stefnanda 11½ árs gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi. Eins og gögnum málsins er háttað, er ekki fullljóst, hver nákvæm tildrög slyssins voru. Þó er sýnt, að drengurinn var að sýsla með fisk á neðra borði efra færibandsins, sem þó var þarflaust og hættulegt í grennd við keflið á enda þess. Vegna hins unga aldurs drengsins og annarra atvika, sem rakin hafa verið, þykir þó ekki þrátt fyrir þetta gáleysi hans næg ástæða til að skipta sök á slysinu, og verður hún lögð óskoruð á stefndu.

Stefnandi sundurliðar fjárhæð kröfu sinnar þannig:

1.	Örorkutjón	kr.	376.165.46
2.	Þjáningar, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum	—	150.000.00
3.	Fyrirhöfn og ómak heimilis	—	25.000.00
4.	Örorkumat	—	183.00
5.	Útreikningur örorkutjóns	—	500.00
		Kr.	551.848.46

Um 1.

Þegar eftir slysið var sonur stefnanda fluttur í Landspítalann. Í vottorði Árna Björnssonar læknis, dags. 26. nóvember 1957, er lýst meiðslum drengsins og læknismeðferð þeirri, er hann hlaut í sjúkrahúsinu. Segir þar:

„... Við komu hafði sjúklingur svöðusár á vinstri öxl, þannig

að allir vöðvar framan á öxlinni voru sundurtættir, sömuleiðis taugar og aðalæðar fram í vinstri handlegg.

Strax við komu var gerð aðgerð á sjúklingi til þess að reyna að bjarga handleggnum, en nokkrum dögum síðar kom drep í handlegginn, svo taka varð hann af um 15 cm neðan við axlarliðinn. Sárin greru seint, og sjúklingurinn var útskrifaður af Handlæknisdeildinni 9/8 '57, en sár hans eru ekki gróin að fullu ennþá.

Ástand er þannig nú, að handleggsstúfurinn er bundinn við brjóstholið með örvef, og er engin hreyfing, hvorki activ né passiv í axlarliðnum. Axlarvöðvar eru mjög rýrir, og innanvert á stúfnum er sár, ca 3×4 cm stórt, sem er að gróa.

Til þess að möguleikar séu á að gera axlarliðinn eitthvað hreyfanlegan, þarf að gera frekari aðgerðir á sjúklingi, en ekki er hægt að ráðast í það, fyrr en sárið er að fullu gróið."

Í vottorði sama læknis, dags. 14. marz 1958, segir á þessa leið:

„Ástand sjúklings er nú þannig, að sárin á handleggsstúfnum eru að fullu gróin. Stúfurinn er ca 15 cm langur og bundinn við brjóstkassann með þykkum örvef. Engin hreyfing, hvorki activ né passiv, er í axlarliðnum og vöðvarnir kringum liðinn mjög rýrir. Segja má því, að stúfur þessi komi sjúklingi að mjög litlu eða engu gagni, nema e. t. v. til festingar á gervihandlegg, sem þó ekki mundi koma að neinum notum.

Frekari aðgerðir koma varla til greina, því taugar þær, sem liggja að vöðvunum í kringum öxlina, eru slitnar í sundur, og því yrði aldrei um neina activa hreyfingu að ræða."

Hinn 11. apríl 1958 var Jóhannes metinn 75% varanlegur öryrki af völdum slyssins.

Hinn 18. maí 1958 var áætlað atvinnutjón hans, miðað við þá örorku, reiknað út af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Er útreikningur þessi byggður á tímakaupi verkamanna samkvæmt kaupgjaldsskrá Dagsbrúnar. Gert er ráð fyrir, að tekjur unglinga nemi á 14. aldursári 5% af tekjum fullorðinna, 10% á 15. ári, 25% á 16. ári, 75% á 17. ári og fari eftir það hækkandi um 5% á ári í 5 ár. Er þá höfð hliðsjón af skólagöngu og fenginni reynslu af því, að árstekjur unglinga séu yfirleitt lægri en fullorðinna, þótt tímakaup sé hið sama. Reiknað er með 48 stunda vinnuviku og 48 vinnuvikum á ári. Reiknað á þenna hátt, verður niðurstaðan um atvinnutjón drengsins sú, að verðmæti þess á slysdegi nemi kr. 410.974.00.

Auk framangreinds útreiknings hefur hinn sérfróði maður sam-

tímis reiknað út áætlað atvinnutjón drengsins, miðað við upplýsingar frá Hagstofu Íslands um meðaltekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík á árabilinu 1951—1956, sem honum teljast vera 17.41% hærri en tekjur þær, sem byggt var á í fyrrgreindum útreikningi. Sé miðað við þessar hærri tekjur, verður niðurstaðan sú, að verðmæti áætlaðs atvinnutjóns drengsins nemi kr. 482.525.00.

Í greinargerð tryggingafræðingsins kemur það fram, að drengurinn hefur fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, kr. 7.482.40. Þá nýtur hann lífeyris af almannafé frá 1. janúar 1958. Kveður tryggingafræðingurinn lífeyri þenna upphaflega hafa numið kr. 8.564.40 á ári, en hækkað hinn 1. júní 1958 í kr. 8.992.62. Tryggingafræðingurinn hefur samtímis því að reikna út áætlað atvinnutjón drengsins einnig reiknað út verðmæti þessa lífeyris, og telst honum það nema kr. 133.074.00 á slysdegi. Er gert ráð fyrir, að þessar lífeyrisgreiðslur haldist til 67 ára aldurs, er lögboðinn ellilífeyrir kemur til.

Þegar dagpeningarnir og verðmæti lífeyrisins hefur verið dregið frá verðmæti áætlaðs atvinnutjóns, verður niðurstaðan kr. 270.417.60, ef reiknað er með lægri atvinnutekjum, en kr. 341.968.60, séu hinar hærri lagðar til grundvallar. Leggur stefnandi hærri töluna til grundvallar kröfu sinni samkvæmt þessum fyrsta lið, en bætir við hann 10% vegna aukinnar dýrtíðar, frá því útreikningurinn var gerður.

Framangreindir útreikningar eru allir miðaðir við 6% ársvexti og lífslíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu frá árunum 1941—1950.

Vegna kaupgjaldsbreytinga þótti rétt, að aflað yrði nýs útreiknings tryggingafræðings, áður en dómur yrði kveðinn upp í málinu. Er sá útreikningur einnig gerður af Guðjóni Hansen og dags. 19. desember 1959. Samkvæmt honum hækkar lægri niðurstöðutala fyrri útreiknings í kr. 276.092.60, en hin hærri í kr. 351.020.60. Að öðru leyti eru reikningsforsendur hinar sömu og áður.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem alltof háum. Telja þeir, að leggja beri til grundvallar lægri fjárhæðina í fyrri útreikningi tryggingafræðingsins og meta það til lækkunar bótum, að þær séu skattfrjálsar.

Þegar litið er til þess, sem rakið hefur verið um áætlað atvinnutjón drengsins, bóta þeirra, sem hann hefur fengið og fær

frá Tryggingastofnun ríkisins, og að dæmdar bætur eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þá þykja bæturnar hæfilega ákveðnar kr. 250.000.00.

Um 2.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem of háum. Benda þeir á, að svo ungur drengur, sem hér á í hlut, eigi auðveldara með að sæta þeirri röskun, sem hér sé til að dreifa, heldur en fullorðinn maður, sem þegar hefur valið sér lífsstarf.

Þegar virt eru hin alvarlegu meiðsli, sem sonur stefnanda varð fyrir, hin miklu og áberandi lýti, sem hann ber eftir þau, og hin mikla röskun á stöðu og högum, sem ætla verður, að honum sé búin til frambúðar af þeirra völdum, þá þykir hæfilegt að dæma í bætur samkvæmt þessum lið kr. 75.000.00.

Um 3.

Af hálfu stefnanda hafa ekki verið lögð fram sérstök gögn til stuðnings þessum lið kröfunnar, en bent er á, að fyrirhöfn og ómak heimilis hans hafi verið mjög mikil vegna slyssins.

Stefndu hafa mótmælt því, að þessi kröfuliður eigi nokkurn rétt á sér. Ósannað sé, að heimili stefnanda hafi haft önnur fjárútlát af slysinu en þau, sem rekstur málsins hafi í för með sér.

Kröfuliður þessi er engum gögnum studdur, og ekki hefur verið gert sennilegt, að hann eigi nokkurn rétt á sér. Er því ekki unnt gegn mótmælum stefndu að taka hann til greina að neinu leyti.

Um 4. og 5.

Þessir kröfuliðir sæta ekki mótmælum og verða teknir til greina að fullu.

Tjón Jóhannesar Tryggvasonar nemur samkvæmt framanskráðu samtals kr. 325.683.00 (kr. 250.000.00 + kr. 75.000.00 + kr. 183.00 + kr. 500.00). Verða stefndu dæmd til að greiða þá fjárhæð in solidum ásamt vöxtum, eins og krafizt er

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað. Ákveðst hann kr. 21.000.00. Er þar með talinn kostnaður við nýjan útreikning tryggingafræðings á áætluðu tjóni sonar stefnanda, kr. 250.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt meðdómendunum Jóhannesi Zoëga verkfræðingi og Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut.

Dómsorð:

Stefndu, hlutafélögin Júpíter og Marz, greiði in solidum stefnanda, Tryggva Sigurðssyni vegna ófjárráða sonar hans Jóhannesar, kr. 325.683.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júní 1957 til greiðsludags og kr. 21.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. marz 1961.

Nr. 85/1960. **Sigurður Guðjónsson, Guðný Guðjónsdóttir og Stefanía Guðjónsdóttir**
(Gunnar J. Möller hrl.)
gegn
Haraldi Þórðarsyni, Helgu Elísbergsdóttur, Ísafold Björnsdóttur og skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús Guðna G. Sigurðssonar (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Erfðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1960 og krafizt þess, að erfðaskrá Guðna G. Sigurðssonar frá 14. desember 1950 verði metin ógild vegna afturköllunar, að viðurkennd verði erfðaskrá hans frá 2. október 1956, að því er varðar eignir þær, sem þar er ráðstafað, en dæmt verði, að aðrar eignir arfleifanda, Guðna G. Sigurðssonar, renni til áfrýjenda sem lögerfingja hans og loks, að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi

stefndu Haralds Þórðarsonar, Helgu Elísbergsdóttur og Ísafoldar Björnsdóttur.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur það verið í ljós leitt, að Guðni Már Henningsson, sem arfahlut fær samkvæmt erfðaskránni frá 2. október 1956, er fæddur 9. júní 1952, og hefur því arfleiðsla til hans verið m. a. undirrót erfðaskrárinnar frá 2. október 1956.

Svo sem rækilega er rakið í úrskurði skiptaráðanda, geymir erfðaskráin frá 14. desember 1950 algera ráðstöfun á eignum Guðna G. Sigurðssonar að honum önduðum. Skrá þessi var nefndan dag undirrituð í viðurvist notarii publici í Reykjavík og innrituð í notarialbókina, og skyldi endurrit úr henni jafngilda frumriti arfleiðsluskrárinnar, „ef það skyldi glatast". Með erfðaskránni frá 2. október 1956 arfleiddi Guðni G. Sigurðsson þrjú systkini, Sesselju Ragnheiði Henningsdóttur og Örn Elísberg og Guðna Má Henningssyni, að nokkrum tilteknum eignum, svo sem lýst er í úrskurði skiptaráðanda, en lét í þeirri erfðaskrá að engu getið, hverjir hljóta skyldu aðrar eignir hans eftir hans dag.

Guðni G. Sigurðsson afturkallaði eigi erfðaskrána frá 14. desember 1950 í notarialbókinni, og eigi er með gögnum málsins sannað, að hann hafi ótvírætt látið í ljós, að þau ákvæði þessarar erfðaskrár, sem eigi var breytt með erfðaskránni frá 2. október 1956, skyldu úr gildi falla. Verður því að telja þau í gildi, sbr. 32. gr. laga nr. 42/1949, og staðfesta úrskurð skiptaráðanda.

Rétt þykir, að áfrýjendur greiði stefndu, öðrum en skiptaráðanda, málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Sigurður Guðjónsson, Guðný Guðjónsdóttir og Stefanía Guðjónsdóttir, greiði stefndu Haraldi

Þórðarsyni, Helgu Elísbergsdóttur og Ísafold Björnsdóttur málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 24. marz 1960.

Hinn 12. nóvember 1959 lézt hér í bænum Guðni Guðjónsson Sigurðsson málari, þá til heimilis að Karlagötu 18, hér í bæ. Uppskrift á eignum dánarbúsins fór fram dagana 25. og 26. nóvember sama ár. Var þá ákveðið, að búinu skyldi skipt opinberum skiptum og að innköllun skyldi gefin út til erfingja og skuldheimtumanna. Sú innköllun var svo gefin út hinn 8. desember 1959 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu hinn 6. janúar 1960.

Ágreiningur hefur komið upp um það, hverjir væru erfingjar í búi þessu, og hefur af því tilefni verið rekið sérstakt mál fyrir skiptaréttinum, og var það mál, að loknum munnlegum flutningi, er fór fram hinn 17. þ. mán., tekið undir úrskurð.

Það hefur komið fram í málinu, að lögerfingjar hins látna eru systkini hans, Stefanía Guðjónsdóttir, Suðurgötu 4, Guðný Guðjónsdóttir, Dyngjuvegi 16, og Sigurður Guðjónsson, Eskihlíð 20, hér í bæ.

Í ljós hefur og komið, að hinn látni hefur gert 3 erfðaskrár. Sú fyrsta er dagsett hinn 19. desember 1945 og er staðfest notarialiter sama dag. Hefur hún verið lögð fram sem endurrit af notarialbók og þingmerkt sem rskj. nr. 9. Þar arfleiðir Guðni G. Sigurðsson konu sína, Ragnheiði K. Björnsdóttur, að öllum eignum sínum eftir sinn dag. Hann ákveður þar einnig, að ef hún lifi hann ekki, skuli stjúpsonur hans og fóstursonur, Haraldur Þórðarson, hljóta eignirnar. Tekið er fram í skránni, að eftirrit notarialbókarinnar skuli hafa sama gildi og frumritið, ef það skyldi glatast.

Næsta erfðaskrá er dagsett hinn 14. desember 1950 og undirrituð í viðurvist notarii publici sama dag. Er eiginkona Guðna þá látin. Er hér sama máli að gegna og um fyrri skrána, að frumrit hefur ekki komið í leitirnar, og er skrá þessi lögð fram sem endurrit af notarialbók Reykjavíkur og einnig lögð fram í máli þessu sem rskj. nr. 9. Í þessari skrá gerir arfleiðandi þá skipan mála, að Sesselja Ragnheiður Henningsdóttir, þá til heimilis að Efstasundi 68, skuli erfa efri hæð húseignarinnar Karlagötu 18 ásamt öllu því, er eign þessari fylgi og fylgja beri. Örn Elísberg

Henningsson, til heimilis sama stað, skuli erfa tiltekna lausafjármuni og auk þess 25 þúsund krónur í peningum, Helga Elísbergsdóttir skuli erfa aðra innanstokksmuni og 25 þúsund krónur í peningum. Ísafold Björnsdóttir, Karlagötu 18, skuli erfa kjallaraíbúð í húsinu Karlagötu 18 og tiltekna innanstokksmuni. Haraldur Þórðarson skuli loks erfa auk móðurarfs síns, sem hann þegar hafi fengið greiddan, allar aðrar eignir en þær, sem samkvæmt framansögðu hafi verið ráðstafað til annarra, enda skuli áður hafa verið dregin frá öll gjöld búsins, þar með erfðafjárskattur. Loks er ákveðið, að fari svo, að frumrit skrár þessarar glatist, skuli endurrit af notarialbókinni að öllu leyti koma í þess stað. Í skrá þessari er ekki vikið að því, að arfleiðandi hafi áður gert erfðaskrá.

Síðasta erfðaskráin er dagsett og notarialiter staðfest hinn 2. október 1956. Þar er ákveðið af arfleiðanda, að Sesselja Ragnheiður Henningsdóttir, sem þá á heima að Hæðargarði 10, skuli erfa kjallaraíbúð hússins Karlagötu 18 ásamt tilheyrandi lóðarréttindum svo og öll málverk, sem hann eigi. Örn Elísberg og Guðni Már Henningssynir, til heimilis sama stað, skuli erfa 2. hæð nýnefnds húss ásamt lóðarréttindum, enn fremur skuli Örn Elísberg erfa útvarpsgrammófón, en Guðni Már allar bækur arfleiðanda. Þessir arfþegar eiga og að erfa skuldabréf Bjarna Bjarnasonar, Karlagötu 18. Skrá þessi geymir ekki ákvæði önnur en þessi, og ekki er þar heldur vikið að fyrri erfðaskrám. Hefur hún verið lögð fram í frumriti sem rskj. nr. 6.

Af hálfu lögerfingja Guðna G. Sigurðssonar hafa þær réttarkröfur verið gerðar í máli þessu, að erfðaskrárnar frá 19. desember 1945 og 14. desember 1950 verði metnar ógildar vegna afturköllunar, en aftur á móti er viðurkennd arfleiðsluskrá frá 2. október 1956, að því er varðar þær eignir, sem þar er ráðstafað, en aðrar eignir renni til lögerfingja. Þess er og krafizt, að varnaraðiljum, Haraldi Þórðarsyni, Ísafold Björnsdóttur og Helgu Elísbergsdóttur, verði in solidum gert að greiða sóknaraðiljum málskostnað.

Af hálfu varnaraðiljanna, Haralds Þórðarsonar, Karlagötu 18, Ísafoldar Björnsdóttur, Lynghaga 13, og Helgu Elísbergsdóttur, Suðurlandsbraut 94 F, eru þær réttarkröfur gerðar, að erfðaskrá, dagsett 14. desember 1950, verði metin gild og eignum búsins ráðstafað í samræmi við ákvæði hennar með þeim breytingum, sem gerðar séu í erfðaskrá, dagsettri 2. október 1956. Varnar-

aðiljar krefjast þess, að sóknaraðiljum verði in solidum gert að greiða málskostnað í máli þessu.

Kröfugerð lögerfingjanna er rökstudd á þessa leið: Hin síðasta erfðaskrá hins látna finnst í fórum hans, en hvorug hinna fyrri. Bendir það til þess, að hún hafi að öllu leyti átt að koma í þeirra stað og útiloka þær. Leiki enginn vafi á því, að Guðni hafi eyðilagt frumrit fyrri skránna og litið svo á, að það væri nægileg afturköllun. Bent er sérstaklega á ákvæði 2. mgr. 32. gr. erfðalaga, þar sem segir, að erfðaskrá falli úr gildi, þegar arfleiðandi hafi ótvírætt látið í ljós, að hann vilji svo vera láta. Þannig sé afturköllun erfðaskrár óformbundin. Aftur á móti verði lögerfingjar ekki sviptir erfðarétti sínum, nema með vafalausum gerningi í lifanda lífi eða erfðaskrá, sem sé bundin mjög ströngum formreglum.

Bent er einnig á framburði og vottorð nokkurra vitna, sem ganga í þá átt, að Guðni hafi sagt, að stjúpsonur hans, Haraldur, ætti ekki að taka arf eftir hann. Vissulega myndi Guðni ekki hafa orðað það, ef hann hefði ekki staðið í þeirri trú, að báðar fyrri erfðaskrárnar hefðu verið tryggilega afturkallaðar. Þessi umsögn Guðna, viðvíkjandi Haraldi, sé að öðru leyti mjög sennileg og eðlileg, þegar litið sé til þess hugarangurs, vandræða og útgjalda, sem óreglusemi Haralds hafi bakað honum, og þá einkum á síðari æviárum Guðna.

Þess er og getið, að Árna Stefánssyni héraðsdómslögmanni, er samdi erfðaskrána 1956 fyrir Guðna, hafi verið allsendis ókunnugt um, að Guðni hefði áður gert erfðaskrá, og hafi Guðni ekki minnzt á það einu orði. Myndi Guðni vissulega hafa fært þetta atriði í tal, ef hann hefði ekki sjálfur staðið í þeirri trú, að fyrri skrárnar hefðu verið örugglega afturkallaðar.

Þannig verði með engu móti komizt hjá að telja, að erfðaskráin 1956 hafi ein gildi, þar eð hinar hafi verið afturkallaðar, og hljóti því að verða að ráðstafa eignum dánarbúsins í samræmi við ákvæði hennar. Þar af leiði, að eignir þær, sem þar séu ekki berlega ánafnaðar neinum sérstökum aðilja, falli til lögerfingja.

Málsútlistun þeirra Haralds Þórðarsonar, Ísafoldar Björnsdóttur og Helgu Elísbergsdóttur er á þessa leið: Það er ljóst, að fyrsta arfleiðsluskráin frá árinu 1945 er afturkölluð með skránni frá 1950, þar eð sú síðari geri fullnaðarráðstöfun á eignum arfleiðanda. Hins vegar geri skráin frá 1956 enga heildarráðstöfun,

en aðeins ákveðnar breytingar á fyrri ákvæðum. Það sé því auðséð, að vilji arfleiðanda hafi verið sá, að báðar þessar skrár hefðu fullt gildi, og gengi þó síðari skráin fyrir, að því leyti sem ákvæðum þeirra bæri ekki saman.

Það komi alls ekki til mála, að síðasta arfleiðsluskráin sé afturköllun á hinum fyrri fram yfir efni sitt, og geti þar engu máli skipt, að frumrit fyrri skránna hafi ekki fundizt. Arfleiðandi hafi einmitt ákveðið, að ef svo færi um skrána frá 1950, skyldi endurrit af notarialbók hafa fullt gildi, en ekkert slíkt ákvæði sé í skránni frá 1956.

Því er mótmælt sem staðlausu, að það hafi verið vilji Guðna að svipta Harald Þórðarson erfðarétti eftir sig. Síðasta skráin beri þetta ekki með sér í neinu, og hefði þó einmitt verið sérstök ástæða til þess að taka það fram berum orðum, ef arfleiðandi hefði haft það í huga.

Í máli þessu hefur komið fram vottorð Guðmundar Finnbogasonar, Mávahlíð 44, og hefur það verið lagt fram sem rskj. nr. 2. Kveðst Guðmundur hafa verið kunnugur Guðna G. Sigurðssyni frá árinu 1930 eða þar um bil og hafa verið honum mjög handgenginn. Hann segir, að það muni hafa verið á árinu 1956, í þann mund sem Guðni hafi farið á spítala til læknisaðgerðar, sem hann hafi sagt sér, að hann hefði gert 2 erfðaskrár, sem hann væri búinn að rífa og eyðileggja, og þær væru þar með úr sögunni. Myndi hann því gera nýja erfðaskrá og ætla að gera það vegna þess, að hann væri áreiðanlega búinn að gera meira en nóg fyrir stjúpson sinn, Harald Þórðarson, og myndi ekki hlynna frekar að honum, og ætti Haraldur ekkert að erfa eftir sig. Hafi Guðni verið mjög sár í garð Haralds, vegna eins og annars, ekki sízt vegna þess, sem þeim hafði farið á milli í sambandi við móðurarf Haralds. Síðar hafi svo Guðni tjáð sér, að hann hefði gert erfðaskrá þá, sem hann hafði innt að, og væri þar tekið fram, hvað börn Hennings Elísbergssonar skyldu fá og að Haraldur ætti ekkert að erfa. Guðmundur segir engan vafa hafa leikið á um það, að Guðni hafi staðið í þeirri trú, að með því að eyðileggja frumrit fyrri skránna, væru ákvæði þeirra algerlega úr sögunni. Hafi Guðni oftlega lýst yfir þessari skoðun sinni og að auki, að Haraldur skyldi ekki fá krónuvirði eftir sig. Guðmundur hefur mætt í réttinum sem vitni og gengizt við vottorði þessu og unnið eið að efni þess.

Þá hefur verið lagt fram sem rskj. nr. 3 vottorð Hálfdánar Eiríkssonar, Þórsgötu 17. Í upphafi vottorðsins kveðst Hálfdán hafa

verið nákunnugur Guðna G. Sigurðssyni, svo árum skipti. Sér hafi verið vel kunnugt, að Guðna hafi sárnað mjög við Harald vegna ýmissa greina, sem með þeim urðu, t. d. að Guðni hafi orðið að selja ofanaf sér til þess að geta greitt Haraldi móðurarf hans. Segir Hálfdán sér ekki hafa dulizt, að Guðni hafi talið sig vera búinn að gera meira en nóg fyrir Harald og ekki ætlað honum neinn arf eftir sig. Hálfdán getur þess, að áður en Guðni gekk undir uppskurð á árinu 1956, hafi hann komið til sín og sagzt vera búinn að gera arfleiðsluskrá og ganga þannig frá öllum sínum málum. Jafnframt hafi Guðni afhent sér til varðveizlu nokkur umslög með peningum og verðbréfum til afhendingar hlutaðeigendum, ef hann ætti ekki afturkvæmt af spítalanum. Ekkert þessara umslaga hafi verið merkt Haraldi Þórðarsyni, og kveður Hálfdán sér hafa margskilizt á Guðna, að það væri ákveðinn vilji hans, að Haraldur tæki engan arf eftir sig. Hálfdán Eiríksson hefur mætt sem vitni í réttinum, og hefur framburður hans verið tekinn gildur sem eiðfestur væri.

Þá liggur fyrir í málinu sameiginleg yfirlýsing Sesselju Björnsdóttur, Grétu Hansen og Hennings Elísbergssonar, sem öll eru búsett að Hæðargarði 10. Hefur þessi yfirlýsing verið lögð fram í málinu sem rskj. nr. 5. Þessir aðiljar skýra svo frá, að Guðni G. Sigurðsson hafi árum saman verið tíður gestur á heimili þeirra. Eftir að hann kom af sjúkrahúsi árið 1956, hafi hann margoft vikið að því í þeirra áheyrn, að hann væri orðinn svo þreyttur á hegðun Haralds Þórðarsonar og að hann væri búinn að gera svo mikið fyrir Harald, að Haraldur skyldi ekkert eftir sig erfa, því það myndi allt fara til áfengiskaupa. Einnig hafi hann tekið fram í þessu sambandi, að systkini hans, Stefanía, Guðný og Sigurður, hefðu nóg fyrir sig að leggja.

Þessir aðiljar hafa öll mætt hér í réttinum og viðurkennt vottorð þetta rétt í hverri grein. Vitnið Sesselja Björnsdóttir kveður Guðna ekki hafa viljað Harald inn á heimili sitt til dvalar, en ódrukkinn hafi hann þó mátt koma þar. Ekki kveðst hún vita, hvernig Guðni ætlaði að fyrirbyggja það, að Haraldur tæki arf eftir hann. Hún ítrekar, að Guðni hafi iðulega haft orð á því, er hann var staddur á heimili hennar, að Haraldur myndi ekkert erfa eftir sig, en hún kveðst ekki þora að fullyrða, að þau vottorðsgefendurnir hafi öll heyrt hann samtímis lýsa yfir þessu. Gréta Hansen hefur einnig mætt sem vitni, og ber framburði hennar saman við framburð Sesselju í hverri grein. Loks hefur Henning Elísbergsson mætt sem vitni. Skýrir hann svo

frá, að Guðni hafi ekki, svo hann muni, sagt sér, að hann ætlaði að arfleiða Harald Þórðarson að nokkru af eignum sínum, heldur hafi sér heyrzt á Guðna, að hann ætlaðist ekki til, að Haraldur né heldur lögerfingjarnir tækju arf eftir hann.

Umboðsmaður varnaraðiljanna hefur mótmælt vottorðum og framburðum þessara aðilja sem röngum og vilhöllum, en tekið framburðina gilda sem eiðfesta.

Þess skal getið, að vitnið Sesselja Björnsdóttir er móðursystir Haralds Þórðarsonar og móðir Hennings Elísbergssonar og Helgu Elísbergsdóttur, en Helga er aðili að skiptamáli þessu. Þau Henning og Gréta Hansen eru foreldrar barna þeirra, sem taka ættu arf samkvæmt erfðaskránni frá 2. október 1956.

Árni Stefánsson héraðsdómslögmaður hefur gefið vottorð í málinu, sem hefur verið lagt fram sem rskj. nr. 4. Þar segir, að hann hafi eftir ítrekaða beiðni dregizt á að skjalfesta erfðaskrá fyrir Guðna G. Sigurðsson, og sé það sú erfðaskrá, sem dagsett er 2. október 1956, rskj. 6. Hafi Guðni lesið skrána yfir, er hún var fullrituð, og sagt, að efni hennar væri í samræmi við vilja sinn. Guðni hafi ekki nefnt það með einu orði við sig, hvorki fyrr né síðar, að hann hefði áður gert erfðaskrá, né heldur hafi hann minnzt á, hvert þær eignir skyldu renna, að honum látnum, sem ekki var sérstaklega ráðstafað með þessari skrá. Kveðst Árni raunar ekki hafa innt hann eftir þessum atriðum. Kveðst Árni hafa gengið út frá því, að slíkar eignir skyldu þá ganga til lögerfingja, og kveðst hafa litið svo á, að með erfðaskrá þessari væri Guðni að svipta lögerfingja sína væntanlegum arfi, en ekki erfingja samkvæmt fyrri erfðaskrá. Árni Stefánsson hefur mætt sem vitni í réttinum, og hefur framburður hans verið tekinn gildur sem eiðfestur væri.

Það verður naumast talin fullnægjandi og lögfull sönnun fyrir því, að hinn látni hafi eyðilagt frumrit skránna 1945 og 1950, að þau hafa ekki fundizt meðal eftirlátinna eigna hans. Þessi staðhæfing lögerfingjanna þykir heldur ekki studd neinum öðrum gögnum málsins, svo að fullnægjandi verði talið.

Því hefur verið haldið fram af hálfu lögerfingja, að arfleiðandi hafi margsinnis lýst yfir þeim vilja sínum að svipta Harald Þórðarson arfi eftir sig. Hafa nokkur vitni í máli þessu tilfært ýms ummæli arfleiðanda, sem benda í þessa átt. En þó svo að arfleiðandi hafi kunnað að hafa fyrirætlanir í þessa átt, þykir hæpið að leggja svo mikið upp úr þeim þvert ofan í ákvæði þeirra heildarráðstafana, sem erfðaskráin frá 1950 gerir

um eignir arfleiðanda, að þær jafngildi afturköllun á þeim arfi, er arfleiðandi hafði fyrirhugað Haraldi í erfðaskrá sinni frá 14. desember 1950. Ber og á það að líta, að erfðaskráin frá 1956 geymir engin ákvæði um, að Haraldur skuli missa arfs, og hefði þó verið innan handar fyrir arfleiðanda að láta þess getið berum orðum. Þar er heldur ekkert fram komið, sem bendi til þess, að hinn látni hafi ætlað lögerfingjum sínum nokkurn arf eftir sig.

Arfleiðsluskráin frá 14. desember 1950 er samkvæmt hljóðan sinni heildarráðstöfun eigna arfleiðanda, og þykir af þeirri ástæðu óhætt að líta svo á, að með undirskrift hennar hafi arfleiðandi ætlazt til, að skráin frá 1945 félli niður. Í skránni frá 2. október 1956 eru gerðar breytingar á arfahlutum tiltekinna erfingja samkvæmt skránni frá 1950, en ekki tekið fram, hvað verði um þær eignir, sem þar er ekki ráðstafað.

Verður að telja skrána frá 1950 í gildi og ráðstafa eignum búsins í samræmi við ákvæði hennar með þeim breytingum, sem leiða af ákvæðum skrárinnar frá 1956. Krafa lögerfingja Guðna G. Sigurðssonar um arf eftir hann verður því ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Krafa lögerfingja Guðna G. Sigurðssonar um arf úr dánarbúi hans verður ekki tekin til greina.

Dánarbúinu skal skipta samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrár frá 14. desember 1950 með þeim breytingum, sem gerðar eru í arfleiðsluskrá frá 2. október 1956.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 15. marz 1961.

Nr. 11/1961. **Þorsteinn Thorarensen**
(Sigurður Baldursson hrl.)
gegn
Gunnari Ásgeirssyni, Lárusi Ingimarssyni og Matthíasi Guðmundssyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1961 og krafizt þess, að héraðsdómur og fjárnámsgerð verði staðfest og að stefndu verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað hér fyrir dómi.

Af hálfu stefndu hefur enginn komið fyrir dóm, og er þó löglega stefnt. Málið hefur því samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 verið flutt skriflega og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Samkvæmt gögnum málsins ber að staðfesta hinar áfrýjuðu dómsathafnir.

Stefndu höfðu áfrýjað héraðsdómi af sinni hendi, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Að svo vöxnu máli, er rétt, að stefndu greiði in solidum áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði héraðsdómur og fjárnámsgerð staðfestast.

Stefndu, Gunnar Ásgeirsson, Lárus Ingimarsson og Matthías Guðmundsson, greiði in solidum áfrýjanda, Þorsteini Thorarensen, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. október 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. október 1960, er höfðað fyrir

bæjarþinginu með stefnu, birtri 1. október 1960, af Þorsteini Thorarensen, Þórsgötu 17 A, Reykjavík, gegn Gunnari Ásgeirssyni, Laugavegi 138, Lárusi Ingimarssyni, Vitastíg 8 A, og Matthíasi Guðmundssyni, Nökkvavogi 40, öllum í Reykjavík, til greiðslu víxils, að fjárhæð krónur 23.570.00, útgefins 30. júní 1960 af stefnda Lárusi vegna Lárusar Ingimarssonar, umboðs- og heildverzlunar, og samþykkts af stefnda Gunnari til greiðslu í Útvegsbankanum, hér í bæ, 3. september 1960, en á víxli þessum, sem afsagður var sökum greiðslufalls 6. september 1960, er útgefandi og stefndi Matthías ábekingar.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 23.570.00, með 11% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 57.00 í stimpilgjald, kr. 121.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu Lárus og Matthías hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, að því er þá snertir, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með framsali til sín svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Stefndi Gunnar hefur sótt þing, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnanda, og verða þær því teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 3.600.00.

Einar Oddsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar Ásgeirsson, Lárus Ingimarsson og Matthías Guðmundsson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnanda, Þorsteini Thorarensen, kr. 23.570.00 með 11% ársvöxtum frá 3. september 1960 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 57.00 í stimpilgjald, kr. 121.00 í afsagnarkostnað og kr. 3.600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 9. desember 1960.

Ár 1960, föstudaginn 9. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Vitastíg 8 A og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta, Hákoni H. Kristjánssyni, ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:
Málið nr. A-919/1960:

Þorsteinn Thorarensen
gegn
Matthíasi Guðmundssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 2043/1960, birtan, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Lúðvík Gizurarson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 23.570.00, 11% ársvöxtum frá 3/9 1960 til greiðsludags, ½% í þóknun, kr. 57.00 í stimpilgjald, kr. 121.00 í afsagnarkostnað, endurrit og birtingu dóms, kr. 125.00, og málskostnaði, kr. 3.600.00, auk þess kostnaði við fjárnám og uppboð.

Gerðarþoli á hér heima, en er ekki viðstaddur. Af hálfu gerðarþola er mættur Lárus Ingimarsson og kveðst ekki greiða. Mættur Lárus óskar eftir að bókað sé, að búið sé að áfrýja í þessu máli.

Mættur Lúðvík óskar eftir að fjárnámið fari fram, þar sem kröfuhafa hafi ekki verið birt áfrýjunarstefna.

Rétturinn var nú fluttur að Nökkvavogi 40. Gerðarþoli var þar ekki staddur, en af hans hálfu mætir Júlíus Sigurðsson, sem þar er staddur.

Fógeti lýsti nú yfir fjárnámi í eignarhluta Matthíasar Guðmundssonar í húseigninni Nökkvavogi 40 og skýrði þýðingu þess fyrir mættum.

Mánudaginn 20. marz 1961.

Nr. 83/1960. **Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda v/s Walburg og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Farmsamningur. Ábyrgð farmflytjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1960. Krefst hann sýknu af kröfum gagn-

áfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. maí 1960. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum £ 691-19-0 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda £ 691-19-0 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags. Þá verður aðaláfrýjanda og dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 7000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, greiði gagnáfrýjanda, Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda v/s Walburg, £ 691-19-0 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 7000.00

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 25. febrúar 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Trolle & Rothe h/f, hér í bæ, f. h. eigenda m/s Walburg, Groningen í Hollandi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 16. desember 1957, gegn Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð £ 691-19-0, auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Til *ýtrustu vara* krefst stefndi þess, að stefnukröfurnar verði lækkaðar til mjög verulegra muna.

Eftir gögnum þeim, sem fram hafa komið í málinu, eru málavextir þessir:

Með farmsamningi, dags. 13. nóvember 1956, milli stefnanda, eigenda m/s Walburg, annars vegar og stefnda hins vegar, tókust stefnendur á hendur að flytja fyrir stefnda 600 smálestir af söltuðum fiski í pökkum frá allt að 10 höfnum á Íslandi til einnar eða tveggja hafna á austurströnd Ítalíu. Farmgjaldið var ákveðið £ 145-0-0 fyrir hverja smálest, 1000 kg, og skyldi greiðast fyrirfram við undirskrift farmskírteinis. Í 17. gr. samningsins segir, að ferming, búlkun og afferming skuli vera stefnendum að kostnaðarlausu.

Samkvæmt skriflegum skýrslum skipstjóra og 1. vélstjóra á m/s Walburg kom skipið til Húsavíkur og lagðist þar að bryggju til fisktöku kl. 1300 hinn 18. desember 1956. Var þá þegar hafizt handa um að ferma fisk í lestir skipsins nr. I og II. Segja þeir síðan í skýrslunum, að kl. 1915 hafi ferming á Esso-brennsluolíu hafizt í olíugeymi nr. IV, sem er rétt aftan við lest nr. II. Engin olía hafi verið fyrir í geymi þessum, og átt hafi að setja í hann 5 smálestir. Á þessum tíma hafi ferming í lest nr. I staðið yfir, en ferming í lest nr. II verið stöðvuð í bili, en ekki lokið. Ekki var lest nr. II lokað eða breitt yfir hana, meðan ferming á olíu í geymi nr. IV. fór fram, enda er ekki annað fram komið en veður hafi verið gott, og var því ekki ástæða til slíkra ráðstafana.

Olía til skipsins var afgreidd frá tveimur olíubílum á bryggjunni. Þegar afgreiðsla á olíu í geymi nr. IV hafði staðið í nokkrar mínútur, segja skipstjóri og I. vélstjóri, að allt í einu hafi olían sprautazt með miklum þrýstingi út um loftleiðsluna (air-escape pipe) og lent í afturenda lestar nr. II og valdið þar skemmdum á nokkru af saltfiski, og hafi þá olíuafgreiðslan verið stöðvuð. Telja þeir sennilega orsök til þessa þá, að mikið loft, en lítið af olíu, hafi verið í geyminum. Þá hafi enginn afgreiðslumanna olíunnar verið í skipinu til þess að stöðva olíurennslið þegar í stað.

Að sögn manna þessara var II. vélstjóri gæzlumaður skipsins, meðan móttaka olíunnar fór fram, en engin skýrsla liggur fyrir frá honum um atburðinn.

Afgreiðslumaður Olíusölu Kaupfélags Þingeyinga í Húsavík skýrir í bréfi, dags. 15. apríl 1957, til Olíufélagsins h/f hér í bænum, sem mun hafa átt olíuna, þannig frá málsatvikum, að síðari hluta dags hinn 18. desember 1956 hafi borizt olíupöntun

frá m/s Walburg. Eins og á stóð, hafi ekki verið hægt að afgreiða olíu til skipsins um bryggjuæð, og hafi því tvær bifreiðar verið látnar annast afgreiðsluna. Hafi II. vélstjóri vísað bifreiðastjórunum á áfyllingarstúta ofan þilja aftan við stýrishús skipsins, og þar hafi verið látnir rúmlega 16000 lítrar af olíu eða umræddir geymar fylltir. Að því búnu hafi sami vélstjóri vísað á aðra áfyllingarstúta fram við aftasta lestarop skipsins og talið, að í þá kæmust um 10 smálestir. Vélstjórinn hafi síðan sjálfur skrúfað ofan af áfyllingarstútunum og sagt allt tilbúið, en þegar komnir hafi verið um 600 lítrar í geyminn, hafi olían komið upp úr honum, svo sem úr goshver væri. Dælingu olíunnar hafi verið hætt þegar í stað, en þar sem áfyllingarstútarnir voru mjög nálægt lestaropinu, hafi verið óhjákvæmilegt, að meiri hluti þeirrar olíu, sem upp úr geyminum gaus, hafi farið í fisk, sem búið var að lesta. Um 160 fiskpakkar með meiri eða minni olíublettum hafi þá þegar verið teknir upp úr lestinni. Yfirvélstjóra og skipstjóra hafi strax verið gerð grein fyrir því, hvernig komið var, og hafi vélstjórinn talið, að um væri að kenna of hraðri dælingu. Önnur tilraun hafi því verið gerð og dælt, eins hægt og unnt var, en ekki hafi verið komið í geyminn nema svipað magn og áður, þegar tekið hafi að ólga í honum. Hafi þá verið neitað að afgreiða meiri olíu, fyrr en lestinni hefði verið lokað, og var svo gert. Að því loknu hafi enn verið gerð tilraun til að dæla olíu á geyminn, en allt hafi farið á sömu leið og fyrr, og hafi þá verið ákveðið að hætta við svo búið. Hins vegar hafi skipsmenn talið nauðsyn á að fá meiri olíu, og því hafi verið gerð ein tilraun enn. Þegar nýbyrjað hafi verið á þeirri dælingu, hafi I. vélstjóri komið með stóran skiptilykil og skrúfað hettu ofan af tveimur ventlum (væntanlega loftventlum), eru voru út við borðstokka skipsins sinn hvorum megin. Eftir að þetta var gert, hafi verið settir á sjötta þúsund lítrar í geyminn og dælt af fullum krafti, enda allt verið í bezta lagi.

Þá segir í bréfinu, að sverleiki á afgreiðsluslöngum bifreiðarinnar og afgreiðslubyssu hafi verið 1¼", en sverleiki á áfyllingarstút skipsins 1½". Enn segir þar, að eins og venja sé við skipaafgreiðslu, þá hafi bifreiðastjórarnir verið í skipinu við afgreiðslubyssuna og því reiðubúnir að stöðva dælingu fyrirvaralaust.

Þessari frásögn í bréfi afgreiðslumannsins hefur í engu verið hnekkt, enda er hún að meginefni í samræmi við skýrslur skip-

stjóra og 1. vélstjóra skipsins, en þó fyllri en þar í nokkrum atriðum. Verður því frásögnin og skýrslurnar lagðar til grundvallar um það, hvernig málsatvikum hafi verið háttað.

Um það er enginn ágreiningur milli aðilja, að í umrætt skipti hafi 162 fiskpakkar skemmzt af olíu, að verðmæti £ 690-19-0 eða hin umstefnda fjárhæð. Þegar stefndi greiddi farmgjaldið, hélt hann fjárhæð þessari eftir af því sem greiðslu fyrir tjónið á fiskinum. Stefnendur telja, að þetta hafi verið óréttmætt af stefnda, þar sem þeir beri ekki ábyrgð á tjóninu, og vísa því til stuðnings til ákvæða 2. gr. farmsamningsins, er þeir telja, að leysi þá undan ábyrgð á slíku tjóni, sem hér átti sér stað, og hafa þeir höfðað mál þetta til heimtu eftirstöðva farmgjaldsins.

Sýknukröfuna reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að umrætt tjón hafi stafað af stórkostlegu hirðuleysi og gáleysi skipverja eða þeirra manna, sem við skipið unnu, og beri stefnendur því sem skipseigendur samkvæmt siglingalögum og almennum réttarreglum fébótaábyrgð á tjóni því, er hann hafi orðið fyrir vegna skemmdanna á fiskinum. Mótmælir stefndi því, að stefnendur séu undanþegnir ábyrgð á tjóninu með ákvæðum 2. gr. farmsamningsins. Þar sé hins vegar berum orðum tekið fram, að skipseigandi beri ábyrgð á tjóni, er hljótist af handvömm við hleðslu skips og fermingu, en tjónið á fiskinum hafi einmitt orsakazt við fermingu. Samtímis fermingu og hleðslu fisksins hafi skipið tekið olíu til framhalds ferð sinni. Við fermingu olíunnar hafi orðið þau stórfelldu mistök, að vanrækt hafi verið að opna fyrir loftventla á geymi þeim, er olíunni var dælt í, og hafi þessi mistök orðið orsök þess, hvernig fór.

Þá heldur stefndi því fram, að jafnvel þótt 2. gr. farmsamningsins hefði að geyma reglur um ábyrgðarleysi skipseigenda á tjóni því, sem hér um ræðir, að þær reglur fái ekki staðizt samkvæmt íslenzkum lögum og alþjóðareglum. Ef skipseigendur eigi ekki að bera ábyrgð á slíku tjóni, myndi það hafa hinar alvarlegustu afleiðingar, því að þá væri viðurkennt, að skipseigendum, yfirmönnum skips og starfsmönnum bæri engin skylda til að gæta þeirra verðmæta, sem falin væru í forsjá þeirra eða yfirleitt að rækja störf sín, eins og góðum og gegnum mönnum. Telur hann, að slíkar reglur myndu verða viðskiptalífinu til hins mesta tjóns.

Í öðru lagi reisir stefndi kröfu sína um sýknu og jafnframt varakröfuna um lækkun stefnukröfunnar á ákvæðum 25. gr. laga nr. 20 frá 1954 um vátryggingarsamninga. Heldur hann því fram, að vátryggjendur farmgjaldsins muni hafa greitt hið umkrafða

farmgjald, og séu þeir því hinir raunverulegu eigendur hinnar umstefndu kröfu, en í hinu tilvitnaða ákvæði sé svo ákveðið, að lækka megi skaðabótakröfu eða fella hana niður eftir atvikum, er um sé að ræða endurheimtukröfu vátryggingarfélags.

Stefnendur hafa mótmælt öllum framangreindum varnarástæðum stefnda, og eftir að málið var tekið til dóms, hafa dóminum borizt gögn um það, að vátryggjandi farmgjaldsins, vátryggingarfélagið Skuld í Kaupmannahöfn, hefur ekki greitt stefnendum bætur vegna missis farmgjalds þess, sem stefnt er út af. Er því sýnt, að framangreint lagaákvæði tekur ekki til tilviks þess, sem hér um ræðir.

Af gögnum þeim, sem rakin eru hér að framan, þykir nægilega í ljós leitt, að orsök skemmdanna á farminum megi rekja til vangæzlu þess eða þeirra skipverja á m/s Walburg, er áttu að annast móttöku olíunnar í skipið í Húsavík. Kemur því til að athuga um gildi ákvæða 2. gr. farmsamningsins og hvort tilvikið falli undir ábyrgðar- eða ábyrgðarleysisákvæði greinarinnar, en hún hljóðar svo í þýðingu löggilts skjalþýðanda og dómtúlks í ensku:

„Eigendur skulu vera ábyrgir fyrir vörutapi eða vöruskemmdum eða fyrir töfum á afhendingu varanna, aðeins svo fremi sem tapið, skemmdirnar eða tafirnar hafa orsakazt af rangri eða hirðuleysislegri hleðslu varanna í farmrými (nema hleðslan í farmrými hafi verið framkvæmd af sendendum eða hleðslumönnum þeirra eða starfsmönnum) eða af persónulegum skorti á skyldurækni hjá eigendum eða framkvæmdastjóra þeirra við að gera skipið á allan hátt sjófært og tryggja, að það sé réttilega mannað, útbúið og vistað, eða vegna persónulegra aðgerða eða vanrækslu eigendanna eða framkvæmdastjóra þeirra.

Eigendurnir bera ekki ábyrgð á neinu tjóni eða skemmdum eða töfum, sem verða kunna af öðrum orsökum, jafnvel þó stafi af hirðuleysi eða vanrækslu skipstjóra eða áhafnar eða einhvers annars aðilja í þjónustu eigendanna um borð eða í landi, hverra aðgerðum þeir yrðu að bera ábyrgð á, ef ekki kæmi til þetta ákvæði, eða af ósjóhæfni skipsins við fermingu eða í byrjun ferðar eða á sérhverjum öðrum tíma.

Skemmdir, sem orsakast af snertingu við leka, þef eða uppgufun frá öðrum vörum eða af eldfimi eða sprengihættu eða ófullnægjandi umbúðum annarra vara, skal ekki álíta, að hafi orsakazt af rangri eða hirðuleysislegri hleðslu í farmrými, jafnvel þótt slík sé orsökin".

Í íslenzkum rétti eru engin ákvæði, er takmarki heimild farmflytjanda til þess að undanþiggja sig ábyrgð á vöru, sem hann tekur til flutnings, og fer því um ábyrgðina eftir frjálsu samkomulagi aðilja.

Á það verður ekki fallizt hjá stefnda, að farmskemmdir þær, sem hér um ræðir, falli undir ábyrgðarákvæði 1. málsgr. 2. gr. farmsamningsins. Eftir ákvæði þessu er það skilyrði fyrir ábyrgð farmflytjanda á vöruskemmdum, að þær hafi orsakazt af rangri eða hirðuleysislegri hleðslu varanna í farmrými, og er þar að sjálfsögðu átt við vörur þær, sem teknar hafa verið til flutnings. Nú orsökuðust umræddar skemmdir ekki af rangri eða hirðuleysislegri hleðslu þeirra vara, heldur af mistökum við fermingu brennsluolíu í skipið, og nær ábyrgðarákvæðið ekki til þess tilviks.

Að þessu athuguðu, og þegar virt eru önnur ákvæði 2. gr. farmsamningsins, sem varðar undanþágu stefnenda sem farmflytjenda frá ábyrgð, verður að telja undanþágurnar svo víðtækar, að þær taki til tilviks þess, er var orsök vöruskemmdanna, og á stefndi því ekki rétt til bóta úr hendi stefnenda á tjóninu, sem hlauzt vegna þeirra. Af þessu leiðir, að dæma ber stefnda til þess að greiða stefnendum eftirstöðvar farmgjaldsins eða hina umstefndu fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, en eftir atvikum og öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni og Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut.

Dómsorð:

Stefndi, Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, greiði stefnanda, Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda m/s Walburg, £ 691-19-0 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. marz 1961.

Nr. 106/1960. **Helgi Benediktsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hdl.)
Olíuverzlun Íslands h/f og B. P. á Íslandi h/f
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h. Vestmannaeyjakaupstaðar og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samningar. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. og 24. júní og 28. nóvember 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. nóvember s. á. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1960. Krefst hann aðallega staðfestingar héraðsdóms með þeirri breytingu, að honum verði dæmdur hærri málskostnaður í héraði úr hendi aðaláfrýjenda in solidum en ákveðinn var í héraðsdómi. Auk þess krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda með sama hætti. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda in solidum.

Eins og lýst er í héraðsdómi, eru dómkröfur gagnáfrýjanda auk málskostnaðarkröfu þessar:

I. Að rift sé með dómi afsali, dags. 27. maí 1959 og 25. júní s. á., úr hendi aðaláfrýjendanna Olíuverzlunar Íslands h/f og B.P. á Íslandi h/f til aðaláfrýjanda Helga Benediktssonar.

II. Að viðurkennt sé með dómi, að leigumáli bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar, dags. 6. og 12. nóvember 1931,

við Olíuverzlun Íslands h/f ásamt síðari yfirfærslu til B.P. á Íslandi h/f með seinni framlengingum og breytingum hafi fallið úr gildi í síðasta lagi 6. nóvember 1959.

2. Að viðurkennt sé með dómi, að bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar eða hafnarnefnd í umboði hennar eigi óskertan umráða- og afnotarétt lóðar þeirrar, er í málinu greinir, og sé eigandi uppfyllingar þeirrar með varnarvegg, er á lóðinni stendur.

III. Að staðfest sé lögbannsgerð sú, er fram fór 17. febrúar 1960 og í málinu greinir.

IV. Að rift sé veðsetningu aðaláfrýjanda Helga Benediktssonar á eignum þeim, er getur í I. kröfulið, samkvæmt tryggingarbréfi, út gefnu 20. júlí 1959.

V. 1. Að afsal það, er getur í I, verði afmáð úr afsals- og veðmálabókum Vestmannaeyjakaupstaðar. 2. Að tryggingarbréf það, er greinir í IV, verði afmáð úr sömu skrám.

Um I. Samkvæmt leigusamningi aðilja frá 6. og 12. nóvember 1931 var leigutaka veittur réttur til að selja eða veðsetja í einu lagi afnotarétt hinnar leigðu lóðar ásamt mannvirkjum þar og á þann hátt, að ekki bryti í bága við ákvæði leigusamningsins. Hinum upphaflega leigutaka, Olíuverzlun Íslands h/f, var leigð lóð þessi til geymslu á olíuvörum og til annarrar starfrækslu vegna viðskipta með slíkar vörur. Tók leigutaki á sig með samningnum sérstakar skyldur til varnar tjóni af völdum þessara eldfimu vara. Eftir að B.P. á Íslandi h/f fékk framseldan rétt til lóðar þessarar 3. maí 1933, var og sams konar starfræksla höfð þar með höndum. Aðaláfrýjandi Helgi Benediktsson, sem fékk afsal fyrir greindum lóðarréttindum og mannvirkjum 27. maí 1959, ætlaði að taka og tók um sinn lóðina og mannvirki þar til nota fyrir fiskútgerð sína. Slík afnot, sem telja verður hættuminni en þá starfrækslu, er hinir upphaflegu leigutakar höfðu með höndum, geta ekki talizt brjóta í bága við ákvæði leigusamningsins um notkun lóðarinnar. Telja verður, að aðaláfrýjandi Helgi Benediktsson hafi með viðtöku afsalsins tekizt á herðar allar þær skyldur leigutaka, er samningurinn

tók til, og þar sem leigutími afseljanda var ekki útrunninn, er afsalið var gefið út, eins og nánar verður rakið í II hér á eftir, og ekki eru sönnuð önnur þau atvik, er valda eigi ógildi afsalsins, verður krafa gagnáfrýjanda um riftun þess ekki tekin til greina.

Um II. 1. Samkvæmt leigusamningnum frá 6. og 12. nóvember 1931 var leigutími ákveðinn 20 ár, þ. e. til 6. nóvember 1951. Hinn 23. júní 1952 framlengdi gagnáfrýjandi leigusamninginn til 5 ára frá 6. nóvember 1951 að telja með breyttum ákvæðum um fjárhæð leigu. Var fallizt á þá breytingu af hálfu leigutaka. Að því tímabili loknu, var enn farið fram á 5 ára framlengingu, en hafnarnefnd Vestmannaeyja samþykkti 24. september 1957 að mæla með því, að samningurinn yrði framlengdur í 3 ár. Mun leigutaki hafa fengið vitneskju um þessa samþykkt, og hélt hann áfram fyrri notum lóðarinnar. Ljóst er, að hafnarnefnd Vestmannaeyja hefur talið nefnt 3 ára tímabil eiga að reiknast frá lokum áðurnefnds 5 ára leigutíma, þ. e. frá 6. nóvember 1956, því að með samþykkt nefndarinnar 9. janúar 1959 var bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum falið að tilkynna leigutaka, að leigusamningurinn yrði ekki framlengdur, og tekið fram, að „samningurinn gengur úr gildi 6. nóvember 1959 og jafnframt, að hafnarnefnd myndi nota ákvæði samningsins um yfirtöku mannvirkja á lóðinni." Þessi ákvörðun var tilkynnt leigutaka 14. apríl 1959, og hreyfði hann engum athugasemdum. Aðaláfrýjanda Helga Benediktssyni var og kunnugt um þessa ákvörðun hafnarnefndar.

Samkvæmt þessu verður að telja, að nefndur leigusamningur hafi fallið úr gildi 6. nóvember 1959, og verður krafa gagnáfrýjanda um viðurkenningu í því efni því tekin til greina.

2. Í nefndum leigusamningi frá 1931 er kveðið svo á, að gagnáfrýjandi eigi, að leigutíma loknum, rétt til að fá uppfyllingu þá, er hinn upphaflegi leigutaki lét gera á lóðinni, gegn endurgjaldi samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna. Segir þar, að meta skuli „hversu mikið kosta mundi þá að gera slíka uppfyllingu, en andvirði uppfyllingarinnar

má ekki fara fram úr hinu upphaflega kostnaðarverði við byggingu mannvirkisins". Að mati tveggja dómkvaddra manna 4. febrúar 1960 var uppfyllingin þá talin 747.000 króna virði, en upphaflegt kostnaðarverð hins vegar talið nema kr. 45.000.00. Gagnáfrýjandi bauð aðaláfrýjendunum Olíuverzlun Íslands h/f og B.P. á Íslandi h/f greiðslu þessarar síðartöldu fjárhæðar hinn 15. febrúar 1960, en þeir höfnuðu viðtöku. Gagnáfrýjandi lagði því næst fjárhæð þessa á nafn fyrrnefndra aðaláfrýjenda í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands 20. maí 1960.

Eins og rakið er í I að framan, var aðaláfrýjandi Helgi Benediktsson löglegur eigandi nefndra mannvirkja við lok leigutímabilsins 6. nóvember 1959. Þegar af þeirri ástæðu var framangreint greiðslutilboð til aðaláfrýjendanna Olíuverzlunar Íslands h/f og B.P. á Íslandi h/f og greiðsla í Landsbanka Íslands á þeirra nafn ekki fullnægjandi. Krafa gagnáfrýjanda samkvæmt þessum lið verður því ekki tekin til greina.

Um III. Með beiðni 1. febrúar 1960 fór gagnáfrýjandi þess á leit, að lagt yrði lögbann við framkvæmdum aðaláfrýjanda Helga Benediktssonar á nefndri lóð, og var lögbannið lagt á 17. s. m. Ber að staðfesta lögbann við aðgerðum þessum eftir lok leigutímans, enda hefur staðfestingarmálið verið rekið með löglegum hætti.

Um IV. Veðhafi samkvæmt tryggingarbréfi því, er hér getur, er Útibú Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum. Var veðhafa stefnt til að þola dóm í héraði til riftunar á veðsetningu þessari, en eigi var sótt þing af hans hálfu. Héraðsdómari tók kröfu gagnáfrýjanda í þessu efni til greina. Veðhafi hefur ekki áfrýjað héraðsdómi af sinni hálfu, og verður þessu ákvæði hans því ekki haggað.

Um V. 1. Með skírskotun til þess, er segir í I að framan, verður krafa þessi ekki tekin til greina.

2. Samkvæmt því, sem rakið er í IV að framan, verður ákvæði héraðsdóms um þetta atriði eigi haggað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Framangreind lögbannsgerð er staðfest.

Framangreindur leigumáli telst hafa fallið úr gildi 6. nóvember 1959.

Ákvæði héraðsdóms um riftun veðsetningar og afskráningu tryggingarbréfs eiga að vera óröskuð.

Að öðru leyti eiga aðaláfrýjendur, Helgi Benediktsson, Olíuverzlun Íslands h/f og B. P. á Íslandi h/f, að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, bæjarstjórans í Vestmannaeyjum f. h. Vestmannaeyjakaupstaðar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 27. maí 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að afloknum munnlegum málflutningi í Vestmannaeyjum 19. þ. m., hefur bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum vegna Vestmannaeyjakaupstaðar höfðað á bæjarþingi Vestmannaeyja með stefnu, útgefinni 22. febrúar 1960, gegn Hreini Pálssyni forstjóra, Reykjavík, vegna Olíuverzlunar Íslands h/f og B.P. á Íslandi h/f, Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðarvegi 20, Vestmannaeyjum, og til réttargæzlu Baldri Ólafssyni, bankastjóra í Vestmannaeyjum, vegna Útibús Útvegsbanka Íslands þar.

Með utanréttarstefnu, dags. 5. maí 1960, höfðaði stefnandi framhaldssök gegn réttargæzlustefnda.

Málsatvik eru þessi:

Með viljayfirlýsingu, dags. 6. nóvember 1931, gaf stefnandi Olíuverzlun Íslands h/f kost á því að taka á leigu 1213.5 fermetra lóð í Vestmannaeyjum. Er lóð þessi vestur af svonefndri Skildingafjörubryggju, vestan og norðan við fiskhús, er standa

vestan við bryggju þessa. Var boði þessu tekið 12. s. m. Lóðin var leigð frá fardögum 1931 til 20 ára gegn 50 króna afgjaldi á ári. Í samningnum var leigutaka áskilinn réttur til að selja eða veðsetja afnotarétt sinn að lóðinni ásamt mannvirkjum, er reist kynnu að verða á lóðinni, þó með þeim fyrirvara, að slík ráðstöfun færi ekki í bága við leigusamninginn.

Um rétt leigutaka til að nýta hina leigðu lóð er fyrst svofellt ákvæði í samningnum:

„.... Á lóð þessari leyfir bæjarstjórn leigjanda að byggja uppfyllingu undir olíugeyma eða olíugeymslu, og skal þannig gengið frá mannvirki þessu, að útilokuð sé hætta á íkveikju eða sprengingu ....“

Eins og áður greinir, var umsaminn leigutími 20 ár, en að þeim tíma liðnum, skyldi leigjandi sækja að nýju um leyfi bæjarstjórnar til þess að hafa olíugeymslu á uppfyllingunni, ef bæjarstjórn kysi þá ekki að yfirtaka uppfyllinguna. Færi svo, bæri leigutaka skylda til að láta uppfyllinguna af hendi gegn endurgjaldi, er færi eftir mati tveggja dómkvaddra manna. Segir nánar um þetta í leigusamningnum á þessa leið:

„.... Mat þetta skal fara eftir því, hversu mikið kosta mundi þá að gera slíka uppfyllingu, en andvirði uppfyllingarinnar má ekki fara fram úr hinu upphaflega kostnaðarverði við byggingu mannvirkisins ....“

Síðan segir á þessa leið í samningnum:

„.... Verði ekki af því, að bæjarfélagið kaupi uppfyllinguna, þá haldi leigjandi henni áfram til afnota fyrir atvinnurekstur sinn og einnig olíugeymslu, svo fremi bæjarstjórn leyfi olíugeymslu þar. Síðan skal leigjanda skylt að láta uppfyllinguna af hendi við bæjarfélagið, á sama hátt og að ofan greinir, á fimm ára fresti, þegar hið fyrsta 20 ára leyfistímabil er liðið ....“

Hinn 3. maí 1933 afsalaði Olíuverzlun Íslands h/f B.P. á Íslandi h/f réttindum sínum samkvæmt greindum leigusamningi. Hvorki verður séð af gögnum málsins, að eignayfirfærsla þessi hafi verið borin undir stefnanda né heldur að hann hafi nokkurn tíma hreyft athugasemdum við þessari ráðstöfun. Á hinn bóginn virðist hér hafa verið um málamyndagerning að ræða, þar sem afsalandi leiguréttindanna, Olíuverzlun Íslands h/f, hefur eftir sem áður oftast komið fram sem leigutaki gagnvart leigusala. Er ágreiningslaust í málinu og yfirlýst af lögmanni fyrirtækjanna, að þau séu raunverulega einn og sami aðili, varð-

andi þá gerninga í málinu, sem þau eru við riðin, þannig að aðgerðir annars fyrirtækisins á þeim vettvangi séu jafngildar því, að hitt hefði að þeim staðið.

Samkvæmt leigusamningnum var leigutímabilið á enda hinn 6. nóvember 1951. Hinn 23. júní 1952 gaf þáverandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum út einhliða yfirlýsingu vegna bæjarstjórnar kaupstaðarins þess efnis, að lóðarsamningurinn framlengdist í 5 ár frá 6. nóvember 1951 að telja. Ákvæði samningsins skyldu haldast óbreytt, nema leigugjaldið, er skyldi framvegis vera 2 krónur fyrir hvern fermetra lóðarinnar.

Hinn 30. júlí 1952 lýsti forstjóri Olíuverzlunar Íslands h/f því yfir, að fyrirtækið samþykkti þessa framlengingu samningsins og skuldbindi sig til þess að halda skilmála samningsins með áorðinni breytingu.

Samkvæmt greindri framlengingu lóðarsamningsins rann hann að réttu lagi út hinn 6. nóvember 1956. Af gögnum málsins verður þó ekki séð, að neitt gerist milli samningsaðiljanna um framlengingu samningsins fyrr en 24. september 1957, en þá var fundur haldinn í hafnarnefnd Vestmannaeyjakaupstaðar, þar sem lögð var fram beiðni Gunnars Ólafssonar og Co. í Vestmannaeyjum vegna Olíuverzlunar Íslands h/f um framlengingu leigumálans til 5 ára. Samþykkti hafnarnefnd að mæla með því, að samningurinn yrði framlengdur í 3 ár, enda flytti fyrirtækið innan þess tíma benzínafgreiðslu sína inn undir Eiði, þar sem gert var ráð fyrir, að frambúðarathafnasvæði þess yrði.

Gögn málsins gefa að vísu ekki til kynna, hvort þessari samþykkt var komið á framfæri við forráðamenn Olíuverzlunar Íslands h/f eða B.P. á Íslandi h/f, en þegar þess er gætt, að tilefni samþykktarinnar var umsókn frá þessum aðiljum um framlengingu leigumálans og að umboðsmaður þeirra í Vestmannaeyjum, Jónas Jónsson, var á þessum tíma í hafnarnefnd, verður að gera ráð fyrir, að samþykkt hafnarnefndar hafi fljótlega orðið þeim kunnug.

Hinn 9. janúar 1959 samþykkti hafnarnefnd á fundi sínum að fela bæjarstjóra að tilkynna Olíuverzlun Íslands h/f, að lóðarsamningurinn yrði ekki framlengdur, er hann gengi úr gildi 6. nóvember 1959, svo og, að hafnarnefnd myndi nota ákvæði samningsins um rétt sinn til yfirtöku mannvirkja á lóðinni. Þessa samþykkt hafnarnefndar sendi bæjarstjóri Olíuverzlun Íslands h/f í símskeyti 14. apríl 1959.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að forráðamenn Olíu-

verzlunar Íslands h/f hafi hreyft neinum athugasemdum við þessari ákvörðun hafnarnefndar fyrr en með símskeyti 3. febrúar 1960. Verður vikið að því síðar.

Með afsali, útgefnu 27. maí 1959, seldi og afsalaði Olíuverzlun Íslands h/f stefnda Helga Benediktssyni leiguréttindum sínum að greindri lóð ásamt uppfyllingu á lóðinni og öðrum mannvirkjum, sem eru tveir steinskúrar. Segir í afsalinu, að lóðarréttindin séu seld samkvæmt leigusamningnum frá 6. nóvember 1931, svo og síðari framlengingu, síðast samkvæmt samþykkt hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar, dags. 24. september 1957, en efni þeirrar samþykktar var áður rakið. Tekið er fram í afsalinu, að hið selda afhendist 1. júní 1959.

Samdægurs ritaði forstjóri Olíuverzlunar Íslands h/f vegna fyrirtækisins stefnda Helga bréf, þar sem m. a. segir á þessa leið:

„Í sambandi við afsal þetta á ofannefndum eignum í Vestmannaeyjakaupstað viljum vér taka fram, að lóðarleigusamningur sá, sem hér um ræðir, er fyrir nokkru útrunninn, en hefur verið framlengdur nokkrum sinnum af hafnarnefnd Vestmannaeyjakaupstaðar, en síðasta framlenging var gerð á fundi hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar 24. september 1957, og var samningurinn þá framlengdur til þriggja ára samkvæmt meðfylgjandi útskrift úr gerðabók hafnarnefndar Vestmannaeyja. Ekki er ljóst samkvæmt bókun hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar, hvort samningur þessi fellur úr gildi 6. nóvember 1959 eða 6. nóvember 1960, og virðist þó að síðari dagsetningin gæti staðizt.

Þá viljum vér enn fremur taka fram, að síðan um þetta var samið í nóvember f. á., hefur hafnarnefnd Vestmannaeyjakaupstaðar sagt upp afnotum af lóð þessari og tilkynnt oss, að samningurinn verði ekki framlengdur. Er þetta gert samkvæmt símskeyti, dags. 14. apríl 1959, sem fylgir hjálagt í afriti. Skal hér með staðfest, að það er algerlega á yðar áhættu, ef hafnarnefnd eða bæjarstjórn Vestmannaeyja framkvæmir ákvörðun þá, er í símskeytinu greinir, og breytast á engan hátt skuldbindingar yðar gagnvart oss.

Það skal að lokum tekið fram, að vér seljum yður aðeins þau réttindi, er félagi voru bera, og ekkert umfram það, eins og þér hafið sjálfur kynnt yður og samþykkt."

Undir bréf þetta hefur stefndi Helgi ritað samþykki sitt.

Með yfirlýsingu, dags. 25. júní 1959, staðfesti B.P. á Íslandi

h/f það, að framangreint afsal væri gefið út í umboði og með fullu samþykki þess.

Hinn 15. júní 1959 sendi bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum Olíuverzlun Íslands h/f og B.P. á Íslandi h/f skeyti, þar sem mótmælt er sem heimildarlausri greindri sölu til stefnda Helga. Jafnframt er áréttuð í skeytinu ákvörðun hafnarnefndar um yfirtöku lóðarinnar og mannvirkja á henni samkvæmt leigusamningnum. Með skeyti daginn eftir tilkynnti bæjarstjórinn sömu aðiljum, að krafizt væri þá þegar yfirtöku á lóð og mannvirkjum, þar sem þessir aðiljar noti ekki lóðina lengur í þeim tilgangi, sem lóðarsamningurinn geri ráð fyrir.

Með bréfi, dags. 5. nóvember 1959, sneri bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sér til bæjarfógeta og fór þess á leit, að eignarnámsmat yrði látið fara fram á mannvirkjum lóðarinnar í samræmi við ákvæði leigusamningsins, með því að ekki hefði orðið samkomulag um yfirtöku mannvirkjanna. Útnefndi bæjarfógeti tvo menn til að framkvæma mat þetta. Mistök urðu í sambandi við matsbeiðni þessa og framkvæmd matsins, m. a. láðist að gefa olíufyrirtækjunum kost á að gæta hagsmuna sinna við matið. Af þeim sökum voru að nýju dómkvaddir á bæjarþingi Vestmannaeyja tveir hæfir og óvilhallir menn til að meta mannvirki á lóðinni í samræmi við ákvæði leigumálans frá 1931. Útnefning þessi fór fram 1. febrúar 1960, og stóð fyrir henni lögmaður stefnanda. Verður síðar í dóminum vikið að mati hinna dómkvöddu manna.

Í bréfi til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, dags. 1. febrúar 1960, fór lögmaður stefnanda þess á leit, að framkvæmdir, er stefndi Helgi þá hafði látið byrja á lóðinni, yrðu stöðvaðar með lögbanni svo og að lögbann yrði lagt við því, að stefndi Helgi léti fara fram nokkra starfsemi á lóðinni, nema að fengnu samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar eða hafnarnefndar í umboði bæjarstjórnar. Hafði stefndi Helgi, er hér var komið, látið hefja lögn holræsis í lóðina. Með úrskurði, uppkveðnum 17. s. m., varð fógeti við þessari kröfu. Hefur stefnandi höfðað mál það, sem hér er fjallað um, m. a. til þess að halda því lögbanni til laga.

Daginn eftir að lögbannsbeiðni stefnanda kom fram, barst bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum símskeyti frá Olíuverzlun Íslands h/f og B.P. á Íslandi h/f, þar sem áréttað var, að lóðin með mannvirkjum og leigurétti hefði verið seld stefnda Helga 27.

maí 1959, að fyrirtækin teldu leigusamninginn um lóðina í fullu gildi og samþykkt hafnarnefndar Vestmannaeyja um þriggja ára framlengingu samningsins 24. september 1957 markleysu. Eru þetta, eins og áður greinir, fyrstu athugasemdir frá þessum aðiljum, sem kunnugt er um, að fram hafi verið bornar við samþykkt hafnarnefndar frá 24. september 1957.

Með tryggingarbréfi, útgefnu 20. júlí 1959 af stefnda Helga, veðsetti hann handhafa með 2. veðrétti og uppfærslurétti umrædda lóð ásamt uppfyllingu þeirri og mannvirkjum, sem á lóðinni eru, til tryggingar víxilskuld, að fjárhæð kr. 500.000.00. Í bréfi útibús Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum, dags. 18. þ. m., er það staðfest, að bankinn sé handhafi víxils þessa og eigandi greinds veðréttar.

Hér að framan hafa verið rakin höfuðatriðin í þeim skiptum málsaðilja, sem mál þetta er af risið. Er þá komið að því að greina kröfur aðilja í málinu og taka afstöðu til þeirra.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur í frumsök:

„Að staðfestur sé lögbannsúrskurður, kveðinn upp í fógetarétti Vestmannaeyja miðvikudaginn 17. febrúar 1960, þess efnis m. a., að lagt sé lögbann við því, að Helgi Benediktsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, haldi áfram greftri holræsis á 1213.5 m^2 lóð við Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum eða láti fram fara nokkra starfsemi á téðri lóð, nema að fengnu samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja eða hafnarnefndar Vestmannaeyja í umboði bæjarstjórnar.

Að rift sé með dómi réttarins afsali, dags. 27. maí 1959 og 25. júní 1959, útgefnu af Olíuverzlun Íslands h/f og B.P. á Íslandi h/f til Helga Benediktssonar, Vestmannaeyjum, fyrir olíugeymslulóð og uppfyllingu vestan Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum ásamt með þar tilheyrandi lóðarréttindum og að afsalið skuli dæmt ógilt að lögum.

Að rift sé með dómi réttarins veðsetningum Helga Benediktssonar á ofangreindri eign, og þær dæmdar ógildar að lögum.

Að ofangreind eignarheimild og þinglýst veðbönd skuli afskráð úr afsals- og veðmálabókum Vestmannaeyja.

Að viðurkennt sé með dómi réttarins, að leigumáli bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar, dags. 6. nóvember 1931, við Olíuverzlun Íslands h/f ásamt síðari yfirfærslu til B.P. á Íslandi h/f með síðari framlengingum og breytingum hafi fallið úr gildi í síðasta lagi hinn 6. nóvember 1959 og að bæjarstjórn Vestmanna-

eyjakaupstaðar eða hafnarnefnd Vestmannaeyja í umboði hennar hafi nú óskertan umráða- og afnotarétt hinnar leigðu lóðar og sé eigandi að uppfyllingu þeirri með varnarvegg, er á lóðinni stendur."

Að lokum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi frumstefndu in solidum.

Í framhaldssök krefst stefnandi þess, að framhaldsstefnda verði gert að þola dóm í málinu, að því leyti sem kröfugerð stefnanda í frumsök getur við hann átt. Krafa um málskostnað er ekki gerð í framhaldssök.

Framhaldsstefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, þótt honum hafi verið löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 eingöngu að dæma málið eftir framlögðum skjölum, að því er hann varðar.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að samkvæmt ákvæðum leigumálans um hina umdeildu lóð hafi leigutaka verið heimiluð á lóðinni sú ein starfsemi, sem í leigumálanum greinir, þ. e. starfsemi, bundin viðskiptum með olíu, enda hafi hinn upphaflegi leigutaki og viðtakandi lóðarréttindanna af honum, B.P. á Íslandi h/f, ávallt stundað þess konar starfsemi og benzínsölu eingöngu. Af því leiði, að réttur leigutaka til að afsala réttindum sínum yfir lóðinni öðrum til handa hafi takmarkazt við það, að sú starfsemi ein yrði rekin á lóðinni. Þetta hafi bæði leigjanda lóðarréttindanna og viðsemjanda hans, stefnda Helga, mátt vera ljóst og þá jafnframt, að heimildarlaust væri að ráðstafa leiguréttindum að lóðinni til stefnda Helga, þar sem vitað sé, að hann hafi ekki rekið slíka starfsemi né heldur ráðgert að nýta lóðina á þann veg. Þvert á móti sé vitað, að hann hafi fyrirhugað að nýta lóðina í þágu fiskútgerðar sinnar. Þegar af þessari ástæðu hafi framsal lóðarréttindanna til stefnda Helga verið andstætt ákvæðum leigumálans og löglaust gagnvart stefnanda. En afsalið hafi og verið ógilt og marklaust af annarri ástæðu, þ.e.a.s. þeirri, að hafnarnefnd hafi framlengt leiguréttinn að lóðinni einungis til 6. nóvember 1959 og falið jafnframt bæjarstjóra á fundi sínum 9. janúar 1959 að tilkynna leiguhafa ekki einasta þá ákvörðun, heldur og, að lóðarsamningurinn yrði þá ekki framlengdur, en bæjaryfirvöld myndu þá neyta réttar síns samkvæmt leigumálanum til yfirtöku lóðar og mannvirkja. Þessar ákvarðanir hafi verið tilkynntar leiguhafa 14. apríl s. á., eða nokkrum vikum áður en framsalið til stefnda Helga fór fram. Þegar þetta sé haft í huga og það jafnframt, að búið hafi verið, er hér var

komið, að gefa leiguhafa kost á nýju athafnasvæði undir starfsemi sína, þá sé augljóst, að heimildarmaður stefnda Helga hafi vísvitandi ráðstafað lóðarréttindunum til hans algerlega í bága við þegar kunnar, réttmætar og afdráttarlausar fyrirætlanir bæjaryfirvalda, varðandi lóðina. Það fari og ekki milli mála, að stefnda Helga hafi verið fullkunnugt um þessar fyrirætlanir. Af framangreindum ástæðum leiði, að stefndi Helgi hafi aldrei öðlazt neinn rétt yfir lóðinni. Framkvæmdir hans á lóðinni hafi því verið algerlega heimildarlausar, og nauðsynlegt, að komið yrði í veg fyrir þær með lögbanni. Þá hafi og stofnun veðbanda yfir lóðinni af hans hendi verið með öllu löglaus. Síðasta lið kröfunnar reisir stefnandi á því, að leiguhafi lóðarinnar hafi þegar með afsali lóðarréttindanna til stefnda Helga firrt sig rétti til lóðarinnar. Verðmæti mannvirkja á lóðinni, er yfirtökuheimild stefnanda var bundin við samkvæmt leigumálanum, hafi verið metin í samræmi við ákvæði leigumálans, og matsfjárhæðin, sem óhögguð standi, hafi staðið olíufyrirtækjunum til boða hjá hafnargjaldkera síðan 15. febrúar s.l., og hinn 20. þ. m. hafi fjárhæðin verið lögð inn í Landsbankann á nafn fyrirtækjanna.

Stefndi Hreinn Pálsson vegna Olíuverzlunar Íslands h/f og B.P. á Íslandi h/f reisir sýknukröfu sína á því, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa, heldur meðstefndi Helgi, þar sem honum hafi í samræmi við skýlausa heimild í leigumálanum verið afsalað með fullum rétti öllum réttindum leiguhafa yfir hinni umdeildu lóð. Stefnda Helga hafi verið gert fullkomlega ljóst, er þetta afsal átti sér stað, hvernig háttað var réttarsambandi aðilja leigumálans og hverju fram hafði farið í skiptum þeirra í sambandi við lóðina til þess tíma. Honum hafi og einungis verið afsalað þeim réttindum einum, bundnum lóðinni, er afsalandi átti samkvæmt ákvæðum leigumálans. Af þessu sé ljóst, að ágreiningsefni málsins séu hinum stefndu olíufélögum með öllu óviðkomandi.

Stefndi Helgi reisir sýknukröfu sína á því, að afsal lóðarréttindanna til hans hafi verið í fullu samræmi við ákvæði leigumálans um rétt leiguhafa til framsals á réttindum sínum samkvæmt leigumálanum. Að vísu reki hann ekki sams konar starfsemi og meðstefndi, en í leigumálanum sé nýting lóðarinnar hvergi takmörkuð við þess konar starfsemi eina. Þvert á móti komi það greinilega fram við túlkun á ákvæðum leigumálans, að hinar einu takmarkanir, sem ákvæði hans hafi að geyma um

nýtingu lóðarinnar, hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir íkveikju- eða sprengihættu vegna geymslu og meðferðar olíu á lóðinni. Að þessu athuguðu og þar eð leigumálinn hafi óumdeilanlega verið í fullu gildi, er lóðarréttindunum var afsalað til hans, sé ljóst, að hann hafi verið löglega að lóðinni kominn. Samþykkt hafnarnefndar 24. september 1957 um 3 ára framlengingu leigumálans hafi verið andstæð ákvæðum hans, og þar sem þar hafi verið um einhliða ákvörðun að ræða, hafi hún ekki verið bindandi fyrir leiguhafa og þá ekki heldur stefnda Helga. Af því leiði, að leigutímabil það, er hófst 6. nóvember 1956, renni ekki út fyrr en að 5 árum liðnum frá þeim tíma eða 6. nóvember 1961. Til þess tíma hafi stefndi Helgi ótvíræðan rétt til að nýta lóðina. Með skírskotun til framangreindra raka telur stefndi Helgi, að sókn máls þessa eigi engan rétt á sér og að lögbann það, er lagt var við aðgerðum hans á lóðinni, hafi verið algerlega þarflaust og óréttmætt.

Lóðin, sem um er deilt í máli þessu, var á sínum tíma leigð fyrirtæki, sem ekki er kunnugt, að rekið hafi annars konar starfsemi en viðskipti með benzín og olíur og ýmiss konar þjónustu þar að lútandi. Þau ákvæði leigusamningsins, sem fjalla um hagnýtingu lóðarinnar, hníga og að öllu leyti að því, svo langt sem þau ná, að lóðin sé nýtt til þess konar starfsemi, þó ekki benzínsölu. Annars konar nýtingu lóðarinnar er ekki minnzt á í leigumálanum. Hin umdeilda lóð liggur að sjó, og er uppfylling sú í sjó fram, er á lóðinni var gerð í samræmi við ákvæði leigumálans. Er lega lóðarinnar í alla staði mjög hentug fyrir umrædda nýtingu hennar, og má telja fullvíst, að val einmitt þessarar lóðar til handa Olíuverzlun Íslands h/f hafi á því byggzt. Hníga að því miklar líkur af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, að það hafi verið tilætlun bæjaryfirvalda Vestmannaeyjakaupstaðar á þeim tíma, er leigumálinn var gerður, að lóðin yrði þannig nýtt af leigjanda, hver sem hann yrði, og ekki öðruvísi. Með skírskotun til þeirra raka, sem að framan greinir, þykir verða að líta svo á, að heimild leigutaka til framsals á rétti sínum samkvæmt leigumálanum hafi verið bundinn því skilyrði, að sá, er við tæki, ræki á lóðinni sams konar starfsemi og leigumálinn samkvæmt framangreindri túlkun telst hafa gert ráð fyrir. Framseljandi lóðarréttindanna til stefnda Helga skírskotar að vísu til leigumálans í afsali sínu og áréttar mjög rækilega í áðurgreindu bréfi til stefnda Helga, sem honum var afhent samtímis afsalinu, að honum sé aðeins afsalað þeim rétt-

indum, sem afsalanda beri samkvæmt leigumálanum og alls engu umfram það. Á hinn bóginn er það kunnugt, að stefndi Helgi rekur ekki slíka starfsemi, er lóðarrétturinn samkvæmt framanskráðu telst hafa verið bundinn við, og ekkert bendir til þess, að hann hafi fyrirhugað slíka starfsemi á lóðinni. Þvert á móti er því yfirlýst af honum í málinu, að hann hafi falazt eftir lóðinni sem athafnasvæði fyrir fiskútgerð sína. Sýnist engin ástæða til að draga í efa, að afsalanda lóðarréttindanna hafi verið þetta ljóst, er samningar um afsal þeirra til stefnda Helga stóðu yfir. Þegar þetta er haft í huga ásamt því, er áður greinir um takmörk afnotaréttar af lóðinni, verður að telja, að afsal lóðarréttindanna til stefnda Helga hafi verið óheimilt þrátt fyrir fyrirvara þess og takmarkanir, þar sem augljóst mátti vera, að stefndi Helgi myndi nýta lóðina svo, að í bága færi við ákvæði leigumálans þar um. Af þessu leiðir, að afsalið var óskuldbindandi fyrir stefnanda og riftanlegt, ef hann óskaði. Allar framkvæmdir stefnda Helga á lóðinni voru því löglausar, enda mátti honum vera fullljóst frá byrjun, hverjum vafa réttarstaða hans gagnvart stefnanda var bundin. Af þessum ástæðum leiðir og, að veðbönd þau, sem stefndi Helgi stofnaði til yfir réttindum þeim, er lóðinni eru bundin, voru marklaus.

Með skírskotun til framangreindra ástæðna þykir bera að taka til greina fyrstu 4 liðina í kröfu stefnanda. Er þá komið að því að staðreyna, hvort 5. og síðasti liður stefnukröfunnar hafi við rök að styðjast.

Svo sem áður greinir, ákvað hafnarnefnd Vestmannaeyja á fundi sínum hinn 24. september 1957 að mæla með því, að margnefndur leigumáli skyldi framlengdur í þrjú ár, eftir að beiðni hafði komið fram um 5 ára framlengingu, og hinn 9. janúar 1959 samþykkti hafnarnefnd að fela bæjarstjóra að tilkynna leigjanda lóðarinnar, að samningurinn yrði ekki framlengdur, er hann gengi úr gildi 6. nóvember 1959. Báðar þessar samþykktir tilkynnti bæjarstjóri hlutaðeigendum 14. apríl 1959, án þess athugasemdum væri hreyft eða mótmælum. Verður því að líta svo á, að framlenging þessi, sem var afbrigðileg frá ákvæðum leigumálans, hvað tímalengd snerti, og skilningur bæjaryfirvalda á upphafstíma framlengingarinnar hafi verið bindandi fyrir leigutaka, þannig að leigumálinn hefði, ef annað kæmi ekki til, að réttu lagi fallið niður 6. nóvember 1959. Samkvæmt því voru rúmir fimm mánuðir eftir af leigutímanum, er stefnda Helga var afsalað lóðarréttindunum 27. maí 1959. Verður að fallast á það með

stefnanda, að eins og sakir stóðu, hafi leigutaki þegar með þeirri ráðstöfun fyrirgert rétti sínum til lóðarinnar, enda reið þessi ráðstöfun ekki einasta í bága við takmörkun leigumálans á rétti leigutakans til framsals á lóðarréttindum, svo sem áður var rakið, heldur var hún í frammi höfð, alllöngu eftir að leigusali hafði kunngert leigutaka þá eindregnu ákvörðun sína, að hann myndi að enduðum leigutímanum neyta réttar síns samkvæmt leigumálanum til yfirtöku lóðar og mannvirkja. Þegar þess á hinn bóginn er gætt, hve óákveðin kröfugerð stefnanda að þessu leyti er, þar sem krafizt er viðurkenningar á því, að leigumálinn hafi fallið úr gildi „í síðasta lagi hinn 6. nóvember 1959", þá er eigi unnt að miða við annað og fyrra tímamark.

Þegar svo var komið, að leigumálinn var niður fallinn, var stefnanda rétt að hlutast til um dómkvaðningu tveggja hæfra og óvilhallra manna til þess að meta endurgjald fyrir uppfyllinguna á lóðinni í samræmi við ákvæði leigumálans. Eins og áður greinir, fór útnefning þessi fram á bæjarþingi Vestmannaeyja 2. febrúar 1960. Mat hinna dómkvöddu manna er dagsett 4. febrúar 1960. Meta þeir endurgjaldið kr. 45.000.00. Er þar raunverulega um að ræða mat á upphaflegu kostnaðarverði mannvirkisins, þar sem matsmenn telja, að kostnaðarverð þess nú muni nema margfalt hærri fjárhæð, en í leigumálanum er, eins og áður greinir, sá fyrirvari gerður, að endurgjald fyrir mannvirkið megi ekki nema hærri fjárhæð en upphaflegu kostnaðarverði. Vegna úrslita þeirra þátta málsins, sem þegar hefur verið fjallað um hér að framan, getur leiguhafi einn átt aðild þessa síðasta liðar stefnukröfunnar. Mótmæli og rök stefnda Helga, varðandi þennan lið, koma því ekki til álita. Af hálfu leiguhafa hafa alls engin mótmæli verið fram borin gegn matinu, og ber því að leggja það til grundvallar. Fjárhæð þess hefur, eins og áður greinir, staðið leigutaka til boða hjá hafnargjaldkera í Vestmannaeyjum síðan 15. febrúar s.l., og hinn 20. þ. m. var hún lögð í sparisjóð Landsbankans hér í Reykjavík á nafn Olíuverzlunar Íslands h/f og B.P. á Íslandi h/f.

Samkvæmt framangreindum ástæðum eru næg skilyrði til þess, að þessi liður í kröfugerð stefnanda verði einnig tekinn til greina.

Úrslit málsins verða þá þau, að kröfur stefnanda verða að öllu leyti teknar til greina, þó svo, að eftir kröfugerð stefnanda telst framangreindur leigumáli hafa fallið úr gildi 6. nóvember 1959.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndu í frumsök greiði stefnanda in solidum kr. 12.000.00 upp í málskostnað.

Gunnar M. Guðmundsson, setubæjarfógeti í Vestmannaeyjum,

kvað upp þenna dóm, en settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, Freymóður Þorsteinsson, vék sæti í málinu með úrskurði, uppkveðnum 19. apríl s.l., er gagnasöfnun í því var lokið.

Dómsorð:

Framangreint lögbann er staðfest.

Framangreindu afsali til stefnda Helga Benediktssonar, útgefnu 27. maí 1959 af Olíuverzlun Íslands h/f og staðfestu 25. júní 1959 af B.P. á Íslandi h/f, er riftað, svo og framangreindri veðsetningu samkvæmt tryggingarbréfi, út gefnu 20. júlí 1959 af Helga Benediktssyni. Afsalið og tryggingarbréfið skal afmá úr afsals- og veðmálabókum Vestmannaeyja.

Framangreindur leigumáli telst hafa fallið úr gildi 6. nóvember 1959. Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum hafa óskert umráð lóðar þeirrar, sem málið fjallar um, og eru eigandi að uppfyllingu þeirri með varnarvegg, sem á lóðinni er.

Stefndu í frumsök, Hreinn Pálsson vegna Olíuverzlunar Íslands h/f og B.P. á Íslandi h/f og Helgi Benediktsson, greiði in solidum stefnanda, bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum vegna Vestmannaeyjakaupstaðar, kr. 12.000.00 upp í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. marz 1961.

Nr. 60/1960. **Almennar tryggingar h/f** (Guðmundur Pétursson hrl.) gegn **Bílamiðstöðinni s/f** (Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. marz 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag.

Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í aðalsök í héraði, en að staðfest verði sú niðurstaða héraðsdóms í gagnsök í héraði, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 3454.70 með 6% ársvöxtum frá 5. apríl 1957 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Bílamiðstöðin s/f, rak þá atvinnu að leigja út bifreiðar án ökumanns, þar á meðal bifreiðina R 6601. Áfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, tókst á hendur vátryggingu bifreiðarinnar til slíkra nota með vátryggingarskírteini, dags. 16. marz 1955, og var iðgjald miðað við notkun bifreiðarinnar með þessum hætti. Telja verður, eins og segir í héraðsdómi, að í skiptum aðilja hafi átt að gilda það ákvæði í c-lið 10. gr. hinna prentuðu vátryggingarskilmála, að bifreiðin sé undanþegin ábyrgð áfrýjanda, þegar henni er „stýrt af einhverjum þeim, sem ekki hefur löglegt ökuskírteini". Þetta ákvæði takmarkast hins vegar af því ákvæði 6. gr. vátryggingarskilmálanna, að vátryggingin taki til skemmda á bifreiðinni, sé henni „stolið eða rænt".

Leigutaki bifreiðarinnar, Lárus Ágústsson, gekkst undir þá skuldbindingu gagnvart stefnda að lána ekki öðrum bifreiðina. Þetta samningsákvæði rauf hann, er hann fékk Arnkeli Guðmundssyni stjórn bifreiðarinnar. Þar sem Arnkell hafði ekki ökuréttindi, var hér einnig um verknað að ræða af hálfu Lárusar, sem refsing er lögð við samkvæmt 1. málsgr. 35. gr. sbr. 1. málsgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Sá verknaður Arnkels að taka réttindalaus við stjórn bifreiðarinnar, er einnig refsiverður eftir 1. málsgr. 27. gr., sbr. 1. málsgr. 80. gr. sömu laga. Arnkeli var því með öllu óheimilt að fara með stjórn bifreiðarinnar, er slysið varð, enda verður handhöfn hans á bifreiðinni hvorki beint né óbeint rakin til neinnar réttarlegrar heimildar frá stefnda.

Auðsætt er, að sögnin að stela er í vátryggingarskírteini notuð í víðtækari merkingu en svo, að átt sé eingöngu við

beinan þjófnað samkvæmt 244. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940. Er eðlilegast að skýra ákvæðið þannig, að átt sé einnig við svonefndan nytjastuld samkvæmt 259. gr. hegningarlaganna, sbr. lög nr. 20/1956, en þar ræðir meðal annars um heimildarlausa notkun manna á bifreiðum. Samkvæmt því, er að framan var rakið, var handhöfn Arnkels á bifreiðinni heimildarlaus, og skiptir ekki máli um vátrygginguna, hverja skoðun Arnkell kann að hafa gert sér sjálfur um heimild sína. Er því rétt sú niðurstaða héraðsdóms, að vátryggingin hafi tekið til ökuslyss þess, sem um er fjallað í málinu.

Fyrir Hæstarétti hefur því verið lýst af hálfu áfrýjanda, að hann mótmæli ekki sérstaklega fjárhæð bóta þeirra, sem honum var gert að greiða stefnda með héraðsdómi.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, greiði stefnda, Bílamiðstöðinni s/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Með skriflegum samningi 11. júní 1955 seldi stefndi Lárusi Ágústssyni, Mávahlíð 37, Reykjavík, á leigu jeppabifreiðina R 6601 án bifreiðarstjóra. Í samningnum segir:

„Leigutaki tekur á leigu fyrrnefnda bifreið eigandans kl. 2.40 hinn 11. júní 1955 til kl. 8 hinn 12. júní 1955 og miðað við það, að ekki sé ekið yfir 280 km á þessu tímabili. Er leigugjaldið ákveðið kr. 540.00, er greiðist við undir-

ritun samnings þessa. Fyrir hvern ekinn km umfram það, sem tiltekið er í samningnum, greiðist kr. 1.50.

Bifreiðin er leigð í því ástandi, sem hún er nú í og leigutaki hefur tekið gilt, og skal honum skylt að afhenda hana að öllu leyti í sama ástandi og á sama stað, áður en leigutíminn er útrunninn.

Leigutaki skuldbindur sig til að aka bifreiðinni á allan hátt varlega, ekki að nota hana til kennsluaksturs né til farþegaaksturs fyrir þóknun, ekki að lána hana öðrum og ekki nota hana á nokkurn ólöglegan hátt. Í bifreiðinni má ekki flytja fleiri farþega en 3 auk ökumanns. Leigutaki er skyldur að hugsa vel um bifreiðina að öllu leyti og ekki skilja við hana ólæsta á almannafæri, sömuleiðis að sjá um, að hún sé vel hirt og í ökufæru standi við akstur.

Viðgerðir, sem orsakast af eðlilegu sliti, greiðir eigandi, en nemi áætlaður viðgerðarkostnaður kr. 500.00 eða meiru, ber leigutaka að fara eftir tilvísun eiganda um viðgerð og viðgerðarkostnað.

Eigandi annast allar venjulegar vátryggingar á bifreiðinni, en allt það tjón, sem bifreiðin verður fyrir, meðan á leigutíma stendur, ber leigutaka að greiða eiganda, að frádreginni þeirri upphæð, sem viðkomandi kaskotrygging kann að greiða.

Það tjón, sem bifreiðin kann að valda þriðja aðilja, meðan á leigutíma stendur, svo og allar þær kröfur, sem fram kunna að koma á hendur eiganda samkvæmt bifreiðalögum eða öðrum landslögum, skuldbindur leigutaki sig til að greiða fram yfir það, sem viðkomandi vátrygging samþykkir greiðslu á.

Verði bifreiðin fyrir tjóni, meðan á leigu stendur, greiðist samt full leiga, þar til samningur er útrunninn. Að þeim tíma liðnum, greiðast kr. 150.00 á dag, sé tjónið af völdum leigutaka. Allt tjón ber að tilkynna lögreglu og eiganda, svo fljótt sem unnt er.

Eigandi er ekki ábyrgur gagnvart leigutaka fyrir því tjóni, sem hann kann að verða fyrir vegna tafa, útgjalda eða á annan hátt.

Sé bifreiðinni ekki skilað, áður en leigutíminn er útrunninn, greiðir leigutaki kr. 150.00 fyrir hvern tíma fram yfir, sé það ekki vegna sannanlegs tjóns eða bilunar".

Með samningi 16. marz 1955 húftryggði (kasko) áfrýjandi nefnda bifreið. Í vátryggingarskírteininu segir m. a.: „Notkun bifreiðarinnar: Jeppabifreið til leigu án ökumanns. Vátryggingin nær til allra skemmda á hinni vátryggðu bifreið, sem verða af sama slysi, af eldsvoða, eldingu eða sprengingu, allt að kr. 30.000.00, og til skemmda á hinni vátryggðu bifreið af ökuslysi, er stafar af árekstri, áakstri, veltu eða hrapi af flutningsslysi og af því, að hinni vátryggðu bifreið er stolið eða rænt, allt að kr. 30.000.00."

Í 6. gr. vátryggingarskilmálanna segir m. a.: „Félagið bætir skemmdir á bifreiðinni sjálfri af bruna, eldingu, sprengingu, árekstri, áakstri, veltu og hrapi eða, sem stafa af því, að allri bifreiðinni sé stolið eða rænt og af flutningsslysi". Í 10. gr. sömu skilmála segir m. a.: „Undanskildar ábyrgð félagsins eru: .... c) skemmdir, er verða ...., þegar honum er stýrt af einhverjum þeim, sem ekki hefur löglegt ökuskírteini".

Sama daginn sem Lárus Ágústsson tók bifreiðina á leigu, ók hann henni áleiðis vestur að Búðum á Snæfellsnesi. Voru þrjár stúlkur í bifreiðinni með honum. Gegnt bænum Varmalandi í Borgarfirði varð Arnkell Guðmundsson á vegi Lárusar og stúlknanna, og ber Lárus um þann fund þetta: „Við þekktum hann og buðum honum með okkur." Var nú ekið áfram, unz eftir voru 15—20 km að Grund í Kolbeinsstaðahreppi. Bauðst Arnkell þá til að hvíla Lárus að þeirra sögn. Er komið var heim undir nefndan bæ, fipaðist Arnkeli aksturinn, þá er nokkrir hestar hlupu inn á veginn, og lenti bifreiðin á benzíntank, henni hvolfdi, og yfirbygging hennar brotnaði öll og brenglaðist m. m. Um aðdragandann að því, að Lárus Ágústsson fékk Arnkeli Guðmundssyni stjórn bifreiðarinnar, segir Lárus: „Ég innti Arnkel eftir því, hvort hann væri ekki vanur að aka, og sagði hann það vera. En ég man ekki, hvort ég spurði hann, hvort hann hefði öku-

réttindi, held frekar, að um það hafi ekki verið rætt.“ Arnkell hafði eigi ökuréttindi.

Samkvæmt 6. gr. tryggingarskilmálanna skyldi áfrýjandi bæta skemmdir, sem yrðu á bifreiðinni, þá er „allri bifreiðinni sé stolið eða rænt“. Leigutaki bifreiðarinnar og umráðandi, Lárus Ágústsson, fékk Arnkeli Guðmundssyni stjórn hennar og var sjálfur í henni áfram, meðan Arnkell Guðmundsson ók. Akstur Arnkels Guðmundssonar verður því eftir eðlilegri skýringu eigi talinn stuldur á „allri bifreiðinni“, og svo víðtæk túlkun á greindu ákvæði 6. gr. skilmálanna, að það tæki til nefnds aksturs, myndi þrengja óeðlilega og óleyfilega 10. gr. sömu skilmála, þar sem svo er mælt, að undanskildar skuli vera ábyrgð áfrýjanda skemmdir, sem verða, þá er bifreiðinni „er stýrt af einhverjum þeim, sem ekki hefur löglegt ökuskírteini“. Leigutakinn, Lárus Ágústsson, var samkvæmt leigusamningnum umráðandi bifreiðarinnar, og bar honum að annast hana á sína sérstöku áhættu, þá er slysið varð. Hann var því maður, sem samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga nr. 20/1954 var skylt að gæta þess, að varúð sú sé viðhöfð, sem „mælt er í vátryggingarsamningi fyrir um“. Lárus Ágústsson varð sekur um vanrækslu á varúðarskyldu sinni, er hann lét bifreiðina í hendur ökuréttindalausum manni, en hann hafði eigi gilda ástæðu til að ætla, að Arnkell Guðmundsson hefði ökuréttindi. Að þessu athuguðu og þar sem eigi eru leiddar sönnur að því, að slysið stafi eigi af vanhæfi Arnkels Guðmundssonar til aksturs, ber samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga nr. 20/1954 að taka kröfu áfrýjanda um sýknu í aðalsök í héraði til greina. Héraðsdóm í gagnsök í héraði ber að staðfesta.

Samkvæmt þessum úrslitum er rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í aðalsök í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Almennar tryggingar h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Bílamiðstöðvarinnar s/f, í aðalsök í héraði.

Héraðsdómur í gagnsök í héraði staðfestist.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í aðalsök í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. september 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Bílamiðstöðin s/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. apríl 1957, gegn Almennum tryggingum h/f, hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 19.351.52, ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júní 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa eftir mati dómarans.

Með stefnu, útgefinni 3. september 1957, höfðaði stefndi gagnsök á hendur stefnanda til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3.454.70, með 6% ársvöxtum frá 5. apríl 1957 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati dómarans.

Í gagnsökinni hefur aðalstefnandi viðurkennt kröfur gagnstefnanda, en jafnframt krafizt þess, að málskostnaður í gagnsökinni verði felldur niður.

Aðalsök:

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1955 leigði aðalstefnandi út bifreiðar án bifreiðarstjóra. Meðal bifreiða þessara var jeppabifreiðin R 6601, eign aðalstefnanda.

Hinn 16. marz 1955 kaskotryggði aðalstefnandi bifreiðina hjá gagnstefnanda fyrir kr. 30.000.00, og skyldi tryggingin gilda í eitt ár, en í tryggingarskírteininu var sérstaklega tekið fram, að bifreiðin væri tryggð „til leigu án ökumanns".

Þann 11. júní 1955 leigði aðalstefnandi Lárusi nokkrum Ágústssyni áðurgreinda bifreið. Gerður var skriflegur samningur um leiguna. Í leigusamningnum skuldbatt Lárus sig meðal annars til þess að lána ekki öðrum bifreiðina. Samdægurs ók Lárus bifreiðinni áleiðis vestur að Búðum á Snæfellsnesi. Í bifreiðinni voru með honum þrjár stúlkur. Á móts við Varmaland í Borgarfirði bættist fjórði farþeginn, Arnkell Guðmundsson, í hópinn. Skammt frá bænum Grund í Kolbeinsstaðahreppi tók Arnkell við stjórn bifreiðarinnar, þar sem Lárus var orðinn þreyttur á að aka. Ók Arnkell bifreiðinni sem leið lá að Grund, en þar á hlaðinu hvolfdi bifreiðinni. Virtist slysið hafa orðið með þeim hætti, að nokkrir hestar hlupu skáhallt á móti bifreiðinni, er hún var rétt komin að Grund. Beygði Arnkell þá til hægri út af

veginum, en nálgaðist þá girðingu, sem var honum á hægri hönd. Snarbeygði hann þá til vinstri til að rekast ekki á girðinguna. Þá sá hann benzíntank framundan og lagði því enn meira á stýrið til vinstri. Tókst honum þó ekki að komast klakklaust fram hjá honum, svo að bifreiðin rakst á tankinn, og þar hvolfdi henni. Við þetta skemmdist bifreiðin stórkostlega. Í skýrslu, er Arnkell gaf fyrir lögreglunni, viðurkenndi hann, að hann hefði ekki íslenzkt ökuskírteini. Hins vegar kvaðst hann hafa tekið ökupróf á Keflavíkurflugvelli hjá ameríska verktakanum Metcalf, Hamilton, Smith, Beck Companies. Kvaðst hann hafa ekið bifreiðum og vörulyftum hjá félagi þessu og því vera vanur ökumaður.

Aðalstefnandi lét flytja hina skemmdu bifreið til Reykjavíkur á vörubíl. Framkvæmdastjóri aðalstefnanda hefur skýrt svo frá, að tveir starfsmenn gagnstefnanda, þeir Ólafur Einarsson tjónskoðunarmaður og Egill Gestsson fulltrúi, hafi skoðað bifreiðina, er hún kom til Reykjavíkur. Hafi annar hvor þeirra sammþykkt, að bifreiðin væri send á bifreiðaverkstæði Akraness til viðgerðar, án þess að talað hafi verið við hann um að meta skemmdirnar á bifreiðinni. Kveðst framkvæmdastjórinn því hafa flutt bifreiðina til Akraness, og þar hafi verið byggt nýtt farþegahús á hana og gert við hana að öðru leyti. Kostnaðurinn við viðgerðina og bílkostnaðurinn við að flytja bifreiðina af slysstað til Reykjavíkur hafi numið samtals kr. 19.351.52. Telur aðalstefnandi, að samkvæmt áðurgreindum vátryggingarsamningi beri gagnstefnanda að greiða honum fjárhæð þessa. Bifreiðin hafi verið vátryggð „til leigu án ökumanns". Af hálfu aðalstefnanda hafi ekki verið um neina vanrækslu að ræða, og sé greiðsluskylda gagnstefnanda því alveg ótvíræð.

Sýknukröfu sína byggir gagnstefnandi á því, að hann hafi með klásúlu í tryggingarskírteininu undanskilið sig ábyrgð á tjóni, sem réttindalaus ökumaður veldur. Í málinu sé það upplýst, að ökumaðurinn Arnkell Guðmundsson hafi ekki haft löglegt ökuskírteini. Sé bótaskylda hans (gagnstefnanda) því ekki fyrir hendi. Það skipti engu máli, hvort aðalstefnanda var eða gat verið kunnugt um það, að réttindalaus maður ók bifreiðinni, því að hvorki hér á landi eða annars staðar hefði komið til greina að kaskótryggja bifreið með ökuréttindalausan mann við stýrið. Aðalstefnandi hafi sjálfur tekið á sig áhættu við það að leigja bifreiðina án ökumanns. Leigutakinn hafi greinilega brotið af sér gagnvart aðalstefnanda, og beri aðalstefnanda að snúa kröfum sínum gegn honum eða ökumanninum. Gagnstefnanda beri engin

skylda til að bæta aðalstefnanda tjón það, sem hann varð fyrir í umrætt sinn. Í þessu sambandi hefur gagnstefnandi vísað til dóms Hæstaréttar, upp kveðins 8. desember 1949, í málinu nr. 36/1948.

Til ýtrustu vara hefur gagnstefnandi mótmælt kröfum aðalstefnanda sem of háum.

Í hinum prentaða texta tryggnigarskírteinisins, sem hér liggur til grundvallar, segir:

„Vátryggingin nær til allra skemmda á hinni vátryggðu bifreið, sem verða af ... ökuslysi, er stafar af árekstri, áakstri, veltu eða hrapi, af flutningsslysi og af því, að hinni vátryggðu bifreið er stolið eða rænt ..."

Á annarri síðu skírteinisins eru prentuð ýmis vátryggingarskilyrði tryggingafélagsins. Í 10. gr. segir:

„Undanskildar ábyrgð félagsins eru:

...

c) skemmdir, er verða, meðan vagninn er í láni eða leigður án bifreiðastjóra, eða þegar honum er stýrt af einhverjum þeim, sem ekki hefur löglegt ökuskírteini".

...

Á forsíðu skírteinisins er, eins og áður greinir, tekið fram um notkun bifreiðarinnar: „Jeepbifreið til leigu án ökumanns". Er texti þessi vélritaður, án þess að nokkrar yfirstrikanir hafi verið gerðar á texta c-liðar 10. gr. vátryggingarskilyrðanna, sem frá var greint. Ljóst er, að með hinum vélritaða texta um notkun bifreiðarinnar falla tvö fyrstu skilyrði c-liðar 10. gr. niður, enda er því ekki andmælt af hálfu gagnstefnanda. Gagnstefnandi telur hins vegar, að síðasta skilyrði c-liðarins hafi að sjálfsögðu átt að gilda áfram, þrátt fyrir það að skilyrði fyrri hluta c-liðarins féllu niður.

Þess er áður getið, að leigutakinn skuldbatt sig við undirskrift leigusamningsins að lána ekki bifreiðina öðrum. Þegar hann afhenti Arnkeli stjórn bifreiðarinnar, gerði hann það í algeru heimildarleysi. Aðalstefnandi á því enga sök á því, að varúðarregla sú, sem fram kemur síðast í c-lið 10. gr. hinna almennu vátryggingarskilyrða, var ekki haldin, en gagnvart aðalstefnanda gengur hin óheimila afhending á stjórn bifreiðarinnar í hliðstæða átt við það, þegar bifreiðinni er stolið eða rænt. Af þessu leiðir, að gagnstefnandi getur ekki, eins og á stendur, borið fyrir sig til sýknu umrætt ákvæði c-liðar 10. gr., og ber honum því að bæta aðal-

stefnanda tjón það, sem varð á bifreiðinni við umrætt ökuslys og vátryggingarsamningurinn nær til.

Framkvæmdastjóri aðalstefnanda hefur fyrir dómi lýst skemmdum á bifreiðinni í höfuðdráttum þannig: Brotin lukt, ónýtur vatnskassi, vatnskassahlíf beygluð, vélarhlíf ónýt, framaurbretti beyglað, hvalbakur beyglaður, farþegahúsið ónýtt, framrúða með öllu tilheyrandi ónýt, skúffan beygluð, tvær felgur beyglaðar, brotin fjöður, bognar stýrisstengur, bremsurör í sundur, brotinn rafgeymir og annað framdekkið höggvið í sundur. Áðurgreindur tjónskoðunarmaður gagnstefnanda hefur komið fyrir dóm. Kvaðst hann ekki geta véfengt þessa skýrslu framkvæmdastjóra aðalstefnanda. Einnig hefur komið fyrir dóminn sem vitni Friðþjófur Helgason, verkstjóri í Bifreiðaverkstæði Akraness h/f, en vitni þetta hafði yfirumsjón með endurbótum á bifreiðinni. Hefur vitnið lýst skemmdum bifreiðarinnar að nokkru og meðal annars á það bent, að grindin hafi skekkzt, svo að nauðsynlegt hafi verið að taka af skúffuna, þ. e. þann hluta bifreiðarinnar, sem farþegahúsið er fest á. Vitni þetta gerði einnig grein fyrir framkvæmd viðgerðarinnar. Tæknideild rannsóknarlögreglunnar annaðist töku ljósmynda af bifreiðinni, þar sem hún lá oltin á slysstað. Liggja þrjár af ljósmyndum þessum frammi í málinu. Löngu áður en mál þetta var höfðað, var bifreiðin seld eitthvað út á landsbyggðina. Hefur reynzt ókleyft að hafa upp á henni. Dómendur hafa því ekki getað framkvæmt skoðun á henni. Hins vegar telja hinir sérfróðu meðdómsmenn, að af gögnum málsins geti þeir gert sér grein fyrir skemmdum þeim, sem urðu á bifreiðinni, svo og viðgerðinni.

Á yfirlitsreikningi á dómskjali nr. 6 hefur aðalstefnandi sundurliðað hina umstefndu kröfu og lagt fram frumreikninga fyrir hverjum einstökum kröfulið.

Samkvæmt yfirlitsreikningi þessum sundurliðast kröfur stefnanda þannig:

1.	Reikningur	Vörubílastöðvarinnar Þróttar	kr.	1.071.00
2.	—	Trésmiðjunnar h/f	—	6.280.64
3.	—	Jóns A. Jónassonar	—	650.00
4.	—	Bifreiðaverkstæðis Akraness	—	10.087.59
5.	—	Jóhanns Finnssonar	—	1.262.29

Um 1.

Þessi kröfuliður er kostnaður við að færa hina skemmdu bif-

reið frá slysstað til Reykjavíkur. Af hálfu stefnda hefur hann ekki sætt sérstökum andmælum. Ber að taka hann til greina að fullu.

Um 2.

Liður þessi er yfir trésmíði, vinnu og efni, á grind og hurðum farþegahúss þess, sem smíðað var á bifreiðina. Þess er áður getið, að af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að farþegahúsið hafi ónýtzt og er því út af fyrir sig ekki andmælt af stefnda. Það er einnig álit dómsins, að húsið hafi gereyðilagzt í veltunni. Gagnstefnandi heldur því hins vegar fram, að smíði hússins hafi orðið miklum mun dýrari en þörf hafi verið á. Auk þess beri á það að líta, að húsið, sem smíðað var, sé miklu vandaðra en eldra húsið og nýtt hafi komið í stað hins gamla. Í því sambandi hefur hann bent á, að bifvélavirki sá, sem hann fékk til að skoða bifreiðina, hafi áætlað kostnað við að byggja nýtt hús á hana miklum mun lægri. Aðalstefnandi hefur algerlega mótmælt álitsgerð bifvélavirkja þessa, en hún hefur verið lögð fram, sem rangri og þýðingarlausri og meðal annars á það bent, að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðun þessa. Það sé að vísu rétt hjá skoðunarmanninum, að húsið hafi ekki verið viðgerðarhæft, en hins vegar alveg ósannað, að hægt hafi verið að fá hús sambærilegt því, sem á bifreiðinni var, fyrir 6—7 þúsund krónur. Að þessu athuguðu og þar sem umrædd skoðun nær aðeins til nokkurs hluta hinnar nauðsynlegu viðgerðar á skemmdum bifreiðarinnar vegna slyssins, þykir ekki unnt að leggja álitsgerð þessa til grundvallar.

Aðalstefnandi hefur haldið því fram, að hús það, sem á bifreiðinni var, hafi verið í góðu lagi, enda hafi það verið nýsprautað. Hinir sérfróðu meðdómsmenn, sem þekkja þá gerð af húsum, er á bifreiðinni var, lýsa því svo, að það hafi verið smíðað í Bandaríkjum Norður-Ameríku úr aluminium án þess að vera klætt að innan. Styrkleiki þess hafi verið mun minni en húsa þeirra, sem almennt voru smíðuð hér á landi á jeppabifreiðar. Styrktarstoðir hafi verið mjög veikar, og hafi slík hús því farið mjög illa í veltu. Grindin, sem smíðuð var í staðinn, hafi verið vandaðri að allri gerð. Með hliðsjón af þessu svo og öðru því, er máli skiptir, þar á meðal að nýtt kemur í stað gamals, þykir bera að taka lið þenna til greina með kr. 4.280.64.

Um 3.

Kröfuliður þessi er andvirði vélarhlífar. Hefur gagnstefnandi mótmælt því, að honum beri bæði að greiða nýja vélarhlíf undir þessum lið og viðgerð á vélarhlíf undir næsta kröfulið.

Telja verður nægjanlega í ljós leitt, að vélarhlíf bifreiðarinnar hafi skemmzt svo í veltunni, að ekki hafi borgað sig að gera við hana.

Rétt þykir því að taka lið þenna til greina, en þar sem aðalstefnandi hefur ekki getað gefið fullnægjandi skýringu á því, hvers vegna vinna er einnig reiknuð við viðgerð á vélahlíf, þá verður tekið tillit til þess við næsta kröfulið.

Um 4.

Þessi kröfuliður er yfir vinnulaun og efni við að rétta bretti, hvalbak, vatnskassahlíf o. fl. Vinna við gúmmí. Vinna við að taka af skúffu, rétta grind, stuðara o. fl. Vinna við að klæða húsið járni, setja í rúður og upphalara. Setja á þakrennur og þakdúk o. fl. Undirbúa bifreiðina undir málningu og mála hana. Andvirði þurrku og vinna við að setja hana á. Efni þessu öllu tilheyrandi o. fl.

Gagnstefnandi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og auk þess sumum liðunum sem málinu algerlega óviðkomandi. Sérstaklega hefur gagnstefnandi mótmælt vinnulaunum við gúmmí bifreiðarinnar, vinnulaunum við að rétta húdd, vinnulaunum og efni við að mála gólf, vinnulaunum við að rétta stuðara. Þá neitar hann því, að honum sé skylt að greiða öryggisgler fullu verði, þar sem ósannað sé, að öryggisgler hafi verið í gamla húsinu. Einnig sé það útilokað, að honum beri skylda til að greiða andvirði rúðuupphalara, rúðuvindur eða þurrku. Auk þess hefur gagnstefnandi talið, að honum sé ekki skylt að greiða ýmislegt smávegis, svo sem rofa, leiðsluþræði, leiðsulskó, húddkrækjur, benzín og fleira.

Eins og áður hefur verið rakið, hefur aðalstefnandi ekki gert nægja grein fyrir kostnaði við réttingu á vélarhlíf, kr. 66.56. Verður sá kostnaður því ekki tekinn til greina. Þá er það ósannað, að öryggisgler hafi verið í húsinu, sem skemmdist. Þykir því ekki unnt að taka til greina að fullu andvirði rúðanna, kr. 1269.00. Andvirði upphalara og vindu, kr. 241.00, verður heldur ekki tekið til greina, þar sem slíkur útbúnaður var ekki á eldra húsinu. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, þykir

sennilegt, að þurrkan hafi skemmzt. Þykir sá liður því eiga við rök að styðjast. Að því er hina liðina snertir, þá verður að telja, að nauðsynlegt hafi verið að endurnýja þá. Hins vegar er á það að líta, að klæðning á húsinu verður að teljast vandaðri en á hinu fyrra svo og frágangur allur. Með skírskotun til þessa og með hliðsjón af öðru því, er máli skiptir, þykir bera að taka kröfulið þenna til greina með kr. 7.429.03.

Um 5.

Hér er um að ræða vinnulaun við bremsur og geymisstæði, andvirði bremsuborða, bremsugúmmís, hlífðargúmmís, afturljóss og fleira. Auk þess olíukostnaður.

Gagnstefnandi hefur mótmælt lið þessum ýmist sem allt of háum og auk þess að ýmsu leyti málinu óviðkomandi.

Telja verður, að aðalstefnandi hafi ekki rökstutt nægjanlega vinnulaun við bremsur og efni til þeirra hluta. Verður sá hluti reikningsins, kr. 271.98, því ekki tekinn til greina. Þá er ósannað, að frostlögur hafi verið á vatnskassanum. Sá liður kr. 25.50, verður því ekki heldur tekinn til greina. Að öðru leyti þykir kröfuliður þessi nægjanlega rökstuddur. Verður hann því tekinn til greina með kr. 921.52 (1.262 ÷ 340.77).

Úrslit málsins í aðalsök verða þá þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 14.352.19 (1.071.00 + 4.280.64 + 650.00 + 7.429.03 +921.52) auk 6% ársvaxta, er rétt þykir að reikna frá 1. desember 1955 til greiðsludags.

Þá ber gagnstefnanda að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsökinni. Eftir atvikum þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2.400.00.

Gagnsök.

Gagnstefnandi kveður kröfu sína í gagnsök á hendur aðalstefnanda vera vangreidd tryggingariðgjöld af bifreiðum, er aðalstefnandi hefði tryggt hjá gagnstefnanda.

Með því að krafa þessi hefur verið viðurkennd af hálfu aðalstefnanda, verður hún tekin til greina að fullu ásamt vöxtum.

Rétt þykir, að aðalstefnandi greiði gagnstefnanda málskostnað í gagnsökinni, er ákveðst kr. 1.400.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Sigurgesti Guðjónssyni bifvélavirkja og Gunnari Björnssyni bílasmið.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnstefnandi, Almennar tryggingar h/f, aðalstefnanda, Bílamiðstöðinni s/f, kr. 14.352.19 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. desember 1955 til greiðsludags og kr. 2.400.00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði aðalstefnandi gagnstefnanda kr. 3.454.70 með 6% ársvöxtum frá 5. apríl 1957 til greiðsludags og kr. 1.400.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. marz 1961.

Nr. 191/1960. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Ísak Randver Valdimarssyni
(Jón Bjarnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Ákæra um manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa lögregluþjónarnir Evald Christensen og Lindberg Norðfjörð Þorsteinsson staðfest skýrslur sínar með eiði.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Allan kostnað af áfrýjun málsins ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verj-

anda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Jóns Bjarnasonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 12. september 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. ágúst s.l., er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 29. júlí s.l., gegn Ísak Randver Valdimarssyni sjómanni, Nesgötu 16, Neskaupstað, fyrir að hafa um kl. 2030 þriðjudaginn 10. maí s.l. ekið bifreiðinni N 119 austur Naustahvamm í Neskaupstað án þess að sýna nægilega aðgæzlu við aksturinn með þeim afleiðingum, að 5 ára drengur, sem í sömu mund hjólaði út í götuna austan við húsið nr. 12, varð fyrir bifreiðinni og beið bana af völdum slyssins.

Brot þessi eru talin varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Þann 10. maí s.l. var ákærði, Ísak Randver Valdimarsson, að aka bifreiðinni N 119 austur Naustahvamm hér í bæ. Er ákærði hafði ekið austur fyrir húsið Naustahvamm 12, kom 5 ára drengur á kvenreiðhjóli niður ruðning fyrir austan húsið og út á akbrautina með þeim afleiðingum, að hann skall framan á bílinn hægra megin og lenti yfir vélarhús (húdd) bílsins og út af honum og niður á götuna. Barnið slasaðist alvarlega. Ákærði stöðvaði bifreiðina og tók barnið upp, er lá hægra megin við bifreiðina, og ók því strax á sjúkrahús. Barnið lézt daginn eftir, hinn 11. maí s.l., um kl. 1530.

Barnið var 5 ára að aldri, hét Kristinn Þröstur Helgason og var sonur Guðrúnar Arnfinnsdóttur og Helga Jónssonar, til heimilis Strandgötu 82, Neskaupstað.

Ákærði hefur lýst atvikum þannig, að hann hafi ekið á ca 30 km hraða, miðað við klukkustund, og var bifreiðin N 119 vel á vinstri vegarhelmingi. Er ákærði ók fyrir framan húsið Naustahvamm 12 (Bjarg), kom 5 ára gamall drengur, Kristinn Þröstur Helgason, á hjóli niður ruðning (vegleysu) fyrir austan húsið Bjarg og niður götuna á miklum hraða. Skipti það engum togum, að því er ákærða virtist, að drengurinn skall af hjólinu

upp á vélarhús bílsins og út af honum niður á götuna hægra megin við bílinn, en hjólið mun hafa lent undir bifreiðinni. Ákærði stöðvaði bifreiðina með því að stíga á fóthemlana og stöðvaðist bíllinn á staðnum. Ákærða varð mjög bilt við slysið, en telur sig þó muna greinilega, hvað skeði. Hann tók barnið, er var meðvitundarlaust, upp af götunni og ók því til sjúkrahússins og náði síðan sambandi við héraðslækninn.

Um kl. 2200 slysdaginn hitti ákærði lögreglumanninn Lindberg Þorsteinsson og tilkynnti honum þá um slysið. Ákærði og bræður hans fóru með lögreglumanninum á slysstaðinn.

Ákærði kveðst hafa verið vel fyrirkallaður og ekki hafa neytt áfengis, er fyrrgreint atvik átti sér stað.

Þá hefur ákærði lýst staðháttum á slysstaðnum. Niður frá húsinu Naustahvammi 12 (Bjargi) að austanverðu og niður að vegi er steingarður. Garðurinn kom í veg fyrir, að hann gæti séð til ferða drengsins, fyrr en hann kom niður undan garðinum, og munu 5—6 metrar frá slysstaðnum í hornstólpann. Einnig hefur ákærði skýrt frá því, að fóthemlar bifreiðarinnar N 119 hafi verið í góðu lagi, en handhemlar ekki. Hjólið, er drengurinn ók, var kvenreiðhjól nr. 26. Sérstaklega hefur ákærði tekið fram, að þar sem drengurinn kom niður í veg fyrir bifreiðina, hafi verið lögð niður girðing, sem liggur með veginum (Naustahvammi), og því hafi umferð úr þessari átt komið sér algerlega að óvörum.

Ákærði kveðst hafa ekið allmikið, síðan hann fékk ökuréttindi, en ökuskírteini hans er gefið út af bæjarfógetanum í Neskaupstað 4. júní 1959.

Ákærði er fæddur í Neskaupstað 19. ágúst 1940 og hefur ekki sætt kæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Einn sjónarvottur varð að slysi þessu, og skal sá vitnisburður rakinn.

Vitnið Sólrún Hervör Jónsdóttir, fædd 2. ágúst 1944, hefur skýrt frá því, að hún hafi séð bifreiðarslysið. Hún var í herbergisglugga heima hjá sér og sá atburðinn greinilega, þar eð húsið stendur hátt. Kveðst hún hafa verið í ca 150—200 m fjarlægð frá slysstaðnum. Að því er vitninu virtist, kom bifreiðin akandi innan götuna á fremur lítilli ferð. Í því kom drengur á reiðhjóli í áttina niður á veginn (Naustahvamm) austan við húsið Bjarg. Drengurinn skall á hjólinu framan á bílinn, og virtist hann kastast frá bílnum í áttina niður að sjónum, sennilega vegna þess að hann fór með miklum hraða niður götuna.

Vitninu virtist reiðhjólið og bifreiðin skella saman. Ekki veitti vitnið því athygli, að reiðhjólið hefði beygt að bílnum, er slysið varð.

Vitnið, er varð miður sín við þessa sjón, telur sig hafa skynjað það, að bifreiðinni hafi verið ekið eftir miðjum vegi, og hafi hún stöðvazt snögglega, eftir að áreksturinn hafði skeð. Ekki þekki vitnið bifreiðarstjórann, en það sá hann taka barnið af slysstaðnum og aka með það af stað.

Vitnið hefur staðfest framburð sinn með drengskaparheiti.

Vitnið Jón Guðmundsson, faðir Sólrúnar Hervarar, hefur borið, að er fjölskylda hans var að snæða kvöldverð hinn 10. maí s.l., hafi dóttir hans farið inn í svefnherbergi. Mjög skömmu eftir að stúlkan hafði gengið þar inn, rak hún upp óp og sagði: „Þetta var ekki bílstjóranum að kenna, því hann ók hægt."

Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Olga Mary Joensen, er var stödd heima hjá Jóni Guðmundssyni, er slysið varð, hefur borið, að vitnið Sólveig hafi verið sú eina þar inni, er séð hefði slysið. Sólveig kom úr öðru herbergi og sagði um leið: „En það er ekki bílstjóranum að kenna." Einnig sagði Sólveig, að bílstjórinn hefði ekki getað séð barnið.

Vitnið fór út að glugganum og sá bílstjórann taka barnið upp og aka því út veg.

Vitnið Lindberg Þorsteinsson lögreglumaður athugaði slysstaðinn, um tveimur klukkustundum eftir að slysið skeði, og einnig gerði hann uppdrátt af slysstaðnum með aðstoð lögreglumannsins Evalds Christensens.

Ekki gat vitnið mælt hemlaför bifreiðarinnar N 119 og ekki gert sér grein fyrir afstöðu bílsins og reiðhjólsins, er slysið varð, þar eð hemlaför sáust ekki. Vitnið prófaði ekki handhemla bílsins eftir slysið. Vitnið telur, að ákærði hafi haft frekar þrönga sýn til þeirrar handar, er drengurinn kom úr, eða nánar til tekið um 5½ m, vegna steingarðs, sem er fyrir neðan húsið Bjarg. Steingarðurinn gengur alveg fram á veginn. Frá horni steingarðsins og austur að ruðningnum, sem gengur fram á akbrautina, eru um 7 m, en austan við garðinn stendur steinsúla, sem einnig skyggir á útsýni. Vélarhúsið dældaðist hægra megin, sennilega eftir hjólið. Hjólið, sem er kvenreiðhjól nr. 26, skemmdist mikið.

Dómarinn fór á slysstaðinn hinn 19. ágúst s.l. og gerði at-

huganir ásamt lögreglumönnunum Evald Christensen og Lindberg Þorsteinssyni.

Niðurstaða þessara athugana er sem hér segir (sbr. dskj. nr. 2):

Vegalengdin frá steinsúlunni að húsinu Strandgötu 82 (en þaðan sást slysið) er rétt rúmir 200 m. Jarðhalli ruðningsins, er hjólið ók niður, er 5°. Meðfram steingarðinum við Naustahvamm er trjágarður, sem nær þó ekki alveg að steingarðinum við gangstéttina. Sum trén ná upp fyrir steingarðinn. Steingarðurinn við Naustahvamm og steinsúlan, sbr. teikninguna, virðast skyggja á útsýni að ruðningnum.

Dómaranum og lögreglumönnunum sýndist útsýni úr glugga þeim í húsinu Strandgötu 82, er slysið sást úr, gott, miðað við fjarlægðina að slysstaðnum.

Hinn 24. ágúst s.l. fór dómarinn með lögreglumönnunum á slysstaðinn í bifreiðinni N 119, og voru hemlaför hennar reynd á slysstaðnum og reyndust 6.10 m, en rétt innan við slysstaðinn mældust þau 9.10 m. Svipað veður var og slysdaginn. Veður var þurrt og vegurinn malarkenndur. Vitnið Lindberg Þorsteinsson stjórnaði bifreiðinni, og reyndust fóthemlar í lagi.

Samkvæmt vottorði héraðslæknisins var hann kallaður til sjúkrahússins eftir slysið.

Drengurinn var þá í djúpu meðvitundarleysi, öndun erfið, skrámur í andliti, og hafði hann greinileg einkenni svæsins heilaáverka. Vinstri upphandleggur var brotinn.

Ástand sjúklingsins versnaði, og um kl. 1530 þann 11. maí s.l. andaðist barnið. Það er álit héraðslæknisins Þorsteins Árnasonar og Halldórs Halldórssonar stud. med., að barnið hafi látizt af völdum höfuðhöggs, er það hlaut við slysið. Líkið var ekki krufið.

Eins og atvikum er lýst hér að framan, verður að telja það upplýst, að barnið, er varð fyrir slysinu, kom akandi á kvenreiðhjóli á talsverðum hraða niður ruðning, er liggur fyrir austan húsið Naustahvamm 12 (Bjarg) við Naustahvamm. Reiðhjólið lenti á vélarhúsi bifreiðarinnar, og kastaðist barnið yfir vélarhúsið og féll í götuna hægra megin við bifreiðina. Reiðhjólið lenti undir bifreiðinni og skemmdist mikið. Ákærði varð ekki var við drenginn, fyrr en hann skall á bílnum, og hemlaði ákærði á staðnum. Að sögn ákærða var bifreiðin á um 30 km hraða og fóthemlar í fullkomnu lagi.

Engin hemlaför sáust, þar eð ákærði fór strax með barnið á sjúkrahús og tilkynnti því ekki slysið strax til lögreglunnar.

Eftir frásögn ákærða og vitnisins, er var sjónarvottur að slysinu, verður að telja sannað, að ákærði hafi ekið á fremur hægum hraða og að hann hafi stöðvað bifreiðina snögglega. Rannsókn á fóthemlum bifreiðarinnar N 119 eftir slysið leiddi í ljós, að þeir voru í fullkomnu lagi. Rannsókn á hemlunarhæfni bifreiðarinnar N 119, framkvæmd 24. ágúst s.l., leiddi í ljós, að með snöggu viðbragði bifreiðarstjórans var unnt að hemla bifreiðina af 30 km hraða á 6.10 m til 9.10 m.

Eftir þeim athugunum, er gerðar hafa verið, skyggir steingarðurinn og steinsúlan á útsýnið að ruðningnum, þannig að ekki er hægt að verða var við umferð drengs á reiðhjóli frá ruðningnum á aðalgötuna á lengra færi en 6 til 8 m.

Við athugun á því, hvort ákærði sé valdur eða samvaldur að slysinu, verður að hafa það í huga, að ekki er hægt að búast við, að farartæki aki niður vegleysu þá, er merkt er á uppdrættinum sem ruðningur, þó víða megi búast við börnum á ferð. Barnið, sem lézt eftir umræddan árekstur, var 5 ára gamalt, er það lézt, en samkvæmt 4. mgr. 60. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 er börnum yngri en 7 ára óheimilt að aka á reiðhjóli á almannafæri.

Ekki er upplýst, að ákærði hafi orðið var við ferðir barnsins, fyrr en það skall á vélarhúsinu, og eins og áður kemur fram, gat ákærði ekki við þessar aðstæður séð óvænta umferð frá margnefndum ruðningi, nægilega snemma til þess að hann gæti forðað árekstri.

Af þessu leiðir, að dómurinn telur ekki nægilega sannað, að ákærði hafi orðið valdur eða samvaldur að dauðaslysi Kristins Þrastar Helgasonar, þar eð hann virðist hafa sýnt þá varkárni í akstri sínum, þegar slysið varð, sem hægt er að búast við af bifreiðarstjóra.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, hlýtur dómurinn að sýkna ákærða af ákærunni fyrir brot á lagaákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, en þau eru 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Af því leiðir, að ákærði verður ekki sviptur ökuleyfi.

Bótakrafa hefur ekki komið fram í máli þessu.

Eftir málalokum ber að greiða allan sakarkostnað af almannafé.

Haukur Davíðsson, settur bæjarfógeti, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Ákærði, Ísak Randver Valdimarsson, á að vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður skal greiðast af almannafé.

Föstudaginn 24. marz 1961.

Nr. 65/1960. **Guðmundur Benediktsson**
gegn
Þorvaldi Jónassyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Benediktsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Af hálfu stefnda, Þorvalds Jónassonar, var sótt dómþing og krafizt ómaksbóta. Stefndi hefur 5 sinnum sótt dómþing í málinu í Hæstarétti, og þykja ómaksbætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 2.500.00, er áfrýjandi greiði að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1961.

Nr. 212/1960. **Árnason, Pálsson & Co h/f**
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co h/f, er eigi sækir dóm-

þing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 500.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1961.

Nr. 218/1960. **Gunnar Ásgeirsson**
gegn
Inga Ingimundarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Ásgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 24. marz 1961.

Nr. 5/1961. **H/f Austfirðingur, Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan h/f og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Eigendum b/v Witten.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, H/f Austfirðingur, Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan h/f og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er eigi

sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 24. marz 1961.

Nr. 54/1961. **Árni Ólafsson**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Halldór S. Rafnar, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. marz 1961, sem Hæstarétti barst 10. s. m. Krefst hann þess, aðallega að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað frá fógetaréttinum, en til vara, að úrskurðurinn verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju og loks, að stefnda verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, aðallega að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, og loks, að sóknaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Í máli þessu bar fógeta að kveða á um, hvort lögtak skyldi fara fram eða eigi, og átti eigi við sérstakur úrskurður um frávísunarkröfur. Verður því það ályktarorð í úrskurði fógeta, að málinu skuli eigi vísað frá fógetadómi, eigi kært til Hæstaréttar. Hins vegar ber ályktarorð fógeta um, að lögtak skuli fara fram, eigi undir kærumeðferð, sbr. 4. tl. a 198. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Árni Ólafsson, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kærumálskostnað, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykavíkur 28. febrúar 1961.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 17. þ. m., krefst gerðarbeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, þess, að lögtak verði gert hjá gerðarþola, Árna Ólafssyni, Sólvallagötu 27, til tryggingar vangoldnum stóreignaskatti, að upphæð kr. 29.740.00. Eru réttarkröfur gerðarbeiðanda þær, að lögtak verði leyft fyrir skatti þessum, svo og áföllnum og áfallandi dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags og öllum kostnaði við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Þá krefst hann þess enn fremur, að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarþola eftir mati réttarins.

Gerðarþoli gerir hins vegar þær réttarkröfur *aðallega*, að málinu verði vísað frá fógetarétti, *en til vara*, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. *Og hvernig sem málið fer*, krefst hann, að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati réttarins.

Málið var þingfest hinn 5. ágúst s.l. og hefur síðan verið sótt og varið hér fyrir réttinum, og var það tekið til úrskurðar hinn 17. þ. m. að afloknum munnlegum málflutningi.

Almennur lögtaksúrskurður fyrir stóreignaskatti í Reykjavík var kveðinn upp hinn 28. apríl 1959 og birtur í dagblöðum bæjarins.

Undir rekstri málsins hafa komið fram tilmæli af hálfu umboðsmanns gerðarþola um, að með hliðsjón af 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 verði á þessu stigi málsins aðeins fjallað um frávísunarkröfuna, en efnishlið málsins verði síðar tekin til málflutnings og dóms, ef frávísunarkröfunni verður hrundið, og *hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda fallizt á það*, en fógeti látið það afskiptalaust.

Málavextir eru annars þessir:

Við álagningu stóreignaskatts samkvæmt lögum um skatta á stóreignir nr. 44/1957 var gerðarþola í máli þessu gert að greiða í stóreignaskatt kr. 30.970.00. Gerðarþoli vildi ekki una skattálagningu þessari og kærði hana því til skattstjóra, sem lækkaði skattinn niður í kr. 29.470.00. Gerðarþoli kærði þá skattinn til Ríkisskattanefndar, sem úrskurðaði, að hann skyldi óbreyttur standa. Gerðarþoli neytti þá réttar síns samkvæmt 10. gr. laga nr. 44/1957 og skaut úrskurði Ríkisskattanefndar til bæjarþings Reykjavíkur, og var mál höfðað með stefnu, út gefinni hinn 13. apríl 1959, og þingfest á bæjarþinginu hinn 14. s. m. Í því máli voru kröfur gerðarbeiðanda þær, að hinn umkrafði stóreignaskattur yrði felldur niður, en til vara, að hann yrði lækkaður til mikilla muna. Dómur bæjarþings féll í málinu hinn 28. júní s.l. og var á þá leið, að stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skyldi vera sýkn af kröfum stefnanda, gerðarþola í þessu máli. Dómi þeim hefur gerðarþoli með stefnu, út gefinni hinn 7. júlí s.l., áfrýjað til Hæstaréttar, og er málið nú rekið þar sem hæstaréttarmálið nr. 125/1960.

Meðan á ofangreindri málssókn gerðarþola stóð, hefur gerðarbeiðandi í þessu máli, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, hafizt handa um að láta innheimta með lögtaki vangoldinn stóreignaskatt, og er beiðni um þetta lögtak dagsett hinn 5. ágúst s.l., og var málið þingfest sama dag. Við þingfestingu málsins kom þegar í ljós, að gerðarþoli hafði uppi mótmæli gegn framgangi gerðarinnar, og síðan hefur lögtaksmál þetta verið sótt og varið hér fyrir réttinum, eins og frá hefur verið greint.

Frávísunarkröfu sína byggir umboðsmaður gerðarþola fyrst og fremst á 104. gr. laga nr. 85/1936. Í því sambandi bendir hann á, að áður en lögtaks var beiðzt á hér umræddri lögtakskröfu, hafi að tilhlutan gerðarþola verið í gangi mál fyrir dómstóli hliðstæðum fógetadómi, sbr. dskj. nr. 5, þar sem leitað sé dóms um lögmæti þeirrar kröfu, sem hér er krafizt lögtaks fyrir, og enn sé beðið dóms Hæstaréttar í því máli. Beri því samkvæmt 104. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga, að vísa málinu frá þessum dómi. Heldur hann því fram, að tilvitnuð ákvæði laga nr. 85/1936 gildi ótvírætt í lögtaksmálinu og það því fremur í þessu máli, þar sem lögtaksheimild fyrir hinum svokallaða stóreignaskatti sé eingöngu að finna í lögum nr. 44/1957, en verði ekki dregin af hinni almennu heimild lögtakslaganna nr. 29/1885. Heldur hann því fram í þessu sambandi, að hinn svokallaði stóreignaskattur sé ekki skattur, heldur eignaupptaka, og gjald til

ríkisins geti hann heldur ekki talizt, sbr. 9. gr. laga nr. 44/1957, er mæli svo fyrir, að gjald þetta skuli renna til Búnaðarbanka Íslands og byggingarsjóðs ríkisins, enda sé þess hvorki getið í tekju- né gjaldaliðum fjárlaga. Af tilefni framlagningar dskj. nr. 9 og 10 tekur hann það fram, að umbjóðandi sinn hafi ekki átt aðild að þeim skjölum og hafi umbjóðandi sinn þvert á móti sýnt með málaferlum sínum, er að framan greinir, að hann hafi haft hug á að hraða lokadómsniðurstöðum um réttmæti stóreignaskattsins, og sé því fráleitt hægt að bera honum á brýn, að hann vilji tefja þau með því að halda uppi vörnum í þessu síðtilkomna máli.

Kröfu sína um málskostnað styður gerðarþoli m. a. með því, að lögin um stóreignaskatt séu svo gölluð, að naumast verði hjá því komizt að leggja lögmæti þeirra undir úrskurð dómstóla, og láti jafnvel Hæstiréttur sjálfur liggja að því í dómi sínum frá 29. nóvember 1958 og 7. desember 1959, og auðvitað sé fráleitt, að skattþegnum beri að greiða kostnað af því að fá túlkun dómstóla á gallaðri lagasmíð löggjafans.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda neitar því, að 104. gr., 3. mgr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 komi hér til álita, þar sem hér sé um lögtakskröfu að ræða, en lögtaksrétturinn sé sérstaks eðlis og veittur til þess að auðvelda og flýta innheimtu og tryggja greiðslu opinberra gjalda og skatta. Sé þetta augljóst, ef litið sé á lögin um lögtak nr. 29/1885. Af lögtakslögunum, einkum 8. og 12. gr., sé augljóst, að með þeim sé verið að veita gerðarbeiðanda, hver sem hann er, auðvelda og greiða leið til þess að tryggja lögtakskröfuna, og eigi lögtaksgerðin að ganga fljótt og greiðlega, og mótmælum gerðarþola gegn framgangi gerðarinnar verði yfirleitt ekki komið að í lögtaksmáli, nema að því er varðar formhlið málsins og heimild til lögtaksinnheimtu. Vörnum, varðandi efnishlið málsins, verði að jafnaði ekki við komið í slíku máli. Hins vegar sé gerðarþola tryggður réttur til að höfða sérstakt mál til að fá skorið úr réttmæti lögtakskröfu efnislega, og enn fremur sé honum opnuð leið til að setja tryggingu fyrir lögtakskröfunni og varna þannig sölu hins lögtekna, unz fullnaðardómur liggur fyrir um lögmæti lögtakskröfunnar. Réttur gerðarþola sé því sízt fyrir borð borinn með hinni sérstöku og ströngu innheimtuaðferð lögtaksins. Loks sé gerðarþola tryggður fullur bótaréttur úr hendi gerðarbeiðanda, enda þótt hann noti sér ekki framangreinda tryggingarheimild og málinu sé ekki áfrýjað.

Þá bendir umboðsmaður gerðarbeiðanda á, að skömmu eftir

setningu laganna um skatt á stóreignir hafi verið stofnað til félagssamtaka stóreignaskattsgreiðenda, er hafi hafið herferð gegn lögunum, og á vegum félagssamtakanna hafi hafizt mikil málaferli, og nú séu fyrir dómstólunum 44 mál fyrir undirrétti og 5 fyrir Hæstarétti. Mál þessi séu öll mjög hliðstæð, og verði ekki annað séð en að til málaferla þessara sé stofnað til þess að tefja fyrir innheimtu stóreignaskattsins, og vísar hann í því sambandi til dskj. nr. 9 og 10. Þá heldur hann því fram, að mál þetta, sem hér er rekið fyrir fógetadómi, og mál gerðarþola fyrir Hæstarétti, hæstaréttarmál nr. 125/1960, séu ekki sama eðlis og skipti því 104. gr., 3. mgr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 ekki máli í þessu sambandi. Annars vegar sé um að ræða lögtak til tryggingar hinum álagða stóreignaskatti, en hins vegar sé leitað efnisdóms um réttmæti og upphæð þess gjalds, sem krafið er með lögtaki í þessu máli. Enn fremur sé á það að líta, að enda þótt dómur Hæstaréttar falli á þá leið, að stóreignaskatturinn skuli óbreyttur standa, þá verði sá dómur ekki aðfararhæfur. Sé m. a. af því ljóst, hversu þýðingarmikið sé, að lögtaksmál gangi fljótt og greiðlega fyrir sig, svo að hægt sé að tryggja lögtaksgjöldin án þess að þurfa að bíða eftir umfangsmiklum og hægfara málaferlum um efnishlið lögtakskröfunnar. Þannig hníga öll rök að því, að hin sérstöku og ströngu ákvæði lögtakslaganna um skjótan og greiðan framgang lögtaks verði að túlka mjög þröngt. Megi í því sambandi benda á, að ef svo væri ekki, væri vissulega opin leið fyrir hópa skattgreiðenda og þá ekki sízt útsvarsgreiðenda að efna til viðtæks samblásturs um að tefja útsvarsinnheimtur með málaferlum, og gæti slíkur samblástur jafnvel riðið févana bæjar- og sveitarfélögum að fullu, en þá væri vissulega langt vikið frá anda og tilgangi lögtakslaganna, sem einmitt væri sá að létta og greiða innheimtuna. Og eins og fyrr væri á drepið, yrði nú naumast annað séð en að samtök stóreignaskattsgreiðenda hefðu einmitt gripið til slíkra ráða með áðurgreindum málaferlum.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælir staðhæfingu umboðsmanns gerðarþola, að í máli því, er hér um ræðir, sé ekki um lögkræft gjald eða skatt til hins opinbera að ræða. Hann bendir í því sambandi á, að orðalag 1. gr. i.f. laga nr. 29/1885, „opinberra stofnana, embætta og sýslana", sé mjög rúmt, og fráleitt sé að neita því, að stofnanir eins og Búnaðarbanki Íslands og byggingarsjóður ríkisins falli þar undir, enda sé það ljóst af hæstaréttardómi nr. 116/1958.

Með lögum nr. 44 23. júní 1957 um skatt á stóreignir var ákveð-

ið að leggja stóreignaskatt á ýmsa gjaldendur, þ. á m. gerðarþola í þessu máli, Árna Ólafsson, Sólvallagötu 27, og var honum gert að greiða kr. 29.470.00. Er fram komið í máli þessu, eins og áður hefur verið rakið, að hann hefur borið skattálagningu þessa undir dóm í bæjarþingi Reykjavíkur, og þar féll dómur í máli hans 28. júní 1960, og var synjað kröfu hans um niðurfellingu eða lækkun skattsins. Máli því hefur hann áfrýjað til Hæstaréttar, og er það nú rekið þar sem mál nr. 125/1960. Eigi verður séð, að fyrir dómi hafi gerðarbeiðandi krafizt með gagnstefnu eða á annan hátt aðfararhæfs dóms fyrir fjárhæðinni, en hins vegar hefur hann með beiðni, dags. 5. ágúst s.l., krafizt lögtaks hjá gerðarþola til tryggingar skatti þessum.

Samkvæmt 10. gr., 1. mgr., laga nr. 44/1957 og 23. gr., 3. mgr., reglugerðar nr. 95/1957 getur skattgreiðandi og fjármálaráðherra skotið úrskurði Ríkisskattanefndar til dómstólanna, og verður af því orðalagi að ætla, að hér sé átt við almennu dómstólana. Þetta dómskot getur ekki þýtt annað en heimild til ofangreindra aðilja til þess að láta endurskoða og dæma um skattákvörðun Ríkisskattanefndar, bæði að því er varðar álagninguna í heild og einstaka þætti hennar, en aftur á móti útilokar þetta málskot ekki lögtaksheimild fyrir skattinum. Um innheimtu skattsins fer eftir ákvæðum laga nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 10. gr., 2. mgr., laga nr. 44/1957 og reglugerð nr. 95/1957, 24. gr., 6. mgr., og fer því fram lögtak eftir hinum almennu lögtakslögum nr. 29/1885, enda hefur gerðarbeiðandi ekki svipt sig lögtaksrétti fyrir kröfu þessari, þar sem hann hefur ekki krafizt aðfararhæfs dóms fyrir bæjarþinginu. Þá verður eigi séð af 3. mgr. 104. gr. laga nr. 85/1936, að nokkuð sé því til fyrirstöðu, að gerðarbeiðandi geti tryggt rétt sinn, að því er varðar innheimtu skattsins, þótt fyrir öðrum dómstóli sé háð mál um skattálagninguna.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður niðurstaða réttarins sú, að ekki verður fallizt á kröfu gerðarþola um frávísun gerðarinnar frá fógetaréttinum.

Þar sem mál um skattaálagningu þessa er flutt fyrir öðrum dómstóli en fógetaréttinum, verður sá ágreiningur ekki borinn undir hann. Þykir því mega láta umbeðið lögtak fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Máli þessu verður ekki vísað frá fógetarétti. Hið umbeðna lögtak skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Laugardaginn 25. marz 1961.

Nr. 120/1960. **Steypumöl h/f** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Ólafi Jónssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1960. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi í máli þessu krefur áfrýjanda um eftirstöðvar greiðslu fyrir akstur þann, er í héraðsdómi greinir, og miðar þá við hvern ekinn km, eins og gert er ráð fyrir í b-lið 2. gr. samnings milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík, dags. 24. apríl 1949, auk greiðslu fyrir biðtíma, allt að frádregnum 20% samkvæmt viðbótarsamningi málsaðilja 26. apríl 1957. Áfrýjandi telur hins vegar, að um endurgjaldið eigi að fara eftir ákvæðum gjaldskrár Vörubílastöðvarinnar Þróttar í Reykjavík um ákvæðisvinnutaxta, þar sem miðað er við hverja tunnu efnis, sem ekið er. Skírskotar hann í því efni til vættis framkvæmdastjóra vörubílastöðvarinnar eftir uppkvaðningu héraðsdóms, en framkvæmdastjórinn ber, að nefndur ákvæð-

isvinnutaxti hafi um mörg ár verið langmest notaður, er ekið hafi verið efni úr gryfjum þeim, sem um er að tefla. Hins vegar kveðst vitnið ekki vita til, að taxti sá, sem stefndi miðar við, hafi verið notaður um slíkan akstur. Miðað við nefndan ákvæðisvinnutaxta, telur áfrýjandi, að hann hafi einungis átt vangoldnar stefnda kr. 350.40 fyrir aksturinn, og þá fjárhæð, að viðbættum vöxtum og innheimtulaunum, kr. 161.60, hefur hann greitt umboðsmanni stefnda 23. marz þ. á.

Eins og lýst er í héraðsdómi, sömdu aðiljar svo, að um greiðslu fyrir aksturinn skyldi fara eftir „taxta Þróttar", að frádregnum 20%, án þess að kveðið væri nánar á um, við hvaða gjaldskrárákvæði félagsins væri átt. Þar sem ekki verður staðhæft, að föst venja hafi skapazt á þá lund, að um endurgjald fyrir slíkan akstur færi eftir ákvæðisvinnutaxta þeim, sem áfrýjandi vitnar til, og ósannað er, að endurgjald það, sem stefndi krefur og einnig á stoð í verðskrárákvæðum nefnds vörubílstjórafélags, sé ósanngjarnt, sbr. lögjöfnun frá 5. gr. laga nr. 39/1922, ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um greiðslu til stefnda, að frádregnum áðurnefndum kr. 512.00. Vaxtakrafa stefnda verður og tekin til greina í samræmi við það.

Þá ber og að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði, kr. 1750.00, og fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, þ. e. samtals kr. 5250.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Steypumöl h/f, greiði stefnda, Ólafi Jónssyni, kr. 7830.28 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 8342.28 frá 17. september 1957 til 23. marz 1961 og af kr. 7830.28 frá 23. marz 1961 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 5250.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. maí 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Ólafur Jónsson, Álfsnesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. september 1957, gegn h/f Steypumöl í Reykjavík til greiðslu á kr. 14.788.15 ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 10.133.26, en hélt að öðru leyti við stefnukröfur.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda, en *til vara* að fjárkrafa stefnanda verði stórlega lækkuð. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að með samningi, dags. 26. apríl 1957, seldi stefnandi stefnda á leigu einkaréttindi til tekju grjóts og allra annarra steinefna úr hluta í landi Álfsness, eign stefnanda. Í samningi þessum var stefnanda áskilin forgangsvinna við malar- og grjótnám stefnda fyrir 5 tonna flutningabifreið við flutninga frá námu „fyrir taxta Þróttar", eins og segir í samningnum. Með viðbótarsamningi, dags. sama dag, voru sett ákvæði þess efnis, að stefnandi skuldbindi sig til að annast akstur sinn fyrir 20% lægra gjald en gildandi taxti Þróttar segir til um á hverjum tíma. Þá var einnig í viðbótarsamningi þessum ákvæði þess efnis, að stefnandi mætti nota við aksturinn bifreið, að stærð allt að 8 tonn.

Aðilja greinir á um það, hvernig skilja beri ákvæði fyrrgreinds samnings um „taxta Þróttar". Stefnandi byggir kröfu sína á því, að átt sé við hinn almenna tímavinnutaxta Vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík, en stefndi telur ákvæðið eiga við hinn svokallaða „tunnutaxta" sama félags.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að við samningsgerðina hafi ekkert verið rætt um það, fyrir hvaða taxta hann ætti að aka. Eingöngu hafi verið talað um taxta Þróttar, en ekkert nánar um það, hvort átt hafi verið við tímavinnutaxta eða ákvæðisvinnutaxta. Kvaðst hann því við samningsgerðina ekki hafa skilið annað en að átt væri við tímavinnutaxtann. Stefnandi kvaðst oft áður hafa ekið fyrir aðra aðilja en stefnda, og hafi þá ýmist verið, að hann hafi ekið í tímavinnu eða ákvæðisvinnu. Kvað hann um það hafa verið samið hverju sinni, hvor hátturinn yrði hafður. Stefnandi kvaðst þá ekki hafa vitað um

hinn svokallaða „tunnutaxta“ hjá Þrótti, en miðað ákvæðistaxta sinn við það, hve langan tíma ferðin tæki og hve mikið hlass væri tekið, og hafi hann þá haft hliðsjón af tímavinnutaxta Þróttar. Stefnandi kvaðst sjálfur ekki hafa átt vörubifreið á þeim tíma, er hér um ræðir. Hafi hann því fengið Svein nokkurn Sveinsson til þess að annast um flutningana samkvæmt ákvæðum samningsins. Hafi þeir Sveinn gert um það skriflegan samning sín á milli. Kvað stefnandi Svein þenna hafa gert reikninga þá yfir kröfu stefnanda í málinu.

Vitnið Sveinn Sveinsson kvaðst hafa annazt um aksturinn fyrir stefnanda. Hafi þeir stefnandi gert með sér skriflegan samning þess efnis, að hann, Sveinn, annaðist aksturinn samkvæmt ákvæðum þar um í samningi stefnanda og stefnda. Kvaðst vitnið í upphafi hafa spurt stefnanda að því, hvort tekið hefði verið fram í samningi hans og stefnda, að ekið skyldi í ákvæðisvinnu. Stefnandi hafi svarað því neitandi, og kvaðst Sveinn því hafa litið svo á, að miða ætti við tímavinnutaxa. Vitnið, sem kvaðst vera meðlimur vörubílstjórafélagsins Þróttar, kvað eingöngu tímavinnutaxta vera gildandi hjá félaginu, en hins vegar sé félagsmönnum heimilt eftir fundarsamþykkt félagsins að aka í ákvæðisvinnu. Vitnið kvað bifreið sína hafa getað tekið 71 tunnu hlass, en áður en hann hafi hafið aksturinn, hafi Benedikt Magnússon, forstjóri félags stefnda, tjáð honum, að hann yrði að minnka pall bifreiðarinnar þannig, að hámarkshlass yrði 54 tunnur. Kvað Sveinn 54 tunnur vera það magn, sem fari í þrjár hrærur af steinsteypu (í hrærivél), og þess vegna hafi verið við þetta magn miðað. Vitnið kvað 54 tunnur vera ca 9 tonn að þyngd. Vitnið kvaðst í hvert skipti hafa skrifað hjá sér í bók, hvenær hlass hafi verið tekið, hvenær komið hafi verið á ákvörðunarstað og hvenær hlass hafi verið losað. Kvaðst vitnið hafa farið eftir bók þessari, er hann hafi samið reikningana yfir aksturinn. Kvað vitnið Benedikt Magnússon ekki hafa véfengt biðtímafjöldann, heldur aðeins mótmælt, að honum bæri skylda til að greiða fyrir biðtíma. Vitnið kvaðst ekki vera búið að fá greitt frá stefnanda að fullu fyrir aksturinn, enda kvaðst hann telja sig bundinn af niðurstöðu þessa máls, þannig að ef talið verður, að farið skuli eftir ákvæðisvinnutaxta, þá sé hann einnig bundinn af þeim taxta gagnvart stefnanda.

Benedikt Magnússon, forstjóri fyrirtækis stefnda, kvað ekki hafa verið um það rætt við samningsgerð aðiljanna, hvort ekið

skyldi í ákvæðisvinnu eða tímavinnu. Kvaðst Benedikt ekki hafa gert ráð fyrir öðru, er talað hafi verið um „taxta Þróttar", en að átt væri við ákvæðisvinnutaxtann. Kvaðst Benedikt ekki vita til þess, að byggingarefni sem það, er hér um ræðir, hafi eða sé ekið á annan hátt en í ákvæðisvinnu.

Vitnið Magnús Sveinsson kvaðst hafa fylgzt með samningum aðilja í stórum dráttum og skrifað undir samninginn sem vottur. Vitnið kvaðst ekki vita, við hvaða taxta hafi átt að miða, ákvæðis- eða tímavinnu, þar sem talað er um „taxta Þróttar" í samningi aðiljanna.

Eins og nú hefur verið rakið í skýrslum aðilja og vitna, hefur ekkert verið um það rætt við samningagerð aðiljanna, eftir hvorum taxta, ákvæðis- eða tímavinnu, stefnandi skyldi aka. Tímavinnutaxtinn er hinn almenni taxti vörubílstjórafélagsins Þróttar. Verður því að telja, að þar sem ekki var samið sérstaklega um ákvæðisvinnutaxta, hafi hinn almenni tímavinnutaxti átt að gilda um akstur stefnanda. Styðst sú niðurstaða einnig við það, að í samningnum er getið stærðar bifreiðar þeirrar, er stefnandi hafði heimild til að nota við aksturinn, en tímavinnutaxtinn er breytilegur eftir stærð bifreiðar, þar sem aftur á móti ákvæðisvinnutaxtinn tekur ekki tillit til stærðar bifreiðar, heldur aðeins hlassþunga.

Stefnandi miðar fjárhæð kröfu sinnar við útreikning frá skrifstofu vörubílstjórafélagsins Þróttar. Er sá útreikningur miðaður við 9 tonna bifreið. Margnefndur samningur aðiljanna áskilur stefnanda rétt til að nota allt að 8 tonna bifreið til flutninganna. Verður samkvæmt því að telja, að stefnandi geti eigi krafið hærra gjald fyrir aksturinn en sem svarar til þeirrar stærðar bifreiðar. Dómarinn hefur hlutazt til um útreikning að því leyti, og liggur sá útreikningur fyrir í málinu.

Stefndi hefur ekki mótmælt útreikningi þessum tölulega, en mótmælir því hins vegar, að nokkrar biðtafir hafi verið samfara akstrinum.

Það þykir ekki óeðlilegt, að nokkur biðtöf hafi verið samfara akstrinum, þótt sönnur bresti á það, hve langar þær biðtafir hafi verið hverju sinni. Óvéfengt er, að hlassþungi í hverri ferð hafi verið ca 9 tonn, eða um einu tonni meiri en stefnandi fær greitt fyrir. Með tilliti til þess svo og að biðtímafjöldi sá, er stefnandi krefur í reikningi sínum, þykir ekki óeðlilega langur, þykir mega taka hann til greina.

Samkvæmt framansögðu nemur gjald til stefnanda fyrir um-

ræddan akstur, að frádregnum 20% afslætti, samtals kr. 16.342.28. Upp í það hefur stefndi greitt kr. 8.000.00. Á því stefndi ógreitt til stefnanda kr. 8.342.28, og verður hann dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1.750.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Steypumöl h/f, greiði stefnanda, Ólafi Jónssyni, kr. 8.342.28 með 6% ársvöxtum frá 17. september 1957 til greiðsludags og kr. 1.750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 25. marz 1961.

Nr. 55/1961. **Trygging h/f**
gegn
Rögnu Björnsson og
Klemenz Tryggvasyni hagstofustjóra.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theodór B. Lindal.

Kærumál. Krafa um framlagningu skjals.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. febrúar 1961 og krafizt þess, að varnaraðilja Klemenz Tryggvasyni hagstofustjóra verði dæmt að láta fram til afnota í hæstaréttarmáli sóknaraðilja gegn varnaraðilja Rögnu Björnsson nr. 152/1960 dánarvottorð Sigurðar Árnasonar Guðmundssonar, er lézt 30. júlí 1959, út gefið af Níels prófessor Dungal.

Varnaraðili Ragna Björnsson hefur engar kröfur haft uppi hér fyrir dómi, en hins vegar lýst því, að hún hafi „ekki á móti því", að dánarvottorðið verði lagt fram.

Frá hagstofustjóra hafa kröfur eða greinargerð eigi borizt.

Eins og greinir í úrskurði héraðsdómara, framkvæmdi Niels Dungal prófessor krufningu á líki Sigurðar heitins Guðmundssonar. Var í héraði lögð fram ýtarleg skýrsla prófessorsins um krufninguna og ályktun hans um dánarorsök. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að taka kröfu sóknaraðilja til greina. Verður úrskurður héraðsdómara því staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 23. febrúar 1961.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 21. þ. m. um skyldu Klemenzar Tryggvasonar hagstofustjóra til þess f. h. Hagstofu Íslands að leggja fram dánarvottorð eða staðfest endurrit þess.

Málið var höfðað með bókun á bæjarþingi hinn 7. m. til að afla gagna til afnota í hæstaréttarmálinu nr. 152/1960: Trygging h/f gegn Rögnu Björnsson.

Hinn 22. september 1959 höfðaði frú Ragna Björnsson, ekkja Sigurðar Árnasonar Guðmundssonar forstjóra, sem lézt 30. júlí 1959, mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Tryggingu h/f og krafðist greiðslu á slysatryggingarfé ásamt vöxtum og kostnaði. Í málinu var því haldið fram af hálfu Tryggingar h/f, að Sigurður hafi stytt sér aldur, og greiðslu neitað, m. a. á þeim forsendum. Dómur í bæjarþingsmáli þessu var kveðinn upp 22. júní 1960. Var honum síðan áfrýjað til Hæstaréttar (hæstaréttarmál nr. 152/1960).

Í bókun í þinghaldi 7. þ. m. segir lögmaður vitnastefnanda m. a.: „Þar sem ég tel eigi útilokað, að dánarvottorð það, er læknir hefur afhent Hagstofu Íslands samkvæmt lögum nr. 42 8. maí 1950 vegna andláts Sigurðar heitins Guðmundssonar, kunni að hafa þýðingu í hæstaréttarmálinu nr. 152/1960 .... þá óska ég eftir úrskurði um það atriði, að hagstofustjóra, Klemenz Tryggvassyni, vegna Hagstofu Íslands verði gert skylt að láta mér í té dánarvottorð eða staðfest endurrit af því til framlagningar í ofangreindu hæstaréttarmáli. Einkum og sér í lagi er þess óskað vegna þess, að lækni þeim, er gefið hefur vottorðið út, ber að láta í ljós álit sitt á því, þegar um voveifleg manns-

lát er að ræða, hverja hann telji orsök slysfaradauða, þar undir sjálfsmorð. Tel ég dánarvottorðið ef til vill geta stutt önnur þau rök, er ég hefi flutt fram fyrir þeirri staðhæfingu minni, að Sigurður heitinn Guðmundsson hafi stytt sér aldur."

Sami lögmaður lagði fram eyðublað fyrir dánarvottorð. Þar er m. a. reitur, þar sem stendur:

„Viðaukagreinargerð um slysfaradauða (voveiflegt mannslát).

Sjónarvott(ar) að slysinu — fundið lík — sjálfsmorð — manndráp — annað slys — um ölvun að ræða: hins látna sjálfs — annarra.

Hér skal strika undir það, sem við á (spurningarmerki aftan striks, ef óvíst)

Hvar slysið varð (nánara en undir dánarheimili) ....

Við hverja athöfn (vinnu og þá hverja, umferð, og getið farartækis, íþróttir og þá hverja o. s. frv.) ....

Nánara um eðli slyssins og tildrög ....".

Klemenz Tryggvason hagstofustjóri kom fyrir dóm 7. þ. m. og skýrði frá því, að Níels Dungal prófessor hefði ritað dánarvottorð um Sigurð Guðmundsson.

Hagstofustjóri var spurður, hvort hann vildi leggja fram vottorðið eða staðfest endurrit þess. Hann kvaðst álíta, að eðli máls samkvæmt sé Hagstofu Íslands óheimilt að láta slíkt vottorð í té, að því er tekur til dánarorsakar, nema samkvæmt úrskurði dómstóla. Kvaðst hann ekki vilja leggja fram hið umbeðna skjal og það ekki heldur, þó að fyrir lægi samþykki frú Rögnu Björnsson til þess. Taldi hagstofustjóri, að þetta gæti varðað hagsmuni fleiri aðilja en hennar, en tók fram, að það væri ekki andstætt hagsmunum Hagstofu Íslands, að skjalið yrði lagt fram. Kvaðst hagstofustjóri telja það mikilvægt atriði í þessu sambandi, að læknar gætu treyst því, að hagstofan gæfi ekki upplýsingar um dánarorsakir samkvæmt dánarvottorðum þeirra, nema dómstóll hafi fellt úrskurð þar að lútandi.

Í þessu sambandi var bókað eftir lögmanni frú Rögnu Björnsson:

„Það er nú komið fram í málinu, að dánarvottorð það, sem krafizt er framlagningar á nú, er gefið af prófessor Níels Dungal, þeim sama lækni, er framkvæmdi krufningu á líki Sigurðar heitins Guðmundssonar, en vottorð þessa læknis um krufninguna og dánarorsökina liggur þegar fyrir í aðalmálinu. Ég mótmæli ekki sérstaklega, að vitninu (þ. e. hagstofustjóra) verði gert að leggja fram staðfest endurrit af hinu umbeðna vottorði,

en tel það algeran óþarfa, þar sem það, sem mér skilst, að háttvirtur andstæðingur ætli að sanna með kröfu sinni um framlagningu skjals þessa, er þegar fyllilega upplýst í máli þessu."

Var það síðan tekið til úrskurðar á þessu bæjarþingi, hvort hagstofustjóra bæri f. h. Hagstofu Íslands að leggja fram skjal það, sem hann var krafinn um.

Daginn eftir, 8. febrúar, var kveðinn upp úrskurður, byggður á lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936, þar sem aðiljum var gefinn kostur á að gera þessar ráðstafanir:

1. að tilkynna börnum Sigurðar Guðmundssonar, þeim sem sjálfráð eru orðin, að þess hafi verið krafizt, að dánarvottorð föður þeirra yrði lagt fram í dómi, og gefa þeim kost á að andmæla því, að svo verði gert, ef þeim þykir ástæða til.

2. að gera ráðstafanir til, að Níels Dungal prófessor eigi þess kost að gæta hagsmuna sinna í máli þessu.

Málið var næst tekið fyrir á bæjarþingi 21. þ. m. Var þá lagt frá eftirfarandi bréf frá Níels Dungal prófessor:

„Það vottast hér með, að ég hef ekkert á móti því, að dánarvottorð það, sem ég gaf um Sigurð Árnason Guðmundsson, sem lézt 30/7 1959, verði lagt fram í máli því, sem rekið er nú út af dauða hans."

Í þessu sama þinghaldi lýsti lögmaður frú Rögnu Björnsson því yfir, að hún mundi ekki koma á framfæri þeirri tilkynningu, sem um ræðir í fyrra atriði úrskurðarins frá 8. þ. m. Af hálfu annarra aðilja vitnamáls þessa var því lýst yfir, að þeir hefðu ekki komið tilkynningunni á framfæri.

Lögmaður vitnastefnanda ítrekaði síðan kröfu sína og hagstofustjóri lýsti því yfir, að afstaða sín væri óbreytt þrátt fyrir bréf Níelsar Dungals. Var atriðið síðan lagt í úrskurð af hálfu allra aðilja vitnamálsins.

Það er meginregla í íslenzkum rétti, að mönnum er skylt að bera vitni í dómsmálum. Frá þessari meginreglu eru undantekningar, sem byggjast á tilliti til vitna eða almannahagsmuna af, að einkamálefni eða opinber málefni fari leynt.

Í 3. tl. 126. gr. laga nr. 85/1936 er ákvæði þess efnis, að vitni sé óheimilt að svara spurningum, nema sá leyfi, sem með á, ef vitnið sem embættismaður eða sýslunar hefur komizt að högum eða athöfnum einstakra manna í embætti sínu eða sýslan og hann skal lögum samkvæmt eða eðli málsins varðveita þagnarskyldu um það.

Eftir 146. gr. sömu laga ber að beita þessu sama sjónarmiði, þegar úr því er skorið, hvort þriðja manni verður gert að skyldu að leggja fram skjal, sem hann hefur í vörzlum sínum.

Ef talið yrði, að fyrrgreindur töluliður 126. gr. laga nr. 85/1936 leiddi til þess, að hagstofustjóra væri óheimilt að leggja fram skjal það, sem hann er krafinn um í vitnamáli þessu, hlýtur sú niðurstaða að byggjast á því, að Níels Dungal prófessor sé bundinn þagnarskyldu um atriði það, sem um er að ræða. Verður ekki séð, að sérstakar lagareglur, varðandi Hagstofu Íslands, komi hér til álita, en hins vegar verður að telja, að starfsmenn Hagstofunnar séu samkvæmt lögjöfnun frá niðurlagsákvæði 10. gr. laga nr. 47/1932 bundnir sams konar þagnarskyldu og læknar.

Kemur þá til athugunar, hvort ákvæði laga um þagnarskyldu lækna leiði til þess, að hafna verði kröfu vitnastefnanda í máli þessu. Telja verður, að upplýsingar um dánarorsök í dánarvottorði séu einkamál í skilningi 10. gr. laga nr. 47/1932, þar sem umsögn lækna í vottorðunum getur byggzt á þekkingu, sem þeir hafa aflað sér á grundvelli trúnaðarsambands við viðkomandi aðilja. Þar sem ekki liggur fyrir afstaða sjálfráða barna Sigurðar Guðmundssonar til kröfu vitnastefnanda, verður að líta svo á, að ekki liggi fyrir leyfi þeirra, sem með málið eiga, til vitnisburðar. Í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 47/1932 er heimilað að krefja lækni um vitnisburði, þótt slíkt leyfi sé ekki fyrir hendi. Skilyrði þess eru þau, að ætla megi, að úrslit málsins velti á vitnisburðinum, enda sé málið þýðingarmikið fyrir málsaðilja eða þjóðfélagið. Í máli þessu eru að vísu verulegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi, en hins vegar verður ekki ætlað, þegar virt er, hvaða gögn eru þegar fram komin, að málið velti á því skjali, sem krafizt er úr hendi hagstofustjóra. Verður því að telja, að Níels Dungal prófessor sé samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 47/1932 bundinn þagnarskyldu um það atriði, sem um kann að vera fjallað í þeim kafla dánarvottorðs um Sigurð Guðmundsson, sem er viðaukagreinargerð um slysfaradauða. Er hagstofustjóra f. h. Hagstofu Íslands þá jafnframt óheimilt að láta í té skjal þetta eða staðfest endurrit þess samkvæmt 3. tl. 126. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 146. gr. sömu laga. Ekki breytir það þessari niðurstöðu, að þegar eru fram komin í dómi margvísleg gögn, sem varða andlát Sigurðar Guðmundsonar, og ýms atriði, varðandi andlátið, sem áður voru einkamálefni, eru því þegar á almannavitorði. Gildir þetta ekki um þá umsögn, sem kann að

felast í dánarvottorðinu um Sigurð og sem í vitnamáli þessu er eftir leitað.

Kröfu þeirri, sem hér er til úrskurðar, verður því ekki sinnt.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi bargardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Framkominni kröfu um, að Klemenz Tryggvasyni hagstofustjóra verði f. h. Hagstofu Íslands gert að skyldu að leggja fram dánarvottorð um Sigurð Guðmundsson eða staðfest endurrit þess, verður ekki sinnt.

Miðvikudaginn 12. apríl 1961.

Nr. 34/1961. **Ákæruvaldið**
gegn
Magnúsi Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn.

Úrskurður Hæstaréttar.

Eins og greinir í dómi Hæstaréttar 23. janúar 1961, hafði ákærði til þess tíma skorazt undan að finna stað þeim ummælum sínum, sem greinir í III. kafla ákæruskjals. Verjandi ákærða hefur í dag lýst því fyrir Hæstarétti, að ákærði vilji nú koma fyrir dóm og tilgreina til viðbótar því, sem fram er komið, ákveðnar staðreyndir til stuðnings sakburði þeim á hendur lögreglustjóra og lögreglumönnum, er ákærði sætir ákæru fyrir.

Samkvæmt þessu er lagt fyrir héraðsdómara að kveðja ákærða, Magnús Guðmundsson, fyrir sakadóm, veita honum kost á því að gefa skýrslu um framangreint efni og halda rannsókn um málið, eftir því sem sú skýrsla gefur tilefni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að framkvæma rannsókn samkvæmt því, sem að framan greinir.

Miðvikudaginn 12. apríl 1961.

Nr. 16/1961. **Einar Viðar** (Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)
gegn
Gunnari Ásgeirssyni og
Jóhannesi Guðmundssyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1961 og krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Af hálfu stefndu hefur enginn komið fyrir Hæstarétt, og er þó löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Samkvæmt gögnum málsins ber að staðfesta héraðsdóminn.

Stefndu höfðu áfrýjað málinu af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera héraðsdóminn undir Hæstarétt. Er því rétt að dæma áfrýjanda úr hendi stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndu, Gunnar Ásgeirsson og Jóhannes Guðmundsson, greiði áfrýjanda, Einari Viðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. desember 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 23. f. m., af Einari Viðar héraðsdómslögmanni, Reykjavík, gegn Gunnari Ásgeirssyni, Laugavegi 138, Reykjavík, og Jóhannesi Guðmundssyni, Efstasundi 59, Reykjavík, til greiðslu víxils, að fjárhæð krónur 4.500.00, útgefins 4/6 1960 af stefnda Jóhannesi og samþykkts af stefnda Gunnari til greiðslu í Útvegsbankanum hér í bæ 5/10 1960, en á víxli þessum, sem afsagður var sökum greiðslufalls 7/10 1960, eru stefndi Jóhannes og Eiríkur Ketilsson ábekingar. Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 4.500.00, með 11% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 103.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi Jóhannes hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, að því er hann varðar, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Stefndi Gunnar sótti þing, en hreyfði engum andmælum gegn dómkröfum stefnanda, og verða þær því teknar til greina að öllu leyti. Málskostnaður ákveðst kr. 1400.00.

Einar Oddsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar Ásgeirsson og Jóhannes Guðmundsson, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, greiði stefnanda, Einari Viðar, kr. 4.500.00 með 11% ársvöxtum frá 5. október 1960 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 103.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og kr. 1400.00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. apríl 1961.

Nr. 63/1961. **Ásgeir Þorleifsson**
gegn
Ástríði Stefánsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Kærð er dómsákvörðun Þorsteins S. Thorarensen, fulltrúa borgarfógeta í Reykjavík.

Með úrskurði fógetadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 12. ágúst 1960, var ákveðið, að varnaraðili skyldi að kröfu sóknaraðilja og á hans ábyrgð borin út úr húsnæði því, sem hún hefur búið í, Bragagötu 29 A, Reykjavík, ásamt öllum munum sínum og fólki því, er leiða kunni dvöl sína í húsinu frá hennar rétti.

Fógeti hefur eigi talið sér unnt að verða við kröfum sóknaraðilja um að fullnægja úrskurði þessum og hefur lýst því síðast á dómþingi 13. marz 1961, „að hann myndi ekki að svo stöddu framfylgja úrskurði í máli þessu um útburð á gerðarþola, fyrr en hún hafi húsnæði í að fara, sem að áliti borgarlæknis metist hæft til íbúðar fyrir hana og börn hennar". Þessa ákvörðun fógeta hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar 18. marz 1961, og barst Hæstarétti kæran 24. s. m. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma án tafar úrskurð sinn frá 12. ágúst 1960 um útburð varnaraðilja og að henni verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja hafa Hæstarétti eigi borizt neinar kröfur né greinargerð.

Umboðsmanni sóknaraðilja var rétt, er hann vildi eigi hlíta ákvörðun fógeta á dómþingi 13. marz 1961, að krefjast formlegs úrskurðar fógeta um framgang útburðargerðarinnar og áfrýja síðan úrskurðinum samkvæmt 4. tl. 198. gr. laga nr. 85/1936, ef úrskurðurinn gekk á móti honum. Hinni óformlegu yfirlýsingu fógeta mátti sóknaraðili því

aðeins skjóta til Hæstaréttar samkvæmt 4. tl. 34. gr. sömu laga, að fógeti hefði neitað að kveða upp formlegan úrskurð, en eigi er ástæða til að ætla, að til slíkrar réttarneitunar af hendi fógeta hefði komið.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er málsskotið löglaust, og ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kröfur hafa eigi borizt frá varnaraðilja, og fellur málskostnaður því niður.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 14. apríl 1961.

Nr. 67/1961. **Kjötiðjan h/f**
gegn
Árna Sigurjónssyni og Jóni Einarssyni f. h. Fæðiskaupendafélags Hafnarfjarðar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Elías I. Elíasson fulltrúi hefur sem setubæjarfógeti í Hafnarfirði kveðið upp hinn kærða dóm.

Með kæru 28. marz 1961, sem Hæstarétti barst 5. apríl s. á., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Hafnarfjarðar, uppkveðnum 17. marz 1961, þar sem vísað er frá dómi máli sóknaraðilja á hendur varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, aðallega að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur, en til vara, að málskostnaður í héraði verði niður felldur, og loks að varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði dómur verði

staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Eigi er í ljós leitt, að varnaraðiljar séu bærir að binda fyrir dómi hið svonefnda Fæðiskaupendafélag Hafnarfjarðar. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði héraðsdómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Kjötiðjan h/f, greiði varnaraðiljum, Árna Sigurjónssyni og Jóni Einarssyni, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 17. marz 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 8. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar með stefnu, útgefinni 28. september 1960, af Kjötiðjunni h/f í Hafnarfirði gegn Árna Sigurjónssyni, Linnetsstíg 2, og Jóni Einarssyni, Austurgötu 33, báðum í Hafnarfirði, f. h. Fæðiskaupendafélagsins í Hafnarfirði til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 27.994.40, auk 6% ársvaxta frá 1. júní 1958 til 22. febrúar 1960 og 10% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt frávísunar málsins og að þeim verði tildæmdur málskostnaður eftir mati dómarans, og jafnframt áskilja þeir sér rétt til þess að taka til varna um efnishlið málsins, verði ekki á frávísunarkröfuna fallizt.

Við munnlegan flutning þessa þáttar málsins krafðist umboðsmaður stefnanda þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað vegna frávísunarkröfunnar.

Mál þetta var þingfest 4. október 1960. Með úrskurði, uppkveðnum 3. desember s.l., vék hinn reglulegi dómari, Björn Sveinbjörnsson settur bæjarfógeti, sæti í málinu. Var Elías I. Elíasson fulltrúi skipaður setudómari í máli þessu með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 11. janúar s.l. Hefur hann síðan farið með málið og kveðið upp dóm þenna.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1950 var stofnað í Hafnarfirði Fæðiskaupendafélagið í Hafnarfirði og því settar samþykktir, en samkvæmt þeim skyldi tilgangur félagsins aðallega vera sá að afla félagsmönnum góðs og heilnæms fæðis, við eins vægu verði og kostur er. Í þessu skyni var komið upp mötuneyti á Strandgötu 41 í Hafnarfirði, og var það rekið fram undir mitt ár 1958. Samkvæmt samþykktum félagsins er ábyrgð félagsmanna takmörkuð við stofnsjóðsinnstæðu. Félagið hefur aldrei verið skrásett, og ekki hefur því verið formlega slitið. Aðalfundir hafa ekki verið haldnir í félaginu síðan í maímánuði árið 1952. Annar stefndu, Árni, er meðal stofnenda félagsins, og hann hlaut kosningu í síðustu stjórn þess. Jón Einarsson var kosinn varaendurskoðandi á síðasta aðalfundi.

Mánuðina marz, apríl og maí 1958 fékk mötuneytið ýmsar vörur út í reikning Kjötiðjunnar h/f í Hafnarfirði fyrir samtals kr. 27.994.40, en út af þessari skuld er mál þetta risið. Á árinu 1958 eru 13 menn taldir vera í fastafæði hjá mötuneyti félagsins, þó ekki allir að staðaldri, og meðal þeirra eru stefndu í máli þessu.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndu hafi verið fyrirsvarsmenn Fæðiskaupendafélagsins, sem stefnandi taldi vera venjulegt sameignarfélag, og þeir hafi tekið út ýmsar vörur fyrir Fæðiskaupendafélagið hjá Kjötiðjunni. Ekki veit stefnandi, hverjir voru félagar í Fæðiskaupendafélaginu á þeim tíma, sem hér um ræðir, en stefndu hafi í sínum fórum skrár yfir félagana.

Frávísunarkröfu sína reisa stefndu á því, að þeir séu ekki réttir forsvarsmenn í máli þessu. Jón Einarsson sé ekki í stjórn Fæðiskaupendafélags Hafnarfjarðar og Árni Sigurjónsson sé að vísu meðstjórnandi í síðustu stjórn, en ekki formaður. Stefndu séu því ekki bærir til að halda uppi vörnum í málinu. Stefna hefði þurft stjórn félagsins eða formanni. Fæðiskaupendafélag Hafnarfjarðar sé samvinnufélag með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins. Stefnandi haldi því að vísu fram, að hér sé um að ræða sameignarfélag. Þetta sé ekki rétt, en vilji stefnandi hins vegar byggja rétt á því, að félagið sé sameignarfélag, hefði þurft að gefa öllum félagsmönnum kost á að gæta réttar síns.

Gestur Kristjánsson, starfsmaður og hluthafi í Kjötiðjunni, veit ekki, hvers konar félag Fæðiskaupendafélagið var, hann minnist þess ekki, að hann hafi heyrt, að þetta væri samvinnufélag, en taldi hins vegar, að um eins konar félag væri að ræða. Ekki gerði hann sér grein fyrir því, hvort ábyrgð félagsmanna væri takmörkuð. Jón Guðmundsson og síðar Jón Einarsson greiddu

alla reikninga félagsins vegna vöruúttektar hjá Kjötiðjunni. Gestur átti eingöngu við þessa tvo menn með allt, er snerti viðskiptin, svo og stúlkurnar, er pöntuðu vörurnar. Ekki er honum kunnugt um aðra fyrirsvarsmenn félagsins.

Stefndi Árni segir, að þeir Jón Einarsson hafi báðir verið í félaginu og borðað þar, unz það hætti störfum. Ekki fylgdist hann með því, hvar verzlað var, og ekkert hafði hann með að gera greiðslur vegna vöruúttektar félagsins.

Stefndi Jón kveður starfsstúlkur mötuneytisins hafa annazt pöntun á öllum nauðsynjum, og hafi þær ráðið því, hvar verzlað var. Félagsmennirnir gáfust upp á rekstrinum, og voru þeir þá aðeins orðnir 10 eftir. Jón hafði alveg með fjármál félagsins að gera, frá því fyrrverandi gjaldkeri hætti störfum, og kveðst Jón hafa tekið við starfi þessu nauðugur. Jón heyrði félagsmenn tala um, að félagið væri samvinnufélag.

Í dómi í bæjarþingsmáli Hafnarfjarðar nr. 38/1958 (sjá dómasafn Hæstaréttar XXX. bindi, bls. 517), en þar var stefndu í þessu máli stefnt vegna vöruúttektar Fæðiskaupendafélagsins hjá nafngreindri verzlun, segir m. a.: „Félag þetta er stofnað sem samvinnufélag og virðist hafa verið haldið í horfinu fyrstu tvö árin eða svo, þótt ekki sé félagið skrásett. Svo er að sjá sem mikið los hafi síðan komizt á félagsskapinn, og virðist þá vanta mikið á, að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem lög setja um samvinnufélög. Rekstur matstofunnar sýnist fljótlega hafa tekið að mæða á þeim stefndu."

Úrlausnarefnið er hér eingöngu það, hvort stefndu séu bærir til þess að svara til sakar f. h. Fæðiskaupendafélagsins í máli þessu eða með öðrum orðum að binda félagið og þar með aðra félagsmenn.

Það er upplýst, að félag þetta mun stofnað fyrir liðlega 10 árum og síðasta stjórn þess kosin árið 1952. Annar stefndu, Árni, var þá kjörinn stjórnarmeðlimur, en að vísu ekki formaður. Félagið hefur aldrei verið skrásett. Seinustu árin, sem félagið starfaði, sýnist því fara fjarri, að það fullnægi þeim skilyrðum, er lög nr. 46/1937 setja um samvinnufélög. Stefndu höfðu ekki afskipti af vöruúttekt þeirri, sem hér er krafizt greiðslu á.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og þar eð telja verður það grundvallarreglu, er félag þarf að svara til sakar, að þá beri að stefna fyrir þess hönd stjórn þess eða formanni hennar, verður ekki talið, að stefnanda hafi verið rétt að líta svo á, að stefndu hefðu umboð til þess að taka við stefnu fyrir

hönd Fæðiskaupendafélagsins og væru bærir til þess að binda það í máli þessu.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefndu um vísun máls þessa frá dómi til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Kjötiðjan h/f, greiði stefndu, Árna Sigurðjónssyni og Jóni Einarssyni, kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. apríl 1961.

Nr. 73/1961. **Jónína Jónsdóttir Parrington**
gegn
Hallgrími Steingrímssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 22. marz 1961, sem hingað barst 7. þ. m., kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Hafnarfjarðar, er upp var kveðinn 17. marz 1961 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja, en með úrskurði þessum var synjað kröfu sóknaraðilja um frávísun aðalsakar frá héraðsdómi.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og aðalsök í héraðdómsmálinu verði vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Í héraði hefur varnaraðili í fyrsta lagi gert þá kröfu, að

viðurkennd verði skylda sóknaraðilja (stefndu í héraði) „til að greiða meðlag með kjörsyni sínum, Snorra Hallgrímssyni, f. 17. okt. 1951, frá 1. jan. 1957 til fullnaðs 16 ára aldurs hans, enda verði upphæð meðlagsins ákveðin með yfirvaldsúrskurði".

Aðiljar máls þessa leituðu á sínum tíma lögskilnaðar í Stjórnarráðinu, sbr. 72. gr. laga nr. 39/1921. Í skilnaðarbréfi, útgefnu af Dómsmálaráðuneytinu 24. febrúar 1958, var sóknaraðilja fengið forræði framangreinds kjörbarns hjónanna, Snorra, og varnaraðilja gert að greiða meðlag með honum. Með bréfi Dómsmálaráðuneytisins 10. nóvember 1960 synjaði það málaleitan varnaraðilja um, að honum yrði fengið forræði barnsins.

Eins og málið liggur fyrir, verður ekki lagður dómur á framangreinda kröfu, sem sóknaraðili bar fram í héraði um viðurkenningu á skyldu sóknaraðilja til að greiða meðlag með nefndum kjörsyni málsaðilja. Verður því að vísa kröfu þessari frá héraðsdómi.

Í öðru lagi hefur varnaraðili krafizt þess í héraðsstefnu, „að löghaldsgerð, sem fram fór í fógetarétti Hafnarfjarðar 17. maí s.l., verði staðfest".

Í héraði var löghald lagt á eignir sóknaraðilja til tryggingar kröfu, að fjárhæð kr. 65.079.00. Samkvæmt reikningi frá varnaraðilja, sem lagður var fram við löghaldsgerðina, var þar um að ræða kröfu, að sumu leyti gjaldfallna, en að öðru leyti ógjaldfallna, sem varnaraðili taldi sig eiga á hendur sóknaraðilja vegna framfærslu kjörsonar þeirra. Í héraðsstefnu er eigi getið neinnar fjárhæðar, sem löghaldið eigi að tryggja, og er því eigi fullnægt ákvæðum 2. málsgr. 20. gr. laga nr. 18/1949 og 88. gr. laga nr. 85/1936. Ber því einnig að vísa þeirri kröfu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Aðalsök máls þessa í héraði er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í aðalsök í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 17. marz 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 14. þ. m., hefur Hallgrímur Steingrímsson, Reykjavíkurvegi 3, Hafnarfirði, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. maí 1960, gegn Jónínu Jónsdóttur Parrington, Californíu, Bandaríkjum Norður-Ameríku, til viðurkenningar á framfærsluskyldu stefndu með kjörbarni þeirra, Snorra Hallgrímssyni, og til staðfestingar á löghaldsgerð, sem fram fór í fógetarétti Hafnarfjarðar 17. maí 1960 til tryggingar meðlagskröfunum. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu.

Með gagnstefnu Jónínu Jónsdóttur Parrington, útgefinni 3. september 1960, gerði hún þær réttarkröfur, að stefnandi í aðalsök, Hallgrímur Steingrímsson, yrði dæmdur til greiðslu meðlaga með fyrrnefndu kjörbarni, að fjárhæð kr. 20.141.00, og húsaleigu, að fjárhæð kr. 10.200.00, með 9% ársvöxtum frá 3. september 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í aðalsök krefst stefnda frávísunar, en til vara sýknu, og hvernig sem málið fer, niðurfellingar löghaldsgerðar og málskostnaðar að skaðlausu. Stefnandi í aðalsök krefst sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Munnlegur málflutningur fór fram um framkomna frávísunarkröfu 14. marz s.l.

Málavextir eru þessir:

Aðiljar máls þessa fengu með forsetabréfi 8. desember 1951 leyfi til þess að ættleiða drenginn Snorra Hallgrímsson, f. 17/10 1951. Þau hjónin slitu samvistir í maímánuði 1956, og 7. desember s. á. fengu þau leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng.

Lögskilnaðarleyfi fengu hjónin 24. febrúar 1958. Fékk konan forræði drengsins, en maðurinn skyldi greiða meðlag með honum til fullnaðs 16 ára aldurs hans. Er hjónin slitu samvistir, var drengurinn fyrst hjá móður sinni eða á vegum hennar, en um haustið virðist hann hafa verið hjá föður sínum og ömmu öðru hverju, og síðan í nóvember 1956 hefur hann dvalizt hjá þeim óslitið.

Í aprílmánuði 1959 giftist stefnda á ný Bandaríkjamanni, Reymond T. Parrington, og fluttist með honum búferlum til Banda-

ríkja Norður-Ameríku. Með úrskurði fógetaréttar Hafnarfjarðar 23. nóvember 1959 var málaleitan stefndu um, að hún fengi umráð kjörsonar síns, synjað.

Með bréfi til Dómsmálaráðuneytisins, dags. 30. nóvember 1959, fór stefnandi í aðalsök þess á leit við Dómsmálaráðuneytið, að skilnaðarleyfisbréfi hans og stefndu yrði breytt á þá lund, að hann fengi forræði drengsins Snorra og að konunni yrði gert að greiða meðlag með drengnum frá 1. janúar 1957 til 16 ára aldurs hans. Málaleitun þessari synjaði ráðuneytið með bréfi, dags. 10. nóvember 1960, eftir að hafa leitað umsagnar konunnar. Jafnframt lét ráðuneytið í ljós það álit, að manninum bæri ekki að greiða til konunnar meðlag með drengnum fyrir það tímabil, sem hann annaðist framfærslu hans.

Stefnandi í aðalsök höfðaði síðan mál þetta til viðurkenningar á framfærsluskyldu stefndu og staðfestingar á löghaldsgerð, sem hann hafði gert til tryggingar meðlagskröfum o. fl.

Stefnda reisir kröfu sína um frávísun málsins á því, að aðalstefnanda bresti umboð til að setja fram kröfu þá, sem hann gerir í aðalsök, því að hann sé ekki réttur umboðsmaður drengsins, þar sem hann sé hvorki forráðamaður hans né fjárhaldsmaður. Forræði drengsins hafi stefnda samkvæmt lögskilnaðarleyfi aðilja, útgefnu 24. febrúar 1958. Af hálfu stefnanda er þess krafizt, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið á þeim forsendum, að framfærandi barns sé réttur aðili að meðlagskröfu með því.

Með synjun fógetaréttarins 23. nóvember 1959 á því að afhenda stefndu drenginn, hefur stefnandi fengið raunverulegt forræði hans í sínar hendur, að óbreyttu ástandi. Með hliðsjón af ákvæðum framfærslulaga nr. 80 frá 1947 um skyldur foreldra til þess í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín, ákvæðum 211. gr. einkamálalaga nr. 85 frá 1936 um sóknaraðild í barnsfaðernismálum og eðli málsins samkvæmt verður að telja, að sá, sem hefur raunverulegt forræði barns og annast framfærslu þess og uppeldi, sé einnig réttur aðili að meðlagskröfum með barninu, meðan það er á hans vegum.

Af þessu leiðir, að krafa stefndu um frávísun málsins verður ekki tekin til greina. Ákvörðun um málskostnað verður tekin í sambandi við efnisdóm í málinu.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 19. apríl 1961.

Nr. 135/1960. **Guðrún Jakobsdóttir** (Magnús Árnason hdl.)
gegn
Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar
(Sveinbjörn Jónsson hrl.),
Steinunni Bjarnason f. h. Dóru Sigríðar Bjarnason og Ingibjargar Bjarnason og Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur
(Gísli Einarsson hdl.),
Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar
gegn
Guðrúnu Jakobsdóttur og Steinunni Bjarnason f. h. Dóru Sigríðar Bjarnason og Ingibjargar Bjarnason og Steinunn Bjarnason f. h. Dóru Sigríðar Bjarnason og Ingibjargar Bjarnason
gegn
Guðrúnu Jakobsdóttur og Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.

Erfðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi, Guðrún Jakobsdóttir, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1960 og gert þessar dómkröfur: *Aðalkrafa:* Að dæmd verði ógild erfðaskrá, gerð af Sigríði heitinni Jakobsdóttur hinn 11. júní 1955, og

að erfðaskrá, gerð af þeim Elínu heitinni Jakobsdóttur og Sigríði hinn 10. júlí 1942, verði skýrð þannig, að kr. 50.000.00 skuli greiðast til Háskóla Íslands, kr. 10.000.00 til gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar, en eftirstöðvar eignanna renni til lögerfingja.

1. varakrafa: Að síðari erfðaskráin verði skýrð þannig, að arfláta hafi verið heimilt að ráðstafa með henni helmingi eigna sinna, þannig að kr. 50.000.00 verði greiddar Háskóla Íslands, kr. 10.000.00 til gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar, en það, sem eftir er af eignunum, skiptist að jöfnu milli erfingja samkvæmt erfðaskránni og lögerfingja.

2. varakrafa: Að síðari erfðaskráin verði dæmt ógild, en sú fyrri skýrð þannig, að kr. 50.000.00 renni til Háskóla Íslands, en eignarhluti arfláta í húseigninni að Hafnarstræti 4 og Veltusundi 1, að nefndri fjárhæð frádreginni, renni til gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar, en eignirnar að öðru leyti renni til lögerfingja.

3. varakrafa: Að dæmt verði, að arfláta Sigríði Jakobsdóttur hafi verið óheimilt að ráðstafa með erfðaskrá sinni 1/3 hluta eignarinnar nr. 12 við Ránargötu, þannig að sá hluti renni til lögerfingja.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda og stefnda, hver sem úrslit málsins verða.

Gagnáfrýjandi Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar hefur áfrýjað málinu með stefnu 15. júlí 1960 og gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðalkrafa: Að arfleiðsluskrá Elínar og Sigríðar Jakobsdætra frá 10. júlí 1942 verði dæmd gild, að því er varðar gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar, og hann verði dæmdur réttur erfingi dánarbús Sigríðar Jakobsdóttur að þeim hluta húseignanna Hafnarstrætis 4 og Veltusunds 1, sem þær eignir kunna að seljast fram yfir kr. 50.000.00, að viðbættum

áhvílandi skuldum, þar með töldum kr. 10.000.00 til gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar, og að aðaláfrýjandi, Guðrún Jakobsdóttir, og gagnáfrýjandi Steinunn Bjarnason f. h. Dóru Sigríðar Bjarnason og Ingibjargar Bjarnason verði dæmdar in solidum til að greiða gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Varakrafa: Að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og sömu aðiljar, sem í aðalkröfu greinir, dæmdir in solidum til að greiða gagnáfrýjanda Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Steinunn Bjarnason f. h. Dóru Sigríðar Bjarnason og Ingibjargar Bjarnason hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. október 1960, gagnáfrýjað málinu með stefnu 7. nóvember s. á. og gerir þessar dómkröfur:

I. Vegna Dóru Sigríðar Bjarnason:

Aðalkrafa: Að erfðaskrá Sigríðar Jakobsdóttur frá 11. júní 1955 verði dæmd gild, að því er hana varðar, og að hún fái allar eignir búsins, þær sem ekki eru sérstaklega ánafnaðar öðrum í erfðaskrá þessari, enda taki hún að sér greiðslu allra áhvílandi skulda, þó að fráskildum skuldum þeim, sem um ræðir í 1. lið erfðaskrárinnar.

1. varakrafa: Að erfðaskrá Sigríðar Jakobsdóttur frá 11. júní 1955 verði dæmd gild, þó þannig, að gagnáfrýjandinn Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar fái kr. 78.079.80.

2. varakrafa: Að hinn áfrýjaði úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn 23. maí 1960, verði staðfestur.

II. Vegna Ingibjargar Bjarnason:

Að erfðaskrá Sigríðar Jakobsdóttur frá 11. júní 1955 verði dæmd gild, að því er hana varðar, og að hún fái úr búinu einn „siffonier" með því, sem í honum var við lát Sigríðar Jakobsdóttur.

III. Loks krefst gagnáfrýjandi Steinunn Bjarnason f. h. Dóru Sigríðar Bjarnason og Ingibjargar Bjarnason máls-

kostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, Guðrúnar Jakobsdóttur.

Stefndi, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, að því er hann varðar, og að aðaláfrýjanda, Guðrúnu Jakobsdóttur, verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hendi Háskóla Íslands, sem stefnt hefur verið til réttargæzlu, er þess krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, að því er hann varðar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 23. maí 1960.

Þann 20. júní 1959 andaðist hér í bænum Sigríður Jakobsdóttir, Ránargötu 12. Uppskrift á eignum dánarbús hennar fór fram dagana 7. og 8. júlí 1959. Eignir hinnar látnu voru fasteignirnar nr. 12 við Ránargötu og helmingur fasteignarinnar nr. 4 við Hafarstræti og nr. 1 við Veltusund, hér í bæ, auk húsmuna, innstæðna í bönkum og verðbréfa.

Við uppskriftina komu fram tvær arfleiðsluskrár, aðra þeirra hafði hin látna gert ásamt systur sinni Elínu Jakobsdóttur hinn 10. júlí 1942, en hin arfleiðsluskráin er gerð af Sigríði einni hinn 11. júní 1955. Er hin fyrri skrá lögð fram í máli þessu sem rskj. 2, en hin síðari sem rskj. 3.

Ágreiningur kom þegar fram um gildi þessara arfleiðsluskráa, og hefur það atriði verið flutt í sérstöku máli. Aðiljar í því máli eru þessir:

1. Lögerfingi hinnar látnu, systir hennar Guðrún Jakobsdóttir, Ránargötu 12.
2. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur.
3. Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur.
4. Ingibjörg og Dóra Sigríður Bjarnason.

Aðrir aðiljar samkvæmt arfleiðsluskrá frá 11. júní 1955 hafa látið mál þetta afskiptalaust.

Kröfur aðilja eru þessar:

Guðrún Jakobsdóttir hefur gert þá aðalkröfu, að ógild verði metin arfleiðsluskrá sú, sem hin látna gerði hinn 11. júní 1955, rskj. 3, og að erfðaskrá hinnar látnu og Elínar systur hennar, gerð hinn 10. júlí 1942, rskj. 2, verði skýrð þannig, að kr. 50.000.00 verði greiddar til Háskóla Íslands, kr. 10.000.00 til Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur, en eftirstöðvar eignanna verði látnar ganga til hennar.

Af hálfu Guðrúnar hafa einnig verið hafðar uppi 3 varakröfur í málinu. Er hin fyrsta þeirra á þá leið, að arfleiðsluskráin á rskj. 3 verði skýrð þannig, að arfláta hafi verið heimilt að ráðstafa með henni helmingi eigna sinna, þannig að kr. 50.000.00 verði greiddar Háskóla Íslands, kr. 10.000.00 til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, en það, sem eftir verði þá af eignunum, skiptist að jöfnu milli erfingja samkvæmt skránni og lögerfingja. Önnur varakrafan er sú, að arfleiðsluskráin á rskj. 3 verði metin ógild, en skráin á rskj. 2 skýrð þannig, að kr. 50.000.00 verði látnar ganga til Háskóla Íslands, en eignarhluti arfláta í húseignunum Hafnarstræti 4 og Veltusundi 1, að frádreginni ofangreindri fjárhæð, látinn ganga til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, en eignirnar að öðru leyti til lögerfingjans. Þriðja varakrafan er á þá leið, að arfláta verði talið óheimilt að hafa ráðstafað með arfleiðsluskrá ⅓ hluta húseignarinnar Ránargötu 12, og gangi sá hluti þannig til lögerfingja.

Hver þessara krafna, sem tekin yrði til greina, er krafizt málskostnaðar úr höndum varnaraðiljanna in solidum.

Af hálfu Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík eru þær réttar kröfur gerðar, að arfleiðsluskrá þeirra Sigríðar og Elínar Jakobsdætra frá 10. júlí 1942 verði metin gild, að því er varðar Iðnaðarmannafélagið, og það úrskurðað réttur erfingi dánarbúsins að þeim hluta húseignanna Hafnarstrætis 4 og Veltusunds 1, sem þær eignir kunni að seljast fram yfir kr. 50.000.00, að viðbættum áhvílandi skuldum. Þess er krafizt, að gagnaðiljar félagsins verði in solidum úrskurðaðir til þess að greiða því málskostnað.

Þá hefur Steinunn Bjarnason, Tjarnargötu 18, látið mæta í máli þessu f. h. ófjárráða dætra sinna, Dóru Sigríðar og Ingibjargar Bjarnason. Af þeirra hálfu er gerð sú aðalkrafa, að fullgild verði úrskurðuð arfleiðsluskrá hinnar látnu, er hún gerði hinn 11. júní 1955, að því er þær varðar. Til vara er þess krafizt, að nefnd

arfleiðsluskrá verði úrskurðuð gild, að því er aðilja þessa verðar, þó þannig, að Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík vegna Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar hljóti það mikið fé, sem telja megi verðmæti hálfra fasteignanna nr. 4 við Hafnarstræti og 1 við Veltusund hafa hinn 10. júlí 1942 numið meiru en áhvílandi skuldum, að viðbættum kr. 50.000.00. Til þrautavara er þess krafizt, að arfleiðsluskráin frá 11. júní 1955 verði metin gild, að því er þessa aðilja varðar, þó þannig, að því er Dóru Sigríði Bjarnason viðkemur, að erfð hennar taki til allra annarra eigna þeirra, er henni voru ánafnaðar í arfleiðsluskránni, en hálfra fasteignanna Hafnarstrætis 4 og Veltusunds 1 og að skuldir þær, er á þeim eignum hvíla, séu henni óviðkomandi. Málskostnaðar er krafizt úr hendi sóknaraðilja, án tillits til þess á hverja af kröfum þessum yrði fallizt, aðalkröfu eða varakröfur.

Þá hefur Verzlunarmannafélag Reykjavíkur látið mæta í máli þessu, og eru réttarkröfur þess þær, að arfleiðsluskráin frá 11. júní 1955, rskj. 3, verði metin gild, að því er varðar félagið, og að það verði úrskurðað réttur erfingi í dánarbúinu að ⅓ hluta fasteignarinnar Ránargötu 12. Krafizt er málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Hinn 15. nóvember 1934 undirrita systurnar Elín og Sigríður Jakobsdætur sameiginlega arfleiðsluskrá í viðurvist notarii publici í Reykjavík. Þar ákveða þær, að sú þeirra, er lengur lifi, skuli erfa allt það, er hin, sem fyrr deyi, láti eftir sig, þar með talinn einn þriðji hluti steinhússins nr. 12 við Ránargötu ásamt öllum innanstokksmunum, hverju nafni sem nefnist. Skrá þessi er lögð fram sem rskj. 13 í máli þessu.

Bróðir ofannefndra systra, Ísleifur Jakobsson málarameistari, Ránargötu 12, andaðist 25. júní 1940. Meðal eigna þeirra, er hann lét eftir sig, voru hálf fasteignin Hafnarstræti 4 og Veltusund 1, að fasteignamati kr. 56.000.00, svo og ⅓ hluti húss og ⅙ hluti lóðar fasteignarinnar nr. 12 við Ránargötu, fasteignamat kr. 11.308.00. Samkvæmt gjafabréfi, er fannst meðal eftirlátinna skjala Ísleifs Jakobssonar, erfði Sigríður Jakobsdóttir allar eignir hans, þó þannig, að hún skyldi sjá um, að Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík fengi afhentar kr. 10.000.00 af fjármunum búsins. Hreinar eignir dánarbús Ísleifs reyndust nema kr. 39.575.72, er skiptakostnaður og nefnd 10.000.00 kr. greiðsla höfðu verið dregin frá. Sbr. skiptagerð, dagsetta 16. desember 1941, rskj. 5. Þar er þess getið, að Sigríður Jakobsdóttir hafi gefið Iðnaðarmannafélaginu út skuldabréf fyrir fyrrgreindum kr. 10.000.00,

tryggt með fasteignaveði, og undirritar formaður félagsins skiptagerðina því til staðfestu. Samrit veðbréfs þessa er lagt fram í máli þessu sem rskj. nr. 9.

Þann 24. janúar 1942 mættu þær systur, Elín og Sigríður, fyrir notario publico í Reykjavík og lýstu því yfir, af tilefni þess að Sigríður hafði þá erft hluta Ísleifs bróður þeirra í húsinu Ránargötu 12, að það væri skilyrðislaus vilji þeirra, að sú, er lengur lifði, skyldi erfa hina, er fyrr andaðist, að öllum hennar eignum, föstum og lausum. Var þessi viljayfirlýsing þeirra rituð á arfleiðsluskrána frá 15. nóvember 1934, sjá rskj. 13.

Í framhaldi af þessu gera systurnar Elín og Sigríður Jakobsdætur gagnkvæma og sameiginlega arfleiðsluskrá hinn 10. júlí 1942, svo sem að framan getur, sjá rskj. nr. 2. Þar segir, að þær hafi ákveðið, að eftir lát þeirra beggja skuli skiptaráðandinn í Reykjavík selja á sem hagkvæmastan hátt hálfa húseignina Hafnarstræti 4 og Veltusund 1, eign Sigríðar Jakobsdóttur. Skuli andvirði eignarhlutans, að frádregnum áhvílandi skuldum og sölukostnaði, ganga til Háskóla Íslands, og skuli með því stofnaður sjóður, sem beri nafnið Minningarsjóður systkinanna frá Auðsholti, Elínar, Ísleifs og Sigríðar. Þó skuli ekki leggja hærri upphæð í sjóð þenna en kr. 50.000.00. Ef eignin því, að skuldum frádregnum, kynni að seljast fyrir meira en 50.000.00 krónur, skuli umframfjárhæðin leggjast í styrktarsjóð Ísleifs Jakobssonar, en Sigríður tekur fram í skránni, að hún hafi þegar gert ráðstafanir til þess, að slíkur sjóður verði stofnaður, um leið og fasteignin verði seld. Síðan eru í skránni nánari ákvæði um skipulag og starfsemi sjóðs þessa, og þykir ekki ástæða til að rekja þau. Þessi arfleiðsluskrá er undirrituð í viðurvist notarii publici í Reykjavík.

Elín Jakobsdóttir andaðist hinn 5. nóvember 1950. Samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrárinnar frá 15. nóvember 1934, rskj. 13, sbr. skrána 10. júlí 1942, erfði Sigríður systir hennar allar eignir hennar.

Sigríður Jakobsdóttir gerir arfleiðsluskrá hinn 11. júní 1955, sjá rskj. 3. Skráin er undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta, sem skrifa jafnframt undir vottorð á skránni, svo sem ráð er fyrir gert í erfðalögum.

Í þessari arfleiðsluskrá er fyrst og fremst ákveðið, að stofna skuli sjóð til minningar um systur arfláta Elínu Jakobsdóttur, sem beri nafn hennar. Þessi sjóður skuli vera eign og undir umsjá Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, og til hans skuli ganga ⅓

hluti fasteignarinnar Ránargötu 12, sem arfláti fékk að arfi eftir Elínu, og skuli sjóðurinn jafnframt greiða veðskuldir þær, er á fasteigninni kunni að hvíla, að ⅓ hluta svo og erfðafjárskatt af arfahlutanum. Ráðstafað er ýmsum lausafjármunum tilteknum til nafngreindra aðilja, þar á meðal til systranna Ingibjargar og Dóru Sigríðar Bjarnason, Tjarnargötu 18, og hinni síðarnefndu eru ánafnaðir ⅔ hlutar fasteignarinnar Ránargötu 12, enda taki hún að sér ⅔ hluta veðskulda, sem á eignarhlutanum kynnu að hvíla. Að öðru leyti er ákveðið, að Ingi Bjarnason efnafræðingur, Tjarnargötu 18, skuli erfa allar aðrar eignir arfláta, enda skuli hann sjá um útför hennar að öllu. Þess er sérstaklega getið í skránni, að allt skuli óhaggað standa, er arfláti og systir hennar Elín hafi sameiginlega ákveðið í arfleiðsluskránni frá 10. júlí 1942, viðvíkjandi Minningarsjóði systkinanna frá Auðsholti og Styrktarsjóði Ísleifs Jakobssonar, þó þannig, að til síðarnefnda sjóðsins skuli ganga 10.000.00 krónur, eins og ráðgert hafi verið, er arfleiðsluskráin var gerð. Þá er ákvæði um það, að Ingi Bjarnason geti, ef honum svo sýnist, leyst fasteignirnar Hafnarstræti 4 og Veltusund 1 til sín, enda annist hann þá fjárgreiðslur til sjóða þeirra, sem getið er. Ef Ingi Bjarnason skyldi andast á undan arfláta, skyldi dóttir hans, ofannefnd Dóra Sigríður, koma í hans stað sem heildarerfingi.

Ingi Bjarnason andaðist hinn 27. desember 1958, og hefur Dóra Sigríður dóttir hans gert kröfur í máli þessu sem erfingi hans auk þess, sem getur hér að framan.

Greinargerð fyrir kröfum sóknaraðiljans Guðrúnar Jakobsdóttur er á þá leið, að síðari arfleiðsluskrá arfláta hljóti að teljast ógild, þar eð hún brtjóti í öllum aðalatriðum í bága við ákvæði fyrri arfleiðsluskrárinnar. Með undirritun fyrri skrárinnar hafi systurnar Elín og Sigríður skuldbundið þá þeirra, sem lengur lifði, til þess að framfylgja í hverri grein ákvæði skrárinnar, og hafi Sigríði því verið allsendis óheimilt að víkja frá þeim. Augljóst verði að telja, að það hafi verið vilji beggja, að hinar fastákveðnu fjárhæðir, er skráin getur, skyldu ganga til Háskólans og Iðnaðarmannafélagsins, en eftirstöðvarnar til lögerfingja. Fyrsta varakrafan sé á því byggð, að ef til vill mætti segja, að arfláta hafi verið heimilt að ráðstafa helmingi eigna sinna umfram það, sem tilskilið var, að renna ætti til ákveðinna aðilja. Önnur varakrafan byggist á sömu rökum og aðalkrafan að öðru leyti en því, að ef svo yrði á litið, að Iðnaðarmannafélagið ætti að fá allan eignarhluta arfláta í Hafnarstræti 4 og Veltusundi 1,

hljóti eftirstöðvar eignanna að ganga til lögerfingja. Þriðja varakrafan er á því byggð, að arfláta hljóti að minnsta kosti að hafa verið óheimilt að ráðstafa ⅓ hluta fasteignarinnar Ránargötu 12, sem óvéfengjanlega hafi verið eign Elínar Jakobsdóttur.

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík rökstyður kröfugerð sína á þessa leið:

Ísleifur Jakobsson ánafnaði Iðnaðarmannafélaginu kr. 10.000.00 eftir sinn dag, og skyldi félaginu greiðast þessi fjárhæð við andlát heildarerfingja hans, Sigríðar. Hún gefur síðan út tryggingarbréf fyrir fjárhæðinni, sjá rskj. nr. 9. Þannig var Iðnaðarmannafélagið orðið eigandi að þessari 10.000.00 kr. veðskuld þegar við andlát Ísleifs. Þannig voru þær systurnar Elín og Sigríður ekki að arfleiða félagið að oftnefndri upphæð með skránni frá 1942, heldur lýsa þær yfir, að það skyldi eignast þann hluta andvirðis hússins Hafnarstrætis 4 og Veltusunds 1, sem yrði umfram 50.000.00 króna gjöfina til Háskólans og 10.000.00 króna veðbréfið. Með hinni sameiginlegu arfleiðsluskrá hafi Sigríður Jakobsdóttir undirgengizt að breyta í engu þeim sameiginlegu ákvörðunum, sem skráin frá 1942 hefur að geyma, og því er haldið fram, að að því leyti sem arfleiðsluskráin frá 1955 gengur í berhögg við fyrri skrána, sé hún að engu hafandi.

Í greinargerð Steinunnar Bjarnason f. h. Ingibjargar og Dóru Sigríðar Bjarnason er því haldið fram, að arfleiðsluskráin frá 11. júní 1955 sé gild að öllu leyti. Hin sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá frá 15. nóvember 1934 gefi þeim systrum Elínu og Sigríði hvorri um sig algerlega frjálsar hendur um það, hvernig þær ráðstafi eignum sínum eftir dag þeirrar, er lengur lifir. Áritunin hinn 24. janúar 1942 geri enga breytingu á þessu. Nú hafi Sigríður Jakobsdóttir erft verulega miklar eignir eftir Ísleif bróður sinn, og í hinni sameiginlegu arfleiðsluskrá frá 10. júlí 1942 sé einungis ráðstafað hluta þeirra eigna, sem Sigríður fékk þannig. Skráin snerti ekki aðrar eignir, og hvernig svo sem á þetta verði litið, hafi Sigríður vissulega haft fullan ráðstöfunarrétt á öðrum eignum sínum. Hafi hún því haft fulla heimild til þess að breyta skránni frá 1942, eins og henni sýndist.

Fyrri varakrafan er á því byggð, að þótt ekki yrði á aðalkröfuna fallizt, þá sýni arfleiðsluskráin frá 1942, að aðeins lítil fjárhæð hafi átt að falla í hlut Iðnaðarmannafélagsins. Þetta beri að athuga sérstaklega með hliðsjón af þeim geysilegu verðhækkunum, sem orðið hafi á fasteignum, frá því er erfðaskráin

var gerð árið 1942. Verði ekki tekið tilliti til þessa, þá sé þó á það að líta, að Sigríður Jakobsdóttir hafi verið kvaðalaus erfingi allra annarra eigna þeirra, sem hún hafi arfleitt ýmsa aðilja að með skránni frá 1955.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur byggir réttarkröfur sínar á skránni frá 11. júní 1955, þar sem er ákvæði þess efnis, að félagið skuli, að arfláta andaðri, eignast ⅓ hluta húseignarinnar Ránargötu 12, og skuli fé þessu varið til sjóðstofnunar. Arfleiðsluskráin frá 1942 fjalli alls ekki um þenna fasteignarhluta, og sé því ekki um það að ræða, að arfláti hafi verið á neinn hátt ófrjáls að því að ráðstafa honum, eins og henni þóknaðist. Sé arfleiðsluskráin frá 1955 því gild að þessu leyti.

Það verður að telja, að með undirritun hinnar sameiginlegu og gagnkvæmu arfleiðsluskrár hinn 10. júlí 1942 hafi sú þeirra systra, Elín eða Sigríður Jakobsdóttir, sem lengur lifði, undirgengizt gagnvart hinni að breyta í engu út frá þeim ákvæðum, sem sú skrá hefur að geyma. Þar sem arfleiðsluskrá þessi telst lögleg að öðru leyti, þykir verða að fylgja í öllu ákvæðum hennar um þær eignir, sem þar eru sérstaklega tilgreindar, þ. e. hálfar húseignirnar Hafnarstræti 4 og Veltusund 1.

Samkvæmt þessu verða aðalkrafa og fyrsta varakrafa lögerfingjans ekki teknar til greina og heldur ekki aðalkrafa Steinunnar Bjarnason f. h. Ingibjargar og Dóru Sigríðar Bjarnason.

Þær verðbreytingar, sem orðið hafa á fasteignum þessum, verða ekki taldar skipta máli, hvað réttindi til erfða áhrærir, enda enginn fyrirvari um það gerður í arfleiðsluskránni frá 10. júlí 1942. Verður því einnig að hafna fyrri varakröfu Steinunnar Bjarnason, en af sömu ástæðu verður réttarkrafa Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík tekin til greina.

Þeim eignum dánarbúsins, sem ekki er ráðstafað með arfleiðsluskránni frá 10. júlí 1942, verður hin látna talin hafa mátt ráðstafa að vild sinni, og telst því arfleiðsluskrá hennar frá 11. júní 1955 gild að því leyti.

Samkvæmt síðast nefndu verður annarri og þriðju varakröfu lögerfingjans hafnað, en aftur á móti verður tekin til greina þrautavarakrafa erfðaskrárerfingjans Steinunnar Bjarnason f. h. Ingibjargar og Dóru Sigríðar Bjarnason svo og réttarkrafa Verzlunarmannafélags Reykjavíkur.

Í arfleiðsluskránni frá 1955 eru tilnefndir sem erfingjar Soffía Jónsdóttir, Njálsgötu 35, Elín Jónsdóttir, Ránargötu 12, og Jakob Jónsson, Sigtúni 53. Þessir aðiljar hafa látið skiptamál þetta

afskiptalaust, og þykir því ekki ástæða til þess að fara nánar inn á arfatilköll þeirra í úrskurði þessum. Af hálfu Háskóla Íslands hafa heldur ekki verið gerðar réttarkröfur né greinargerð skilað í málinu.

Eins og að framan er getið, tilnefnir arfleiðsluskráin 11. júní 1955 Inga Bjarnason, Tjarnargötu 18, sem heildarerfingja þeirra eigna dánarbúsins, sem ekki er sérstaklega ráðstafað til annarra. Ingi Bjarnason lézt á undan arfláta, Sigríði Jakobsdóttur, og samkvæmt ákvæðum nýnefndrar arfleiðsluskrár kemur þá dóttir hans Dóra Sigríður Bjarnason í hans stað sem heildarerfingi í búinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Því úrskurðast:

Eignum dánarbús Sigríðar Jakobsdóttur, Ránargötu 12, skal skipt á þessa leið:

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík f. h. Styrktarsjóðs Ísleifs Jakobssonar málarameistara frá Auðsholti, fær andvirði hálfrar fasteignarinnar Hafnarstræti 4 og Veltusundi 1, að frádregnum kr. 50.000.00, sem fellur í hlut Háskóla Íslands f. h. Minningarsjóðs systkinanna frá Auðsholti, Elínar, Ísleifs og Sigríðar, og áhvílandi veðskuldum á þessum eignarhluta.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hlýtur einn þriðja hluta fasteignarinnar Ránargötu 12, hér í bæ, til stofnunar minningarsjóðs um Elínu Jakobsdóttur, Ránargötu 12, enda taki félagið að sér að greiða einn þriðja hluta áhvílandi veðskulda á fasteigninni.

Soffía Jónsdóttir, Njálsgötu 35, fær brúnan mahogniskáp og kaffistell, Elín Jónsdóttir, Ránargötu 12, fær skatthol úr mahogni, Jakob Jónsson, Sigtúni 53, fær stóra klukku.

Ingibjörg Bjarnason og Dóra Sigríður Bjarnason fá hvor um sig einn chiffoniere, og hin síðarnefnda fær enn fremur tvo þriðju hluta fasteignarinnar Ránargötu 12, enda taki hún að sér að greiða tvo þriðju hluta veðskulda, sem á fasteigninni hvíla. Hún erfir og allar aðrar eignir dánarbúsins en þær, sem getið er hér að framan.

Málskostnaður í máli þessu fellur niður.

Miðvikudaginn 19. apríl 1961.

Nr. 84/1960. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
(Tómas Jónsson hrl.)
gegn
Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi
(Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1960. Hann krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur, að lögtak fari fram til tryggingar ógoldnu útsvari fyrir árið 1958, kr. 260.000.00, ásamt vöxtum og kostnaði og svo að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 8000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 25. marz 1960.

Gerðarþola, Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi, hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1958 kr. 435.960.00, sem niðurjöfnunarnefnd lækkaði síðar við kæru í kr. 430.000.00. Hefur gerðarþoli greitt alls af útsvarsskuldinni kr. 170.000.00, og standa því eftir ógreiddar kr. 260.000.00, sem gerðarþoli hefur neitað að greiða. Hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarsupphæð, kr. 260.000.00, með áföllnum og áfallandi dráttarvöxtum svo og kostnaði við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, þar á meðal málflutningsþóknun úr hendi gerðarþola samkvæmt taxta lögmannafélagsins.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framangreindri útsvarskröfu gerðarbeiðanda svo og öðrum kröfum hans í máli þessu og gert þær kröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður að skaðlausu málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarþola reist á því aðallega, að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hafi meðal annars lagt veltuútsvar á laun gerðarþola fyrir afgreiðslu olíuvara á Keflavíkurflugvelli, en þau laun hafi numið kr. 14.030.-800.00, og veltuútsvarið af þeirri upphæð hafi numið kr. 291.-280.00 (sbr. rskj. nr. 8). Hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að niðurjöfnunarnefnd hafi eigi verið heimilt að lögum að leggja þetta veltuútsvar á gerðarþola hér, þar eð afgreiðsla gerðarþola, meðal annars á olíuvörum á Keflavíkurflugvelli, og tekjur af henni séu eigi löglegur stofn til útsvarsálagningar í Reykjavík. Við afgreiðslu þessa séu notuð margvísleg mannvirki og tæki þar á staðnum, þannig að starfsemin sé heimilisföst atvinnustofnun þar í hreppi, sem hún fer fram í, þ. e. Njarðvíkurhreppi. Hreppurinn hafi því átt fullan rétt á að leggja útsvar á gerðarþola vegna þessarar starfsemi hans á Keflavíkurflugvelli árið 1957 samkvæmt 8. gr., 2. og 3. mgr., a-lið, laga nr. 66/1945. Þenna rétt hafi Njarðvíkurhreppur notað sér og lagt á veltu gerðþola á Keflavíkurflugvelli útsvar, að upphæð kr. 140.000.00 (sbr. rskj. nr. 6). Af því leiði, að Reykjavíkurbæ hafi eigi verið heimilt að leggja útsvar á gerðarþola að þessu leyti, enda taki ofangreint lagaákvæði til veltuútsvara

beinlínis eða að minnsta kosti með lögjöfnun. Eigi komi til greina nein skipting útsvarsins, sem lagt hafi verið á gerðarþola í Njarðvíkurhreppi, sbr. 9. gr. útsvarslaganna, og þá eigi heldur neins konar umreikningur útsvara gerðarþola í Njarðvíkurhreppi og í Reykjavík, sbr. 12. gr. sömu laga. Við munnlegan flutning málsins benti umboðsmaður gerðarþola á það til stuðnings þeirri skoðun sinni, að starfsemi gerðarþola á Keflavíkurflugvelli sé heimilisföst atvinnustofnun í Njarðvíkurhreppi, að samkvæmt efnahagsreikningi gerðarþola séu fasteignir hans á Keflavíkurflugvelli til notkunar við þjónustuna þar, að upphaflegu kostnaðarverði kr. 4.996.629.76, en séu nú afskrifaðar í kr. 2.770.206.56. Þá benti nefndur umboðsmaður á hæstaréttardóm nr. 159/1958, þar sem olíutankar Skeljungs h/f í Breiðuvíkurhreppi séu taldir heimilisföst atvinnustofnun þar í hreppi samkvæmt a-lið 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna. Þá hefur nefndur umboðsmaður ennfremur bent á í þessu sambandi hæstaréttardóm nr. 34/1942, hæstaréttardóm nr. 150/1946 og hæstaréttardóm nr. 64/1949, sem allir hnigi í sömu átt. Af þessu sé ljóst, að Njarðvíkurhreppur hafi haft fulla lagaheimild til að leggja útsvar á gerðarþola. En þá rísi sú spurning, á hvaða gjaldstofn hreppnum hafi verið heimilt að leggja. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna, sbr. lög nr. 59/1947, megi aðeins leggja á þær eignir, sem séu í hreppnum, og þær tekjur, sem atvinnurekstur þar gefur, og að ljóst sé, að álagningarheimildin taki einnig til veltu gjaldandans í hreppnum. Eins og tíðkist, hafi Njarðvíkurhreppur aðeins lagt á veltu gerðarþola, en þó veltuna alla, 1% af kr. 14.030.826.14 eða kr. 140.000.00, og því haldið sér fyllilega innan löglegra marka um álagninguna. Reykjavíkurbær hafi hins vegar lagt á *allar* eignir gerðarþola, sbr. efnahagsreikning hans, og *allar* tekjur hans, sbr. rekstrarreikning hans, og þannig á sama gjaldstofn og Njarðvíkurhreppur, en það fái eigi staðizt að lögum, sbr. a-lið 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna og enn fremur hæstaréttardóm nr. 120/1944. Þessi álagningaraðferð sé auk þess skýlaust brot á þeirri venju, sem niðurjöfnunarnefnd hafi fylgt, að minnsta kosti gagnvart öðrum olíufélögum, sbr. rskj. nr. 13 og 14. Hér skipti engu máli, hvort Njarðvíkurhreppur hafi notfært sér álagningarrétt sinn að fullu eða eigi, það skapi Reykjavíkurbæ engan rétt til álagningar. Hér sé því bersýnilega um tvísköttun að ræða, sem eigi fái staðizt að lögum. Með skírskotun til framangreindra varnarástæðna hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að gerðarþoli

sé þegar búinn að greiða gerðarbeiðanda í útsvar fyrir ár 1958 meira en honum hafi að réttu borið að greiða. Veltuútsvar Reykjavíkurbæjar á veltu gerðarþola á Keflavíkurflugvelli hafi numið kr. 291.280.00, en þá upphæð beri samkvæmt framansögðu að draga frá hinu álagða útsvari, kr. 430.000.00, og verði þá eftirstöðvarnar kr. 138.720.00. Hafi gerðarþoli því á þenna hátt greitt kr. 31.280.00 fram yfir hina réttu útsvarsupphæð, en hér við bætist, að tekjuútsvar gerðarþola ætti að vera kr. 58.350.00 í stað kr. 74.785.00. Muni þar kr. 16.435.00. Sé gerðarþoli því búinn að greiða gerðarbeiðanda kr. 47.715.00 umfram það, sem honum hafi borið að réttu. Af þessu sé ljóst, að kröfur gerðarbeiðanda í máli þessu fái eigi staðizt, og því beri að taka til greina allar kröfur gerðarþola í málinu.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt kröfum og sjónarmiði umboðsmanns gerðarþola. Hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda réttilega tekið það fram, að meginágreiningsefni máls þessa sé það, hvort Reykjavíkurbæ hafi verið heimilt að leggja útsvar á afgreiðslulaun gerðarþola vegna afhendingar olíuvara á Keflavíkurflugvelli til varnarliðsins þar eða hvort hér hafi verið um að ræða ólöglega tvísköttun, þar eð Njarðvíkurhreppur hefur lagt útsvar á sömu afgreiðslulaun.

Hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda eindregið haldið því fram, að umrædd útsvarsálagning hér fái fyllilega staðizt að lögum. Félag gerðarþola sé skrásett hér í bæ, og hér fari fram allt það, er máli skiptir um stjórn og rekstur fyrirtækisins, sölur, afgreiðslusamningar, bókhald o. s. frv. Hér sé því tvímælalaust heimasetur gerðarþola. Hér fari og fram sala félagsins til varnarliðsins að því leyti, að hér samþykki stjórn félagsins sölusamninga við Esso Export og (eða) önnur félög, sem samið sé við um afgreiðslu til varnarliðsins. Hins vegar verði starfsemi gerðarþola á Keflavíkurflugvelli eigi talin útibú eða neitt það, sem jafna megi til sjálfstæðs útibús í skilningi hlutafélagalaganna, því að til þess þyrfti starfsemin að vera skrásett þar syðra. Þó sé starfsemi þessi vafalaust útsvarsskyld þar og því heimilt að leggja á hana útsvar í Njarðvíkurhreppi. Þar með sé þó eigi sagt, að öll afgreiðslulaunin þar syðra séu einungis tekjur af starfseminni þar, heldur miklu fremur af starfseminni hér í bæ, þar eð héðan sé stjórnað öllum rekstri fyrirtækisins. Það sé því síður en svo gagnstætt lögum að leggja á gerðarþola útsvar hér með hliðsjón af skiptum hans við varnarliðið á Kefla-

víkurflugvelli, enda þótt verulegur hluti afgreiðslunnar kunni að fara fram utan Reykjavíkur, þ. e. í Njarðvíkurhreppi. Ekkert lagaákvæði banni slíkt, en hins vegar sé það í fullu samræmi við ákvæði 4. gr. útsvarslaganna um að leggja skuli á gjaldþegn „eftir efnum og ástæðum". Hér sé eigi um að ræða venjulegt veltuútsvar, miðað við sölu á hverjum stað, eins og um sé að ræða, þegar talað sé um veltuútsvar á umsetningu hinna olíufélaganna, einnig systurfélags gerðarþola, Olíufélagsins h/f. Hér sé aðeins um að ræða álagningu útsvars á afgreiðslulaun gerðarþola vegna vissra viðskipta, þ. e. álagningu á brúttóágóða gerðarþola af þessum viðskiptum, sem gerð séu hér í Reykjavík, enda þótt afgreiðslan kunni að fara fram að miklu leyti í Njarðvíkurhreppi. Hér sé sem sagt í bókstaflegum skilningi verið að leggja á „ástæður" gerðarþola, þær alveg einstöku og óvenjulegu ástæður að hafa með höndum þessi viðskipti við varnarliðið, er gæfi honum svo gífurlegar tekjur, sem sjá megi af framlögðum málsskjölum. Við ákvörðun útsvarsins í heimasveit gerðarþola hafi með öðrum orðum að sjálfsögðu verið tekið fullt tillit til þeirrar vildaraðstöðu, sem gerðarþoli njóti í skiptum sínum við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Samanlögð álagning í Reykjavík og í Njarðvíkurhreppi vegna þessara viðskipta sé um 3% af heildarupphæð afgreiðslulaunanna, og verði að telja það hóflegt, enda sé það eigi óvenjuleg álagning á umsetningu yfirleitt. Það væri og fráleitt, sem komið hefur fram af hálfu gerðarþola, að atvinnurekandi, sem hafi eigi minna um sig en greint er á rskj. nr. 5, ætti eigi að bera hærra útsvar hér í Reykjavík en kr. 122.285.00. Þær fullyrðingar eigi ekki stoð í þeim lögum, sem segi, að útsvör skuli lögð á eftir efnum og ástæðum.

Jafnframt framanskráðu hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið því fram, að þar eð Ríkisskattanefnd hafi eigi breytt útsvarsupphæðinni, þá sé mál þetta í raun réttri eingöngu um útsvarsupphæð, en um það atriði sé fógetarétturinn eigi bær að úrskurða. Beri þegar af þeirri ástæðu að taka lögtakskröfur gerðarbeiðanda til greina.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Svo sem að framan greinir, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið því fram, að í raun réttri sé mál þetta eingöngu um útsvarsupphæð, en um það atriði sé fógetarétturinn eigi bær að úrskurða. Á þetta sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda getur rétturinn eigi fallizt, enda augljóst af gögnum málsins svo og málflutningi aðilja, að hér er fyrst og fremst um það að

ræða, hvort Reykjavíkurbæ hafi verið heimilt eða eigi að leggja útsvar á afgreiðslulaun gerðarþola vegna afhendingar olíuvara á Keflavíkurflugvelli til varnarliðsins þar. M. ö. o. hvort afgreiðslulaun þessi hafi verið löglegur stofn til álagningar útsvars hér í bæ, en um það atriði er rétturinn tvímælalaust bær að úrskurða.

Kemur þá til álita réttarins þetta síðarnefnda atriði málsins, þ. e. hvort umrædd útsvarsálagning Reykjavíkurbæjar á starfsemi gerðarþola á Keflavíkurflugvelli hafi verið heimil að lögum eða eigi.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur samkvæmt framanskráðu haldið því fram, að starfsemi gerðarþola á Keflavíkurflugvelli, sú er um ræðir, verði eigi talin útibú eða neitt það, sem jafna megi til útibús í skilningi hlutafélagalaganna, þar eð starfsemin sé eigi skrásett þar syðra. Hins vegar sé félag gerðarþola skrásett hér í bæ, hér sé aðsetur stjórnar þess og hér séu teknar allar ákvarðanir um rekstur þess, sem máli skipti, svo sem um sölur og afgreiðslusamninga, hér sé og bókhald félagsins og hér fari fram sala þess til varnarliðsins, að því leyti að hér samþykki stjórn félagsins sölusamninga við Esso Export og (eða) önnur félög, sem samið sé við um afgreiðslu til varnarliðsins. Það sé því eigi gagnstætt lögum að leggja á gerðarþola útsvar hér með hliðsjón af skiptum hans við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Ekkert lagaákvæði banni slíkt, en hins vegar sé það í fullu samræmi við ákvæði 4. gr. útsvarslaganna um að leggja skuli á gjaldþegn „eftir efnum og ástæðum". Jafnframt hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda viðurkennt, að umrædd starfsemi gerðarþola á Keflavíkurflugvelli sé útsvarsskyld þar, þ. e. í Njarðvíkurhreppi.

Á framangreint sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda getur rétturinn eigi fallizt. Það hefur eigi verið véfengt í máli þessu, að gerðarþoli sé vegna umræddrar starfsemi sinnar á Keflavíkurflugvelli útsvarsskyldur í Njarðvíkurhreppi og að hreppnum hafi því verið heimilt að leggja á hann útsvar, enda hefur gerðarþoli margvísleg mannvirki og tæki þar á staðnum vegna þessarar starfsemi sinnar. Verður rétturinn því að fallast á þá skoðun umboðsmanns gerðarþola, að umrædd starfsemi gerðarþola á Keflavíkurflugvelli sé þess eðlis, að ákvæði a-liðar 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna taki til hennar, ef eigi beinlínis, þá per analogiam, og að gerðarbeiðanda hafi því eigi verið heimilt að leggja útsvar á þessa starfsemi, svo sem gert hefur

verið, sbr. rskj. nr. 5. Af þessu leiðir, að draga ber frá hinni álögðu útsvarsupphæð þær kr. 291.280.00, sem lagðar hafa verið hér á umræddra starfsemi gerðarþola á Keflavíkurflugvelli (sbr. rskj. nr. 5), en sú tala hefur eigi verið véfengd í málinu. Annan og meiri frádrátt frá hinni álögðu útsvarsupphæð leiðir og af þessu, en það skiptir eigi máli um úrslit málsins og því óþarft að rekja það nánar, þar eð gerðarþoli hefur, að frádregnum fyrrgreindum kr. 291.280.00, greitt að fullu það útsvar, sem honum bar samkvæmt framangreindu, og vel það.

Samkvæmt framanskráðu þykir því verða að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 25. apríl 1961.

Nr. 72/1961. **Eyjólfur K. Jónsson**

gegn

Inga R. Helgasyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 1. apríl 1961, sem Hæstarétti barst 6. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, er upp var kveðinn 28. marz 1961 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að úrskurður stjórnar lögmannafélagsins verði ómerktur og málinu vísað frá félagsstjórninni.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands verði staðfestur.

Ákvæði 8. gr. laga nr. 61/1942 veita eigi heimild til að skjóta til Hæstaréttar sér í lagi úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, þar sem hún tekur mál til efnismeðferðar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar hefur eigi verið krafizt, og fellur hann því niður.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 28. marz 1961.

Ágreiningsmál þetta, sem tekið var til úrskurðar eftir munnlegan málflutning 24. marz s.l., hefur Ingi R. Helgason héraðsdómslögmaður borið undir stjórn félagsins með bréfi 13. febrúar s.l., og gerir hann þær kröfur, að félagsstjórnin reyni að fá varnaraðilja til að bera til baka fregn, er birtist í Morgunblaðinu 12. febrúar 1961, og biðja sig afsökunar að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 18. gr. siðareglna Lögmannafélags Íslands.

Varnaraðili hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði frávísað, en til vara sýknu af kröfum sóknaraðilja.

Málavextir eru sem hér segir:

Sunnudaginn 12. febrúar s.l. birtist svohljóðandi forsíðugrein í Morgunblaðinu:

„Fjárdráttur í Kommúnistaflokknum.

Framkv.stjóranum vikið frá.

Undanfarnar vikur hefur legið á grunur um, að ekki væri allt með felldu í fjármálum Sósíalistaflokksins, sameiningarflokks alþýðu, enda er nú komið á daginn, að þar hefur verið mikil fjármálaóreiða, og nú síðast hefur komizt upp um fjárdrátt. Við athugun hefur komið í ljós, að fjárdráttur þessi nemur 400 þús. krónum.

Guðmundur tekur við.

Í sambandi við rannsóknir á máli þessu hefur Inga R. Helgasyni verið vikið úr starfi sem framkvæmdastjóra flokksins og Guðmundur Vigfússon tekið við. Eggert Þorbjarnarson hefur verið fenginn til að athuga og endurskoða fjármálaóreiðu flokksins.

Útvega peninga.

Að lokum skal geta þess, að Mbl. hefur aflað sér upplýsinga um, að Ægi Ólafssyni, sem rekur heildverzlun kommúnista, Marz Trading Company, hafi verið falið að útvega fé það, sem á vantar í sjóði flokksins vegna óreiðunnar."

Sóknaraðili skýrir svo frá, að sér hafi brugðið mjög, er hann las frásögn þessa að morgni 12. febrúar. Kveðst hann hafa náð fljótlega tali af Sigurði Bjarnasyni, ritstjóra Morgunblaðsins, og spurt hann, hvernig á fregn þessari stæði. Sigurður hafi svarað því til, að hann hafi ekki verið á laugardagsvaktinni og aðeins lesið fregnina í blaðinu, eins og sóknaraðili, en hann mundi athuga málið. Síðar um daginn kveðst sóknaraðili hafa náð tali af varnaraðilja, Eyjólfi Konráð Jónssyni. Skýrir sóknaraðili svo frá, að varnaraðili hafi sagt það rétt vera, að hann hefði sett frétt þessa í blaðið, og talið sig hafa hana eftir góðum heimildum, sem hann hafi þó ekki viljað tilgreina. Kveðst sóknaraðili hafa bent varnaraðilja á að spyrja ýmsa forystumenn Sósíalistaflokksins um það, hvort nokkrir fjármunir hefðu horfið og hver væri framkvæmdastjóri flokksins. Hafi varnaraðili talið þetta óþarfa, en sagt við sig, að hann skyldi hringja í hann daginn eftir, því að hann þyrfti að tala við sína menn.

Kveðst sóknaraðili daginn eftir hafa náð tali „af ritstjórninni" og krafizt þess, að hún aflaði sér án tafar upplýsinga um sannleiksgildi þessarar fregnar hjá réttum aðiljum og birti síðan leiðréttingu í þriðjudagsblaðinu og bæði sig afsökunar.

Í þriðjudagsblaði Morgunblaðsins, á annarri síðu, var birt yfirlýsing frá tveimur mönnum f. h. framkvæmdanefndar Sósíalistaflokksins, og segir þar, að umrædd skrif Morgunblaðsins séu með öllu tilhæfulaus ósannindi.

Varnaraðili hefur skýrt svo frá, að sóknaraðili hafi fyrst umrætt sunnudagskvöld og síðan fyrir hádegi á mánudaginn lengi rætt við sig í vinsemd um þessa frétt Morgunblaðsins. Hafi hann mælzt til þess, að Morgunblaðið bæri fréttina til baka, þar sem hún væri röng og engin fjármálaóreiða væri né hefði verið í Sósíalistaflokknum. Kveðst varnaraðili að athuguðu máli hafa tjáð sóknaraðilja, að slíka tilkynningu gæti Morgunblaðið ekki birt, þar sem blaðið teldi heimildir sínar fyrir fréttinni öruggar, að því er fjármálaóreiðuna varðaði, og hefðu fullyrðingar sóknaraðilja í því efni ekki breytt skoðun ritstjórnarinnar. Hins vegar kveðst varnaraðili hafa tjáð sóknaraðilja, að ritstjórnin vildi fúslega undirstrika, að sóknaraðilja væri ekki borinn á brýn fjárdráttur og leiðrétta það mishermi, að hann hefði vikið sem

framkvæmdastjóri flokksins í sambandi við rannsókn þess máls. Þó væri vart hægt að komast hjá því að geta þess, sem þá hafði frétzt og sóknaraðili staðfest í samtali, að sóknaraðili hefði látið af ákveðnum störfum, sem vörðuðu fjármál Sósíalistaflokksins. Segir varnaraðili, að þeir hafi rætt þetta mál allmikið, og kveðst varnaraðili hafa vakið máls á því, að hann teldi slíka leiðréttingu ekki til þess fallna að bæta aðstöðu sóknaraðilja, hún myndi fremur vekja tortryggni. Segir varnaraðili, að sóknaraðili hafi verið sér sammála um þetta og óskað þess, að slík leiðrétting yrði ekki birt.

Á fundi með stjórn félagsins var sóknaraðili inntur að því, hvort hann sætti sig við þau úrslit þessa máls, að varnaraðili eða ritstjórn Morgunblaðsins birti yfirlýsingu þess efnis, að honum væri ekki borinn fjárdráttur á brýn, og leiðrétti það misskilning, að hann hefði vikið sem framkvæmdastjóri flokksins í sambandi við rannsókn þess máls. Svaraði sóknaraðili þessu játandi með þeirri viðbót, að ánægjulegt væri að sjá einnig afsökunarbeiðni, en þó sé það ekki skilyrði.

Varnaraðili, sem var á þessum sama fundi og hlustaði á það, sem fram fór, hélt aftur á móti fast við frávísunarkröfu sína, þar sem mál þetta heyri ekki undir Lögmannafélag Íslands.

Stjórnin innti varnaraðilja eftir því á þessum fundi, hvort hann hefði skrifað umrædda grein eða látið setja hana í blaðið.

Varnaraðili neitaði að tjá sig frekar um þetta efni á þessu stigi málsins, þar sem hann hefði gert frávísunarkröfu sína á þeim grundvelli, að starf hans sem ritstjóra Morgunblaðsins og starf sóknaraðilja sem framkvæmdastjóra Sósíalistaflokksins heyrði ekki undir Lögmannafélag Íslands.

Sátt var reynd með aðiljum, en varð árangurslaus.

Varnaraðili byggir frávísunarkröfu sína á því, eins og að framan greinir, að ritstjórastarf hans sé óviðkomandi Lögmannafélagi Íslands, og vísaði hann um það efni til 8. gr. laga nr. 61/1942, til 11. gr. samþykkta félagsins og 11., 17. og 18. gr. siðareglna félagsins. Telur varnaraðili, að með orðalagi 8. gr. laga nr. 61/1942 sé eingöngu átt við brot í lögmannsstarfi, og valdsvið félagsstjórnar geti ekki náð til háttsemi lögmanna í öðrum störfum, svo sem ritstjórnarstarfi hans, þótt hann sem slíkur ætti í deilum við aðra lögmenn. Við munnlegan flutning málsins tók varnaraðili það skýrt fram, að á þessu stigi vildi hann ekki neita því að hafa skrifað umrædda grein, en hann myndi ekkert upplýsa um það, fyrr en úrskurður um frávísunar-

kröfu hans lægi fyrir. Jafnframt tók hann það fram, að hann óskaði ekki, að málinu væri frávísað vegna þess, að ósannað væri talið, hver hefði skrifað margnefnda grein.

Sóknaraðili heldur því fram, að hann og varnaraðili séu báðir meðlimir í Lögmannafélagi Íslands og því bundnir af siðareglum félagsins í samskiptum sínum, hvað sem líði öðrum verkefnum þeirra. Þriðji kafli siðareglnanna fjalli um skyldur lögmanna gagnvart stéttarbræðrum sínum. Ein af þessum skyldum sé að forðast að valda hver öðrum álitsspjöllum umfram málefni. Þessi skylda hljóti að hvíla á lögmönnum jafnt fyrir rétti sem utanréttar og jafnt fyrir það, hvort lögmaðurinn sé að sinna einhverjum öðrum störfum við hliðina á málflutningsstarfi sínu. Áburðurinn á sig í greininni um stórkostlegan fjárdrátt sé mjög álitsspillandi fyrir sig sem lögmann og falli því undir 11. grein siðareglnanna, ef lögmaður stendur fyrir honum.

Í 11. gr. siðareglna LMFÍ segir: „Lögmaður má einungis hafa uppi gagnrýni á störfum annars lögmanns á málefnalegum grundvelli og skal forðast að valda honum álitsspjöllum umfram það, sem málefnið gefur ástæðu til.“ Þá hefur varnaraðili í skjali nr. 3 tekið fram, að ritstjórn Morgunblaðsins vildi fúslega undirstrika, að sóknaraðilja væri ekki borinn fjárdráttur á brýn, og leiðrétta það mishermi, að hann hefði vikið sem framkvæmdastjóri flokks síns í sambandi við rannsókn þess máls. En ljóst er við lestur greinarinnar í Morgunblaðinu, að orðalag hennar verður naumast skilið öðruvísi en sóknaraðilja sé þar einmitt borinn á brýn stórfelldur fjárdráttur. Þegar þess er gætt, að fjárgæzla og eignaumsýsla er mjög mikilvægur þáttur í starfi hvers lögmanns og að fjárdráttur, sem borinn er á lögmann í einu tilviki, verður ekki aðskilinn frá áreiðanleik hans við eignaumsýslu almennt, þá telur stjórnin, að sóknaraðilja hafi sem lögmanni verið með nefndri grein valdið mjög verulegum álitsspjöllum. Lítur stjórnin svo á, að lögmaður, sem valdur kynni að vera að slíkum álitsspjöllum í garð annars lögmanns, geti ekki komið sér undan siðareglum félagsins, sbr. 8. gr. laga nr. 61/ 1942 og 11. gr. félagssamþykktanna, með því að bera það fyrir sig, að hann hafi valdið álitsspjöllunum í annari veru en sem lögmaður.

Með hliðsjón af þessu verður frávísunarkrafa varnaraðilja ekki tekin til greina.

Ályktarorð:

Frávísunarkrafa varnaraðilja, Eyjólfs Konráðs Jónssonar, verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 26. apríl 1961.

Nr. 132/1960. **Trygging h/f** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Marz h/f (Haukur Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Vátryggingarsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1960 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, tókst áfrýjandi á hendur með samningi 1. febrúar 1955 að tryggja stefnda um fimm ár gegn þeirri einkaréttarábyrgð, sem hvíldi á honum sem atvinnurekanda við útgerð b/v Marz, með tryggingarfé allt að kr. 1.000.000.00, þó með tilgreindum takmörkunum. Stefndi greiddi ársiðgjöld, sem féllu í gjalddaga 1. febrúar árin 1955, 1956, 1957 og 1958. Hinn 31. október 1958 sagði áfrýjandi upp tryggingarsamningi aðilja frá 15. nóvember 1958 að telja með tilvísun til 2. mgr. 10. gr. tryggingarskilmálanna, þar sem honum var m. a. veitt heimild til að segja tryggingunni upp með 14 daga fyrirvara, þá er stórfelld lækkun verður á kaupmætti íslenzkrar krónu, hvort sem hún stafar af gengislækkun eða öðrum orsökum.

Til þess að halda tryggingunni varð stefndi að greiða aukaiðgjald, kr. 4.799.39, um tímabilið 15. nóvember 1958 til 1. febrúar 1959. Endurkrefur hann áfrýjanda um þessa fjárhæð í máli þessu.

Með gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er í ljós leitt, að slík lækkun hefur orðið á kaupmætti íslenzkrar krónu á tímabilinu frá 1. febrúar 1955 til 31. október 1958, að áfrýjanda var rétt að beita ákvæði 2. mgr. 10. gr. tryggingarskilmálanna, sem hvorki brjóta í bága við 50. gr. laga nr. 20/1954 né önnur lög. Ber því að taka kröfu áfrýjanda um sýknu í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Trygging h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Marz h/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. apríl 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., hefur Marz h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. nóvember 1958, gegn Tryggingu h/f, hér í bænum.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur í stefnu í málinu, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða kr. 4.799.39 auk 6% ársvaxta frá 15. nóvember 1958 til greiðsludags svo og að stefndi verði með dómi skyldaður til að halda áfram ábyrgðartryggingu Marz h/f með sömu skilmálum, hvað snertir eigin áhættu tryggða, og gilt hafa fram til 15. nóvember 1958. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu að mati dómarans.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á kröfum stefnanda, að auk endurgreiðslu var þess nú krafizt, að stefndi verði með dómi skyldaður til að halda áfram ábyrgðartryggingu h/f Marz til 1. febrúar 1960 með sömu skilmálum, hvað snertir eigin áhættu tryggða, og giltu fram til 15. nóvember 1958.

Af hálfu stefnda hefur verið krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Með vátryggingarsamningi, gerðum hinn 1. febrúar 1955, tók stefndi að sér að tryggja stefnanda gegn þeirri einkaréttarábyrgð, sem hvíldi á honum sem atvinnurekanda með útgerð b/v Marz. Nam tryggingarfjárhæðin allt að kr. 1.000.000.00, en var þó háð takmörkunum, varðandi hvert einstakt tjón. Af hverju tjóni skyldi tryggði bera sjálfur kr. 200.00. Vátryggingarsamningurinn var gerður til fimm ára og iðgjöldum skipt þannig, að þau skyldu greiðast árlega fyrirfram fyrir eitt ár í senn með gjalddaga hinn 1. febrúar ár hvert. Stefnandi greiddi strax iðgjaldið fyrir tímabilið 1. febrúar 1955 til 1. febrúar 1956 og á sama hátt iðgjöld þau, er féllu í gjalddaga í febrúar 1956, 1957 og 1958. Með bréfi, dags. 31. október 1958, sagði stefndi upp tryggingarsamningi aðiljanna og krafðist hærra iðgjalds samkvæmt ákvörðun stjórnar Tryggingarsamsteypunnar og með vísan til 10. gr. hinna almennu skilmála um ábyrgðartryggingar. Samkvæmt uppsögninni skyldi tryggingin falla úr gildi hinn 15. nóvember 1958. Stefnandi greiddi nú með fyrirvara mismun iðgjalds þess, sem hann hafði þegar greitt fyrir tímabilið 1. febrúar 1958 til 1. febrúar 1959, og hins hækkaða iðgjalds fyrir tímabilið 15. nóvember 1958 til 1. febrúar 1959. Nam sá mismunur kr. 4.799.39 auk iðgjaldsskatts. Jafnframt mótmælti stefnandi uppsögn stefnda á tryggingarsamningnum sem ógildri og áskildi sér rétt til að bera lögmæti hennar undir dómstóla. Stefndi gaf nú út nýtt tryggingarskírteini í stað hins eldra.

Samkvæmt hinu nýja skírteini var hinum almennu skilmálum um eigin áhættu tryggða breytt á þann veg, að af hverju tjóni skyldi tryggði nú sjálfur greiða 10%, þó lægst kr. 500.00 og hæst kr. 10.000.00. Stefnandi veitti skírteininu móttöku til þess að eiga ekki á hættu að vera án tryggingar. Mótmælti hann sérstaklega þessari breytingu á tryggingarskilmálunum og áskildi sér rétt til að bera gildi hennar undir dómstóla.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda sé óheimilt að segja einhliða upp tryggingarsamningi aðiljanna og breyta iðgjöldum og almennum skilmálum, þar á meðal ákvæðum um eigin áhættu tryggða. Hann, þ. e. stefnandi, hafi gengið út frá þessu við samningsgerðina og talið samninginn fela þetta í sér, enda sé slíkur samningur að öðrum kosti þýðingarlaus.

Þá er því og haldið fram af hálfu stefnanda, að engin sú breyting hafi orðið á áhættu stefnda í sambandi við trygginguna síðan 14. apríl 1958, sem réttlæti uppsögn samningsins. Þá hafi engin

stórfelld breyting orðið á kaupmætti íslenzku krónunnar á þessu tímabili, og þótt einhver lækkun hafi orðið, þá geti hún á engan hátt réttlætt þá miklu hækkun, sem orðið hafi á iðgjaldinu við hækkunina.

Við munnlegan flutning málsins voru kröfur stefnanda einnig studdar þeim rökum, að ákvæði laga um vátryggingarsamninga heimili ekki slíkar breytingar á vátryggingarsamningum, sem stefndi hefur gert á samningi þeirra aðiljanna.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að sökum stórfelldrar lækkunar á verðgildi íslenzku krónunnar hafi allar ástæður verið svo stórlega breyttar almennt, að lögskipti aðiljanna hafi verið orðin önnur, er samningnum var sagt upp, en til var ætlazt í upphafi. Uppsögnin hafi verið byggð á 2. mgr. 10. gr. hinna almennu skilmála fyrir ábyrgðartryggingar, en ákvæði þetta sé svo víðtækt, að það nái til samnings aðiljanna í heild, og hafi hann því allur fallið úr gildi við uppsögnina.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að ákvæði 45. gr. laga um vátryggingarsamninga eigi hér ekki við, þar sem aukning áhættunnar hafi hér ekki orðið vegna aðgerða stefnanda.

Eins og fram er komið í máli þessu, byggði stefndi uppsögn sína á vátryggingarsamningi aðiljanna eingöngu á ákvæði 10. gr. hinna almennu skilmála samningsins. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. hljóðar svo: „Þegar áhætta breytist félaginu í óhag umfram það, sem eðlilegt var, að það reiknaði með, þegar það tók trygginguna, getur það sagt henni upp með fjórtán daga fyrirvara. Uppsagnarákvæði þetta nær einnig til áhættuaukningar, sem stafar af stórfelldri lækkun á kaupmætti íslenzku krónunnar, hvort sem hún stafar af gengislækkun eða öðrum orsökum."

Það má fallast á það með stefnda, að áhætta hans hafi aukizt, frá því er samningur aðiljanna var gerður og þar til honum var sagt upp, þar sem telja verður, að einstakar greiðslur, sem hann kynni að hafa þurft að greiða vegna samningsins og fallið hefðu innan við hámarksákvæði hans, hefðu orðið hærri að krónutölu en hliðstæðar greiðslur við upphaf samningstímabilsins vegna lækkaðs verðgildis íslenzku krónunnar.

Á hinn bóginn verður að telja, að ákvæði 50. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 valdi því,að stefndi hafi eigi getað byggt uppsögn sína á samningi aðiljanna á þessari auknu áhættu og uppsögnin hafi því verið ólögmæt, enda verður eigi talið, að stefndi hafi fært að því nægileg rök, að lögskipti aðilj-

anna hafi verið orðin önnur en til var ætlazt í upphafi sökum gerbreyttra ástæðna.

Samkvæmt þessu þykir því bera að dæma stefnda til að endurgreiða stefnanda mismun iðgjalds þess, sem hann hafði þegar greitt fyrir tímabilið 1. febrúar 1958 til 1. febrúar 1959, þ. e. kr. 4.799.39, ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Stefnandi hefur einnig krafizt þess, að stefndi verði skyldaður til að halda áfram ábyrgðartryggingu h/f Marz til 1. febrúar 1960 með sömu skilmálum, hvað snertir eigin áhættu tryggða, og giltu fram til 15. nóvember 1958.

Um þenna hluta dómkrafna stefnanda er það að segja, að tryggingartímabil hins upphaflega samnings aðiljanna er nú liðið. Upplýst er í málinu, að engin einkaréttarkrafa hefur verið gerð samkvæmt samningnum, hvorki að því er tekur til eigin ábyrgðar stefnanda né ábyrgðar stefnda. Þykja því eigi efni til að leggja dóm sérstaklega á þenna hluta af dómkröfum stefnanda.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 4.799.39 auk 6% ársvaxta frá 15. nóvember 1958 til greiðsludags svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1200.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Trygging h/f, greiði stefnanda, Marz h/f, kr. 4.799.39 auk 6% ársvaxta frá 15. nóvember 1958 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. apríl 1961.

Nr. 69/1960. **Sveinbjörn Jónsson f. h. eigenda og vátryggjenda b/v Mechthild**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni h/f
(Baldvin Jónsson hrl.)
og
Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
og
Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan h/f
og
Samtrygging íslenzkra botnvörpunga
gegn
Sveinbirni Jónssyni f. h. eigenda og vátryggjenda b/v Mechthild.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Sjóslys. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. marz 1960, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl s. á. og gert þessar dómkröfur:

Í aðalsök í héraði: Aðallega að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjenda, en til vara, að þær verði lækkaðar að mati dómsins.

Í gagnsök í héraði: Aðallega að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum DM 178.448.75, en til vara lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1956 til greiðsludags.

Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Loks krefst aðaláfrýjandi sér til handa sjóveðréttar í b/v Aski, RE 33, til tryggingar fjárhæðum, er honum verða dæmdar.

Gagnáfrýjandi Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan h/f hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. apríl 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. s. m. Hann gerir þessar dómkröfur:

Í aðalsök í héraði: Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 98.278.24 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1956 til greiðsludags.

Í gagnsök í héraði: Að honum verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda.

Þá krefst hann og málskostnaðar af aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Loks krefst hann sjóveðréttar í b/v Mechthild til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi Samtrygging íslenzkra botnvörpunga hefur fengið áfrýjunarleyfi 6. apríl 1960 og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 11. s. m.

Í aðalsök í héraði gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum aðallega kr. 348.787.53, en til vara lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1956 til greiðsludags.

Í gagnsök í héraði krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda.

Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Loks krefst hann sjóveðréttar í b/v Mechthild til tryggingar fjárhæðum, er honum verða dæmdar.

I.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um ábyrgð á tjóni því, sem hlauzt af árekstri b/v Asks og b/v Mechthild hinn 15. september 1956.

II.

Eigi er í ljós leidd skylda aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga kostnað samkvæmt 11. kröfulið hans, kr. 4.000.00. Með þessari at-

hugasemd ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um aðalsök í héraði.

III.

Fyrir Hæstarétti hefur verið samþykktur 5. kröfuliður aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði, DM 747.25, enda er hér um að tefla bætur til skipverja vegna muna, er notaðir voru og ónýttust við stöðvun á leka skipsins, en eigi greiðslu kaups, eins og í héraðsdómi greinir. Þá hefur og verið samþykktur hér fyrir dómi 10. kröfuliður aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði, DM 5.753.63. Á gagnáfrýjandi Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan h/f að greiða aðaláfrýjanda ⅕ hluta þessara fjárhæða, DM 1300.18. Fallast má á niðurstöðu héraðsdóms, að því er varðar aðra kröfuliði aðaláfrýjanda. Verður nefndum gagnáfrýjanda því dæmt að greiða aðaláfrýjanda samtals DM 28.903.95 með vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir, og á aðaláfrýjandi sjóveðrétt í b/v Aski, RE 33, til tryggingar þeim fjárhæðum. Að öðru leyti ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um gagnsök í héraði.

IV.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan h/f greiði aðaláfrýjanda, Sveinbirni Jónssyni f. h. eigenda og vátryggjenda b/v Mechthild, DM 28.903.95 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags, og á aðaláfrýjandi sjóveðrétt í b/v Aski, RE 33, til tryggingar þeim fjárhæðum.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 14. nóvember 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. f. m., hafa eigandi og vátryggjandi b/v Asks, Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan h/f og Samtrygging íslenzkra botnvörpunga, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi með stefnu, útgefinni 7. febrúar 1957, á hendur Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni f. h. eigenda og vátryggjenda b/v Mechthild frá Bremerhaven. Hefur eigandi b/v Asks gert kröfu til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 98.404.98, en krafa vátryggjandans nemur kr. 348.907.53. Þá krefjast stefnendur 6% ársvaxta af framangreindum fjárhæðum, aðallega frá 15. september 1956, til vara frá 12. október 1956, en til þrautavara frá 9. febrúar 1957. Loks er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda svo og, að dæmdur verði sjóveðréttur í b/v Mechthild til tryggingar öllum framangreindum fjárhæðum.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnenda, en til vara lækkunar að mati dómsins. Þá krefst hann greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Stefndi höfðaði gagnsök á hendur aðalstefnendum með stefnu, útgefinni 27. ágúst 1957. Krefst hann þess, að aðalstefnendur verði dæmdir til að greiða 168.019.75 ríkismörk með 6% ársvöxtum frá 15. september 1956 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins. Einnig krefst hann viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Aski til tryggingar kröfum þessum.

Í gagnsök gera aðalstefnendur aðallega kröfu um sýknu og málskostnað úr hendi gagnstefnanda, en til vara lækkunar á kröfum gagnstefnanda og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Í þinghaldi 4. júní s.l. lækkaði eigandi b/v Asks kröfu í aðalsök um kr. 126.74, og í sama þinghaldi hækkaði gagnstefnandi með samþykki aðalstefnenda kröfu sína í gagnsök í 178.448.75 ríkismörk.

Samkvæmt dagbók, véladagbók og framburði skipstjórnarmanna og skipverja á b/v Aski eru málsatvik þau, að hinn 15. september 1956 að kveldi var skipið að veiðum á Halamiðum. Kl. 1945 var skipið stöðvað í svonefndum kanti vestan við Halann og þar kastað í stefnu ANA á 195 faðma dýpi. Suðvestan gola var og svarta þoka. Kl. 2145 var enn kastað og nú stefnt VaS á 190 faðma dýpi. Á stjórnpalli voru skipstjóri, stýrimaður, er gætti ratsjárinnar, og háseti. Um þetta leyti tilkynnti stýrimaður, að skip sæist 15° um bakborða í einnar mílu fjarlægð og annað um stjórnborða í 1¾ mílu fjarlægð. Auk þessara skipa sá-

ust 20 skip á 5 mílna sviði ratsjárinnar ANA við Ask, en ekki þurfti að huga að ferðum þeirra, þar eð ekkert þeirra var í þeirri stefnu, er kastað var í. Var nú ratsjáin stillt á einnar mílu svið og jafnframt gefið eitt langt og eitt stutt hljóðmerki með eimflautu Asks. Í ratsjánni var fylgzt með ferðum skipsins, er sézt hafði um bakborða. Tilkynnti stýrimaður, að skipið nálgaðist og svo virtist sem það skæri stefnu Asks. Var þá gefið þrisvar hljóðmerki með stuttu millibili, eitt langt og eitt stutt hverju sinni. Jafnframt hafi heyrzt tvö löng hljóðmerki frá hinu skipinu með nokkru millibili. Er hér var komið, tilkynnti stýrimaður, að fjarlægðin milli skipanna væri $^{3}/_{10}$ úr mílu, og í sömu andrá sáust ljós skipsins á bakborða. Var Aski þá sveigt á stjórnborða og sett jafnframt á fulla ferð aftur á bak. Árekstur varð hins vegar ekki umflúinn, og lenti framstefni Asks aftan við hvalbak hins skipsins stjórnborðsmegin, en skip þetta reyndist vera þýzkur togari, Mechthild frá Bremerhaven. Eftir áreksturinn, sem var harður, fjarlægðust skipin fljótlega hvort annað, og var þá varpa Asks þegar í stað dregin inn. Hafði skipið verið með stjórnborðsvörpuna úti í umrætt sinn og því eigi verið unnt að sveigja Aski til bakborða, þar eð þá hefði verið hætta á því, að togvírarnir lentu í skrúfu skipsins, og af sömu ástæðu hafi eigi verið settir hemlar á vírana. Kastað hafi verið með venjulegri köstunaraðferð, en ekki er upplýst, hve hraði skipsins var mikill.

Samkvæmt framburðum skipstjórnarmanna og skipverja á b/v Mechthild eru tildrög máls þessa þau, að skipið var að veiðum að kvöldi hins 15. september 1956 á 66.40 N 24.52 V. Vindur var SV, 2—4 stig, þoka dimm og skyggni 50—100 metrar. Á stjórnpalli voru þrír menn, skipstjóri, háseti og stýrimaður, er fylgdist með ratsjánni. Um kl. 2245 var vörpunni kastað á stjórnborða og siglt í 10—30 gráða stefnu með um 8 sjómílna hraða. Þokumerki voru gefin stöðugt. Er hér var komið, sá stýrimaður skip í ratsjánni í 30—40 gráða stefnu og í um 0.7 mílna fjarlægð. Skip þetta, er reyndist vera Askur, virtist hafa sömu stefnu og Mechthild og ætla að halda sig á sama dýpi. Þar eð Askur nálgaðist óðum, var stefna Mechthild sett 10 gráður til að sleppa við Ask. Skipstjórinn á Mechthild kveðst síðan hafa séð mjög dauf hvít ljós 40—60 gráður til stjórnborða, og er hann stuttu síðar gat greint skipsskrokkinn og óttaðist árekstur, gaf hann fyrirskipun um að leggja á stýrið hart í bakborða í því skyni að varna árekstri eða a.m.k. að draga úr honum. Kveðst skipstjórinn fyrst hafa séð Ask, er 50—70 metrar voru

á milli skipanna, og eigi hafi liðið meira en mínúta, frá þeim tíma og þar til árekstur inn varð. Því er haldið fram, að eigi hafi verið unnt að sveigja Mechthild til stjórnborða, sakir þess hve stutt var á milli skipanna, en hins vegar var ekkert dregið úr ferð Mechthild, áður en árekstur inn varð, þar eð ætlunin hafi verið að sleppa undan Aski með því að sveigja skipinu til bakborða. Engin hljóðmerki segjast skipverjar á Mechthild hafa heyrt frá Aski.

Eigi varð slys á mönnum við árekstur skipanna, en bæði skipin urðu fyrir nokkrum skemmdum. Verður síðar nánar vikið að þeim þætti málsins svo og öðru tjóni, sem bóta er krafizt fyrir.

Um sökina.

Aðalstefnendur byggja kröfur sínar í aðalsök svo og kröfur um sýknu í gagnsök á því, að skipstjórnarmenn á Mechthild eigi alla sök á árekstri þeim, er varð hinn 15. september 1956. Á hinn bóginn reisir aðalstefndi sýknukröfu sína í aðalsök svo og kröfugerð í gagnsök á þeirri skoðun, að skipstjórnarmenn á Aski sé eina um áreksturinn að saka. Varakröfur sínar byggja aðiljar á því, að svo kunni að verða talið, að skipstjórnarmenn beggja skipanna hafi átt sök á árekstrinum.

Eins og áður greinir, hafa skipstjórnarmenn á b/v Mechthild borið, að er þeir greindu b/v Ask í ratsjánni, hafi þeim virzt skipin hafa sömu stefnu. Síðar hafi komið í ljós, er milli skipanna sást, að Mechthild hafði Ask til stjórnborða. Skipstjórnarmenn á Aski telja sig hins vegar hafa haft Mechthild til bakborða allan þann tíma, er til skipsins sást í ratstjánni. Virðist því athugun skipstjórnarmanna á Mechthild í ratsjá skipsins hafa verið ábótavant, en samkvæmt 19. gr. tilskipunar nr. 47/1953 verður að telja augljóst, að Mechthild bar að víkja fyrir Aski og sveigja til stjórnborða aftur fyrir Ask, sbr. 22. gr. sömu tilskipunar. Þá bar Mechthild og, sbr. 23. gr. tilskipunarinnar, að minnka ferðina, nema staðar eða fara aftur á bak, ef nauðsyn krefði. Öll þessi brýnu fyrirmæli almennra siglingarreglna vanræktu skipstjórnarmenn Mechthild, og var ekkert gert af þeirra hálfu til að forða ásiglingu. Skipið hélt ferð sinni, sveigði á síðustu stundu hart til bakborða í veg fyrir stefnu Asks, og vélarnar voru eigi stöðvaðar, fyrr en eftir að áreksturinn varð. Verður því meginorsök árekstrarins rakin til vanrækslu skipstjórnarmanna á b/v Mechthild.

Telja verður skipstjórnarmönnum b/v Asks vítalaust að halda

stefnu og ferð skipsins óbreyttri, meðan allt var með felldu, þar sem skipið hafði Mechthild til bakborða, sbr. 21. gr. tilskipunar nr. 47/1953. Þegar hins vegar var sýnt, að árekstur skipanna var yfirvofandi, bar þeim að gera allt, er í þeirra valdi stóð, til að varna því, að árekstur yrði. Þá bar báðum skipunum að setja á fulla ferð aftur á bak, hemla vírana, tengja trollvinduna við og hífa í vírana af fullum krafti. Ef þetta hefði verið gert með snöggum og öruggum handtökum, er líklegt, að árekstri hefði verið forðað eða a.m.k. dregið mjög úr honum. Skipstjórnarmenn b/v Asks settu að vísu á fulla ferð aftur á bak og sveigðu á stjórnborða, en ekki hemluðu þeir vírana né höluðu þá inn, sem þó hefði mátt ætla, að hefði haft nokkur áhrif á framdrátt skipsins. Verður því einnig að telja, að skipstjórnarmenn b/v Asks hafi átt nokkra sök á árekstrinum. Samkvæmt þessu þykja því stjórnendur beggja skipanna eiga sök á umræddum árekstri, og ber þá samkvæmt 224. gr. siglingalaganna að skipta tjóninu að réttri tiltölu við sök hvors þeirra. Eftir því hvernig atvikum að árekstrinum var háttað samkvæmt framansögðu þykir rétt að telja sök skipstjórnarmanna á b/v Mechthild að ⅘ hlutum, en sök skipstjórnarmanna á b/v Aski að ⅕ hluta. Koma þá kröfur aðilja í aðalsök og gagnsök til athugunar.

Aðalsök.

A. Eigandi b/v Asks hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1.	7% vextir af 5.500.000.00 í 24 daga	kr.	25.666.66
2.	12% fyrning af 5.500.000.00 í 24 daga	—	44.000.00
3.	Trygging skips í 24 daga	—	12.992.40
4.	Sameiginl. kostnaðarhlutur b/v Asks í 24 daga	—	14.119.18
5.	Þóknun til matsmanna	—	1.500.00
		Samtals kr.	98.278.24

Þegar eftir áreksturinn varð b/v Askur að fara í slipp, og tók viðgerðin 24 daga. Telur aðalstefnandi, eigandi b/v Asks, að aðalstefnda beri að greiða þann kostnað, er varð af skipinu þann tíma, sem viðgerð stóð yfir. Eru fyrstu tveir kröfuliðirnir miðaðir við kaupverð skipsins á árinu 1955, sá þriðji er greitt tryggingariðgjald og sá fjórði hluti skipsins af fastakostnaði í landi. Fimmti kröfuliðurinn er hins vegar þannig til kominn, að þegar eftir áreksturinn var ákveðið að leggja löghald á b/v Mechthild

til tryggingar greiðslu bóta. Voru í því skyni dómkvaddir tveir menn til að meta skemmdir á b/v Aski. Áður en til löghaldsmáls kom, var því hins vegar lýst yfir af umboðsmanni aðalstefnda, að allar kröfur samkvæmt samkomulagi eða dómi yrðu greiddar, og var því matsbeiðnin afturkölluð. Matsmenn höfðu hins vegar hafið undirbúning matsins, og mátu þeir þóknun sína kr. 1500.00.

Aðalstefndi hefur, eins og áður greinir, krafizt sýknu af kröfum eiganda b/v Asks. Telur aðalstefndi, að engin sérstök rök hafi verið leidd að þessari kröfugerð, önnur en áreksturinn sjálfur.

Kröfur eiganda b/v Asks í máli þessu eru eigi reistar á grundvelli þess tjóns, er hann varð fyrir vegna stöðvunar á veiðiferðum skipsins. Enginn hinna fjögurra fyrst töldu kröfuliða eru þess eðlis, að unnt sé að telja þá afleiðingu af árekstri skipanna, og þar eð eigi hefur verið sýnt fram á, að aðalstefnda beri af öðrum ástæðum að greiða kröfuliði þessa, þykir verða að taka til greina sýknukröfu aðalstefnda, að því er þá varðar. Hins vegar verður að telja, að dómkvaðning matsmanna til að meta skemmdir á b/v Aski hafi eftir atvikum verið eðlileg ráðstöfun og bein afleiðing árekstrarins. Verður því aðalstefnda gert að greiða eiganda b/v Asks 4/5 hluta af þóknun til matsmanna eða kr. 1200.00 ásamt vöxtum frá greiðsludegi reikningsins, en rétt þykir, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

B. Vátryggjandi b/v Asks sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Reikningur Stálsmiðjunnar vegna viðgerðar	kr.	206.424.00
2.	Reikningur Slippfélagsins vegna viðgerðar	—	22.011.87
3.	Uppskipun á ís	—	3.580.98
4.	Reikningur Togaraafgreiðslunnar vegna viðgerðar	—	526.22
5.	Ónýtur ís	—	6.750.00
6.	Greitt fyrir eldsneyti	—	9.234.00
7.	Reikningur Skipa- og vélaeftirlitsins	—	2.200.00
8.	Reikningur Slippfélagsins vegna leigu o. fl.	—	29.882.60
9.	Reikningur Reykjavíkurhafnar	—	663.10
10.	Reikningur vegna mannahalds	—	53.235.40
11.	Kostnaður vegna skoðunar, þýðinga o. fl.	—	4.000.00
12.	Reikningur Volta h/f vegna viðgerða	—	2.456.26
13.	Reikningur Lloyd's Register of shipping	—	4.700.00
14.	Reikningur F. Reck & Co., Bremen	—	3.123.10
15.	Greitt fyrir endurrit af sjóprófum	—	120.00
	Samtals	kr.	348.907.53

Verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar.

Um 1, 2, 4 og 12. Skemmdir þær, er b/v Askur hlaut við árekstur inn, munu aðallega hafa verið á framstefni skipsins. Kröfuliðir þessir eru allir vegna beinnar viðgerðar á skemmdum þeim, er skipið varð fyrir, og eru þeir studdir sundurliðuðum reikningum frá viðkomandi aðiljum. Hefur þeim að vísu verið mótmælt sem of háum, en engin rökstudd andmæli eða véfenging hefur verið höfð uppi gegn einstökum reikningum. Verða kröfuliðir þessir því teknir til greina með þeim fjárhæðum, sem til eru greindir.

Um 3 og 5. Kröfuliðir þessir eru annars vegar vegna uppskipunar og hífingar á ís, eftir að skipið kom til hafnar, en hins vegar andvirði þess íss, er ónotaður var við árekstur inn og ónýttist af þeim sökum. Verða kröfuliðir þessir teknir til greina samkvæmt framlögðum reikningum, enda hefur þeim ekki verið mótmælt sérstaklega.

Um 6. Fjárhæðin er vegna eldsneytis þess, er skipið notaði á siglingu frá árekstrarstað til hafnar og síðan aftur á veiðistað. Hefur henni ekki verið mótmælt sérstaklega, og verður því framlagður reikningur tekinn til greina.

Um 7. Kröfuliðurinn er samkvæmt reikningi, er eigandi b/v Asks hefur greitt til Skipa- og vélaeftirlitsins fyrir skoðun og umsjón með viðgerð á framangreindu tjóni. Hefur fjárhæðin ekki verið véfengd, og ber því að taka hana til greina.

Um 8. Krafan er byggð á sundurliðuðum reikningi frá Slippfélaginu í Reykjavík fyrir slippleigu, upp- og framsátur, ljós fyrir skipið o. fl. Þetta er kostnaður vegna viðgerðar skipsins og verður því tekinn til greina.

Um 9. Kröfuliður þessi er kostnaður vegna hafnsögugjalds og leigu á dráttarbát vegna viðgerðar skipsins. Verður á hann fallizt.

Um 10. Undir þessum lið er gerð krafa um greiðslu á kaupi til skipverja, er vátryggjandi b/v Asks samkvæmt samningi hefur goldið útgerð skipsins. Lagður hefur verið fram sundurliðaður reikningur fyrir kröfunni. Er áhöfn skipsins allri reiknað kaup fyrir 15. til 16. september 1956, þ. e. þann tíma, er skipið var á heimsiglingu eftir árekstur inn, en síðan er yfirmönnum, matsveini og 4 hásetum reiknað kaup í samtals 26 daga. Reikningurinn er að fjárhæð kr. 61.889.40, en gert er ráð fyrir, að tjón það, er varð á b/v Aski hinn 7. september 1956, greiði kr. 8.662.00, og nemur mismunurinn fjárhæðinni undir þessum lið. Eigi hefur annað verið í ljós leitt en nefndar kaupgreiðslur hafi verið í sam-

ræmi við gildandi kjarasamninga, og þar sem hvorki fjárhæð reikningsins né einstökum liðum hans hefur verið andmælt sérstaklega, verður kröfuliðurinn tekinn til greina.

Um 11. Kröfuliðurinn er vegna kostnaðar, er aðalstefnandi vátryggjandi b/v Asks hefur haft vegna skoðunar, þýðinga og skiptingar á tjóni, sem skipið varð fyrir hinn 7. september 1956 og síðan við umræddan árekstur. Kostnaður þessi, sem einungis fellur á vátryggjanda skipsins, en eigi á eiganda þess, verður ekki talinn þess eðlis, að aðalstefnda sé skylt að bæta hann, enda verður aðalstefnda eigi gert að greiða neinn kostnað, sem einungis er til kominn vegna vátryggingar b/v Asks. Ber því að sýkna aðalstefnda af þessum kröfulið.

Um 13. Greiðslu þessari til Lloyd's Register of Shipping fyrir skoðun og eftirlit hefur ekki verið andmælt sérstaklega, og verður kröfuliðurinn því tekinn til greina.

Um 14. Kröfuliðurinn er þóknun til umboðsmanna Lloyd's í Bremen fyrir að mæta við og gefa skýrslur um sjópróf og yfirheyrslur, er þar fóru fram vegna árekstrarins. Verður að telja, að það hafi eftir atvikum verið eðlileg ráðstöfun, er aðalstefnda beri að bæta.

Um 15. Höfð hefur verið hliðsjón af þessum kröfulið við ákvörðun málskostnaðar í aðalsök.

Úrslit aðalsakar verða því samkvæmt framansögðu þau, að aðalstefnda verður gert að greiða aðalstefnanda eiganda b/v Asks kr. 1200.00 með 6% vöxtum frá 3/10 1956 til greiðsludags, en málskostnaður fellur niður. Þá verður aðalstefnda gert að greiða aðalstefnanda vátryggjanda b/v Asks kr. 275.830.02, þ. e. 4/5 hluta af kr. 344.787.53, og kr. 20.000.00 í málskostnað. Þar sem eigi verður almennt séð af skjölum málsins, hvenær hinar einstöku greiðslur hafa verið inntar af hendi, en hins vegar þykir mega gera ráð fyrir, að svo hafi verið fyrir árslok 1956, verða vextir af höfuðstól skuldarinnar dæmdir frá 1. janúar 1957. Þá ber að taka til greina kröfu beggja aðalstefnenda um viðurkenningu á sjóveðrétti í b/v Mechthild til tryggingar greiðslu allra framangreindra fjárhæða.

Gagnsök.

Gagnstefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1.	Viðgerð á Ísafirði	DM	13.619.39
2.	Viðgerð hjá A. G. „Wesser", Werk Seebeck	—	32.637.00
3.	Viðgerð hjá Schiffszimmdrei Carl Hillmer	—	2.356.40

4.	Slippkostnaður	—	150.00
5.	Greiðsla til skipshafnar	—	747.25
6.	Bætur fyrir lekasegl o. fl.	—	1.626.40
7.	Tap á veiðarfærum	—	15.286.18
8.	Málning 35 kg.	—	90.25
9.	Andvirði 45 tonna af ís og vinna við að varpa ísnum útbyrðis	—	1.253.25
10.	Skemmdur fiskur vegna leka	—	5.753.63
11.	Aflatjón	—	83.929.00
12.	Aðstoðarþóknun til b/v Nürnberg	—	21.000.00
	Samtals	DM	178.448.75

Verður nú vikið að einstökum kröfuliðum.

Um 1., 2., 3., 4., 6., 8. og 9. Því hefur ekki verið mótmælt, að kröfuliðir þessir eigi rætur sínar að rekja til árekstrar skipanna. Þar sem kröfuliðir þessir hafa ekki verið véfengdir tölulega, verða þeir teknir til greina.

Um 5. Við áreksturinn fékk b/v Mechthild rifu á stjórnborðssíðu aftarlega, u.þ.b. 2ja m breiða að ofan, og náði hún 1 m niður fyrir þilfar. Kveðst skipstjóri hafa gefið fyrirskipun um að þétta rifuna að utan og innan og spenna lekaseglið, og er kröfuliður þessi þóknun til skipshafnarinnar fyrir það starf. Því er hins vegar mótmælt af gagnstefndu, að skipverjar hafi átt rétt á sérstakri þóknun fyrir að hindra lekann. Telja verður, að áhöfn skipsins hafi verið skylt að gera allt, er í hennar valdi stóð, til að bjarga skipinu úr þeim háska, sem það var í eftir áreksturinn, án þess að áhöfnin eigi rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf. Þar sem greiðsluskylda aðalstefndu hefur ekki verið rökstudd á annan veg og enginn sundurliðaður reikningur lagður fram, verður kröfuliður þessi ekki tekinn til greina.

Um 7. Kröfulið þessum hefur ekki verið mótmælt tölulega, en hins vegar er því andmælt, að ástæða hafi verið til að höggva veiðarfærin frá skipinu, þar eð hættan á að skipið sykki hafi ekki verið mikil. Skemmdum þeim, er b/v Mechthild hlaut við áreksturinn, var lýst hér á undan. Hafa skipstjórnarmenn á b/v Aski skýrt svo frá, að eftir áreksturinn hafi þeim borizt frétt um, að b/v Mechthild væri að sökkva, og hafi þeir því haft björgunarbátana til reiðu. Sú frétt var síðan borin til baka, og sigldi togarinn til Ísafjarðar í fylgd b/v Nürnberg.

Er áreksturinn varð, var b/v Mechthild að toga með stjórnborðsvörpunni. Voru þegar í stað gerðar ráðstafanir til að þétta

rifu þá, er togarinn hlaut á stjórnborðssíðu, og jafnframt var fiski bæði á þilfari og í lest svo og ís í lest mokað í bakborðshlið skipsins. Verður að telja, að eins og á stóð, hafi verið mikil hætta samfara tilraunum til að hífa inn stjórnborðsvörpuna, enda hefði það valdið auknum þrýstingi á þá síðu togarans, sem leki var um. Var það því sjálfsögð og nauðsynleg ráðstöfun af hendi skipstjórnarmanna b/v Mechthild að láta einnig höggva á togvírana til að fá slagsíðu á skipið á bakborða. Ber því að taka kröfulið þenna til greina.

Um 10. Krafa þessi er gerð fyrir fisk, er skemmdist við það, að sjór komst í lestir b/v Mechthild við árekstur inn. Hefur kröfuliðnum verið mótmælt tölulega sem röngum og ósönnuðum. Ekki er dregið í efa, að sjór kunni að hafa komizt í lestir skipsins og valdið skemmdum á fiski. Hins vegar hefur gagnstefnandi enga tilraun gert til að sanna, hversu mikið fiskmagn það var, sem skemmdist, eða leitt í ljós, á hvern hátt fjárhæðin undir þessum kröfulið er reiknuð út. Af skjölum málsins eru þannig engin tök á að gera sér grein fyrir, hversu mikið verðmæti kunni að hafa farið forgörðum á þenna hátt, og ber því að taka sýknukröfu aðalstefndu, að því er þenna kröfulið varðar, til greina.

Um 11. Eftir áreksturinn varð b/v Mechthild að hætta veiðiferðinni og sigla til Ísafjarðar, þar sem bráðabirgðaviðgerð var framkvæmd á skipinu. Sigldi skipið síðan til Bremerhaven og kom þangað eftir 20 daga útivist. Þar var síðan framkvæmd fullnaðarviðgerð á skemmdum skipsins, og tók hún 18 daga. Undir þessum kröfulið gerir gagnstefnandi í fyrsta lagi kröfu til, að bættur verði mismunur þess aflaverðmætis, er hann telur, að togarinn hefði átt að geta fengið á fyrrgreindum 20 útivistardögum, ef skipið hefði lokið fullri veiðiferð, og söluverðs þess afla, sem veiðzt hafði, er áreksturinn varð. Í öðru lagi gerir hann kröfu til, að bætt verði verðmæti þess afla, er hann telur, að togarinn hefði getað fengið á þeim 18 dögum, sem fullnaðarviðgerð stóð yfir.

Aðalstefnendur hafa mótmælt lið þessum sem röngum, ósönnuðum og órökstuddum, en til vara sem allt of háum.

Kröfum sínum undir þessum lið til stuðnings hefur gagnstefnandi lagt fram skýrslur um útivistardaga og aflaverðmæti fimm þýzkra togara, er stunduðu veiðar við strendur Íslands og seldu afla sinn í Bremerhaven dagana 24/9 til 2/10 1956, og þriggja togara, er seldu afla sinn síðari hluta októbermánaðar. Þá eru

og lagðar fram skýrslur um sölu tveggja togara, er stunduðu veiðar við strendur Noregs. Hefur gagnstefnandi um hvort tímabil fyrir sig reiknað út meðaltals brúttótekjur togaranna á hvern útivistardag, en frá þeirri fjárhæð dregið söluverðmæti aflans, er b/v Mechthild hafði veitt fyrir áreksturinn, en jafnframt áætlaðan sölukostnað svo og rekstrarkostnað, sem sparaðist meðan togarinn var til viðgerðar í Bremerhaven. Engar upplýsingar liggja fyrir um verðmæti afla b/v Mechthild í söluferðum fyrir eða eftir áreksturinn.

Telja verður sannað, að eigandi b/v Mechthild hafi orðið fyrir tjóni vegna afnotamissis skipsins, meðan viðgerð fór fram eftir áreksturinn, og vegna þeirra tafa, er skipið varð fyrir. Hins vegar verður eigi með vissu vitað, hve hárri fjárhæð hið raunverulega tjón nam, en eftir atvikum og með hliðsjón af verðmæti þess afla, er b/v Mechthild hafði veitt fyrir áreksturinn, þykir rétt að taka kröfulið þennan til greina með DM 50.000.00.

Um 12. Áður var lýst skemmdum þeim, er b/v Mechthild varð fyrir, hættu þeirri, er skipið var talið vera í eftir áreksturinn, svo og ráðstöfunum þeim, er gerðar voru til að hindra leka. Skömmu síðar kom b/v Nürnberg á vettvang, og höfðu skipin síðan samfylgd til Ísafjarðar, en þangað var komið að morgni hins 16. september. Fyrir aðstoð þessa, bæði vegna aflatjóns svo og annars kostnaðar, hefur gagnstefnandi greitt fjárhæð þá, sem hér er gerð krafa um. Af hálfu aðalstefnanda var kröfulið þessum mótmælt sem röngum, þar til lögð hefði verið fram kvittun um greiðslu. Þar sem greiðslukvittun þessi liggur nú fyrir, og jafnframt þar sem telja verður það eðlilega ráðstöfun, eins og þá var háttað, að leita samfylgdar annars skips til hafnar, verður kröfulið þessi tekinn til greina.

Úrslit máls í gagnsök samkvæmt framansögðu verða því þau, að kröfur gagnstefnanda verða teknar til greina með DM 27.-603.77, þ. e. ⅕ hluta af DM 138.018.87. Vextir verða dæmdir frá 1. janúar 1957.

Verður því gagnstefnda eiganda b/v Asks gert að greiða gagnstefnanda framangreinda fjárhæð ásamt 6% vöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað. Þá ber og að taka til greina kröfu gagnstefnanda um viðurkenningu á sjóveðrétti í b/v Aski til tryggingar greiðslu nefndra fjárhæða. Hins vegar verður krafa gagnstefnda vátryggjanda b/v Asks um sýknu sakir aðildarskorts tekin til greina, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að gagnstefnandi hafi við áreksturinn

öðlazt beinan rétt á hendur vátryggjanda b/v Asks. Rétt þykir hins vegar, að málskostnaður gagnvart honum falli niður í þessum þætti málsins.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Ragnari Ólafssyni hæstaréttarlögmanni.

Sakir þess hversu mál þetta er umfangsmikið svo og vegna mikilla anna við embætti borgardómara, hefur uppsaga dómsins tafizt nokkuð.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður f. h. eigenda og vátryggjenda b/v Mechthild, greiði aðalstefnanda eiganda b/v Asks, Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni h/f, kr. 1200.00 með 6% ársvöxtum frá 3. október 1956 til greiðsludags, en málskostnaður fellur niður.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda vátryggjanda b/v Asks, Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga, kr. 275.830.02 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur aðalstefnenda í b/v Mechthild frá Bremerhaven til tryggingar greiðslu allra framangreindra fjárhæða.

Gagnstefndi eigandi b/v Asks, Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan h/f, greiði gagnstefnanda, Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni f. h. eigenda og vátryggjenda b/v Mechthild, DM 27.603.77 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað. Viðurkenndur er sjóveðréttur gagnstefnanda í b/v Aski, RE 33, til tryggingar greiðslu fjárhæða þessara.

Gagnstefndi vátryggjandi b/v Asks, Samtrygging íslenzkra botnvörpunga, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda í máli þessu, en málskostnaður gagnvart honum fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. apríl 1961.

Nr. 132/1958. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Stjórnarmönnum Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, þeim Jóhanni Sigfússyni, Sighvati Bjarnasyni, Jónasi Jónssyni, Haraldi Hannessyni og Guðjóni Jónssyni fyrir hönd Vinnslustöðvarinnar

(Gunnar J. Möller hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Félagsréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. september 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hér fyrir dómi krefst hann þess aðallega, að viðurkennt verði, að hann hafi verið fullgildur félagsmaður í félaginu Vinnslustöðinni við félagsslit hennar 17. desember 1959. Til vara krefst hann þess, að viðurkennd verði hlutdeild hans í eignum nefnds félags við félagsslit þess 17. desember 1959. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast sýknu af aðalkröfu áfrýjanda. Að því er varðar varakröfu áfrýjanda, krefjast stefndu aðallega sýknu gegn greiðslu á kr. 19.052.39, en til vara sýknu „án ákvörðunar um fjárhæð greiðslu, er áfrýjandi kann að eiga rétt til". Þá krefjast stefndu staðfestingar á málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur komið fram, að stofnað hefur verið í Vestmannaeyjum hlutafélag, sem ber nafnið Vinnslustöðin h/f. Samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár, dags.

31. desember 1959, eru samþykktir félagsins dagsettar 18. sama mánaðar og tilgangur félagsins meðal annars sá, „að yfirtaka eignir og rekstur Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum svo og allar skuldir og skuldbindingar samkvæmt ársreikningum félagsins pr. 31. desember 1958".

Áfrýjanda var vikið úr félaginu Vinnslustöðinni með bréfi félagsstjórnarinnar hinn 3. júní 1952. Var brottvikningin staðfest með atkvæðagreiðslu á aðalfundi félagsins 22. desember sama ár. Í héraðsdómi eru færð að því fullnægjandi rök, að félagsstjórninni hafi samkvæmt 17. gr. í lögum félagsins verið heimilt að víkja áfrýjanda úr félaginu vegna brota hans á ákvæðum 4. gr. félagslaganna. Samkvæmt þessu var áfrýjandi ekki félagsmaður í félaginu Vinnslustöðinni eftir 3. júní 1952, og ber því að sýkna stefndu af aðalkröfu hans.

Með stoð í b-lið 12. gr. félagslaga Vinnslustöðvarinnar voru stofnframlög félagsmanna ásamt vöxtum, eins og þar greinir, færð á sérreikninga félagsmanna. Stefndu kveða stofnframlög áfrýjanda ásamt vöxtum til 3. júní 1952 hafa numið kr. 19.052.39, og er ekki vefengt af hálfu áfrýjanda, að þar sé tölulega rétt með farið. Hinn 3. júní 1952 var enn ekki farið að færa neinn rekstrararð í séreignasjóði félagsmanna samkvæmt a-lið 12. gr. félagslaganna. Stefndu bjóðast til að greiða áfrýjanda framangreinda fjárhæð, kr. 19.052.39, en telja hann ekki eiga rétt til frekari greiðslu úr hendi félagsins.

Félagið Vinnslustöðin var sameignarfélag, og eins og gerð þess, markmiði og starfsemi var háttað, urðu félagsmenn, sem lögðu fram fjárframlög til þess, þar á meðal áfrýjandi, sameigendur í tilteknum hlutföllum að eignum þess, sem ekki bar eftir félagslögunum að telja séreign einstakra félagsmanna og skrá á sérreikninga. Samkvæmt þessu ber að viðurkenna, að áfrýjandi hafi auk framangreindrar séreignar átt rétt til hlutdeildar í eignum félagsins, er honum var vikið úr því hinn 3. júní 1952, miðað við rétt mat á eignunum á þeim tíma.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndu fyrir hönd

Vinnslustöðvarinnar greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur áfrýjanda, Helga Benediktssonar, til hlutdeildar í eignum Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum hinn 3. júní 1952 samkvæmt framanskráðu.

Stefndu, Jóhann Sigfússon, Sighvatur Bjarnason, Jónas Jónsson, Haraldur Hannesson og Guðjón Jónsson, greiði fyrir hönd Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 18. marz 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. þ. m., er höfðað, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðavegi 20, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 26. marz 1956, birtri 27. s. m., á hendur stjórn Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum f. h. félagsins, þeim Jóhanni Sigfússyni framkvæmdastjóra, Sólhlíð 6, Sighvati Bjarnasyni útgerðarmanni, Kirkjuvegi 49, Jónasi Jónssyni útgerðarmanni, Urðavegi 16, Haraldi Hannessyni skipstjóra, s. st., og Guðjóni Jónssyni útgerðarmanni, Vestmannabraut 65 B, öllum í Vestmannaeyjum. Málið er höfðað vegna brottvikningar stefnanda úr hinu stefnda félagi.

Stefnandi gerði í upphafi þær réttarkröfur aðallega, að stefndu verði dæmt að viðurkenna Helga Benediktsson sem ennverandi fullgildan félagsmann í Vinnslustöðinni með tilheyrandi réttindum og skyldum, en til vara verði stjórn Vinnslustöðvarinnar fyrir félagsins hönd dæmd til að láta fram fara fullnaðaruppgjör á félaginu og eignum þess, og verði Helga Benediktssyni greiddur út sameignarhluti hans að réttri tiltölu við stofnframlög og þá eignaaukningu, sem orðin er hjá félaginu, frá því það var stofnað og þar til uppgjör hefur farið fram.

Enn fremur gerði stefnandi fullar málskostnaðarkröfur á hendur stefndu, bæði í sambandi við aðal- og varakröfu, allt að skaðlausu eftir mati réttarins eða eftir framlögðum reikningum.

Varakröfu stefnanda var, að undangengnum málflutningi, vísað frá réttinum hinn 11. október 1957, og var sú ákvörðun staðfest í Hæstarétti hinn 18. nóvember s. á.

Í lok málsins urðu kröfur stefnanda á þessa leið:

Aðallega, að Helgi Benediktsson verði viðurkenndur ennverandi fullgildur félagsmaður í Vinnslustöðinni með tilheyrandi réttindum og skyldum, en til vara, að Helgi Benediktsson verði viðurkenndur ennverandi sameigandi annarra félaga í Vinnslustöðinni að öllum eignum hennar. Enn fremur verði stefndu gert að greiða stefnanda fullan málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefnda lét mæta í málinu, og er umrædd kröfugerð lá fyrir, voru réttarkröfur frá hennar hálfu á þessa leið: Að hún yrði algerlega sýknuð af aðalkröfu stefnanda og henni tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins, að varakröfu stefnanda verði vísað frá réttinum, en til vara verði stefnd sýknuð og hvernig sem málið færi, yrði stefnandi dæmdur til að greiða málskostnað.

Frávísunarkröfu stefndu var hrundið með úrskurði, upp kveðnum 5. þ. m.

Í lok málsins voru kröfur stefndu á þessa leið: Að hún yrði algerlega sýknuð af aðalkröfu stefnanda og, að því er varakröfuna snertir, verði hún sýknuð gegn greiðslu á kr. 16.031.50 auk vaxta til 24. maí 1952, og hvernig sem málið færi, yrði stefnandi dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Á árinu 1946 ákváðu ýmsir útgerðarmenn í Vestmannaeyjum að stofna með sér félag í því skyni að vinna í sameiningu að aukinni vinnslu fisks og sölu fisks og fiskafurða á svo víðum grundvelli, sem tök væru á á hverjum tíma. Stofnfundur var haldinn 30. desember 1946, lög samþykkt, stjórn kosin og félagið stofnað. Hlaut það nafnið Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, en síðan var nafninu breytt í Vinnslustöðina, og það nafn hefur félagið borið síðan. Segir í lögum félagsins, að það sé samlagsfélag og ábyrgð félagsmanna takmarkist við inneign þeirra í sjóðum þess. Allir útgerðarmenn og eigendur fiskibáta, sem höfðu yfir fiski að ráða, er félagið tæki til vinnslu eða sölu, gátu orðið félagsmenn. Stofnendur skyldu leggja fram sem stofntillag kr. 150.00 fyrir hverja brúttósmálest af bátaeign sinni við stofnun félagsins, en heimilt var þeim, sem þess óskuðu, að greiða stofnféð með ávísun á 2% af

fiskframleiðslu sinni, sem lögð er inn til félagsins, þar til tillagið er að fullu greitt. Um önnur fjárframlög af hálfu félagsmanna var ekki að ræða. Stjórn félagsins skipuðu 5 menn, en æðsta vald í öllum málefnum félagsins var í höndum félagsfunda. Hver félagsmaður hafði eitt atkvæði fyrir hverjar fullar kr. 500.00 af stofntillagi, en þó gat enginn félagsmaður farið með meira en 15% af samanlögðu atkvæðamagni. Allur hagnaður af starfsemi félagsins, þegar félagsmönnum hafði verið reiknað fiskinnlegg með gangverði og allur rekstrarkostnaður greiddur, skyldi skiptast þannig, að 50% skyldu leggjast í sameignarsjóð og 50% í séreignarsjóði félagsmanna eftir innleggsverðmæti. Reikna skyldi 5% ársvexti af stofnframlögum og færast árlega á sérreikning hvers félagsmanns, en ekki skyldu þeir greiðast, fyrr en greitt hefði verið a. m. k. 30% af upphaflegum lánum vegna bygginga félagsins. Séreignarsjóði félagsmanna mætti greiða út eftir tillögum félagsstjórnar, þegar hagur félagsins leyfði, enda væri það samþykkt með ⅔ hluta mættra atkvæða á félagsfundi. Gangi félagsmaður úr félaginu, skyldi gera reikning hans upp, en eigi ætti hann kröfu á neinni útborgun, fyrr en gert væri út um þær skuldbindingar, sem hann hefði tekið á sig sameiginlega við aðra félagsmenn. Aðeins skyldi greiða þann hluta af eignum félagsmanna í séreignarsjóði, sem væri í vörzlum félagsins í handbæru fé eða verðbréfum, sem félagið gæti látið af hendi, en vexti skyldi greiða af inneignum, er ekki væru greiddar út. Útborgun úr sameignarsjóði færi aðeins fram við andlát, brottflutning, brottrekstur eða gjaldþrot félagsmanns. Við félagsslit skyldi nettóandvirði eignanna skiptast upp milli félagsmanna í réttu hlutfalli við bókaðar eignir þeirra hjá félaginu.

Félagið hóf von bráðar byggingu stórhýsis fyrir fiskvinnslu, og var því verki haldið áfram næstu ár. Framkvæmdir voru hafnar með stofnframlögum einum ásamt lánsfé, því að ekki var um önnur framlög að ræða frá félagsmönnum. Á árinu 1948 hóf félagið vinnslu á fiski, er félagsmenn lögðu inn, og hefur þeirri starfsemi verið haldið áfram síðan. Tap varð á rekstrinum fyrstu árin samkvæmt reikningum félagsins, er samþykktir voru athugasemdalaust á aðalfundum, að lokinni endurskoðun af kjörnum endurskoðendum, er einnig höfðu ekkert við reikningana að athuga. Um þetta liggur fyrir vottorð bókhaldara, er ekki hefur verið véfengt. Tekjuhallinn varð mestur árin 1950 og 1952, en minni hin árin. Varð því aldrei um neinn hagnað að

ræða á þessum árum, er kæmi til skipta milli sameignarsjóðs og séreignarsjóða félagsmanna. Að sögn bókhaldara félagsins var það fyrst á aðalfundi 1953, að samþykkt var, að tillög skyldu innt af hendi til umræddra sjóða.

Stefnandi var einn af stofnendum félagsins. Hann átti þá fjóra fiskibáta, Auði, Skíðblaðni, Mugg og Skaftfelling. Greiddi hann stofntillag að fullu fyrir Mugg og Skaftfelling, tæpa ⅔ hluta af stofntillagi Auðar og óverulegan hluta af stofntillagi fyrir Skíðblaðni (tæpan 1/12 hluta).

Samkvæmt 4. gr. félagslaganna skuldbundu félagsmenn sig til að afhenda félaginu alla fiskframleiðslu sína, sem lögð væri á land í Vestmannaeyjum, að undanskilinni lifur. Á vertíðunum 1948—1951, að báðum meðtöldum, lagði stefnandi allan aflann af Mugg inn hjá félaginu og allan afla Skaftfellings á vertíðunum 1949—1951, að báðum meðtöldum. Hins vegar barst félaginu aldrei neinn afli af Auði og Skíðblaðni, enda seldi stefnandi þessa báta, ekki löngu eftir að félagið var stofnað.

Á vetrarvertíðinni 1952 hætti stefnandi skiptum við félagið. Kvaðst hann þegar um vorið 1951 hafa tilkynnt bókhaldara félagsins, að á næsta ári myndi hann ekki leggja fiskafla sinn inn til félagsins, þar eð fyrir lægi endurskipulagning atvinnurekstrar síns með skiptingu hans í smærri fyrirtæki, er hefði í för með sér, að afurðaafhending frá sinni hálfu yrði ekki lengur háð félagslegum skuldbindingum gagnvart hinu stefnda félagi. Lagði hann svo engan fisk inn hjá félaginu á vertíðinni 1952, að því undanskildu að í janúarmánuði lagði hann inn afla af Skaftfellingi fyrir kr. 23.680.18. Lét hann sjálfur verka mestan hluta af afla báta sinna, en lagði hann að öðru leyti inn til Ísfélags Vestmannaeyja, að því er virðist. Fleiri en stefnandi hættu skiptum við félagið um þetta leyti. Hinn 19. febrúar 1952 var haldinn fundur í stjórn félagsins, og var þar rætt um, hvaða ráðstafanir bæri að gera gegn þeim félagsmönnum, er hættir væru að skipta við félagið. Var samþykkt að skrifa þeim og tilkynna þeim, að stjórnin liti svo á, að þeir væru ekki lengur félagsmenn. Ekki er sjáanlegt, að samþykkt þessari hafi verið framfylgt að svo stöddu. Enn kom stjórnin saman hinn 29. febrúar, og var þá ákveðið að skrifa þeim félagsmönnum, er selt hafa öðrum afla báta sinna án samþykkis og leyfis stjórnarinnar, og benda þeim á, að með þessu væru þeir brotlegir við lög félagsins. Hinn 14. marz 1952 var enn haldinn fundur í stjórn félags-

ins. Var þá samþykkt að senda þeim félagsmönnum, er ekki hafa lagt afla sinn inn til félagsins eða hætt að leggja inn afla báta sinna, svohljóðandi bréf:

„Vegna þess að þér hafið hætt öllum viðskiptum við Vinnslu- og sölumiðstöðina, leyfum vér oss vinsamlegast að benda yður á, að samkvæmt 4. gr. félagslaganna er öllum félagsmönnum hennar skylt að afhenda stöðinni alla fiskframleiðslu sína, sem lögð er upp í Vestmannaeyjum, að lifur undanskilinni. Eins og gefur að skilja, er stjórninni ekki unnt að láta afskiptalaust, er félagsmenn ganga fram hjá þessu ákvæði félagslaganna án þess að leita samþykkis félagsstjórnarinnar. Leyfum vér oss því að skora á yður að hefja nú þegar viðskipti við Vinnslustöðina og afhenda henni alla fiskframleiðslu yðar, eins og skylt er samkvæmt félagslögunum, svo komizt verði hjá því að beita ákvæðum 17. gr. félagslaganna."

Með bréfi, dags. 14. marz 1952, var stefnanda send útskrift af fundargerð þessari. Svo virðist sem stefnandi hafi ekki svarað því neinu.

Hinn 24. maí 1952 var enn haldinn fundur í stjórn félagsins, og var þá ákveðið að tilkynna þeim, er áður hafði verið gefin aðvörun, að þeim væri vikið úr félaginu, og um leið var ákveðið að senda þeim stofntillag sitt ásamt vöxtum til útborgundags.

Í samræmi við þessa ákvörðun var stefnanda sent hinn 3. júní 1952 svohljóðandi bréf:

„Á stjórnarfundi Vinnslu- og sölumiðstöðvar fiskframleiðenda, er haldinn var laugardaginn hinn 24. f. mán., var samþykkt að skrifa yður og tjá yður, að stjórnin liti svo á, að þér séuð ekki lengur í félaginu vegna vanefnda yðar á skuldbindingum yðar við félagið.

Samkvæmt þessari ákvörðun, er yður tilkynnist hér með, eruð þér ekki lengur meðlimur félagsins.

Inneign yðar hjá félaginu vegna stofnframlaga nemur samtals kr. 16.031.50 — sextán þúsund þrjátíu og ein 50/100 —, og sendist yður hér með sú fjárhæð í ávísun á Útvegsbanka Íslands h/f, Vestmannaeyjum, nr. 85567, dags. í dag."

Neðar á bréfinu er upphæðin sundurliðuð, og kemur þar fram, að þetta eru stofnframlög stefnanda vegna ofangreindra fiskibáta sinna, en án vaxta.

Stefnandi svaraði með bréfi, dags. 9. júní 1952, og endursendi ávísunina. Kvaðst hann ekki hafa sagt sig úr félaginu og væri ekki skyldur að þola útlausn á framlögum sínum, og myndi

hann ekki falla frá rétti sínum til þess að vera félagsmaður í félaginu. Benti hann jafnframt á, að margir félagsmenn hefðu hagnýtt afla sinn sjálfir, og hefðu samþykktir félagsins verið túlkaðar á þann veg, að slíkt væri heimilt.

Aðalfundur var haldinn í félaginu hinn 22. desember 1952. Stjórnin lagði fyrir fundinn svohljóðandi tillögu:

„Aðalfundur Vinnslustöðvarinnar, haldinn í Samkomuhúsi Vestmannaeyja hinn 22. desember 1952, staðfestir gerðir stjórnarinnar í því efni, að stjórnin hefur með bréfi, dags. 24. maí s.l., tilkynnt ákveðnum félagsmönnum, að hún teldi þá ekki lengur félagsmenn vegna brota á 4. gr. félagslaganna. Þeir menn, sem stjórnin bendir á í bréfi sínu, eru eftirtaldir aðiljar: Eigendur m/b Lagarfoss, VE 292, eigendur m/b Sjöstjörnunnar, VE 92, Helgi Benediktsson."

Nokkrar umræður urðu um tillöguna, og tóku margir til máls og meðal þeirra stefnandi sjálfur. Að lokum fór fram leynileg atkvæðagreiðsla, og var tillagan samþykkt með 277 atkvæðum gegn 42, en 59 atkvæðaseðlar voru auðir.

Alllöngu síðar eða hinn 7. apríl 1954 kveðst stefnandi hafa átt samtal við forstjóra Vinnslustöðvarinnar og spurt hann að, hvort tekið yrði á móti fiski af bátum sínum, er hann hefði greitt stofnframlag fyrir, en fengið afdráttarlaust neikvætt svar. Samtal þetta staðfesti hann með bréfi til stefndu, dags. sama dag.

Að undangengnum nokkrum bréfaskriftum haustið 1955, höfðaði stefnandi svo mál þetta og gerði þær kröfur, sem fyrr greinir.

Stefnandi telur, að ekki hafi verið heimilt samkvæmt lögum félagsins né landslögum að víkja honum úr félaginu. Hann viðurkennir þó að hafa hætt öllum skiptum við félagið um tíma, en ekki hafi það réttlætt brottrekstur. Telur hann, að ákvæði 4. greinar félagslaganna hafi af stjórnarinnar hálfu aðeins verið notað sem tylliástæða til þess að bola honum út úr félaginu, enda hafi verið látið óátalið, þótt sumir félagsmenn, og þar á meðal maður úr stjórn félagsins, hafi sjálfur hagnýtt afla báta sinna. Einnig heldur hann því fram, að fyrirsvarsmenn félagsins hafi sjálfir án samráðs við hann byrjað að ráðstafa aflanum af einum báta hans til annarrar fiskvinnslustöðvar, Ísfélags Vestmannaeyja. Aðferðina við brottreksturinn kveður hann algerlega ólöglega og bendir á í því sambandi, að stjórnin hafi látið undir höfuð leggjast að benda honum á, áður en hún samþykkti að víkja honum úr félaginu, að vanefndir á 4. gr. félagslaganna

myndu verða látnar varða brottrekstri. Hún hafi raunar vísað til 17. greinar félagslaganna, en sú grein ræði fyrst um sektir fyrir brot á félagslögunum, en síðar um brottvikningu. Hafi hann því mátt gera ráð fyrir, að fyrst yrði beitt sektum og ekki kæmi til brottrekstrar, fyrr en sýnt væri, að sektir bæru ekki árangur. Telur hann einnig, að þannig eigi að framfylgja því ákvæði.

Í öðru lagi hefur stefnandi lagt á það ríka áherzlu, að hvorki hafi verið innt af hendi né boðin fram fullnægjandi greiðsla á raunverulegri inneign sinni í félaginu. Af því leiði, að enn haldi hann öllum félagsréttindum sínum eða að minnsta kosti sé hann enn sameigandi að öllum eignum félagsins ásamt öðrum félagsmönnum þess. Framboðin greiðsla hafi verið algerlega ófullnægjandi. Því að bæði hafi hann átt rétt til sameignarhluta úr eignum félagsins að réttri tiltölu við stofntillag, miðað við þá eignaaukningu, sem orðin var, og einnig hafi hann átt rétt til vaxta af stofnframlögum sínum.

Stefnda hefur andmælt öllum þessum varnarástæðum. Stefnandi hafi gerzt brotlegur við lög félagsins og hafi þess vegna verið heimilt að víkja honum úr félaginu, og samkvæmt lögum þess og samþykktum reikningum hafi hann ekki átt aðrar inneignir í félaginu en stofnframlögin ein ásamt vöxtum. Þær fjárhæðir standi honum til boða, hvenær sem hann kærir sig um að veita þeim móttöku. Ekki væri það rétt, að lögum félagsins hefði verið beitt á annan veg gagnvart stefnanda en gagnvart öðrum félagsmönnum. Öllum þeim, er hætt höfðu skiptum við félagið, hefði verið tilkynnt, að þeim yrði vísað úr félaginu, ef þeir hæfu ekki viðskipti að nýju. Þetta hafi stefnanda verið tilkynnt bæði bréflega samkvæmt því, sem fyrr segir, og einnig munnlega. Hann og eigendur Sjöstjörnunnar og Lagarfoss hefðu ekki sinnt þessum aðvörunum, og hefði því verið vikið úr félaginu. Aðrir, sem hætt höfðu viðskiptum, hafi tekið þau upp að nýju, eftir að þeim hafði borizt aðvörun félagsstjórnarinnar. Viðurkennt er af hálfu hins stefnda félags, að nokkrir félagsmenn hafi fengið leyfi félagsstjórnarinnar til þess að vinna úr afla báta sinna og síðan hagnýtt hann sjálfir að meira eða minna leyti, en allir hafi þeir jafnframt lagt fisk inn til félagsins og ekki skipt við aðrar stöðvar. Þá kveður stefnda, að það sé tilhæfulaust með öllu, að fyrirsvarsmenn félagsins hafi ráðstafað afla af einum báti stefnanda til ann-

arrar stöðvar. Svo kveður stefnda, að brottreksturinn hafi verið framkvæmdur með fullkomlega löglegum hætti.

Engar sannanir hefur stefnandi að því leitt, að fyrirsvarsmenn hins stefnda félags hafi byrjað að ráðstafa afla af einum báti hans til annarrar stöðvar, og ekki hefur hann heldur sannað, að félagsstjórnin hafi látið óátalin brot sumra félagsmanna gegn ákvæðum 4. gr. félagslaganna né veitt rýmri undanþágu frá ákvæðum þeirrar greinar en stefnd sjálf viðurkennir.

Eins og áður er fram tekið, er upplýst, að stefnandi hætti með öllu að leggja inn afla báta sinna til hins stefnda félags á vetrarvertíðinni 1952. Upplýst er einnig, að skorað var á stefnanda að taka upp viðskipti að nýju, en þeim áskorunum var ekki sinnt. Varð því stefnandi brotlegur við lög félagsins, og veitti það stjórninni heimild til að beita ákvæðum 17. greinar félagslaganna. Sú grein mælir svo fyrir, að brot á samþykktum félagsins varði sektum eða brottrekstri, ef brot er verulegt og stjórninni finnst ástæða þar til. Fallast verður á, að miklu varði fyrir öruggan rekstur fyrirtækisins, að félagsmenn uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt 4. grein og víki ekki frá þeim, nema með samþykki og í samráði við stjórn félagsins. Verður því að telja, þegar litið er til þess, sem á undan var gengið, að heimilt hafi verið að víkja stefnda úr félaginu. Einnig lítur rétturinn svo á, að brottreksturinn hafi verið framkvæmdur með löglegum hætti. Við brottreksturinn féllu niður félagsréttindi stefnanda í hinu stefnda félagi, og frá þeim tíma var hann jafnramt leystur frá skyldum sínum við félagið. Um rétt til áframhaldandi þátttöku í félagsstarfi eða til hlutdeildar í arði félagsins eftir þann tíma er því ekki að ræða.

Við brottreksturinn átti stefnandi rétt til að fá greiddan út eignarhluta sinn í félaginu. Í félagslögunum, sem aðiljar eru að sjálfsögðu bundnir við í skiptum sinum innbyrðis, er ætlazt til, að félagsmaður, sem vikið er úr félaginu, eigi rétt til að fá greiddan séreignarsjóð sinn svo og sinn hluta úr sameignarsjóði auk stofnframlaga. Um víðtækari rétt félagsmanni til handa virðist ekki vera að ræða. Upplýst er, að meðan stefnandi var í félaginu, sýndu reikningar þess jafnan tekjuhalla, og aldrei mynduðust neinar innstæður í sameignarsjóði né í séreignarsjóði félagsmanna. Ekki hefur verið vefengt, að reikningarnar, eins og þeir voru, hafi jafnan verið samþykktir á aðalfundum, án þess að nokkur félagsmaður hreyfði andmælum.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á né leitt að því líkur, að víkja beri frá niðurstöðum reikninganna, og verða þær því lagðar til grundvallar. Leiðir það til þess, að einu innstæðurnar, sem stefnandi átti rétt til, voru stofnframlög hans ásamt vöxtum.

Stofnframlögin námu kr. 16.031.50 samkvæmt sundurliðun, er fyrir liggur í málinu. Þau voru send stefnanda í tékkávísun með ábyrgðarbréfi, dags. 3. júní 1952, en endursend af stefnanda með bréfi, dags. 9. s. m., eins og áður segir. Ganga má út frá, að innstæða hafi verið til fyrir ávísuninni. Samkvæmt útreikningi bókhaldara hins stefnda félags námu áfallnir vextir af stofnframlögunum kr. 3025.89 um það leyti, og voru þeir ekki boðnir fram með framlögunum þrátt fyrir samþykkt félagsstjórnarinnar. Sú skýring hefur verið gefin, að ekki hafi verið búið að reikna út vextina, er stofnframlögin voru send, enda er svo að sjá, er litið er til hags félagsins samkvæmt reikningum þess, að vextir af stofnframlögum hafi almennt ekki verið gjaldfallnir á þeim tíma. Af bréfi stefnanda frá 9. júní þykir mega ráða, að ekki hefði það breytt afstöðu hans, þótt vextirnir hefðu verið sendir með stofnframlögunum. Virðist eftir atvikum rétt að líta svo á, að framboð stefndu á stofnframlögunum og synjun stefnanda um móttöku leiði til þess, að ekki sé skylt að greiða vexti af stofnframlögunum eftir þann tíma. Ávísunin var póstlögð hinn 3. júní 1953, og til þess tíma á stefnandi rétt til vaxta af framlögum sínum.

Eins og fyrr segir, hefur af hálfu hins stefnda félags verið krafizt sýknu af varakröfum stefnanda gegn greiðslu á stofnframlögum ásamt vöxtum. Eftir orðalagi sínu fer krafa þessi út fyrir það svið, sem stefnandi hefur markað málinu með kröfum sínum. Virðist því rétt að skilja kröfuna á þá leið, að viðurkenndur verði réttur stefnanda til þess að fá greiddar umræddar fjárhæðir.

Með tilvísun til ofanritaðs verður niðurstaða málsins, að stefnda verður sýknuð af öllum kröfum stefnanda að öðru leyti en því, að viðurkenndur verður réttur stefnanda til þess að fá greidd stofnframlög sín, kr. 16.031.50, ásamt vöxtum til 3. júní 1952.

Rétt þykir að ákveða, að stefnandi greiði stefndu kr. 1500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Sigfússon, Sighvatur Bjarnason, Jónas Jónsson, Haraldur Hannesson og Guðjón Jónsson f. h. Vinnslu-

stöðvarinnar, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Helga Benediktssonar, í máli þessu að öðru leyti en því, að stefnandi á rétt til að fá stofnframlög sín, kr. 16.031.50, greidd ásamt vöxtum til 3. júní 1952.

Stefnandi greiði stefndu kr. 1500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. apríl 1961.

Nr. 97/1959. **Jón E. Waage**
gegn
Kristjáni Guðlaugssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón E. Waage, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. apríl 1961.

Nr. 152/1959. **Anna Jónsdóttir**
gegn
Félagsprentsmiðjunni h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Anna Jónsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. apríl 1961.

Nr. 150/1960. **Oddgeir Þ. Oddgeirsson**
gegn
Páli Oddgeirssyni.

Útivistardómur. Ómakslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Oddgeir Þ. Oddgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann Páli Oddgeirssyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 1500.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. apríl 1961.

Nr. 12/1961. **Alþýðublaðið**
gegn
Páli Víkonssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Alþýðublaðið, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. apríl 1961.

Nr. 13/1961. **Alþýðublaðið**
gegn
Myndamótum h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Alþýðublaðið, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. apríl 1961.

Nr. 14/1961. **Alþýðublaðið**
gegn
Myndamótum h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Alþýðublaðið, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. apríl 1961.

Nr. 15/1961. **Alþýðublaðið**
gegn
Myndamótum h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Alþýðublaðið, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. apríl 1961.

Nr. 31/1961. **Anton Högnason**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur. Ómakslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Anton Högnason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 500.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 2. maí 1961.

Nr. 91/1960. **Valdstjórnin** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Arnljóti Jónssyni (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.

Lögræði. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu, sem réttilega hefur verið rekið og höfðað fyrir sakadómi Reykjavíkur samkvæmt 4. lið 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar eftir kröfu varnaraðilja með áfrýjunarstefnu, dagsettri 2. maí 1960.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram ýmis ný gögn í málinu, þar á meðal bréf, sem varnaraðili er talinn hafa skrifað norskum manni, að nafni hr. Hylen, dagsett 10. júní 1960. Auk þess hafa framhaldspróf verið haldin í sakadómi Reykjavíkur.

Meðal hinna nýju gagna eru vottorð frá 4 læknum, heimilislækni varnaraðilja frá 1. janúar 1960, Kristjáni Sveinssyni, og sérfræðingum í tauga- og geðsjúkdómum, þeim Alfreð Gíslasyni, Kristjáni Þorvarðssyni og Ragnari Karlssyni.

Kristján Sveinsson vottar 25. maí 1960, að hann hafi frá áramótum 1959/60 og til þess tíma, er vottorðið var gefið, „átt samtöl við Arnljót og fylgzt nokkuð með honum á þessu tímabili .... og aldrei orðið þess var, að hann væri öðruvísi en eðlilegur í tali sínu og allri framkomu". Þá segir áfram í vottorðinu: „Mér finnst hann jafneðlilegur og hann var áður, en ég þekkti hann náið bæði í menntaskóla og háskóla. Sérstaklega vil ég taka fram, að mér finnst skaplyndi hans í fullkomnu jafnvægi, svo að á betra verður ekki kosið."

Í sakadómi 11. október 1960 staðfesti læknirinn vottorð

þetta og tekur fram, „að Arnljótur hafi verið í andlegu jafnvægi, er hann talaði við mætta (þ. e. lækninn) á lækningastofunni, en mættur hefur aldrei gert neina psychiatriska athugun á Arnljóti".

Kristján Þorvarðsson gaf 6. maí 1960 svohljóðandi vottorð:

„Arnljótur Jónsson lögfræðingur, nú til heimilis í Nökkvavogi 44, hér í bæ, hefur mætt hjá mér til athugunar, samkvæmt tilvísun frá heimilislækni hans, Kristjáni Sveinssyni lækni.

Rannsókn mín hefur staðið yfir tímabilið frá 28. marz síðastliðnum þar til í dag, og hefur hann mætt hjá mér á þessu tímabili alls 12 skipti.

Ég hef við rannsókn mína ekki fundið einkenni geðveiki, og tel ég, að hann sé nú andlega heill heilsu.

Þar sem hann hefur verið sviptur lögræði, fjárræði og sjálfræði, legg ég eindregið til, að hann öðlist þegar réttindi þessi, er hann hefur verið sviptur."

Vottorð þetta staðfesti læknirinn í sakadómi 21. október 1960.

Alfreð Gíslason gaf 25. maí 1960 vottorð, sem hljóðar svo:

„Arnljótur Jónsson, f. 21/12 1903, Njálsgötu 72, Reykjavík, hefur óskað, að ég athugaði geðheilsu hans, sérstaklega með tilliti til þess hvort ástæða væri til lögráðasviptingar.

Ég hef þekkt Arnljót, frá því að hann var unglingur.

Fyrir liðlega 5 árum hafði ég hann til læknismeðferðar vegna melancholia in psychose maniodepressiva, og fór hann síðar á spítala vegna þessa sjúkdóms.

Athugun mín nú hefur staðið frá 13/4—24/5 1960 og verið fólgin í viðtölum, samtals 8 á þessu tímabili.

Niðurstaða athugunar minnar er sú, að ekki sé ástæða til að svipta Arnljót Jónsson lögræði".

Vottorð þetta staðfesti læknirinn í sakadómi 21. október 1960 og bætir því við, „að hann telji, að Arnljótur hafi, er mættur rannsakaði hann í vor, verið með öllu læknaður af þunglyndi því, er hann hafði verið haldinn af, er mættur hafði hann til meðferðar á árinu 1954".

Ragnar Karlsson hefur gefið eftirfarandi vottorð 5. september 1960:

„Samkvæmt beiðni hefi ég rannsakað andlega heilbrigði Arnljóts Jónssonar lögfræðings, Nökkvavogi 44, Reykjavík. Rannsóknin fór fram á lækningastofu minni í þremur klukkutímaviðtölum dagana 29. og 31. ágúst og 2. september 1960.

Niðurstöður rannsóknar minnar eru þær, að ég tel Arnljót Jónsson heilbrigðan andlega. Þrátt fyrir það, að sjúkrasaga Arnljóts sýni, að hann hafi á tímabili þjáðst af þunglyndi og hafi haft önnur einkenni, er gætu bent til geðveiklunar, þá sýnir hann nú engin einkenni um geðveiki (psychosis). Þar sem Arljótur hefur nú verið sviptur lögræði, sjálfræði og fjárræði, mæli ég eindregið með því, að honum verði veitt aftur lögræði, sjálfræði og fjárræði".

Vottorð þetta staðfesti læknirinn í sakadómi 21. október 1960 og sagði þá m. a., „að rannsókn sín hefði ekkert leitt í ljós, er benti til þess, að Arnljótur væri ófærari um að fara með fjármál sín en hver annar venjulegur maður".

Að tilhlutan Hæstaréttar voru vottorð og framburðir lækna þeirra, sem afskipti hafa haft af máli þessu, send Læknaráði til umsagnar með bréfum Dómsmálaráðuneytisins, dags. 3. og 15. febrúar 1961. Beðizt var umsagnar um eftirfarandi atriði:

„1) Telur Læknaráð með tilliti til þeirra læknisvottorða, er lögð hafa verið fram í máli þessu, svo og annars framburðar læknanna, að Arnljótur Jónsson sé eða hafi verið geðveikur?

2) Ef svo er, að Arnljótur Jónsson sé (sic) eða hafi verið geðveikur, þá hvort líklegt sé, að honum sé batnað að fullu?

3) Sé Arnljótur heilbrigður andlega nú, en hafi verið geðveikur, þegar Esra Pétursson gaf vottorð um, að svo væri, er þá líklegt, að núverandi bati haldist þannig, að hann verði starfhæfur?

4) Hvort sendibréf Arnljóts til hr. Hylens, dags. 10. júní

1960, beri nokkurn vott um andlegt heilsufar hans, þegar bréf það var skrifað, og þá í hvaða átt".

Réttarmáladeild gerði tillögu um, að Læknaráð svaraði spurningunum á þessa leið:

„Ad. 1. Læknaráð telur, að Arnljótur Jónsson hafi verið geðveikur.

Ad. 2. Eftir gangi og eðli sjúkdómsins verður ekki fullyrt, hvort um fullan bata sé að ræða eða ekki.

Ad. 3. Ekki er unnt að fullyrða um, hvort Arnljótur muni verða starfhæfur aftur.

Ad. 4. Nærri liggur að halda, að umrætt bréf sé skrifað í sjúklegu hugarástandi, en þar sem ekki liggja fyrir raunhæfar upplýsingar um ýmis atriði, sem fram koma í bréfinu, treystir Læknaráð sér ekki til þess að dæma um andlegt heilsufar Arnljóts út frá bréfinu".

Læknaráð staðfesti 29. marz 1961 tillögu réttarmáladeildar í samræmi við fyrirmæli laga nr. 14/1942 og reglugerðar nr. 194 24. nóvember s. á. sem álitsgerð og úrskurð Læknaráðs.

Með tilvísun til framanritaðs þykja ekki færðar sönnur á, að varnaraðili máls þessa sé geðveikur eða hafi verið það, þegar hinn áfrýjaði dómur var upp kveðinn. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns varnaraðilja fyrir héraðsdómi, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00 til hvors.

Dómsorð:

Varnaraðili, Arnljótur Jónsson, á að vera sýkn af öllum kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns varnaraðilja fyrir héraðsdómi, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr.

2000.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Gunnars Þorsteinssonar, kr. 5000.00 til hvors.

Sératkvæði
Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara.

Ákvæði 4. töluliðar 2. gr. laga nr. 27/1951 taka aðeins til þess, að mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar skuli um rannsókn og meðferð fara eftir fyrirmælum nefndra laga, eins og segir í upphafsákvæði 2. gr., en þar ræðir ekkert um sakaraðild. Um aðild að lögræðismálum fer því eftir ákvæði 7. og 12. gr. laga um lögræði nr. 95/1947.

Í héraðsdómi er réttilega tekið fram, að í máli því, sem hér er til úrlausnar, hafi Dómsmálaráðuneytið haft heimild til að gera kröfu um lögræðissviptingu samkvæmt b-lið 6. töluliðar 7. gr. laga nr. 95/1947. Sú heimild er ekki lögð í hendur ráðuneytinu sem handhafa opinbers ákæruvalds, heldur sem yfirstjórnanda þeirra málefna, sem að lögráðum lúta, sbr. 28. gr. laga nr. 95/1947. Er því andstætt lögum að höfða lögræðismál með útgáfu og birtingu opinbers ákæruskjals á hendur þeim, sem þola eiga sviptingu lögræðis eða verða aðnjótandi brottnáms lögræðissviptingar.

Samkvæmt því, er að framan greinir, eru mál til sviptingar lögræðis einkamál, sem sæta afbrigðilegri meðferð eftir 4. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951 og lögum nr. 95/1947. Ákvæði 4. gr. laga nr. 27/1951 um héraðsdómara í opinberum málum taka því ekki til máls þess, sem hér liggur fyrir, og ber slík mál í Reykjavík undir borgardómara samkvæmt 8. gr. laga nr. 95/1947, sbr. og 2. og 4. gr. laga nr. 65/1943.

Sökum þess, sem að framan er rakið, tel ég, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá sakadóminum. En þar sem sú úrlausn hefur ekki samþykki meiri hluta dómenda, mun ég samkvæmt 47. gr. laga nr. 112/1935 greiða atkvæði um efni málsins.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum dómsatkvæðis meiri hluta dómenda um efni málsins, er ég samþykkur niðurstöðu dómsatkvæðisins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. marz 1960.

Ár 1960, föstudaginn 18. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Frikirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1424/1960: Valdstjórnin gegn Arnljóti Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali Dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. f. m., er mál höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Arnljóti Jónssyni lögfræðingi, nú til heimilis Nökkvavogi 44 hér í bæ, til sviptingar lögræðis (sjálfræðis og fjárræðis) samkvæmt 1. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði, sbr. heimild í 6. tl. b sbr. 2. tl. 7. gr. sömu laga.

Varnaraðilinn, Arnljótur Jónsson lögfræðingur, er fæddur á Vopnafirði 21. desember 1903. Hann gekk hinn 20. maí 1939 að eiga Guðbjörtu Ólafsdóttur, og eiga þau 4 börn. Þau hafa undanfarin ár búið að Njálsgötu 72 hér í bæ. Varnaraðili var um langt skeið aðalgjaldkeri Sjúkrasamlags Reykjavíkur, en hefur nú um nokkurt árabil lítið sem ekkert getað unnið af heilsufarsástæðum. Hinn 21. janúar s.l. hvarf varnaraðili af heimili þeirra. Var hann fyrst eina nótt á hóteli, en settist að næsta dag að Nökkvavogi 44 hjá Jónu Oddrúnu Ólafsdóttur mágkonu sinni (systur Guðbjartar) og manni hennar. Hefur hann búið þar síðan. Hann gerði, þegar er hann fór að heiman, ráðstafanir til að sækja um skilnað við konu sína. Stendur hjónaskilnaðarmálið nú yfir.

Mál þetta hófst með beiðni Guðbjartar Ólafsdóttur, dags. 10. f. m., er hún óskaði þess, að varnaraðili yrði sviptur lögræðinu. Við rannsókn út af beiðninni lýsir hún yfir því, að varnaraðili hafi árum saman verið haldinn geðveiki, er ekki hafi tekizt að ráða bót á. Hann sé orðinn óþolandi á heimili og brýn nauðsyn að koma honum á hæli til lækninga. Þá sé hann alls ófær til að stýra fjármálum sínum sjálfur. Guðbjört segir, að varnaraðili hafi lítið sem ekkert getað unnið síðustu ár. Hún segir, að varnaraðili hafi allt í einu horfið af heimili þeirra hinn 21. janúar. Guðbjört segir, að með beiðninni um lögræðissviptingu hafi það eitt vakað fyrir sér að skapa aðstöðu til að leita Arnljóti lækninga.

Vottorð og framburðir þriggja lækna, sérfræðinga í tauga- og geðsjúkdómum, hafa komið fram í málinu.

Alfreð Gíslason læknir vottar, að hann hafi haft varnaraðilja til meðferðar á árinu 1954, en þá hafi hann þjáðst af alvarlegu þunglyndi (melancholia in psychos. maniodepressiva). Hann hafi fylgzt með heilsu varnaraðilja alllengi umrætt ár, og hafi hann ekki hlotið bata. Eftir þetta hefur Alfreð ekki fylgzt neitt með varnaraðilja.

Kristján Þorvarðsson læknir vottar, að varnaraðili hafi árum saman þjáðst af psychosis maniodepressiva. Hann kveðst ekki hafa haft varnaraðilja til meðferðar síðan á árinu 1955.

Esra Pétursson læknir segir svo í vottorði sínu, dags. 9. febrúar s.l.:

„Vorið 1955 var ég fyrst sóttur til Arnljóts Jónssonar, Njálsgötu 72, Reykjavík, f. 21/12 1903. Hann var þá rúmliggjandi, mjög þunglyndur, ákaflega magur, og taldi sig ekki hafa matarlyst, en auk þess væri margt, sem hann þyldi ekki að borða. Var hann þá nýkominn af Farsóttarhúsinu, þar sem hann hafði legið í nokkra mánuði vegna þunglyndis og fengið raflostmeðferð með fremur litlum árangri. Hann þjáðist einnig af ranghugmyndum, t. d. taldi hann, að smáæxli við annað eistað stafaði af kynsjúkdómi (gonorrhoe) og hefði sýkillinn borizt út í blóðið og sýkt hann og allt heimilið, og stafaði af því mikil sýkingarhætta fyrir alla, sem kæmu nálægt honum. Talaði hann enn fremur um leiðslur einhverjar, sem lægju úr næstu húsum yfir í lampana í íbúð hans, þar sem fólk fylgdist með gerðum hans gegnum leiðslurnar. Ekki mátti opna útvarp á heimilinu um hríð, vegna þess hve taugar hans væru „slappar". Ranghugmyndirnar minnkuðu og hurfu um hríð að verulegu leyti, en þunglyndið og sjálfsásakanirnar héldust áfram, þar til hann fór með dóttur sinni til Sanda í Noregi einn mánuð sumarið 1958, í júlímánuði. Breyttist ástand hans á þann hátt, að frá því að vera þegjandalegur, svifaseinn og slappur í bragði, varð hann mikið talandi, glaðlegur og snöggur í hreyfingum. Jókst þetta fljótlega, þannig að oflæti urðu áberandi. Vakti hann þá t. d. heilu næturnar við samningu kvæða á spænsku og ensku og sendi mér m. a. nokkur eintök af þeim, og ber þar á óeðlilega miklu hugarflugi og hugarróti.

Janúar til aprílloka var hann svo hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, en gat ekki haldið því starfi þá lengur áfram vegna eirðarleysis og óróa, og skorti á einbeitingu. Var hann því látinn hætta

starfi þar. Skömmu seinna var hann með áform um að fara til Spánar og ætlaði að gefa þar út bækur, vinna sem fréttamaður við dagblöð og mörg fleiri áform í svipaða átt. Var hann þá um tíma mjög háspenntur, einkum við tilhugsunina um að fara einn. Það varð þó úr, að kona hans, Guðbjört Ólafsdóttir, fór með honum til Spánar, og dvöldu þau þar í rúman mánuð. Hann ætlaði að fara einn, en ég taldi það óráðlegt vegna geðveilu hans og ráðlagði Guðbjörtu að láta svipta hann sjálfræði til þess að koma í veg fyrir það, ef ekki væri hægt að stöðva hann með öðru móti.

Í janúar 1960 leit ég tvisvar inn til hans, í seinna skiptið að mig minnir um 20. janúar. Í bæði skiptin var hann í náttfötum og lá í rúminu í seinna skiptið. Hann hafði aftur megrazt og var svolítið rólegri, en varð þó töluvert æstur í seinna skiptið. Af því að hann hefur tregðazt við að taka meðöl, sem vænta mætti að hefðu áhrif til bóta á geðsjúkdóm hans, og hann hafði áður fengið raflostmeðferð, án verulegs árangurs, og með því að hann hafði megrazt svo mjög, að það var farið að verða honum hættulegt, svo og vegna framferðis hans á heimili samkvæmt lýsingu konu hans taldi ég heppilegast að biðja um pláss á Kleppsspítalanum fyrir hann til lækninga og skrifaði vottorð, þar að lútandi. Tókst mér að fá plássið fyrir hann þar, en þá tók hann sig til og fór heiman að frá sér. Hafa síðan ekki verið aðrar aðgerðir af minni hálfu í þessu máli, aðrar en þær að spyrjast fyrir um hann og líðan hans.

Ég álít, að Arnljótur Jónsson þjáist af geðsjúkdómi þeim, sem hringhugsýki (depressio-mania) nefnist, og sé hann oft ekki fær um að ráða gerðum sínum. Síðastliðin 5 ár hefur hann í rauninni verið óvinnufær vegna veikindanna með öllu, sem kom greinilega í ljós, þegar hann vann í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur mánuðina janúar—apríl 1959."

Sama dag hefur Esra gefið út yfirlýsingu þess efnis, að hann telji þörf á, að varnaraðili verði lagður á Kleppsspítala til lækninga vegna hringhugsýki (depressio-mania).

Esra hefur fyrir dómi borið það, að varnaraðili hafi verið mjög greinilega geðveikur þau ár, sem hann hafi fylgzt með honum. Esra lýsti yfir því, að hann teldi varnaraðilja hollt, að hann yrði vistaður á Kleppsspítala, og vonir stæðu til, að bót kynni að verða ráðin á sjúkleika hans. Hann lýsti þó yfir því, að ef varnaraðili væri rólegur, þar sem hann er nú, væri ekki endilega nauðsyn að vista hann á hæli. Fyrir dómi við meðferð

máls þessa hefur Esra sagt, að hann álíti ekki nauðsyn til að svipta varnaraðilja sjálfræði, eins og nú sé ástatt, þótt það kynni að vera betra að gera það. Hann segist efa, að varnaraðili sé fær um að stýra fjármálum sínum, en erfitt sé að segja um það atriði.

Varnaraðili hefur eindregið mótmælt því, að krafan um lögræðissviptingu verði tekin til greina. Hann segir, að beiðni Guðbjartar um lögræðissviptingu sé sett fram sem mótleikur gegn ósk varnaraðilja um skilnað, og til þess ætluð að hindra, að varnaraðili geti komið til leiðar, að skipt verði eignum þeirra.

Varnaraðili hefur leitt vitni máli sínu til stuðnings. Jóna Oddrún Ólafsdóttir, Nökkvavogi 44, systir Guðbjartar, segir, að varnaraðili hafi búið á heimili hennar síðan 22. janúar s.l. Hún segir, að andlegt ástand hans sé slíkt, að engin ástæða sé til að svipta hann lögræði. Hann sé dagfarsgóður og rólegur, og dómgreind hans í bezta lagi. Þrúður Óskarsdóttir, Langholtsvegi 180, systurdóttir Guðbjartar og Jónu Oddrúnar, segist ekki sjá nein merki geðveiki eða geðveilu á varnaraðilja, og telur hún hann fullkomlega færan að stjórna sínum högum og fjármálum. Loks lýsir móðir varnaraðilja, Sigríður Arnljótsdóttir, yfir því, að hún mótmæli, að krafan um lögræðissviptingu verði látin ná fram að ganga, enda muni krafan ekki borin fram af hálfu Guðbjartar vegna umhyggju um velferð varnaraðilja, heldur af hefnigirni eða einhverju slíku.

Verjandi varnaraðilja, Magnús Thorlacius hæstréttarlögmaður, hefur gert þá kröfu aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi. Röksemdir hans fyrir kröfu þessari eru í stuttu máli þær, að Guðbjört Ólafsdóttir hafi ekki lögum samkvæmt heimild til að krefjast lögræðissviptingar yfir varnaraðilja, og að tilmæli frá henni séu ekki löglegur grundvöllur fyrir Dómsmálaráðuneytið til að höfða lögræðissviptingarmál, sbr. 2. tl. og b-lið 6. tl. 7. gr. lögræðislaga. Til grundvallar þeim rétti maka, er greini í ákvæðum þessum, liggi það, að treysta megi því, að krafan sé sett fram af umhyggju fyrir heill og hag þess, er svipta skal lögræði. Maka, sem yfirgefinn hafi verið vegna fyrirætlana um skilnað, sé ekki treystandi að þessu leyti.

Skal nú tekin afstaða til þess, hvort vísa eigi máli þessu frá dómi af þessum ástæðum eða öðrum.

Samkvæmt réttarfarsákvæðum laga nr. 95/1947 eru lögræðissviptingarmál einkamál, er sæta afbrigðilegri meðferð. Geta aðiljar máls bæði verið hið opinbera (Dómsmálaráðuneyti) og ein-

staklingar, er fullnægja vissum skilyrðum. Borgardómari fer með mál þessi í Reykjavík.

Með 4. tl. 2. gr. laga nr. 27/1951 er svo fyrir mælt, að mál þessi skuli sæta meðferð samkvæmt þeim lögum. Rísa af þessu tilefni ýmsar spurningar um það, hvaða breytingar þetta hafi í för með sér. Í fyrsta lagi kemur til álita, hver fara skuli með mál þessi hér í bæ. Mál þessi hafa á undanförnum árum verið lögð fyrir sakadómarann í Reykjavík. Er þó óeðlilegt, að ákvæðið í 2. gr. laga nr. 27/1951 hafi átt að breyta sérákvæði laga nr. 95/1947 um það, undir hvaða dómara mál þessi heyri. Mun aldrei hafa verið til þess ætlazt, að sérákvæði laga nr. 95/1947 um þessi mál yrðu felld úr gildi með lögum nr. 27/1951 (sbr. t. d. skýringu við 2. gr. í: Lög nr. 27 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála með skýringum og athugasemdum, Reykjavík 1951, bls. 5). En sakir dómvenju þeirrar, sem sköpuð hefur verið (sbr. Hrd. XXV., bls. 447, og síðari dóma Hæstaréttar um þetta efni), þykir ekki fært að vísa málinu frá dómi ex officio af þessum ástæðum.

Um frávísunarkröfuna af hálfu varnaraðilja er þetta að segja: Vafi leikur á því, hvort lög nr. 27/1951 breyti fyrri reglum um aðild þessara mála, þannig að ákæruvaldið eitt („valdstjórnin") geti nú átt sóknaraðild eða hvort einstaklingar geti það enn sem fyrr. Sennilega yrði litið svo á, að ákæruvaldið eitt geti sótt sök, en jafnvel þótt svo væri ekki, hefur Dómsmálaráðuneytið samkvæmt lögum nr. 95/1947 ótvíræða heimild til aðildar að lögræðissviptingarmálum, og er heimildin ekki bundin því skilyrði, að tilmæli komi frá neinum sérstökum aðilja, sbr. 7. gr., 6. tl. b-lið i.f. Dómsmálaráðuneytið hafði því vafalaust heimild til að höfða þetta mál, þótt vafi kynni að leika á því, hvort Guðbjört sjálf hefði getað höfðað málið að lögum.

Samkvæmt þessu verður efnisdómur kveðinn upp í málinu. Af hálfu varnaraðilja hefur í því tilfelli verið krafizt sýknu.

Í máli þessu þykja fullar sönnur hafa verið færðar á það, að varnaraðili sé haldinn geðveiki (depressio-mania) á allháu stigi, en sjúkdómur þessi lýsir sér ýmist með þunglyndi (melancholia) eða oflæti og óróleika (mania). Sönnun þessa er einkum vætti Esra Péturssonar og hinna læknanna tveggja. Varnaraðili hefur nokkrum sinnum komið fyrir dóm eða átt viðtal við dómarann í málinu. Þykir dómaranum þessi kynni af varnaraðilja alls ekki gefa tilefni til að vefengja vætti Esra Péturssonar. Og ekki þykir því verða hnekkt með gagnstæðu áliti vandamanna varnaraðilja,

er áður greindi. Enn er þess að geta, að í dóminum var lagt fram ábyrgðarbréf, er varnaraðili sendi Haraldi Ólafssyni, bróður konu sinnar, og hafði áður tilkynnt um bréfið með símskeyti. Innihald bréfs þessa er rugl eitt og ber með sér sjúkdómseinkenni. Bréf þetta kveðst varnaraðili hafa sent í spaugi.

Með því að varnaraðili er geðveikur, svo sem nú var rakið, og með hliðsjón af því, að hann hefur af þeim ástæðum ekki getað sinnt störfum um alllangt skeið, þykir verða að telja, að varnaraðili sé ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum né fjármálum. Ber því samkvæmt 1. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947 að taka til greina kröfu valdstjórnarinnar um það, að varnaraðili verði sviptur lögræði (bæði sjálfræði og fjárræði).

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt úr hendi varnaraðilja, og á kostnaðurinn því að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda varnaraðilja, og ákveðast þau 2000 kr.

Dómsorð:

Varnaraðili, Arnljótur Jónsson, skal sviptur lögræði (sjálfræði og fjárræði).

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal kr. 2000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda varnaraðilja, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 5. maí 1960.

Nr. 163/1959. **Aðalsteinn Hjartarson,**
Óskar Hjartarson,
Kristrún Hjartardóttir,
Sigríður Hjartardóttir,
Torfi Hjartarson og
Gústaf Hjartarson (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Jóni Gíslasyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Eignardómsmál. Ítaksréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og samdómendurnir Þorvaldur T. Jónsson, oddviti í Hjarðarholti, og Þórir Steinþórsson, skólastjóri í Reykholti, hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1959 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. september 1959 og krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð fram ný skjöl. Aðiljar hafa að tilhlutan Hæstaréttar fengið mælingamann til að gera uppdrátt af öllum hinum umdeildu engjaspildum sunnan Andkílsár, þeim sem taldar eru upp í héraðsdómi. Fór mælingin fram dagana 17.—19. október 1960. Voru gerðir tveir uppdrættir, merktir VII og VIII, sem sýna sömu útmörk landspildu þeirrar, sem deilt er um í málinu. Ber að leggja þá til grundvallar dómi í málinu.

Í máli þessu hefur gagnáfrýjandi krafizt þess, að svæði

það, sem á uppdráttunum er kallað Grjóteyrarengi og þar er afmarkað, en í málsskjölum er oft nefnt Kóngsoddi, verði dæmt eignarland hans, en viðurkennir, að aðaláfrýjendur eigi þar slægjuítak.

Fyrir norðan bæinn Innri-Skeljabrekku í Andakílshreppi og meðfram Andakílsá liggur samfellt engjasvæði, svonefndar Suðurengjar, og hafa einstakar landspildur þar verið nytjaðar til slægna frá ýmsum jörðum í Andakílshreppi og Skorradalshreppi eða af einstökum aðiljum, sem öðlazt hafa réttindi til þess. Í Landnámu segir: „Þorbjörn svarti hét maðr, hann keypti land at Hafnar-Ormi inn frá Selaeyri ok upp til Forsár, hann bjó á Skeljabrekku". Selaeyri ber enn sitt nafn og liggur sunnan Borgarfjarðar milli Hafnar og Grjóteyrar. Forsá er sú á, sem nefnist nú Andakílsá.

Af þessari frásögn Landnámu er auðsætt, að hinar umdeildu engjar hafa í öndverðu verið hluti af Skeljabrekku. Síðar hefur Skeljabrekkujörð verið skipt í Ytri- og Innri-Skeljabrekku, og samkvæmt landamerkjaskrá Ytri-Skeljabrekku, dags. 20. desember 1922, og landamerkjaskrá Innri-Skeljabrekku, dags. 25. júní 1923, liggja merkin milli jarða þessara frá fjalli alla leið til Andakílsár, en hinar umdeildu engjaspildur eru austan þeirra merkja. Samkvæmt nefndri landamerkjaskrá Innri-Skeljabrekku og landamerkjaskrá Neðrahrepps, dags. 14. febrúar 1923, ná landamerki jarða þessara saman alla leið til Andakílsár fyrir austan hinar umdeildu engjaspildur.

Úrlausnarefni máls þessa er, hvort aðaláfrýjendur eigi fullan eignarrétt að hinni umdeildu landspildu eða eigi einungis þar „engi á annars manns jörðu", eins og það er orðað í 22. kap. Jónsbókar.

Landspilda sú, sem mál þetta varðar, Grjóteyrarengi eða Kóngsoddi, liggur inni á milli annarra hinna umdeildu spildna á Suðurengjum og er mjög óregluleg að lögun. Landspildan nær hvergi að Andakílsá, en að sunnan að kvaðalausri eign Skeljabrekku. Það er augljóst, að hún hefur verið hluti af Skeljabrekku. Frumgögn vantar um það, hvenær umráð landspildu þessarar hafa verið skilin frá Skelja-

brekku og hvort önnur umráð landspildunnar en til slægna hafa þá gengið undan nefndri jörð, en önnur gögn, sem málið varða og fram hafa komið, verða nú rakin.

1. Í jarðabók Jens Söfferingssonar yfir konungsjarðir 1639 segir: „Kóngs Odde. Er end öde Grundt". Hinn 30. apríl 1675 afsalaði Kristján konungur V Hendrich Bielcke jörðum og jarðarhlutum sunnan Hvítár í Borgarfirði, þ. á m. Grjóteyri og Kóngsodda (Apogr. Dipl. ísl. nr. 5730). Var afsalið lesið á Alþingi (Alþingisbækur Íslands VII, bls. 443, 446). Hinn 21. júlí 1675 afsalaði Oluff Jonssen Klov f. h. Hendrichs Bielckes ýmsum jarðarpörtum, þ. á m. Grjóteyri og Kóngsodda, til Eyjólfs Jónssonar (AM. Dipl. ísl. Fasc. LXXVI. I.1.). Afsalið staðfesti Hendrich Bielcke með nýju afsali, dags. 28. júní 1676 (AM Dipl. Fasc. LXXVI. I.2.). Virðist Kóngsoddi hafa fylgt Grjóteyri frá þeim tíma. Nefnt afsal konungs er að vísu orðað sem fullkomið eignarafsal, en þar sem Kóngsoddi er engjaspilda úr Skeljabrekku og eigi er í ljós leitt, að konungur hafi átt meiri rétt til hennar en sem engis á annars manns jörðu, þykir varhugavert að láta orðalag konungsafsalsins og afsala, sem á því eru reist, ráða úrslitum í máli þessu.
2. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er lýsing á jörðum í Andakílshreppi, sem skráð er 23.—28. júní 1707 að Hesti í Borgarfirði. Segir þar um jörðina Grjóteyri: „Engjatak fylgir jörðinni fyrir innan Hvanneyrarland, þar sem kallað er Kóngsoddi, og er erfitt mjög til að sækja." Í álitsgerð prófessors Guðna Jónssonar, dags. 13. maí 1960, er með dæmum úr íslenzkri málvenju sannað, að orðið engjatak getur táknað hvort heldur engjaítak eða fullkomna eign lands, sem engi er á. Er Jarðabókin því ónýtt sönnunargagn í máli þessu.
3. Í sóknarlýsingu Jóhanns prests Tómassonar frá 30. janúar 1840 er þess getið um nokkrar jarðir, sem flæðiengi hafa nytjað á Suðurengjum, að þær eigi þar engjaítak. Í sóknarlýsingunni er eigi minnzt á, að jörðin Grjóteyri eigi þar landsnytjar. Verður af því ekkert ráðið um málsefnið.

4. Í jarðamati 1849—50, sem gert var samkvæmt lögum og tilhlutan stjórnvalda, segir um Grjóteyri: „Túnið fóðrar vel 2½ kú, greiðslægt, en afbrunasamt, slægjur mjög litlar heima, á flæðiengjaítak, hér um bil 80 hesta". Hér er réttur Grjóteyrar til hinnar umdeildu landspildu nefndur ítak.
5. Í fasteignamati 1920 segir svo um Grjóteyri m. a.: „Engjarnar eru flæðiengi, greiðfærar, en ekki véltækar". Síðar segir: „Ítök engin og engar kvaðir". Af þessum ummælum fasteignamatsmanna verður ekkert með vissu ráðið. Hvort tveggja er, að þessi ummæli stangast við yfirlýsinguna í jarðamatinu 1849—50 og fasteignamatsmenn tilgreina eigi heimild fyrir ummælunum.
6. Landamerkjabréf jarðarinnar Grjóteyrar, dags. 25. júni 1923, er undirritað af Hirti Hanssyni vegna Grjóteyrar og Einari Þórðarsyni vegna Innri-Skeljabrekku. Þar segir: „Enn fremur á Grjóteyri engi á svokölluðum Suðurengjum, nú elmennt kallað Grjóteyrarengi (áður nefnt Kóngsoddi)". Grein þessi sker eigi úr um það, hvort um er að tefla fullkomna landeign eða „engi á annars manns jörðu".

Samkvæmt rökum þeim, sem greinir í héraðsdómi, verða deilur þær, sem á síðari hluta 19. aldar urðu um ágang búfjár á Suðurengjum og notkun landspildunnar, eigi taldar skipta máli um úrslit hér. Sama máli gegnir um girðingar, sem á fyrra hluta þessarar aldar voru settar upp á Suðurengjum.

Svo sem rakið hefur verið, var hin umdeilda landspilda upprunalega hluti af Innri-Skeljabrekku. Eigi eru leiddar sönnur að því, að í öndverðu hafi stofnazt meiri réttur konungi til handa yfir hinni umdeildu landspildu en slægjuítak, þ. e. „engi á annars manns jörðu", og eigi er komið fram, að eigendur Innri-Skeljabrekku hafi síðar afsalað meiri rétti né meiri réttur unnizt frá Skeljabrekku fyrir hefð. Ber því, svo sem gert er í héraðsdómi, að viðurkenna eignarrétt gagnáfrýjanda að hinni umdeildu landspildu og slægjuítak aðaláfrýjenda á henni.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 20. júlí 1959.

Mál þetta er höfðað með opinberri stefnu, útgefinni 3/9 fyrra ár, er birtist í Lögbirtingablaðinu 13. sama mánaðar, þingfest 9/1 1959, áreið fór fram 1/5 þ. á. og tekið til dóms 10. þ. m.

Forsaga þessa máls er sú, að um langan aldur hafa engjastykki, er liggja neðan við engjar jarðarinnar Innri- Skeljabrekku í Andakílshreppi og niður að Andakílsá, verið nytjuð til slægna frá ýmsum jörðum í Andakíls- og Skorradalshreppi eða af einstaklingum, er haft hafa umráð yfir þeim. Hefur eigi verið víst, hvort hér hefur verið um slægnaítök að ræða eða eignarlönd.

Engjastykkin hafa verið þessi:

1. Stóri- og Litli-Hálsahringur, er nytjaðir hafa verið frá jörðinni Hálsum.
2. Stórihringur, Þrætunef og Litlihringur, er nytjaðir hafa verið frá kirkjujörðinni Horni.
3. Grjóteyrarengi, er nytjað hefur verið frá Grjóteyri.
4. Neðrahreppsengi, er nytjað hefur verið frá Efrihrepp.
5. Efrahreppsengi, er nytjað hefur verið frá Efrihrepp að ⅕ hluta, frá Mófellsstöðum að ⅕ hluta, Mófellsstaðakoti að ⅕ hluta og af Kristjáni Guðmundssyni að ⅖ hlutum.
6. Kirkjuengi, sem nytjað hefur verið frá Hvanneyri.
7. Hvammsengi, er nytjað hefur verið af Haraldi Á. Sigurðssyni í Reykjavík.
8. Miðfossaengi, er nytjað hefur verið frá Miðfossum.
9. Fossaoddi, er nytjaður hefur verið frá Syðstufossum.
10. Fit, er nytjuð hefur verið frá Innri-Skeljabrekku.

Er lög um ítök nr. 113 29/12 1952 gengu í gildi, auglýsti sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu eftir því, að þeir, er ítök ættu í jarðir í sýslunum, lýstu ítökunum fyrir honum.

Bárust honum þá lýsingar frá eftirtöldum mönnum:

1. Guðlaugi Einarssyni héraðsdómslögmanni í Reykjavík vegna Þorsteins Jónssonar, bónda í Efrihrepp, fyrir Neðrahreppsengi og hluta hans af Efrahreppsengi.
2. Kristjáni Guðmundssyni fyrir hluta hans og þeirra Eiríks Sigurðssonar í Mófellsstaðakoti og Vilmundar Jónssonar, Mófellsstöðum, af Efrahreppsengi.
3. Kristjáni Guðmundssyni vegna Haralds Á. Sigurðssonar fyrir Hvammsengi.
4. Guðjóni B. Gíslasyni fyrir Fossaodda.
5. Óskari B. Hjartarsyni vegna eigenda Grjóteyrar fyrir Grjóteyrarengi.
6. Guðmundi Jónssyni vegna eiganda Hvanneyrar fyrir Kirkjuengi.

Var öllum þessum landspildum fyrst og fremst lýst sem eign, en til vara sem ítökum, og er legu þeirra lýst þannig, að þær séu á Suðurengjum.

Sýslumaður sendi síðan eigendum jarðanna Innri- og Ytri-Skeljabrekku með bréfi 4/8 1954 afrit af lýsingum þessum, og mun hann hafa talið sér skylt að senda eigendum jarðanna lýsingarnar, þar sem eigi var lýst ítökum í ákveðna jörð. Með bréfi, dags. 17/3 1955, tilkynnti svo Magnús Thorlacius, hæstaréttarlögmaður í Reykjavík, sýslumanni vegna Jóns Gíslasonar, bónda á Innri-Skeljabrekku, að greindar eignarréttar- og ítakskröfur í land Innri-Skeljabrekku væru véfengdar.

Lá mál þetta svo niðri þar til í ágúst 1958, að Jón Gíslason setti laxveiðilögn í Andakílsá fyrir Neðrahreppsengi. Krafðist þá Þorsteinn Jónsson í Efrihrepp, að lagt yrði lögbann við starfrækslu lagnarinnar, og var það gert með lögbannsgerð, er fram fór 12/8 1958. Höfðaði hann síðan mál til staðfestingar lögbanninu með stefnu 18. s. m. Skömmu síðar höfðaði svo stefnandi mál þetta.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkenndur verði eignarréttur hans að svokölluðu Grjóteyrarengi og að stefndu verði dæmd til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndu gera þær kröfur, að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málflutningsmaður stefndu, er við þingfestingu málsins féllst á, að það yrði rekið sem áreiðar- og vettvangsmál, hefur undir rekstri málsins hreyft því, að það beri að reka sem landamerkjamál, og þar sem svo hafi eigi verið gert, beri að vísa því frá ex officio.

Rétturinn lítur svo á, að það, sem um er deilt í þessu máli, sé það, hvort landspildan Grjóteyrarengi sé slægjuítak eða eignarland. Fyrir réttinum hefur ekkert komið fram, er bendir til þess, að ágreiningur sé um ummerki þessa landssvæðis. Virðist af því leiða, að með mál þetta eigi að fara eftir 3ja kafla laga um landamerki nr. 41/1919, og er þá eigi ástæða til að vísa því frá.

Rétturinn lítur svo á, að eigi séu fram komnar, hvorki af hálfu stefnanda né stefndu, neinar ótvíræðar sannanir, er sanni eða afsanni, að landspildan Grjóteyrarengi sé slægjuítak í land jarðarinnar Innri-Skeljabrekku.

Hins vegar hafa málflutningsmenn aðilja fært fram ýmis rök til stuðnings málstað sínum hvor um sig, og skulu þau rök og gagnrök nú rakin.

1. Stefnandi telur sig færa rök fyrir því, að Grjóteyrarengi og aðrar þær landspildur, er liggja niður af engjum Innri-Skeljabrekku og niður að Andakílsá, séu allar innan landamerkja Innri-Skeljabrekku. Bendir hann á í því sambandi, að landamerkjabréfum Innri- og Ytri-Skeljabrekku beri saman um það, að lönd jarðanna liggi saman alla leið niður í Andakílsá, en af því leiði, að landspildur þær, er liggi ofan þessarar merkjalínu, geti eigi verið innan landamerkja Ytri-Skeljabrekku. Loks bendir hann á, að samkvæmt dómsskjali nr. 11 eigi jörðin Hálsar „2 engi í Skeljabrekkujörðu hinni eystri", og enn fremur eigi Varmalækjarkirkja „engi, er kallað er Breiðafit, er liggur í Skeljabrekkujörðu".

2. Stefnandi viðurkennir að vísu, að Grjóteyrarengi hafi um langan tíma verið notað til slægna af stefndu. Hins vegar mótmælir hann því, að stefndu hafi nokkru sinni stundað þar veiðar að staðaldri. Þá fullyrðir hann, að engi þetta og önnur engjastykki á þessum slóðum hafi verið notuð til beitar frá Innri-Skeljabrekku um mjög langan tíma. Hefur hann leitt sem vitni að þessu feðgana Sigvalda Jónsson, bónda í Ausu, og syni hans, Jón og Benedikt, og enn fremur fyrri eigendur Innri-Skeljabrekku, þá Andrés Björnsson og Einar Þórðarson.

3. Stefnandi bendir á það, að samkvæmt útdrætti úr jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, er hann hefur lagt fram á dómsskjali nr. 5, fylgi jörðinni Grjóteyri: „Engjatak fyrir innan Hvanneyrarland, sem kallað er Kóngsoddi". Telur hann, að orðið „engjatak" sé hér notað í sömu merkingu og orðið „engjaítak". Hefur hann lagt fram á dómsskjali nr. 18 álit prófessors

Ólafs Lárussonar, þar sem hann lætur í ljós þá skoðun, að orðið „engjatak" sé sömu merkingar og orðið „engjaítak".

4. Stefndu mótmæla því, að Grjóteyrarengi sé innan landamerkja Innri-Skeljabrekku, og benda á, að þess sé hvergi getið, að Suðurengjar séu í Innri-Skeljabrekkulandi, heldur framundan því.

5. Stefndu mótmæla því, að stefnandi hafi notað Grjóteyrarengi til beitar, en viðurkenna, að búfénaður hans hafi rásað um landið. Þá hafa þau lagt fram á dómsskjölum nr. 19, 20 og 21 útskriftir úr dómsmálabókum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá árunum 1871—1876, er sýna, að þá hafa verið uppi þrætur út af ágangi búpenings á engjastykki á Suðurengjum. Árið 1871 þinglýsa Skorrdælingar og Andkílingar banni við að beita skepnum á Suðurengjar, og einnig eru þar sáttagerðir út af slíkum ágangi.

6. Stefndu mótmæla því, að orðið „engjatak" sé sömu merkingar og orðið „engjaítak".

7. Loks hafa stefndu lagt fram greinargerð um girðingar á Suðurengjum á dómsskjali nr. 27.

Rétturinn verður að líta svo á, að er athuguð er ljósmynd úr lofti, er lögð hefur verið fram sem dómsskjal nr. 4 í málinu, komi í ljós, að sterkar líkur séu fyrir því, að engjalönd þau, og þar á meðal Grjóteyrarengi, er liggja frá engjalöndum Innri-Skeljabrekku niður að Andakílsá á nokkurs konar nesi, er áin myndar, hafi upphaflega verið innan landamerkja Innri-Skeljabrekku. Styðja þessa ályktun upplýsingar þær, sem er að finna á dómsskjali nr. 11 um, að árið 1369 (öllu heldur 1399) hafi Stóri- og Litli-Hálsahringur verið í landi Eystri-Skeljabrekku (nú Innri-Skeljabrekku) og Breiðafit (nú Brekkufit) í landi Skeljabrekkujarðar. Loks bendir til þess sama, að samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna Ytri- og Innri-Skeljabrekku er landamerkjum milli þeirra lýst svo, að þau liggi eftir stokk milli Konuengis og Brúarengis í Andakílsá, og væri þá, ef Grjóteyrarengi, Stóri-Hálsahringur og Efrahreppsengi eigi væru innan landamerkja Innri-Skeljabrekku, merkjum lýst lengra niður en land Innri-Skeljabrekku þá mundi ná.

Samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en útdráttur úr henni er lagður fram á dómsskjali nr. 5, hefur Grjóteyrarengi á þeim tíma verið skilgreint sem engjatak, og verður rétturinn að líta svo á, að merking þess orðs sé hin sama og þar hefði staðið engjaítak.

Engið hefur um langan tíma verið notað þannig, að eigendur þess hafa nytjað það sjálfir til slægna. Hins vegar má telja það sannað, að ábúandi Innri-Skeljabrekku hafi um langt árabil hagnýtt sér landið til beitar, einkum vor og haust, eða á þeim tíma, sem landeiganda er heimilt að notfæra sér beit á slægjuítaki. Fyrr á tímum, nánar tiltekið á tímabilinu frá 1871—1876, samanber dómsskjal nr. 19—21, virðist hafa verið nokkur ágangur á Suðurengjar, og hafa Skorrdælingar og Andkílingar þinglýst banni á beit þar. Verður þó eigi séð, af hverjum það bann er sett og gegn hverjum því er beitt, né hvort þáverandi eigandi Innri-Skeljabrekku hafi verið aðili að banninu. 1874 og 1876 koma fyrir rétt klögumál út af ágangi búfjár á engjastykkin. Verður eigi séð, að þáverandi eigandi Grjóteyrarengis hafi verið aðili að þeim málum, en 1874 tekur þáverandi eigandi Innri-Skeljabrekku á sig kvöð um vörzlu engjastykkjanna. Loks ber að geta þess, að eigi verður séð, hvort ágangur þessi átti sér stað fyrir eða eftir fardaga hvort árið.

Samkvæmt dómsskjali nr. 27 hafa á ýmsum tímum verið settar girðingar um og milli engjastykkjanna, en sjaldnast staðið lengi, enda örðugt að halda þeim við vegna sjávargangs. Virðast girðingar þessar hafa verið vírgirðingar, en eigi upplýst, hve margra strengja þær hafa verið. Má jafna girðingum þessum við löggarð samkvæmt 22. kapítula landsleigubálkar Jónsbókar, og var þá slægjuítakshafa heimilt að setja þær upp, ef hann hafði hlið á girðingunni, er opið væri frá því fjórum vikum fyrir vetur og þar til sex vikur voru liðnar af sumri.

Samkvæmt framansögðu verður rétturinn að líta svo á, að svonefnt Grjóteyrarengi sé slægjuítak, eign Aðalsteins Hjartarsonar, Óskars Hjartarsonar, Kristrúnar Hjartardóttur, Sigríðar Hjartardóttur, Torfa Hjartarsonar og Gústafs Hjartarsonar, eigenda Grjóteyrar, en landið undir því sé innan landamerkja jarðarinnar Innri-Skeljabrekku og því eign eiganda hennar, Jóns Gíslasonar, bónda þar.

Ber því að taka dómkröfur stefnanda til greina og viðurkenna eignarrétt hans að landi því, er Grjóteyrarengi er á, en jafnframt ber að viðurkenna slægjuítak stefndu í landið.

Kostnaður við dóminn ákveðst þannig:

1. Ferðakostnaður og dvalarkosnaður dómenda .... kr. 500.00
2. Dagkaup meðdómenda (6 daga hvor) ..... — 1200.00

Samtals kr. 1700.00

og virðist eftir atvikum rétt að dæma málsaðilja til að greiða þann kostnað að hálfu hvorn.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnanda, Jóns Gíslasonar, bónda á Innri-Skeljabrekku, að landi því, er Grjóteyrarengi er á. Jafnframt er viðurkennt, að stefndu, Aðalsteinn Hjartarson, Óskar Hjartarson, Kristrún Hjartardóttir, Sigríður Hjartardóttir, Torfi Hjartarson og Gústaf Hjartarson, eigendur Grjóteyrar, eiga slægjuítök í land þetta.

Kostnað við dóminn, samtals að upphæð kr. 1700.00 — eitt þúsund og sjö hundruð krónur —, greiða málsaðiljar að hálfu hvor, en stefndu sinn hluta in solidum.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. maí 1961.

Nr. 223/1960. **Byggir Ltd. & Associates**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Utanríkisráðherra f. h. Utanríkisráðuneytisins og
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Theodór B. Lindal prófessor.

Um atvinnuréttindi íslenzkra aðilja á varnarsvæðum samkvæmt samningi Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. desember 1960. Krefst hann þess, að dæmt verði

ógilt bann það, er gagnáfrýjandi utanríkisráðherra f. h. Utanríkisráðuneytisins lagði við því með bréfum, dags. 28. júlí og 19. ágúst 1959, að aðaláfrýjandi gerði tilboð í að vinna verk fyrir varnarlið Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, og bann það, er sami aðili lagði við því, að varnarliðið tæki við slíkum tilboðum frá aðaláfrýjanda. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að dæmt verði, að gagnáfrýjandi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs beri fébótaábyrgð á tjóni því, er aðaláfrýjandi hafi orðið fyrir vegna framangreindra aðgerða gagnáfrýjanda utanríkisráðherra f. h. Utanríkisráðuneytisins. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 31. janúar 1961. Krefjast þeir staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Eins og nánar er lýst í héraðsdómi, tók aðaláfrýjandi að sér að annast viðhaldsvinnu fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli samkvæmt heimild, er varnarmáladeild Utanríkisráðuneytisins veitti Byggi h/f hinn 15. marz 1955 og gilda skyldi „fyrst um sinn". Með bréfi varnarmáladeildar, dags. 28. júlí 1959, var leyfi þetta afturkallað, og með bréfi sama aðilja, dags. 19. ágúst 1959, var aðaláfrýjanda tilkynnt, að honum væri einnig óheimilt að bjóða í önnur verk fyrir varnarliðið, sem byggðust á notkun tollfrjálsra tækja. Samkvæmt yfirlýsingum af hálfu aðilja í málflutningi tilkynnti varnarmáladeild jafnframt varnarliðinu, að því væri óheimilt að taka við verktilboðum frá aðaláfrýjanda.

Samkvæmt kröfugerð aðaláfrýjanda og málflutningi aðilja er úrlausnarefni máls þessa það, hvort aðaláfrýjanda sé að lögum heimilt án íhlutunar Utanríkisráðuneytisins að gera varnarliðinu tilboð um að vinna verk í þágu þess og þá jafnframt að vinna slík verk, ef tilboð eru samþykkt, eða hvort ráðuneytið geti hindrað slíkar samningsgerðir.

Í varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, dags. 5. maí 1951, segir meðal annars í 3. gr.:

„Það skal vera háð samþykki Íslands ... með hverjum

hætti það (þ. e. varnarliðið) tekur við og hagnýtir þá aðstöðu á Íslandi, sem veitt er með samningi þessum".

Þá segir og í viðbæti við varnarsamninginn, dags. 8. maí 1951, 6. gr., 4. tölulið:

„Bandaríkin æskja þess að ráða hæfa íslenzka borgara, eftir því sem föng eru á, til starfa í sambandi við samning þenna. Að svo miklu leyti sem Ísland kann að samþykkja ráðningu íslenzkra borgara til starfa hjá liði Bandaríkjanna, skal slík starfsráðning framkvæmd með aðstoð og um hendur þess eða þeirra fyrirsvarsmanna, sem af Íslands hálfu eru til þess kvaddir".

Framangreindur varnarsamningur og viðbætir við hann hafa hlotið lagagildi með setningu laga nr. 110/1951.

Eftir hinum tilvitnuðu ákvæðum varnarsamningsins og að öðru leyti samkvæmt eðli hans fara starfsráðningar varnarliðsins, að því er tekur til íslenzkra aðilja, ekki fram á frjálsum vinnumarkaði, heldur eru þær bundnar ákvörðunum íslenzkra stjórnvalda, meðal annars um það, hverjum sé heimilt að takast á hendur framkvæmdir í þágu varnarliðsins. Þessi ákvæði, sem hafa lagagildi, eins og áður segir, brjóta ekki í bága við 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Og þar sem Utanríkisráðuneytið, sem fer með mál þessi að lögum, fór ekki út fyrir valdmörk sín, er það svipti aðaláfrýjanda framangreindri heimild, ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu gagnáfrýjenda.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum kr. 8000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, utanríkisráðherra f. h. Utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum aðaláfrýjanda, Byggis Ltd. & Associates, í máli þessu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum kr. 8000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. desember 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f. m., hefur Borgþór Björnsson f. h. fyrirtækisins Byggis Ltd. & Associates höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. nóvember 1959, gegn utanríkisráðherra f. h. Utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. Fjármálaráðuneytisins.

Stefnandi kveður málavexti þessa:

Með bréfi, dags. 15. marz 1955, tilkynnti varnarmáladeild Utanríkisráðuneytisins Byggi h/f, hér í bænum, að samkvæmt beiðni varnarliðsins og með meðmælum ráðuneytisins hefði fyrirtækið verið ráðið til að annast alla viðhaldsvinnu fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli fyrst um sinn. Af hendi Byggis h/f var þegar hafizt handa um vinnu þessa. Til þess að leysa hana af hendi fékk Byggir h/f sér til aðstoðar fyrirtækið Verklegar framkvæmdir h/f hér í bænum. Skyldu fyrirtækin hafa hag og halla af verkum þessum að hálfu hvort, og ráku þau starfsemi þessa undir nafninu Byggir Ltd. & Associates. Nafn þetta var ekki skrásett. Ekki hreyfði Utanríkisráðuneytið athugasemdum við þessari ráðstöfun. Sá háttur var hafður á um verk þessi, að varnarliðið óskaði eftir tilboðum í ákveðin verk og tók þeim tilboðum, sem það taldi sér hagkvæm.

Með bréfi, dags. 18. marz 1958, tilkynnti varnarmáladeild Utanríkisráðuneytisins Byggi h/f, að það hefði veitt fyrirtækinu Keflavíkurverktökum heimild til að annast viðhaldsvinnu fyrir varnarliðið á tilboðsgrundvelli við hlið Byggis h/f. Varð nú vinnutilhögun sú, að varnarliðið óskaði eftir tilboðum í einstök verk og þessir tveir aðiljar, Byggir Ltd. & Associates og Keflavíkurverktakar, og stundum fleiri aðiljar gerðu tilboð í verkin. Tók varnarliðið síðan þeim tilboðum, sem það taldi hagkvæmust. Byggir Ltd. & Associates fékk alltaf verulegan hluta verkanna. Um 24. júlí 1959 tjáðu fyrirsvarsmenn varnarliðsins fyrirsvarsmönnum Byggis Ltd. & Associates, að Utanríkisráðuneytið hefði bannað varnarliðinu að taka við tilboðum frá því fyrirtæki. Með bréfi, dags. 28. júlí 1959, tilkynnti varnarmáladeild Utanríkisráðuneytisins Byggi Ltd. & Associates, að ráðuneytið hefði fyrst um sinn afturkallað heimild fyrirtækisins til þess að bjóða í viðhaldsvinnuverk hjá verkfræðideild varnarliðsins. Jafnframt var hafin rannsókn fyrir dómi vegna ákæru á fyrirtækið um tolllagabrot. Stefnandi kveður rannsókn þessari hafa lokið hinn 2. ágúst 1959, og hafi hann þann dag óskað eftir því, að

framangreint bann yrði fellt niður, en þeirri málaleitan hafi ekki verið svarað. Hinn 19. ágúst 1959 ritaði varnarmáladeild Utanríkisráðuneytisins stefnanda bréf og tilkynnti honum, að honum væri einnig óheimilt að bjóða í önnur verk en viðhaldsvinnuverk fyrir varnarliðið, er byggðust á notkun tollfrjálsra tækja. Hinn 17. september 1959 ritaði lögmaður stefnanda varnarmáladeild Utanríkisráðuneytisins bréf og fór þess meðal annars enn á leit, að framangreind bönn yrðu felld niður. Eigi var bréfi þessu svarað. Fyrirsvarsmenn stefnanda kveða fyrirsvarsmenn varnarliðsins hafa tjáð sér, að samkvæmt banni Utanríkisráðuneytisins sé þeim eigi heimilt að taka við tilboðum frá stefnanda í verk, sem unnin eru á vegum varnarliðsins. Hafi eigi verið tekið við tilboðum frá stefnanda síðan.

Stefnandi, sem telur framangreint bann Utanríkisráðuneytisins algerlega ólöglegt og telur, að fella beri það úr gildi, hefur því höfðað mál þetta. Stefnandi kveður bann þetta hafa valdið sér verulegu fjárhagstjóni.

Stefnandi hefur í stefnu gert þær dómkröfur, að bann Utanríkisráðuneytisins við því, að fyrirtækið Byggir Ltd. & Associates geri tilboð í að vinna verk fyrir varnarlið Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, samkvæmt bréfum, dags. 28. júlí og 19. ágúst 1959, og bann sama ráðuneytis við því, að varnarliðið taki við slíkum tilboðum, verði dæmt ógilt og marklaust. Þá krefst stefnandi þess og, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verið dæmdur til að greiða sér skaðabætur vegna hins ólögmæta banns, að fjárhæð kr. 1.000.000.00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómarans.

Í málinu hafa stefndu gert þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað að mati dómarans.

Samkvæmt ósk aðilja hefur sakarefni verið skipt samkvæmt heimild í 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936. Verður í þessum þætti málsins aðeins fjallað um gildi banns Utanríkisráðuneytisins, sem framangreindar dómkröfur stefnanda beinast að, svo og um fébótaábyrgð ríkissjóðs. Hinn 18. f. m. fór fram munnlegur málflutningur um þenna þátt málsins.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að utanríkisráðherra eða ráðuneyti hans skorti algerlega vald til að banna honum að bjóða í verk hjá varnarliðinu og banna varnarliðinu að

taka við tilboðum frá honum. Hér sé um að ræða ólögmæta sviptingu atvinnufrelsis, sem brjóti í bága við ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Að því er varðar skaðabótaskyldu ríkissjóðs, er því haldið fram af stefnanda, að ríkissjóður beri ábyrgð á tjóni því, sem utanríkisráðherra hafi valdið honum með hinu ólögmæta framferði sínu.

Stefndu reisa kröfu sína um sýknu á því, að samkvæmt ákvæðum 4. liðar 6. gr. viðbætis við varnarsamning milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, sem lagagildi hefur hér á landi sem lög nr. 110/1951, þurfi leyfi íslenzkra stjórnvalda til þess, að íslenzkir aðiljar geti boðið í og tekið að sér að framkvæma verk fyrir varnarliðið. Hér sé um að ræða almenna takmörkun á atvinnufrelsi, sem heimil sé að íslenzkum rétti. Reyndin hafi einnig orðið sú, að engir íslenzkir aðiljar hafi tekið að sér slík verk, nema að hafa áður fengið til þess sérstakt samþykki íslenzkra stjórnvalda. Í þessu sambandi er á það bent af hálfu stefndu, að verkum þeim, sem stefnandi tók að sér að framkvæma fyrir varnarliðið, hafi fylgt þau sérréttindi að mega flytja inn vörur og tæki tollfrjálst til afnota við þær framkvæmdir. Slíkar undanþágur sé ekki hægt að veita nema þeim aðiljum, sem fyllilega sé hægt að treysta til að misnota ekki þessa aðstöðu. Sé því meðal annars af þessum sökum ekki nema eðlilegt, að stjórnvöld hafi fengið lagaheimild til að ráða því, hverjir íslenzkir aðiljar hefðu rétt til starfa í sambandi við varnarsamninginn. Það hafi nú hins vegar komið í ljós við dómsrannsókn, að stefnandi hafi brotið skilyrði þau, sem sett hafi verið við tollfrjálsum innflutningi tækja til afnota við framkvæmdir á vegum varnarliðsins, og hafi af því tilefni verið gefið út ákæruskjal á hendur fyrirsvarsmönnum stefnanda.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að íslenzka ríkið sé eigandi alls þess landssvæðis, sem Keflavíkurflugvöllur standi á. Íslenzk stjórnvöld geti því ein ráðið því, hverjir íslenzkir aðiljar fái leyfi til að fara inn á þetta landssvæði eða hafi þar einhvern starfa með höndum. Hér sé um að ræða bannsvæði, sbr. reglugerð nr. 128/1954.

Í 4. tl. 6. gr. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra segir svo: „Bandaríkin æskja þess að ráða hæfa íslenzka borgara, eftirt því sem föng eru á, til starfa í sambandi við samning þenna. Að svo miklu leyti sem Ísland kann að

samþykkja ráðningu íslenzkra borgara til starfa hjá liði Bandaríkjanna, skal slík starfsráðning framkvæmd með aðstoð og um hendur þess eða þeirra fyrirsvarsmanna, sem af Íslands hálfu eru til þess kvaddir. Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu fara að íslenzkum lögum og venjum." Viðbætir þessi hefur lagagildi hér á landi samkvæmt lögum nr. 110/1951.

Við gerð varnarsamningsins við Bandaríki Norður-Ameríku hefur það verið haft í huga, að hafnar yrðu hér framkvæmdir á vegum varnarliðsins og að varnarliðið óskaði eftir að ráða íslenzkt starfsfólk til þeirra. Með ákvæði 4. tl. 6. gr. viðbætis um réttarstöðu varnarliðs Bandaríkjanna og eignir þeirra hefur löggjafinn viljað tryggja, að íslenzk stjórnvöld hefðu endanlegt úrskurðarvald um ráðningu innlends vinnuafls til þessara starfa. Samkvæmt lagaákvæði þessu eru slíkar ráðningar háðar samþykki íslenzkra stjórnvalda, og jafnframt skulu þær framkvæmdar með aðstoð og um hendur íslenzkra stjórnvalda. Telja verður, að ákvæði þetta taki ekki aðeins til þess að ákveða, hversu mikill hluti vinnuafls landsmanna sé bundinn við störf á vegum varnarliðsins, heldur einnig að framkvæma ráðningu íslenzkra starfsmanna í þessu skyni. Er það því á valdi íslenzkra stjórnvalda, hvaða einstaklingar eru ráðnir til þessara starfa.

Skjótlega eftir komu varnarliðsins til landsins tóku íslenzk atvinnufyrirtæki að sér framkvæmdir og þjónustustörf á vegum varnarliðsins. Hefur allmikið kveðið að þessu á ýmsum tímum. Það verður að telja samkvæmt eðli málsins, að íslenzk stjórnvöld hafi á sama hátt og um einstaklinga endanlegt úrskurðarvald um það, hvaða atvinnufyrirtæki taki að sér framkvæmdir og þjónustustörf á vegum varnarliðsins, og að 4. tl. 6. gr. viðbætis um réttarstöðu varnarliðs Bandaríkjanna og eignir þeirra taki einnig til ópersónulegra aðilja að íslezkum lögum. Verður að telja, að bönd þau, sem með lagaákvæði þessu eru lögð á atvinnufrelsi manna, séu almennar takmarkanir, sem ekki brjóta í bága við 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Þau íslenzk stjórnvöld, sem farið hafa með framkvæmd varnarsamningsins við Bandaríki Norður-Ameríku á þeim tíma, sem hér um ræðir, eru utanríkisráðherra og Utanríkisráðuneytið samkvæmt IV. lið auglýsingar nr. 64/1959 og III. lið auglýsingar nr. 72/1958.

Í bréfi Utanríkisráðuneytisins til Byggis h/f, dags. 15. marz 1955, sem vikið er að hér að framan, segir svo:

„Samkvæmt beiðni yðar staðfestir þetta ráðuneyti hér með, að firma yðar hefur samkvæmt beiðni varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og meðmælum frá þessu ráðuneyti verið ráðið til þess að annast alla viðhaldsvinnu fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli fyrst um sinn."

Var hér um að ræða samþykki ráðuneytisins til ráðningar Byggis h/f til hinna tilgreindu verka í samræmi við ákvæði 4. tl. 6. gr. viðbætis um réttarstöðu varnarliðs Bandaríkjanna og eignir þeirra. Eins og fram kemur í bréfi ráðuneytisins, var Byggir h/f aðeins ráðinn til að framkvæma hin tilgreindu verk „fyrst um sinn", og máttu því forráðamenn hans búast við, að breyting yrði á, hvenær sem væri. Þykir rétt að benda á í þessu sambandi, að fyrri hluta ársins 1955 var samtökunum Keflavíkurverktökum veitt heimild til að annast viðhaldsvinnu fyrir varnarliðið á tilboðsgrundvelli við hlið Byggis h/f, eins og fram kemur í bréfi Utanríkisráðuneytisins til Byggis h/f, dags. hinn 18. marz 1958.

Afturköllun Utanríkisráðuneytisins á heimild stefnanda til að bjóða í viðhaldsvinnuverk hjá verkfræðingadeild varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli samkvæmt bréfi, dags. 28. júlí 1959, var raunveruleg uppsögn á heimildinni til ráðningar Byggis h/f samkvæmt bréfi ráðuneytisins frá 15. marz 1955 og sem starfsemi stefnanda að þessu leyti byggðist á. Bann ráðuneytisins við því í bréfi, dags. 19. ágúst 1959, að stefnandi gerði tilboð í önnur verk fyrir varnarliðið, sem „byggjast á notkun tollfrjálsra tækja, m. a. þjónustusamninga, eins og samninga um rekstur strætisvagna", er yfirlýsing ráðuneytisins um það, að stefnanda verði ekki veitt heimild til að ráða sig til að framkvæma slík verk.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, verður að telja, að þessar ráðstafanir Utanríkisráðuneytisins hafi fulla stoð í 4. tl. 6. gr. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, og verða þær því ekki felldar úr gildi. Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu má benda á, að vegna hinnar sérstöku aðstöðu, sem skapast við dvöl varnarliðsins hér á landi, er eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi af þjóðfélagslegum öryggisástæðum úrksurðarvald um ráðningu íslenzkra aðilja í þjónustu varnarliðsins.

Að því er skaðabótaskyldu stefndu varðar, þá er hún eingöngu studd þeim rökum, að umræddar ráðstafanir Utanríkisráðuneytisins hafi ekki við lög að styðjast, og leiðir því af framangreindri niðurstöðu, að skaðabótaskylda verður ekki lögð á ríkissjóð.

Samkæmt þessu verða úrslit máls þessa þau, að stefndu verða sýknaðir af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, utanríkisráðherra f. h. Utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Byggis Ltd. & Associates, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 6. maí 1961.

Nr. 20/1961. **Ákæruvaldið** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Jónasi Guðmundssyni (Jón Skaftason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 31/1961 verður ákærða hins vegar eigi dæmd réttindasvipting í máli þessu, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. málflutningslauna til sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Guðmundsson, sæti fangelsi 8 mánuði, en frá refsingunni dragast 11 dagar gæzluvarðhaldsvistar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. málflutningslaun sækjanda og

verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Jóns Skaftasonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. október 1960.

Ár 1960, þriðjudaginn 25. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5865/1960: Ákæruvaldið gegn Jónasi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Jónas Guðmundsson verkamaður, Garðastræti 17, hér í bæ, fyrir að hafa:

I. Veturinn 1957 tekið af ófrjálsu kvenkjól úr anddyri í kjallara að Víðimel 69, hér í bæ.

II. Aðfaranótt föstudagsins 8. apríl s.l. brotizt inn í Afgreiðslu smjörlíkisgerðanna, Þverholti 19—21, hér í bænum, og stolið þaðan einu útvarpsviðtæki.

III. Aðfaranótt fimmtudagsins 21. apríl s.l. brotizt inn í verzlunina Álfabrekku við Suðurlandsbraut hér í bæ og tekið þaðan ófrjálsri hendi nokkuð af vindlingum og reyktóbaki.

Öll framangreind brot teljast samkvæmt ákæruskjali varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV. Aðfaranótt laugardagsins 15. október s.l. gert tilraun til að brjótast inn í söluturn á Birkimel við Hringbraut í þeim tilgangi að taka þaðan af ófrjálsu vindlinga og annað fémætt, er hann girntist.

Þetta brot telst samkvæmt ákæruskjali varða við 244. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 19. desember 1910 á Tungu í Skarðshreppi í Skagafjarðarsýslu. Hann hefur sætt þessum refsidómum, öllum í Reykjavík:

1. 11. maí 1955. 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
2. 24. janúar 1956. 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
3. 14. marz 1958. 12 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti

og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna. Staðfest í Hæstarétti 12. janúar 1959.

4. 15. ágúst 1958. 45 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna. Staðfest í Hæstarétti 12. janúar 1959.

Auk þessa hefur ákærði á árunum frá 1943 verið sektaður 20 sinnum fyrir ölvunarbrot o. fl., frá kr. 10.00 upp í kr. 400.00 í hvert sinn.

Samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, eru málavextir þessir:

Hinn 15. þ. m., kl. 0240, voru tveir rannsóknarlögreglumenn staddir í lögreglustöðinni. Barst þá þangað tilkynning um, að verið væri að brjótast inn í söluturninn á Birkimel við Hringbraut. Rannsóknarlögreglumennirnir fóru á vettvang og handtóku þar ákærða, sem var að leggja af stað þaðan á reiðhjóli og hafði með sér tillagað bílfjaðrarblað og skrúfjárn. Við athugun á söluturninum kom í ljós, að reynt hafði verið að sprengja upp vængjalúgu á vestuhlið turnsins og að einnig hafði verið gerð tilraun til að spenna upp hurð á suðurhlið turnsins. Rannsóknarlögreglumennirnir báru fjöðrina við förin á lúgunni og hurðinni, og pössuðu þau.

Ákærði viðurkennir að hafa verið þarna að verki. Kveðst hann hafa verið einn við víndrykkju þessa nótt og hafa ætlað sér að brjótast inn í verzlunarstað þenna til að stela sigarettum handa vinkonu sinni. Verkfærin tók hann með sér til að nota við innbrotið, og reyndi hann að brjóta upp bæði lúguna og dyrnar, en hvorugt tókst. Hætti hann þá við að framkvæma áform sitt og var að leggja af stað af vettvangi, þegar hann var handtekinn.

Við leit, sem gerð var hjá ákærða daginn eftir, fannst kvenkjóll, sem hann viðurkennir að hafa veturinn 1957 tekið að ófrjálsu úr kjallaranum á Víðimel 69, en þá bjó hann í bílskúr við það hús.

Aðfaranótt föstudagsins 8. apríl s.l. brauzt ákærði inn í Afgreiðslu smjörlíkisgerðanna að Þverholti 19—21. Komst hann inn um glugga á bakhlið hússins af skúrþaki, en gluggann hafði hann spennt upp. Inni tók hann útvarpsviðtæki og hafði á brott með sér. Það fannst heima hjá honum við áðurnefnda leit, og var því komið til skila.

Aðfaranótt fimmtudagsins 21. apríl s.l. brauzt ákærði inn í verzlunina Álfabrekku við Suðurlandsbraut og stal þar nokkru

af sígarettum og reyktóbaki. Inn komst hann með því að spenna upp bakdyr verzlunarinnar með bílfjaðrarblaði. Ölvaður segist ákærði hafa verið, þegar hann framdi þenna verknað, og þýfið hafði hann notað sjálfur.

Fyrir framangreind brot, sem réttilega eru færð til refsiákvæða í ákæruskjali, með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna og einnig með tilliti til 78. gr. sömu laga, að því er varðar kjólstuldinn, þykir refsing ákærða með hliðsjón af fyrri brotaferli hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði hefur verið í gæzluvarðhaldi frá 15. þ. m., eða í 11 daga. Ber samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna að draga þenna tíma frá refsingunni.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þenna kveður upp Valdimar Stefánsson sakadómari.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Guðmundsson, sæti fangelsi í 8 mánuði, en frá refsingunni dragast 11 gæzluvarðhaldsdagar.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 6. maí 1961.

Nr. 105/1960. **Birgir Þór Helgason** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Hólmfríði Löve (Gunnar A. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. júní 1960, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. s. m. og

krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð verði ómerkt, málinu vísað frá héraðsdómi og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, aðallega að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að kröfu áfrýjanda verði hrundið, og loks að áfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað.

Hjónin Vigfús Helgi Gíslason og Aðalbjörg Sigríður Ásgeirsdóttir slitu hjúskap sínum samkvæmt skilnaðarbréfi, útgefnu í Dómsmálaráðuneytinu 10. júní 1949. Með skilnaðarbréfinu var konunni fengið forræði sonar þeirra, áfrýjanda, Birgis Þórs, sem fæddur er 22. janúar 1939. Hélt konan því forræði, unz áfrýjandi kvæntist 8. nóvember 1958. Faðir áfrýjanda var því eigi bær til að fara með fyrirsvar áfrýjanda í máli þessu í héraði, sbr. 24. gr. laga nr. 95/1947. Samkvæmt kröfu áfrýjanda ber þannig að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð, að því er til hans tekur, og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, að því er tekur til áfrýjanda, Birgis Þórs Helgasonar, og vísast máli hans frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. þ. m., hefur Hólmfríður Löve húsfreyja, Sigtúni 35, hér í borg, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. maí 1956, *aðallega* gegn Helga Gíslasyni bryta, Úthlíð 11, hér í borg, en *til vara* gegn honum vegna ófjárráða sonar hans Birgis, sama stað, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 39.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 7. apríl 1955 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu bæði vegna sjálfs sín og sonar síns.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 26. október 1954, um kl. 3 síðdegis, varð sá atburður

í svonefndum söluturni, sem staðsettur er á mótum Hverfisgötu og Kalkofnsvegar, að 15 ára gamall sonur stefnda, Birgir, sem þar var staddur ásamt félögum sínum, skaut af byssu. Er ekki fullljóst, hvers konar byssu hér var um að ræða, né heldur, hverju skotið var úr henni, en af gögnum málsins er það helzt að ráða, að það hafi verið táragassprengja.

Stefnandi var við afgreiðslustörf í söluturninum, og skýrir hún svo frá atvikum, að skyndilega hafi heyrzt nokkuð hár hvellur, líkt og úr barnabyssu. Samtímis hafi gosið upp reykur, sem á svipstundu hafi blindað hana. Jafnframt hafi hana sviðið mjög í augun, og hafi hún alls ekki getað haldið þeim opnum. Viðskiptavinir, sem staddir voru í söluturninum, hafi farið út, en sjálf hafi hún orðið að vera um kyrrt til lokunartíma, kl. 6 um kvöldið. Opnanlegur gluggi hafi enginn verið á turninum, og hafi óloftið af skotinu haldizt allan þann dag og hinn næsta, og allan þann tíma hafi hana sviðið í augun.

Um 15 mínútum eftir atburð þenna átti lögregluþjónn leið fram hjá söluturninum, og tjáði stefnandi honum, hvað gerzt hafði. Hafði lögreglan síðan upp á syni stefnda, og var hann fluttur á lögreglustöðina. Hafði hann í fórum sínum byssu og skot, og er þess getið í skýrslu lögreglunnar, að hún hafi tekið hvort tveggja í vörzlur sínar. Engin rannsókn virðist hafa farið fram á þessum hlutum, og kemur ekki fram í málinu, hvað um þá varð. Samkvæmt skýrslu piltsins var táragashylki í byssunni. Kvaðst hann hafa keypt það í Þýzkalandi sumarið áður.

Piltur að nafni Benedikt Arason kveðst hafa komið inn í söluturninn umgetinn dag, um kl. 5.20. Kveðst hann þekkja stefnanda. Hafi hún fljótlega eftir komu hans tjáð honum, að þar inni hefði verið sprengd táragassprengja, en engin merki þess hafi hann skynjað þá þegar. Er hann hafði dvalið þarna um 15 mínútur, hafi þó farið að renna úr augum hans og hafi hann þá farið út. Eftir þetta hafi hann fundið til í augunum, og á öðrum degi hafi hann farið til Sveins Péturssonar augnlæknis. Á þriðja degi hafi hann fundið til í höfði vegna þessa og ekki getað unnið, en legið rúmfastur í tvo daga.

Stefnandi leitaði til Sveins Péturssonar augnlæknis daginn eftir umræddan atburð, en þá kveðst hún hafa verið svo slæm orðin í augunum, að hún hafi ekki getað unnið lengur.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Sveins læknis Péturssonar, dags. 27. október 1954. Kveðst læknirinn þar hafa skoðað augu stefnanda þann sama dag. Kveður hann bæði augun

hafa verið rauð og þrútin, og hafi stefnandi ekki getað haldið þeim opnum. Við skoðun hafi sézt, að hún var brennd á báðum augum.

Í vottorði sama læknis, dags. 7. apríl 1955, segir, að stefnandi hafi ekkert getað unnið, frá því fyrra vottorðið var gefið, vegna augnmeiðslanna og afleiðinga þeirra.

Hinn 13. nóvember 1958 kom læknirinn fyrir dóm og staðfesti vottorð sín. Skýrir hann þá svo frá, að bruninn á augum stefnanda, sem um getur í fyrra vottorðinu, hafi verið fyrsta stigs bruni og lýst sér í roðabólgu og rennsli, en jafnframt hafi fylgt mikil ljósfælni. Fljótt á litið hafi áverkinn á augunum líkst fyrsta stigs bruna frá logsuðutækjum eða snjóbirtu, en bruni á augum, er hann hafi séð af þeim orsökum, hafi batnað á nokkrum dögum eða a.m.k. fljótlega. Slíku hafi aftur á móti ekki verið til að dreifa í þessu tilviki. Læknirinn kveður aldrei hafa verið um að ræða beina „infektion" í augum stefnanda, heldur hafi frekar virzt vera um einhvers konar eitrun að ræða, sem hann þó ekki geti sagt um, í hverju var fólgin. En hann hafi gert ráð fyrir, að atvik það, sem um ræðir, væri orsökin. Læknirinn kveður stefnanda hafa komið daglega til sín fram undir jól, að því er hann minnir. Úr því hafi hann látið hana fá meðöl heim með sér, en allt um það hafi hún komið á lækningastofu hans, er henni versnaði í augunum. Kveðst læknirinn telja, að útilokað hafi verið fyrir stefnanda að stunda vinnu, fyrst eftir að hún hlaut áverkann, eins og hún var á sig komin. Stefnandi hafi að eigin sögn reynt að vinna frá því um jól og fram til 7. apríl 1955, en þær tilraunir hafi jafnan endað þannig, að henni hafi versnað í augunum, enda hafi sömu sjúkdómseinkenni, sem áður var lýst, verið á augunum á því tímabili. Kveðst læknirinn telja, að stefnandi hafi ekki haft heilsu til að stunda vinnu á þessu tímabili, eins og ástandi augnanna var þá háttað. Framburð sinn endar læknirinn á því, að hann hafi ekki fyrr haft augnsjúkling, er orðið hafi fyrir táragassprengju, hafi þá hér verið um táragassprengju að ræða, eins og hann kemst að orði.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur aðalstefnda á því, að hann beri sem foreldri fébótaábyrgð á tjóni því, er Birgir sonur hans hafi valdið henni í umrætt sinn. Verði ekki á þetta fallizt, telur stefnandi auðsætt, að fébótaábyrgðin hljóti að falla á piltinn sjálfan, og beinir málssókninni því gegn honum til vara.

Aðalstefndi og varastefndi reisa sýknukröfuna báðir á því, að sönnur bresti fyrir því, að augnáverkar stefnanda hafi stafað af byssuskotinu í söluturninum, sem viðurkennt er, að átt hafi sér stað. Telja þeir, að táragassprenging geti ekki valdið slíkum meiðslum. Þessu til stuðnings er af hálfu stefndu lagt fram vottorð frá Úlfari Þórðarsyni augnlækni, er þannig hljóðar:

„Undirritaður læknir hefur verið spurður af hr. Sigurgeiri Sigurjónssyni, hvort mér væri kunnugt um slys af völdum táragass, og þá sérstaklega um afleiðingar þess fyrir augun. Þar eð mér var ókunnugt um þetta, spurðist ég fyrir um þessi atriði hjá próf. H. K. Muller, yfirlækni á augnspítala háskólans í Bonn. Svar hans var á þá leið, eftir að hann hafði látið fara yfir það, sem skrifað hefur verið um þetta í fagtímarit, að: Ef táragasi er skotið beint inn í augun, þannig að byssunni er stefnt á augun, þá getur táragasskot valdið langvarandi bólgum í auganu, en þá meir fyrir áverka af sprengingunni en af áhrifum táragassins, eins ef táragasið springur í umhverfi manna á venjulegan hátt, er ókunnugt um neinar skemmdir á augum af þeim orsökum. Hef ég engu við þetta að bæta og tel þetta vera tæmandi svar við því, sem ég var spurður að."

Í öðru lagi reisir aðalstefndi sýknukröfuna á því, að það sé andstætt lögum, að foreldrar beri fébótaábyrgð á skaðaverkum barna sinna, nema um sé að ræða culpa hjá foreldrunum. Sjálfur hafi hann engan hlut átt að því, að sonur hans hafði umrædda hluti undir höndum, og bresti því alveg skilyrði fyrir fébótaábyrgð hans. Drengurinn hafi og verið orðinn 15 ára gamall, en á þeim aldri hafi börn öðlazt slíkan þroska, að þau hljóti sjálf að vera fullábyrg gerða sinna.

Aðalstefndi kom fyrir dóm í málinu hinn 28. apríl 1959 og synjaði þá eindregið fyrir, að honum hafi verið kunnugt um tilvist umræddrar byssu í vörzlum Birgis sonar síns. Er ósannað gegn mótmælum hans, að hann hafi átt nokkurn hlut að því, að pilturinn hafði byssuna undir höndum eða að hann hafi um það vitað, og verður hann þegar af þeirri ástæðu ekki gerður ábyrgur fyrir tjóni stefnanda. Ber því að sýkna hann af kröfum í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður gagnvart honum falli niður.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið um augnmeiðsli stefnanda, aðdraganda þeirra, sem ekki er véfengdur, að augnmeiðslin voru rannsökuð af sérfræðingi í augnsjúkdómum strax daginn eftir umræddan atburð og að þá kom í ljós bruni í aug-

unum, að sömu einkenni voru á augunum frá því er stefnandi fyrst leitaði læknis og ávallt síðan, er **hún gekk til hans að** staðaldri, og ekkert er fram komið um það, að stefnandi hafi orðið fyrir öðrum áverka á augunum á þessu tímabili eða verið haldin neins konar augnveiki, þá þykir ekki viðurhlutamikið að líta svo á, að augnmeiðslin megi rekja til byssuskotsins, er sonur aðalstefnda stóð að í umrætt sinn. Með skírskotun til þess ber að leggja á hann fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, er af þessu leiddi.

Tjón sitt telur stefnandi nema þeirri fjárhæð, sem krafizt er í málinu, en fjárhæðina sundurliðar hún þannig, að kr. 24.000.00 eru fyrir atvinnutjón, en kr. 15.000.00 fyrir þjáningar og óþægindi.

Stefnandi er gift og á tvö börn, sem á þessum tíma voru 7 og 11 ára gömul. Hjónin höfðu söluturninn á leigu, og kveðst stefnandi hafa unnið þar við afgreiðslustörf allan daginn að öðru leyti en því, að eiginmaður hennar hafi leyst hana af hólmi í hádeginu. Jafnframt hafi hún sjálf hjálparlaust gegnt heimilisstörfum. Eftir að hún hlaut augnmeiðslin, hafi ekki verið um að ræða eiginlega vinnu frá hennar hendi, svo sem rakið hefur verið. Afleiðingin hafi orðið sú, að eiginmaður hennar hafi orðið að taka að sér afgreiðslustörfin í söluturninum og kaupa hafi orðið heimilisaðstoð. Jafnframt hafi svo komið að því, að þau hafi orðið að afsala sér leiguréttinum yfir söluturninum, sem ella hefði ekki orðið.

Stefnandi fær fjárhæð áætlaðs atvinnutjóns þannig fram, að hún gerir ráð fyrir, að hún hafi verið óvinnufær í 5½ mánuð. Kaup sitt við afgreiðslustörf í söluturninum reiknar hún kr. 3.500.00 á mánuði, eða alls kr. 19.250.00 greint tímabil. Þá kveðst stefnandi hafa greitt stúlku fyrir heimilisaðstoð kr. 800.00 á mánuði, eða alls kr. 4.750.00.

Af hálfu stefnda er fjárhæð kröfunnar mótmælt sem allt of hárri. Er því mótmælt, að stefnandi hafi haft svo hátt kaup, sem hún reiknar með, og enn fremur, að hún hafi verið óvinnufær allan þann tíma, sem atvinnutjónið er miðað við.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um hagi stefnanda, meiðsli þau, er hún hlaut, og afleiðingar þeirra, þykja bætur til hennar hæfilega ákveðnar í einu lagi kr. 20.000.00. Verður varastefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt málskostnaði, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Vaxtakröfunni er sérstaklega mótmælt, bæði upphafstíma vaxtanna og að dæmdir verði 7% ársvextir.

Rétt þykir að dæma 6% ársvexti af dæmdri fjárhæð frá þeim tíma, sem krafizt er.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Helgi Gíslason, er sýkn í máli þessu af kröfum stefnanda, Hólmfríðar Löve, en málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður.

Varastefndi, Helgi Gíslason vegna ófjárráða sonar síns Birgis, greiði stefnanda kr. 20.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1955 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. maí 1961.

Nr. 34/1961. **Ákæruvaldið** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Magnúsi Guðmundssyni
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um brot í opinberu starfi, brot gegn friðhelgi einkalífs, rangar sakargiftir og handhöfn skotvopns og skotfæra.

Dómur Hæstaréttar.

A.

Verjandi ákærða í héraði, Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður, var hinn 23. febrúar 1961 samkvæmt ósk ákærða einnig skipaður verjandi hans fyrir Hæstarétti, sbr. lög nr. 25/1953 um breytingu á lögum nr. 61/1942.

Flutningur málsins hófst hér fyrir dómi hinn 10. apríl s.l. og var fram haldið til 12. s. m., er ákærða var samkvæmt ósk verjanda með úrskurði dómsins veittur kostur

á að koma fyrir sakadóm og greina staðreyndir til stuðnings sakburði sínum á hendur lögreglustjóra Reykjavíkur og lögreglumönnum, sbr. III. lið ákæruskjals. Í þinghaldi í sakadómi sama dag lýsti ákærði því, „að hann neiti að tjá sig“ fyrir héraðsdómaranum, Halldóri Þorbjörnssyni, „en skuli gera það fyrir öðrum dómara“. Hæstiréttur veitti verjanda þá enn frest til að bera fram kröfu um, að héraðsdómarinn viki sæti. Héraðsdómari veitti ákærða og verjanda síðan ítrekuð tækifæri til að koma fyrir dóm í þessu skyni dagana 13. og 14. apríl s.l., en þeir sinntu því ekki og boðuðu ekki forföll. Er hér var komið, taldi Hæstiréttur verjandann, Guðlaug Einarsson héraðsdómslögmann, hafa rækt verjandastarfa sinn þannig, að óviðunandi væri, og leysti hann frá starfanum, sbr. 84. gr. laga nr. 27/1951 og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 61/1942. Ákærða var síðan veittur kostur á að velja sér verjanda úr hópi hæstaréttarlögmanna, en er hann hafnaði því, var Ragnar Ólafsson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi hans.

B.

Um I. ákæruatriði.

Ákærði hefur í prófum málsins staðfastlega neitað, að hann hafi átt nokkurn hlut að því að semja eða senda hótunarbréf þau, er lögreglustjóra Reykjavíkur bárust í pósti hinn 18. og 22. janúar 1960. Í héraðsdómi eru ýtarlega rakin þau sakargögn, sem til þess þykja benda, að ákærði hafi staðið að sendingu hótunarbréfa þessara. Verður hér á eftir kannað, hvað af gögnum þessum megi ráða um sök eða sýknu ákærða.

1. Eins og í héraðsdómi greinir, starfaði ákærði í lögregluliði Reykjavíkur frá því á árinu 1948, unz honum var vikið úr stöðu sinni, eftir að mál þetta kom upp. Eigi verður séð, að fundið hafi verið að störfum ákærða framan af starfsferli hans. En hinn 7. júlí 1958 veitti lögreglustjóri honum alvarlega áminningu fyrir brot í starfa. Þá sætti ákærði áminningum yfirlögregluþjónsins fyrir misferli í starfi hinn 4. febrúar 1960 og 15. marz 1960.

Eftir að lögreglustjóri veitti ákærða áminningu hinn 7.

júlí 1958, eins og áður greinir, fór að verða vart óánægju ákærða í garð yfirmanna sinna. Bæði hafa vitni um þetta borið og ákærði við það kannazt. M. a. segir ákærði í yfirheyrslu hjá lögreglustjórafulltrúa og yfirlögregluþjóni hinn 14. marz 1959, „að hann hafi nokkuð óuppgert við yfirmenn sína, og telur, að þar sé um refsiverðan verknað gagnvart sér að ræða". En ekki vildi ákærði greina, í hverju sá verknaður væri fólginn.

2. Eftir að lögreglustjóra höfðu borizt hótunarbréfin, lét hann hefja eftirgrennslan á vegum embættis síns um sendingu þeirra. Kveðst Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn hafa skýrt ýmsum lögreglumönnum frá hótunarbréfunum, m. a. Sigurjóni Ágúst Ingasyni, að því er hann minni. Hinn 27. febrúar 1960 tók yfirlögregluþjónninn skýrslu af Sigurjóni Ágúst. Skýrði hann þá svo frá, að um viku af febrúar hefði hann boðið ákærða heim og veitt honum vín. Kveður Sigurjón ákærða þá m. a. hafa sagt: „Ég sendi lögreglustjóranum nýlega sendingu til áréttingar og hressingar". Því næst hafi ákærði tekið upp tvö vélrituð smáblöð og lesið upp það, sem á þeim stóð. Hafi á öðru blaðinu verið hótun um líflát lögreglustjóra, en á hinu, að hann yrði brátt liðið lík. Hinn 29. marz 1960 kom Sigurjón Ágúst aftur fyrir yfirlögregluþjóninn og gaf skýrslu, sem rækilega er rakin í héraðsdómi. Eru aðalatriði þeirrar skýrslu þau, að aðfaranótt 18. janúar 1960 hafi hann verið varðmaður í Stjórnarráðshúsinu. Kl. rúmlega 0230 um nóttina hafi ákærði komið til hans í lögreglumannsbúningi og dvalizt þar fram til um kl. 0345. Á þeim tíma hafi ákærði gengið inn í skrifstofu Bjarna Guðmundssonar deildarstjóra á efri hæð hússins, látið þar í ritvél pappírsblað, sem hann hafði áður tekið á neðri hæð hússins, og skrifað á það nokkrar línur. Kveðst Sigurjón Ágúst hafa litið á blaðið og séð, að á það hafði ákærði ritað hótun til lögreglustjóra um, að hann yrði bráðlega tekinn af lífi. Þá segir Sigurjón Ágúst, að ákærði hafi sett á sig svarta skinnhanzka, áður en hann handlék pappírsblað það, sem hann ritaði á. Sigurjóni Ágúst hefur fyrir dómi verið sýnt hótunarbréf það, sem lögreglustjóra barst

hinn 18. janúar 1960. Taldi Sigurjón Ágúst sig þekkja þar bréfið, sem hann sá ákærða rita í Stjórnarráðshúsinu. Skýrslur sínar hefur Sigurjón Ágúst staðfest með eiði.

Reynt hefur verið eftir föngum að afla vitneskju um feril ákærða aðfaranótt 18. janúar 1960. Samkvæmt vottorði lögreglustjóraembættisins í Reykjavík 8. apríl 1960 og öðrum skýrslum átti ákærði að vera á verði í eftirlitsbifreið ásamt tveimur nafngreindum lögreglumönnum frá kl. 0100 til kl. 0300 og á lögregluvarðstofunni frá kl. 0300 til kl. 0400 umrædda nótt. Lögreglumenn, sem á verði voru þessa nótt, hafa komið fyrir dóm. Eigi mundu þeir atvik, er hér skipta máli. Þá virðast varðstjórar ekki hafa skráð neinar athugasemdir um störf ákærða né um fjarvistir hans af verðinum. Þó er þess að geta, að ákærði var eigi kvaddur til sérstaks starfs, sem líklegt er, að honum hefði verið falið, ef hann hefði verið viðlátinn.

Starfsmenn tæknideildar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík hafa framkvæmt athugun á því, hvort fyrra hótunarbréfið, sem lögreglustjóra barst, hafi verið skrifað á áðurgreinda ritvél í Stjórnarráðshúsinu. Hefur varðstjóri deildarinnar látið uppi það álit sitt, að hótunarbréf þetta „virðist vera“ skrifað á þá ritvél.

3. Eins og nánar er rakið í héraðsdómi, fór fram rannsókn á vegum tæknideildar rannsóknarlögreglunnar á því, hvort síðara hótunarbréfið, sem lögreglustjóra barst, væri ritað á ritvél í skrifstofu fyrirtækisins Solídó í Reykjavík og á pappír, er þar var fyrir hendi. Telur tæknideildin „óhætt að fullyrða, að hótunarbréfið .... sé skrifað á þessa ritvél“. Þá lýsir tæknideildin því, að í skrifstofu Solídó hafi verið ljósgrænn afritapappír, sem „virðist vera eins og sá, sem hótunarbréfið er skrifað á“. Fram er komið í málinu, eins og getið er í héraðsdómi, að ákærði var kunnugur eigendum greinds fyrirtækis og vandi nokkuð komur sínar þangað.

4. Ákærði skýrði í þinghaldi í sakadómi hinn 4. apríl 1960 frá því, að sjálfur hefði hann fengið vélritað bréf í pósti, þar sem honum var hótað lífláti, ef hann afturkall-

aði ekki kæru, og var bréf þetta póststimplað 1. apríl 1960. Engar skýrslur komu fram um höfund bréfs þessa, og engin vitneskja fékkst um ritvél, er notuð hefði verið. Hins vegar er bréfið talið ritað á sams konar pappír og fannst heima hjá ákærða.

5. Loks má geta blaðagreina þeirra, sem lýst er í héraðsdómi, einkum greinar dags. 14. september 1958. Þann dag, kl. 1800 til kl. 2400, var ákærði á verði í Stjórnarráðshúsinu. Er það álit tæknideildar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, að grein þessi sé skrifuð á ritvél, sem þá var í því húsi, og á sams konar pappír og fannst heima hjá ákærða.

Um 1. Eins og að framan greinir, þykir í ljós leitt, að ákærði hafi borið þungan hug til yfirmanna sinna. Þetta gæti samrýmzt því, að ákærði hefði sent lögreglustjóra hótunarbréfin.

Um 2. Samkvæmt gögnum þeim, sem rakin voru, má telja líklegt, að fyrra hótunarbréfið sé skrifað á ritvél í Stjórnarráðshúsinu. En rannsókn um það atriði er þó eigi svo ýtarleg, að hún út af fyrir sig verði talin fullkomin sönnun þess.

Um komu ákærða í Stjórnarráðshúsið aðfaranótt 18. janúar 1960 er Sigurjón Ágúst Ingason einn til frásagnar. Þegar virt er vætti hans, verður það fyrst fyrir, að hann hefur lýst því í prófum málsins, að hann hafi í skýrslu sinni til yfirlögregluþjónsins 27. febrúar 1960 leynt höfuðatriðum varðandi málsefnið. Þá verður samkvæmt frásögn hans um atburðina í Stjórnarráðshúsinu umrædda nótt, sé hún lögð til grundvallar, að telja hann hafa sýnt stórfellda vanrækslu í starfi, þar sem hann leyfði óviðkomandi manni óhefta för um húsið og notkun ritfanga þar og ritvélar. Þá lét hann kyrrt liggja, þó að hann yrði að sjálfs sín sögn þess var, að rituð var þar líflátshótun til lögreglustjóra og hótunarbréfið síðan haft á brott úr húsinu. Á þriðja mánuð lét lögreglumaður þessi undir höfuð leggjast að gefa yfirmönnum sínum skýrslu um atferli þetta, sem hann telur sig hafa verið sjónarvott að, enda þótt hann fengi vitneskju

um, að hótunarbréf hafði verið sent lögreglustjóra og að eftirgrennslan fór fram af því efni. Þá kveðst hann og hafa veitt ákærða vín til að gera hann opinskárri. Telja verður háttsemi lögreglumannsins og aðstöðu, sem nú var lýst, veikja sönnunargildi vættis hans.

Um 3. Telja verður atvik þau, sem rakin eru í þessum tölulið, fella nokkurn grun á ákærða um, að hann hafi, eins og afstöðu hans til umrædds fyrirtækis var háttað, átt hlut að síðara hótunarbréfinu.

Um 4. Jafnvel þó að líklegt væri talið, að ákærði hefði á þeim tíma, sem hér er um að tefla, staðið að hótunarbréfi til sjálfs sín, þá væri óvarlegt að meta þá háttsemi líkur fyrir sekt hans.

Um 5. Það atriði, að blaðagrein, sem talin er skrifuð á ritvél í Stjórnarráðshúsinu, er dagsett sama dag og ákærði hafði þar varðstöðu, veitir líkur fyrir því, að ákærði hafi ritað grein þessa á verðinum. Það vekur aftur grun um, að ákærði hafi oftar neytt aðstöðu sinnar til vélritunar í Stjórnarráðshúsinu.

Eins og rakið hefur verið, veita atriði þau, sem getið er í 1.—3. tl. og 5. tl. hér að framan, hvert um sig líkur fyrir sekt ákærða. Þegar atriði þessi eru metin í heild, verður að telja mjög líklegt, að ákærði sé höfundur beggja þeirra hótunarbréfa, sem lögreglustjóranum í Reykjavík bárust. En varhugavert þykir þó í refsimáli að telja fullnægjandi sönnun fram komna um sekt ákærða, og verður honum því dæmd sýkna, að því er þetta ákæruatriði varðar.

Um II. ákæruatriði.

Fallast má á forsendur héraðsdóms, að því er ákæruatriði þetta varðar, að öðru leyti en því, að um upptöku fellur niður tilvísun til 69. gr. laga nr. 19/1940.

Um III. ákæruatriði.

Fyrir sakburð þann, er í ákærulið þessum greinir og ákærði hefur borið fram rakalaust, á hann að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 148. gr. laga nr. 19/1940.

C.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Krafa ákæruvalds um réttindasviptingu verður ekki tekin til greina í máli þessu, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961 og 2. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku staðfestist.

Eftir úrslitum málsins þykir samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 27/1951 rétt, að sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist að hálfu af ákærða og að hálfu úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 27.000.00, laun verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda í héraði fyrir málflutning þar og undirbúning áfrýjunar, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Guðmundsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku á að vera óraskað.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist að hálfu af ákærða og að hálfu úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 27.000.00, laun verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, og laun verjanda í héraði, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. febrúar 1961.

Ár 1961, laugardaginn 11. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 121/1961: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, útgefnu 8. október 1960, gegn Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi lögreglumanni, Vesturgötu 27 hér í borg. Er hann ákærður fyrir eftirtalin brot.

I. Að hafa í janúarmánuði 1960 sent lögreglustjóranum í Reykjavík, Sigurjóni Sigurðssyni, í pósti tvö hótunarbréf, en hið fyrra barst lögreglustjóra 18. janúar og hið síðara 22. janúar. Fyrra bréfið er svohljóðandi.

„Ég hef ákveðið við sjálfan mig, að taka yður Sigurjón af lífi einhvern næstu daga og hefur aftakan verið þaulhugsuð og er ógerningur fyrir yður að komast undan takmarki mínu.

Kveðja frá Germann."

Síðara bréfið er svohljóðandi:

„Sigurjón Sigurðsson, Ægissíðu 58.

Stundin nálgast, bráðum verður þú liðið lík.

Kveðja frá Germann."

Teljast framangreind brot varða við 233. gr. og 138. og 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Að eiga og hafa í fórum sínum skammbyssu og skot í hana, án þess að hafa fengið tilskilið leyfi til að eiga skotvopn þetta og skotfæri, en mánudaginn 4. apríl 1960 fannst skammbyssan á ákærða, er leit var gerð á honum í hegningarhúsinu hér í bæ, og í bíl hans fannst einn pakki 24 stykkja af skotum í byssu hans, nema hvað eitt skot vantaði í pakkann, þegar leit var gerð í bíl hans á Ægisgötu sama dag.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 3. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau, sbr. 1. og 3. gr. laga nr. 69/1936 um sama efni.

III. 1. Að hafa í kæru sinni til Dómsmálaráðuneytisins, dags. 15. marz 1960, og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur mánudaginn 4. apríl borið lögreglumenn röngum sakargiftum með því að segja þá hafa verið með áhrifum áfengis við skyldustörf, en ákærði bar, að eftirtaldir lögreglumenn hefðu verið ölvaðir við nefnd störf (á vakt): Þorsteinn Jóhannes Jónsson, Bogahlíð 7, Þórir Sigurður Hersveinsson, Fjölnisvegi 4 (tvívegis), Sveinbjörn Bjarnason, Miklubraut 82, Hjörtur Elíasson, Goðheimum 2, og Sigurður Sigurðsson, Kirkjutorgi 6, allir hér í borg.

2. Að hafa á dómþingi sakadóms Reykjavíkur 4. apríl 1960 borið Magnús Sigurðsson lögregluvarðstjóra, Eiríksgötu 2, röngum sakargiftum með því að segja hann hafa látið lögreglumanninn Finnboga Sigurðsson ölvaðan aka bifreið frá lögreglustöðinni svo og fyrir að bera þær rangar sakargiftir á Finnboga, að hann hefði í nefndu tilviki komið ölvaður akandi bifreið að lögreglustöðinni og ekið henni þaðan í sama ástandi.

3. Að hafa í sama dómþingi mánudaginn 4. apríl 1960 borið Erling Pálsson yfirlögregluþjón, Bjargi við Sundlaugaveg, þeim röngu sakargiftum, að hann hefði með áhrifum áfengis ekið bifreið sinni sumarið 1957.

4. Að hafa í nefndu dómþingi 4. apríl borið lögreglustjórann í Reykjavík, Sigurjón Sigurðsson, Ægissíðu 58, röngum sakargiftum með því að segja hann iðulega aka bifreið með áhrifum áfengis, sérstaklega einu sinni, er hann hafi átt að vera vel drukkinn.

Hélt ákærði fast við þessar röngu sakargiftir í dómþingi sakadóms Reykjavíkur fimmtudaginn 28. apríl s.l.

5. a) Að hafa í dómþingi 4. apríl 1960 borið Sigurjón Ingason lögregluþjón, Hraunhólum 5 í Garðahreppi, þeim röngu sakargiftum, að hann mundi eiga eða hafa átt til skamms tíma talsverðar birgðir af smygluðu áfengi og að hann fengi alltaf öðru hverju smyglað áfengi.

b) Að hafa í dómþingi sakadóms Reykjavíkur föstudaginn 8. apríl 1960 ranglega borið það, að Sigurjón Ingason hefði fyrir ekki alllöngu tjáð honum, að hann (Sigurjón Ingason) hefði skrifað lögreglustjóra hótunarbréf og í því hótað lögreglustjóra líflláti.

Framangreind brot, er getur undir III, 1—5, hér að framan, teljast varða við 1. mgr. 148. gr. og 138. og 139. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, að framangreind skammbyssa og skotfæri verði gerð upptæk ríkissjóði til handa samkvæmt 2. og 3. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 3. gr. reglugerðar 105/1936, svo og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði hinn 31. október 1947 sætzt á greiðslu 70 króna sektar fyrir bifreiðalagabrot, en ekki sætt refsingu að öðru leyti. Hinn 21. júlí 1955 var hann kærður fyrir ótilhlýðilega framkomu við leigutaka sinn og vanskil á endurgreiðslu húsaleigu. Dómsmálaráðuneytið tilkynnti sakadómara 15. nóvember sama ár, að ekki væru fyrirskipaðar frekari aðgerðir út af kæru þessari.

Verða nú raktir málavextir. Fyrst er yfirlit um aðdraganda máls þessa og rekstur þess (I.), síðan rakin ákæran um hótunarbréf (II.), þá ákæran um eign á skotvopni og skotum án leyfis (III.), þá ákærur um rangar sakargiftir (IV.) og loks niðurstöður (V.).

I.

Ákærði er fæddur 9. júní 1928 á Vatneyri við Patreksfjörð.

Hinn 15. nóvember 1948 réðst hann til starfa í lögregluliði Reykjavíkur og gegndi því starfi, unz honum var vikið úr því, eftir að mál þetta hófst.

Haustið 1958 tóku að birtast í dagblaðinu Þjóðviljanum greinar undir dulnefnum, og fólu greinar þessar í sér harðorða gagnrýni á stjórn lögreglunnar hér. Í mörgum þessara greina voru mjög meiðandi ummæli um Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra og aðra fyrirmenn lögreglunnar. Skrif þessi leiddu til þess, að lögreglustjóri fól fulltrúa sínum, Ólafi Jónssyni, og Erlingi Pálssyni yfirlögregluþjóni að kanna, hvort lögreglumenn kynnu að standa að skrifum þessum. Athugun þessi, sem fram fór í febrúar—apríl 1959, leiddi í ljós sterkan grun um, að ákærði, Magnús Guðmundsson, hefði ritað umræddar greinar. Náði þetta svo ekki lengra að sinni.

Hinn 18. janúar 1960 barst Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra í pósti bréf, og var honum í bréfi þessu hótað lífláti næstu daga. Hinn 22. sama mánaðar barst honum annað bréf, og var líflátshótunin endurtekin í bréfi þessu. Bæði bréfin voru undirrituð nafninu „Germann". Sbr. um þetta II. hér á eftir.

Lögreglustjóri kynnti Ólafi Jónssyni fulltrúa bréf þessi. Hann ráðgaðist og við Valdimar Setfánsson sakadómara um það, hvað gera skyldi út af þessu. Varð úr, að ekki var beðið um opinbera rannsókn að sinni, heldur ákvað lögreglustjóri að reyna að kanna það í kyrrþey, hver standa mundi að hótunarbréfum þessum.

Hinn 15. marz 1960 sendi ákærði, Magnús Guðmundsson, Dómsmálaráðuneytinu kæru á hendur Magnúsi Sigurðssyni lögregluvarðstjóra fyrir misnotkun á valdi sínu sem yfirmaður ákærða, fyrir að hafa ruðzt með ólögmætum hætti inn á heimili ákærða o. fl. Krafðist ákærði þess, að Magnúsi Sigurðssyni yrði vikið frá starfi. Í bréfi þessu drepur ákærði einnig á það, að ýmsir lögreglumenn hafi gerzt sekir um að vera undir áhrifum áfengis við skyldustörf sín, en enga nafngreindi ákærði þó í því sambandi.

Bréf ákærða var sent lögreglustjóranum til umsagnar, og svaraði hann ráðuneytinu með bréfi, dags. 30. marz. Telur lögreglustjórinn í bréfi þessu nauðsynlegt, að rannsókn verði látin fram fara út af kæru ákærða. Jafnframt greinir lögreglustjóri frá blaðagreinum þeim, er áður getur, og grun þeim, er fallið hafi á ákærða um að vera höfundur þeirra. Þá er og skýrt frá hótunarbréfunum tveimur og því með, að tekizt hafi að upplýsa, að annað þeirra sé skrifað á ritvél í Utanríkisráðuneytinu og einn lögregluþjónn, Sigurjón Ingason, hafi skýrt svo frá, að

hann hafi séð ákærða rita bréf þetta á umrædda ritvél. Fylgdi afrit af skýrslu, er Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn hafði tekið af Sigurjóni Ingasyni um þetta efni. Loks segir í bréfi lögreglustjóra, að ákærði hafi gerzt sekur um óreglusemi og hirðuleysi í starfi. Fylgdu útdrættir úr gerðabók lögreglustjóra og yfirlögregluþjóns, er sýndu, að ákærði hafði sætt áminningum.

Með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 31. marz 1960, var lagt fyrir sakadómarann í Reykjavík að hefja dómsrannsókn út af kæru ákærða og bréfi lögreglustjórans.

Dómari í rannsókn þessari var Guðmundur Ingvi Sigurðsson. Hóf hann rannsóknina 4. apríl og hélt henni síðan áfram jafnt og þétt til 29. apríl. Snerist rannsóknin bæði um hótunarbréfin, blaðaskrifin og ásakanir ákærða á hendur Magnúsi Sigurðssyni, en einnig um ný atriði, er drógust inn í rannsóknina, sbr. III. og IV. hér á eftir. Endurrit af rannsókninni var sent Dómsmálaráðuneytinu 21. maí. Hinn 1. júlí ákvað ráðuneytið, að frekari rannsókn skyldi fram fara út af sakargiftum ákærða á hendur lögreglustjóra og lögreglumönnum (IV. hér á eftir). Endir var bundinn á rannsóknina 31. ágúst og endurrit af rannsókninni á ný sent Dómsmálaráðuneyti. Höfðaði það síðan mál þetta hinn 8. október með ákæruskjali því, er að framan var rakið.

Málið var þingfest hinn 31. október, en sækjandi hafði þá verið skipaður Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður og verjandi samkvæmt ósk ákærða Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður. Ákærði hafði, meðan á rannsókn málsins stóð, sætt gæzluvarðhaldi 4 daga (4.—8. apríl) og Guðlaugur verið skipaður réttargæzlumaður hans, meðan á því stóð.

Á dómþingi 10. nóvember s.l. lagði verjandinn fram beiðni í mörgum liðum um öflun frekari gagna í málinu. Af því tilefni fóru fram yfirheyrslur í málinu 10., 12., 14., 15. og 17. nóvember. Þá lagði verjandinn enn fram mjög langan lista yfir gögn, er hann taldi að afla þyrfti. Var ýmsum atriðum úr beiðni þessari sinnt í þinghaldi 19. nóvember, en með úrskurði 22. nóvember synjaði dómurinn um öll önnur atriði í beiðnum verjandans um gagnaöflun. Úrskurð þenna kærði verjandinn til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 23. f. m. er mælt fyrir um vitnayfirheyrslur um tiltekið atriði (feril ákærða aðfaranótt 18. janúar 1960), en ákvæði úrskurðarins staðfest að öðru leyti. Í tilefni af dómi þessum voru vitnaleiðslur háðar hinn 24. og 25. janúar, og kom ákærði þá einnig fyrir dóm. Málið var síðan flutt munnlega 1. og 2. þ. m. og tekið til dóms.

Sama dag og dómsrannsókn hófst, 4. apríl, tilkynnti lögreglustjóri ákærða, að honum væri frá þeim degi að telja vikið frá starfi úr lögregluliði Reykjavíkur um stundarsakir. Með bréfi, dags. 13. október s.l., tilkynnti hann ákærða, að honum væri vikið frá störfum að fullu.

Í upphafi dómsrannsóknar fól rannsóknardómarinn Grími Magnússyni lækni, sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum, að skoða ákærða með tilliti til þess, hvort hann gæti verið hættulegur umhverfi sínu eða sjálfum sér. Grímur skoðaði ákærða síðdegis 4. apríl. Þá um kvöldið var ákærði úrskurðaður í gæzluvarðhald. Grímur átti næstu daga nokkur viðtöl við ákærða. Í vottorði, dags. 7. apríl, segir hann m. a.: „... hef eg ekki getað komizt að neinni ákveðinni niðurstöðu um geðheilsu hans. Hann sýnir engin augljós geðveikiseinkenni, en það sannar þó engan veginn, að ekki gætu verið ranghugmyndir hjá honum, sem hann dyldi. Samkvæmt þessu er heldur ekki hægt að sjá neinn vott þess, að hann sé hættulegur sjálfum sér eða öðrum."

Er Grímur kom fyrir dóm 8. apríl, staðfestir hann þetta vottorð. Hann segir, að sér finnist ýmislegt í fari ákærða annarlegt. Hann taldi ekki ástæðu til þess af öryggisástæðum að halda ákærða lengur í gæzlu. Var ákærði þá samdægurs leystur úr gæzluvarðhaldi. Ekki hefur farið fram nein frekari rannsókn á geðheilbrigði ákærða, enda þykir ekki nein ástæða til að draga sakhæfi hans í efa.

Áður en tekið verður að rekja gögn þau, er fram hafa komið um hvert ákæruatriði, þykir rétt að greina hér í stuttu máli frá blaðagreinum þeim, er rannsóknin snerist um að nokkru og áður var getið, og leitinni að höfundi þeirra. Er hugsanlegt, að það, sem fram hefur komið um þetta, geti skipt máli við úrlausn ákæruatriðanna sjálfra.

Í málinu hafa verið lagðar fram eftirtaldar greinar (úrklippur):

1. Bréf til Bæjarpóstsins, undirritað Borgari — Þjóðviljinn 4. september 1958.

2. Bréf til „Baðstofunnar" (sama grein og 1.) — Tíminn 4. september 1958.

3. Bréf frá borgara um lögreglustöðina og fleira (undirritað Borgari) — Þjóðviljinn 16. september 1958.

4. Borgari skrifar: Burt með Sigurjón og óstjórnina, — Þjóðviljinn 21. október 1958.

5. Lögreglustjóri gerist starfssamur (undirrituð Iðnaðarmaður). Þjóðviljinn 8. nóvember 1958.

6. Borgari skrifar: Sannleikurinn mun sigra óstjórnina. — Þjóðviljinn 7. janúar 1959.

7. Lögreglumaður skrifar: Lögregluþjónar samþykkir gagnrýninni á lögreglustjóra. — Þjóðviljinn 16. janúar 1959.

8. „Borgari" skrifar: Lögreglustjóri neyðir menn til að gefa sér siðferðisvottorð. — Þjóðviljinn 20. janúar 1959.

(Úrklippu þessari fylgir einnig úrklippa af grein úr Morgunblaðinu 23. janúar: Lögreglumenn mótmæla rætnum árásum á lögreglustjóra. (Undirritaðri af stjórn lögreglufélagsins).

9. (Óundirrituð grein): Lögreglustjóri misbeitir valdi sínu á freklegasta hátt. — Þjóðviljinn 24. janúar 1959.

10. Lögreglustjóri sinnir engri gagnrýni starfsmanna sinna. (Undirrituð Borgari). — Þjóðviljinn 1. febrúar 1959.

11. Stjórn og starfsskilyrði lögreglunnar. (Undirrituð Soffía). — Þjóðviljinn 2. febrúar 1960.

12. Munaði tveim atkvæðum í Lögreglufélaginu. (Undirrituð Lögreglumaður). — Þjóðviljinn 24. febrúar 1960.

13. Borgari skrifar: Lögreglustjóri stendur fyrir yfirheyrslum. — Þjóðviljinn 13. marz 1959.

14. (Óundirrituð frétt): Stöðugar yfirheyrslur hjá lögreglunni út af grein „Borgara". — Þjóðviljinn 19. apríl 1959.

Ákærði hefur jafnan neitað því, bæði er hann var yfirheyrður hjá lögreglunni og síðar fyrir dómi við rannsókn máls þessa, að hann væri eða vissi, hver væri höfundur þessara greina.

Ritstjórar Þjóðviljans og Tímans, þeir Magnús Kjartansson og Þórarinn Þórarinsson, hafa komið fyrir dóm, en ekki gefið neinar upplýsingar um höfund blaðagreinanna.

Við húsleit, sem gerð var í íbúð ákærða 4. apríl 1960, fannst umslag, er í var allmikið af blaðaúrklippum, þar á meðal voru greinarnar, sem merktar eru 1., 3.—7., 9. og 10. hér að ofan. (Þó ekki Morgunblaðsgreinin, sem fylgir nr. 8). Þar voru einnig 2 tölublöð af Alþýðublaðinu. Í öðru þeirra er pistill eftir ákærða undir nafni.

Eins og fyrr getur, komu fram sterkar líkur um að ákærði væri höfundur greinanna, er athugun fór fram á þessu hjá lögreglunni 1959. Verður nú rakið í stuttu máli það, sem fram kom um þetta atriði þá og svo við dómsrannsókn máls þessa.

Vitnið Óskar Friðbjörnsson lögregluþjónn, Akurgerði, Seltjarnarnesi, segir, að ákærði hafi einhvern tíma verið að vinna heima hjá honum. Hafi hann þá sagt, að hann væri höfundur greinanna, og bætt því við, að fleiri mundu birtast síðar, enda hafi

sú orðið raunin á. Óskar kveðst ekki hafa innt ákærða nánar eftir þessu og engin sönnunargögn séð hjá ákærða fyrir þessu.

Vitnið Indriði Aðalsteinn Jóhannsson lögregluþjónn, Álfheimum 18, ber það, að það hafi verið almenn skoðun á vakt hans, að ákærði væri höfundur greinanna. Ýmislegt í framkomu ákærða hafi og bent til þess, en hins vegar sé ákærði glensfullur og erfitt að átta sig á, hvort honum sé alvara eða ekki. Einhverju sinni kveðst Indriði hafa svarað í síma á lögreglustöðinni og hafi ákærði þá verið í símanum og spurt, hvort ekki væri mikið rætt um greinar „Borgara" á lögreglustöðinni, og hvernig menn tækju þeim.

Vitnið Magnús Daníelsson fangavörður, Hlíðarvegi 20, Kópavogi, segir, að ákærði hafi einhvern tíma farið heim með honum og verið þá við skál. Hann hafi þá dregið upp handskrifað blað og sagt, að hann hefði fengið áminningu frá lögreglustjóra síðastliðið sumar og jafngott væri, að hann fengi sjálfur áminningu. Magnús kveðst hafa lesið það, sem stóð á blaðinu, og hafi það verið grein, handskrifuð með blýanti, undirrituð Jón Ólafsson eða Jón Jónsson frá Vík. Þetta hafi verið árásargrein á lögregluyfirvöldin, og hafi hún síðar birzt í Þjóðviljanum og verið þá undirrituð „Iðnaðarmaður". Magnúsi var sýnd greinin, er birtist í Þjóðviljanum 8. nóvember 1958 (5. hér að framan), og taldi hann það vera umrædda grein. Magnús kveðst ekki vera viss um, hvers rithönd hafi verið á blaðinu, en telja það hafa verið rithönd ákærða.

Vitnið Hilmar Þorbjörnsson lögregluþjónn, Þórsgötu 1, kveðst telja, að ákærði sé höfundur blaðagreinanna, þótt hann geti ekki fullyrt það. Hilmar segir, að einhverju sinni, er hann og Magnús Daníelsson voru sér til gamans að tala inn á segulband, hafi ákærði lesið inn á bandið greinina, sem birzt hafði í Þjóðviljanum undir fyrirsögninni: Burt með óstjórnina. Hilmar segist einhvern tíma hafa spurt ákærða, hvort hann væri ekki hræddur um, að hann yrði rekinn, er upp kæmist, að hann væri „Borgari", og hafi ákærði svarað, að það gæti vel verið, en þó væru „þeir uppi" hræddir við sig, því hann vissi ýmislegt um þá.

Vitnið Jóel Sigurðsson, lögregluþjónn, Drekavogi 23, segir, að hann hafi grunað ákærða um, að hann væri höfundur greinanna, en hann geti ekki rökstutt þessa skoðun sína með öðru en því, að þetta hafi verið almennt talið og ákærði hafi jafnvel látið það í ljós sjálfur, t. d. sagt einhvern tíma, er hann kom á vakt: „Ætlið þið ekki að heilsa borgara?"

Lögregluþjónarnir Sigurður Friðrik Jónsson, Kristinn Óskarsson, Páll Eiríksson og Baldur Kristjánsson hafa allir heyrt þann orðróm, að ákærði væri höfundur greinanna. Baldur segir, að þetta hafi verið almennt álit á vaktinni, enda hafi ákærði gert sitt til þess að láta menn halda það. Hins vegar hafi ákærði átt það til að villa á sér heimildir og verið erfitt að átta sig á honum. Kveðst Baldur hafa varlega lagt trúnað á, að ákærði væri höfundur.

Vitnið Björn Sigurðsson lögregluþjónn, Birkihvammi 15, Kópavogi, segir, að sig gruni ákærða um blaðaskrifin, en ekk hafi hann heyrt hann viðurkenna þau.

Vitnið Helgi Ágústsson, Skipasundi 78, kveðst þekkja ákærða, hafa kynnzt honum í sambandi við starf sitt sem næturvörður hjá Essó á Reykjavíkurflugvelli. Hafi fallið vel á með þeim. Í september 1958 kveðst Helgi hafa hitt ákærða í flugvallarhliðinu og hafi ákærði þá dregið upp eintak af Þjóðviljanum og bent honum á grein eftir „borgara", og mun þetta hafa verið fyrsta greinin, sem „borgari" sendi frá sér. Hafi ákærði síðan lesið upp greinina og spurt, hvort Helga fyndist hún ekki góð, en Helgi kveðst hafa sagt, að hann teldi greinina illa skrifaða og rætna. Í febrúar 1959 hafi hann enn hitt ákærða. Ákærði hafi spurt hann, hvort hann hafi lesið greinar „borgara", en Helgi kvaðst hafa svarað því neitandi. Ákærði hafi verið hinn hróðugasti yfir greinunum. Helgi kveðst hafa talið greinarnar ómerkilegar og að þær myndu skrifaðar af kommúnista. Ákærði hafi sagt, að það þyrfti ekki að vera, enda hefði „borgari" ætlað að fá þær birtar í Tímanum, en þær ekki verið teknar. Þeir hafi talað nokkuð saman um greinarnar og hafi ákærði sagt, að ekki mundi komast upp, hver greinarnar hefði skrifað. Síðar þessa sömu nótt segir Helgi ákærða hafi hringt til sín og sagt, að svo mundi komið, að lögreglustjóri yrði að segja af sér. Helgi kveðst hafa vikizt fálega undir þetta og ekki orðið af frekari viðræðu. Kveðst Helgi hafa frá upphafi grunað ákærða um, að hann hefði skrifað greinarnar. Hegðun hans og tal hafi bent til þess. Hann hafi virzt vera mjög beiskur út í yfirmenn sína.

Sigurjón Ágúst Ingason lögregluþjónn ber það, að ákærði hafi sagt honum, að hann væri höfundur blaðagreinanna. Framburður Sigurjóns verður rakinn í heild undir II. hér á eftir.

Nú er frá því að segja, að meðan rannsókn málsins stóð yfir, barst dóminum í hendur handrit að blaðagrein, undirritað: Borgari. Jón Helgason Vík. Greinin er dagsettt 14. september 1958.

Handrit þetta er vélritað samrit (kópía). Hafði það verið sent dagblaðinu Tímanum, en ekki verið birt. Grein þessi er hins vegar birt í Þjóðviljanum 16. september 1958 með undirskriftinni Borgari, merkt nr. 3 í upptalningunni hér að framan. Ekki fengust upplýsingar frá Tímanum um það, frá hverjum greinin væri runnin. Upp komst, að grein þessi er skrifuð á ritvél, eign Utanríkisráðuneytisins, og var ritvél þessi í skjalasafni ráðuneytisins í september 1958. Guðmundur Erlendsson lögreglumaður gerði athugun og samanburð á letri vélarinnar og handritinu, er áður getur. Segir í skýrslu hans:

„Samanburðurinn leiðir í ljós, að í fyrsta lagi er leturformið hið sama á sýnishorninu og á handritinu. Í öðru lagi er h-ið gallað, þannig að toppband vantar alveg á staflegginn, gæti verið steypugalli eða áunninn við samslátt við annan staf. Kemur þetta í ljós ótvírætt í öll þau skipti, sem stafurinn kemur fyrir, bæði í sýnishorninu og handritinu. Í þriðja lagi, að a-ið er þannig gallað, að lokakrók þess vantar, láréttu beygjuna og síðasta drátt hans. Þetta gæti hafa tilkomið við samslátt við annan staf. Í fjórða lagi, toppband vantar á fremsta legg m-sins. Þessi galli gæti einnig verið tilkominn við samslátt við annan staf.

Af framantöldu er það ótvírætt álit mitt, að handritið, sem fyrr getur, sé skrifað á fyrrgreinda ritvél.

Við athugun veitti ég því athygli, að komma er sett í greinina á um 50 stöðum, en orðabil ekki slegið næst á eftir henni í eitt einasta skipti."

Samkvæmt framburði Kristjáns Þorsteinssonar, bílstjóra í Utanríkisráðuneytinu, sem fengið hafði umrædda ritvél í sínar vörzlur til láns í marz 1960, var vélin áður geymd í skjalasafni ráðuneytisins inn af almennu skrifstofunni, og var opið á milli. Lögreglumenn, sem héldu vörð í ráðuneytinu, héldu sig alltaf í almennu skrifstofunni.

Samkvæmt vottorði lögreglustjóra (vottað samkvæmt varðskrá) var ákærði á verði í Stjórnarráðshúsinu sunnudaginn 14. september 1958 kl. 18—24.

Þá er þess að geta, að pappírinn í áðurnefndu handriti er með vatnsmerkinu MANILA, en pappír af þeirri gerð fannst við húsleit á heimili ákærða við rannsókn máls þessa.

Eins og nánar er rakið undir II. hér á eftir, er það háttur ákærða, er hann vélritar, að slá ekki orðabil eftir kommu, og sama einkenni er á umræddu handriti, svo sem greint var frá.

Loks má geta þess, að í skýrslu, sem ákærði gerði um ævi-

atriði sín vegna væntanlegs lögreglumanntals, segir ákærði svo um ritstörf sín: „Hefur skrifað í íslenzkar þjóðsögur og blaðagreinar undir dulnefnum.“ Ekki vildi ákærði tjá sig nánar um þessar blaðagreinar, hvorki hvert efni þeirra hefði verið, í hvaða blöð hann hefði skrifað, hvaða dulnefni hann hefði notað né hvenær hann hefði ritað greinarnar, nema hvað hann hefði fyrst ritað grein undir dulnefni fyrir 12—13 árum. Ákærði kveðst alltaf hafa látið rétt nafn sitt fylgja greinunum til blaðanna.

II.

Svo sem fyrr var frá greint, barst Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra bréf í pósti hinn 18. janúar 1960. Bréf þetta er vélritað á strikaða örk og er svohljóðandi:

„Ég hef ákveðið við sjálfan mig, að taka yður Sigurjón af lífi einhvern næstu daga og hefur aftakan verið þaulhugsuð og er ógerningur fyrir yður að komast undan takmarki mínu.

Kveðja frá Germann.“

Bréfið var sent í litlu umslagi bláfóðruðu. Utanáskriftin er einnig vélrituð: Hr. Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri Reykjavík. Póststimpill ber með sér, að bréfið er póstlagt 18. 1. 60.

Annað bréf barst lögreglustjóra 22. sama mánaðar. Það er vélritað á lítinn, grænan lappa, óreglulegan (útklipptan úr stærra blaði), og hljóðar svo:

„Sigurjón Sigurðsson Ægissíðu 58

Stundin nálgast, bráðum verður þú liðið lík.

Kveðja frá Germann.“

Bréf þetta er sent í aflöngu, hvítu umslagi. Vélrituð utanáskrift: Herra lögreglustjóri Sigurjón Sigurðsson Reykjavík. Póststimpill 22.1.60.

Eins og áður segir, hafði lögreglustjóri komizt að því, að bréf þetta væri vélritað á ritvél, sem var í skrifstofu Bjarna Guðmundssonar, blaðafulltrúa í Utanríkisráðuneytinu. Vél þessi og bréfið voru athuguð í tæknideild rannsóknarlögreglunnar, og um niðurstöðu þeirrar athugunar segir svo í skýrslu Ragnars Vignis varðstjóra, er hann hefur staðfest fyrir dómi:

„Vélritaða skriftin á dómsskjali nr. 7 virðist vera skrifuð á ritvél Bjarna Guðmundssonar blaðafulltrúa .... Við samanburð á einstökum stöfum kom eftirfarandi í ljós:

Litla æ-ið er áberandi slitið í síðasta drætti eða enda stafsins.

Litla ð-ið er einnig slitið í neðsta hluta sporöskjunnar hægra megin.

Lítið n er með töluvert minni stall neðst vinstra megin, þar sem bogi stafsins byrjar, heldur en hægra megin, þar sem stafurinn endar.

Þá er það einkennandi fyrir ritvélina, að lyklarnir með K-inu og M-inu virðast hafa orðið fyrir hnjaski, þannig að k-in tengjast næsta staf á eftir, og kemur það t. d. fyrir í fjögur skipti af fimm á dómsskjali nr. 7, og litla m-ið kemur ekki lárétt á blaðið, heldur lyftist nokkuð upp vinstra megin og hallar til hægri."

Samkvæmt vætti Bjarna Guðmundssonar blaðafulltrúa stóð ritvél þessi á umræddum tíma í skrifstofu hans í ráðuneytinu. Í skrifborðsskúffu Bjarna var pappír, sams konar og sá, sem bréfið er ritað á, og umslög eins og það, sem bréfið er sent í.

Áður en nánar verður vikið að síðara bréfinu, þykir rétt að rekja framburð vitnisins Sigurjóns Ágústs Ingasonar lögregluþjóns, Hraunhólum 5 í Garðahreppi, um fyrra bréfið og rannsókn þá, sem að öðru leyti hefur farið fram um það.

Hinn 27. febrúar 1960 mætti Sigurjón Ágúst Ingason hjá Erlingi Pálssyni yfirlögregluþjóni og skýrði honum frá því, að honum væri kunnugt um það, að ákærði væri höfundur hótunarbréfanna. Sigurjón kvaðst hafa haft ákærða grunaðan um, að hann væri höfundur blaðagreina þeirra, er áður var um rætt. Sér hefði leikið hugur á að komast að því, hvort grunur þessi væri á rökum reistur, og hafði hann því lagt sig eftir því að ræða við ákærða um það mál. Ákærði hefði þá tjáð honum, að hann hefði ritað greinarnar. Sigurjón kveðst stundum hafa boðið ákærða heim til sín og hýrgað hann á víni, og hefði ákærða þá orðið léttara um mál. Í janúar hefði ákærði einhverju sinni, er þeir voru tveir saman staddir í vélritunarherbergi lögreglunnar, dregið upp umslag, er í hafi verið ýmiss konar plögg, þar á meðal úrklippur úr Þjóðviljanum. Nokkru eftir að þetta gerðist, hafi ákærði komið í heimsókn til hans. Þá hafi ákærði enn dregið upp greinarnar og enn fremur laus blöð skrifuð og sagt: „Ég sendi lögreglustjóranum nýlega sendingu til áréttingar og hressingar." Síðan hefði ákærði dregið upp tvö smáblöð og lesið upp það, sem á þeim stóð. Á öðru hefði verið hótun um, að lögreglustjóri yrði bráðlega tekinn af lífi, og á hinu, að nú nálgaðist óðum, að hann yrði liðið lík. Sigurjón segir, að þetta hafi gerzt um það bil viku af febrúar.

Frekari vitneskju um bréfin lét Sigurjón ekki upp að þessu sinni, en hinn 29. marz kom hann enn fyrir Erling Pálsson og

skýrði honum nú með nokkuð öðrum hætti frá því, sem hann vissi um sendanda bréfanna. Sagðist hann nú hafa séð ákærða rita annað bréfið. Svo hefðu atvik legið til þess, að aðfaranótt mánudagsins 18. janúar hefði hann (Sigurjón) verið varðmaður í Utanríkisráðuneytinu (Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg). Laust eftir kl. 0230 hefði verið knúið dyra og ákærði verið þar kominn. Kvaðst Sigurjón hafa boðið honum inn og gefið honum kaffi. Sigurjón sagði, að sér hafi virzt ákærða vera eitthvað óvenjulegt í skapi. Hann hefði gengið fram og aftur um stofuna og þaðan inn í stofu þar inn af. Þar hefði hann skimað í kring um sig og komið auga á ritvél, sem staðið hafi á skjalaskáp, og sagt, að hann kannaðist við þessa vél og hefði skrifað ýmislegt á hana. Þá hafi hann komið fram aftur og spurt Sigurjón, hvort hann ætti nokkur bréfsefni. Þar hefði legið á borði lítil blokk með strikuðum pappír, og kveðst Sigurjón hafa látið hann hafa eitt eða tvö blöð úr henni. Ákærði hefði nú haft á orði, hvort ekki mundu til aðrar ritvélar, og farið síðan upp á loft og inn í herbergi Bjarna blaðafulltrúa, kveikt þar ljós og setzt við skrifborð, er á hefði staðið lítil ritvél. Ákærði hefði sagt: „Ætli það væri ekki rétt, að ég skrifaði hérna á lítið sendibréf," sett síðan blað í vélina og vélritað nokkrar línur. Síðan hefði hann tekið blaðið úr vélinni og litið yfir það og sagt: „Ætli þetta geti ekki orðið gott." Þá kvaðst Sigurjón hafa litið á blaðið og séð, að það var hótunarbréf til lögreglustjóra. Hann hefði þá sagt við ákærða: „Hvaða vitleysa er nú þetta hjá þér?", en ákærði hefði stungið á sig blaðinu og sagt: „Það er engin vitleysa." Eftir þetta hefði hann hraðað sér á brott.

Sigurjón skýrði enn fremur svo frá, að er ákærði kom, hefði hann haft á orði, að hann ætti að vera í eftirliti. Einnig sagði Sigurjón, að ákærði hefði, áður en hann tók við blokkarblöðunum, sett upp dökka skinnhanzka og haft þá á höndunum, meðan hann vélritaði bréfið. Loks gat Sigurjón þess, að ákærði hefði haft á orði, að sig vantaði umslög. Umslög með bláu fóðri hefðu verið í skrifborðsskápnum, en ekki kvaðst Sigurjón geta sagt um, hvort ákærði hefði tekið þar umslag, né heldur hvort ákærði skrifaði utan á umslag í vélinni.

Sigurjón skýrði að öðru leyti frá atvikum í samræmi við fyrri skýrslu, þ. e. að ákærði hefði heima hjá honum tekið fram blaðagreinarnar og enn fremur laus, skrifuð blöð, og sagzt hafa sent lögreglustjóranum hressingu.

Sigurjón kom fyrir dóm hinn 4. apríl og staðfesti þá skýrslu sína frá 29. marz. Hinn 8. apríl var hann yfirheyrður rækilegar um málsatvik. Hélt hann þá við fyrri framburð. Hann kvaðst hafa sagt Erlingi Pálssyni frá því, að ákærði hefði sýnt honum bréfin, en leynt því í fyrstu, að hann hefði séð ákærða skrifa bréf. Ástæðan hefði verið sú, að hann hefði óttazt, að hann kynni að kalla yfir sig aðfinnslur yfirmanna sinna fyrir það, að hann hefði hleypt ákærða inn í Stjórnarráðshúsið, enda hafi hann haft fyrirmæli um að hleypa þar ekki inn óviðkomandi mönnum. Sigurjón sagði, að eftir að hann hefði hugleitt málið nánar, hefði sér þótt rétt að segja allt af létta. Hafi það leitt til þess, að tekin var af honum skýrslan 29. marz.

Þá gat Sigurjón þess, að ákærði hefði einhverju sinni spurt hann, hvort hann ætti ritvél. Hefði hann svarað því til, að svo væri ekki, og spurt ákærða, hvort hann ætti ekki sjálfur ritvél. Ákærði hefði játað því, en sagt, að hann gæti ekki notað hana.

Loks bar Sigurjón enn vitni hinn 14. nóvember f. á., eftir að mál þetta hafði verið höfðað. Var hann þá enn yfirheyrður rækilega, einkum um heimsókn ákærða til hans ca viku af febrúar 1960. Sigurjón segir, að ákærði hafi þá verið með tvö smáblöð og lesið upp af þeim hótunarbréf þau, er áður greinir. Ekki kveðst hann hafa lesið blöðin, en séð þau í hendi ákærða. Hann getur ekki lýst blöðum þessum nánar, lit þeirra né lögun. Sigurjón getur ekki sagt um það, hvort ákærði hafi skrifað bréfið í ráðuneytinu í einu eintaki eða fleirum. Sigurjón segir, að er ákærði heimsótti hann í þetta skipti, hafi þeir bragðað dálítið áfengi, en þó ekki að ráði.

Samkvæmt varðskrá lögreglunnar var Sigurjón Ágúst Ingason á verði í Utanríkisráðuneytinu aðfaranótt 18. janúar 1960 frá miðnætti til kl. 7.

Vitnið Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn, Bjargi við Sundlaugaveg, segir, að eftir að lögreglustjóri hafði látið hann vita um hótunarbréfin, hafi hann sagt ýmsum fleiri frá þeim, að hann minni einnig Sigurjóni Ágúst Ingasyni. Sigurjón hafi nokkru síðar komið að máli við hann og sagzt geta gefið upplýsingar um bréfin. Erlingur kveðst hafa spurt hann fyrst, hvaða upplýsingar það væru, sagt lögreglustjóra síðan frá þeim, og eftir hans fyrirmælum hafi hann tekið skýrsluna af Sigurjóni Ágúst 27. febrúar. Síðari skýrslutökuna hafi borið að höndum með líkum hætti. Sigurjón hafi að fyrra bragði komið til hans og talið sig hafa

frekari upplýsingar fram að færa, og kveðst Erlingur síðan hafa tekið af Sigurjóni skýrsluna 29. marz, eftir að hann hafði fyrst ráðgazt við lögreglustjóra.

Erlingur kveðst hafa spurt Sigurjón, hvers vegna hann hefði ekki sagt allt af létta í fyrra skiptið. Sigurjón hefði svarað því til, að hann hefði óttazt hefndir af hálfu ákærða, ef hann skýrði frá öllu því, sem hann vissi um bréfin. Hefði ráðið miklu tillitið til fjölskyldu hans (Sigurjóns), en hann búi á afskekktum stað í Garðahreppi. Við nánari yfirvegun hefði sér þó þótt réttast að leyna engu af vitneskju sinni.

Erlingur kveðst ekki draga í efa, að Sigurjón skýri rétt frá. Hann hafi reynzt heiðarlegur í starfi.

Vitnið Jóel Sigurðsson lögregluþjónn ber það, að hinn 29. marz hafi Sigurjón Ágúst sagt honum, að hann hefði verið til yfirheyrslu hjá fulltrúa lögreglustjóra vegna einhverra hótunarbréfa, en ekki hafi Sigurjón minnzt á það, að ákærði hefði skrifað bréfin. Hann hafi hins vegar talað um það, að ákærði hefði heimsótt hann í Utanríkisráðuneytið. Sama dag kveðst Jóel hafa komið að, þar sem þeir ræddust við ákærði og Sigurjón Ágúst. Kveðst Jóel hafa látið orð falla við ákærða í þá átt, að hann hefði komið í Utanríkisráðuneytið, en ákærði hafi ekki viljað kannast við það. Jóel kvaðst hafa heyrt ákærða segja við Sigurjón Ágúst: „Þú hefur getað alveg eins skrifað bréfin, eða hver sem er.“ Jóel kveðst hafa verið sannfærður um það eftir öllum sólarmerkjum að dæma, að ákærði hafi komið í ráðuneytið á fund Sigurjóns.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð máls þessa jafnan haldið fast við það, að hann hafi hvorugt hótunarbréfið skrifað, hann kveðst ekki minnast þess, að hann hafi nokkru sinni komið til Sigurjóns Ingasonar í Stjórnarráðshúsið. Hefur hann með öllu mótmælt því, sem Sigurjón segir um þetta.

Ákærði drap á það í fyrsta þinghaldi, að Stefán Jóhannsson varðstjóri, Skúlagötu 64, mundi vera eitthvað „viðriðinn mál þetta“. Bar hann Sigurjón Ágúst Ingason fyrir því. Hins vegar neitar bæði Stefán Jóhannsson, að nokkur hæfa sé í, að hann viti neitt um hótunarbréfin, og Sigurjón Ágúst kveðst aldrei hafa nefnt hann í sambandi við það. Komið hefur fram, að Stefán kom einu sinni til Sigurjóns, er hann var á verði í Stjórnarráðinu, og tveir aðrir lögreglumenn með honum. Mun þetta hafa verið 7. febrúar. Ekkert grunsamlegt virðist vera við þessa heimsókn.

Reynt hefur verið að grafast eftir ferli ákærða aðfaranótt 18.

janúar 1960 með upplýsingum frá lögreglunni og vitnaleiðslum, og verður nú greint frá þeirri rannsókn.

Samkvæmt lögregluvarðskrá fyrir umrædda nótt var ákærði milli kl. 1 og 3 í eftirlitsbifreið ásamt lögregluþjónum nr. 33 og 115, en milli kl. 3 og 4 á lögreglustöðinni til að sinna útköllum.

Ákærði segist ekkert muna sérstakt um þessa nótt, en hann gerir ráð fyrir, að hann hafi gegnt þeim störfum, er varðskrá segir.

Lögregluþjónn nr. 33, Kristinn Óskarsson, og nr. 115, Svavar Einarsson, hafa borið vitni. Hvorugur þeirra kveðst muna neitt eftir þessari nótt. Þeir geti því ekki sagt um, hvort þeir hafi þá milli kl. 1 og 3 verið í eftirlitsbifreið með ákærða.

Til að sinna útkvaðningum á lögreglustöðinni milli kl. 3 og 4 þessa nótt var auk ákærða lögregluþjónn nr. 116 (Hilmar Þorbjörnsson), en símagæzlu annaðist lögregluþjónn nr. 54 (Einar Halldórsson). Á þessu tímabili var samkvæmt dagbók aðeins um eitt útkall að ræða, að Hverfisgötu 49. Í það fóru lögregluþjónar nr. 116, 99 (Guðmundur Eggertsson) og 122 (Gylfi Jónsson). Samkvæmt varðskrá átti Guðmundur á þessum tíma að vera á varðgöngu á Laugavegi, en Gylfi í Austurstræti—Hafnarstræti.

Vitnið Einar Halldórsson, Kambsvegi 4, segist hafa rifjað upp, að útkall var að Hverfisgötu 49 einhverju sinni og að hann var þá við símann. Ekkert kveðst Einar muna eftir ákærða þessa nótt. Hann segist muna til þess, að einhverjir erfiðleikar voru á að fá menn til að fara í þessa útkvaðningu. Einar segir, að engan veginn sé útilokað, að lögregluþjónar, sem skráðir eru vera á varðgöngu, séu staddir á lögreglustöðinni, einkum er liðið er á nótt. Hann segir, að ekkert þurfi að vera óeðlilegt við það, að í kallið að Hverfisgötu 49 fóru tveir lögregluþjónar, sem samkvæmt skrá voru á varðgöngu, en hins vegar ekki annar þeirra, sem samkvæmt skrá var á lögreglustöðinni til að sinna útköllum (þ. e. ákærði). Það sanni ekki, að ákærði hafi verið fjarverandi af stöðinni.

Vitnið Hilmar Þorbjörnsson minnist þess, er hann var sendur að Hverfisgötu 49, og man, að Gylfi Jónsson fór með honum og annar lögregluþjónn til, er hann kveðst ekki hafa munað nafn á. Ekkert getur hann sagt um orsakir þess, að ákærði var ekki sendur. Hilmar man ekkert eftir ákærða þessa nótt.

Vitnið Gylfi Jónsson, Hverfisgötu 73, man einnig eftir um-

ræddri útkvaðningu og að Guðmundur og Hilmar fóru með honum. Ekki man hann, hvernig á því stóð, að hann var staddur á stöðinni, þótt varðskrá segi hann í Austurstræti—Hafnarstræti. Vera megi, að sá, sem átti að vera með honum á varðgöngunni, hafi haft öðrum störfum að gegna. Gylfi kvaðst ekkert muna eftir ákærða þessa nótt.

Vitnið Guðmundur Eggertsson, Bergstaðastræti 30, man eftir kallinu, og segir, að sig minni, að Þorkell Steinsson varðstjóri hafi skipað sér að fara í kallið. Hann man ekki, hvernig á því stóð, að hann var staddur á stöðinni, en var ekki á varðgöngu. Ekkert man hann eftir ákærða þessa nótt.

Vitnið Þorkell Steinsson, Holtsgötu 14, gegndi samkvæmt varðskrá varðstjórastörfum í lögreglustöðinni umrædda nótt eftir kl. 3. Hann kveðst ekkert muna sérstakt um þessa nótt. Hann segist muna til þess, að oftar en einu sinni í fyrravetur hafi verið beðið um lögregluaðstoð að Hverfisgötu 49, og muni hann ekkert, hvort slíkt kall hafi borizt aðfaranótt 18. janúar.

Þorkell segir, að ekki sé alveg hægt að treysta því, að lögreglumenn séu raunverulega, þar sem varðskrá mælir fyrir, enda er varðskrá samin fyrirfram fyrir hverja vakt. Getur þurft að bregða út af henni. Því sé ekki öruggt, að lögregluþjónn, sem samkvæmt skrá á að vera í eftirlitsbíl á tilteknum tíma, sé þar í raun og veru, og geti ýmislegt borið til. Sama á við um lögregluþjón, sem á að vera á lögreglustöðinni.

Nú víkur sögunni að hótunarbréfi því, er lögreglustjóri fékk 22. janúar, en gerð þess var áður lýst.

Meðan á rannsókn málsins stóð, skýrði Ólafur Jónsson lögreglustjórafulltrúi rannsóknardómaranum frá því, að ákærði mundi eitthvað hafa starfað fyrir heildsölufyrirtækið Solido, en fyrirtæki þetta hafði skrifstofur á Vesturgötu 25, þ. e. í næsta húsi við heimili ákærða. Þetta reyndist rétt. Ákærði er kunnugur eigendunum og leit oft inn til þeirra. Fyrir kom, að hann skauzt með pakka fyrir þá, og einhverju sinni ók hann fyrir þá vörum.

Fengið var letursýnishorn af ritvél fyrirtækisins og sýnishorn af pappír frá því. Tæknideild rannsóknarlögreglunnar (Guðmundur Erlendsson) rannsakaði letrið og pappírinn og bar saman við hótunarbréfið (síðara). Um þetta segir svo í skýrslu Guðmundar, er hann hefur staðfest fyrir dómi:

„.... Ritvél sú, er hér um ræðir, er af tegundinni Hermes 2000, nr. 414055.

.... Í utanáskriftinni og í bréftextanum kemur stafurinn g 8 sinnum fyrir. Athugun leiðir í ljós mjög augljósan galla á þessum staf, þannig að miðja botnbungu neðri sporöskju stafsins sveigist upp og inn í sporöskjuna. Líkur benda til, að hér sé um að ræða steypugalla í þessum staf.

Á skrifstofu Solido, Hverfisgötu 32, var tekið leturs ýnishorn af ritvél þeirri, sem fyrr getur í skýrslu þessari. Við samanburð á sýnishorninu og texta þeim, sem er á dskj. 8, kemur umræddur galli á stafnum g ótvírætt í ljós í þau skipti, er stafurinn kemur fyrir, og er því óhætt að fullyrða, að hótunarbréfið á dskj. nr. 8 sé skrifað á þessa ritvél.

.... Á skrifstofu Solido, Hverfisgötu 32, fannst einnig ljósgrænn afritapappír, sem mér virðist vera eins og sá, sem hótunarbréfið er skrifað á. Eru afrit þessi í blokkum, áprentuð með nafni og merki fyrirtækisins ásamt almennum upplýsingum, fyrirtækinu viðkomandi. Einnig er rammi prentaður um síðuna. Lögun og stærð miðans, sem hótunarbréfið á dskj. nr. 8 er skrifað á, gefur til kynna, að hann hafi verið skrifaður á svona afritaeyðublað og klipptur út úr því til að torvelda eftirgrennslun."

Í skrifstofu Solido voru enn fremur til umslög af sömu gerð og það, sem nefnt hótunarbréf var sent í.

Ákærði kveður það rétt, að hann þekki eigendur Solido, hann hafi stundum komið til þeirra og stundum gert viðvik fyrir þá. Hann kveðst hins vegar ekki minnast þess, að hann hafi nokkru sinni notað ritvél fyrirtækisins né að hann hafi verið staddur einn í skrifstofunni. Og algerlega neitar hann því, að hann hafi skrifað hótunarbréfið, sem lögreglustjóra barst 22. janúar, eða að hann viti neitt um það, hver það hafi gert.

Eigendur Solido hafa komið fyrir dóm og borið vitni. Annar þeirra, Þórhallur Arason, Klapparstíg 38, segir, að það sé hugsanlegt, að ákærði hafi verið staddur einn í skrifstofunni stund og stund. Hann minnist þess ekki, að ákærði hafi fengið léð pappírsgögn né ritvél fyrirtækisins. Og ekki hafi hann skrifað á ritvél þar í skrifstofunni, svo hann muni. Hinn eigandinn, Ásbjörn Björnsson, Grundargerði 20, segir, að ákærði hafi þó nokkrum sinnum litið þar inn. Mögulegt sé, að ákærði hafi einhvern tíma verið staddur einn í skrifstofunni, en það sé þó fremur ólíklegt. Ásbjörn minnist þess ekki, að ákærði hafi skrifað á ritvél þar í skrifstofunni né að hann hafi fengið léða ritvél fyrirtækisins.

Sendill fyrirtækisins, Guðmundur Þorlákur Bjarni Ólafsson,

12 ára að aldri, sem man til þess, að ákærði hafi stundum komið í skrifstofu Solido, minnist þess ekki, að hann hafi séð ákærða nota ritvél þar í skrifstofunni, né heldur veit hann til þess, að ákærði hafi verið skilinn þar einn eftir.

Í sambandi við það, sem nú hefur verið rakið um síðara hótunarbréfið til lögreglustjórans, skal þess loks getið, að samkvæmt lögregluvarðskrá næturvaktar 21. og 22. janúar 1960 var ákærði í fríi 21. janúar og veikur 22. janúar.

Nú er frá því að segja, að í fyrsta þinghaldi rannsóknar málsins 4. apríl, er ákærði var spurður um hótunarbréfin til lögreglustjóra, skýrði hann frá því, að sér hefði sjálfum borizt í pósti hótunarbréf, og hefði hann afhent réttargæzlumanni sínum, Guðlaugi Einarssyni, bréf þetta. Guðlaugur, sem mætti í dóminum með ákærða, afhenti dóminum síðan bréfið. Það er vélritað og hljóðar svo:

„Magnús afturkallaðu kæruna strax, ella mun ég sjá um að þú verðir myrtur.

L. Reykjavík.“

Utanáskriftin er einnig vélrituð: Hr. Magnús Guðmundsson Vesturgötu 27 Reykjavík. Bréfið er póststimplað 1.IV.60.

Rannsókn var beint að því að finna vél þá, sem þetta bréf hefði verið skrifað á. Athugaðar voru 8 vélar, sem notaðar eru á lögreglustöðinni, og reyndist bréfið ekki ritað á neina þeirra. Enn fremur var athuguð ritvél, sem er eign Baldurs Kristjánssonar lögregluþjóns, af gerðinni Groma Kolibri nr. 629941, og var ritvél þessi ný og óslitin. Tæknideild rannsóknarlögreglunnar (Guðmundur Erlendsson) tók sýnishorn af ritvél þessari og bar saman við hótunarbréfið til ákærða. Reyndist það sameiginlegt sýnishorninu og bréfinu, að engin merki um galla eða slit fundust í stöfum eða skriftinni í heild, og er niðurstaðan sú, að ekki verði fullyrt, að bréfið sé skrifað á umrædda ritvél, né heldur verði það aftekið.

Baldur Kristjánsson ber það, að ákærði hafi aldrei komizt í ritvél þessa. Hann segir og, að enginn borði hafi verið í vélinni frá 17. eða 24. marz, þar sem hann hafi tekið borðann úr til þess að nota í samlagningarvél.

Hótunarbréfið til ákærða var ritað á hálfa örk af Manila-vélritunarpappír, þ. e. örkin hafði verið rifin sundur. Húsleit var gerð hjá ákærða til þess að vita, hvort þar fyndist sá arkarhelmingur, sem rifinn hefði verið af örkinni, sem bréfið er skrif-

að á. Ekki varð sú raunin á, en hins vegar fannst talsvert af Manila-pappír.

Við athugun á hótunarbréfunum þremur (bréfunum tveimur til lögreglustjóra og bréfinu til ákærða) vakti það athygli tæknideildar rannsóknarlögreglunnar, að í hverju bréfi er ein komma notuð, og er það sameiginlegt einkenni með bréfunum öllum, að orðabil er ekki slegið eftir kommunum:

Fyrra bréfið til lögreglustjóra:

„Ég hef ákveðið við sjálfan mig, að taka ....“

Síðara bréfið til lögreglustjóra:

„Stundin nálgast, bráðum verður ....“

Bréfið til ákærða:

„Magnús afturkallaðu kæruna strax, ella mun ....“

Í skýrslu tæknideildar (Guðmundar Erlendssonar) um þetta segir svo enn fremur:

„Ég gerði lauslega athugun á skýrslum 17 lögregluþjóna, teknum af handahófi, og komst að þeirri niðurstöðu, að þar af voru 9, sem alltaf slógu orðabil á eftir kommu, 5 gerðu það ekki, en 3 létu það undir höfuð leggjast stundum, en í misjafnlega ríkum mæli. Það skal tekið fram, að við vélritunarkennslu, beina eða í bréfaskóla, er áherzla lögð á, að orðabil sé slegið næst á eftir kommu.“

Þá greinir Guðmundur frá því, að hann hafi fengið í hendur skýrslu, gerða af ákærða, og athugað hana. Um það segir svo:

„Við athugun á fyrstu síðu skýrslu þessarar kemur komma fyrir tuttugu og einu sinni, kommur í tölum eru hér ekki meðtaldar. Í þetta tuttugu og eitt skipti eru orðabil aldrei slegin næst á eftir kommunum, og benda þessar líkur til, að telja megi Magnús Guðmundsson lögregluþjón í þeim hópi manna, sem ekki slær orðabil næst á eftir kommu.“

Ákærði hefur frá upphafi haldið því eindregið fram, að hann hafi ekki sent hótunarbréfin til lögreglustjóra né átt nokkurn hlut að því, að þau voru rituð og send.

Í þinghaldi 8. apríl, er ákærði kom fyrir dóm, skýrði hann svo frá, að Sigurjón Ingason hefði þá ekki alls fyrir löngu sagt sér, að hann hefði sent lögreglustjóra hótunarbréf og hótað honum líflláti. Ekki kveðst ákærði hafa lagt trúnað á þetta. Sigurjón mótmælir þessari staðhæfingu ákærða sem tilhæfulausri.

Ákærði segir, að sér sé ekki illa við yfirmenn sína í lögreglunni, hvorki lögreglustjóra né aðra. Og ekki hafi hann verið

óánægðari með aðbúnað allan á lögreglustöðinni en almennt gengur og gerist. Ákærði kannast við, að hann slái ekki orðabil á eftir kommu, er hann vélriti.

Hafa þá verið rakin þau gögn, er fram hafa komið í máli þessu og snúa að ákærunni um hótunarbréf. Áður en að því kemur að draga ályktanir af þeim, þykir rétt að greina hér frá einni varnarástæðu, sem verjandi ákærða hafði uppi í flutningi málsins, varðandi þenna ákærulið.

Í beiðni sinni um frekari gögn, dags. 16. nóvember, lætur verjandinn í það skína, að bréfin kunni að stafa frá Gunnari Sverrissyni, Ægissíðu 46 hér í borg. Kemur þetta þannig fram, að verjandinn sendi dóminum 13 bréf og eitt símskeyti, er talin voru frá Gunnari þessum, svo og eintak af Vikunni, þar sem birt var saga eftir Gunnar, og fór verjandinn fram á, að sérfræðileg rannsókn færi fram á því, hvort gögn þessi gæfu tilefni til að ætla, að Gunnar hefði ritað hótunarbréfin, og að tæknirannsókn yrði gerð á ritvél Gunnars og fleiri vélum, þar á meðal öllum ritvélum sakadómaraembættisins. Enn fremur yrði rannsóknarlögreglan og allt lögregluliðið yfirheyrt um afskipti af Gunnari Sverrissyni, og að upplýst yrði um heilsufar Gunnars Sverrissonar.

Upplýst hefur verið, að nefndur Gunnar Sverrisson er geðveill og hefur af þeim sökum dvalizt í Kleppsspítala síðan í júlí 1960. Áðurnefnd bréf og skeyti hefur hann sent Páli Pálssyni kennara, Kvisthaga 11, en þeir eru kunnugir. Tæknirannsókn leiddi í ljós, að af 12 vélrituðum bréfum Gunnars (eitt var handskrifað) voru 11 vélrituð á eina og sömu ritvél, sem er eign Gunnars. Um eitt bréfið upplýstist ekki, á hvaða ritvél það var skrifað, en ljóst var, að það var ekki ritað á sömu vél og neitt hótunarbréfanna. Að áliti dómsins var ekkert í skrifum Gunnars, er gaf tilefni til grunar um, að hann kynni að vera höfundur hótunarbréfanna. Ekki voru heldur leiddar að því neinar líkur með öðrum hætti, svo sem gert líklegt, að Gunnar hefði átt aðgang að þeim stöðum, þar sem hótunarbréfin voru skrifuð. Var því, eftir að aflað hafði verið læknisvottorða um Gunnar, vélritunin á bréfum hans athuguð og Páll Pálsson kennari yfirheyrður, synjað um frekari rannsókn, varðandi þetta atriði, sbr. I. hér að framan.

Verða nú dregin saman og virt þau gögn, er fyrir liggja, varðandi ákæruna um hótunarbréfin.

(a) Fullsannað þykir, að fyrra hótunarbréfið til lögreglustjóra

sé skrifað á ritvél í Utanríkisráðuneytinu, en hið síðara á ritvél í heildverzluninni Solido. Telja verður víst, að sami maður standi að báðum bréfunum, enda er síðara bréfið að efni til framhald hins fyrra og sama nafn (Germann) undir báðum. Bréfritarinn hefur því orðið að hafa aðstöðu til að nota báðar nefndar ritvélar.

(b) Eitt vitni, Sigurjón Ágúst Ingason, ber það, að hann hafi séð ákærða skrifa hótunarbréf á ritvél í Stjórnarráðshúsinu aðfaranótt 18. janúar 1960. Einnig ber Sigurjón Ágúst, að ákærði hafi komið til hans um það bil viku af febrúar og þá lesið fyri honum tvö hótunarbréf, er hann kvaðst hafa sent lögreglustjóra.

(c) Ákærði er vel kunnugur eigendum Solido, leit oft inn til þeirra á skrifstofuna og hefur haft möguleika á því að skrifa þar á ritvél fyrirtækisins.

(d) Einkenni á kommusetningu í hótunarbréfunum báðum er það, að orðabil er ekki slegið á eftir kommu. Ákærði slær aldrei orðabil á eftir kommu, er hann vélritar. Þess ber að gæta, að allmargir hafa þenna hátt á.

(e) Rannsókn á ferli ákærða aðfaranótt 18. janúar 1960 hefur ekki leitt neitt ákveðið í ljós um það, hvar ákærði var á þeim tíma, er Sigurjón Ágúst telur hann hafa komið til sín í Stjórnarráðshúsið. Samkvæmt varðskrá átti hann að vera í eftirlitsbíl milli kl. 1 og 3. Upplýst er, að varðskráin er engan veginn sönnun þess, að ákærði hafi allan þenna tíma verið í eftirlitsbílnum. Ákærði átti milli 3 og 4 að vera í lögreglustöðinni til að sinna útkvaðningum. Hann var ekki sendur í það eina útkall, sem var á þessum tíma. Það er þó ekki hægt að meta sem sönnun þess, að ákærði hafi þá ekki verið í lögreglustöðinni, þótt það kynni að benda til þess.

(f) Ákærði kveðst hafa fengið hótunarbréf, þess efnis að hann yrði myrtur, ef hann tæki ekki aftur kæruna, en ákærði hafði þá nýskeð kært yfirmann sinn Magnús Sigurðsson varðstjóra. Ekki hefur upplýstst, á hvaða vél þetta bréf sé skrifað, og að öðru leyti eru heldur ekki fyrir hendi neinar upplýsingar um höfund þess. Alls ósennilegt er, að neinn þeirra, er kæra ákærða varðaði, hafi skrifað bréf þetta. Hlýtur að vakna sterkur grunur um, að ákærði sjálfur hafi sent sér þetta bréf. Þess má geta, að kommusetning í bréfi þessu er með sama hætti og ákærði tíðkar og pappírinn af sömu gerð og vélritunarpapppír, sem fannst á heimili ákærða.

(g) Öll rök hníga að því, að ákærði hafi skrifað blaðagreinar þær, er frá var greint undir I. hér að framan, a.m.k. margar þeirra. Í greinum þessum kemur fram mjög þungur hugur í garð lögreglustjóra.

Á hinn bóginn er ekkert komið fram í málinu, er bendi sérstaklega gegn því, að ákærði hafi staðið að bréfunum, eða beini grun að neinum öðrum. Sérstaklega skal þess getið, að það, sem borið hefur verið fram af hálfu ákærða að þessu leyti, svo sem að Sigurjón Ágúst hafi sagzt hafa skrifað hótunarbréf eða að nafngreindur, geðbilaður maður hafi ritað bréfin, er fyrirsláttur, sem er engum rökum studdur.

Ákærði hefur frá upphafi neitað því staðfastlega, að hann hafi sent bréfin eða eigi nokkurn þátt í þeim. Gegn framburði ákærða stendur í fyrsta lagi vætti Sigurjóns Ágústs Ingasonar, sem kveðst hafa horft á ákærða skrifa fyrra bréfið og heyrt hann síðan lesa bæði bréfin upp. Hann er að vísu ekki með öllu óaðfinnanlegt vitni í þessu máli samkvæmt því, er áður var rakið. En þegar þess er gætt, hve mörg og mikilvæg gögn önnur styðja framburð hans, þykir mega telja, að lögfull sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærði hafi sent hótunarbréfin tvö til lögreglustjórans.

Efni bréfa þessara var ótvírætt til þess fallið að vekja viðtakanda ótta um líf eða heilbrigði. Ákærði hefur því með sendingu bréfanna gerzt brotlegur við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði var opinber starfsmaður, er hann sendi bréfin, en ekki verður talið, að hann hafi sett hótanir sínar fram sem slíkur, þannig að hann hafi með því misnotað stöðu sína. Ber því að sýkna hann af ákærunni um brot gegn 138. og 139. gr. almennra hegningarlaga að þessu leyti.

III.

Eftir yfirheyrslu í sakadómi Reykjavíkur hinn 4. maí 1960 var ákærði færður til geymslu í hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Var leitað á honum, svo sem venja er til, og gerði yfirfangavörðurinn, Valdimar Guðmundsson, leitina. Fann hann þá skammbyssu í buxnavasa (hliðarvasa) ákærða hægra megin. Síðar sama dag var í dómi skorað á ákærða að gera grein fyrir byssu þessari. Hann neitaði að skýra frá því, hve lengi hann hefði átt byssuna og hvaðan hann hefði fengið hana, og gat þess eins, að byssan væri ekki stolin. Hann sagðist hafa stungið á sig byss-

unni vegna hótunarbréfsins, sem hann hefði fengið. Hann kannaðist við, að hann hefði ekki fengið leyfi lögreglustjóra til að eiga byssu, enda hefði hann stöðu sinnar vegna ekki talið sig þurfa slíkt leyfi.

Með samþykki ákærða var sama dag gerð leit í bifreið hans, R 22. Í geymsluhólfi í mælaborði bifreiðarinnar fannst einn 25 skota pakki með skotum, sem hæfðu í áðurnefnda skammbyssu. Eitt skot vantaði í pakkann. Byssuhreinsari var einnig í hólfinu.

Njörður Snæhólm rannsóknarlögregluþjónn athugaði byssuna og prófaði skothæfni hennar. Byssan er af gerðinni Walther, hlaupvídd 25, þ. e. 6.35 mm. Á henni er númerið 433781. Hún er 10 sm löng og 7 sm há, hlauplengd 5 sm. Skotin eru tékknesk, Spb 6.35 frá Sellier & Bellot. Njörður reyndi byssuna með fjórum af skotunum, en ekki sprakk neitt þeirra. Þá reyndi hann skot af annarri gerð, og fór á sömu leið. Þá voru skot úr pakka ákærða reynd í annari byssu og reyndust í lagi. Við athugun á byssunni reyndist sprengipinnagormur ónýtur (of slappur). Öryggi á byssunni var ónýtt. Hlaupið er ryðgað og pollótt. Njörður segir, að hægt sé að gera byssuna nothæfa með því að skipta um gorm í henni. Þá segir hann, að ekki sé hægt að fullyrða, að byssan sé hættulaus, eins og hún er. Kunni að vera hægt að hleypa af henni skoti með því að marg„klikka" henni.

Ákærði segist hafa talið byssuna óvirka eða illa virka og ekki hafa þorað að prófa hana. Skotin kveðst hann hafa keypt í verzluninni Goðaborg. Hann hafi haft skammbyssu annars lögregluþjóns að láni og skotið talsvert úr henni. Ákærði hefur haldið fast við neitun sína á að skýra frá, hvaðan byssan hafi komið honum í hendur.

Samkvæmt vottorði lögreglustjórans í Reykjavík hefur ákærði ekki leyfi til að bera skotvopn.

Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri hefur verið spurður um það, eftir hvaða reglum fari um vopnaburð lögregluþjóna. Hann segir, að engin sérstök leyfi séu gefin út til lögregluþjóna til notkunar á skotvopnum þeim, sem þeim séu fengin í hendur til æfinga eða til notkunar í starfi. Hins vegar sé lögreglumönnum sem öðrum skylt að fá venjuleg leyfi, ef þeir vilja hafa skotvopn í einkaeign, og hafi þó nokkrir þeirra fengið slíkt leyfi.

Samkvæmt því, er nú var rakið, er sannað, að ákærði hafði undir höndum skotvopn og pakka af skotum, án þess að hann hefði fengið leyfi til þess frá lögreglustjóra. Verður þó að telja, að hann hafi þrátt fyrir stöðu sína ekki verið undanþeginn leyfi

til þess að hafa skotvopn og skotfæri í einkaeign. Enda þótt byssan væri gölluð og ónothæf eða lítt nothæf, eins og á stóð, var auðvelt að gera hana nothæfa. Hún er því ótvírætt skotvopn í skilningi laga. Samkvæmt þessu þykir ákærði hafa gerzt sekur um brot gegn 1. mgr. 3. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1938 sbr. 1. og 3. gr. laga nr. 69/1936. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 69/1936 og 2. og 3. mgr. 69. gr. laga nr. 19/1940 ber að ákveða, að byssan og skotfærin skuli vera upptæk og eign ríkissjóðs. Upptökuákvæði 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936 á hér hins vegar ekki við.

IV.

Laugardaginn 21. marz 1959 tók Ólafur Jónsson fulltrúi skýrslu af ákærða vegna blaðaskrifa þeirra, sem áður getur. Viðstaddur var Erlingur Pálsson. Ákærði gat þess þá, að hann hefði frétt, að lögreglustjóri hefði ekið undir áhrifum áfengis. Lögregluþjónn hefði sagt sér þetta. Ákærði kvaðst ekki geta um það sagt, hvort þessi ásökun væri rétt eða röng. Þetta hefði átt að gerast í sambandi við afmæli. Frekari upplýsingar, svo sem um nafn heimildarmannsins, fékkst ákærði ekki til að gefa.

Í kæru sinni á hendur Magnúsi Sigurðssyni varðstjóra víkur ákærði að því, að hann hafi oft og mörgum sinnum séð félaga sína á vakt undir áhrifum áfengis, en tilgreinir enga ákveðna.

Þegar ákærði kom fyrst fyrir dóm við rannsókn máls þessa 4. apríl, endurtók hann þessa staðhæfingu sína og nefndi nú nöfn þeirra, er gerzt hefðu sekir um ölvun við störf, og væru það þessir: Þorsteinn J. Jónsson, Þórir Hersveinsson (tvívegis), Sveinbjörn Bjarnason, Hjörtur Elíasson og Sigurður Sigurðsson.

Enn fremur skýrði hann svo frá, að Finnbogi Sigurðsson lögregluþjónn hefði komið ölvaður á vakt akandi og farið heim af vaktinni akandi að fyrirlagi Magnúsar Sigurðssonar varðstjóra.

Ákærði kvaðst geta nefnt miklu fleiri, svo sem Erling Pálsson, sem ekið hefði bíl sínum undir áfengisáhrifum, þegar Kekkonen Finnlandsforseti var hér í heimsókn. Þá kveður ákærði Sigurjón lögreglustjóra iðulega aka bíl með áfengisáhrifum, og sérstaklega einu sinni, er hann hafi verið vel drukkinn.

Í sama þinghaldi hélt ákærði því fram, að Sigurjón Ingason mundi eiga eða hefði átt til skamms tíma talsverðar birgðir af smygluðu áfengi.

Áður hefur þess verið getið, að í þinghaldi 8. apríl hélt ákærði því fram, að Sigurjón Ingason hefði sagt sér, að hann hefði sent lögreglustjóra hótunarbréf.

Samkvæmt þessu hefur ákærði haft uppi allar þær sakargiftir á hendur lögreglustjóra og lögreglumönnum, sem III. kafli ákæru (1—5) fjallar um.

Ákærði fékkst ekki til að gera grein fyrir sakargiftum þessum í einstökum atriðum né því, á hverju hann byggði þær.

Allir þeir, sem ákærði hefur borið sökum, lögregluþjónarnir Þorsteinn Jóhannes Jónsson, Bogahlíð 7, Þórir Sigurður Hersveinsson, Fjölnisvegi 4, Sveinbjörn Bjarnason, Miklubraut 82, Hjörtur Elíasson, Goðheimum 2, Sigurður Sigurðsson, Kirkjutorgi 6, Finnbogi Sigurðsson, Skaptahlíð 33, og Sigurjón Ágúst Ingason, Magnús Sigurðsson varðstjóri, Eiríksgötu 2, Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn og Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri, hafa verið kallaðir fyrir dóm. Hafa þeir allir neitað eindregið, að sakargiftir ákærða á hendur þeim hefðu við neitt að styðjast.

Í þinghaldi 20. apríl var skorað á ákærða að tjá sig nánar um kærur sínar á hendur ofangreindum mönnum. Ákærði hélt fast við kærurnar, en kvaðst ekki vilja blanda þeim í þetta mál. Hann neitaði því að renna stoðum undir kærurnar á þessu stigi, en kvaðst vera reiðubúinn að gera það síðar, ef ákæruvaldið óskaði þess.

Eftir að endurrit af rannsókninni hafði verið sent Dómsmálaráðuneytinu, fyrirskipaði það hinn 1. júlí frekari rannsókn, „að því er varðar þessar sakargiftir Magnúsar Guðmundssonar á hendur aðiljum þessum."

Hinn 31. ágúst var ákærði kallaður fyrir dóm, og er í því þinghaldi bókað eftir honum á þessa leið:

„Mættur neitar að tjá sig frekar um þessar sakargiftir, nema ef til vill ef svo skyldi fara, að hann yrði ákærður vegna þessa þáttar málsins, eða ef einhver þeirra lögreglumanna eða yfirmanna lögreglunnar, sem mættur nafngreindi í þinghaldinu 4. apríl s.l. í sambandi við þenna þátt málsins, verði ákærðir vegna þessara ábendinga mætts um ávirðingar þessara manna. Mættur er spurður, hvað honum hafi gengið til með því að vekja athygli á þessum ávirðingum löggæzlumannanna. Mættur getur þess, að hann muni ekki tjá sig frekar en orðið er um þenna þátt málsins.

Mættur óskar fært til bókar, að með tilliti til stéttarbræðra sinna, löggæzlumannanna, vill hann ekki tjá sig frekar um þenna þátt málsins á þessu stigi, sbr. það, sem að ofan greinir."

Þar sem ákærði vildi þannig ekki tilgreina nein sérstök atriði, er hann styddi kærur sínar við, var ekki hægt að halda neina frekari rannsókn um þetta efni. En áður hafði þó verið hægt

að afla upplýsinga um tvö atriði sakargiftanna, og skulu þær nú raktar.

Eftir að ákærði hafði greint frá smygluðum áfengisbirgðum Sigurjóns Ágústs Ingasonar, var samdægurs með samþykki Sigurjóns gerð leit á heimili hans, Hraunhólum 5 í Garðahreppi. Þar fundust allmargar flöskur með áfengi á, en allar merktar með einkenni Áfengisverzlunar ríkisins, nema 3 litlar sýnishornaflöskur (4 sentilítra) og hálfflaska undan viskíi, er Sigurjón kvaðst hafa fengið að gjöf frá systur sinni, er hún kom úr utanför. Á hálfflösku þessari var vermóðsblanda.

Út af sakargiftunum um ölvunarakstur Finnboga Sigurðssonar hefur Magnús Sigurðsson varðstjóri skýrt svo frá, að hann minnist atviks, er gerzt hafi einhvern tíma á árunum 1952 eða 1953. Hann hafi þá að beiðni Finnboga sent Óskar Friðbjörnsson lögregluþjón til að sækja hann á vakt. Er þeir komu aftur, hafi Óskar vakið athygli hans á því, að Finnbogi mundi vera hreyfur af víni. Kveðst Magnús hafa séð, að þetta var rétt, og því hafa ekið Finnboga heim sjálfur. Finnbogi hafi hvorki komið akandi sjálfur á vaktina né ekið sjálfur þaðan. Óskar Friðbjörnsson skýrði rannsóknardómaranum frá þessu á sama hátt.

Eftir að mál þetta var höfðað, óskaði verjandi ákærða frekari gagnaöflunar um þenna ákærulið. Óskaði hann þess, að allt lögregluliðið yrði kvatt fyrir dóm svo og fleiri menn, en tilgreindi ekki, um hvað spurt skyldi né neitt atriði til stuðnings sakargiftum ákærða. Í síðari beiðni sinni um gagnaöflun krafðist verjandi þess, að m. a. allir gestir í fimmtugsafmæli Pálma Jónssonar, fyrrverandi varðstjóra, (en það var 3. desember 1950), svo og fleiri menn yrðu yfirheyrðir „um vitneskju þeirra, varðandi áfengisneyzlu lögreglumanna", og er helzt svo að skilja, að þessi rannsókn hafi átt að beinast að ákærunni um rangar sakargiftir. En enga nánari grein gerði verjandinn fyrir því, hvað spurt skyldi um né hvað leiða ætti í ljós með yfirheyrslum þessum. Þar sem kröfur þessar þóttu með öllu fráleitar, var ekki orðið við þeim, sbr. úrskurðinn, er áður var um rætt (I hér að framan).

Ákærði hefur ekki leitt neinar minnstu líkur að því, að neinar af kærum hans á margnefnda menn séu á rökum reistar. Að svo miklu leyti sem mögulegt var að kanna sakargiftirnar, hefur sú rannsókn orðið til að hnekkja ásökunum ákærða. Þykir því ekki efamál, að telja verði allar sakargiftir ákærða, er tilgreindar eru í III. kafla ákæruskjals, tilhæfulausar með öllu. Ákærði setti

þessar röngu kærur fram á dómþingi og hlaut því að ætlast til þess, að hinir kærðu yrðu sakaðir um afbrot þau, er hann bar á þá, enda varð sú raunin á, að dómsrannsóknninni var beint að kærum þessum, bæði þegar í frumrannsókn og síðar, sbr. bréf Dómsmálaráðuneytisins 1. júlí. Samkvæmt þessu hefur ákærði gerzt sekur um brot gegn 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ekki verður talið, að hann hafi sett kærur sínar fram með þeim hætti, að hann hafi með því misnotað stöðu sína sem opinber starfsmaður. Verður hann því ekki sakfelldur fyrir brot gegn 138. eða 139. gr. hegningarlaga.

Ákærði bar sakargiftir sínar fram í dómi, og kemur því til álita, hvort hann hafi framið verknað slíkan sem í 142. gr. segir, þannig að honum verði eigi ákveðin lægri refsing en þar getur. En þar sem ákærði mætti fyrir dóminum sem kærður, en eigi sem vitni, þannig að hann væri bryndur á sannsöglisskyldu, verður eigi talið, að hann hafi framið verknað þann, er greinir í 142. gr. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar samkvæmt 148. gr. hegningarlaga skal hafa hliðsjón af því, hversu þung hegning er lögð við broti því, sem sagt er, að viðkomandi hafi drýgt. Verður að víkja nokkuð að þessu.

Ákærði bar það á 5 lögreglumenn, að þeir hefðu verið ölvaðir við skyldustörf. Slík brot myndu varða við 22. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, og við þeim lögð sekt, 400—2000 kr. (800—8000 kr. við ítrekað brot), og auk þess missir stöðu um stundarsakir eða að fullu og öllu. Einnig kynni slík háttsemi að teljast brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga og varða sektum eða varðhaldi.

Ákærði sakaði Magnús Sigurðsson um að hafa látið viðgangast, að Finnbogi Sigurðsson æki ölvaður heim af vakt. Slíkt atferli kynni að hafa varðað refsingu samkvæmt 141. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði bar það á Finnboga Sigurðsson, Erling Pálsson og Sigjón Sigurðsson, að þeir hefðu ekið bifreið undir áhrifum áfengis og að hinn síðastnefndi gerði það iðulega. Slík brot mundu hafa varðað við 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga og 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum auk réttindamissis. Það mundi og sjálfsagt varða lögreglustjóra stöðumissi að aka bifreið „iðulega“ undir áhrifum áfengis.

Ákærði kærði Sigurjón Ágúst Ingason fyrir að hann hefði átt eða ætti birgðir af smygluðu áfengi, þ. e. fyrir brot gegn 6. eða 17. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga, en slík brot varða sektum.

Ákærði bar það á Sigurjón Ágúst, að hann hefði sagt, að hann hefði sent lögreglustjóra hótunarbréf, þ. e. játað á sig brot gegn 233. gr. almennra hegningarlaga, er varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi í allt að 2 ár.

V.

Niðurstöður.

Refsing ákærða þykir samkvæmt ákvæðum þeim, er að framan greinir, og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald 3 mánuði. Haft er í huga, að ákærði hefur misst stöðu sína í tilefni af málssókn þessari.

Eftir atvikum þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða, að hún skuli niður falla eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði sætti gæzluvarðhaldi sem fyrr getur, en ekki eru skilyrði til þess að láta þá vist koma til frádráttar refsingu ákærða, þótt hún kæmi til framkvæmda.

Samkvæmt 2. mgr. 61. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 8. gr. laga nr. 22/1955 verður ákærði ekki sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940, þar sem refsing hans er skilorðsbundin.

Dæma ber upptöku skotvopns og skotfæra, sbr. niðurlag III. kafla þessa dóms.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, og skipaðs verjanda, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns. Þykja málssóknarlaun hæfilega ákveðin kr. 11.000.00.

Verjandi ákærða, sem einnig var réttargæzlumaður hans, meðan hann sætti gæzluvarðhaldi, hefur gert meðferð máls þessa miklu flóknari og tafsamari en efni stóðu til, svo sem með framlagningu þýðingarlausra skjala og margvíslegum kröfum um öflun gagna, málinu með öllu óviðkomandi. Með tilliti til þessa og framkomu verjandans í heild við meðferð málsins þykja málsvarnarlaun hæfilega ákveðin kr. 5000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Guðmundsson, sæti varðhaldi 3 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skammbyssa og skotfæri, er tilgreind eru í forsendum dómsins, eru gerð upptæk ríkissjóði til handa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 11.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. maí 1961.

Nr. 76/1961. **Snæbjörn Sigurðsson**
gegn
Margréti Sigurðardóttur,
Ragnari Davíðssyni,
Aðalsteinu Magnúsdóttur og
Gísla Björnssyni
og
Agli Halldórssyni og
Ingólfi Gunnarssyni
og
Sigurði M. Helgasyni, settum bæjarfógeta og sýslumanni, og samdómendunum Guðmundi Blöndal og Elíasi Tómassyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 27. júní 1960 var í landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu kveðinn upp dómur í landamerkjamáli milli aðilja þeirra, sem taldir eru upp í heiti máls þessa, annarra en dómenda. Hefur landamerkjamálinu verið áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1960 og gagnáfrýjað með stefnu

22. september 1960 og stefnu 29. nóvember 1960 að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m.

Dagana 14., 15., 17. og 22. marz 1961 rak sóknaraðili vitnamál fyrir settum bæjarfógeta og sýslumanni, Sigurði M. Helgasyni, og samdómendunum Guðmundi Blöndal og Elíasi Tómassyni í landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu til undirbúnings flutningi málsins fyrir Hæstarétti. Ágreiningur varð um þóknun til dómenda fyrir dómstörfin og svo um greiðslu kostnaðar af þeim. Á dómþingi, háðu í dómsal réttarins á Akureyri hinn 6. apríl 1961, var því bókuð svohljóðandi ályktun dómara: „Samkomulag náðist ekki um þóknun og kostnað dómsins, og ákvað dómarinn þá, að kostnaðurinn af þessu vitnamáli skuli greiðast þannig, að vitnastefnandi skuli greiða kostnað af réttarhöldum 14., 15., og 22. marz, kr. 2250.00 í þóknun til dómsmanna og kr. 100.00 í ferðakostnað, og vitnastefndi beri kostnað af réttarhaldi 17. sama mánaðar, kr. 750.00 í þóknun til dómsmanna."

Þessa ákvörðun hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar með kæru, dags. 12. apríl 1961, sem Hæstarétti barst 17. s. m. Krefst hann þess, að laun dómenda verði lækkuð, svo sem fært þykir. Af hendi varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerðir.

Framangreint vitnamál er þáttur í meðferð aðalmálsins fyrir Hæstarétti, og brestur því heimild til að kæra nefnda ákvörðun dómarans til Hæstaréttar. Samkvæmt þessu ber að vísa kærumálinu frá dómi.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Mánudaginn 15. maí 1961.

Nr. 108/1959. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Jóni Frímanni Sigvaldasyni
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Of hraður akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Þá er lögreglumennirnir mældu hraðann á bíl ákærða, stóðu lögreglubifreiðarnar skáhallt, miðað við endadepla vegarkafla þess, sem mæla skyldi. Samkvæmt bréfi bæjarverkfræðings, dags. 18. nóvember 1960, varð hin raunverulega mælilengd vegna nefndrar stöðu lögreglubifreiðanna ca 518—520 m. Ók ákærði þessa vegalengd á 29.2 sekúndum samkvæmt mælingum hinna fjögurra lögreglumanna. Verður að leggja mælingu þessa, sem hefur eigi verið hnekkt, til grundvallar. Hámarkshraði bifreiða var hinn 22. október 1957 á þessum vagarkafla 25 km, miðað við klukkustund, sbr. 15. gr. samþykktar nr. 121/1938 um breytingu á 46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930. Hefur ákærði gerzt brotlegur gegn þessum ákvæðum auk þeirra, sem í héraðsdómi greinir.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jón Frímann Sigvaldason, greiði allan áfrýj-

unarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar og Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanna, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. maí 1958.

Ár 1958, laugardaginn 24. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2600/1958: Ákæruvaldið gegn Jóni Frímanni Sigvaldasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 7/5 s.l., er höfðað gegn Jóni Frímanni Sigvaldasyni bifreiðasmið, til heimilis Laufásvegi 20, Reykjavík, fyrir of hraðan bfreiðarakstur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við téð lagaákvæði um kl. 1430 þriðjudaginn 22. október s.l. með því að aka bifreiðinni R 1169 suður Reykjanesbraut í Reykjavík frá Miklatorgi að Litlu-Hlíð með allt að því 61.6 km hraða, miðað við klukkustund.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 8. febrúar 1929 að Prestshúsum á Kjalarnesi, hefur sætt refsingu, sem hér segir:
1957 9/8 Sátt, 250 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þeir, að hinn 22/10 1957, kl. 1430, voru fjórir lögregluþjónar að mæla hraða bifreiða, er óku um Reykjanesbraut milli Miklatorgs og Litluhlíðar, á 500 metra vegalengd. Mældu þeir með skeiðúrum hraða bifreiðarinnar R 1169, er ók áðurnefnda götu í suðurátt, og ók hún þessa vegalengd á 29.2 sekúndum samkvæmt tímaákvörðun lögreglumannanna, en það samsvarar eftir útreikningi bæjarverkfræðings 61.6 km að meðalhraða hina útmældu 500 metra vegalengd.

Ökumaður R 1169 umrætt sinn var Jón Frímann Sigvaldason, ákærði í máli þessu.

Er ákærði kom fyrir dóm, mótmælti hann þeim hraða bíls síns, R 1169, er fram kemur í lögregluskýrslu, sem of miklum, þar eð bíllinn, sem er af gerðinni Plymouth af árgangi 1941, væri ekki það kraftmikill, að uppgefinn hraði lögreglumannanna gæti staðizt. Var bíllinn síðan að tilhlutan dómsins færður til prófunar

inn í bifreiðaeftirlit ríkisins. Skoðunarmenn eftirlitsins reyndu ökuhæfi margnefndrar bifreiðar hinn 2/11 og 7/11 s.l. Samkvæmt vætti bifreiðaeftirlitsmanna verður framangreind mótbára ákærða ekki talin hafa við rök að styðjast.

Skal nú nánar vikið að hraðamælingunni. Eins og að framan getur, stóðu 4 lögreglumenn að hraðaákvörðun bifreiðarinnar R 1169, og hafa þeir allir komið fyrir dóm sem vitni.

Vitnið Sverrir Guðmundsson lögregluþjónn, er stjórnaði hraðamælingunni í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá, að mælingunni sé þannig háttað, að útmældur sé ákveðinn vegarkafli af bæjarverkfræðingi og mörk sett sitt hvorum megin við. Lögreglubifreiðar með talstöðvum eru staðsettar sitt hvorum megin við hið útmælda vegarsvæði. Er bifreið nálgast mörkin og ástæða þykir til að mæla hraða hennar, þá gefa lögreglumenn í lögreglubifreið þeirri, er staðsett er við þann enda, er mæling hefst á, merki til hins lögreglubílsins, að mæling sé að hefjast, síðan, er bifreiðin fer út á hið útmælda svæði, er gefið ákveðið merki gegnum talstöðina, og eru þá skeiðklukkur í báðum bifreiðunum settar í gang. Vegarkaflinn er þannig, að bifreiðar sjást frá báðum endamörkum, er þær hefja skeiðið, þannig að ekki eru möguleikar á, að mælingamenn ruglist á bifreiðum, þar eð þeir fylgjast allan tímann með bifreiðinni. Er bifreiðin síðan hefur lokið við að aka hið útmælda skeið, þá er aftur gefið ákveðið merki gegnum talstöðina og skeiðklukkur beggja bifreiða stöðvaðar. Síðan er tími skeiðúranna borinn saman, og ef einhver mismunur er á tímanum, sem venjulega er þá ekki nema brot úr sekúndu, þá er lengri tíminn lagður til grundvallar.

Vitnið, sem staðsett var í syðri lögreglubifreiðinni í umrætt sinn, kveðst ekki hafa haft aðstöðu til að sjá einkennisstafi bifreiðar ákærða, er hraðamæling hófst, en lögreglumenn við nyrðri mörkin hafi gefið upp lýsingu bílsins og einkennisstafi.

Hin vitnin úr hópi lögreglumanna, er voru við hraðamælinguna í umrætt sinn, hafa lýst hraðamælingu bifreiða á viðlíka hátt og framangreint vitni.

Vitnið Rúdólf Axelsson var ásamt vitninu Sverri Guðmundssyni við syðri mörk vegarkaflans og stöðvaði bifreið ákærða að lokinni hraðamælingu hennar.

Vitnið Trausti Eyjólfsson lögregluþjónn hefur skýrt frá því, að þeir lögreglumenn við nyrðri mörk hins útmælda vegarkafla sjái númeraspjöld bifreiða, er aka inn á vegarkaflann, ýmist framnúmer eða þá afturnúmerin, og sá háttur sé t. d. hafður á,

að lögreglumaður við nyrðri mörkin kallar til lögreglumanna við syðri mörkin, eftir að hafa samstillt og sett skeiðúrin á báðum bílum í gang, og gefi þá lýsingu bílsins og einkennisstafi.

Vitnið Guðmundur Sigurgeirsson lögregluþjónn hefur skýrt svo frá, að þeir lögreglumenn við nyrðri mörkin hafi jafnan séð númeraspjöld þeirra bíla, er hraðaákvarðaðir voru, ýmist fram eða afturnúmer. Kæmi það fyrir, að þeir næðu ekki að eygja númeraspjöld bifreiðar, í þann mund er mæling byrjaði, þá var ekki hraði bifreiðanna mældur, og kveður vitnið, að það hafi verið gert til að rugla ekki saman bifreiðum, er hraðamæling stóð yfir. Enn fremur kveður vitnið, að talstöðvarmenn lögreglubifreiðanna hafi jafnframt útvarpað lýsingu auk skrásetningarnúmera, svo sem gerð og lit.

Vitnið Jakobína Hermannsdóttir, er var farþegi í bifreið ákærða, kveðst hafa fylgzt með akstri bifreiðarinnar R 1169, og telur vitnið hann hafa verið eðlilegan, eins og á stóð, en ekki hefur vitnið treyst sér til að áætla hraða bifreiðarinnar á þeim vegarspotta, er hraðamælingin fór fram á.

Ákærði kveðst ekki geta sagt til um hraða bifreiðar sinnar umrætt sinn, þar eð hann fylgdist ekki með hraðamæli bifreiðarinnar, en telur, að hraði bifreiðarinnar hafi verið eðlilegur innanbæjarhraði.

Með samhljóða lýsingu lögreglumannanna á hraðamælingunni og þar eð ekki eru talin komin fram þau rök, er véfengi þá mælingu, þá þykir sannað þrátt fyrir andmæli ákærða sjálfs og framburð vitnisins Jakobínu Hermannsdóttur, að ákærði hafi ekið alltof hratt, miðað við aðstæður umrætt sinn, en veðurfar var samkvæmt framburði vitna rigning og súld, og að sögn ákærða sjálfs hafi gengið á með slyddu, og nokkuð krapasull hafi verið á götunni. Þykir háttsemi ákærða varða við þau lagaákvæði, sem greinir í ákæruskjali og að framan eru rakin.

Ákveðst refsing ákærða 300 króna sekt til bæjarsjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Frímann Sigvaldason, greiði 300 króna sekt til bæjarsjóðs, og komi varðhald í þrjá daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hæstaréttarlögmanns Magnúsar Thorlacius, kr. 700.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. maí 1961.

Nr. 80/1961. **Ólafur Þorgrímsson**
gegn
Skipaútgerð ríkisins.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómstólar.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 15. apríl 1961, sem hingað barst 26. s. m., hefur sóknaraðili skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að hann verði úr gildi felldur, málinu verði vísað frá sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Mál þetta á að vísu undir bæjarþing Reykjavíkur, en þar sem dómara var rétt að dæma það með samdómendum og ákvæðum laga um sáttaumleitanir var fullnægt, verður málinu eigi vísað frá dómi, þótt dómstóllinn nefnist sjó- og verzlunardómur. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 11. apríl 1961.

Mál þetta hefur Skipaútgerð ríkisins, hér í bæ, höfðað fyrir

sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 19. apríl 1960, gegn Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni hér í bænum.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 103.940.63 auk 6% ársvaxta frá 13. apríl 1960 til greiðsludags, en *til vara*, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 79.612. 48 auk 6% ársvaxta frá 13. apríl 1960 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins, hvort sem aðalkrafa hans eða varakrafa yrði tekin til greina.

Stefndi hefur krafizt þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi. *Til vara* krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda og *til þrautavara* stórlegrar lækkunar á stefnukröfunum. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Hinn 24. marz s.l. var málið flutt munnlega um frávísunarkröfu stefnda. Hefur stefnandi krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnda í þessum þætti málsins.

Að málflutningi loknum, var málið tekið til úrskurðar eða dóms.

Málavextir eru þeir í stórum dráttum, að á árinu 1942 réð ráðherra sá, sem á þeim tíma fór með málefni stefnanda, stefnda til þess að annast lögfræðistörf fyrir útgerðina, þar á meðal málflutning. Gilti ráðning stefnda til fimm ára, og annaðist stefndi störf þessi svo sem ráðningarbréf hans sagði til um. Telur stefnandi, að stefndi hafi í sex tilteknum dómsmálum, er hann hafi flutt vegna útgerðarinnar, ofreiknað sér málflutningslaun um samtals kr. 64.343.64 og tekið greiðslu á fé þessu undir sjálfum sér. Þá telur stefnandi, að stefndi hafi látið fyrnast í höndum sér sjóveðréttarkröfu vegna hjálpar við m/b Sæfinn og nemi tjón sitt af þessum sökum, þegar frá hafi verið dregin málflutningslaun stefnda, kr. 18.930.00. Hefur stefnandi nánar sundurliðað dómkröfur sínar í málinu svo:

1.	Ofreiknuð málflutningslaun	kr. 64.343.64
2.	Vextir af þessari fjárhæð til 30/9 1952	— 12.268.84
3.	Bótakrafa vegna m/b Sæfinns	— 18.930.00
4.	Vextir af þeirri kröfu til 30/9 1952	— 5.398.15
	Samtals kr.	103.940.63

Með stefnu, útgefinni 2. febrúar 1954 og birtri 13. apríl 1955,

höfðaði stefnandi mál hér fyrir sjó- og verzlunardómi á hendur stefnda út af sömu kröfunni og stefnandi hefur nú uppi. Var mál þetta höfðað og rekið fyrir sjó- og verzlunardóminum með samþykki stefnda. Málinu lauk með dómi Hæstaréttar frá 30. október 1959 og með þeim úrslitum, að dómur sjó- og verzlunardóms og málsmeðferð í héraði voru dæmd ómerk og málinu í heild vísað frá héraðsdómi. Var þessi niðurstaða Hæstaréttar reist á göllum á málatilbúnaði og rekstri málsins í héraði af hálfu stefnanda.

Frávísunarkröfuna reisir stefndi á því, að samþykki það, sem hann gaf, til rekstrar hins fyrra máls fyrir sjó- og verzlunardómi taki ekki til rekstrar máls þessa fyrir þeim dómi. Samþykkið hafi fallið úr gildi, um leið og fyrra málinu lauk, og þar sem málsefnið heyri eftir eðli sínu undir almennan héraðsdóm, þá sé málið nú skakkt höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi.

Þá dregur stefndi í efa, að aðiljum sé heimilt að semja svo um, að mál, sem sæta á meðferð almenns héraðsdóms, skuli rekið fyrir sjó- og verzlunardómi. Bendir hann í þessu sambandi á ákvæði 3. málsgr. 200. gr. laga nr. 85 frá 1936, þar sem segir, að aðiljar einkamáls geti samið svo um, að mál samkvæmt greininni skuli sæta meðferð almenns héraðsdóms. Telur stefndi, að það liggi nærri að gagnálykta megi frá ákvæði þessu.

Stefnandi reisir mótmæli sín gegn frávísunarkröfu stefnda í fyrsta lagi á því, að samþykki stefnda til rekstrar hins fyrra máls fyrir sjó- og verzlunardómi gildi einnig um höfðun og rekstur máls þessa fyrir þeim dómi. Málsefnið í báðum málunum sé hið sama, upphaflegt samþykki stefnda hafi verið skilyrðislaust, það hafi ekki verið afturkallað, og telur stefnandi sig því hafa mátt treysta því, er hann höfðaði og hóf rekstur máls þessa, að samþykki stefnda væri enn í fullu gildi.

Í öðru lagi reisir stefnandi mótmæli sín gegn frávísunarkröfunni á því, að „málið í sjálfu sér heyri undir meðferð fyrir sjó- og verzlunardómi vegna þeirra viðskipta, sem fram hafa farið milli málsaðilja". Bendir stefnandi einnig á þessu til stuðnings, að báðir aðiljarnir séu bókhaldsskyldir. Hvort tveggja umræddra mála er höfðað út af sama málsefninu, og eigi er annað fram komið en hið upphaflega samþykki stefnda á því, að mál út af ágreiningi aðiljanna um málsefnið væri rekið fyrir sjó- og verzlunardómi, hafi verið skilyrðislaust. Þá verður ekki séð, að stefndi hafi afturkallað þetta samþykki sitt fyrr en þá í greinargerð sinni, þar sem hann krefst frávísunar málsins, en greinargerð

þessi er lögð fram á dómþingi 1. október 1960, eða rúmlega fimm mánuðum eftir þingfestingu máls þessa. Hafði stefnandi því réttmæta ástæðu til að treysta því, þegar hann höfðaði mál þetta, að samþykki stefnda til þess að ágreiningsefnið væri rekið fyrir sjó- og verzlunardómi stæði enn í fullu gildi. Við þetta bætist, að nærri liggur að líta svo á, að stefndi hafi með rúmlega 5 mánða aðgerðaleysi, eftir að málinu hafði verið stefnt fyrir þenna dóm, samþykkt á ný, að málið væri rekið fyrir dóminum. Og að því er varðar gildi samþykkis stefnda í þessu efni, þá er það álit dómsins, að ekki verði gagnályktað frá ákvæði 3. málsgr. 200. gr. fyrrgreindra laga á þá leið, að aðiljar einkamáls geti ekki samið svo um, að mál, sem sæta á meðferð almenns héraðsdóms, skuli rekið fyrir sjó- og verzlunardómi, enda sé um að ræða mál viðskiptalegs eðlis. Þá athugast, að enda þótt ekki verði fallizt á þá skoðun stefnanda, að mál þetta heyri beint undir sjó- og verzlunardóm, þá er málið þannig vaxið, að eðlilegt er, að samdómendur séu kvaddir til við úrlausn þess.

Að því athuguðu, sem hér að framan er rakið, verður frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Ákvörðun um greiðslu málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins verður tekin við væntanlegan efnisdóm í því.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna ásamt samdómendunum dr. Jóhannesi Nordal bankastjóra og Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni.

Ályktun:

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 16. maí 1961.

Nr. 158/1960. **Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Hraðfrystistöðinni h/f og gagnsök
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging fiskiskips. Tjónbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1960 og krefst þess: *Aðallega* að honum verði dæmd sýkna og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, *en til vara*, að kröfur gagnáfrýjanda verði niður færðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti niður felldur.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1960 og krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 17/1948 má ekkert skip stunda fiskveiðar, nema það hafi verið skráð á fiskiskipaskrá og fengið fiskiveiðaskírteini.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 61/1947, sbr. 10. gr. laga nr. 103/1952, átti áfrýjandi að tilkynna bátaábyrgðarfélagi því, sem tryggir vélbáta á Sauðárkróki, þá er Hellisey, VE 2, 25 rúmlestir að stærð, var seld gagnáfrýjanda hinn 18. október 1956.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1947 skulu allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta með þilfari, allt að 100 rúmlestir brúttó, skyldir að vátryggja þá hjá vátryggingarfélagi því, sem starfar samkvæmt lögunum innan þess svæðis, sem bátarnir eru skrásettir í. V/b Hellisey hafði verið skráð í Vestmannaeyjum samkvæmt 6. mgr. téðrar 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 110/1949. Sigldi vélbáturinn enn undir nafninu Hellisey, VE 2, þá er honum hlekktist á 16. og 17. janúar

1957, enda þá eigi skráður annars staðar. Samkvæmt þessu, eðli máls og lögjöfnun frá 12. gr. i.f. laga nr. 61/1947 ber að telja vátryggingarábyrgð aðaláfrýjanda í v/b Hellisey hafa haldizt, unz báturinn var skráður af nýju á Sauðárkróki. Var því v/b Hellisey, VE 2, í tryggingu aðaláfrýjanda, þá er vélbátnum hlekktist á. Telja verður, að vátryggingarábyrgð aðaláfrýjanda taki yfir bæði spjöll þau, sem urðu á vélbátnum, er honum hlekktist á, og svo spjöll á honum, er kunna að eiga rót sína að rekja til mistaka starfsmanna við björgun hans.

Með framangreindum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum og atvikum málsins ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda upp í málskostnað fyrir Hæstarétti kr. 3500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, greiði gagnáfrýjanda, Hraðfrystistöðinni h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. júní 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., hefur Sigurður Sigfússon f. h. Hraðfrystistöðvarinnar h/f, Sauðárkróki, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 22. janúar f. á., gegn Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja til greiðslu tjónbóta, að fjárhæð kr. 50.271.87 auk 7% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að stefnukrafan verði lækkuð eftir mati dómsins og hvor aðili um sig látinn bera sinn kostnað af málinu.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dags. 18. október 1956, seldu og afsöluðu Fiskiðjan h/f og Hraðfrystistöðin í Vestmannaeyjum stefnanda, Hrað-

frystistöðinni h/f á Sauðárkróki, m/b Hellisey, VE 2, með rá og reiða, vél og öðru tilheyrandi. Afsal þetta var dómtekið til þinglýsingar og innfært hjá bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum 19. s. m. Samdægurs voru öll skráningarskjöl bátsins ásamt veðbókarvottorði og endurriti af þinglesnum eignarheimildum og veðböndum send bæjarfógetanum á Sauðárkróki og honum jafnframt tilkynnt, að báturinn væri strikaður út af skipaskrá Vestmannaeyja. Eftir því, sem fyrir liggur, móttók bæjarfógetinn á Sauðárkróki skjöl þessi 26. október 1956, en eigi var báturinn skráður þar fyrr en 12. marz 1957, og hlaut hann skrásetningarnúmerið SK 4.

Að kveldi hins 16. janúar 1957 lá báturinn við fremri álmu hafnargarðsins í höfninni á Sauðárkróki við venjulegar festingar, en þar sem útlit var fyrir hvassviðri, fór maður sá á staðnum, sem í fjarveru skipstjórans hafði eftirlit með bátnum, þá um kvöldið út í hann og bætti grastógum við hinar venjulegu festingar hans og treysti þær eftir föngum. Seint þetta kvöld og aðfaranótt hins 17. janúar gerði afspyrnurok. Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands um veður á Sauðárkróki dagana 16. og 17. janúar 1957 var vindur þar kl. 2300 hinn 16. janúar SSV 9 vindstig og kl. 0200 og 0500 hinn 17. janúar vindur af sömu átt 10 vindstig. Meðan veðurofsinn var mestur, varð ekkert að gert bátnum til bjargar, en þegar fram á morguninn kom, tók veðrið að lægja og fór þá eftirlitsmaður bátsins með menn með sér út á hafnargarðinn til þess að huga að bátnum. Þegar þangað kom, var aðkoman sú, að báturinn hékk hálfsokkinn í festingum sínum við hafnargarðinn. Hafði það, að festingarnar slitnuðu ekki, varnað því, að báturinn sykki alveg, en hann var þilfarsfullur af sjó að aftan og vélin alveg í kafi. Báturinn var síðan dreginn með bifreið upp með hafnargarðinum, þar til hann stóð. Þá þegar voru margir menn settir til að ausa og hreinsa bátinn, og jafnframt var slökkvilið Sauðárkróks fengið til að dæla úr bátnum með véldælu. Unnið var að þessu allan daginn og fram undir miðnætti hinn 17. janúar og einnig næsta dag, og þegar báturinn hafði verið tæmdur, hélzt hann á floti, en dæla þurfti hann oftar en áður.

Í ólátunum við hafnargarðinn um nóttina hafði báturinn brotnað svo mjög, að fullnaðarviðgerð varð ekki framkvæmd á honum nema í dráttarbraut. Á Sauðárkróki var engin dráttarbraut til að taka bátinn í, og var því ætlunin, eftir að bráðabirgðaviðgerð hefði farið fram, að sigla bátnum á eigin vélarafli til

Siglufjarðar til fullnaðarviðgerðar þar. Í þessu skyni var því hafizt handa um hreinsun vélarinnar, sem var tveggja strokka dönsk Grenå-vél, 150—160 hestafla. Fór hreinsunin þannig fram, að fyrst var olíu og sjó dælt út af vélinni, síðan var hún skoluð og þvegin, fyrst úr hráolíu og síðan smurningsolíu. Þetta var endurtekið nokkrum sinnum. Að utan var vélin hreinsuð með tvisti, bleyttum í benzíni. Þegar hreinsuninni var lokið, var smurningsolía sett á vélina og hún undirbúin til gangsetningar á venjulegan hátt. Síðan var vélstjóri fenginn til þess að setja vélina í gang, en hann hafði verið ráðinn til vélstjórnar á bátnum í för hans til Siglufjarðar. Kveðst hann hafa álitið, eftir að hafa fengið vitneskju um á hvern hátt vélin hafði verið hreinsuð, að óhætt væri að setja hana í gang, enda hafi hann fullvissað sig um, að vélin var hrein og smurningsolía á henni. Þá hafi hann auk þess handdælt smurningsolíu í gegnum vélina, áður en hann hafi reynt að setja hana í gang. En þegar hann svo hafi ræst vélina, hafi hún aðeins gengið nokkra snúninga, en síðan brotnað og stöðvazt. Eftir það hafi vélin ekki verið hreyfð fyrr en á Siglufirði.

Ljóst var nú orðið, að báturinn komst ekki af eigin rammleik til Siglufjarðar. Fékk stefnandi því m/s Drang frá Akureyri til þess að draga bátinn þangað seint í janúarmánuði. Er báturinn var kominn til Siglufjarðar, voru að tilhlutun stefnanda tveir menn dómkvaddir til þess að meta skemmdir og viðgerðarkostnað á bátnum sjálfum og aðrir tveir til þess að meta skemmdir og viðgerðarkostnað á vél hans.

Samkvæmt matsgerð, dags. 31. janúar 1957, virtu matsmennirnir kostnað við viðgerð bátsins kr. 19.600.00, og er þar með talinn kostnaður við uppsetningu og stöðu hans í dráttarbraut. Þá virtu hinir matsmennirnir samkvæmt matsgerð, dags. 25. febrúar 1957, kostnað við viðgerð á vél bátsins kr. 16.950.00.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að á þeim tíma, sem tjónið á bátnum m/b Hellisey, VE 2, varð, hafi hann verið í vátryggingu (skyldutryggingu) hjá stefnda, og beri honum því sem vátryggjanda að bæta tjónið, en það nemi hinni umstefndu fjárhæð. Hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína svo:

1.	Kostnaður við að ná bátnum upp	kr.	3.485.87
2.	Reikningur Agnars Sveinssonar	—	1.100.00
3.	— Aðalsteins Valdimarssonar	—	2.000.00
4.	— m/s Drangs	—	5.000.00
5.	Kostnaður við tvær dómkvaðningar	—	336.00

6. Viðgerðarkostnaður á vél eftir mati ..... — 16.950.00
7. Þóknun til matsmanna ..... — 600.00
8. Viðgerðarkostnaður á bát eftir mati ..... — 19.600.00
9. Þóknun til matsmanna ..... — 1.200.00

Samtals kr. 50.271.87

Kröfu sína um sýknu reisir stefndi á því, að hann hafi á réttum tíma fullnægt öllum skyldum sínum í sambandi við flutning bátsins frá Vestmannaeyjum til Sauðárkróks, og vísar því til stuðnings til þess, sem rakið er hér að framan um sendingu skjala og tilkynninga varðandi bátinn til bæjarfógetans á Sauðárkróki. Hins vegar hafi stefnandi vanrækt að láta skrásetja bátinn á Sauðárkróki fyrr en 12. marz 1957. Telur stefndi sig af þessum ástæðum hafa verið lausan við vátryggingu bátsins þegar haustið 1956. En jafnvel þó að svo yrði litið á, að báturinn hafi verið í vátryggingu hjá honum, þegar tjónið varð, þá hafi það verið sök stefnanda, og því sé fráleitt, að stefnandi geti krafið hann um bætur vegna skemmdanna, sem á bátnum urðu í umrætt skipti. Þá telur stefndi, að stefnandi hafi ekki við neinn að sakast annan en sjálfan sig, ef svo kynni að reynast, að báturinn hafi hvergi verið í tryggingu, er tjónið á honum varð.

Í 12. gr. laga nr. 61 frá 1947, sbr. 10. gr. laga nr. 103 frá 1952, segir, að þegar skip sé flutt á annað tryggingarsvæði, þá skuli eigandi, skrásetningarstjóri og vélbátaábyrgðarfélag tilkynna það vátryggingarfélagi á þeim stað, sem skipið flyzt til, og Samábyrgðinni og að vanræksla á tilkynningu varði sektum. Enn segir, að sömu viðurlögum varði það eiganda, vanræki hann að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði. Loks segir í greininni, að ábyrgð fyrra félags falli niður, jafnskjótt og skip hefur verið skrásett á öðru félagssvæði.

Ákvæði þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo, að vátrygging stefnda á m/b Hellisey, VE 2, hafi ekki verið fallin niður, heldur enn í gildi, þegar báturinn varð fyrir tjóninu 17. janúar 1957. Hefur því krafa stefnda um sýknu ekki við rök að styðjast.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda teknir til athugunar og í því sambandi varakrafa stefnda um lækkun stefnukröfunnar.

Um 1. Stefnandi hefur lagt fram vinnulista yfir vinnu þeirra manna, sem unnu að því að ná m/b Hellisey upp við hafnargarðinn, og er kaup þeirra útreiknað á vinnulistunum, og kemur fjárhæð þessi heim við kröfuna undir þessum lið. Eftirlits-

maður bátsins, sem sá um verkið, hefur borið það fyrir dómi, að vinnulistinn sé réttur. Verður því krafan undir þessum lið tekin til greina að fullu.

Um 6. Stefndi heldur því fram, að tjón það, sem á vélinni varð, hafi ekki stafað af því, að báturinn sökk með henni í. Telur hann orsökina til þess, að vélin brotnaði, hafa verið þá, að hún var ræst án þess að hafa fyrst verið tekin í sundur og þurrkuð upp og hreinsuð á réttan hátt. Beri hann því ekki ábyrgð á þessum hluta tjónsins, þó að hann kynni að eiga að bera ábyrgð á því að öðru leyti.

Það er álit hins sérfróða samdómanda, að það geti ekki talizt hafa verið óforsvaranlegt að setja vélina í gang, eftir að hún hafði verið hreinsuð með þeim hætti, sem lýst er hér að framan. Vélin hafði ekki verið nema um tvo sólarhringa í sjó, er báturinn náðist upp, og gat því ekki verið byrjuð að ryðga, þegar hún var ræst. Í málinu er ekkert fram komið, sem bendi til þess, að vélin hafi verið gölluð, áður en hún lenti í sjónum með bátnum.

Að þessu athuguðu verður að telja, að skemmdirnar á vélinni séu sennilegar afleiðingar af því, að hún fór í sjóinn, og ber stefndi þá sem vátryggjandi ábyrgð á tjóninu. Verða því framangreind mótmæli hans gegn þessum kröfulið ekki tekin til greina, og hann hefur ekki véfengt fjárhæðina tölulega.

Um 7. Fjárhæðin undir þessum lið er greiðsla til matsmanna þeirra, sem virtu skemmdir á vélinni og kostnað við viðgerð þeirra.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið á þeim grundvelli, að honum hafi verið algerlega óviðkomandi tjónið á vélinni, en af þeirri niðurstöðu, sem komizt er að um 6. lið hér að framan, leiðir, að þessi mótmæli stefnda hafa ekki við rök að styðjast.

Um 2., 3. og 4. Fjárhæðirnar undir þessum liðum eru kaup tveggja manna, er nauðsynlegt þótti að væru á m/b Hellisey við drátt bátsins til Siglufjarðar, og annar kostnaður við för þeirra þangað svo og greiðsla til eigenda m/b Drangs fyrir drátt bátsins til Siglufjarðar.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfuliðum á sama grundvelli og greinir undir 7. lið, að honum hafi verið óviðkomandi tjónið á vélinni, en af því hafi leitt nauðsyn þess að draga bátinn til Siglufjarðar.

Með vísan til þeirra sömu raka, sem tilgreind eru undir 7. lið

hér að framan, hafa þessi mótmæli stefnda heldur ekki við rök að styðjast.

Um 5., 8. og 9. Stefndi hefur ekki mótmælt þessum kröfuliðum sérstaklega, og verða þeir því teknir til greina að fullu.

Auk þeirra mótmæla stefnda, sem hér að framan eru rakin, hefur hann krafizt þess, að til frádráttar hinum umstefndu tjónbótum komi 10% þeirra, þar sem umrætt tjón hafi ekki verið vátryggt nema að $^{9}/_{10}$ hlutum, sbr. 9. gr. laga Bátaábyrgðarfélagsins, en að $^{1}/_{10}$ hluta hafi tjónið verið í sjálfsábyrgð stefnanda.

Stefnandi hefur mótmælt þessari frádráttarkröfu stefnda á þeim grundvelli, að viðgerðarkostnaður bæði á bát og vél hafi farið langt fram úr mati hinna dómkvöddu manna, þannig að beint tjón hans af því, að m/b Hellisey sökk, hafi numið rúmlega kr. 55.000.00, og hafi því þegar verið dreginn frá tjónbótunum sá hluti tjónsins, sem sé í sjálfsábyrgð hans.

Eftir því, sem fyrir liggur, eru eigi efni til annars en leggja virðingargerðir hinna dómkvöddu manna til grundvallar um tjón það, sem orðið hafi á bát og vél, þegar m/b Hellisey sökk. Ber því að taka umrædda lækkunarkröfu stefnda til greina.

Úrslit málsins verða þá samkvæmt framansögðu þau, að stefndi verður dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 50.271.87, að frádregnum kr. 5.027.19, eða kr. 45.244.68 með 6% ársvöxtum frá 22. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, þar eð vaxtahæðinni hefur verið mótmælt sérstaklega, en með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, er ákveðst kr. 5.500.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni og Hallgrími Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, greiði stefnanda, Hraðfrystistöðinni h/f, kr. 45.244.68 með 6% ársvöxtum frá 22. janúar 1959 til 22. febrúar 1960 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. maí 1961.

Nr. 190/1959. **Haraldur Kristinsson**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Ræktunarfélagi Vestur-Ísafjarðarsýslu
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa ræktunarfélags um greiðslu fyrir skurðgröft.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. október 1959, skotið máli þessu til Hæstaréttar 23. s. m. og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það hafa eigi verið leiddar sönnur að því, að áfrýjandi hafi beiðzt skurðgraftar þess á landi sínu, sem í málinu greinir, né játazt undir að greiða kostnað af honum, og eigi hefur verið leitt í ljós með matsgerð samkvæmt 147. gr. vatnalaga nr. 15/1923, að hann hafi haft gagn eða auðgun af skurðgreftinum, þannig að honum sé skylt samkvæmt 79. gr. þeirra laga að bera kostnað af honum. Ber því að taka kröfu hans um sýknu í málinu til greina.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Haraldur Kristinsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ræktunarfélags Vestur-Ísafjarðarsýslu, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadóms Ísafjarðarsýslu 8. júlí 1959.

Ár 1959, miðvikudaginn 8. júlí, var á aukadómþingi Ísafjarðarsýslu, sem haldið var í sýsluskrifstofunni á Ísafirði af Jóh. Gunnari Ólafssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 22. júní s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 22/7 1958, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun, af Jóhannesi Davíðssyni, bónda í Neðri-Hjarðardal, f. h. Ræktunarfélags Vestur-Ísafjarðarsýslu gegn Haraldi Kristinssyni, bónda á Haukabergi í Mýrahreppi, til greiðslu á skuld fyrir skurðgröft á eignarhlutum hans í Núpi og Kotnúpi svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 2.247.48 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Stefnandi hefur lagt fram málskostnaðarreikning, að fjárhæð kr. 2.330.00.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Með stefnu, útgefinni 19. janúar 1959, var þeim Hauki og Valdimar Kristinssonum stefnt inn í mál þetta af stefnda til að veita honum allan þann stuðning, sem þeir mættu, og til að gæta hagsmuna sinna.

Málsatvik eru þessi:

Sumarið 1953 fékk stefnandi, sem er formaður Ræktunarfélags Vestur-Ísafjarðarsýslu, Sigfús Þorsteinsson, ráðunaut Búnaðarfélags Íslands, til að mæla fyrir skurðum í Mýrahreppi, og þá um haustið mældi hann fyrir skurðum í Núps- og Kotnúpslandi, eign stefnda og meðstefndu.

Stefndi er eigandi að ⅛ úr Núpsjörðinni og ⅛ úr Kotnúpslandi, sem er fremri hluti Nesja og neðri hluti Kotnúpsengja, og er það landspilda milli Núpsár og holtanna fyrir ofan, þ. e. landspilda beggja megin landamerkja Núps og Kotnúps. Sigfús mældi fyrir skurðum í landi meðstefndu og síðan einnig fyrir skurðum í landi stefnda. Vorið 1954 var svo byrjað á skurðgreftinum og fengnir til þess skurðgröfumenn. Þeir byrjuðu að grafa í landi meðstefndu og síðan í landi stefnda. Grafnir voru tveir samliggjandi skurðir eftir endilöngum Núpsengjum og Nesjum, og liggja skurðirnir í gegnum landspildu stefnda.

Þegar stefnandi fór að innheimta skurðgröfukostnaðinn, kr. 2.247.48, neitaði stefndi að greiða og bar við, að hann hefði ekki

beðið um, að þessi landspilda hans yrði grafin, enda hefði hann látið grafa svo mikið land á Haukabergi og Leiti, að hann þyrfti ekki á meira landi að halda til ræktunar í náinni framtíð.

Stefnandi skýrir svo frá: Það er venja, að ræktunarsamböndin taki skurðgröfu á leigu hjá Vélasjóði ríkisins. Sjá þau síðan um skurðgröftinn og innheimtukostnaðinn. Ráðunautar Búnaðarfélags Íslands mæla fyrir skurðum að ósk formanna ræktunarsambandanna, eftir því sem þurfa þykir. Ráðunautunum er skýrt frá, á hvaða bæi þeir eigi að fara, og er farið á þá eftir röð.

Stefnandi var ekki viðstaddur, er mælt var fyrir skurðum í Mýrahreppi 1953. Hann kvað það venju, að bændur á viðkomandi bæjum tækju á móti mælingamönnum og sýndu þeim það land, sem þeir vildu láta grafa. Stefnandi vissi ekki, hvar eða hve mikið skyldi grafa í hverri landareign, fyrr en hann mældi hina gröfnu skurði sem úttektarmaður jarðabóta. Ekki vissi stefnandi, hvað fór á milli mælingamannsins og stefnda, en telur þó, að hann hafi mælt landið með hans samþykki og vilja. Sigfús Þorsteinsson ráðunautur, sem mældi þessa spildu í landi stefnda, eins og annað land í hreppnum, hefur ekki komið fyrir dóm í máli þessu, en á dómsskjali nr. 18 hefur hann gefið þá skýrslu, að hann hafi skilið stefnda svo, að hann óskaði að fá sitt land grafið, sem og gert var. Hann kvaðst örugglega hafa farið til stefnda, er hann hafði mælt fyrir skurðunum í landi hans, og skýrt fyrir honum, hvernig þeir lægju, og hefði hann virzt samþykkur því.

Stefnandi kvaðst ekki hafa vitað, að stefndi hefði ekki viljað láta gera skurð í land sitt á Núpi og Kotnúpi, fyrr en greftinum var lokið, og krefst því, að hann greiði kostnaðinn. Einnig byggir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi tilkynnti honum ekki, að hann vildi ekki láta grafa í sínu landi, þótt honum væri kunnugt um mælingar Sigfúsar Þorsteinssonar og byrjað yrði að grafa í landi hans vorið 1954. Stefnandi telur, að það hafi verið skylda stefnda að tilkynna það í tæka tíð, að hann vildi ekki láta grafa í sínu landi.

Stefndi hefur skýrt frá því, að hann hafi beðið mælingamanninn að mæla í landi Haukabergs, en ekki beðið um mælingar fyrir skurðum í landi Núps eða Kotnúps. Stefndi kvaðst hafa sagt mælingamanninum frá því, að hann léti ekki mæla það land. Stefnda var kunnugt um mælingar Sigfúsar Þorsteinssonar á landi hans, en segist hafa haldið, að sú mæling væri ekki gerð á sinn kostnað, þar sem hann hefði tjáð honum, að hann vildi ekki að landið yrði mælt. Hann taldi þá Hauk og Valdimar Kristinssyni

hafa beðið um mælinguna og að hún hefði verið gerð á þeirra vegum.

Ekki kvaðst hann hafa haft vitneskju um, að skurðirnir hefðu verið grafnir, fyrr en verkið var unnið.

Umboðsmaður stefnda hefur krafizt sýknu á þeim forsendum, að þessi skurðgröftur hafi verið framkvæmdur án beiðni hans, eins og mælingin. Hann kvað stefnda hafa haldið, að mælingin væri framkvæmd vegna framtíðaráætlana eða skipulagningar. Stefndi hefði enga þörf eða ábata haft af skurðgreftinum. Umboðsmaður stefnda hélt því fram, að stefnda hefði ekki borið nein skylda til að tilkynna sérstaklega, að hann vildi ekki láta grafa í landi sínu, heldur hafi stefnanda borið að ganga örugglega úr skugga um, áður en skurðgrafturinn hófst, að samþykki stefnda lægi fyrir.

Stefndi hefur meðstefnt Hauki og Valdimar Kristinssonum inn í mál þetta, en umboðsmaður þeirra hefur í greinargerð sinni mótmælt þeirri stefnu og fyrir þeirra hönd neitað að veita stefnda lið og lýst yfir, að þeir mundu ekki verða honum til mótgangs. Meðstefndu héldu því fram, að þeir hafi ekki beðið um skurðgröft í landi stefnda og að þeir hafi brýnt fyrir mælingamanninum að hafa tal af stefnda til að forðast árekstra.

Það hefur komið fram í málinu, að stefnda var kunnugt um mælingar Sigfúsar Þorsteinssonar og að þær fóru fram samkvæmt beiðni hans í landi Haukabergs og Leitis. Þá er viðurkennt, að hann visssi um mælingarnar í landi Núps og Kotnúps og fyrirhugaðan skurðgröft. Þrátt fyrir þetta hafði hann ekki uppi mótmæli við stefnanda í þá átt, að mælingarnar og skurðgrafturinn færi fram.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 2000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Haraldur Kristinsson, greiði stefnanda, Jóhannesi Davíðssyni f. h. Ræktunarfélags Vestur-Ísafjarðarsýslu, kr. 2.247.48 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. maí 1961.

Nr. 216/1960. **Olíufélagið h/f**
(Guðmundur Ásmundsson hrl.)
gegn
Dánarbúi Jóns Gunnarssonar og gagnsök
(Gunnar A. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. desember 1960, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. s. m. og krafizt þess, **aðallega** að honum verði dæmd sýkna og dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en **til vara**, að dæmdar fjárhæðir verði færðar niður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. janúar 1961, áfrýjað málinu með stefnu 17. febrúar 1961 og fengið gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 200.915.67 með 7% ársvöxtum frá 29. marz 1954 til greiðsludags og kr. 21.376.00 í málskostnað í héraði og málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 17.885.50.

Samkvæmt skýrslu umboðsmanna aðilja andaðist Jón Gunnarsson 5. apríl 1961, og hefur dánarbú hans tekið við málsaðildinni.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um sakarskiptingu, þannig að aðaláfrýjanda ber að dæma til að bæta slysið fé að hálfu.

Eigi eru efni til að dæma dánarbúi Jóns Gunnarssonar fébætur, sem miðaðar séu við lengri tíma en hina raunverulegu lífstíð hans.

1. Árni Björnsson tryggingarfræðingur hefur hinn 15. maí

1961 reiknað örorkubætur Jóns Gunnarssonar fram að dánardegi hans, 5. apríl 1961, og lagt til grundvallar tekjur, er samsvara tekjum Jóns árin 1951—1953. Reikningurinn er framkvæmdur með sama hætti sem í héraðsdómi greinir. Innstæðueyrir örorkubóta á slysdegi nemur samkvæmt þessum reikningi kr. 68.076.00. Tryggingastofnun ríkisins hefur þegar greitt af þeirri fjárhæð kr. 26.035.10. Rétt þykir í máli þessu að bæta örorkutjón að hálfu með ..... kr. 20.000.00

2. Sjúkrakostnaður verður af ástæðum þeim, er greinir í héraðsdómi, eigi dæmdur.
3. Reiðhjól bætist að hálfu með ..... — 500.00
4. Fatnaður bætist að hálfu með ..... — 250.00
5. Lækniskostnaður bætist að hálfu með .. — 212.50
6. Þjáningar, óþægindi og lýti þykir rétt að bæta að hálfu með ..... — 10.000.00

Samtals kr. 30.962.50

Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda fjárhæð þessa með vöxtum, svo sem síðar segir.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 17.161.00. Af þeirri fjárhæð hljóti talsmaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 10.000.00, en auk þess ber að greiða talsmanni úr ríkissjóði kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Olíufélagið h/f, greiði gagnáfrýjanda, dánarbúi Jóns Gunnarssonar, kr. 30.962.50 með 6% ársvöxtum frá 29. marz 1954 til 22. febrúar 1960, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 17.761.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður gagnáfrýjanda, Gunnar Pálsson hæstaréttarlögmaður, kr. 10.-

000.00, en auk þess greiðist Gunnari Pálssyni hæstaréttarlögmanni úr ríkissjóði kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. apríl 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., hefur Jón Gunnarsson símamaður, Hagamel 8, hér í borg, höfðað á bæjarþinginu með utanréttarstefnu, dags. 25. ágúst 1958, gegn Olíufélaginu h/f hér í borg, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 215.210.92, ásamt 7% ársvöxtum frá 29. marz 1954 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 29. september 1958, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu. Við munnlegan flutning málsins hinn 8. þ. m. lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 200.915.67, hélt fram vaxtakröfu sinni óbreyttri og krafðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 21.376.00 í málskostnað.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans, en til vara, að fjárhæð sú, sem stefnandi krefst, verði lækkuð stórlega og málskostnaður látinn niður falla.

Samvinnutryggingum er stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Tildrög málsins eru þau, að skömmu fyrir kl. 8 að morgni mánudagsins 29. marz 1954 lenti stefnandi í umferðarslysi á Túngötu við mót þeirrar götu og Suðurgötu. Var stefnandi á reiðhjóli á leið til vinnu sinnar í Landssímahúsinu, er þetta gerðist. Ók hann á hjólinu norður Suðurgötu og inn á Túngötu og hugðist sveigja til hægri austur Kirkjustræti. Í sama mund var vörubifreiðinni R 1968 ekið niður Túngötu, en ferð hennar var heitið áleiðis austur Kirkjustræti og suður á Reykjavíkurflugvöll. Bifreiðinni ók Jón Óskar Álfsson, og hjá honum í stýrishúsi bifreiðarinnar var einn farþegi, Sighvatur Þorsteinsson að nafni. Mættust bifreiðin og reiðhjólið þannig, að árekstur varð, en aðiljana greinir mjög á um, með hverjum hætti. Við áreksturinn féll stefnandi af reiðhjólinu í götuna, og kom í ljós við rannsókn á sjúkrahúsi skömmu seinna, að hann hafði hlotið brot á hægri lærlegg og áverka á vinstri úlnlið. Mikil spjöll urðu á reiðhjólinu, en engin merki árekstrar sáust á bifreiðinni. Bif-

reið þessi var eign stefnda og tryggð lögboðinni vátryggingu hjá réttargæzlustefnda.

Rannsóknarlögreglan hóf samdægurs rannsókn á slysi þessu og tók skýrslur af ökumanni bifreiðarinnar, farþega hans, vegfaranda, sem leið átti framhjá slysstaðnum í þann mund, sem slysið varð, og stefnanda. Verður hér á eftir rakið efni þessara skýrslna.

Jón Óskar Álfsson skýrir svo frá, að hann hafi í umrætt sinn ekið niður Túngötu á eðlilegri ferð, eða 10—15 km hraða, miðað við klukkustund. Er bifreiðin nálgaðist umgetin gatnamót, hafi hann dregið úr ökuhraðanum. Hann kveðst ekki hafa séð til stefnanda og einskis óeðlilegs orðið var, fyrr en hann heyrði skruðning við hægri hlið bifreiðarinnar. Þá um leið hafi hann hemlað og hafi bifreiðin stöðvazt strax. Er hann kom út úr bifreiðinni, hafi reiðhjól stefnanda legið á götunni rétt aftan við hægra afturhorn bifreiðarinnar. Bifreiðarstjórinn kveðst engin merki hafa séð þess á bifreiðinni, að árekstur hafi orðið, en hann þykist vita, eins og hann kemst að orði, að stefnandi hafi hjólað á hlið bifreiðarinnar, því að öruggt sé, að hann hafi alls ekki komið fram fyrir bifreiðina. Skýrslu þessa, sem bifreiðarstjórinn gaf sama dag og slysið varð, staðfesti hann fyrir dómi tæplega 5½ ári seinna.

Vitnið Sighvatur Þorsteinsson skýrir svo frá í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglunnar, að bifreiðinni hafi verið ekið niður Túngötu „á eðlilegri ferð eða mjög hægt", eins og vitnið kemst að orði, en nánar treystir það sér ekki til að tilgreina ökuhraðann. Vitnið kveðst ekki hafa séð til stefnanda, áður en slysið varð, og slysið hafi það skynjað þannig, að það heyrði hávaða. Um leið hafi bifreiðin verið hemluð og hafi hún stöðvazt strax. Vitnið kveður reiðhjól stefnanda hafa legið rétt aftan við hægra afturhorn bifreiðarinnar, er að var komið eftir slysið. Það kveðst öruggt um, að stefnandi hafi ekki lent fyrir framan bifreiðina, en kveðst á hinn bóginn telja öruggt, að hann hafi lent á hægri hlið bifreiðarinnar fyrir aftan stýrishúsið. Ekki kveðst vitnið þó hafa aðgætt, hvort merki sæust á bifreiðinni, er bentu til þess, hvar stefnandi lenti á henni. Vitnið tekur fram, að bifreiðarstjórinn hafi verið í alla staði eðlilega á sig kominn og beint athygli sinni óskiptri að akstri bifreiðarinnar.

Vitnið Sigurbjörn Gunnarsson skýrir rannsóknarlögreglunni svo frá daginn eftir slysið, að skömmu áður en slysið varð, hafi það gengið niður syðri gangbraut Túngötu, en ferð þess hafi verið

heitið austur yfir Suðurgötu og fram hjá húsi Hjálpræðishersins. Er það sté út á Suðurgötu við gatnamótin, hafi það séð til ferða stefnanda, er í þann mund hafi komið á reiðhjóli sunnan Suðurgötu. Vitnið kveðst þekkja stefnanda, og um leið og hann fór framhjá, hafi það heilsað honum. Stefnandi hafi þá litið andartak á vitnið, en ekki sinnt því frekar. Vitnið kveður stefnanda hafa hjólað hægt, en hann hafi hjólað hiklaust fram hjá vitninu og áfram inn á Túngötu. Kveðst vitnið engin merki hafa séð þess, að stefnandi sæi til ferða bifreiðarinnar, áður en slysið varð. Er stefnandi var kominn út á gatnamótin, hafi það engum togum skipt, að hann sveigði hjólinu til hægri, en um leið hafi bifreið stefnda verið komin út á gatnamótin, og hafi framhjól reiðhjólsins lent á miðri hægri hlið bifreiðarinnar. Hafi stefnandi ekki reynt að stöðva hjólið, áður en það lenti á bifreiðinni. Vitnið kveður bifreiðinni hafa verið ekið hægt og hún hafi runnið áfram um hálfa bíllengd, eftir að slysið var skeð. Við árekstur inn hafi stefnandi fallið í götuna og losnað strax við reiðhjólið, er fallið hafi í götuna alveg við hlið bifreiðarinnar. Hægra afturhjól bifreiðarinnar hafi lent að einhverju leyti ofan á afturhjóli reiðhjólsins.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð, sem vitni þetta hefur undirritað tæplega 5 árum eftir slysið. Hvarflar vitnið þar um sumt frá því, sem rakið hefur verið hér að framan úr skýrslu þess fyrir rannsóknarlögreglunni. Segir vitnið nú, að stefnandi hafi „hægt á sér", er hann kom að gatnamótunum, bifreiðinni hafi verið ekið á allhraðri ferð niður Túngötu og nú geti það ekki sagt um, hvort bifreiðinni var ekið á reiðhjólið eða því var öfugt farið. Tæplega 5½ ári eftir slysið kemur vitnið svo fyrir dóm. Ítrekar það þá það, sem í vottorðinu greinir um, að stefnandi hafi dregið úr ferð reiðhjólsins, er að gatnamótunum kom, og getur þess nú jafnframt, að hann hafi þá farið mjög hægt. Nú kveðst vitnið ekki hafa séð, þegar áreksturinn varð. Það hafi fyrst litið við, er stefnandi skall í götuna. Um ökuhraða bifreiðarinnar ber vitnið nú, að það hafi ekki veitt bifreiðinni neina athygli, áður en áreksturinn varð, og geti það því ekki fullyrt neitt um hraða hennar. Þó telji það, að bifreiðinni hafi verið ekið dálítið geyst.

Stefnandi skýrir rannsóknarlögreglunni svo frá á 2. degi eftir slysið, þá rúmliggjandi í sjúkrahúsi, að hann hafi hjólað hægt norður Suðurgötu. Við gatnamótin hafi hann mætt Sigurbirni Gunnarssyni og heilsað honum. Hann hafi síðan hjólað áfram,

en ekki séð til ferða bifreiðarinnar, fyrr en hann var kominn út á gatnamótin. Hann hafi þá sveigt til hægri og ætlað með því móti að forða sér undan bifreiðinni, en um leið hafi hann lent á bifreiðinni. Kveðst stefnandi halda, að hliðin á hægra framhjóli bifreiðarinnar hafi lent á afturhjóli reiðhjólsins. Stefnandi tekur fram í þessari skýrslu sinni, að hann muni mjög lítið atvik að slysinu, en þó sé hann öruggur um það, að hann hafi séð til ferða bifreiðarinnar, áður en slysið varð eða rétt í þann mund. Í lok skýrslunnar tekur stefnandi fram, að hann líti svo á, að hann hafi ekki gáð eins vel að umferðinni og hann myndi ella hafa gert, vegna þess að hann var að heilsa Sigurbirni Gunnarssyni.

Í skýrslu, undirritaðri af stefnanda 1. marz 1959, er lögð hefur verið fram í málinu, skýrir stefnandi allmjög á annan veg frá málavöxtum en í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglunni, sem rakin var hér að framan. Hann kveðst nú hafa litið eftir umferð, er hann kom að gatnamótunum, en ekkert farartæki hafi verið sjáanlegt nálægt þeim. Hafi hann að því búnu hjólað áfram inn á gatnamótin og sveigt til hægri. Er hann var kominn að umferðarsteini, er á þessum tíma var austanvert á gatnamótunum, hafi hann litið til baka og séð bifreið stefnda koma á mikilli ferð að gatnamótunum. Hann hafi þá reynt að forða sér yfir á syðri helming akbrautarinnar, en bifreiðinni hafi verið ekið svo hratt, að hún hafi náð honum, og hafi hlið hægra framhjóls eða aurhlífar bifreiðarinnar komið á afturhjól reiðhjólsins og lagt það saman. Við þetta hafi hann misst stjórn á stýrinu og fallið í götuna, en reiðhjólið hafi snúizt, svo að framhjól þess hafi lent undir bifreiðinni aftanverðri. Þá fullyrðir stefnandi í skýrslu þessari, að hann hafi ekkert truflazt við að heilsa Sigurbirni Gunnarssyni svo og að hann hafi gáð alveg sérstaklega vel að umferðinni. Skýrslu þessa staðfestir stefnandi síðan fyrir dómi 3. september 1959. Bætir hann því þá við skýrsluna, að er hann leit við í umrætt sinn og sá bifreiðina nálgast, hafi bifreiðarstjórinn og farþegi hans snúið saman andlitum og annað hvort verið að tala saman eða kveikja sér í vindlingi.

Skýrslu lögreglunnar um slysið fylgir uppdráttur af slysstaðnum. Samkvæmt honum er Túngata um 8 metra breið á milli gangbrauta á þessum slóðum. Markað er á uppdráttinn, hvar bifreiðin stóð eftir slysið svo og hvar reiðhjólið lá. Er bifreiðin sýnd á réttum helmingi Túngötu með framendann við hornið, þar sem koma saman gangbrautir Túngötu og Aðalstrætis. Reið-

hjólinu er markaður staður við hægra afturhorn bifreiðarinnar. Hemlaför eftir bifreiðina eru engin sjáanleg á uppdrættinum, og eigi er þeirra heldur getið í skýrslu lögreglunnar, en þar segir, að einn þeirra þriggja lögregluþjóna, sem komu á slysstaðinn skömmu eftir slysið, hafi athugað hemla bifreiðarinnar, og hafi þeir reynzt vera í lagi.

Hinn 24. október 1958 sneri lögmaður stefnanda sér til borgardómara og fór þess á leit, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að skoða reiðhjól það, er stefnandi var á, þegar hann varð fyrir umræddu slysi, og segja jafnframt álit sitt á því, ef unnt yrði að sjá það af reiðhjólinu, hvort ekið hefði verið á það, eða hvort hjólinu hefði verið ekið á bifreiðina.

Álitsgerð hinna dómkvöddu manna, sem voru Gestur Ólafsson bifreiðaeftirlitsmaður og Vilberg Jónsson reiðhjólaviðgerðarmaður, er dags. 15. nóvember 1958. Í henni segir m. a. á þessa leið:

„.... Skemmdir hjólsins eru:

Báðar hjólgjarðir eru mikið beyglaðar og teinar í þeim lausir. Vinstri fótpetali brotinn af. Vinstri bögglaberagaffall boginn að afturhjóli. Aftasti og neðsti partur afturbrettis beyglaður og undinn að hjólinu.

Á framgaffli, stelli og stýri eru ekki sjáanlegar skemmdir utan þess, að stýrið hefur skekkzt til hægri, að líkindum við fall mannsins í götuna.

Álit okkar er: Hafi hjólreiðarmaðurinn ekið á bifreiðina R 1968, myndi að öllum líkindum framhjólið fyrst hafa snert bifreiðina, og hefði þá átt að sjást á framgaffli, stýri eða stelli, því að þessir hlutir mega ekki við miklu höggi, svo að á þeim sjáist, en þeir eru ekkert beyglaðir eða brotnir.

Gaffall bögglaberans v. m. og afturbretti hefur orðið fyrir höggi, sem vart gæti hafa orðið við fall mannsins í götuna, en líkur benda hins vegar til þess, að ekið hafi verið aftan á reiðhjólið, og bendir allt til þess, að bifreiðin hafi rekizt á hjólið."

Hinir dómkvöddu menn hafa staðfest þessa álitsgerð sína fyrir dómi.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að öldungis sé ljóst, að bifreiðarstjórinn á R 1968 hafi einn átt sök á umræddu slysi og beri því eigandi bifreiðarinnar óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Bendir stefnandi einkum á eftirfarandi í þessu sambandi: Í fyrsta lagi hafi bifreiðarstjórinn viðurkennt að hafa ekki séð til stefnanda fyrir slysið, enda þótt hann hafi örugglega átt að sjá til hans í tæka tíð, ef hann

hefði beitt skyldri athygli. Í annan stað sé það með öllu rakalaust, að stefnandi hafi hjólað á hlið bifreiðarinnar. Þvert á móti megi telja fullvíst, að bifreiðin hafi rekizt á hjólið. Vitnar stefnandi um þetta til álitsgerðar hinna dómkvöddu manna og jafnframt þess, að bifreiðarstjórinn og farþegi hans hafi hvorugur skynjað árekstur reiðhjólsins á bifreiðina, heldur sé þar einungis um ályktun þeirra að ræða, byggða á því, að þeir sáu ekki stefnanda koma fram fyrir bifreiðina. Í þriðja lagi sé á það að líta, að ekkert liggi fyrir í málinu um það, hvort bifreiðin var í lagi. Vafi þar um eigi að koma stefnda í óhag.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi sjálfur átt sök á slysinu, en bifreiðarstjórinn hafi aftur á móti sýnt þá aðgæzlu og varkárni við aksturinn, sem frekast verði krafizt af góðum bifreiðarstjóra, þar sem leitt sé í ljós, að hann hafi ekið mjög hægt eftir vinstri götubrún. Túngata sé aðalbraut, og hafi því stefnanda, er kom af hliðargötu, borið að nema staðar við gatnamótin, hyggja þar gaumgæfilega að umferð um Túngötu og aka ekki inn á þá götu án fyllstu aðgæzlu. Þetta hafi stefnandi vanrækt, þar sem leitt sé í ljós, að hann hafi ekið hiklaust inn á Túngötu og hjólað á hægri hlið bifreiðarinnar. Vegna þessa gáleysis verði stefnandi að bera sjálfur allt tjón sitt af völdum slyssins.

Bifreiðarstjóranum og farþega hans ber saman um, að bifreiðin hafi verið hemluð, um leið og slysið varð, og að bifreiðin hafi verið stöðvuð þegar í stað. Vitnið Sigurbjörn Gunnarsson hefur ekki hvikað frá þeim upphaflega framburði sínum, að bifreiðin hafi einungis runnið áfram hálfa lengd sína eftir slysið. Með þetta í huga og þegar virtur er áðurgreindur uppdráttur lögreglunnar af slysstaðnum, virðist sýnt, að slysið hafi orðið rétt austan við gatnamótin. Til þess bendir og það, hvar hjólið lá, þ. e. um 4—5 metra austan gatnamótanna samkvæmt uppdrættinum. Það gat því ekki hjá því farið, að bifreiðarstjórinn sæi stefnanda, hefði hann beitt nægri athygli við aksturinn. Að þessu athuguðu og með vísun til 34. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, er í gildi voru á þessum tíma, ber að leggja á stefnda nokkra fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Það er eigi annað fram komið en stefnandi hafi hjólað hægt og að hann hafi haldið sig réttu megin á Suðurgötu, er hann beygði inn á Túngötu. Á hinn bóginn er á það að líta, að Túngata var á þessum tíma aðalbraut samkvæmt 2. mgr. 7. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 24/1941. Bar því stefnanda, er hann

kom að gatnamótunum, að hyggja gaumgæfilega að umferð um Túngötu og fara ekki inn á gatnamótin, nema tryggt væri, að honum væri ekki hætta búin af umferð um þá götu. Þykir sýnt, að bifreið stefnda hafi verið svo skammt undan, er stefnandi fór inn á gatnamótin, að hann hafi með því teflt öryggi sínu mjög í tvísýnu. Má rekja slysið að nokkru til þessa gáleysis hans.

Með vísun til þess, sem rakið hefur verið, og þar sem nokkuð er á huldu um nákvæm atvik að slysinu, þykir rétt að líta svo á, að stefnandi og bifreiðarstjórinn hafi átt sök á slysinu að helmingi hvor. Verður stefnda því gert að bæta að hálfu tjón stefnanda af völdum slyssins, sbr. 35. gr. laga nr. 23/1941.

Stefnandi sundurliðar þannig fjárhæð kröfu sinnar:

1.	Atvinnutjón	kr.	139.929.00
2.	Sjúkrakostnaður	—	8.061.67
3.	Reiðhjól	—	2.000.00
4.	Fatnaður	—	500.00
5.	Lækniskostnaður og vottorð	—	425.00
6.	Þjáningar, óþægindi og lýti	—	50.000.00
		Kr.	200.915.67

Um 1.

Af slysstaðnum var stefnandi fluttur í Landspítalann. Í vottorði dr. Friðriks Einarssonar deildarlæknis, dags. 25. marz 1955, segir á þessa leið um meiðsli stefnanda og legu hans á sjúkrahúsinu:

„.... Við skoðun fannst brot efst á hægra læri, og voru beinin mikið úr lagi, auk þess var mikil bólga á vinstri úlnlið, og átti sjúklingurinn erfitt með að hreyfa í úlnliðnum.

Sjúklingurinn lá á handlæknisdeild Landspítalans frá 29. marz til 27. apríl 1954, og var gert að brotinu með skurðaðgerð, en af Landspítalanum var hann sendur að hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði til þess að liggja þar áfram.

Sjúklingurinn kom til mín þ. 21. marz 1955 til skoðunar og til þess að fá vottorð um, hvernig ástand hans væri nú.

Sjúklingurinn skýrir svo frá, að hann sé símamaður, og á undanförnum árum hafi hann starfað að viðgerðum úti í bæ og ferðazt á reiðhjóli milli húsanna.

Hinn 1. nóvember 1954 fór hann að vinna að viðgerðum á verkstæði og getur það mæta vel með því að sitja við vinnu sína. Hann kveðst ekki geta tekið upp sína fyrri vinnu. Er honum ómögulegt að ferðast á reiðhjóli vegna verkja í hægri mjöðm

og fæti og kraftleysis í mjöðminni. Hann kveðst heldur ekki geta annazt viðgerðir, þar sem hann þyrfti að ganga tröppur, stíga upp á stól eða þess háttar vegna kraftleysis, stirðleika og verkja í hægri mjöðm og fæti. Hann telur, að líðan sín hafi farið heldur batnandi, en þó mjög hægt, og segist hann verða að líta nokkra mánuði aftur í tímann til þess að verða var við verulegan mun á líðaninni nú og þá.

Þegar sjúklingurinn er kyrr, eru ekki miklir verkir, en þó alltaf dálítill sársauki í hægri mjöðm og hægra hné, en þetta hvort tveggja versnar strax við áreynslu. Hann kveðst vera nýfarinn að geta legið á hægri hlið í rúminu, en hingað til hefur það verið ómögulegt vegna eymsla.

Um skeið var einnig dálítill verkur í vinstra ganglim, og bólgnaði fóturinn um öklann. Telur sjúklingurinn þetta stafa af því, að hann hafi þá ofreynt vinstri fót, þar sem hann hafi þurft að hlífa hinum.

Sjúklingurinn kveðst ekki geta gengið nema lítið í einu, enn sem komið er.

Skoðun: Lítill maður og grannholda, ákaflega heyrnardaufur.

Gangur: Sjúklingurinn er mjög smástígur og gengur líkast því, að hann treysti ekki fætinum. Hann stingur við á hægri fæti. Þegar sjúklingurinn liggur á bakinu, getur hann lyft hægri fæti 45° frá borðinu, sem hann liggur á. Utan á hægri mjöðm sést 19 cm langt ör, er það mjúkt, alveg gróið og ekki vaxið fast við ungirliggjandi vef. Húðlitur er eðlilegur á mjöðminni og ganglimum öllum. Engin eymsli við þuklun.

Sýnileg stytting á hægri ganglim, og mælist hún tveir cm (mælt frá spina iliaca anterior superior að malleolus internus). Hægri kálfi er einum cm grennri, og hægra læri 1½ cm grennra en vinstra megin.

Hreyfing út á við í hægri mjöðm er ekki nema ⅓ af eðlilegri hreyfingu, aðrar hreyfingar eðlilegar. Hægra hné og ökli eru eðlileg og einnig hægri fótur, nema sjúklingurinn hefur mikla stórutáarskekkju (Halux valgus), og er það óviðkomandi slysi því, sem hér um ræðir.

Röntgenmyndir voru teknar af hægri mjöðm, og sýna þær brotið gróið, en með nokkurri skekkju.

Ég tel, að kvartanir sjúklingsins séu ekki meiri en við má búast, og eru þær afleiðingar af áðurnefndu slysi."

Um vist stefnanda í Sólvangi liggja ekki fyrir læknisgögn í málinu.

Bergþór Smári læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í örorkumatinu, sem dagsett er 19. október 1955, segir á þessa leið:

„.... *Skoðun 13/10 1955.*

Sjúklingurinn er grannholda, ákaflega heyrnardaufur, er dálítið haltur. Á hægri mjöðm er ca 18 cm langt ör eftir skurðaðgerð, vel gróið og eymslalaust. Stytting á h. ganglim er 2 cm, og ganglimurinn (bæði læri og fótleggur) er ca 1 cm rýrari en vinstra megin. Beyging og rétting í mjöðminni er góð, en frávik (abduktion) er ekki nema ⅓ af eðlilegri hreyfingu. Hægri ökli og hné eru eðlileg.

Röntgenmynd, tekin í Landspítalanum 27/9 1955, sýnir, að brotið er gróið, en með nokkurri skekkju.

Tímabært telst að meta varanlega örorku Jóns af völdum ofangreinds slyss, og telst hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi (29/3 '54) til 31/5 1954 .. 100%
— 1/6 '54 til 31/7 1954 ..... 70%
— 1/8 '54 til 30/9 1954 ..... 50%
— 1/10 '54 til 31/10 1954 ..... 40%

Úr því varanleg örorka 20%."

Hinn 26. marz 1960 endurskoðaði Bergþór Smári framangreint örorkumat sitt. Í vottorði hans af því tilefni, dags. sama dag, segir á þessa leið:

„.... Ég get ekki séð, að ástand hans hafi breytzt svo, hvað viðkemur afleiðingum ofangreinds slyss, síðan örorkumatið fór fram (19. okt. '55), að fært þyki að breyta því."

Stefnandi er sagður fæddur 15. maí 1908. Hann hefur því verið 45 ára gamall, er hann varð fyrir slysinu. Stefnandi er maður ókvæntur. Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum stefnanda hafa atvinnutekjur hans á síðastliðnum 12 árum verið sem hér segir: Árið 1948 kr. 29.334.00; árið 1949 kr. 32.714.00; árið 1950 kr. 30.066.00; árið 1951 kr. 37.584.00; árið 1952 kr. 34.548.00; árið 1953 kr. 38.684.00; árið 1954 kr. 17.390.00; árið 1955 kr. 40.436.00; árið 1956 kr. 55.356.00; árið 1957 kr. 56.435.00; árið 1958 kr. 58.932.00 og árið 1959 kr. 77.567.00. Það er áður komið fram, að stefnandi er símamaður. Hefur hann á greindu árabili unnið hjá bæjarsíma Reykjavíkur, fyrst framan af að viðgerðum úti um borgina, en eftir að hann varð fyrir slysinu á verkstæði bæjarsímans eingöngu. Telur stefnandi sig hafa misst allmikla eftirvinnu við þessi verkaskipti.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi á sumrum, áður en

hann varð fyrir umræddu slysi, starfað sem síldareftirlitsmaður á Siglufirði og haft af því góðar tekjur. Eftir að hann varð fyrir slysinu, hafi hann aftur á móti ekki getað sinnt því starfi, þótt honum hafi áfram staðið það til boða. Hefur stefnandi þessu til stuðnings lagt fram vottorð frá einni söltunarstöð á Siglufirði. Upplýsingar um það, hver hluti af atvinnutekjum stefnanda fyrir slysið er fyrir þetta starf, liggja ekki fyrir í málinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins í bréfi, dags. 7. apríl 1960, hefur stefnandi fengið greiddar þaðan bætur vegna slyssins, sem hér segir: Dagpeninga kr. 6.470.10 og örorkubætur kr. 19.565.00, eða alls kr. 26.035.10. Hefur stefnandi mótmælt því, að þetta fé komi til frádráttar, þegar metið er tjón hans samkvæmt þessum kröfulið. Á þau mótmæli hans þykir ekki verða fallizt.

Hinn 30. janúar 1956 gerði Árni Björnsson tryggingafræðingur áætlun um atvinnutjón stefnanda af völdum slyssins. Eftir ábendingu dómarans var áætlað atvinnutjón reiknað út að nýju, og er sá útreikningur dags. 6. þ. m. Byggir stefnandi fjárhæð þessa kröfuliðar á þeim útreikningi. Útreikningur þessi er tvíþættur. Er annars vegar byggt á atvinnutekjum stefnanda næstu þrjú árin fyrir slysið, en hins vegar á kaupi Dagsbrúnarverkamanns fyrir 8 stunda vinnu og 300 vinnudaga á ári. Í fyrra tilvikinu verður niðurstaðan þessi:

Fyrir tímabilið 30/3—31/10 '54	kr. 16.306.00
Eftir það	— 123.623.00
	Kr. 139.929.00

Í síðara tilvikinu lítur niðurstaðan þannig út:

Fyrir tímabilið 30/3—31/10 '54	kr. 14.790.00
Eftir það	— 112.130.00
	Kr. 126.920.00

Það er fyrri niðurstöðutalan, sem stefnandi leggur til grundvallar.

Útreikningurinn er miðaður við 6% vexti p. a. Stuðzt er við hérlenda reynslu af langlífi karla, en sænska reynslu af líkum fyrir minnkandi starfsorku í lifanda lífi. Samkvæmt því er gert ráð fyrir, að starfsorka 45 ára manns (aldur stefnanda á slysdegi) endist til 66 ára aldurs.

Stefnandi hefur mótmælt kröfuliðum þessum sem of háum.

Stefnandi var fastur starfsmaður opinbers fyrirtækis, þegar

hann varð fyrir umræddu slysi. Hefur allt til þessa ekki orðið önnur breyting í því efni en að hann gegnir þar nú öðru starfi en hann áður hafði á hendi. Virðast skattframtöl stefnanda gefa til kynna, að til þessa hafi hinnar varanlegu örorku hans af völdum slyssins ekki gætt að verulegu ráði. Með þetta í huga og önnur atriði, sem hér koma til álita, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið á kr. 75.000.00. Hafa þá verið dregnar frá bætur þær, sem hann samkvæmt framanskráðu hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 2.

Undir þessum lið krefst stefnandi greiðslu á sjúkrakostnaði vegna slyssins. Nam sá kostnaður, er málið var höfðað, kr. 7.820.00. Kröfu þessa fékk stefnandi framselda hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur 11. október 1958, dskj. 13. Eftir það greiddi Tryggingastofnun ríkisins sjúkrasamlaginu kostnað þenna auk viðbótarkostnaðar, sem þá var áfallinn, alls kr. 8.061.67, sbr. dskj. 34.

Stefndi mótmælir því, að Tryggingastofnun ríkisins eigi rétt á endurgreiðslu þessa kostnaðar úr sinni hendi svo og að skilyrði séu til þess, að stefnandi innheimti það fé.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að Tryggingastofnun ríkisins hafi framselt honum ætlaðan rétt sinn til endurheimtu þess fjár, sem krafizt er greiðslu á undir þessum lið. Að vísu er tekið fram í bréfi Tryggingastofnunar ríkisins til lögmanns stefnanda, þar sem gefnar eru upplýsingar um greiðslur þaðan vegna slyssins, dskj. 34, að stofnunin geri kröfu til þess, að stefnandi greiði henni þetta fé „af væntanlegu tildæmdu bótafé", en alveg sýnist það óvíst, enda ekki til álita hér, hvort krafa þessi næði fram að ganga gagnvart stefnanda. Þegar af þeim ástæðum, sem nú voru raktar, brestur rök til að taka þenna kröfulið til greina að nokkru leyti.

Um 3.

Í greinargerð sinni í málinu hefur stefnandi krafizt 1000 króna vegna skemmda, er urðu á reiðhjólinu við slysið. Þá fjárhæð tvöfaldaði hann við munnlegan flutning málsins. Af hálfu stefnda var því ekki mótmælt, að hækkun þessi fengi komizt að í málinu. Á hinn bóginn taldi hann, að hún ætti engan rétt á sér. Ítrekaði stefndi mótmæli sín, þau er hann hafði uppi í greinargerð, en þar er upphaflegri fjárhæð þessa kröfuliðar mótmælt sem allt of hárri.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að tjón sitt samkvæmt þessum kröfulið nemi hærri fjárhæð en hann uphaflega krafðist. Að því athuguðu og þar sem sú fjárhæð þykir við hóf, þykir rétt að leggja hana til grundvallar.

Um 4.

Upphaflega krafðist stefnandi 100 króna samkvæmt þessum lið, og var kröfuliðnum svo vöxnum ekki mótmælt af stefnda. Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi aftur á móti kröfulið þenna í kr. 500.00. Samþykkti stefndi , að sú hækkun fengi komizt að, en mótmælti því jafnframt, að hún hafi við rök að styðjast.

Stefnandi hefur að vísu ekki fært fram nein gögn til stuðnings þessum kröfulið, en gera má ráð fyrir, að föt hans hafi að einhverju leyti spillzt af völdum slyssins. Má fallast á það með stefnanda, að fjárhæð sú, sem hann nú krefst af því efni, kr. 500.00, sé við hóf.

Um 5.

Þessi kröfuliður sætir ekki mótmælum og verður tekinn til greina óbreyttur.

Um 6.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Þegar það er virt, sem í málinu nýtur um meiðsli stefnanda af völdum slyssins, þykir hæfilegt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 20.000.00.

Tjón stefnanda samkvæmt framangreindum fimm kröfuliðum telst þá nema alls kr. 96.925.00 (kr. 75.000.00 + kr. 1.000.00 + kr. 500.00 + kr. 425. 00 + kr. 20.000.00). Helming þeirrar fjárhæðar, kr. 48.462.50, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda.

Stefndi hefur mótmælt því sérstaklega, að hærri vextir verði reiknaðir af dæmdum bótum en 6% p. a.

Rétt þykir að dæma 6% ársvexti frá þeim tíma, sem krafizt er, og til 22. febrúar 1960, en 7% ársvexti, eins og krafizt er, frá þeim degi til greiðsludags, sbr. lög nr. 4/1960.

Eftir málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 8.727.00 í málskostnað. Er þar með talinn útlagður kostnaður stefnanda af málinu, svo sem hér greinir: Fyrir örorkuvottorð kr. 550.00, fyrir útreikning tjóns kr. 1.410.00, fyrir endurrit skattframtala kr. 100.00, fyrir dómkvaðningu skoðunarmanna kr. 167.00 og þóknun skoðunarmanna, kr. 700.00, eða alls

kr. 2.927.00. Af málskostaðinum hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Gunnar A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, kr. 5.800.00 í málflutningslaun.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Olíufélagið h/f, greiði stefnanda, Jóni Gunnarssyni, kr. 48.462.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. marz 1954 til 22. febrúar 1960, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.727.00 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflutningsmaður stefnanda, Gunnar A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, kr. 5.800.00 í málflutningslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. maí 1961.

Nr. 192/1960. **Níels Ingvarsson** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Innheimtumanni ríkissjóðs, bæjarfógetanum í Neskaupstað f. h. ríkissjóðs
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1960. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstrétti úr hendi áfrýjanda.

Hinn 30. júní 1960 var tekið fyrir á bæjarþingi Neskaupstaðar mál stefnda gegn áfrýjanda. Áfrýjandi, sem er ólöglærður, sótti þing ósteftndur. Dómarinn lagði þá fram sóknarskjöl, skattreikning, eftirrit bréfs frá skattstjóranum í Neskaupstað og greinargerð, undirritaða af þáverandi bæjarfógeta í Neskaupstað, Axel Tulinius. Af hálfu sóknaraðilja sótti enginn þing. Fulltrúi bæjarfógetans, Haukur Davíðsson, sem stýrði þinghaldi, lét þó bóka í þingbók, að málið væri þingfest og sáttatilraun hefði orðið árangurslaus. Eftir að ákveðinn hafði verið skriflegur málflutningur, fékk áfrýjandi færð efnisleg mótmæli til bókar, en málinu var því næst frestað til framlagningar greinargerðar af hálfu áfrýjanda og til öflunar gagna. Málið var aftur tekið fyrir á bæjarþingi 1. september 1960, enda þótt enginn sækti þing af hálfu sóknaraðilja frekar en áður. Áfrýjandi lagði þá fram greinargerð og nokkur gögn. Málið var að því búnu dómtekið, eftir að bókað hafði verið, að aðiljar féllu frá málflutningi.

Meðferð máls þessa fyrir bæjarþinginu er með öllu löglaus. Þar sem ekki var sótt þing af hálfu sóknaraðilja, er málið skyldi þingfest, var málatilbúnaður hans ónýtur, sbr. 1. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936. Þá var og fulltrúi hins reglulega héraðsdómara óhæfur að gegna dómarastörfum í málinu samkvæmt 3. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. tl. 36. gr. sömu laga. Ekki verður heldur séð, að hann hafi leiðbeint áfrýjanda um málsmeðferð, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Þess er og að geta, að eigi verður ráðið af málsgögnum, að heimilt hafi verið að ganga framhjá sáttamönnum með sáttatilraun í málinu.

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð öll í héraði verða því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Stefndi, innheimtumaður ríkissjóðs, bæjarfógetinn í Neskaupstað f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Níels Ingvarssyni, kr. 3000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Neskaupstaðar 22. september 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. september s.l., hefur innheimtumaður ríkissjóðs, hér í bæ, höfðað gegn Níels Ingvarssyni, Skólaveg 8, hér í bæ, til greiðslu á eftirstöðvum tekjuskatts, að fjárhæð kr. 583.00, fyrir skattárið 1956. Mál þetta var tekið fyrir samkvæmt samkomulagi hinn 30. júní s.l.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum innheimtumanns ríkissjóðs og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefnandi hefur krafizt greiðslu skatteftirstöðvanna, að fjárhæð kr. 583.00, en ekki gert aðrar kröfur í málinu.

Málsatvik eru þau, að stefnandi hefur árangurslaust reynt að innheimta eftirstöðvar tekjuskatts fyrir gjaldárið 1957, að fjárhæð kr. 583.00, hjá stefnda.

Stefndi hefur barið því við, að þessi hluti tekjuskatts hans nefnt ár sé ranglega álagður. Heldur hann því fram, að sér hafi verið synjað um persónufrádrátt fyrir sonardóttur sína, sem sé fósturbarn sitt. Skattstjórinn í Neskaupstað hefur synjað stefnda um umræddan frádrátt, og skal nú í höfuðdráttum rakinn rökstuðningur skattstjóra.

Stefndi hafði á framtali sínu talið sonardóttur sína, Guðrúnu Borghildi Ingvarsdóttur, f. 6. maí 1955, á sínu framfæri.

Miðað við íbúaskrá Neskaupstaðar 1. desember 1956, er barnið ekki á íbúaskrá Neskaupstaðar. Samkvæmt tilkynningu frá Hagstofu Íslands frá 1. maí 1957 er fyrirmælt, að stúlkubarnið skyldi tengjast föður sínum, Ingvari Níelssyni.

Af þessum sökum neitaði skattstjóri að viðurkenna rétt stefnda til ómagafrádráttar fyrir barnið og vísar til 87. gr., B-liðar, reglugerðar um tekju- og eignarskatt.

Þá vísar skattstjóri til kæru stefnda til skattstjóra, en þar er sagt, að barnið hafi verið á framfæri föður síns árið 1955, en árið 1956 á framfærslu stefnda í máli þessu.

Með vísun til laga um tekju- og eignarskatt, 12. gr., telur skattstjóri, að það komi til álita, hvort telja megi Guðrúnu Borghildi fósturbarn framteljanda. Skattstjóri kveður barnið hafa dvalið

á heimili stefnda nokkra mánuði á árinu 1956 með móður sinni, en á fyrra helmingi nefnds árs mun barnið hafa flutzt af heimili hans.

Til þess að barn geti talizt fósturbarn, telur skattstjóri það frumskilyrði, að barn dvelji á heimili fósturföður og fái þar allt sitt viðurværi og aðhlynningu. Hann kveður svo ekki hafa verið í þessu tilfelli, og sé því Ingvar Níelsson, sonur stefnda, framfærsluskyldur fyrir barnið. Að áliti skattstjóra er dvöl barnsins á heimili stefnda óbeinn styrkur til sonar hans, og sé sá styrkur ekki frádráttarbær.

Af ofangreindum ástæðum hefur skattstjóri synjað kröfu stefnda um ómagafrádrátt fyrir barnið Guðrúnu Borghildi Ingvarsdóttur fyrir skattárið 1956.

Yfirskattanefnd Neskaupstaðar staðfesti þenna úrskurð 9. október 1957. Einnig hefur úrskurður þessi verið staðfestur af Ríkisskattanefnd.

Rökstuðningur stefnda er á þessa leið. Hann mótmælir skuldinni, þar eð hann telur sér hafa borið frádráttur á skatti fyrir gjaldárið 1957 vegna fósturdóttur sinnar, Guðrúnar Borghildar Ingvarsdóttur. Neitun skattyfirvalda kveður hann byggða á því, að barnið hafi ekki haft lögheimili á heimili hans í desembermánuði fyrir árið 1956. Stefndi kveður þetta reglugerðarákvæði, sem ekki eigi stoð í lögum. Ef þetta reglugerðarákvæði væri rétt, telur stefndi, að óheimilt væri að telja barnið á framfæri föður síns, sem á sama lögheimili og stefndi.

Stefndi kveðst byggja neitun sína á að greiða stefnufjárhæðina á 12. gr. laga nr. 46/1954. Hann telur barnið hafa verið á framfæri sínu sem fósturdóttir árið 1956 og vísar til 41. gr. reglugerðar nr. 147/1955. Með vísun til framangreindrar reglugerðargreinar og 12. gr. laga nr. 46/1954 telur stefndi, að sér beri frádráttur fyrir barnið, og segir það ekkert frumskilyrði, að barn dvelji á heimili framfæranda.

Varðandi heimilisfestu fyrir barnið, telur stefndi, að það hafi sama heimilisfang, og sé sér ekki heimilt að fá frádrátt fyrir barnið, þá sé föður barnsins það ekki heldur heimilt.

Engin ákvæði segir stefndi vera í lögum eða reglugerðum um, að barn þurfi að hafa sama heimilisfang og framteljandi þess.

Um það er deilt í máli þessu, hvort stefnda, Níels Ingvarssyni, hafi borið ómagafrádráttur fyrir sonardóttur sína, Guðrúnu Borghildi Ingvarsdóttur, fyrir skattárið 1956. Ekki er deilt um, að

stefnufjárhæðin, kr. 583.00, sé rétt, þ.e.a.s. að eftirstöðvarnar séu sá hluti tekjuskattsins, sem stefnda ber að greiða, ef ómagafrádráttur kemur ekki til greina.

Því hefur ekki verið mótmælt af stefnda, að sonardóttir hans, Guðrún Borghildur Ingvarsdóttir, var ekki á íbúaskrá Neskaupstaðar 1. desember 1956 og að í tilkynningu frá Hagstofunni, dagsettri 1. maí 1957, er fyrirmælt, að hún skuli tengjast Ingvari Níelssyni, föður sínum.

Eins og að framan er rakið, neitar stefndi að greiða umkrafinn tekjuskatt, þar eð hann telur sonardóttur sína, Guðrúnu Borghildi Ingvarsdóttur, hafa verið fósturdóttur sína á árinu 1956, og hafi sér því borið tekjuskattsfrádráttur fyrir hana það ár, og í greinargerð sinni hefur hann vísað til 12. gr. laga nr. 46/1954 og 41. gr. reglugerðar nr. 147/1955 máli sínu til stuðnings. Samkvæmt þessum greinum telur stefndi, að sér hafi borið að fá nefndan frádrátt.

Varðandi heimilisfang barnsins segir stefndi, að það ákvæði fyrirfinnist ekki í lögum eða reglugerðum, að fósturbarn þurfi að hafa sama heimilisfang og framteljandi.

Þar sem úrlausnarefnið í máli þessu er, hvort nefnt barn hafi verið fósturbarn stefnda á árinu 1956, ber að athuga B-lið 87. gr. reglugerðar nr. 147/1955, en þar segir: „Um ómagafrádrátt allan skal þess gætt, að fullar upplýsingar séu fyrir hendi: nafn ómaga, aldur og heimili, og gengið úr skugga um, að þær upplýsingar séu í samræmi við manntal umdæmisins og að gjaldandi eigi rétt á frádrætti hans vegna."

Reglugerð nr. 147/1955 um tekju- og eignarskatt er sett samkvæmt lögum nr. 46/1954 um tekju- og eignarskatt. 87. gr. reglugerðarinnar er sett í samræmi við 12. gr. framangreindra laga greininni til fyllingar og skýringar. Ekki verður séð, að 87. gr. reglugerðarinnar fari út fyrir ramma 12. gr. tekju- og eignarskattslaganna, hvorki að efni né anda.

Ekkert hefur komið fram í máli þessu því til stuðnings, að stefndi hafi uppfyllt þær kröfur, sem gerðar eru í greininni um ómagafrádrátt. Og ekki hefur hann getað fært nægileg rök eða sönnunargögn fyrir því, að stúlkubarnið Guðrún Borghildur Ingvarsdóttir hafi verið fósturbarn hans árið 1956.

Þrátt fyrir mótmæli stefnda verður að byggja þenna dóm á B-lið 87. gr. reglugerðar nr. 147/1955.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 583.00.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, þar sem stefnandi hefur ekki krafizt hans.

Haukur Davíðsson, settur bæjarfógeti, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Níels Ingvarsson, greiði stefnanda, innheimtumanni ríkissjóðs í Neskaupstað, kr. 583.00.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Föstudaginn 26. maí 1961.

Nr. 135/1959. **Þórunn Guðjónsdóttir** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Dánarbúi Elísabetar Pétursdóttur og Guðjóns Guðmundssonar,
Halldóru Guðjónsdóttur,
Guðjóni Guðjónssyni,
Lúðvík Guðjónssyni,
Albert Guðjónssyni og
Guðmundi Guðjónssyni
(Gunnar Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skiptamál. Framfærslukrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. ágúst 1959 og krafizt þess, að henni verði greiddar af óskiptum eignum dánarbús Elísabetar Pétursdóttur og Guðjóns Guðmundssonar kr. 141.383.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. maí 1957 til greiðsludags og stefndu, öðrum en dánarbúinu, verði dæmt in solidum að greiða henni málskostnað fyrir skiptadómi og Hæstarétti.

Stefndu, aðrir en dánarbúið, krefjast þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af ástæðum þeim, sem raktar eru í hinum áfrýjaða úrskurði, verður áfrýjanda einungis dæmd greiðsla fyrir umönnun og hjúkrun föður síns frá ársbyrjun 1951 til dauðadags hans. Þykir fjárhæðin hæfilega ákveðin kr. 55.000.00 með vöxtum, svo sem síðar segir.

Rétt er, að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað fyrir skiptadómi og Hæstarétti, kr. 10.000.00 samtals.

Dómsorð:

Greiða ber áfrýjanda, Þórunni Guðjónsdóttur, af óskiptum eignum dánar- og félagsbús Elísabetar Pétursdóttur og Guðjóns Guðmundssonar kr. 55.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1957 til greiðsludags.

Stefndu, Halldóra Guðjónsdóttir, Guðjón Guðjónsson, Lúðvík Guðjónsson, Albert Guðjónsson og Guðmundur Guðjónsson, greiði in solidum áfrýjanda, Þórunni Guðjónsdóttur, málskostnað fyrir skiptadómi og Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 23. júlí 1959.

Sóknaraðili máls þessa, Þórunn Guðjónsdóttir, til heimilis að Njörvasundi 34, hér í bæ, hefur gert þær réttarkröfur, að henni verði greiddar kr. 141.383.00 af óskiptum eignum dánarbús Elísabetar Pétursdóttur og Guðjóns Guðmundssonar ásamt 6% ársvöxtum frá 9. maí 1957 til greiðsludags. Hún hefur og krafizt þess, að þeim erfingjum dánarbúsins, sem vefengt hafa kröfugerð þessa, verði in solidum gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu. Þessir aðiljar eru þau Halldóra Guðjónsdóttir, Brekkustíg 5, Guðjón Guðjónsson, Karlagötu 9, Lúðvík Guðjónsson, Hverfisgötu 66A, Albert Guðjónsson, s. st., og Guðmundur Guðjónsson, Hverfisgötu 35.

Ofannefndir erfingjar dánarbúsins hafa krafizt þess, að þessum fjárkröfum sóknaraðilja verði hrundið og að henni verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 6. þ. m.

Á árinu 1941 lézt Elísabet Pétursdóttir, til heimilis að Hverfisgötu 66A, hér í bæ. Eftirlifandi maður hennar, Guðjón Guðmundsson, s. st., fékk hinn 17. september 1941 leyfi skiptaráðandans í Reykjavík til setu í óskiptu búi eftir hana með samþykki barna þeirra hjóna.

Guðjón Guðmundsson andaðist hinn 12. maí 1957, og fór uppskrift á eignum dánarbúsins fram hinn 29. nóvember sama árs. Var búið þá tekið til opinberra skipta samkvæmt beiðni erfingjanna, annarra en Vilhelms Jónssonar, Hverfisgötu 59, en af hans hálfu eru engar kröfur gerðar í skiptamáli þessu.

Hinn 11. febrúar lýsir erfinginn Þórunn Guðjónsdóttir kröfu í dánarbúið, að upphæð kr. 141.383.00 auk vaxta og kostnaðar, sjá rskj. nr. 1. Hinir erfingjarnir, að Vilhelm Jónssyni undanteknum, hafa mótmælt kröfugerð þessari, og hefur málið síðan verið sótt og varið fyrir skiptaréttinum.

Sóknaraðili, Þórunn Guðjónsdóttir, kveður kröfugerð sína byggjast á því, að faðir hennar hafi verið í fæði og þjónustu hjá henni frá 1. maí 1944 til 9. apríl 1953, en frá þeim degi og til dauðadags, 12. maí 1957, hafi hún að auki veitt honum aðhlynningu og hjúkrun í veikindum hans. Telur sóknaraðili sig fyrir þetta eiga sjálfsagða heimtingu á sanngjarnri endurgreiðslu af eignum dánarbúsins, og vísast um það til reiknings hennar á rskj. nr. 2 í málinu. Fyrir fyrra tímabilið krefst hún kr. 7.200.00 á ári, eða samtals kr. 64.800.00, og fyrir hið síðara samtals kr. 76.583.00, og kveðst hún hafa haft þar hliðsjón af vistgjöldum á Elliheimilinu Grund, sbr. yfirlit yfir slík gjöld á rskj. nr. 17.

Í greinargerð hinna erfingjanna segir, að eftir andlát konu sinnar hafi Guðjón Guðmundsson hafzt við á heimili Guðmundar sonar síns á Hverfisgötu 35 og stundum verið þar í fæði eða haft það annars staðar, og hafi svo fram farið allt til 25. október 1944, en síðan hafi hann búið í húsi sínu allt til dauðadags. Í húsi þessu, Hverfisgötu 66A, bjuggu sóknaraðili og maður hennar, Gísli Guðmundsson, frá því á árinu 1944 og þar til þau slitu hjúskap á árinu 1950. Telja þeir, að þar hafi verið þröngt í búi hjá þeim hjónum, og hafi Guðjón mjög oft fært þeim fisk á borð, og stundum muni hann sjálfur hafa borðað þar, en þó

sjaldan nema hann hefði sjálfur lagt á borð með sér. Hinn 16. nóvember 1952 hafi Guðjón orðið veikur, og hafi hann um hríð legið rúmfastur í heimahúsum, en verið fluttur á sjúkrahús 17. febrúar 1953 og dvalizt þar til 16. maí 1953. Eftir það hafi hann hafzt við í litlu herbergi í húsi sínu, ekki rúmfastur, en lítið getað unnið, en frá því í maí eða júní 1956 hafi hann síðan lagzt veikur, og þau veikindi hafi dregið hann til dauða.

Það er viðurkennt, að þann tíma, sem Guðjón lá rúmfastur í heimahúsum, sjá hér að framan, hafi hann haft fæði og aðhlynningu hjá sóknaraðilja. En þá beri á það að líta, að Guðjón hafi allt frá árinu 1944 sleppt sóknaraðilja við að greiða húsaleigu og að auki styrkt heimili hennar, meðan hún var í hjónabandi við Gísla Guðmundsson, og fari þannig fjarri, að hún eigi nokkra kröfu á hendur dánarbúinu. Guðjón hafi líka átt fé í banka, og allt frá árinu 1938 hafi hann notið ellilífeyris, sem muni hafa gengið til framfærslu hans og heimilis sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur lagt fram vottorð og leitt vitni málstað sínum til styrktar.

Vitnunum Ástu Jónsdóttur, Valgerði Kristinsdóttur, Jóni G. Benediktssyni, Stefáni Árnasyni og Halldóru Eyjólfsdóttur ber saman um, að Guðjón hafi notið fæðis og þjónustu og aðhlynningar í veikindum á heimili sóknaraðilja allt frá árinu 1944 til dauðadags. Sjá hér rskj. 4, 5, 6, 7 og 31. Vitni þessi segjast öll hafa verið gagnkunnug þessum málum, enda tíðir gestir á heimili sóknaraðilja. Emma Gústavsdóttir kveðst vita, að Guðjón hafi allt frá árinu 1947 haft fæði og þjónustu hjá sóknaraðilja. Þórunn Pálmadóttir kveðst hafa kynnzt sóknaraðilja á árinu 1951 og kveðst telja víst, að hún ein hafi annazt föður sinn frá þeim tíma til dauðadags hans.

Kristján Sveinsson læknir hefur gefið vottorð á rskj. nr. 15 og segist hafa um mörg ár stundað Guðjón Guðmundsson, en á þeim tíma hafi Guðjón haft hjúkrun og aðhlynningu á heimili sóknaraðilja máls þessa. Þá kveðst Grímur Magnússon læknir hafa verið heimilislæknir Guðjóns um nokkur síðari æviár hans, en Guðjón hafi þá hafzt við í íbúð dóttur sinnar og verið hrumur og allt að því blindur og þurft talsvert mikillar umönnunar við. Sjá rskj. nr. 14.

Vottorðsgefendur þessir hafa mætt hér í réttinum, að undanteknum Kristjáni Sveinssyni. Hafa vitnisburðir þeirra verið teknir gildir sem staðfestir, en mótmælt sem röngum af umboðsmanni erfingjanna.

Fyrrverandi maður sóknaraðilja, Gísli Guðmundsson, hefur gefið vottorð í málinu, og hefur það verið lagt fram í rskj. nr. 10. Hann segir þar, að Guðjón Guðmundsson hafi að engu leyti verið á vegum þeirra hjónanna, meðan sambúð þeirra stóð, en henni var slitið seint á árinu 1950. Fyrir það, sem þau hafi látið honum í té, hafi hann greitt bæði með því að leggja oft mat til heimilisins og með því að láta þau ekki greiða neina húsaleigu. Kveðst Gísli aldrei hafa ætlað sér að krefja Guðjón um neitt frekara endurgjald. Gísli Guðmundsson hefur unnið eið að vottorði sínu og framburði, en framburðinum er mótmælt sem röngum af hálfu sóknaraðilja. Þá hefur Ólafía Þórunn Sigurðardóttir gefið vottorð í málinu, sjá rskj. nr. 18. Telur hún Guðjón Guðmundsson frekar hafa verið veitanda en þiggjanda á heimili sóknaraðilja. Hann hafi venjulega komið með allan fisk til heimilis hennar, og stundum hafi hann borðað hjá henni. En eftir að hann lagðist, hafi að sjálfsögðu þurft að færa honum mat og hlynna að honum. Kveðst Ólafía lengi hafa verið kunnug heimili Guðjóns og sóknaraðilja.

Með hliðsjón af framburði Gísla Guðmundssonar hér að framan svo og yfirlýsingu sóknaraðilja við skilnað þeirra hjóna, sem fram fór hinn 10. janúar 1951, sbr. rskj. nr. 38, þá þykir ekki rétt að leggja greiðsluskyldu á búið fyrir umönnun á Guðjóni Guðmundssyni fram að árinu 1951.

Með tilliti til þeirra vitnaframburða, sem liggja fyrir í málinu, þykir víst, að sóknaraðili hafi annazt föður sinn að miklu leyti frá 1951 til dauðadags hans, án þess að séð verði, að greiðsla hafi komið í móti, önnur en þá leigulaus afnot húsnæðis, og heldur ekki komið fram, að greiðsla fyrir þessa aðstoð hafi verið eftir gefin af hálfu hennar.

Þykir því rétt að taka til greina kröfu sóknaraðilja um greiðslu fyrir umönnun föður hennar frá ársbyrjun 1951 til dauðadags, og þykir fjárhæðin hæfilega ákveðin fyrir þetta tímabil kr. 48.000.00 auk 6% ársvaxta frá 9. maí 1957 til greiðsludags.

Þá þykir rétt, að varnaraðiljar greiði sóknaraðilja kr. 3.000.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Sóknaraðili, Þórunn Guðjónsdóttir, fær greiddar af óskiptu dánar- og félagsbúi Elísabetar Pétursdóttur og Guðjóns Guðmundssonar kr. 48.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. maí 1957 til greiðsludags.

Varnaraðiljar, Halldóra Guðjónsdóttir, Guðjón Guðjónsson, Lúðvík Guðjónsson, Albert Guðjónsson og Guðmundur Guðjónsson, greiði in solidum sóknaraðilja, Þórunni Guðjónsdóttur, kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. maí 1961.

Nr. 88/1961. **Björn Guðmundsson f. h. Stuðlabergs h/f**
gegn
Gísla J. Johnsen f. h. A/B Jönköping Motorfabrik.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. apríl 1961, sem Hæstarétti barst 6. maí s. á., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði sjó- og verzlunardómsins og krefst þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir héraðsdómi og svo kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar málskostnaðarákvæðisins og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Eftir málavöxtum þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdóms um málskostnað.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hið kærða málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Sóknaraðili, Björn Guðmundsson f. h. Stuðlabergs h/f, greiði varnaraðilja, Gísla J. Johnsen f. h. A/B Jön-

köpings Motorfabrik, kærumálskostnað, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. apríl 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Gísli J. Johnsen stórkaupmaður, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur f. h. A/B Jönköping Motorfabrik, Jönköping, Svíþjóð, gegn Birni Guðmundssyni, Faxastíg 1, Vestmannaeyjum, til greiðslu á skuld, að fjárhæð sænskar kr. 10.000.45, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Einnig hefur stefnandi krafizt greiðslu yfirfærslugjalds, sem nemur 17% af höfuðstóli skuldarinnar, þ. e. sænskum kr. 10.000.45.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og ríflegs málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að hann verði sýknaður og málskostnaður verði látinn falla niður.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á kröfugerð stefnanda, að hann beinir nú kröfum sínum gegn Birni Guðmundssyni f. h. Stuðlabergs h/f, Vestmannaeyjum. Af hálfu Björns Guðmundssonar f. h. Stuðlabergs h/f var þessi breyting á kröfugerð stefnanda samþykkt. Er þessi breyting á kröfugerð stefnanda komin til af því, að stefndi Björn hafi í viðskiptum þeim, sem hér um ræðir, komið fram fyrir hönd Stuðlabergs h/f.

Málavextir eru þessir:

Með símskeyti, dags. 6. desember 1955, pantaði stefndi Björn cylinder í vél hjá Gísla J. Johnsen. Hljóðaði skeyti þetta svo: „Aftari cylinder — Björn." Gísli J. Johnsen, sem er umboðsmaður A/B Jönköping Motorfabrik hér á landi, pantaði umræddan vélarhluta hjá verksmiðjunni. Var hlutur þessi sendur til landsins og mun hafa komizt til Vestmannaeyja í febrúarmánuði 1956. Lá hlutur þessi svo í Vestmannaeyjum, án þess að honum væri veitt viðtaka, og í desembermánuði 1957 var hann endursendur. Útibú Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum krafði stefnda Björn nokkrum sinnum um andvirði hlutarins, fjárhæð stefnukröfunnar í málinu, en án árangurs. Með bréfi, dags. 11. október 1957, krafði umboðsmaður stefnanda stefnda Björn um fjárhæð stefnukröfunnar ásamt vöxtum, yfirfærslugjaldi, bankakostnaði og innheimtulaunum. Í svari sínu taldi stefndi Björn sig hafa skýrt málið þannig fyrir stefnanda,

Gísla J. Johnsen, að til frekari aðgerða þyrfti ekki að koma. Samkvæmt því lagði hann til, að A/B Jönköping Motorfabrik tæki umræddan hlut aftur gegn því, að varnaraðili, Stuðlaberg h/f, greiddi kostnað, flutningskostnað og fleira, ef um endursendingu yrði að ræða. Í bréfi A/B Jönköping Motorfabrik til Gísla J. Johnsen, dags. hinn 17. marz 1958, kemur fram, að samkvæmt skoðun, sem skoðunarmaður Det Norske Veritas framkvæmdi á umræddum hlut, eftir að firmað hafði fengið hann endursendan, var innra borð hlutarins ryðgað. Taldi firmað, að nauðsynlegt væri að bora hann að nýju, en það myndi hafa það í för með sér, að hann yrði ekki seldur aftur nema fyrir mjög lágt verð. Óskaði firmað eftir því, að Gísli reyndi að fá stefnda til að greiða nokkurn hluta kostnaðar þess, sem firmað hafði haft af þessu.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að varnaraðili hafi pantað umræddan hlut, og hafi verið til þess ætlazt, að hann yrði greiddur beint til seljanda í sænskri mynt fyrir tilstuðlan og milligöngu Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum. Varnaraðili hafi verið krafinn um greiðslu hvað eftir annað, en án árangurs. Eftir að stefna hafi verið gefin út í málinu, hafi varnaraðili endursent vöruna til seljanda, þótt neitað hafi verið að taka hana aftur. Er því haldið fram í greinargerð af hálfu stefnanda, að er seljandi tók við hlutnum aftur, hafi hann verið skemmdur af ryði. Af öllu þessu hafi stefnandi orðið fyrir miklu tjóni, og er stefnanda áskilinn réttur til að framhaldsstefna út af því tjóni.

Varnaraðili styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi eigi engar kröfur á hendur Birni Guðmundssyni eða Suðlabergi h/f. Hlutur sá, sem hér um ræðir, hafi verið pantaður sem varahlutur, og hafi það verið skilyrði fyrir viðskiptunum. Fullt samkomulag hafi verið við stefnanda um að endursenda hlutinn, án þess að nokkrar kröfur yrðu gerðar á hendur Birni Guðmundssyni eða Stuðlabergi h/f. Af varnaraðilja er því mótmælt, að umræddur hlutur hafi komizt í ábyrgð Björns Guðmundssonar eða Stuðlabergs h/f. Jafnframt er því mótmælt, að hluturinn hafi verið skemmdur eða ryðgaður, er hann var endursendur frá Vestmannaeyjum. Er skoðunargerðinni, varðandi það atriði, sem lögð hefur verið fram í málinu, mótmælt sem rangri og varnaraðilja óviðkomandi. Varnaraðili hefur lagt fram í málinu yfirlýsingu Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum þess efnis, að innheimta sú, sem hér um ræðir, sænskar

kr. 10.000.45, hafi verið endursend A/B Jönköping Motorfabrik hinn 6. desember 1957. Þá hafi A/B Jönköping Motorfabrik óskað eftir því í bréfi, dags. 13. desember 1957, að bankinn hlutaðist til um endursendingu vörunnar, og hafi afgreiðsla Eimskipafélags Íslands h/f í Vestmannaeyjum endursent vöruna hinn 21. desember 1957.

Það er ljóst, enda viðurkennt, að af hálfu varnaraðilja var umræddur hlutur pantaður hjá Gísla J. Johnsen, umboðsmanni A/B Jönköping Motorfabrik hér á landi. Er algerlega ósannað, að pöntun þessi hafi verið háð nokkrum skilyrðum af hálfu varnaraðilja. Á hinn bóginn er fram komið, að hlutur þessi var endursendur að beiðni A/B Jönköping Motorfabrik, eftir að dráttur hafði orðið á, að varnaraðili veitti hlutnum móttöku í Vestmannaeyjum. Þykir stefnandi nú ekki getað krafið varnaraðilja um kaupverð hins selda hlutar, sbr. ákvæði 28. gr. laga nr. 39/1922. Þykir því bera að sýkna varnaraðilja af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jóhannesi Zoëga forstjóra og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Varnaraðili, Björn Guðmundsson f. h. Stuðlabergs h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Gísla J. Johnsen f. h. A/B Jönköping Motorfabrik í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 29. maí 1961.

Nr. 79/1960. **Ákæruvaldið** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Brynjari Ólafssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa framhaldspróf verið haldin í málinu og vitni verið eiðfest, sem héraðsdómari hafði vanrækt að eiðfesta.

Með úrskurði Hæstaréttar, upp kveðnum 24. febrúar 1961, var æskt umsagnar Læknaráðs um skýrslu Rannsóknarstofu háskólans, dags. 30. ágúst 1959, um krufningu þá, sem Ólafur Bjarnason læknir framkvæmdi á líki Sigríðar Ástu Þórarinsdóttur. Einkum var um það spurt, hvað ráða megi af krufningunni og með hve mikilli vissu um dánarorsök konunnar. Þá var óskað skýrslu um hættusemi kverktaka. Loks var beiðzt yfirlýsingar Læknaráðs um, hvort álykta megi af krufningarskýrslunni nokkuð um það, hvort samfarir ákærða við nefnda konu hafi farið fram að óvilja hennar. Læknaráð kvað upp álit um málið hinn 4. og 22. apríl 1961, og er niðurlag álitsgerðarinnar á þessa leið:

„Ad. 1. Eins og tekið er fram í ályktun Ólafs Bjarnasonar læknis um réttarkrufninguna, kemur það, sem við krufninguna fannst, heim við það, að konan hafi verið kyrkt. Er þar ekki aðeins átt við marbletti og blæðingu á hálsinum, sem bendir til þess, að konan hafi verið tekin kverkataki, heldur einnig við breytingar í lungunum (interstitiels emphysem), sem benda til þess, að konan hafi kafnað. Og þar sem engin einkenni fundust um nokkurn sjúk-

dóm, sem köfnun gæti valdið, liggur beinast við að ályktа, að kverkatak hafi valdið dauða konunnar.

Læknaráð er því samþykkt ályktun Ólafs Bjarnasonar um krufninguna.

Ad. 2. Kverkatak getur auðveldlega leitt til bana, þegar fast er tekið, svo að blóðið safnast fyrir í höfðinu, eins og hér hefur átt sér stað, jafnframt því sem lokast fyrir barkann.

Ad. 3. Læknaráð getur ekki látið uppi neitt álit um það, hvort samfarir hafi farið fram gegn vilja konunnar. Engin meiðsli fundust í kynfærum hennar, sem bentu til, að ofbeldi hafi verið beitt."

Framburður vitna um aðkomu að ákærða og líki Sigríðar Ástu Þórarinsdóttur í herbergi hennar á Elliheimilinu að Fjólugrund aðfaranótt 30. ágúst 1959, verksummerki á líkinu, álit krufningarlæknis og Læknaráðs um dánarorsökina, viðbrögð ákærða eftir verknaðinn og loks það, að eigi er öðrum fremjanda til að dreifa, þykir veita sönnur fyrir því, að ákærði hafi með miklum áhrifum áfengis ruðzt inn til Sigríðar Ástu Þórarinsdóttur til að hafa við hana samfarir og þá tekið hana kverkataki, sem leiddi hana til bana. Ber að heimfæra verknað hans undir 211. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, enda fær ölvun hans, þá er hann framdi verknaðinn, eigi leyst hann undan refsingu samkvæmt þeirri grein, sbr. 17. gr. sömu laga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10 ára fangelsi. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 31/1961 verður ákærða eigi dæmd réttindasvipting í máli þessu, sbr. 2. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt á vist ákærða í gæzluvarðhaldi frá refsingu og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Brynjar Ólafsson, sæti fangelsi 10 ár.

Óröskuð eiga að vera ákvæði héraðsdóms um frádrátt á vist ákærða í gæzluvarðhaldi frá refsingu og málskostnað í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 12.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akraness 17. marz 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. febrúar sl., er af hálfu ákæruvaldsins höfðað gegn Brynjari Ólafssyni sjómanni, Ytra-Hólmi, Innri-Akraneshreppi, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu 9. febrúar 1960, fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 30. ágúst s.l. tekið um kverkar stúlkunni Sigríði Ástu Þórarinsdóttur, fæddri 3. apríl 1916, en þau voru í herbergi hennar í Elliheimilinu að Fjólugrund 6 á Akranesi, og kyrkt hana.

Í ákæruskjali er brot þetta talið varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur á Siglufirði 3. júní 1937.

Hann hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1954 18/9 Vestmannaeyjar. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
— 12/12 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 29/12 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1955 16/8 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1956 15/8 Siglufjörður. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 22/8 Siglufjörður. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 17/7 Akureyri. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 22/10 Keflavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 8/11 Keflavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1957 3/7 Siglufjörður. Sátt, 125 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 3/7 Siglufjörður. Sátt 800 kr. sekt og 3.830 kr. skaðabætur fyrir ölvun og líkamsárás.
— 25/7 Siglufjörður. Kærður fyrir þjófnað. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytis.
1958 22/5 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 23/7 Akureyri. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 1/10 Akureyri. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 20/10 Akureyri. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 30. ágúst s.l., klukkan langt gengin fjögur, vaknaði starfsstúlka á Elliheimilinu hér í bænum, Jónína Þorbjörg Jónsdóttir, við einhvern hávaða úr næsta herbergi við það, sem hún svaf í þar á Elliheimilinu, en í herbergi því, sem hávaðinn kom úr, svaf Sigríður Ásta Þórarinsdóttir.

Taldi Jónína Þorbjörg í fyrstu, að Ásta væri að tala upp úr svefninum, en er hún heyrði hana segja: „Farðu, farðu," taldi Jónína Þorbjörg, að ölvaður maður væri inni hjá henni. Ekki áræddi þó Jónína Þorbjörg að fara inn í herbergi Ástu til að gá að, hvað um væri að vera, heldur hringdi hún í lögregluvarðstofuna, en þar var ekki svarað. Náði nú Jónína Þorbjörg í Ernu Pálsdóttur, sem einnig var starfsstúlka á Elliheimilinu og hélt þar til, og fóru þær í næsta hús, Fjólugrund 9, og fengu sér til aðstoðar Árna Runólfsson, sem þar bjó, en hann brá skjótt við og kom stúlkunum til aðstoðar. Héldu þau þegar að herbergi Ástu Þórarinsdóttur í Elliheimilinu, og opnaði Jónína Þorbjörg dyrnar að því. Sáu þau þá, hvar Ásta lá hreyfingarlaus á ská á legubekk þeim, sem hún svaf á, með annan fótinn út af legubekknum, en hinn á brún hans. Segja þau hana hafa verið í náttkjól einum klæða, og hafi hann verið brettur upp, þannig

að hún hafi verið alls nakin að neðan. Höfðalagsmegin á legubekknum sat ungur maður, hár og grannur, allmikið ölvaður, en þó ekki ósjálfbjarga, og rólegur að sjá. Kveðst Árni Runólfsson þegar hafa borið kennsl á manninn, ákærða í máli þessu, Brynjar Ólafsson, en stúlkurnar báru ekki kennsl á hann.

Er Jónína Þorbjörg opnaði dyrnar að herberginu, kveður Árni ákærða hafa spurt hana, hvað hún væri þarna að gera, en ákærði hafi svo virzt hjaðna niður, þegar hann sá Árna, og vildi þá fara út úr húsinu. Fylgdu þau Árni og stúlkurnar honum þegar út, og skildi þar með þeim.

Því næst hringdi Árni til Hallgríms Björnssonar læknis, og kom hann um 15 mínútum síðar í Elliheimilið, en þá var stúlkan, Sigríður Ásta Þórarinsdóttir, látin.

Er Árni hafði lokið við að hringja til læknisins, fóru þau, hann og fyrrgreindar starfsstúlkur Elliheimilisins, aftur upp í herbergi Ástu, hagræddi Árni henni á legubekknum og breiddi ofan á hana sæng. Virtist Árna hún þá þegar vera látin. Ekki veittu þau eftirtekt nokkrum áverka á konunni, Ástu, en Árni segir, að ekki hafi leynt sér, að hafðar hefðu verið við hana samfarir þá rétt áður, en stúlkurnar segjast ekki sérstaklega hafa athugað um þetta, en eftir aðkomunni að dæma hafi miklar líkur verið til þess.

Hallgrímur Björnsson læknir, Deildartúni 3, Akranesi, skýrir svo frá, að er hann kom inn í herbergi Ástu Þórarinsdóttur í Elliheimilinu, hafi hún legið á bakinu (upp í loft) á legubekk eða dívan, undir sæng, með mikið kreppt hné, og hafi andlit hennar og hné hallað til hægri handar upp til veggjar. Kveður læknirinn engar andardráttarhreyfingar hafa sézt á stúlkunni, og hvorki hafi fundizt æðasláttur né heldur heyrzt hjartahljóð við hlustun. Sjónop stúlkunnar hafi verið víkkuð út til hálfs og augu hennar lin átöku, en neðan á vinstra handlegg hennar og baki hafi verið sjáanlegir byrjandi líkblettir og í munni hennar og á vörum hafi verið lítið eitt af blóðugu slími, og smásár, sem virzt hafi nýlegt, hafi sézt á efri vör. Þá segir læknirinn, að framan á hálsi, aðeins til hægri við miðlínu, hafi verið rúmlega gómstór marblettur. Líkið hafi aðeins verið klætt í náttkjól, sem brettur hafi verið upp.

Færði læknirinn líkið ofar á legubekkinn og rétti úr því, en tilkynnti síðan héraðslækni um dauðsfallið. Héraðslæknirinn tilkynnti það svo bæjarfógeta, sem fól Stefáni Bjarnasyni, yfir-

lögregluþjóni á Akranesi, frumrannsókn málsins, en þá var klukkan um 0445 um nóttina.

Lík stúlkunnar var næsta morgun, sunnudagsmorguninn 30. ágúst s.l., flutt í Rannsóknarstofu Háskólans í Reykjavík til réttarkrufningar.

Stefán Bjarnason yfirlögregluþjónn fór þegar að boði bæjarfógeta á vettvang í Elliheimilið ásamt öðrum lögreglumanni, Jónasi Márussyni, og hitti þar Árna Runólfsson, sem eigi vissi þá nafn ákærða, en gaf svo nána lýsingu á honum, að þeir lögreglumennirnir fóru þegar heim til hans að Skagabraut 26, Akranesi, og handtóku hann þar og færðu hann í fangahúsið. Segir Stefán yfirlögregluþjónn ákærða þá hafa verið áberandi ölvaðan.

Við athugun á vettvangi segir Stefán yfirlögregluþjónn, að í ljós hafi komið, að ákærði hafi farið inn um glugga á geymslu á neðri hæð Elliheimilisins með því að brjóta þar rúðu, en þá hafi verið greiður gangur inn í húsið. Svo hafi virzt, sem ákærði hefði kunnað skil á húsaskipan, því að hann hafi án þess að gera vart við sig gengið að herbergi stúlkunnar, Ástu Þórarinsdóttur, en herbergið sé staðsett við hliðargang á efri hæð. Á hálsi líksins, segir Stefán yfirlögregluþjónn, að verið hafi marblettur neðan við barkakýlið, og hafi það ótvírætt bent til þess, að tekið hafi verið fyrir kverkar stúlkunni.

Á gólfi herbergisins kveður Stefán, að legið hafi tóm brennivínsflaska.

Vitnið Ragnar Magnússon verkamaður, 19 ára að aldri, Kirkjubraut 56, Akranesi, skýrir svo frá, að laugardagskvöldið 29. ágúst s.l. hafi hann hitt ákærða á götu hér á Akranesi, og þeir tekið tal saman, enda verið málkunnugir. Hafi ákærði sagt, að hann hefði þá verið búinn að drekka úr hálfri flösku í einhverju tilteknu húsi. Um miðnætti fóru þeir heim til Ragnars að Kirkjubraut 56 og settust við drykkju, og segir Ragnar þá hafa drukkið þarna saman úr tveimur flöskum af brennivíni. Þeir hafi spjallað saman um síldveiðarnar og um daginn og veginn, en ekkert hafi komið fram í samræðum þeirra, sem bent hefði getað til þess, að ákærði hefði í huga að brjótast inn í Elliheimilið, og ákærði hafi ekki haft orð á neinu slíku. Kveður Ragnar ákærða hafa verið kátan yfir drykkjunni og ekki sýnt sig í neinum illindum, en hann hafi verið orðinn mjög ölvaður, er hann fór frá honum (Ragnari) um kl. þrjú um nóttina aðfaranótt sunnudagsins 30. ágúst s.l., og hafi ákærði þá sagzt ætla að fara

heim til sín að sofa að Skagabraut 26, þar sem foreldrar hans bjuggu. Kveður Ragnar hann hafa farið með slatta í brennivínsflösku með sér, er þeir skildu.

Ákærði kveðst hafa verið nokkuð með áhrifum áfengis, er hann hitti Ragnar Magnússon greint laugardagskvöld, en verið orðinn mjög ölvaður, þegar hann fór frá Ragnari, og ekki muna, hve þá hafi verið orðið áliðið nætur. Segir ákærði sig ráma í, að hann hafi komið að Elliheimilinu, eftir að hann fór frá Ragnari, brotið þar rúðu og farið þar inn, en hann hafi haft hugmynd um, hvar Ásta Þórarinsdóttir hafði herbergi þarna í húsinu, enda fundið það fljótt. Viðurkennir ákærði að hafa farið inn til stúlkunnar í þeim tilgangi að hafa við hana samfarir, enda segir hann sig ráma í að hafa haft samfarir við hana þarna í herbergi hennar, en ekki kveðst hann minnast þess, að hún hafi verið því sérstaklega mótfallin, þannig að um nauðgun hafi verið að ræða, en hann kveðst hafa þekkt hana lítillega fyrir og tvívegis haft samfarir við hana áður. Ekki kveðst ákærði minnast þess að hafa beitt hana nokkru ofbeldi þarna inni í herbergi hennar og ekki heldur muna til þess, að hann tæki um háls hennar eða kverkar.

Ekki segist ákærði hafa gert sér grein fyrir því, að stúlkan væri látin, er hann skildi við hana.

Segist hann minnast þess, að herbergisdyrnar hafi verið opnaðar, meðan hann dvaldist þar inni, og að einhver maður, sem hann þekkti ekki, hafi fylgt honum út, en ekki svo muna, hvert hann fór. Segist hann þó hafa hlotið að fara heim til sín.

Ákærði gerir þannig grein fyrir sjálfum sér, að hann eigi vanda til að drekka sér til óminnis. Það er, að hann muni ógjarna eftir á, hvað gerzt hafi, meðan hann hafi verið mikið ölvaður. Segir hann áfengi hafa þau áhrif á sig, að hann verði ofsafenginn í skapi og framferði, og þegar hann sé með áhrifum þess, sé sér gjarnt að lenda í slagsmálum. Kveðst hann einu sinni hafa slegið mann á Siglufirði, er hann var í ölvunarástandi, og alloft hafa verið kærður fyrir ölvun og óspektir. Án áfengis kveðst hann hins vegar fremur rólyndur og óáreitinn.

Ákærði kveðst gera sér ljóst, að allt bendi til þess, að hann eigi sök á dauða Ástu Þórarinsdóttur, en fráleitt hafi það verið ætlun sín eða áform, er hann brauzt inn til hennar, að stytta henni aldur eða misþyrma henni á nokkurn hátt, heldur hafi tilgangurinn verið sá, sem hann hefur áður greint frá, að hafa við hana samfarir.

Svo sem áður er tekið fram, var lík Sigríðar Ástu Þórarinsdóttur flutt í Rannsóknarstofu Háskólans til réttarkrufningar.

Ólafur læknir Bjarnason, sem réttarkrufninguna annaðist, segir svo í niðurlagi krufningarskýrslu sinnar:

„Við krufninguna fundust marblettir í húð framan á hálsi ásamt útbreiddum ferskum blæðingum í mjúka vefi og vöðva umhverfis barkakýli og ofanverðan barka. Einnig fundust blæðingar í aftanverðum skjaldkirtli v. megin, í slímhúð barkakýlis og neðst í koki ásamt blóðlituðu slími í munni, koki og barkakýli og barka. Í hjartanu var mikið af dökku, fljótandi blóði, í lungum loftblöðrur undir brjósthimnu, heili blóðríkur og augu blóðhlaupin.

Ofangreindir áverkar og einkenni koma heim við það, að konan hafi verið tekin kverktaki og kyrkt.

Engin einkenni fundust um bráðan sjúkdóm í innri líffærum.

Í leggöngum konunnar fannst mikið af sæðisfrumum."

Þórði Möller, sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum, yfirlækni sjúkrahússins á Kleppi, var falin rannsókn á geðheilbrigði ákærða.

Í álitsgerð sérfræðingsins, dags. 9/2 1960, er í höfuðdráttum rakinn æviferill ákærða, og segir þar meðal annars svo:

„16 ára gamall fór Brynjar til sjós og hefur verið það að mestu síðan, ýmist á bátum, togurum eða flutningaskipum. — Þótti hann mjög dugandi sjómaður.

Fljótlega eftir að hann fór á sjóinn, fór hann að neyta áfengis í óhófi. Drakk hann þá með félögum sínum í landlegum, og gat það orðið upp undir ½-mánaðar samfelld drykkja. Drakk hann snemma talsvert illa og varð mikið drukkinn. Fljótlega eða strax þótti bera á því, að hann varð vondur við vín, stundum alveg trylltur. Hefur hann enda margoft fengið sektir fyrir ölvun á almannafæri og óspektir, og er sakavottorð hans í 16 liðum. Oft og einatt man hann ekki eða mjög óljóst eða aðeins í glefsum, hvað komið hefur fyrir hann í þessu ástandi, en er þá oftast mjög drukkinn. Hefur þetta allt heldur færzt í aukana nú hin síðari árin. Ekki hefur Brynjar fengið neinar alkoholiskar psykosur enn."

Enn fremur er skýrt frá því, að samkvæmt sálfræðilegum prófunum hafi greindarþroski ákærða reynzt vera í meðallagi (greindarvísitala 99). Segir síðan í niðurlagi álitsgerðarinnar:

„Um er að ræða ungan sjómann, sem frá æsku hefur neytt áfengis í óhófi miklu og breytist við það úr stilltum og prúð-

um pilti í uppivöðslusegg, sem engu eirir, þegar hann er undir áhrifum áfengis. Hefur þetta orðið meira áberandi með árunum. Minni hans er takmarkað mjög eftir slíka drykkju.

Aðfaranótt 30. ágúst 1959 verður honum svo á, ofurölva, að bana konu nokkurri, öryrkja, á Elliheimilinu á Akranesi, er hann hafði brotizt inn í húsið og haft samfarir við konuna, hugsanlega við nokkurn mótþróa af hennar hálfu, sem þá hugsanlega hefur valdið hinum ofsalegu viðbrögðum hans. Ekkert man hann sjálfur um þenna atburð og getur engar skýringar gefið á honum.

Álit mitt á Brynjari Ólafssyni er því: Hann er hvorki fáviti né geðveikur, heldur ofdrykkjumaður, hugsanlega með dulda geðveilu, sem varla eða ekki kemur fram nema undir lamandi áhrifum áfengis.

Þessi niðurstaða dregur í engu úr sakhæfi mannsins."

Við munnlegan flutning málsins krafðist verjandi ákærða þess, að ákærði yrði einungis dæmdur eftir 218. gr. sbr. 215. gr. almennra hegningarlaga í stað 211. gr., sem ákært er eftir, þar sem verjandinn taldi, að verknað ákærða bæri að heimfæra undir gáleysisbrot, en ekki ásetnings, og bæri því ekki að dæma ákærða eftir 211. gr. almennra hegningarlaga.

Var málið reifað einnig með tilliti til framangreindrar kröfugerðar verjandans, sbr. niðurlag 118. gr. laga nr. 27 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála.

Enda þótt ekki liggi alltaf ljóst fyrir, hvað telja beri ásetningsbrot eða gáleysisbrot, mun þó sá skilningur á hugtakinu ásetningur vera viðurkenndur, enda eðlilegur, að telja beri brotið ásetningsbrot, ef svo náið samband er milli verknaðar og afleiðingar, að hver sæmilega skyni gæddur maður ætti að sjá afleiðingu verknaðarins fyrir.

Dómurinn lítur svo á, að í því tilfelli, sem hér um ræðir, sé þetta samband verknaðar og afleiðingar svo náið og augljóst hverjum meðalgreindum manni, að enginn vafi leiki á, að heimfæra beri verknaðinn undir ásetningsbrot.

Getur því dómurinn ekki fallizt á framangreindar kröfur verjandans eða tekið þær til greina.

Ekki verður talið, að nein sérstök refsilækkunarskilyrði séu fyrir hendi, enda ber þess að gæta, að í því tilfelli, sem hér er um að ræða, kom ákærði sér sjálfur í það ástand, sem honum mátti vera ljóst, að gat verið hættulegt þeim, sem hann umgekkst, á meðan þannig stóð á fyrir honum.

Samkvæmt þeim málavöxtum, sem nú hafa verið raktir, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi af ráðnum hug kyrkt stúlkuna Sigríði Ástu Þórarinsdóttur aðfaranótt 30. ágúst s.l. Hins vegar hefur ekkert það komið fram í rannsókn málsins, sem bendi til, að ákvörðun um verknaðinn hafi orðið til hjá ákærða, fyrr en á samri stundu og hann var framinn.

Varðar þessi verknaður ákærða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og þar sem geðheilbrigðisrannsókn hefur leitt í ljós, að ákærði er sakhæfur, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 ber gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 30. ágúst s.l. að koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Samkvæmt 68. gr. sömu laga, 3. mgr., ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs verjanda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Brynjar Ólafsson, sæti fangelsi í 16 ár. Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 30. ágúst 1959 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs verjanda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. júní 1961.

Nr. 82/1961. **Ákæruvaldið** (Gísli Einarsson hdl.)
gegn
Guðmundi Þórðarsyni
(Sveinn Snorrason hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skírlífisbrot. Nauðgun.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf, en ekkert kom þar fram, sem áhrif getur haft á úrslit máls þessa. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að réttindasvipting verður ekki dæmd, enda hefur ákæruvaldið fallið frá kröfu um hana, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961 og 2. gr. laga nr. 19/1940.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar á meðal málflutningslauna til sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 6000.00 til hvors.

Lögreglumenn þeir, er fyrstir hófu eftirgrennslan um mál þetta aðfaranótt 14. janúar 1961, tilkynntu ekki þá þegar rannsóknarlögreglunni um atburðinn, enda þótt þeir yrðu þess varir, að stórglæpur hafði verið framinn. Verður að átelja þessa vanrækslu þeirra.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að réttindasvipting verður ekki dæmd.

Ákærði, Guðmundur Þórðarson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, héraðsdómslög-

mannanna Gísla Einarssonar og Sveins Snorrasonar, kr. 6000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. apríl 1961.

Ár 1961, fimmtudaginn 13. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í bæjarþingsstofunni í hegningarhúsinu, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1938/1961: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Þórðarsyni, sem tekið var til dóms hinn 12. sama mánaðar.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 5. þ. m., er Guðmundur Þórðarson sjómaður, Víðimel 49, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa föstudagskvöldið 13. janúar s.l. veitzt að stúlkunni X, 12 ára að aldri, við barnaleikvöllinn við Vesturvallagötu hér í bæ, fært hana með valdi inn á leikvöllinn og þar inn í skýli og slegið höfði hennar við steinvegg skýlisins, svo að hún missti meðvitund, og fyrir að hafa síðan sprett sundur klæðum stúlkunnar og þröngvað eða reynt að þröngva henni til holdlegs samræðis.

Þykir atferli þetta í ákæruskjalinu aðallega varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við nefnt ákvæði sbr. 1. mgr. 20. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í framhaldsákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 10. þ. m., segir, að brot ákærða, sem lýst er í ákæruskjalinu, dagsettu 5. þ. m., þyki auk framangreindra refsiákvæða varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (bæði samkvæmt aðal- og varakröfum).

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur hér í bæ 26. apríl 1930.

Hinn 28. apríl 1959 var hann í sakadómi Reykjavíkur dæmdur í 2500 króna sekt og sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot gegn áfengislögum og umferðarlögum. Hinn 28. júní 1960 hlaut hann áminningu fyrir ölvun á almannafæri. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Foreldrar ákærða eru Sigurveig Ásgrímsdóttir, sem hinn 13. janúar s.l. bjó ásamt ákærða í kjallaraíbúð á Víðimel 49 hér í

bænum, og fyrrverandi eiginmaður hennar, Þórður Þórarinn Guðmundsson sjómaður, húsvörður í hæli Bláa bandsins á Flókagötu 29 hér í bænum.

Ákærði, sem er eini sonur þeirra, ólst upp hjá þeim, gekk sæmilega vel í skóla, lagði fyrir sig nám í flugumferðarstjórn og tók próf í þeirri grein. Eigi komst hann að starfi í því fagi. Vann hann árum saman í gistihúsinu á Keflavíkurflugvelli, en síðari árin hefur hann stundað sjómennsku bæði á togurum og vélbátum auk ýmissar vinnu í landi. Hafa bæði ákærði sjálfur og foreldrar hans upplýst, að hann hafi hin síðari ár verið mjög drykkfelldur, það svo, að mikil vandræði hafi verið að. Öll halda þau því fram, að áfengisneyzla hafi þau áhrif á ákærða, að naumast geti talizt eðlilegt. Orða foreldrar hans það svo, að engu sé líkara en „hann fari úr sambandi", svo æstur verði hann og óviðráðanlegur undir áhrifum áfengis. Vilja þau setja þetta í samband við veikindi, eins konar lömunarveikitilfelli, sem hann hafi orðið fyrir fyrir nokkrum árum.

Ákærði lýsir þessu svo, að þegar hann verði drukkinn, komi „einhver djöfullinn yfir sig", það sé, eins og hann vilji gera öllum illt og jafnvel helzt þeim, sem mest hafi gert sér gott.

Tvívegis hefur hann verið sem drykkjusjúklingur í hæli Bláa bandsins, og var önnur dvöl hans þar á síðastliðnu ári.

Daginn fyrir síðastliðinn gamlársdag var ákærði drukkinn að fást við flugeldasprengingar og brenndist við það nokkuð á hendi. Frá því þetta gerðist og fram til 13. janúar, var hann verklaus heima, en áfengis neytti hann ekki á þessum tíma fyrr en nefndan dag síðdegis. Talsvert er upplýst um feril ákærða þenna dag, en eigi þykir ástæða til að rekja það hér í einstökum atriðum. Var hann ölvaður á ferli víðs vegar um bæinn, bæði í bíl og gangandi, og seldi í leyfisleysi útvarpsviðtækið úr heimili móður sinnar og eyddi andvirðinu samdægurs í áfengi og bílferðir. Um kvöldið, klukkan um 2015—2020, að því er Sigurveig heldur fram, komu þeir feðgarnir heim á Víðimel 49, og hafði Þórður þá fundið ákærða niðri við höfn. Ákærði hafði með sér brennivínsslatta, sem hann drakk þarna inni. Hann var ófáanlegur til að ganga til hvílu, og í þeim ham var hann, að móðir hans treysti sér ekki til að hafa hann heima um nóttina. Fór hann þá reiður burtu, en ekki virtist henni hann vera í áberandi æstu skapi. Eftir þetta sá faðir ákærða hann við veitingastofu eina á hafnarsvæðinu, en nokkru síðar kom hann á Ásvallagötu 69, en húsfreyjan þar er kunnug móður hans. Þar hitti

hann dætur húsráðenda, 11 og 12 ára gamlar, og eftir að honum hafði dvalizt þarna inni góða stund, fengu þær hann til að fara út. Telur eldri systirin hann hafa farið út um það bil tíu mínútum fyrir kl. 2230. Systurnar létu móður sína, sem var þetta kvöld við vinnu í veitingasölu í miðbænum, vita símleiðis, að ákærði væri kominn drukkinn. Hún sagði þeim að reyna að fá hann til að fara, sem þeim tókst. Einnig símaði hún til móður ákærða og sagði henni, að hann væri heima hjá sér á Ásvallagötu 69.

Þetta kvöld voru fjórar 12 ára gamlar telpur, bekkjarsystur í 12 ára bekk Melaskólans, í saumaklúbb heima hjá einni þeirra ..... Meðal þeirra var X, ... fædd ... desember 1948. Heima hjá henni var búizt við því, að hún yrði flutt heim um kvöldið í bíl, en það fórst fyrir, að svo yrði. Um kl. 2215, að sögn þriggja telpnanna, lögðu þær X og stallsystir hennar úr saumaklúbbnum af stað heimleiðis fótgangandi. Þær gengu Hrannarstíg og Hofsvallagötu, en skildu á mótum hinnar síðarnefndu og Ásvallagötu. Hélt stallsystirin þá austur þá götu áleiðis heim til sín, en X vestur götuna áleiðis heim til sín. Á mótum Ásvallagötu og Bræðraborgarstígs lét hún í póstkassa bréf, sem stallsystir hennar hafði beðið hana fyrir. Áfram hélt hún vestur götuna og gekk nyrðri gangstéttina. Engar mannaferðir sá hún á götunni aðrar en þær, að maður, sem hún ekki þekkti, stóð á móts við húsið nr. 69 og 71. Er það engum vafa bundið, að þetta var ákærði, þá að öllum líkindum nýkominn út úr íbúðinni á Ásvallagötu 69. Um það, sem nú gerðist, er frásögn X á þessa leið: Hún ætlaði að hraða sér fram hjá ákærða, en hann vék sér þá að henni og innti hana eftir því, hvar hún ætti heima. Hún sagði honum það. Þá spurði hann, hvort hann mætti verða henni samferða, og játaði hún því. Á leiðinni vestur götuna spurði ákærði, hvar Sólvallagatan væri, og síðan, hvar Framnesvegur væri, og benti telpan honum á þær götur. Hann spurði þá, hver væri skemmsta leið á Framnesveg, og svaraði hún því til, að það væri yfir barnaleikvöllinn við Vesturvallagötu, sem er við vesturenda Ásvallagötunnar. Hún gekk nú með ákærða aðeins fram hjá heimili sínu, ..., og að leikvellinum og benti honum á leiðina. Hann bað hana þá að fylgja sér, en því neitaði hún og sagðist verða að hraða sér heim. Þá þreif hann til hennar og bar hana eða dró gegnum hlið, sem þarna er á leikvallarveggnum. Hún hrópaði á hjálp, þegar hann réðst á hana, en hann greip þá fyrir munn hennar og síðar fyrir kverkar henni.

Hann fór nú með hana inn í skýlið, sem er á leikvellinum rétt við hliðið, lagði hana þar niður, og telur hún, að hann hafi lagzt á hnén við hlið hennar. Hún hrópaði þá á hjálp, þegar hann linaði tökin á hálsi hennar og munni, en þá sagði hann: „Ég drep þig.“ Síðan barði hann hnakka hennar oftar en einu sinni við skýlisvegginn (múrvegg), og man hún það síðast til sín um sinn. Segist hún hafa misst meðvitund, en þó muna, eins og úr draumi, að henni fannst sem verið væri að „rífa af sér skinnið“. Næst man hún það eftir sér, að hún lá á legubekk heima hjá sér og að verið var að stumra yfir henni. Hana minnir, að verið hafi lítils háttar rigning, þegar hún hitti ákærða, en áður hafi rignt mikið. Taldi hún föt mannsins hefðu ekki verið blaut að neinu ráði, og hafi litið svo út, að hann væri nýkominn út úr húsi. Ekki kveðst hún í fyrstu hafa tekið eftir, að maðurinn væri undir áhrifum áfengis, en virtist þó málrómurinn drafandi. Þegar hann réðst á hana, fann hún af honum áfengislykt.

Þessa skýrslu gaf telpan upphaflega rannsóknarlögreglunni í Landakotsspítala morguninn eftir þennan atburð, þ.e.a.s. áður en grunur beindist að ákærða. Sagði hún árásarmanninn hafa verið berhöfðaðan, frakkalausan í gráum fötum og að hún hélt í ljósri skyrtu. Allt kom þetta heim við klæðnað ákærða á þessum tíma, og lýsing hennar á árásarmanninum er að öðru leyti að mestu í samræmi við útlit ákærða.

Móðir X skýrir svo frá, að hún hafi búizt við dóttur sinni heim úr saumaklúbbnum um kl. 2215. Þegar hún kom ekki á þeim tíma, símaði móðir hennar ..... og fékk þær fregnir, að X væri farin þaðan fyrir alllangri stundu í fylgd með stallsystur sinni úr saumaklúbbnum. Símaði þá móðir X heim til hennar og frétti þá, að þær X hefðu skilið fyrir töluverðri stundu við Hofsvallagötuna. Óttaðist hún þá, að ekki væri allt með felldu. Hún símaði til lögreglunnar vegna þessa, og sonur hennar og kunningi úr næsta húsi fóru að leita telpunnar í grenndinni. Rétt fyrir kl. 2325 kom X svo gangandi heim og var þá mjög illa til reika. Hún hafði verið klædd í úlpu, blússu, pils, undirkjól, sokkabuxur, nærbuxur og trefil og með bomsur á fótum. Þegar hún kom heim, hélt hún á úlpunni, pilsinu, sokkabuxunum og nærbuxunum og var því nakin að neðan. Fötin voru óhrein og rifin og tölur slitnar af þeim. X var sjáanlega mikið meidd, og mjög var henni kalt. Var hlúð að henni og jafnframt símað til heimilislæknisins, Hannesar Þórarinssonar,

sem kom strax og lét flytja telpuna í slysavarðstofuna. Í sama mund og símað var til læknisins, var símað til lögreglunnar. Komu lögreglumenn þegar ....., fengu upplýsingar um það, sem gerzt hafði og hófu þegar leit að árásarmanninum um nálægar götur. Eigi bar sú leit árangur, en á vettvangi í barnaleikvallarskýlinu við Vesturvallagötu fundu þeir vasahníf, tölu og nokkra smápeninga, sem fylgja skjölum málsins.

Um nóttina kl. 0220 skýrði Hannes læknir Þórarinsson lögregluvarðstofunni frá því, að hann hefði komið X fyrir í Landakotsspítala, að hún mundi vera höfuðkúpubrotin og að henni hefði verið nauðgað. Eigi töldu lögreglumenn ástæðu til að kalla rannsóknarlögregluna á staðinn, enda líðan telpunnar svo slæm, að ekki var unnt að taka skýrslu af henni.

Daginn eftir, 14. janúar, hóf rannsóknarlögreglan aðgerðir í málinu, og síðari hluta dagsins höfðu böndin borizt að ákærða, svo hann var tekinn til yfirheyrslu. Var hann þá kominn í hæli Bláa bandsins sem vistmaður. Hafði faðir hans komið honum þangað um morguninn, grunlaus um að hann væri við mál þetta riðinn. Um leið og hann var sóttur til yfirheyrslunnar, komu rannsóknarlögreglumenn við heima hjá honum, þar sem móðir hans afhenti þeim föt þau, sem hann hafði verið í kvöldið áður, en það voru gráleit jakkaföt, nærföt og milliskyrta. Áður en ákærði fór á Bláa bands hælið um morguninn, hafði hann haft nærfataskipti í baðherberginu og skilið óhreinu fötin þar eftir á gólfinu. Móðir hans tók þau saman án þess að athuga þau neitt, vöðlaði nærfötunum innan í milliskyrtuna, og þannig afhenti hún rannsóknarlögreglunni föt þessi. Skömmu síðar var farið með föt þessi í Rannsóknarstofu Háskólans, þar sem prófessor Níels Dungal tók þau til rannsóknar.

Við yfirheyrslu bæði hjá rannsóknarlögreglunni og fyrir dómi þenna dag viðurkenndi ákærði að hafa beitt stúlku líkamlegu ofbeldi í leikvallarskýlinu við Vesturvallagötu kvöldið áður. Hann mundi, að hann hafði lent í tuski og stimpingum við stúlkuna, en hvað hann hafði við hana gert þarna, mundi hann ekki og hefur eigi enn sagzt muna. Við yfirheyrslurnar þenna dag og einnig síðar skýrði ákærði frá ölvunarflækingi sínum hér um bæinn hinn 13. janúar. Kvaðst hann hafa farið reiður að heiman um kvöldið og hafa verið í skapofsa það sem eftir var kvöldsins. Hann man komu sína að Ásvallagötu 69 og skýrir svo frá, að þegar hann kom út úr því húsi, hafi hann séð telpuna. Ekkert þekkti hann hana og gerði sér enga grein fyrir aldri hennar.

Hann gaf sig á tal við hana og gekk með henni vestur götuna. Þykir rétt að tilfæra hér orðrétta fyrstu skýrslu ákærða um það, sem síðan gerðist: „Ég man ekkert, hvað ég talaði við hana, og ég man ekki eftir, að ég hafi beðið hana að sýna mér Sólvallagötu eða Framnesveg. Ég man heldur ekki eftir, að ég hafi haft í huga að hafa samfarir með henni, það hefur komið yfir mig allt í einu, og veit ég ekki, hvernig á því stendur. Ég man eftir, að ég fór með telpuna inn á leikvöllinn við Vesturvallagötu, og lenti ég í einhverjum stimpingum við hana, en ekki man ég sérstaklega eftir, að ég hafi haldið fyrir munninn á henni eða tekið hana hálstaki. Ég man það bara, að ég var í stimpingum við hana. Ég man eftir, að ég var með telpuna í skjólinu við bygginguna. Eftir þetta man ég ekki greinilega, hvað gerðist. Ég man ekki eftir, að ég hafi rifið fötin utan af stúlkunni, og ég man ekki eftir, að ég hafi slegið höfðinu á henni við steinvegginn, en ég rengi alls ekki, að ég hafi gert það, því ég vissi ekki, hvað ég gerði. Ég man heldur ekki eftir, að ég hafi haft samræði við hana, en ég rengi það alls ekki, að ég hafi tekið hana þarna undir skjólinu. Ég man heldur ekki eftir, þegar ég skildi við stúlkuna, og ég man fyrst eftir mér með fullri vissu, er ég var á leið heim. Þegar ég kom heim, háttaði ég og sofnaði.“ Þessa skýrslu gaf ákærði rannsóknarlögreglunni síðdegis 14. janúar og staðfesti hana fyrir dómi þá um kvöldið. Kvaðst hann þá telja víst, að tilgangur sinn með því að fara með telpuna inn í leikvallarskýlið hafi verið sá að hafa við hana holdleg mök.

Framangreinda skýrslu sína um málavexti áréttaði ákærði í þinghaldi hinn 31. janúar og tók jafnframt fram, að hann rengdi eigi skýrslu telpunnar, sem áður er rakin. Um vasahnífinn, sem lögreglan fann á skýlispallinum, tók ákærði fram, að hann hefði undanfarið átt alveg eins hníf og að hann efaðist ekki um, að þetta væri sinn hnífur. Við athugun tæknideildar rannsóknarlögreglunnar á fatnaði þeim, sem telpan var í, þegar hún varð fyrir árásinni, kom í ljós, að tvennar nærbuxur hennar og sokkabuxur höfðu verið skornar með eggjárni. Með tilliti til þess, að vasahnífur ákærða varð eftir á skýlispallinum, var ákærði inntur eftir því, hvort hann hefði tekið til þess ráðs að skera sundur föt telpunnar til að komast greiðlegar að henni nakinni. Eigi kvaðst hann muna neitt eftir þessu.

Eins og áður segir, var Hannes Þórarinsson, heimilislæknir fjölskyldunnar ....., strax kallaður þangað, þegar X kom

heim um kvöldið 13. janúar. Í vottorði hans um þessa læknisvitjun segir svo: „Hinn 13. janúar 1961, kl. ca. 2320, var ég beðinn um að koma ..... vegna 12 ára gamallar stúlku, X, sem orðið hefði fyrir líkamsárás. Þegar ég kom þangað, var stúlkan með fullri meðvitund, en hafði sýnilega orðið fyrir miklu áfalli. Hún var mjög illa til reika, föt hennar öll rifin, blaut og óhrein. Henni var mjög kalt, þótt hún lægi þá undir þykku ullarteppi, og skalf mjög. Sagði hún mér, að á sig hefði ráðizt maður, sem tekið hefði fyrir munn henni og kverkar, er hún reyndi að kalla á hjálp, og síðar slegið höfði hennar mörgum sinnum við múrvegg. Eftir það mundi hún ekki eftir sér, fyrr en hún var komin heim. Hún kvartaði um verki og eymsli í höfði, einkum hnakka, og átti erfitt með að lyfta höfðinu. Við fljótlega skoðun sáust þessir áverkar: Mikil bólga á ca. lófastóru svæði á hnakka, nokkrar minni bólgur á höfði með fleiðrum, sem blóð vætlaði úr. Á andliti voru skrámur og hrufl á enni, undir augum og á höku, varir voru bólgnar og sprungnar. Framan á hálsi var stór marblettur og talsverður þroti. Auk þess hrufl á handlegg og fótlegg. Lítils háttar blóðvætl sást frá genitalia, en um það var ekki athugað frekar þar heima. Hins vegar hafði ég strax samband við sérfræðing í kvensjúkdómum, Tryggva Þorsteinsson lækni, og flutti stúlkuna því næst á Slysavarðstofuna, þar sem hún var rannsökuð nánar."

Í vottorði Tryggva læknis Þorsteinssonar, sérfræðings í skurðlækningum, sem mörg undanfarin ár hefur stundað lækningar í kvensjúkdómum bæði hér á landi og erlendis, segir, að móðir X hafi komið með hana í bíl í Slysavarðstofuna kl. 0015 hinn 14. janúar. Var lækninum skýrt frá árásinni, svo sem telpan hafði frá henni skýrt. Við komuna í Slysavarðstofuna gat telpan gengið, þegar hún var studd, en kvartaði um miklar þrautir í höfðinu, aðallega hnakkanum. Síðan segir í vottorðinu: „Object. rannsókn. Tólf ára telpa, grönn og fölleit. Útlit svarar til aldurs. Telpan er óhrein og moldug í andliti, hárið er í flóka, blautt með leir og mold í aftan í hnakkanum. Á báðum kinnum, vörum og höku eru marblettir og þroti. Grunn húðrispa út frá vinstra munnviki. Varir eru skorpnar og bólgnar. Vinstri augntönn er laus í alveolunni. Framan á hálsi, ofan við barkakýlið, er 10×2 cm langur, brúnleitur áverki, sem liggur þversum upp undir kjálkabörð beggja megin og hefur epidermis (þ. e. horn húðin) flagnað af. Diffus þroti er á þessu svæði. Minni háttar marblettir sjást á hálsi beggja megin. Aftan á hnakka í hæð

með protuberantía occipit (þ. e. kúlan ofan við hnakkagróf) finnst lófastórt fluctuerandi haematom, ákaflega viðkvæmt. Þar fyrir ofan smákúla (spennt haematom) í hársverðinum. Ekki sjást opin sár í hársverðinum. Ekki sjást áverkar á efri útlimum, baki, brjóstholi né kvið ..... Innanfótar á vinstra hné er hrufl eða mar ca. 2×2 cm stórt. Áverka er ekki að sjá annars staðar á neðri útlimum". Síðan gerir læknirinn grein fyrir gynecologiskri skoðun á telpunni. Leiddi hún í ljós bólgu, roða og húðafrifur á ytri kynfærum og blóðvætl úr þeim. Hymen var rifið og frísk blæðing úr sárbörmunum. Loks getur læknirinn þess í vottorði sínu, að tekin hafi verið í Slysavarðstofunni röntgenmynd af höfði telpunnar og hafi hún verið mjög „grunsamleg upp á höfuðkúpubrot".

Þegar læknirinn staðfesti vottorð sitt í dómi, skýrði hann svo frá, að allir áverkar telpunnar hefðu verið nýir. Bersýnilega hafi hymen verið nýrofið og hafi allt ástand telpunnar bent til þess, að það hefði gerzt við nauðgun.

Af Slysavarðstofunni var telpan flutt í Landakotsspítala, og þar var hún fram til 31. janúar, að hún fór heim.

Á spítalanum var hún í umsjá Richards læknis Thors, og hefur hann gefið vottorð um hana. Er lýsing hans á ástandi hennar við komuna í spítalann í samræmi við framangreint vottorð Tryggva læknis Þorsteinssonar, nema að því leyti að endurteknar röntgenmyndir af höfuðbeinum hafa ekki leitt í ljós örugg merki um brot á hnakkabeini eða önnur höfuðkúpubrot. Í spítalanum tóku meiðsl og ákomur telpunnar eðlilegum bata. Segir í viðbótarvottorði læknisins, dagsettu 28. janúar s.l., að hæð telpunnar hafi mælzt 1.39 m og þyngd 28.5 kg. Hún sé fremur lítil og grönn eftir aldri, en samsvari sér vel, sé skýr og greinagóð.

Í vottorði, dagsettu 5. þ. m., skýrir sami læknir frá því, að telpan hafi farið heim úr spítalanum 31. janúar. Hafi líðan hennar þá verið góð, eina kvörtunin lítils háttar höfuðverkur, þó eigi stöðugur. Er hún þá að mestu leyti gróin og áverkar horfnir að mestu.

Í þinghaldi 29. f. m. skýrði faðir hennar svo frá, að hún virtist hafa náð sér að fullu eftir áfallið, hún sækti skóla með eðlilegum hætti og væri alveg eins og hún hafi átt að sér.

Í vottorði prófessors Níelsar Dungals, dagsettu 16. janúar, um rannsókn á fötum ákærða, sem rannsóknarlögreglan fór með til hans í Rannsóknarstofu Háskólans 14. janúar, svo sem áður er getið, segir svo:

„Niðurstöður urðu þessar:

Hálsmál á milliskyrtu beggja megin, þar sem hneppt er: Blettir, sem líktust þornuðu blóði, reyndust með benzidinprófi að vera blóð.

Blettir í kringum buxnaklauf hægra megin reyndust einnig vera blóð, þegar bletturinn hafði verið klipptur úr, bleyttur upp í saltvatni og prófað fyrir blóði með benzidini. Innan á fóðri buxnaklaufarinnar neðan til hægra megin fundust einnig blettir, sem með benzidinprófi reyndust blóð. Það skal tekið fram, að buxurnar voru óhreinar, sérstaklega var vinstri buxnaskálm aurug framan á hnénu og niður eftir skálminni, eins og maðurinn hefði legið á hnjánum, því að hægra hnéð var líka aurugt, en miklu minna.“ Síðan er skýrt frá rannsókn á vasaklút ákærða, sem eigi leiddi í ljós neitt, sem hér skiptir máli. Að þeim kafla loknum, segir í vottorðinu: „Hár: Á einum hnappi framan á jakka mannsins voru nokkur hár föst. Voru þau ljósbrúnleit, allt að 8 cm á lengd. Fór ég í sjúkrahúsið, þar sem X lá, og klippti nokkur hár af höfði hennar. Við samanburð á hárunum bæði með berum augum og í smásjá litu hárin, sem fundust á jakka Guðmundar Þórðarsonar, út, eins og hárin á X, svo að þar mátti ekki á milli sjá.“

Við athugun prófessorsins á fatnaði telpunnar fundust engin ummerki, sem hér skipta máli.

Við læknisskoðun á ákærða fundust engin merki þess, að hann væri haldinn kynsjúkdómi.

Með skýrslu telpunnar, skýrslu ákærða sjálfs, framangreindum læknisvottorðum um ástand telpunnar og vottorði Rannsóknarstofu Háskólans um rannsókn á fötum ákærða er sannað, að ákærði hefur með ofbeldi lamað viðnámsþrótt telpunnar og haft holdlegt samræði við hana nauðuga eða þá að henni óafvitandi, eftir að hún var orðin meðvitundarlaus af völdum hans. Varðar þessi verknaður við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar sem telpan var 12 ára að aldri og útlit hennar svarar til aldurs, svo sem fram er komið í rannsókninni, varðar verknaður ákærða einnig við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga, enda þótt svo kunni að vera, að ákærði hafi í ölvunar- og ástríðuham eigi gert sér grein fyrir því, á hvaða aldursskeiði hún væri.

Að tilhlutan dómarans rannsakaði Þórður Möller, yfirlæknir á Kleppsspítala, geðheilbrigði ákærða, og er niðurstaða álitsgerðar hans á þessa leið: „Hér er hvorki um fávita að ræða,

geðveikan mann né geðveilan, heldur ofdrykkjumann, sennilega taugaveiklaðan frá bernsku, sem í drykkjuofsa vinnur ódæðisverk á 12 ára telpu á óvenjulega fruntalegan hátt. Ekkert er finnanlegt, sem dragi úr sakhæfi hans."

Refsing ákærða fyrir framangreint brot þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 10 ár. Ákærði hefur verið í gæzluvarðhaldi frá 14. janúar s.l. Ber samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að ákveða, að gæzluvarðhaldið komi með fullri dagatölu refsingunni til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, hæstaréttarlögmanns Einars Ásmundssonar, og skipaðs verjanda, héraðsdómslögmanns Sveins Snorrasonar, kr. 4.000.00 til hvors.

Dóm þenna kveður upp Valdimar Stefánsson sakadómari.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Þórðarson, sæti fangelsi í 10 ár. Gæzluvarðhald hans frá 14. janúar 1961 komi með fullri dagatölu refsingunni til frádráttar.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, hæstaréttarlögmanns Einars Ásmundssonar, og skipaðs verjanda, héraðsdómslögmanns Sveins Snorrasonar, kr. 4000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. júní 1961.

Nr. 39/1960. **Ákæruvaldið** (Árni Stefánsson hdl.)
gegn
Bjarna Sigurði Guðjónssyni og Magnúsi Jónssyni (Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Ákæra um manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur margs háttar gagnasöfnun farið fram, eins og síðar verður nánar rakið.

Að áliti héraðsdóms þótti sannað, að orsök sprengingar þeirrar, er í málinu greinir, væri sú, að fljótandi ammoníak hefði komizt í þjöppu frystikerfisins. Töldu héraðsdómendur, að þetta hefði getað gerzt með þrennum hætti, þ. e. 1) að „sporlanlokarnir" (þenslulokarnir) hefðu eigi unnið rétt, 2) að ammoníak hefði komizt inn á soggrein þjöppunnar vegna þess, að loki hefði gleymzt opinn og 3) að of mikið ammoníak hefði verið sett inn á kerfið við áfyllingu. Að áliti dómendanna gat eigi verið um tvö fyrri tilvikin að ræða, og ályktaði þeir því, að þriðja tilvikið, þ. e. offylling á kerfinu í heild, hafi verið orsök sprengingarinnar, en á þeirri offyllingu eigi ákærðu sök.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms aflaði verjandi ákærðu álitsgerða fimm sérfróðra manna um málsatriði. Voru það þeir Einar Arnórsson vélaverkfræðingur, Baldur Sveinsson vélaverkfræðingur, Geir Ó. Guðmundsson vélfræðingur, Gísli Hermannsson vélaverkfræðingur og Þorsteinn Gíslason vélaverkfræðingur, sérfræðingur í kælitækni. Gagnrýndu þeir niðurstöðu héraðsdóms í ýmsum greinum og lýstu skoðunum sínum um líklegar orsakir sprengingarinnar. Skal þess einkum getið, að Einar Arnórsson telur ósennilegt, að of mikil áfylling hafi verið orsökin, og Baldur Sveinsson

og Gísli Hermannsson telja það ekki koma til greina. Þeir Einar Arnórsson og Baldur Sveinsson benda og á, að duldir efnisgallar í þjöppunni kunni að hafa átt þátt í sprengingunni, og sama álit hefur Gísli Hermannsson látið uppi fyrir dómi. Þorsteinn Gíslason telur bersýnilegt, að þrýstigreinin hafi brostið vegna steypugalla, þar sem hún hafi átt að þola margfalt meiri þrýsting en mælar sýndu. Allir telja þeir, að aðferð ákærðu við áfyllinguna hafi eigi verið athugaverð, eins og henni er lýst í prófum málsins.

Að beiðni sækjanda og verjanda í Hæstarétti voru því næst dómkvaddir þeir verkfræðingarnir Benedikt Gröndal og Einar Þorkelsson og Viggó Jessen vélfræðingur, „til að tjá sig um gagnrýni þessa og jafnframt lýsa áliti sínu á því, hvort þeir teldu ákærðu hafa rekið frystivélarnar, eins og vera bar, er sprengingin varð, eða hvort þeir áliti, að orsakir til hennar megi rekja til gáleysis ákærðu við rekstur vélanna". Skiluðu þeir álitsgerð 10. október 1960. Segir þar m. a.:

„Við viljum hér strax taka það fram, að í þessu máli hafa átt sér stað þau alvarlegu mistök, að vélarhluta þeim, sem skemmdist og lét undan við sprenginguna, hefur verið fargað og liggur því ekki fyrir til rannsóknar. Eru því héðan í frá engin tök frá okkar hálfu að fullyrða neitt um það, hvort þar hafi komið til greina smíða- eða efnisgalli frá hendi verksmiðju þeirrar, sem vélina seldi."

„Samkvæmt skýrslum þeim, sem fyrir liggja, virðist ljóst, að allmikið vökvaslag hefur orðið í vélinni, þegar sprengingin varð og pípukista vélarinnar rifnaði.

Teljum við, að þetta vökvaslag sé orsök skemmdanna á vélinni, en hvort vökvaslagið hefur verið svo mikið, að ógölluð pípukista hefði þolað það eða ekki, verður ekki neitt með vissu sagt, þar eð stykkið er glatað, og því ekki hægt að rannsaka það.

Samkvæmt málsgögnum bera vitni það, að ekki hafi orðið vart við óeðlilegan þrýsting á mælum þrýstihliðar kerfisins.

Samkvæmt því getum við ekki fallizt á, að um offyll-

ingu kerfisins í heild hafi verið að ræða. Slík offylling hefði átt að lýsa sér þannig, að vökvageymir kerfisins hefði yfirfyllzt og vökvinn farið að stíga upp í þéttinn, en við það hefði yfirþrýstingur myndazt á þrýstihlið kerfisins.

Hitt virðist aftur fullljóst, að til þess að vökvaslag geti átt sér stað í vélinni, hefur vökvaskiljan á soghlið kerfisins hlotið að offyllast, þar til ammoníaksvökvaslettur hafi borizt inn í sogpípuna til vélarinnar. Pípa þessi liggur frá sogskiljunni niður í gólf vélahússins og er þar láréttá löngum kafla, en rís upp og inn í sogloka vélar. Ekki er ólíklegt, að vökvi hafi getað safnazt fyrir í þessari láréttu pípu um nokkurn tíma, eftir að vökvaskiljan fylltist, og síðan þeytzt snögglega með soginu inn í vélina án þess að fá tíma til að eimast. Er hætta á, að nefnd pípulögn hafi átt einhvern þátt í því að gera vökvaslagið ennþá ofsalegra en ella, ef enginn vökvalás hefði verið á sogleiðslunni."

„Til þess að vökvaskiljan offyllist, virðist engin önnur leið en að í hana hafi komizt vökvi frá tæmigeyminum."

„Til þess að vökvinn geti stigið upp í vökvaskiljuna er — — — um tvennt að ræða — — — Annaðhvort hafa einhverjir af þessum lokum af gáleysi verið skildir eftir illa lokaðir og gefið vökvanum tækifæri til að stíga áfram upp í vökvaskiljuna eða einhverjir af lokunum hafa verið óþéttir, þegar áfyllingu var lokið. Samkvæmt skýrslum líða 3 klukkustundir, frá því að hætt er að fylla á og þar til slysið verður. Teljum við það benda til þess, að þeir, sem framkvæmdu verkið, hafi talið öruggt, að öllu væri lokað sem skyldi.

Við viljum benda á, að þegar kerfið er tengt beint við stóran birgðageymi, eins og hér átti sér stað, þá þarf enn meiri aðgæzlu við áfyllingu á kerfið heldur en þegar fyllt er á það af flöskum, eins og algengast er. Enn fremur skal á það bent, að samkvæmt skýrslum virðist lítt hafa verið farið eftir vökvahæðarglösunum, sem voru á geymunum. Er þar í framburði vitnanna ýmist talað um, að vökvaglösin hafi verið nýhreinsuð eða í ólagi, en aðallega að þeim hafi lítt verið gaumur gefinn og þeim lítt treystandi.

Þar sem fyllt er á kerfið úr stórum birgðageymi, án þess að áfyllingarmagn sé mælt, eins og hér virðist hafa verið gert, teljum við það nauðsynlega öryggisráðstöfun að fylgjast með vökvaglösum á geymunum, meðan á áfyllingu stendur. Hefðu glösin verið í lagi og fylgzt með þeim undir keyrslu, hefði vökvinn ekki fengið tækifæri til að stíga upp í vökvaskiljuna, án þess að vart hefði orðið við það.

Við teljum það sjálfsagt að hafa vökvaglösin í lagi, enda engum vandkvæðum bundið, og teljum við, að enda þótt unnt sé með æfingu í gæzlu að fylgjast með keyrslunni án hæðarglasa, þá sé það ekki eins tryggt.

Að lokum viljum við aftur benda á það, að enda þótt vökvaslag hafi átt sér stað, eins og um ræðir í ofangreindu, þá verður ekki fullyrt, hvort það hafi verið slíkt, að vélin hefði ekki átt að þola það, nema um leynda galla hafi verið að ræða — — — —."

Hinir dómkvöddu menn staðfestu álitsgerð sína fyrir dómi og gáfu frekari skýringar.

Þorsteinn Gíslason hefur gert ýmsar athugasemdir við álitsgerð þessa, m. a. kemur þar fram, að hann telji, að frystitækin hafi verið lítið hrímuð og hafi þess vegna snöggt álag á þau getað valdið því, að vökvi hafi soðið upp úr þeim og inn í sogleiðsluna. Þorsteinn, Einar Arnórsson, Baldur Sveinsson, Geir Ó. Guðmundsson og Gísli Hermannsson hafa komið fyrir dóm, skýrt sjónarmið sín nánar og svarað ýmsum spurningum frá sækjanda og verjanda. Eftir það gáfu hinir dómkvöddu menn framhaldsálitsgerð, dags. 16. febrúar 1961. Segir þar m. a.:

„.... Ekkert í framburði vitnanna virðist benda til annars en að sporlanlokarnir hafi verið í góðu lagi, og eftir því sem okkur hefur verið tjáð, hafa lokarnir unnið óaðfinnanlega, eftir að greinpípan var endurnýjuð og vélin tekin í notkun á ný, án þess að snert hafi verið á þessum lokum.

Til þess að fljótandi ammoníak hafi borizt frá frystitækjunum inn í sogleiðslu vélarinnar, er þá aðeins eftir sá möguleiki, að soðið hafi upp úr þeim vegna of mikils álags

af heitu hráefni. Er þetta að okkar áliti mjög ósennilegt, þar eð frystitækin eru byggð með það stórum soggeymi, að hann á örugglega að geta tekið við í slíku tilfelli, og það væri þá aðeins um smáslettur að ræða, sem eðlilega hefðu átt að skiljast frá gufunni í sogskiljunni, hafi þar allt verið með felldu. Enn fremur skal bent á það, að samkvæmt vitnaleiðslum mun hafa verið búið að keyra á tækin ca 3 klst., og var því ennþá ósennilegra, að skyndileg yfirsuða ætti sér stað.

Ekkert í framburði hinna viðstöddu vitna virðist heldur styðja það, að slík yfirsuða hafi átt sér stað, og heldur er ekkert, sem bendir til þess, að slík yfirsuða hafi átt sér stað, hvorki fyrir eða eftir slysið.

Út frá þesum forsendum höfum við í álitsgerð okkar þ. 10. okt. 1960 ályktað, að mestar líkur fyrir orsök að fljótandi ammoníaki í sogleiðslunni séu þær, að lokar frá geymum til sogskilju hafi ekki verið nægilega lokaðir eða nægilega þéttir.

Meginatriði þessa máls er það, að samkvæmt vitnaleiðslum viðstaddra á slysstaðnum virðist óvefengjanlegt, að vökvaslag hafi átt sér stað í vélinni, áður en greinpípan rifnaði. Hvernig þetta vökvaslag var framkallað, verður að sjálfsögðu ekki með vissu sannað, en hitt er staðreynd, að umrætt frystikerfi hefur unnið óaðfinnanlega bæði fyrir og eftir að slysið varð, og verður því ekki hjá því komizt að ályktа, að það hafi verið í sambandi við áfyllingarverkið — — — —."

Samkvæmt beiðni sakadóms hefur öryggismálastjóri og gefið álitsgerð, dags. 21. marz 1961, er hann hefur staðfest fyrir dómi. Segir þar m. a.:

„Það er vitað, að eina leiðin fyrir ammoníakið til pressunnar er gegnum sogpípuna og vökvaskiljuna, en til vökvaskiljunnar er um tvær leiðir að ræða, þ. e. frá frystitækjunum og tæmigeyminum. Rannsókn málsins virðist leiða í ljós, að ekki hafi getað verið um fljótandi ammoníak frá frystitækjunum að ræða, eins og matsmennirnir benda á, og er þá ekki um annað að ræða en að fljótandi ammoníak

hafi komið frá tæmigeyminum og offyllt vökvaskiljuna. Matsmennirnir telja ekki ósennilegt, að smáslettur frá vökvaskiljunni hafi safnazt fyrir í hinum láréttа hluta sogpípunnar og að það magn hafi síðan farið allt í einu af stað, þegar pípan var orðin full eða um það bil. Þetta tel ég einnig mjög sennilegt, og Friðgeir Grímsson lætur í ljós sömu skoðun í skýrslu sinni.

Í niðurlagi skýrslunnar frá 16. febrúar 1961 komast matsmennirnir að þeirri niðurstöðu, að offylling vökvaskiljunnar hafi orðið í sambandi við áfyllingarverkið.

Það, sem rannsóknin hefur leitt í ljós varðandi atburðarásina og tilhögun verka í vélasalnum slysdaginn fram til þess er slysið varð, virðist mér einna óljósast, að því er varðar áfyllingarverkið."

Það verður að teljast efalaust, að sprenging sú, er í málinu greinir, hafi valdið dauða Hallgríms Péturssonar.

Eins og greint hefur verið, urðu þau stórfelldu mistök, að hlutur sá, er sprakk í frystikerfinu, glataðist, án þess að áður færi fram fullkomin rannsókn á því, hvort þar kynni að hafa verið um efnisgalla að tefla. Er því eigi loku skotið fyrir tilvist slíks galla, sem með tilvísun til framangreinds álits sérfróðra manna gæti verið orsök eða samorsök sprengingarinnar, en á slíkum efnisgalla bera ákærðu ekki ábyrgð. Samkvæmt álitsgerðum þeim, sem fram hafa komið eftir uppkvaðningu héraðsdóms og að framan eru raktar, verður við það að miða, að um offyllingu á frystikerfinu í heild hafi ekki verið að ræða. Ákærðu hafa fullyrt, að þeir hafi lokað öllum þeim lokum á frystikerfinu, er máli skipta, og verður eigi staðhæft, eins og sönnunargögnum málsins er háttað, að þeir hafi sýnt vanrækslu í því efni. Að áliti hinna dómkvöddu manna er og mögulegt, að fljótandi ammoníak, sem hafi safnazt í alllangri láréttri pípu lagnarinnar, hafi valdið nefndu vökvaslagi eða gert það öflugra, en á slíkri gerð lagnarinnar geta ákærðu ekki borið ábyrgð. Með tilvísun til framangreindra sérfræðigagna verður ekki talið örugglega sannað, að aðferð ákærðu við áfyllingu á kerfið hafi verið varasöm, þótt þeir hafi ekki að öllu leyti

stuðzt við hæðarglös, og ekki verður heldur talið, að hrímun á kerfinu hafi veitt þeim nægilegt tilefni til að ætla, að hætta væri á ferðum. Þá verður og ekki samkvæmt vætti vitna talið, að ákærðu hafi haft ráðrúm til að stöðva vélarnar, eftir að vökvaslag heyrðist.

Þar sem framangreind sprenging getur þannig hafa orðið af orsökum, sem ákærðu geta ekki talizt bera ábyrgð á, er eigi rétt að sakfella þá. Ber því að sýkna þá af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af málinu á ríkissjóð, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, kr. 18.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 22.000.00.

Átelja ber þau mistök, sem urðu við rannsókn málsins, að eigi var varðveittur og rannsakaður til hlítar hlutur sá, er sprakk í nefndu frystikerfi.

Dómsorð:

Ákærðu, Bjarni Sigurður Guðjónsson og Magnús Jónsson, eiga að vera sýknir af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, Árna Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 18.000.00, og laun verjanda ákærðu í héraði og fyrri Hæstarétti, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 22.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. desember 1959.

Ár 1959, mánudaginn 21. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, og meðdómsmönnunum Andrési Guðjónssyni og Þorsteini Loftssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6121—6122/1959: Ákæruvaldið gegn Bjarna Sigurði Guðjónssyni og Magnúsi Jónssyni, sem dómtekið var 15. desember s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 28. maí s.l., gegn Bjarna Sigurði Guðjónssyni vélaeftirlitsmanni, Stigahlíð 8, hér í bæ, og Magnúsi Jónssyni vélstjóra, Hásteinsvegi 58 í Vestmannaeyjum, fyrir að hafa þriðjudaginn 15. júlí 1958, kl. 1600, vanrækt, er þeir voru að störfum við vélgæzlu í frystihúsi Fiskiðjunnar h/f í Vestmannaeyjum og voru að keyra eina af þjöppum frystihússins, að fylgjast með því, sem var að gerast í frystikerfinu í sambandi við gang þjöppunnar, þannig að mikið fljótandi ammoníak komst inn í þjöppuna með þeim afleiðingum, að hún sprakk. Við sprenginguna streymdi fljótandi ammoníak og ammoníaksgufa út í vélasalinn, sem fylltist á svipstundu, og einn manna þeirra, sem þar voru að vinna, Hallgrímur Pétursson, Faxastíg 15 í Vestmannaeyjum, brenndist svo mjög, áður en honum tókst að komast út, að hann beið bana af nokkrum dögum síðar.

Teljast ákærðu með þessu atferli sínu hafa orðið valdir að bana Hallgríms Péturssonar með gáleysi og þannig gerzt brotlegir gegn 215. gr. almennra hegningarlaga. Ákærast þeir til að sæta refsingu og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Bjarni Sigurður er fæddur 16. marz 1915 á Súgandafirði. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

1943 17/7 Reykjavík. Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og missir ökuréttinda í 3 mánuði fyrir brot á áfengislögunum og bifreiðalögunum.
1943 29/9 Reykjavík. Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot.
1944 25/8 Reykjavík. Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 4/6 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 30/4 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og spellvirki. Lofaði að greiða skaðabætur.
1947 17/8 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 2/12 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1952 18/11 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1953 18/12 Reykjavík. Áminning fyrir ósæmilega hegðun.
1954 16/2 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

1954 3/8 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1955 2/1 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1955 12/5 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1956 2/1 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. 326 kr. skaðabætur fyrir spellvirki.
1956 22/2 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1958 7/10 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

Ákærði Magnús er fæddur 7. ágúst 1909 á Seljavöllum í Rangárvallasýslu. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

1935 22/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 10/3 Kærður í Vestmannaeyjum fyrir meinta ölvun og rúðubrot. Sannaðist ekki, og málið féll niður.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 15. júlí 1958 var verið að reyna frystikerfi Fiskiðjunnar h/f í Vestmannaeyjum eftir breytingar, sem gerðar höfðu verið á því dagana á undan. Höfðu ákærðu þenna starfa með höndum, og hafði annar þeirra, ákærði Bjarni Sigurður, sem er eftirlitsmaður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna með frystihúsum, komið til Vestmannaeyja til að sjá um breytingarnar. Ákærði Magnús var hins vegar 1. vélstjóri í frystihúsinu, og hefur hann séð um daglegan rekstur vélanna.

Að morgni umrædds dags hafði ammoníak verið sett á frystikerfið, er byrjað var að keyra frystivélarnar, og síðan verið bætt á kerfið annað slagið. Ákærði Bjarni Sigurður sá einn um rekstur vélanna um morguninn, en kl. 1300 kom ákærði Magnús á vakt honum til aðstoðar. Unnu ákærðu síðan saman að reynslu kerfisins þar til kl. 1600, er þjappa í kerfinu sprakk og ammoníakgufa frá henni þeyttist af miklu afli út í vélasalinn, er fylltist á skammri stundu. Er sprengingin var orðin, reyndu ákærðu, er stóðu við þjöppuna, að stöðva vélarnar, en gátu það ekki vegna ammoníakgufunnar. Urðu þeir að forða sér út úr vélasalnum um dyr á vesturenda. Auk ákærðu voru að vinna í vélasalnum, þegar sprengingin varð, þeir Guðbjörn Guðjónsson vélsmiður, Sogavegi 220, hér í bæ, Tryggvi Jónsson, nú til heimilis að Brekkugötu 9 í Vestmannaeyjum, og Hallgrímur heitinn Pétursson. Þeir Tryggvi og Guðbjörn voru að vinna við vélasamstæðu 3—4 metra frá þjöppunni, sem sprakk, og voru þeir rétt við dyraop á austurenda vélasalarins. Tókst þeim að forða sér út um opið yfir í fiskgeymslu hraðfrystihússins og þar út úr húsinu um gat á rennihurð með því að

rífa frá timbur, sem neglt var fyrir gatið. Sluppu þeir naumlega út lítt meiddir. Tryggvi brenndist þó nokkuð af ammoníakgufunni.

Hallgrímur heitinn var við suðurvegg hússins uppi í stiga í 3.—4. þrepi að vinna við að taka niður sogkút, er sprengingin varð. Var hann skammt frá þeim Tryggva og Guðbirni og mjög stutt frá opinu, sem þeir fóru út um, 3 metra að talið var. Hallgrímur heitinn kom ekki út úr vélasalnum, fyrr en að nokkurri stundu liðinni. Kom hann þá út um dyrnar á vesturenda, allur skaðbrenndur og mjög af honum dregið. Hallgrímur heitinn var strax færður í sjúkrahús, þar sem hann andaðist aðfaranótt þess 24. júlí 1958 af afleiðingum brunans og eitrunar þeirrar, sem hann hafði orðið fyrir.

Verður nú lýst húsaskipan í frystihúsi Fiskiðjunnar h/f og aðstæðum í vélasal.

Vélasalurinn, sem sprengingin varð í, er í norðvesturhorni hússins, og eru gluggar á útvegg, er veit til norðurs. Salurinn er 20 metrar á lengd frá austri til vesturs, en 8 metrar á breidd frá norðri til suðurs. Vélarnar standa norðan megin í salnum. Eru þær staðsettar þannig, talið frá vinstri: 1. ljósavél, 2. rafall, 3. frystivél, 4. aflvél, 5. frystivél með þjöppunni, sem sprakk, 6. aflvél, 7. frystivél, 8. aflvél, 9. rótordæla. Standa vélarnar með nokkuð jöfnu millibili í vélasalnum. Á vesturenda salarins koma tröppur, tveggja þrepa, upp í herbergi vélstjóra, og liggja þaðan dyr út. Á austurenda er op, er liggur út í fiskgeymslu. Í norðvesturhorni fiskgeymslunnar fast við vegg vélarúms, eru dyr út með rennihurð fyrir. Fóru þeir Tryggvi og Guðbjörn út um gat á hurð þessari. Auk þessa eru þrennar dyr á suðurenda fiskgeymslunnar og tvennar dyr á vesturenda. Voru einhverjar af dyrum þessum opnar. Næst vélasalnum að sunnan er aflangur gangur, geymagangur. Við enda hans í fiskgeymslunni er safnkútur í nokkurri hæð frá gólfi. Mun vera hægt að komast bæði yfir og undir safnkútinn inn í geymaganginn, en dyr hans, sem snúa í vestur, voru opnar. Við hlið geymagangsins að sunnan eru þrjár frystigeymslur.

Frystikerfi Fiskiðjunnar h/f í Vestmannaeyjum er ammoníaksvökvaeimkerfi. Þjappa sú, sem sprakk, er tveggja strokka af Frick gerð, tíu sinnum tíu þumlungar að stærð. Dieselmotor knýr þjöppuna með kílreimum.

Frystikerfið starfar á eftirfarandi hátt: Þjappan þrýstir heitum ammoníakeim í gegnum olíuskilju að eimsvalanum (eim-

þéttinum), og verður hann þar að vökva. Úr eimsvalanum fer vökvinn í vökvageymi, úr honum í gegnum „spiral" í sogkútnum og til lokakistu (ventlakistu). Þaðan getur vökvinn farið í eimunartæki frystiklefanna eða í hraðfrystitækin. Á ammoníakið að fara frá þessum stöðum sem kaldur eimur í lokakistur (ventlakistur), og þaðan sogast hann í gegnum sogkút að þjöppu.

Í kerfinu er tæmikútur, sem ætlaður er til að tæma ammoníak af hluta kerfisins, t. d. ef viðgerð á að fara fram. Stór safnkútur, sem tekur allt að 2000 lítrum, er fyrir allt kerfið, og er tekið af honum ammoníak, þegar bætt er á kerfið. Þjappan er útbúin með lausri þrýstilokaplötu, sem haldið er niðri með sterkum gormi. Þessi plata getur lyfzt, ef vökvi kemur í þjöppuna. Einnig er öryggisloki á þrýstigreininni, er opnar yfir í soggreinina, ef þrýstingurinn verður of hár. Þá eru þrýsti- og sogmælar á leiðslum við þjöppuna. Loks eru vökvahæðarglös á vökvakút, tæmikút og safnkút, og sést vel á þau úr vélasal.

„Sporlan"-loka var nýbúið að setja á hraðfrystitækin, eins og síðar mun rakið.

Er sprengingin varð, rifnaði þrýstigreinin á þjöppunni, og streymdi ammoníakið frá rifunni út í vélasalinn.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna um slysið.

Ákærði Bjarni Sigurður hafði, eins og áður greinir, séð um breytingar á frystikerfinu og uppsetningu véla í frystihúsinu dagana áður en slysið varð. Höfðu m. a. verið settir „sporlan" lokar á hraðfrystitækin í stað flotloka, og var verið að reyna þá í fyrsta sinn, er sprengingin varð. Að morgni þess 15. júlí var frystikerfið tómt eftir breytingarnar, er vinna hófst í frystihúsinu. Milli kl. 0900 og 1000 var byrjað að setja ammoníak á kerfið.

Keyrði ákærði Bjarni Sigurður frystivélarnar, og taldi hann sig bera ábyrgð á rekstri þeirra, þar til úttekt væri lokið. Væri það venjan, þegar hann kæmi í frystihús til lagfæringa eða breytinga, að hann tæki að sér yfirstjórn frystivélanna af 1. vélstjóra.

Var fyllt á kerfið annað veifið þar til klukkan rúmlega 1300, skömmu eftir að ákærði Magnús kom á vakt, en þá fór síðasta áfylling fram.

Vitnið Bjarni Sigurður skýrði fyrst frá því, að þjappan, sem sprakk, hafi verið keyrð venjulega frystikeyrslu, og samtímis hafi ammoníaki verið bætt á kerfið til þess að fylla á frystitækin. Ákærði Magnús kvað og þjöppuna hafa verið keyrða

venjulega frystikeyrslu, er sprengingin varð, en hins vegar hafi ekki verið bætt á kerfið. Er ákærðu var bent á þetta ósamræmi í framburðum þeirra, breytti ákærði Bjarni Sigurður framburði sínum á þá leið, að áfylling á kerfið hafi síðast farið fram kl. rúmlega 1300, og síðan hafi ekki verið bætt meiru á kerfið. Gaf ákærði þá skýringu á þessari breytingu, að um ónákvæma bókun á svari sínu hefði verið að ræða.

Áfyllingin á kerfið, eftir að ákærði Magnús kom á vakt, tók 5—10 mínútur, en ekki kveðst ákærði Bjarni Sigurður geta sagt til um það, hversu mikið ammoníak var sett á kerfið. Við mat á því, hvort nægilegt ammoníak hafi farið inn á kerfið, þá kvaðst ákærði miða við það, að þegar flotloki pannanna hefur lokað fyrir og opnað á víxl með sömu stöðu í vökvageymi kerfisins, þá sé nóg komið. Ákærði kveðst fylgja þeim reglum við áfyllingu frystikerfa af aðalbirgðageymi, að fyrst sé ammoníak tekið af aðalbirgðageymi inn á milligeymi, og þegar talið sé, að nægilegt sé komið af því, þá sé lokað fyrir áfyllinguna og samband milli sog- og tæmikúts (millikúts). Að því búnu sé opnað fyrir samband milli vökvageymis kerfisins og millikúts. Við ákvörðun á því, hvenær nægilega mikið sé komið inn á millikút, gefi glasið á honum ekki nægilega vísbendingu, þar sem stöðug suða sé á kútnum, á meðan á rennsli stendur. Þegar suðan hverfi við það, að lokað er fyrir rennsli af aðalbirgðageymi og sambandið milli sogkúts og millikúts lokað, en opnaðar leiðslur milli milligeymisins og vökvageymisins, sé hægt að hafa glasið til ákvörðunar um það, hvað tæmingu líði.

Ákærði kveðst fara eftir glasi á vökvageymi um hæð vökvans þar. Sé þetta glas ekki tryggt, þá sé hægt að sjá „ástandið á fyllingu kerfisins“ eftir 6—8 klukkustunda keyrslu, hafi flotlokarnir (ventlarnir) opnað og lokað á víxl. Ákærði tók fram, að glasið á vökvageyminum hafi verið hreinsað í vikunni, áður en slysið varð. Var það hreint, er byrjað var að fylla á kerfið um morguninn. Einnig kveður ákærði afköst frystitækjanna hafa verið eðlileg eftir hreinsunina og lagfæringarnar. Ákærði kveður það algengt hér á landi, að glösin á ammoníaksgeymunum í frystihúsum séu í ólagi, og þurfi það ekki að vera vegna kæruleysis gæzlumanna, heldur sé það vegna gerðar glasanna. Ákærði kveður þá hafa fylgzt stöðugt með glasinu, en það hafi ekki sýnt rétt. Ákærði tók þó fram, að ekkert samband hafi verið milli óábyggileika hæðarglassins á vökvageyminum og sprengingarinnar. Ákærði kveðst hafa vitað, að glasið var

ótryggt, en sprengingin hafi orðið um það leyti, sem hann fór að rengja það. Er ákærði var ítrekað spurður um þetta atriði, kvaðst hann hafa rengt glasið, og alltaf væri meiri og minni olía, sem kæmist í þessi glös. Ákærði kveður glasið hafa sýnt meira en hann bjóst við að væri í vökvageymi. Ákærði rengdi glasið vegna þess, að hann taldi, að vökvinn af glasinu lækkaði ekki nægilega ört, miðað við strauminn af ammoníaki af geyminum inn á tækin. Ákærði taldi, að ammoníak það, er var á kerfinu, væri hæfilegt, og taldi hann öruggt, að það væri ekki of mikið. Byggði ákærði þessa skoðun sína á því, að byrjað var að frjósa á efstu plötum í hraðfrystitækjunum. Ákærði taldi, að ekki hefði gengið meira á aðalbirgðageymi en eðlilegt var, er tekið var af honum.

Ákærði kveðst hafa átt að fylgjast með því, hvort „sporlan" lokarnir ynnu eða rafstraumur væri á þeim, en ljós kviknar á peru, þegar svo er. Ekkert var athugavert við kælivatnið til þjöppunnar eða eimþéttisins. Ákærði fylgdist stöðugt með þrýsti- og sogmælunum, áður en þjappan sprakk, eins og hann gerir ævinlega, þegar hann er að reynslukeyra. Kom ekkert athugavert fram á mælunum, og sýndu þrýstimælarnir ekki óeðlilega háan þrýsting. Þá var sogkúturinn að sögn ákærða alhrímaður allan tímann, á meðan á keyrslunni stóð þenna dag, enda er hann það ævinlega. Einnig var sogrörið hrímað.

Búið var að keyra frystivélina venjulega frystikeyrslu í rúmar 4 klukkustundir, þegar sprengingin varð. Var gangur þjöppunnar á engan hátt óeðlilegur, hvorki óeðlilega þung högg frá vélinni né heldur, að gangurinn væri óeðlilega þungur. Ekkert benti til þess, að álag vélarinnar, sem knýr þjöppuna, væri óeðlilega mikið rétt fyrir sprenginguna, og varð ákærði ekki var við, að þjappan létti á sér rétt fyrir sprenginguna. Varð ákærði ekki var við neitt óeðlilegt við frystikerfið, fyrr en í sömu andránni og þjappan sprakk, og gerðist þetta allt svo skyndilega, að ekkert ráðrúm var til að afstýra því. Ákærði kveður orsök sprengingarinnar hafa verið þá, að þjappan hafi fengið fljótandi ammoníak, en um ástæðurnar fyrir því kveðst hann ekki vita. Ákærði kveður möguleikana á því að fá fljótandi ammoníak inn á sogkútinn vera þrjá. Sá fyrsti væri sá, að ammoníak gæti þétzt í kútnum og orðið að vökva, annar við áfyllingu á kerfið og sá þriðji, að loki hraðfrystitækjanna stæði á sér.

Eftir að sprengingin var orðin, kveður ákærði hafa verið kallað upp, að allir skyldu forða sér út úr húsinu. Ákærði kveðst

hafa séð til Hallgríms heitins uppi í stiganum, og hafi hann verið álíka langt frá þjöppunni og hann var, en hinum megin við hana. Ákærði kveðst hafa séð, að Hallgrímur heitinn leit við, er kallað var upp, að allir skyldu fara út. Er sprengingin varð, varð um leið dimmt í húsinu, er ammoníaksgufan streymdi frá þjöppunni. Sá ákærði síðan ekki meira til Hallgríms heitins, fyrr en hann kom út úr salnum, og kveðst ákærði geta trúað, að það hefði tekið hann 3—4 mínútur. Ákærði gat ekki hugsað sér neina skýringu á því, hve langan tíma það tók Halgrím heitinn að komast út úr vélasalnum.

Ákærði gat ekkert athugavert séð við brotið frá þjöppunni, er hann athugaði það eftir sprenginguna.

Ákærði Magnús Jónsson hefur skýrt frá því, að hann hafi unnið algerlega eftir fyrirsögn ákærða Bjarna Sigurðar í umrætt skipti og talið hann bera ábyrgð á keyrslu frystitækjanna, á meðan á uppsetningu og reynslukeyrslu stæði, en ákærði er 1. vélstjóri eða yfirvélstjóri í frystihúsinu. Ákærði kveðst ekki vita, hvort sami háttur væri hafður á í öðrum frystihúsum, en taldi, að svo væri.

Ákærði kom á vakt í frystihúsinu kl. 1300, og var um það leyti sett ammoníak í viðbót á kerfið í 5—6 mínútur, enda var þá verið að taka fleiri hraðfrystitæki í notkun af þeim, sem kerfinu tilheyra. Ákærði kvað þjöppu þá, er sprakk, hafa verið einu þjöppuna, sem var í gangi og hafði verið í gangi að undanförnu. Vélin hafði verið keyrð venjulega frystikeyrslu í 4 klukkustundir, áður en sprengingin varð, og var þá ekki verið að bæta á hana ammoníaki. Ákærði kveðst ekki vita annað en að „sporlan" lokarnir hafi verið í lagi, en ákærði Bjarni Sigurður hafði fylgzt með þeim ásamt öðru, er keyrsluna varðaði. Þá kveðst ákærði ekki vita annað en millikúturinn væri tómur, enda var hann hrímaður. Hæðarglasið var tómt, en ákærði er öruggur um, að það var í lagi, og sömuleiðis, að kælivatnið var í lagi. Sogmælirinn var á 0 eða rétt neðan við, og þrýstimælirinn sýndi 95—115 pund á ferþumlung. Voru tölur þessar þær hagstæðustu, sem ákærði mundi eftir í starfi sínu. Sogkúturinn var alhrímaður fyrir sprenginguna, en olíuskiljan var óhrímuð þangað til eftir sprenginguna, en þá var hún hrímuð að neðan um það bil að hálfu leyti. Sogrörið að þjöppunni var hrímað fyrir sprenginguna, eins og að jafnaði, að sögn ákærða.

Ákærði kveður það öruggt, að enginn loki hafi verið opinn

frá safnkút (birgðakút) yfir í kerfið í umrætt skipti, enda hafi þetta verið athugað sérstaklega eftir sprenginguna.

Á vökvageymi (receiver), sem er í rúmi til hliðar í vélasal, er hæðarglas, sem liggur inn í vélasalinn, og sést á það úr vélasal. Var hæðarglasið hreint og sýndi rétta vökvahæð.

Ákærði kveður þó hafa komið fyrir, að glasið sýndi ekki rétta vökvahæð. Var lögnin að því gölluð. Ákærði kveðst árlega hafa farið yfir hæðarglösin og leiðslurnar að þeim, og var hann nýbúinn að fara yfir efra glasið. Tók ákærði fram, að það væri reynsla sín, að ef ekki kæmi ammoníak í efra glasið á tæmikútnum, væri ekki of mikið á kerfinu.

Ákærði kveður þjöppunina hafa gengið að öllu leyti eðlilega fyrir sprenginguna, á meðan hann var í frystihúsinu. Voru hvorki óeðlileg högg frá vélinni né gangur óeðlilega þungur. Ekkert benti til þess, að álag mótorsins, sem knýr þjöppuna, væri óeðlilega mikið fyrir sprenginguna.

Ákærði kveður algengustu orsök þess að fá fljótandi ammoníak inn á þjöppu vera þá, að það komist þannig í sogkútinn frá tækjum, sem eru í notkun, og í þessu tilfelli voru það hraðfrystitækin. Einnig kveður hann vera möguleika á þessu við áfyllingu úr birgðageymi, en um það hafi ekki verið að ræða í þetta skipti. Ákærði kveður ekkert óvanalegt hafa verið að gerast, sem valdið gat því, að fljótandi ammoníak færi inn í þjöppuna.

Ákærði kveður koma sér til hugar sem orsök sprengingarinnar, að leyndur galli hafi verið á þjöppunni eða að óþekkt gastegund hafi komizt þar að, því að ákærði kveður sér hafa virzt eldur koma, um leið og sprengingin varð.

Ákærði stóð tvö skref frá þjöppunni, er sprengingin varð. Kveður hann allt hafa gerzt á sömu stundu, að dieselvélin létti á sér, vökvaslag heyrðist frá þjöppunni og stykkið sprakk frá henni.

Við sprenginguna kvað ákærði ammoníakgufu hafa þrýstst með 100 punda þrýstingi út í vélasalinn. Ákærði ætlaði að henda sér á ventlana á þjöppunni og loka fyrir ammoníakið, en varð að hverfa frá vegna gufunnar. Einnig varð ákærði að hætta við af þessum sökum að gera tilraun til að tengja þjöppuna frá aflvélinni. Á leiðinni út skrúfaði hann hins vegar fyrir eins mikið af krönum og unnt var til þess að stöðva ammoníakaðstreymi að þjöppunni.

Ákærði er öruggur um það, að Hallgrímur heitinn varð örugglega var við það, er var að gerast, eftir að sprengingin varð. Ákærði taldi, að 4—5 mínútur hefðu liðið, frá því að sprengingin varð, þar til Hallgrímur heitinn kom reikandi út úr ammoníakgufunni. Taldi ákærði, að hann hefði villzt í húsinu, er gufan lenti á honum. Er hann fór í gegnum vélasalinn fram hjá þjöppunni, hafði fljótandi ammoníak lent á honum. Hallgrímur heitinn hafði að sögn ákærða starfað í Fiskiðjunni síðustu 4 árin fyrir slysið, þar af a. m. k. 2 ár með ákærða sem vélgæzlumaður.

Vitnið Guðbjörn Guðjónsson vélvirki var í vélasalnum, þegar sprengingin varð, eins og áður er rakið. Vitnið var að vinna við austustu vélasamstæðuna ásamt Tryggva Jónssyni. Vitnið kveðst hafa séð til Hallgríms heitins eftir sprenginguna, þar sem hann var að fara niður úr stiganum. Vélasalurinn fylltist af ammoníakgufu á svipstundu. Vitnið og Tryggvi forðuðu sér út, eins og áður greinir, og var mjög af þeim dregið, er þeir komust undir bert loft.

Vitnið kveðst ekki vita, hver var ástæðan til þess, að Hallgrímur heitinn fylgdi ekki á eftir þeim út, en finnst líklegt, að hann hafi ætlað að þjöppunni, sem sprakk, til að aðhafast þar eitthvað.

Vitnið kveður ákærða Bjarna Sigurð hafa kallað upp, er sprengingin varð, að allir skyldu forða sér út. Vitnið kveðst hafa verið við vinnu sína í frystihúsinu allan umræddan dag. Vitnið fylgdist ekki með því, hvað ákærðu voru að gera. Vitnið varð ekki vart við annað en gangur frystivélanna væri með eðlilegum hætti, fyrr en það heyrði vökvaslögin frá þjöppunni. Liðu 1—2 mínútur, frá því að þau byrjuðu, þar til sprengingin varð. Stóð ákærði Bjarni Sigurður við kútasamstæðuna, en ákærði Magnús við vélasamstæðuna, er þetta gerðist. Taldi vitnið, að ákærði Magnús hefði ætlað að loka fyrir þjöppuna, strax og slögin heyrðust, en vissi annars ekki, hvað hann aðhafðist, þar sem það sá ekki til hans.

Vitnið Tryggvi Jónsson vélvirkjameistari, Brekkugötu 9, Vestmannaeyjum, var að vinna í vélasalnum með Guðbirni Guðjónssyni í umrætt skipti. Vitnið var nýkomið inn í vélasalinn og búið að vera þar innan við eina mínútu, er sprengingin varð. Vitnið kveðst ekkert vita um orsakir sprengingarinnar. Vitnið kveðst ekkert hafa séð frá sér vegna ammoníakgufunnar, er

það forðaði sér út. Vitnið sá síðast til Hallgríms heitins, þar sem hann stóð í stiganum við suðurvegginn.

Vottorð Björns Júlíussonar læknis, dagsett 11. ágúst 1958, um meiðsli Hallgríms heitins og andlát er á þessa leið:

„Vottorð vegna slyss Hallgríms Péturssonar (f. 6/4 1906), Faxastíg 15, hér í bæ, en hann slasaðist í vélasal Fiskiðjunnar h/f þriðjudaginn 15. júlí 1958, er frystipressa sprakk, svo að yfir hann þeyttist fljótandi og loftkennt ammoníak.

Komið var með slasaða á Sjúkrahús Vestmannaeyja kl. 1610. Þar tóku við honum læknar spítalans, Einar Guttormsson yfirlæknir, undirritaður aðstoðarlæknir og Einar Valur Bjarnason stud. med.

Slasaði er með meðvitund, þegar hann kemur á spítalann. Hann er löðrandi í ammoníaki frá hvirfli til ilja, svo að rista verður utan af honum fötin úti á hlaði. Síðan er honum strax gefið súrefni, því hann á mjög erfitt með að anda, dyrpnoe. Slasaði er mjög brenndur í andliti, hægri vangi má heita eitt fleiður frá enni niður á háls, síðar myndaðist þar mikill bjúgur og blöðrur. Hægra auga er sokkið í bólguna. Vinstri vangi er og mikið brunninn, en minna. Vinstra auga er sokkið. Nefið má heita eitt fleiður svo og varir, mikið brenndur í munn- og nefholi, bæði eyru mjög brennd. Hægri handleggur og hönd eru brunnin ofan frá miðjum upphandlegg og fram á fingur. Hægri holhönd er eitt fleiður svo og hægri öxl aftanvert upp á háls. Blöðrur eru á stóru svæði á baki og lendum og mikill bruni á kynfærum. Vinstri handleggur og hönd eru brunnin upp á miðjan framhandlegg, og á bringu eru talsverðar blöðrur. Báðir fætur eru brenndir frá tám og upp yfir ökla. Dálítill bruni er á vinstri kálfa.

Slasaði er ákaflega þjáður, svo að gefa verður honum svæfingu, meðan sár hans eru könnuð og gert að þeim. Hann hefur greinileg einkenni um lungnalopa, lungnaödem. Hann hefur og eggjahvítu í þvagi.

Fyrstu dagana var slasaði eingöngu nærður með vökvagjöfum í æð, fékk og blóðgjafir. Virtist honum í fyrstu vegna eftir vonum, en sjón var þó mjög skert, gat greint fólk í móðu, en ekki þekkt, báðar hornhimnur voru mjög etsaðar. Þann 23. júlí fór slasaða að þyngja, fékk hita og lungnabólgu, þrátt fyrir antibiotika, og dó aðfaranótt 24. júlí 1958.

Ályktun: Slasaði dó vegna afleiðinga ammoníakbruna og eitrunar.

Diagnosis: Pneumonia, ambustio et intoxicatio ammonie."

Svo sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að orsök sprengingarinnar hafi verið sú, að fljótandi ammoníak hafi komizt inn í þjöppuna, enda hafa báðir ákærðu viðurkennt þetta. Hins vegar hefur ekki tekizt að upplýsa, hvernig þetta hafi orðið, þar sem ákærðu telja sig ekki vita það. Að áliti dómsins getur þetta gerzt með þrennum hætti. Í fyrsta lagi, að „sporlan" lokarnir (þenslulokarnir) hafi ekki verkað, eins og vera bar, í öðru lagi, að ammoníak hafi komizt inn í soggrein þjöppunnar, vegna þess að loki hafi gleymzt opinn, og loks í þriðja lagi, að of mikið hafi verið sett á kerfið við áfyllingu. Um bilun í „sporlan" lokunum var ekki að ræða samkvæmt framburðum ákærðu og öðru, sem fram hefur komið í máli þessu. Ekki er heldur neitt komið fram um það, að ammoníak hafi komizt inn í þjöppuna vegna loka, sem gleymzt hafi opinn. Er þá ekki um annað að ræða en of mikið ammoníak hafi verið sett á kerfið, og þar sem ekki er komið fram, að um neina bilun í frystikerfinu hafi verið að ræða, telur dómurinn sannað, að svo hafi verið.

Eins og fram kemur af framburðum ákærðu, var hæðarglasið á vökvageymi (receiver) ekki í lagi sakir galla á því. Höfðu því ákærðu ekki aðstöðu til að meta, hve mikið ammoníak var komið inn á kerfið og hljóta því að hafa verið í óvissu um það.

Sú aðferð Bjarna Sigurðar að ætla sér, sé glasið á vökvageymi ekki tryggt, að miða áfyllinguna við ástandið eftir 6—8 klukkutíma keyrslu, hafi ventlarnir opnað og lokað á víxl, er fráleit að áliti dómsins. Þá lítur dómurinn svo á, að af framburðum ákærðu megi ráða, að skort hafi þá sérstöku aðgæzlu, sem viðhafa þarf, eftir að slíkar breytingar hafa farið fram, sem um var að ræða í þetta skipti, sbr. það, sem segir um áfyllinguna.

Eins og áður er rakið, hafa báðir ákærðu haldið því fram, að ákærði Bjarni Sigurður hafi tekið að sér yfirstjórn frystihússins og þannig borið alla ábyrgð á rekstri vélanna við komu sína þangað fyrir slysið. Enda þótt ákærði Bjarni Sigurður sé viðurkenndur fagmaður við meðferð frystivéla, lítur dómurinn svo á, að slíkt fyrirkomulag sé óhæft og geti á engan hátt leyst 1. vélstjóra undan starfsábyrgð sinni.

Svo sem nú hefur verið rakið, lítur dómurinn svo á, að sprengingin hafi orðið fyrir vangæzlu ákærðu beggja, og þar sem bani Hallgríms heitins Péturssonar hlauzt af sprengingunni, hafi ákærðu orðið brotlegir gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin 5000.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00, in solidum.

Theódór Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hafði á hendi frumrannsókn í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði Bjarni Sigurður Guðjónsson greiði 5000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Magnús Jónsson greiði 5000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. júní 1961.

Nr. 62/1961. **Jóhanna Þórðardóttir Kaldalóns**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Hafsteini Hjartarsyni, Kristni Jónssyni, Benedikt Björnssyni, Herði Guðmundssyni og Kjartani Ásmundssyni og gagnsök þeirra
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
og gegn
Hilmari Sigurðssyni til réttargæzlu.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa eins sameiganda að húseign um útburð leigutaka eigi tekin til greina.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. marz 1961 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð og að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða henni in solidum málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 4. apríl 1961 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, að því er málsefnið varðar, og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Húseignin nr. 92 við Laugaveg er gamalt timburhús með tveimur hæðum. Er neðri hæðin á uppsteyptum kjallara, en austast í húsinu er nú lítil sælgætisbúð og gengið inn í hana af jafnsléttu. Hús þetta áttu hjónin Þórður Jóhannsson, sem dó á árinu 1950, og Jóhanna Sigríður Eiríksdóttir, sem dó rétt fyrir áramótin 1952. Dætur þeirra, aðaláfýjandi, Jóhanna Kaldalóns, og Sigrún, fengu húsið að erfðum með heimildar-

bréfi 23. nóvember 1950. Segir um þetta í vottorði borgarfógeta, dags. 26. október 1960, að „húseignin Laugavegur 92 með tilheyrandi eignarlóð" sé eign Jóhönnu Þórðardóttur að hálfu og Sigrúnar Þórðardóttur að hálfu.

Aðaláfrýjandi bjó frá því 1947 ásamt manni sínum, Snæbirni Kaldalóns, á neðri hæð hússins, en þau hjónin byggðu einlyft bakhýsi, sem þau áttu ein. Féll það í hlut aðaláfrýjanda, er þau skildu 1955. Á efri hæð bjó móðir þeirra systra fram til dauðadags. Aðaláfrýjandi staðhæfir, að hún hafi allt frá upphafi sameignar þeirra systra haft afnot og arð neðri hæðar, en Sigrún efri hæðar, enda hafi hún greitt Sigrúnu húsaleigu fyrir móður þeirra, meðan hún lifði. Sigrún segir hins vegar, að hún og maður hennar, Einar Jónsson, hafi eftir lát móður þeirra systra viljað gera samning um skiptingu afnota og arðs af húseigninni, en aðaláfrýjandi hafi staðið því í vegi. Er auðsætt af framlögðum bréfaskriftum, að misklíð hefur verið með þeim systrum um meðferð eignarinnar, og eigi tókst þeim að selja eignina í heild með þeim kjörum, er þær báðar sættu sig við, en í reynd naut aðaláfrýjandi afnota og arðs neðri hæðar, en Sigrún arðs efri hæðar. Sigrún leysti skipti þeirra systra með þeim hætti, að hún seldi með afsali, dags. 19. janúar 1961, gagnáfrýjendunum Benedikt Björnssyni, Herði Guðmundssyni og Kjartani Ásmundssyni „eignarhluta" sinn „í fasteigninni nr. 92 við Laugaveg hér í bæ, sem er nánar tilgreint helmingur húss og lóðar í óskiptri sameign. Undanskilin sölu þessari er bráðabirgðabygging án lóðarréttinda á baklóð hússins — — —. Hinn seldi eignarhluti er seldur í því ástandi, sem hann nú er í og kaupendur hafa kynnt sér við skoðun".

Víkur nú sögunni að skiptum aðaláfrýjanda og gagnáfrýjenda. Með skriflegum samningi, dags. 24. marz 1959, leigði aðaláfrýjandi þeim Hilmari Sigurðssyni og Þorvarði Guðmundssyni, sem ráku fyrirtæki undir nafninu Aðstoð s/f, tvö herbergi í norðurenda neðri hæðar nefnds húss auk aðgangs að salerni og snyrtiherbergi.

Segir í samningnum, að leigutíminn hafi hafizt 1. desember 1958 og skuli ljúka hinn 1. desember 1961. Innanbún-

aður, er leigutakar áttu að annast, skyldi að leigutíma loknum vera eign leigusala. Leigan var kr. 750.00 á mánuði. Óheimilt skyldi leigutökum að leigja öðrum húsnæðið, nema með samþykki leigusala. Þorvarður Guðmundsson gekk úr fyrirtækinu Aðstoð s/f um áramótin 1959—60. Virðist Hilmar Sigurðsson þá hafa átt það einn. Hann seldi gagnáfrýjanda Hafsteini Hjartarsyni fyrirtækið, en hann seldi gagnáfrýjanda Kristni Jónssyni helming þess. Hélt fyrirtækið áfram starfsemi sinni í hinu leigða húsnæði þrátt fyrir eigendaskiptin. Þá auglýstu gagnáfrýjendurnir Kristinn Jónsson og Hafsteinn Hjartarson í Lögbirtingablaðinu hinn 4. febrúar 1961, að þeir ræki bifreiðaviðskipti í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Aðsókn, Laugavegi 92.

Þá er aðaláfrýjandi varð þess vís, að gagnáfrýjendurnir Hafsteinn Hjartarson og Kristinn Jónsson voru orðnir eigendur fyrirtækisins Aðstoðar s/f og höfðu tekið við leigumálanum af upphaflegum leigutökum, krafðist hún útburðar á hendur þeim fyrst í desember 1960, og, er það útburðarmál hafði verið fellt niður, hinn 6. febrúar 1961. Telur aðaláfrýjandi gagnáfrýjendurna Hafstein Hjartarson og Kristin Jónsson engan leigurétt eiga til húsnæðisins, og auk þess hafi vanskil orðið á leigugreiðslum frá 1. janúar 1961, þótt vangreidd leiga væri greidd í fógetadómi og síðar boðin fram. Gagnáfrýjendurnir Benedikt Björnsson, Hörður Guðmundsson og Kjartan Ásmundsson hafa gengið inn í málið og krafizt þess, að útburðurinn fari eigi fram. Telja þeir, að aðaláfrýjandi sé eigi bær að krefjast á eindæmi sitt útburðar, þar sem hún eigi húseignina að hálfu í óskiptri sameign á móti þeim samkvæmt heimildarskjölum eignarinnar og þeir eigi því ráðstöfunarrétt til allrar eignarinnar að hálfu. Gegn þessum mótmælum hefur aðaláfrýjanda eigi tekizt að sanna, að hún eigi rétt til að ráðstafa afnotum neðri hæðar hússins nr. 92 við Laugaveg á eindæmi sitt og að sameigendum sínum forspurðum. Ber því að synja um útburðinn og staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 18. marz 1961.

Gerðarbeiðandi, Jóhanna Kaldalóns, Laugavegi 92, Reykjavík, hefur krafizt þess, að gerðarþolar, Hafsteinn Hjartarson, Skaftahlíð 13, Lýður Kristinn Jónsson, Grettisgötu 73, og Hilmar Sigurðsson, Sogavegi 170, verði með útburðargerð sviptir umráðum atvinnuhúsnæðis, sem þeir hafi undanfarið notað í húsinu Laugavegi 92, hér í bæ. Gerðarbeiðandi krefst þess, að gerðarþolum verði in solidum gert að greiða sér málskostnað.

Þeir Hafsteinn Hjartarson og Lýður Kristinn Jónsson hafa látið mæta í máli þessu og krafizt þess, að synjað verði um útburðargerð þessa, og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Þá hafa þeir Kjartan Ásmundsson, Aðalstræti 8, og Benedikt Björnsson og Hörður Guðmundsson, báðir til heimilis að Álfheimum 38, gerzt meðalgönguaðiljar í mál þetta. Krefjast þeir þess, að synjað verði um útburðargerð þessa og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða málskostnað.

Gerðarbeiðandi hefur krafizt þess, að meðalgönguaðiljunum verði gert að greiða sér málskostnað in solidum með fyrrnefndum gerðarþolum.

Mál þetta var tekið til úrskurðar, að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 9. þessa mánaðar.

Í máli þessu liggur fyrir leigusamningur gerðarbeiðanda Jóhönnu Kaldalóns við sameignarfélagið Aðstoð. Þar leigir gerðarbeiðandi Aðstoð s/f 2 herbergi í norðurenda hússins (gamla húsinu) á neðri hæð ásamt aðgangi að salerni og snyrtiherbergi á 1. hæð hússins. Leiguupphæð er kr. 750.00 á mánuði og skyldi greiðast fyrirfram fyrir hvern mánuð í senn hinn 1. hvers mánaðar. Ákvæði eru um leigumálaslit, ef vanskil verða á leigugreiðslum, ef húsfriður er truflaður eða húsnæðið notað til annars en um var samið. Þá er þess getið, að framleiga húsnæðisins sé óheimil, án samþykkis gerðarbeiðanda. Loks er tekið fram, að leigutíma skuli ljúka hinn 1. desember 1961. Sjá að öðru leyti rskj. nr. 3.

Gerðarbeiðandi ritar fógetarétti Reykjavíkur hinn 6. febrúar s.l. og krefst þess, að gerðarþolar þeir, er að ofan getur, verði

með útburðargerð sviptir umráðum hins leigða húsnæðis. Byggist útburðarkrafan á því, að aðiljaskipti hafa orðið að afnotum húsnæðisins. Segir sóknaraðili, að gerðarþoli Hilmar Sigurðsson og maður að nafni Þorvarður Guðmundsson hafi staðið að Aðstoð s/f og hafi þeir undirritað leigusamninginn, sjá rskj. nr. 2. Nú hafi Þorvarður gengið úr fyrirtæki þessu um áramótin 1959—1960, og kveðst gerðarbeiðandi hafa fengið vitneskju um það á haustinu 1960. Vegna þess höfðaði gerðarbeiðandi útburðarmál fyrir fógetarétti Reykjavíkur hinn 16. desember 1960, en það mál var fellt niður. Gerðarbeiðandi telur leigumála við Aðstoð s/f fyrirgert af þessum sökum samkvæmt almennum reglum. Þá hafi Hilmar Sigurðsson hinn 1. desember 1960 selt Hafsteini Hjartarsyni gerðarþola máls þessa sinn hlut í fyrirtækinu Aðstoð. Segist gerðarbeiðandi ekki hafa samþykkt þá ráðstöfun og raunar ekkert um það vitað.

Gerðarbeiðandi telur leigumálann hafa verið brotinn með þessu hátterni og í svo mikilvægu efni, að varða eigi riftun og útburði.

Þá segir gerðarbeiðandi, að algert greiðslufall hafi orðið allt frá 1. janúar 1961, og krefst hún útburðar einnig af þeirri ástæðu.

Gerðarþolar mótmæla því, að þeir hafi gerzt sekir um vanefndir. Hinn upphaflegi leigutaki hafi verið Aðstoð s/f og sé það enn, enda sé það og enn leigutaki, þótt eigendaskipti hafi orðið. Hafsteinn Hjartarson hafi keypt hlut Hilmars Sigurðssonar í fyrirtæki þessu, og hafi í þeim kaupum fylgt húsaleigusamningur um húsnæðið að Laugavegi 92. Hafsteinn segist svo hafa selt Lýði Kristni Jónssyni helminginn í þessu fyrirtæki, og er það staðfest af Lýði Kristni.

Gerðarþolar halda því fram, að gerðarbeiðandi hafi neitað að taka við leigugreiðslum og hafi fyrir þær sakir dregizt að borga leigu frá og með s.l. áramótum. Sú leiga, janúar, febrúar og marz, var innt af hendi í réttarhaldi hinn 2. þessa mánaðar, og tók gerðarbeiðandi við henni með fyrirvara um útburð.

Meðalgönguaðiljar málsins vísa til vottorðs borgarfógeta, sem lagt hefur verið fram sem rskj. 14 í máli þessu og er dagsett hinn 24. febrúar s.l. Þar segir, að Jóhanna Þórðardóttir Kaldalóns hafi eignazt hluta hússins Laugavegar 92 hinn 23. nóvember 1950 og 13. ágúst 1955, en þeir Kjartan Ásmundsson, Benedikt Björnsson og Hörður Guðmundsson hinn 19. janúar 1961.

Þeir mótmæla því, að gerð þessi fari fram, þar eð þeir óski ekki að styðja kröfur gerðarbeiðanda í máli þessu. Þessi fast-

eign sé í óskiptri sameign eigenda, og beri því með tilliti til 46. gr. laga nr. 85/1936 að synja um útburðargerðina.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að fasteigninni Laugavegi 92 hafi verið skipt fullum afnotaskiptum, allt frá því að sameign um hana stofnaðist. Hafi systir hennar Sigrún Þórðardóttir verið hinn aðili sameignarinnar, sem stofnaðist árið 1950, og hún hafi leigt út efri hæðina algerlega á sitt eindæmi, og gerðarbeiðandi sjálf að sama skapi ráðið yfir neðri hæðinni, þar sem hið umdeilda húsnæði er, leigt það út og hirt af því leigu, allsendis athugasemdalaust af hinum sameignaraðiljanum.

Samkvæmt afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur selur ofannefnd Sigrún Þórðardóttir meðalgönguaðiljum máls þessa eignarhluta sinn í húseigninni Laugavegi 92 hinn 19. janúar 1961, sbr. rskj. nr. 14.

Í máli þessu hafa verið lögð fram nokkur bréf, sem farið hafa á milli umboðsmanna þeirra Jóhönnu Kaldalóns, gerðarbeiðanda máls þessa, og Sigrúnar Þórðardóttur, sameiganda hennar að fasteigninni Laugavegi 92, á árinu 1956 og fyrri part árs 1957. Virðist koma fram í bréfum þessum, að greinir hafi orðið með aðiljum um skiptingu arðs og afnota af húseigninni og að Sigrún Þórðardóttir hafi reynt að fá sameigninni slitið, jafnvel er fært í tal að krefjast uppboðs til sameignarslita. Sjá rskj. 6—10 incl.

Það er komið fram í málinu, að gerðarbeiðandi á fasteign þessa í óskiptri sameign með meðalgönguaðiljum málsins, en hún hefur haldið því fram, að fullkomin afnotaskipti hafi verið komin á fyrir löngu. Þessari staðhæfingu hennar er mótmælt af hálfu meðalgönguaðiljanna, sem hafa krafizt þess með tilvísun til 46. gr. laga nr. 85/1936, að synjað verði um útburðargerð þessa. Gegn mótmælum meðalgönguaðiljanna hefur gerðarbeiðandi ekki náð að sanna, að sameigninni að fasteigninni Laugavegi 92 hafi verið þannig varið, að almenna reglan í nefndri grein einkamálalaga eigi hér ekki við. Verður ekki annað fyrir hendi en að synja um framgang hinnar umbeðnu útburðargerðar, þegar af þeirri ástæðu að sameigendur gerðarbeiðanda standa ekki að útburðarmálinu með henni.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 16. júní 1961.

Nr. 95/1961. **Stjórn Lífeyrissjóðs togarasjómanna**
gegn
Ísfirðingi h/f og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Lárus Jóhannesson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Kærumál. Uppboði frestað, sbr. lög nr. 48/1961.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið úrskurðinum til Hæstaréttar með kæru 19. maí 1961. Barst Hæstarétti kæran 25. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, lagt verði fyrir fógeta að halda uppboðsmálinu fram og varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsdómi og kærumálskostnað.

Varnaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, hefur gagnkært málið 24. maí 1961 og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur um sakarefni, en sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsdómi og kærumálskostnað.

Bæjarfógetinn á Ísafirði hefur í símskeyti til umboðsmanns Fjármálaráðuneytis, dags. 25. maí 1961, lýst því, að gagnkæran sé of seint framkomin.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Ísafjarðar 13. maí 1961.

Ár 1961, laugardaginn 13. maí, var í uppboðsrétti Ísafjarðar,

sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem þingfest var 28. júní 1960.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 9. maí s.l. eftir munnlegan flutning, hefur Lífeyrissjóður togarasjómanna krafizt þess, að uppboð verði látið fara fram á b/v Ísborgu, ÍS 250, eign Ísfirðings h/f, og að ríkissjóði verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu.

Fjármálaráðuneytið hefur hins vegar af hálfu ríkissjóðs sem meðalgönguaðili aðallega krafizt þess, að uppboðinu verði aflýst, en til vara frestað fram yfir maílok 1961 eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara. Þá krefst það málskostnaðar úr hendi uppboðsbeiðanda eftir mati uppboðsdómarans.

Þá hefur uppboðsþoli, Ísfirðingur h/f, gert þær kröfur, aðallega að uppboðinu verði aflýst, en til vara, að því verði að minnsta kosti frestað fram yfir maílok 1961, eða svo lengi sem aðfararfrestur Stofnlánadeildar sjávarútvegsins verður fyrir hendi, eftir nánari ákvörðun uppboðsréttarins. Þá krafðist hann einnig málskostnaðar úr hendi uppboðsbeiðanda.

Síðar féll uppboðsþoli frá kröfu sinni um aflýsingu uppboðsins, en gerði varakröfuna að aðalkröfu sinni.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 30/3 1960, krafðist Landsbanki Íslands, Stofnlánadeild sjávarútvegsins, með heimild í veðbréfi 15. maí 1948 uppboðs á b/v Ísborgu, ÍS 250, þinglýstri eign Ísfirðings h/f á Ísafirði. Var auglýsing um nauðungaruppboðið birt í Lögbirtingablaði nr. 15—17/1960 og uppboðsdagur ákveðinn 28. júní 1960.

Í uppboðsréttinum 28/6 s.l. lýstu þessir aðiljar kröfum sínum: Hafnarsjóður Reykjavíkur lögveðskröfu, Tryggingastofnun ríkisins vegna Lífeyrissjóðs togarasjómanna lögveðskröfu og bæjarfógetinn á Ísafirði lögveðskröfum.

Málinu var frestað til 6. september. Í þinghaldi þann dag var lögð fram afturköllun á uppboðsbeiðni Landsbankans, en uppboðshaldari lagði fram endurrit af lögtaksgerð frá 25/3, og lýsti hann jafnframt yfir sem innheimtumaður ríkissjóðs, að uppboðinu yrði haldið áfram til lúkningar lögtakskröfunum. Var síðan uppboðinu frestað til 4. október og síðan til 1. nóvember og loks til 23. janúar 1961.

Í þinghaldi þann dag var lagt fram bréf Jóns Ingimarssonar lögfræðings, dags. 17. nóvember s.l., þar sem hann gerði

kröfu til þess, að b/v Ísborg, ÍS 250, væri seld á uppboði til fullnustu á gjaldföllnu 10% iðgjaldi til Lífeyrissjóðs togarasjómanna, er virtust nema kr. 260.564.69, auk vaxta og kostnaðar. Krafan var sett fram samkvæmt heimild í lögum nr. 34/1960. Málinu var nú frestað til 9. febrúar.

Ríkisstjórnin hafði 5. janúar 1961 sett bráðabirgðalög nr. 1/1961 til þess, að því er sagði í greinargerðinni, að fá heimild til tímabundinnar innheimtustöðvunar, svo komið yrði í veg fyrir rekstrarstöðvun fyrirtækja, meðan fjárhagur þeirra væri athugaður. Heimild þessi var veitt Stofnlánadeild sjávarútvegsins, og tilkynnti hún til uppboðsréttarins 26. janúar 1961, að hún tæki sér fyrst um sinn 2ja mánaða frest til athugunar á fjárhag Ísfirðings samkvæmt heimild í 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 1/1961, sbr. reglugerð nr. 2/1961, 6. gr.

Hinn 9/2 var uppboðinu síðan samkvæmt þessu frestað til 27. marz n.k. Þann dag tilkynnti Stofnlánadeildin, að hún framlengdi frest sinn til athugunar á fjárhag Ísfirðings h/f til 31. maí n.k. Umboðsmaður Lífeyrissjóðs togarasjómanna synjaði um frekari frest og krafðist úrskurðar um þetta atriði. Jafnframt gerði Fjármálaráðuneytið, sem tilkynnti meðalgöngu í málinu af sinni hálfu, þær kröfur, að uppboðinu yrði frestað fram yfir maílok. Einnig óskaði gerðarþoli frests.

Var ákveðinn skriflegur flutningur málsins í þessu þinghaldi (27. marz) og málinu jafnframt frestað til þess að gefa aðiljum færi til að leggja fram gögn og undirbúa flutning málsins. Umboðsmenn uppboðsbeiðanda og Fjármálaráðuneytisins, sem báðir eru lögfræðingar, heimilisfastir í Reykjavík, óskuðu þess, að þeir mættu flytja málið munnlega, og samþykkti rétturinn það.

Var síðan ákveðið, að flutningurinn skyldi fara fram 14. apríl s.l. Voru þá lagðar fram greinargerðir aðilja, en flutningur fórst fyrir, vegna þess að ekki var flugveður þann dag.

Þessir aðiljar hafa enn lýst kröfum sínum: Jón Grímsson vegna skipstjóra á b/v Ísborgu o. fl., Haukur Jónsson, Bogi Ingimarsson, innheimtumaður ríkissjóðs og L. Fjeldsted hæstaréttarlögmaður.

Ákveðið var, að munnlegur flutningur málsins færi fram 27. apríl s.l., en þá var málinu enn frestað. Þá gerði Eyjólfur Jónsson, umboðsmaður Lífeyrissjóðs togarasjómanna, viðbótarkröfur, og verða fjárkröfur lífeyrissjóðsins samkvæmt því kr. 352.415.41.

Munnlegur flutningur málsins fór síðan fram 9. maí s.l., og var málið þá tekið til úrskurðar.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram, að 3. grein laga nr. 1/1961, sbr. nú lög nr. 48/1961, eigi ekki við í þessu máli. Bann það við hvers konar kyrrsetningu eða aðför í 3. gr. laganna taki ekki til nauðungaruppboða, þar sem sala sé heimiluð án aðfarar, sbr. lög nr. 49/1951 og lög nr. 57/1949, 1. gr., e-lið. Í máli þessu sé ekki um neitt af þessu að ræða og ekki heldur gjaldþrotaskipti.

Ákvæði laga nr. 1/1961, sbr. lög nr. 48/1961, beri að skýra mjög þröngt og í fyllsta samræmi við það, sem ótvírætt segir beint í þeim, hvað þá heldur að lögjafna frá þeim til nokkurra annarra réttargerða en þar eru tvímælalaust meðtaldar. Bannið taki til vissra kröfuhafa, en ekki til lögveðshafa, og verði því lögum nr. 48/1961 ekki beitt til frestunar á þessu uppboði. Um skilning á hugtakinu aðför hefur uppboðsbeiðandi vitnað til rits dr. jur. Einars Arnórssonar, Aðfarargerðir, bls. 1. Þá hefur uppboðsbeiðandi haldið því fram, að þær réttargerðir, sem nefndar eru í lögum nr. 48/1961, heyri ekki undir þenna rétt, heldur fógetadóm. Réttargerðir uppboðsréttar séu ekki aðfarargerðir.

Gerðarþoli og meðalgönguaðili hafa mótmælt þessum skilningi uppboðsbeiðanda og skýringum á ákvæðum bráðabirgðalaganna og lögum nr. 48/1961. Hafa þeir á það bent, að orðalag 3. greinar, þar sem talað er um „hvers konar kyrrsetningu og aðför", sé svo rúmt, að það hljóti að ná til allra réttargerða, sem valdið geta rekstrarstöðvun fyrirtækis, enda sé tilgangur laganna augljós. Þetta sé beinlíns tekið fram í greinargerðinni fyrir bráðabirgðalögunum, en þar segir, að nauðsynleg séu ákvæði um heimild til „tímabundinnar innheimtustöðvunar, sem grípa megi til, ef á þarf að halda, til þess að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun, á meðan verið er að athuga fjárhag fyrirtækja, sem sækja um lán". Í sambandi við athugasemdir sóknaraðilja um réttarskerðingu kröfuhafa hafa gagnaðiljar bent á, að ekki sé með fresti þessum verið að skerða rétt nokkurs kröfuhafa sérstaklega, heldur sé þvert á móti með ákvæðum laganna reynt að girða fyrir það, að kröfuhöfum verði mismunað.

Í 2. mgr. 3. gr. sé lánbeiðendum beinlínis bannað að selja eða veðsetja eignir eða yfirleitt gera nokkrar ráðstafanir, er „veruleg áhrif geti haft á efnahag hans".

Halda þeir því fram uppboðsþoli og meðalgönguaðili, að frá-

leitt sé að skýra ákvæðin eins og uppboðsbeiðandi, því uppboðssala sé einmitt sú réttargerð, sem öllum öðrum fremur veldur rekstrarstöðvun. Meðalgönguaðili hefur bent á, að uppboðsbeiðandi byggi andmæli sín á þröngri lögskýringu á ákvæðum laga nr. 48/1961. Orðin „hvers konar aðför" gefi aðför þá víðtækustu lagamerkingu, sem það getur haft í lagamáli, eins og það er t. d. notað í dómsorðum (að viðlagðri aðför að lögum). Þar feli aðför í sér fjárnám og uppboð. Ákvæðin beri ekki að skýra með þrengra hætti en löggjafinn hefur til ætlazt, svo að þau nái tilgangi sínum.

Meðalgönguaðili hefur ekki á fullnægjandi hátt rökstutt kröfu sína um það, að uppboðinu verði aflýst, og verður hún því ekki tekin til greina.

Á það verður að fallast með uppboðsþola og meðalgönguaðilja, að andi og tilgangur ákvæða 3. greinar laga nr. 48/1961 sé sá að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun útgerðarfyrirtækis, meðan lánbeiðni þess er í athugun, og þá einnig þá röskun, sem óhjákvæmilega mundi leiða af uppboðssölu þeirra tækja, er rekstrurinn hvílir á. Kemur þetta ljóst fram í greinargerðinni fyrir bráðabirgðalögunum nr. 1/1961, þar sem talað er um tímabundna innheimtustöðvun til þess að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun.

Samkvæmt þessu ber að synja um framgang nauðungaruppboðsins og veita umbeðinn frest. Málið skal næst fyrir tekið 10. júní n.k.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Krafa Lífeyrissjóðs togarasjómanna um sölu b/v Ísborgar, ÍS 250, verður ekki tekinn til greina. Málinu skal frestað til 10. júní 1961.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 19. júní 1961.

Nr. 152/1960. **Trygging h/f** (Kristján Eiríksson hdl.)
gegn
Rögnu Björnsson
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Lárus Jóhannesson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Líndal.

Slysatrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1960. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur nokkurra gagna verið aflað í málinu, þ. á m. hafa tveir dómkvaddir sérfróðir menn látið uppi álit um, hversu langur tími hafi þurft að líða, frá því að bifreið, eins og þeirri, er í málinu greinir, var ekið inn í geymslu, eins og þar getur og að öðru leyti við sömu aðstæður og vitneskja hefur fengizt um, og þar til loftið í geymslunni væri orðið svo mettað af kolsýrlingi, að það væri banvænt manni, er sæti undir stýri bifreiðarinnar. Ólafur Jóhannsson læknir hefur og gefið vottorð um hættusemi kolsýrlingseitrunar.

Eins og segir í héraðsdómi, verður að telja sannað, að Sigurður Guðmundsson hafi látizt af kolsýrlingseitrun. Áfrýjandi hafði ekki í skilmálum um slysatrygginguna sérstaklega undanþegið sig ábyrgð vegna slyss af völdum slíkrar eitrunar, eins og fram er komið, að ýmis önnur vátryggingarfélög gera. Hins vegar tók tryggingin samkvæmt vátryggingarskilmálunum ekki til slysa eða dauða af völdum sjálfsmorðs, tilraunar til sjálfsmorðs eða ef tryggði vilj-

andi ylli sér slysi (4. gr.) né af völdum sjúkdóms, sjúklegs ástands eða veiklunar (1. gr.).

Í hinum áfrýjaða dómi er lýst aðdraganda og atvikum að láti Sigurðar Guðmundssonar, heilsu hans og högum samkvæmt þeim gögnum, er lágu fyrir héraðsdómi. Fyrir Hæstarétti hefur ekki fengizt frekari vitneskja um þessi atriði. Samkvæmt þessum málsgögnum þykja ekki, eins og nánar er rakið í héraðsdómi, þrátt fyrir miklar líkur í gagnstæða átt, fullnægjandi sönnur að því færðar, að um sjálfsmorð hafi verið að tefla eða að Sigurður heitinn Guðmundsson hafi af ráðnum hug látið hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til varnar vátryggingaratburðinum, sbr. 124. gr. laga nr. 20/1954. Fyrir Hæstarétti er því hins vegar lýst af hálfu áfrýjanda, að hann hafi í vátryggingarskilmálunum vikið frá nefndu lagaákvæði, að því er varðar stórfellt gáleysi af hendi vátryggingartaka.

Með vísan til raka hins áfrýjaða dóms eru heldur ekki efni til að telja, að um hafi verið að ræða þau tilvik, er getur í áðurnefndu ákvæði 1. gr. vátryggingarskilmálanna.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu vátryggingarfjárhæðina ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Trygging h/f, greiði stefndu, Rögnu Björnsson, kr. 1.000.000.00 með 7% ársvöxtum frá 17. september 1959 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, var höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem birt var 22. september 1959, af

frú Rögnu Björnsson, Ásvallagötu 24 hér í borg, sem samkvæmt leyfi, dags. 19. ágúst 1959, situr í óskiptu búi eftir mann sinn með þremur ófjárráða börnum, gegn Tryggingu h/f, en það félag á varnarþing hér í borg. Krefst stefnanda greiðslu á vátryggingarfé, að upphæð 1.000.000.00 króna, svo og 7% vöxtum p.a. frá 17. september 1959 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þessi: Hinn 30. júlí 1959 andaðist Sigurður Árnason Guðmundsson, forstjóri lakk- og málningarverksmiðjunnar Hörpu h/f, en hann var eiginmaður stefnanda. Sigurður var slysatryggður hjá stefnda. Tryggingarskírteinið hefur verið lagt fram í málinu. Það er gefið út 5. marz 1959 til endurnýjunar á öðru skírteini, og skyldi tryggingin gilda frá 10. marz 1959 til 9. marz 1960. Hún nam allt að kr. 1.000.000.00, og var tryggt fyrir dauðaslysi og örorku þannig, að greiða skyldi eina milljón króna, ef dauðaslys yrði. Iðgjaldið var kr. 3.750.00, en þar við bættist skattur, kr. 375.00. Á skírteinið eru prentaðir almennir skilmálar fyrir slysatryggingar. Þar segir m. a.:

„1. gr.

TRYGGINGARSVIÐ. Tryggingin nær til slysa, sem hinn tryggði verður fyrir á tryggingartímabilinu og sem sannast innan 6 mánaða frá því slysið varð, að valdi óvinnuhæfni, örorku að nokkru eða öllu leyti eða dauða, enda sé slysið sannanlega hin raunverulega orsök og bótaskylt samkvæmt eftirfarandi reglum ....

Ef rekja má dauða hins tryggða að nokkru eða öllu leyti til sjúkdóms, sjúklegs ástands eða veiklunar, sem bjó í honum, er slysið vildi til, eða byrjaði síðar án þess að orsakast af slysinu, greiðast engar dánarbætur ....

4. gr.

UNDANSKILDAR ÁHÆTTUR. Félagið greiðir ekki bætur fyrir slys, sem stafa af:

a) Sjúkdómum (sjá nánar 1. gr.) og læknisaðgerðum, nema þær séu framkvæmdar í því skyni að ráða bót á afleiðingum slyss.
b) Þungun konu eða barnsburði.
c) Persónulegri þátttöku tryggða í hernaðarátökum.

d) Sjásmorði, tilraun til sjálfsmorðs, eða ef tryggði viljandi veldur sjálfum sér slysi eða áverka.
e) Geðbilun eða við að fremja glæpi. ....

9. gr.

RÁÐSTAFANIR, ER SLYS BER AÐ HÖNDUM. Ef slys ber að höndum, skal hinn slasaði þegar leita læknis og fara í öllu eftir fyrirmælum hans. Slysið verður að tilkynna tafarlaust á þar til gerð eyðublöð, sem félagið lætur í té, og ef þau eru ekki tiltæk, þá til bráðabirgða á annan hátt.

Við dauðsfall skal slysið tafarlaust tilkynnt símleiðis.

Félagið getur, hvenær sem er, látið rannsaka heilsufar hins slasaða með læknisskoðun eða á annan hátt.

10. gr.

BÆTUR. .... C. Dánarbætur. Valdi slysið dauða innan árs, frá því að það bar að höndum, greiðast dánarbætur, og eru þær jafnháar vátryggingarupphæðinni, þó að frádregnum þeim örorkubótum, sem kunna að hafa verið greiddar ....

11. gr.

GREIÐSLUR SLYSABÓTA. Þegar félaginu hafa borizt nægileg gögn í hendur til þess að taka ákvörðun um slysabætur, getur greiðsla bóta að öllum jafnaði farið fram. Dagpeningar geta greiðzt .... og dánarbætur, innan viku frá því að borizt hafa fullnægjandi sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins og hverjir séu réttir erfingjar hins tryggða.

....."

Engir sérstakir skilmálar, varðandi tryggingu Sigurðar Guðmundssonar, eru skráðir á skírteinið. Ekki er þess getið í skírteininu, hverjum greiða skuli dánarbætur. Ekki er í skírteininu vísað til laga um vátryggingarsamninga.

Slysatrygging fyrir Sigurð Guðmundsson mun upphaflega hafa verið keypt hjá stefnda í marz 1954, og var upphæðin þá kr. 500.000.00. Var tryggingin framlengd síðan, en í janúar 1957 var keypt önnur trygging, jafnhá hinni fyrri. Í marz 1957 voru gefin út til eins árs tvö skírteini, hvort um tryggingu að upphæð kr. 500.000.00, en ári síðar eitt skírteini um einnar milljón kr. tryggingu. Sú trygging var sem fyrr greinir endurnýjuð í marz 1959.

Um atvik, varðandi andlát Sigurðar Guðmundssonar, er þetta fram komið í máli þessu:

Aðiljaskýrsla frá stefnanda hefur verið lögð fram, og er hún svohljóðandi:

„Við hjónin vorum erlendis 1957 og 1958 í fríi um mánaðartíma hvort sumar, en í sumar ákváðum við að vera heima. Við keyptum okkur tjald og allan viðleguútbúnað, sem við notuðum okkur til mikillar ánægju. Fríið byrjuðum við fyrst í júlí, nokkuð af tímanum vorum við hér í Reykjavík, en hinn hlutann upp á Hvítárbökkum við Hvítárbrúna, en þar eiga Ása systir mín og Hannes Ólafsson, eiginmaður hennar, sumarbústað. Við stunduðum veiðar í Grímsá, en þar höfðum við veiðisamning. Þetta var vel lukkað sumarfrí og okkur til mikillar ánægju. Björn, sonur okkar, var með okkur nokkuð af tímanum, en Jón Ásgeir, eldri sonur okkar, hafði farið til Ameríku sem messadrengur á Lagarfossi, og áttum við von á honum með Lagarfossi síðast í júlí.

Nú förum við eina ferðina enn upp í Borgarfjörð þ. 27. júlí. Með okkur voru Björn, Ása systir mín og Karítas systir Sigurðar. Við ókum upp að Hvítárvallaskálanum, skruppum heim með Ásu, en fórum síðan niður í Borgarnes með Karítas og gistum þar um nóttina. Vorum við í Borgarnesi fram eftir degi þann 28., en síðan var haldið upp á Hvítárbakka (Hvítárvallaskálann), tjaldað þar og gist um nóttina.

Næsta dag, þ. 29., heyrðum við í útvarpinu um hádegið, að Lagarfoss væri von þ. 30., og ákváðum þá að skreppa í bæinn og sækja Jón Ásgeir, því að hann átti að fá að fara með okkur í Grímsá frá 31. júlí til 4. ágúst, og hlakkaði pabbi hans til að kenna honum að veiða lax, hann hafði aldrei fengið að reyna það fyrr. Ætluðum við því að fara upp eftir aftur þ. 30. júlí.

Í síðustu veiðiferð hafði veiðzt sérstaklega vel, og var Sigurði mikið áhugamál að komast sem fyrst upp eftir aftur að veiða.

Nú lá okkur ekkert á í bæinn, og var því ákveðið að fara með Ásu til kunningja á nokkra bæi í héraðinu. Í bakaleiðinni komum við að Múlakoti, því Sigurður þurfti að tala við Matthías bónda um framtíðarleigu á Matthíasar parti af Grímsá. Tók Matthías því vel, og gerðu þeir munnlegan samning.

Við fórum einnig fram að Sturlu-Reykjum, en síðan var haldið niður að Hvítárbökkum með systur mína, nú tekur Sigurður eftir því, að það er lítið loft í einu hjóli bílsins, spyr hann Hannes hvort ekki sé hægt að bæta úr því í Hvítárvallaskálanum, nei,

það var ekki hægt, og taldi Sigurður þá að dekkið mundi duga suður, en sagðist mundi skipta um hjól í Reykjavík og við koma aftur næsta dag. Við keyrðum til Reykjavíkur á tiltölulega löngum tíma út af dekkinu, 3—3½ tíma. Þegar heim kom, bárum við inn dótið og fórum að hátta.

Ég háttaði fyrst, en Sigurður sagði við mig, að rétt væri kannske fyrir sig að skreppa inn í Hörpu og sjá, hvort nokkur áríðandi bréf væru þar, bað ég hann blessaðan að láta það bíða morguns, og féllst hann á það. Hann átti það mikið til að fara inn í Hörpu á ýmsum tímum, svo mér kom þetta ekki á óvart, þótt honum dytti í hug að fara þangað um þetta leyti.

Í einni Borgarfjarðarferðinni bilaði eitthvað í einni hurðinni á bílnum, svo ekki var hægt að skrúfa rúðuna upp, þetta var á Hvítárbökkum. Hannes og Sigurður reyndu mikið að lagfæra þetta, en tókst ekki, seinna þess dags, sem þeir reyndu þetta, reyndi Sigurður aftur sjálfur, og tókst honum að laga rúðuna, var hann mjög stoltur af þessu og sagðist ekki sjá betur en hann gæti gert við bílinn sinn sjálfur framvegis."

Þá hefur stefnandi skýrt svo frá, að þau hjón hafi, að því er hana minni, komið úr ferðinni til Borgarfjarðar milli kl. 12 og 1 aðfaranótt 30. júlí. Hún segist hafa sofnað kl. 2.00, en vaknað kl. 6.00, og þá hafi maður hennar ekki verið heima. Stefnandi kveðst telja, að hann hafi ætlað að gera við bílinn sinn og skipta um dekk, en þenna sama dag hafi þau ætlað aftur upp í Borgarfjörð. Stefnandi var sérstaklega að því spurð, hvort hún hafi haft nokkurt tilefni til að álíta, að eiginmaður hennar hefði stytt sér aldur, eða til að gruna, að svo hefði verið. Kvað hún nei við.

Lögregluskýrsla var tekin 30. júlí 1959 um andlátið, og er meginmál hennar svohljóðandi:

„Í morgun, kl. 0850, var tilkynnt símleiðis til lögreglustöðvarinnar, að eldur mundi vera laus í vörugeymslu í húsi Kemikalía h/f í Dugguvogi 21. Fóru lögreglu- og slökkviliðsmenn þegar á vettvang. Þá kom í ljós, að þarna var ekki um eld að ræða, en inni í vörugeymslunni stóð bifreiðin R 7144. Hafði vél bifreiðarinnar auðsýnilega verið í gangi þarna inni, en hafði stöðvazt, sennilega vegna loftleysis, og var neistinn á. Vélarhlífin var uppi, geymsluhólfið aftaná bifreiðinni var opið, og allar rúður í hurðum bifreiðarinnar höfðu verið skrúfaðar niður. Hjólkoppurinn hafði verið tekinn af vinstra afturhjólinu og lá við hjólið ásamt felgulyklinum. Í framsæti bifreiðarinnar undir stýrinu sat eigandi bifreiðarinnar, Sigurður Árnason Guðmundsson forstjóri,

Ásvallagötu 24. Hann var meðvitundarlaus. Sigurður var strax fluttur í sjúkrabifreið í slysastofuna. Þar var hann strax skoðaður af læknum, meðal annars Haraldi Guðjónssyni, aðstoðarlækni borgarlæknis, sem taldi, að Sigurður væri dáinn fyrir nokkurri stundu.

Bára Sigurbjörnsdóttir, Snekkjuvogi 21, kom fyrst í morgun í Dugguvog 21, en hún ræstir skrifstofurnar hjá Kemikalía h/f. Fannst henni þá reykjarlykt koma út úr vörugeymslunni og datt í hug, að kviknað væri í þar, og símaði þegar til framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Ólafs G. Einarssonar, Álfheimum 34. Ólafur símaði þegar til slökkviliðs og lögreglu. Áður en lögreglan og slökkviliðið komu á vettvang, kom þangað einn af starfsmönnum fyrirtækisins, Kjartan Kjartansson, Mávahlíð 34. Hann opnaði vörugeymsluna, og var aðkoman þá, eins og áður er lýst. Lögregla og slökkvilið komu svo að rétt í sama bili.

Allar dyr byggingarinnar voru læstar, þegar að var komið í morgun. Sigurður Guðmundsson var stjórnarformaður í Kemikalía h/f og hafði lykla að byggingunni. Annars kom hann þarna mjög sjaldan, og hann geymdi bifreið sína þarna aldrei.

Kona Sigurðar Guðmundssonar, Ragna Björnsson, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá, að þau hjónin hafi verið uppi í Borgarfirði í gær og komið þaðan um kl. 2400 í nótt og fóru þá beint heim til sín. Hún segir, að Sigurður hafi þá haft orð á að skreppa inn í málningarverksmiðjuna Hörpu til að aðgæta, hvort þar væri nokkuð af bréfum til hans, en Sigurður er forstjóri þess fyrirtækis. Frú Ragna taldi, að það mætti bíða til morguns, og féllst Sigurður á það. Þau fóru síðan að hátta, og frú Ragna kveðst hafa sofnað um kl. 0200. Hún vaknaði aftur um kl. 0600. Þá var Sigurður horfinn úr rúmi sínu.

Frú Ragna sagði, að sér væri ekki kunnugt um annað en að Sigurður hefði verið algerlega heilbrigður undanfarið. Hún segir, að hann hafi að vísu unnið ákaflega mikið og verið þreyttur, en að öðru leyti hafi heilsa hans virzt vera í lagi.

Sigurður Árnason Guðmundsson var fæddur 15. febrúar 1906. Kona Sigurðar hefur gefið samþykki til, að réttarkrufning fari fram á líki hans."

Lík Sigurðar Guðmundssonar var krufið 31. júlí af Níelsi Dungal prófessor, og hefur skýrsla hans um krufningu verið lögð fram í málinu. Þar segir m. a.:

„Líkið kemur hingað alklætt. Fötin eru hrein og þokkaleg, og ekkert sérstakt á þeim að sjá. Líkið er af 170 cm háum manni í

frekar góðum holdum. Það er alstirt. Mikið er af líkblettum á baki, og eru þeir áberandi rauðleitir, en vottar lítt fyrir bláum lit. Engin áverkamerki sjást neins staðar á líkinu. Ekkert er athugavert við munn eða nef, og engin vilsa er þar. Bæði sjáöldur eru mjó og jafnstór. Engar blæðingar eru í conjunctiva.

.....

Í gallblöðrunni sást mikil lipoid-teikning, og í henni voru tveir ertustórir, hrjúfir gallsteinar, ljósgulleitir, léttir. Báðir voru nokkurn veginn hnöttóttir. Gallgangar eru gegnumdregnir.

.....

H. nýra vó 240 gr. Í neðri pól þess sást æxli, sem var næstum hænueggs stórt, og skagaði það fram á við úr neðri pólnum. Þegar í æxlið var skorið, sáust í því töluverðar blæðingar, en innan um þær ljósgulleitur, linur vefur. Var æxlið sæmilega skarpt afmarkað frá umhverfinu, en náði þó alveg inn að pelvis nýrans. Ekki sást blæðing í pelvis nýrans neins staðar. Í þessu nýra sáust einnig margar cystur, fylltar tærum vökva. Hafa þær verið alls 10 talsins, og í mörgum þeirra var allt að 1—2 cc af vatnstærum vökva. Að öðru leyti var ekkert sérstakt á nýrna parenchyminu að sjá.

V. nýra vó 155 gr. Í þessu nýra sást aðeins ein cysta, inni við hilus, og mun hún hafa innihaldið 1—2 cc af vatnstærum vökva. Á þessu nýra, sem er greinilega minna en hitt, var yfirborðið slétt og leit vel út, en þar sáust á yfirborðinu tveir smáblettir, annar rúmlega ertustór, ljósleitur. Þegar í hann var skorið, sást þar fleigmyndaður, hvítgulleitur blettur, sem náði dálítið inn í cortex. Hinn bletturinn var ekki nema rúmlega hrísgrjónastór, einnig ljósgulleitur. Að öðru leyti sást ekkert athugavert við parenchym þessa nýra. Pelves og ureteres voru eðlilegir beggja megin.

.....

Blóð var athugað spectroscopiskt, og fannst þá greinileg og sterk svörun fyrir kolsýrlingi.

Engin áfengislykt fannst af líkinu.

ÁLYKTUN:

Af upplýsingum lögreglunnar ásamt því, sem fannst við krufninguna og spectroscopiska rannsókn, virðist auðsætt, að maðurinn hefur látizt af kolsýrlingseitrun, vegna þess að hann hefur verið inni í lokuðu rúmi, þar sem bíllinn hefur verið í gangi.

Í h. nýra var hænueggsstórt, illkynjað æxli (hypernephroma),

sem ekki hafði enn brotizt inn í nýrnaskálina, en var komið alveg að henni."

Með bréfi til sakadómara, dags. 15. september 1959, óskaði lögmaður stefnda, Kristján Eiríksson héraðsdómslögmaður, eftir framhaldsrannsókn vegna fráfalls Sigurðar Guðmundssonar. Þeirri beiðni var vísað til Dómsmálaráðuneytisins, og að fengnum fyrirmælum þaðan tilkynnti sakadómari lögmanninum, að ekki yrði orðið við beiðninni. Þeirri ákvörðun var skotið til Hæstaréttar, sem vísaði málinu frá með dómi 28. október 1959, þar sem ákvörðunin yrði ekki að lögum kærð til réttarins.

Nokkrir menn hafa svarað spurningum fyrir dómi um atvik máls þessa. Hefur þá komið fram, það er nú skal greina, varðandi sjálft andlátið:

Frú Bára Sigurbjörnsdóttir, ræstingarkona hjá Kemikalía h/f, kom á skrifstofu fyrirtækisins að morgni 30. júlí 1959. Að eigin sögn fannst henni þar vera óvenjulega heitt og þungt loft, og hélt hún, að kviknað væri í. Hringdi hún heim til forstjórans, Ólafs Einarssonar, og tilkynnti honum um þenna grun. Ekki kvaðst Bára hafa komið inn í vörugeymsluna, þar sem bifreið Sigurðar Guðmundssonar stóð, og ekki sagðist hún hafa veitt því athygli, hvort gluggar og hurð vörugeymslunnar voru lokuð.

Kjartan Kjartansson, sem starfaði sem bifreiðarstjóri hjá Kemikalía h/f, þegar Sigurður Guðmundsson andaðist, kom í húsakynni fyrirtækisins þenna sama morgun. Hann segir svo frá: Dyr vörugeymslunnar, sem hann hafði aðgang að, voru lokaðar, svo að hann gat ekki opnað þær með lykli eins og venjulega. Þá fór hann að dyrum, sem gengið er um inn í skrifstofur fyrirtækisins, og hitti þar frú Báru Sigurbjörnsdóttur. Sagðist hún halda, að kviknað væri í vörugeymslunni. Kjartan gekk þá inn í vörugeymsluna gegnum dyr, sem eru á milli skrifstofunnar og geymslunnar. Ekki man Kjartan, hvort hurðin á milli var læst, en svo var almennt. Lykill var geymdur á skrifstofunni, og vissu starfsmenn almennt um hann. Ekki sá Kjartan eld í vörugeymslunni, en bíl Sigurðar heitins og að eitthvað óvenjulegt var við hann, þar sem vélarhlíf og farangursgeymsla voru opnar. Varð Kjartani þá litið inn í bílinn, og sá hann Sigurð við stýrið og að eitthvað slys hafði komið fyrir. Opnaði Kjartan dyr vörugeymslunnar að austan með því að taka niður klinku, og einnig opnaði hann vesturdyr til að hleypa út hinu mengaða lofti. Ástæðan til þess, að ekki hafði tekizt að opna austurdyrnar að utanverðu, var sú, að klinka var fyrir að innanverðu, og sagði Kjartan fyrir dómi, að alls ekki hafi verið venju-

legt, að lokað væri með klinkunni. Þess skal getið, að dómendur skoðuðu umbúnað á hurðinni 30. maí s.l., og var þeim tjáð, að enn myndi sami útbúnaður vera á henni og var, þegar Sigurður Guðmundsson andaðist. Klinkurnar á hurðinni eru járnstengur, sem snúast á nagla, og er annar armur þeirra þyngri en hinn, svo að sú, sem hér er um að ræða, lokaði vegna eigin þunga, þegar dómendur athuguðu hana.

Í framburði Kjartans Kjartanssonar kom að öðru leyti fram, að hann vissi ekki, hvort aðrir höfðu lykla að austurdyrum vörugeymslunnar. Ekki mundi hann heldur, hvort lykill var í hurðinni að innanverðu. Þegar Kjartan hafði opnað dyrnar, hringdi hann að eigin sögn í sjúkrabíl og til lögreglunnar. Ekki kveðst hann hafa snert á neinu og ekki gætt að, hvort kveikjan í bifreið Sigurðar var á. Hann kvaðst muna, að báðar framrúður bílsins voru skrúfaðar niður og örugglega önnur afturrúðan og að hægri hurðirnar voru báðar aftur, en ekki þorði hann að segja ákveðið um, hvort vinstri hurðirnar voru lokaðar. Kjartan kveðst ekki hafa veitt því sérstaka athygli, hvort gluggar vörugeymslunnar voru lokaðir, þegar hann kom að umræddan morgun. Þó telur hann, að svo hafi verið. Loks lýsti vitnið nokkuð austurhurð vörugeymslunnar, en hana skoðuðu dómendur síðar, eins og áður er fram komið. Hurðin er þrískipt. Í miðju er lítil hurð, sem opna má sérstaklega, og er þá hægt að ganga þar um.

Ólafur G. Einarsson var framkvæmdastjóri Kemikalía h/f, meðan Sigurður Guðmundsson lifði, en hefur nú látið af því starfi. Hann skýrði svo frá fyrir dómi, að frú Bára Sigurbjörnsdóttir hefði hringt í sig, þar sem hún hafði haldið, að kviknað væri í. Kveðst Ólafur hafa hringt á slökkviliðið, en síðan hraðað sér á vettvang. Þá hafi Kjartan Kjartansson verið kominn á staðinn og verið búinn að opna dyrnar. Ekki taldi Ólafur læsingum austurhurðar vörugeymslunnar hafa verið breytt, frá því að Sigurður Guðmundsson dó.

Þá hefur borið vitni í máli þessu Vildimar Árnason benzínafgreiðslumaður. Hann kvaðst hafa komið að húsi Kemikalía h/f rétt fyrir kl. 9 þann dag, sem Sigurður Guðmundsson fannst þar látinn. Var þá þannig ástatt, að hurð var hrundið upp, nákvæmlega er vitnið kom á staðinn með Ólaf Einarsson í bifreið. Sáu þeir þá að sögn Valdimars, að mikinn reyk eða svart kaf lagði út um dyrnar. Maður, er sýnilega virtist starfsmaður þarna, kom á móti þeim út að bifreiðinni og sagði: „Sigurður er þarna inni". Þeir fóru inn, og var talsverður reykur, þótt búið væri að opna

stóru hurðina. Vitnið sá Sigurð heitinn sitja undir stýrinu, útvarp bíls hans var í gangi, en ekki bíllinn sjálfur, og a. m. k. þrjár rúður voru skrúfaðar niður. Ekki veitti Valdimar því athygli, hvort gluggar vörugeymslunnar voru lokaðir.

Þá er þess að geta, að stefnandi hefur skýrt svo frá, að um níuleytið þenna morgun hafi hún farið í leigubifreið inn í Hörpu til að athuga, hvort maður hennar væri þar. Einnig kveðst hún hafa farið inn í Dugguvog. Hafi hún viljað vita, hvar maður hennar var. Stefnandi kveðst áður hafa hringt inn í Dugguvog, en hringt í skakkt númer, og var ekki svarað.

Enn fremur er fram komið, að þenna sama morgun fór séra Óskar J. Þorláksson heim til stefnanda ásamt Oddi Helgasyni, núverandi forstjóra Hörpu h/f, sem bæði var í stjórn þess fyrirtækis og stefnda í máli þessu, Valdimar Jónssyni, verksmiðjustjóra í Hörpu, og Ólafi G. Einarssyni, framkvæmdastjóra Kemikalía h/f. Lögmaður stefnda óskaði þess, að nokkrar spurningar yrðu lagðar fyrir séra Óskar, en hann neitaði að svara þeim. Var honum talið óskylt að gera það með úrskurði, sem kveðinn var upp á bæjarþinginu 19. febrúar s.l. og staðfestur í Hæstarétti 18. marz.

Valdimar Jónsson hefur skýrt svo frá, að honum hafi ekki virzt stefnanda koma lát Sigurðar á óvart. Valdimar sagði, að þeir, sem heim til stefnanda fóru til að færa henni andlátsfréttina, hafi óttazt, að hún myndi láta yfirbugast, en sér hafi virzt að hún væri viðbúin slæmum fréttum. Ekki kvaðst Valdimar muna orðrétt, hvað stefnandi sagði, en minna, að hún hafi látið orð falla á þá leið, að hann væri látinn og hún óskaði ekki eftir, að það yrði rætt frekar í það sinn. Efnislega hafi verið um það rætt, hvernig látið hafi borið að, og hafi allir viðstaddir álitið, að Sigurður hafi fyrirfarið sér. Hafi stefnandi sagt eitthvað á þessa leið: „Hann hefur ekki viljað lifa lengur, og við skulum ekki ræða það frekar". Þá sagði þetta vitni, að stefnandi hafi haft orð á að hlífa börnum þeirra hjóna við því að fá nákvæmar upplýsingar um atvik að dauða Sigurðar.

Oddur Helgason færðist í upphafi undan því að svara spurningum í máli þessu, þar sem hann væri í stjórn hins stefnda hlutafélags og hluthafi. Einnig hafi hann verið samstarfsmaður Sigurðar Guðmundssonar um langt skeið og því ógeðfellt að svara spurningunum. Einnig skýrði Oddur svo frá, að hann sæti í stjórn fjögurra fyrirtækja með stefnanda. Væri sér mikið óhagræði að því að svara spurningunum. Stjórn stefnda skoraði síðar á Odd

að koma fyrir dóm, og varð úr, að hann gerði það. Hann var þá m. a. að því spurður, hvort stefnandi hafi látið nokkur sérstök orð falla, eftir að séra Óskar J. Þorlákssón hafði tilkynnt henni látið. Svaraði hann þannig: „Það var mjög lítið rætt um þetta. Hún sagði, að það væri ekkert um þetta að ræða, hann hafi ekki viljað lifa lengur.“ Þá var Oddur spurður, hvort hann minntist þess, að það hafi við þetta tækifæri verið gefið í skyn við stefnanda, að maður hennar kynni að hafa fyrirfarið sér. Hann kvaðst ekki minnast þess og ekki muna eftir, að rætt hafi verið um þenna möguleika við þetta tækifæri.

Ólafur G. Einarsson sagðist fyrir dómi ekki geta svarað því ákveðið, hvort honum hafi virzt stefnanda koma lát manns hennar á óvart. Hafi sér ekki virzt hún verða undrandi, þegar hún fékk fréttirnar. Hún hafi sagt eitthvað á þá leið, að hann hafi ekki viljað lifa lengur, og væri ekkert við því að segja, það yrði að taka því.

Stefnandi sjálf sagði, að hún hafi verið í stofu, sem veit út að götunni í íbúð hennar að Ásvallagötu 24, þegar hún þenna morgun sá tvo bíla koma að húsinu. Út úr öðrum þeirra hafi komið menn þeir, sem áður eru nefndir. Er hún hafi séð, að presturinn var með, hafi hún vitað, að eitthvað alvarlegt hefði komið fyrir. Yngsta barn hennar hefði verið í húsinu, og hún því talið, að hún þyrfti að standa sig vel og vera sterk, eins og máli var komið. Hafi hún gengið fram á stigapallinn og tekið á móti prestinum, sem gekk fyrstur. Hafi hún strax séð á honum, að alvarlegasta stund lífs hennar var upp runnin. Hafi presturinn bersýnilega verið kominn til hennar til að færa henni sorgarfréttir. Séra Óskar hafi óskað eftir að tala einslega við hana, og meðan þau áttu tal saman og hann tilkynnti henni látið, biðu hinir í borðstofunni. Síðan hafi hún kallað í þá, því að hún hafi búizt við, að þeir vildu eitthvað tala við hana, og hafi þeir þá sagt henni sína skoðun á málinu.

Páll Haukur Gíslason, bifreiðarstjóri hjá Hörpu h/f, hefur borið vitni í máli þessu. Hann kvaðst hafa sótt bifreið Sigurðar í hús Kemikalía h/f 30. júlí. Kveðst hann hafa þurft að herða á tveimur róm, sem festa hjólið á, og setja hjólkoppinn á. Þá tók hann eftir, að ekki var eins mikið loft í dekkinu og vera átti. Fór hann með bílinn á bensínstöð og dældi lofti í dekkið. Þenna dag ók hann bifreiðinni að Hlöðutúni í Borgarfirði, og var stefnandi í bifreiðinni og Björn sonur hennar. Bifreiðin dugði ágæt-

lega í því ferðalagi, en Páll Haukur skipti um viftureim, áður en hann fór úr bænum. Hafði hann tekið eftir, að rafallinn hlóð ekki, opnað vélarhúsið og séð, að reimin var að fara í sundur.

Í máli þessu hefur verið lagt fram vottorð undirritað af Hannesi Ólafssyni og Ásu Björnsson. Segir þar, að ekki hafi verið nóg loft í einu af hjólunum á bíl Sigurðar Guðmundssonar, þegar hann fór frá þeim 29. júlí 1959. Hafi Sigurður talað um, hvort ekki væri hægt að fá loft í Hvítárvallaskálanum. Það var ekki hægt, en Sigurður talaði þá um, að því er segir í vottorðinu, að dekkið myndi duga suður, en hann myndi skipta um dekk, áður en hann kæmi aftur næsta dag.

Einnig hefur verið lögð fram kvittun, dagsett 1. júní 1959, þar sem prókúruhafi Kemikalía h/f kvittar fyrir greiðslu frá Hörpu h/f fyrir veiðileyfi í Grímsá 31. júlí til 4. ágúst.

Í máli þessu hefur verið lagt fram vottorð frá Veðurstofu Íslands. Segir þar, að veður á miðnætti aðfaranótt 3. júlí hafi verið þannig, að vindur hafi verið 3 stig af suðsuðvestri, alskýjað hafi verið, skyggni 40—45 km og hiti 11°C. Kl. 3 hafi vindur verið eitt stig af suðaustan, súld hafi verið, skyggni 15—16 km og hiti 10°C. Kl. 6 hafi vindur verið 3 stig af austan, alskýjað hafi verið, skyggni 30—35 km og hiti 9.8°C.

Hefur nú verið rakið það, sem fram er komið um atburði, varðandi andlát Sigurðar Guðmundssonar. Ýmis atriði hafa komið fram, sem átt hafa að skýra atburði þessa. Verður þeirra nú getið.

Um heilsufar hins látna hafa nokkur vitni borið. Heimilislæknir hans var Karl Sig. Jónasson, móðurbróðir stefnanda. Svohljóðandi vottorð frá honum var lagt fram í málinu:

„Ég undirritaður var heimilislæknir Sigurðar heitins Guðmundssonar síðastliðin 20 ár.

Ég hefi á þessum árum fylgzt nákvæmlega með heilsufari hans.

Hann var ávallt mjög hraustur og fékk sjaldan umferðarveiki.

Hann starfaði ávallt af kappi og tók sér aldrei hvíld frá vinnu.

Vorið 1955 kvartaði hann um úthaldsleysi við störf og áleit sig ekki fríska.

Hann lá þá um tíma í Landakotsspítala til rannsóknar, en í ljós kom aðeins þreyta eftir langvarandi ofvinnu.

Hann tók sér þá langt frí og dvaldi þá við Miðjarðarhaf og náði sér að fullu. Eftir það vann hann sér léttara og var ávallt vel fríska.

Sjúkdómur sá, er við krufningu fannst í hægra nýra hans, var ekki kominn á það stig, að hann gæfi nokkur einkenni við sjúkrarannsókn."

Læknirinn kom fyrir dóm. Hann kvaðst ekki vita til, að Sigurður hafi um það leyti, sem han tók sér hvíld vegna ofþreytu (defatigatis), verið stundaður af öðrum læknum. Jafnframt lét læknirinn þess getið, að gefnu tilefni, að Sigurður hefði ekki haft hækkaðan blóðþrýsting.

Stefnandi var spurð um heilsufar manns síns, sem hún kvað hafa verið ágætt síðustu árin, sem hann lifði.

Valdimar Jónsson verksmiðjustjóri var spurður um heilsufar Sigurðar síðustu mánuðina, sem hann lifði. Hann svaraði með því að segja: „Hann var áreiðanlega veikur maður." Er ofanskráð læknisvottorð hafði verið lesið fyrir Valdimar, sagði hann, að það, sem hann kalli veiki, kunni læknirinn að kalla þreytu. Valdimar sagði, að Sigurður heitinn hafi oft kvartað um þreytu við sig og talað um verk fyrir brjósti og í höfði. Síðast hafi hann haft orð á þessu, um viku áður en hann lézt, en þá hafi hann komið heim til Valdimars. Valdimar var einnig um það spurður, hvernig Sigurður hefði rækt forstjórastarfið í Hörpu síðustu mánuðina og hvort framkoma hans hefði verið eðlileg, miðað við það, sem áður var. Valdimar kvað Sigurð hafa rækt starfið með prýði, en skap hans hafa verið örara síðustu mánuðina. Valdimar tók fram, að þeim Sigurði hefði aldrei sinnazt í samstarfi, en þeir störfuðu saman í Hörpu frá 1952. Hins vegar hefði Sigurður haft uppi aðfinnslur við aðra starfsmenn, svo að þeir kvörtuðu við Valdimar um, að afstaða Sigurðar að þessu leyti væri breytt.

Orri Gunnarsson, skrifstofumaður hjá Hörpu h/f, var spurður sömu spurninga og Valdimar Jónsson um heilsu og störf Sigurðar Guðmundssonar. Orri sagði, að sér hefði virzt Sigurður heldur þreytulegur, ekki sízt upp á síðkastið. Þá hefði sér virzt hann laus við starfið eða tiltölulega lítið við, en ekki kvaðst Orri geta metið, hvernig hann rækti starfið. Hann sagði, að sér hefði virzt Sigurður æði mislyndur síðustu mánuðina og stundum uppstökkur af litlu tilefni. Hefði sér undir það síðasta, sem Sigurður lifði, þótt hann bera þreytumerki umfram það sem hann átti venju til áður fyrr.

Sigurður Ólafsson, skrifstofustjóri í Hörpu h/f, kvaðst hafa starfað með Sigurði Guðmundssyni alla tíð, meðan hinn síðarnefndi starfaði hjá fyrirtækinu. Hann var spurður sömu spurn-

inga og Valdimar og Orri, varðandi heilsu og störf hins látna. Hann kvaðst ekki hafa getað séð neitt óvenjulegt við heilsufar hans. Vitnið sagðist halda, að Sigurður heitinn hafi alla tíð rækt starf sitt með mikilli samvizkusemi og miklum áhuga, og ekki geta sagt, að framkoma hans hafi verið neitt óvenjuleg síðustu mánuðina, miðað við það, sem áður var. Sigurður heitinn hafi verið áhlaupamaður og unnið í skorpum, eftir því hvernig verkefni lágu fyrir. Mánuðinn áður en hann lézt hafi verið sumarfrí hjá starfsfólki Hörpu h/f og framleiðslan því svo til stöðvazt. Vitnið sagði, að hann hafi síðast rætt við Sigurð heitinn sunnudaginn áður en hann dó, en vitnið ætlaði í sumarfrí og úr bænum. Var um það rætt, hvað gera þyrfti í sambandi við störf vitnisins í fjarveru þess. Sigurður Ólafsson sagði, að það hafi verið síður en svo, að hann hafi þá merkt þreytumerki á hinum látna, og ekki kvað hann hann hafa haft orð á því síðustu mánuðina, sem hann lifði, að hann kenndi óvenjulegrar þreytu.

Oddur Helgason, sem kvaðst hafa verið nokkuð náinn samstarfsmaður Sigurðar Guðmundssonar og hafa starfað með honum frá 1946, var spurður sömu spurninga og að framan eru skráðar um heilsu og störf Sigurðar. Hann sagði, að sér hefði virzt heilsufar hans síðustu mánuðina, sem hann lifði, ekki hafa verið öðruvísi háttað en undanfarandi ár. Ekki kvaðst Oddur hafa vitað til, að hann hefði rækt starf sitt síðustu mánuðina með öðrum hætti en áður.

Ólafur G. Einarsson var spurður, hvernig honum hefði virzt heilsufari Sigurðar hafa verið háttað síðustu mánuðina, sem hann lifði. Hann svaraði með því að segja: „Hann var ákaflega þreyttur.“ Þá var Ólafur einnig spurður, hvort honum hefði virzt framkoma Sigurðar eðlileg þessa síðustu mánuði. Hann svaraði: „Það er eins og ég segi, hann var ákaflega þreyttur. Ég taldi það bara vera þreytu.“

Lögmaður stefnda fékk stefnanda að því spurða í máli þessu, hvort bílskúr fylgdi húsinu Ásvallagötu 24, og kvað hún svo vera. Ekki kvað hún það hafa verið venju manns síns að gera sjálfur við bifreið sína. Valdimar Jónsson og Orri Gunnarsson kváðust ekki heldur hafa vitað til, að svo hefði verið. Sigurður Ólafsson kvaðst ekki vita til þess, að Sigurður heitinn hafi að jafnaði gert við bifreið sína. Kvaðst hann þá eiga við það, sem menn færu almennt með á verkstæði til viðgerðar, hinn látni hafi almennt farið með bílinn á verkstæði. Vitnið sagði, að hann hefði séð Sigurð heitinn skipta um dekk, og eitt sinn kvað

hann hann hafa hjálpað sér að skipta um dekk. Páll Haukur Gíslason kvað það hafa komið þó nokkuð oft fyrir, að Sigurður heitinn gerði við bifreið sína. Bíllinn hefði verið settur á verkstæði, ef um meiri háttar viðgerðir var að ræða, en Páll Haukur kvaðst oft hafa þvegið hann og bónað. Oddur Helgason var einnig spurður, hvort hann hefði vitað til þess, að Sigurður heitinn gerði við bifreið sína. Hann kvað svo ekki vera.

Stefnandi var spurð að því, hvort það hafi oft komið fyrir, að maður hennar færi mjög snemma að heiman á morgnana og þá um hvaða leyti. Hún sagði, að það hefði mjög oft komið fyrir. Hafi hann oft farið um kl. 6, 7 og 8 á morgnana.

Stefnandi upplýsti aðspurð, að maður hennar hefði verið stærsti hluthafinn í Kemikalíu h/f, og sagði, að sig minnti, að þau hjón hefðu átt 22.000.00 kr. af hlutafénu, sem allt muni vera kr. 25.000.00. Stefnandi kvað fjárhag fyrirtækisins hafa verið, eins og gerist og gengur, þegar maður hennar féll frá. Hún sagði, að sér hefði fundizt allt í lagi með reksturinn og að fyrirtækið hafi átt fyrir skuldum sínum. Ólafur G. Einarsson sagði fyrir dómi, að Sigurður Guðmundsson hafi haft afskipti af rekstri Kemikalía h/f. Ólafur sagði enn fremur, að fjárhagurinn hefði verið fremur þröngur, þar sem ráðizt hafði verið í byggingarframkvæmdir, eða þröngt um peninga af þessum sökum, en annars hafi reksturinn gengið eðlilega. Aldrei kvaðst Ólafur hafa orðið var við, að Sigurður geymdi bifreið sína í húsakynnum fyrirtækisins.

Dómarar hafa, sem fyrr segir, athugað staðhætti í byggingu Kemikalía h/f. Vörugeymslan, sem Sigurður Guðmundsson lézt í, mun vera um 100 m^2 og um 320 m^3.

Þá er þess að geta, að stefnandi kveðst ekki hafa tilkynnt stefnda lát manns síns sjálf og ekki vita, hvernig það var gert, en gera ráð fyrir, að Oddur Helgason hafi gert það. Þá er komið fram, að með bréfi 19. ágúst tilkynnir Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður stefnda, að hann hafi, eins og hann hafi áður tjáð félaginu munnlega, umboð til að taka við vátryggingarfénu, sem krafið er í máli þessu. Hinn 18. nóvember 1959 kvittar stefnandi fyrir dánarbætur frá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð kr. 19.143.35.

Í máli þessu hefur verið lagt fram skattframtal Sigurðar Guðmundssonar árið 1959. Segir þar, að hrein eign sé kr. 144.091.40 og tekjur árið 1958 kr. 134.438.25. Meðal eignanna eru talin fram á nafnverði hlutabréf í 8 fyrirtækjum, en sannvirði þeirra er

miklum mun meira að sögn lögmanns stefnanda. Var það álit lögmanna beggja aðilja, að Sigurður hefði verið mjög vel efnum búinn.

Enn er þess að geta, að fyrir dóm hefur komið Héðinn Skúlason lögregluþjónn. Hann kvaðst hafa verið starfsmaður í Hörpu h/f í nokkur ár, en hætt 1956 eða 1957. Skýrði Héðinn svo frá, að eitt sinn, meðan hann vann í Hörpu, hafi hann setið inni í bifreið með fleiri starfsmönnum, og var bifreiðin inni í vörugeymslu fyrirtækisins. Kvað Héðinn sig minna, að Sigurður heitinn Guðmundsson, sem þarna kom að, hafi látið orð falla um, hvort ekki gæti verið hættulegt að láta bifreiðina vera þarna í gangi.

Hér á undan hefur það verið rakið, sem fram er komið um atvik máls þessa.

Verður nú greint frá þeim rökum, sem fram hafa komið til stuðnings kröfum þeim, sem gerðar hafa verið af hálfu aðilja.

Í stefnu er af hálfu stefnanda vísað til tryggingarskírteinisins.

Í greinargerð lögmanns stefnanda kveðst lögmaður hennar ekki geta að svo stöddu tekið afstöðu til varna stefnda, þar sem ekki hafi verið tilgreindar ástæður fyrir því, að neitað var að greiða tryggingarféð.

Í greinargerð stefnda segir m. a.:

„Umbj. telur með tilvísan til 3. tl. 1. gr. og d-liðar 4. gr. hinna almennu skilmála fyrir tryggingu þeirri, er Sigurður heitinn keypti sér, þá sé greiðsluskylda sín eigi fyrir hendi, þar sem augljóst megi telja, að tryggði hafi vegna sjúklegs ástands stytt sjálfum sér aldur. Skal þetta nú rökstutt nánar.

Sigurður heitinn var 53 ára, er hann fellur frá. Hann hverfur að heiman frá sér um miðja nótt án nokkurs sjáanlegs tilefnis. Ekur bifreið sinni í vörugeymsluhús fyrirtækis, sem upplýst er, að hann heimsótti mjög sjaldan. Upplýst er og, að hann geymdi bifreið sína aldrei á þessum stað né lét gera við hana þar. Hver var skynsamlegur tilgangur með þessu ferðalagi? Ekki er sennilegt, að bifreiðin hafi verið biluð og hafi þurft einhverrar lagfæringar við. Slíkt gat að sjálfsögðu beðið næsta dags, enda mun Sigurður heitinn aldrei hafa fengizt sjálfur við slíkt, heldur látið starfsmenn Hörpu h/f annast allar viðgerðir og viðhald bifreiðar sinnar. Hver er ástæða þess, að öllum hurðum byggingarinnar er harðlæst innan frá? Hver er ástæða þess, að vél bifreiðarinnar er látin vera í gangi, eftir að inn í bygginguna er komið? Getur hver góður og skynsamur maður eigi sagt sér það sjálfur, að

slíkt er stórhættulegt? Hver er ástæða þess, að allar rúður bifreiðarinnar eru opnaðar? Er ástæðan sú, að kolsýrlingurinn frá útblástursröri bifreiðarinnar eigi auðveldara með að leika um þann, er dvelur inni í lokaðri geymslunni. Eftir að inn í geymsluna kom, þá virðist Sigurður heitinn hafa setzt undir stýri í framsæti bifreiðar sinnar og vegna kolsýrlingsins sofnað fljótt og eigi vaknað aftur til lífsins. Ég get eigi annað séð en ferðalag Sigurðar heitins inn í Dugguvog hafi verið í þeim tilgangi að stytta sér aldur að yfirlögðu ráði. Af hvaða ástæðum þetta hefur verið gert, á ef til vill eftir að koma í ljós. Ljóst er, að Sigurður heitinn hefur verið orðinn helsjúkur maður, enda kom fram við krufningu á líki hans, að hann hefur gengið með illkynjað æxli í hægra nýra, þ. e. verið haldinn krabbameini. Sigurður heitinn hefur verið haldinn einhverri veiklun, sem gert hefur það að verkum, að hann hefur eigi séð aðra leið sér til bjargar en stytta sér aldur. Af þessum ástæðum telur umbj.m. sér eigi skylt að greiða tryggingarfjárhæðina."

Í hinum munnlega málflutningi rakti lögmaður stefnanda það, sem fram hefur komið í málinu um heilsufar Sigurðar Guðmundssonar, en frá því hefur verið greint hér að framan. Taldi hann, að leggja yrði til grundvallar vottorð heimilislæknis hins látna. Lögmaðurinn sagði, að af hálfu stefnda hefði ekki verið sannað, að Sigurður hefði verið sjúkur maður, enda hefði svo ekki verið.

Þá taldi lögmaðurinn ótvírætt, að rétt væri, að Sigurður Guðmundsson hefði látizt af kolsýrlingseitrun. Slík slys væru sjaldgæf hér á landi, en algeng erlendis og yrðu hvað eftir annað, þó að flestir menn vissu um hættu þá, sem því er samfara að láta vélar bifreiða vera í gangi í lokuðum rúmum. Lögmaðurinn benti á, að enginn var við, er Sigurður andaðist, og sagði, að líklegast væri, að hann hefði þurft að beygja sig til að gera við hjól bfreiðar sinnar og þá orðið fyrir eitrun af kolsýrlingnum, sem væri þyngri en andrúmsloftið og hefði því verið niðri við gólf vörugeymslunnar. Ef ætlun Sigurðar hefði verið að svipta sig lífi, myndi hann hafa gengið frá verksummerkjum með öðrum hætti.

Lögmaður stefnanda taldi, að af hálfu stefnda bæri að sanna það lögfullri sönnun, að um sjálfsmorð væri að ræða. Kvað lögmaðurinn slíka sönnun ekki fram komna. Ekki væri við fordæmi frá íslenzkum dómstólum að styðjast hér að lútandi, en lögmaðurinn rakti fimm danska dóma frá árunum 1897—1927,

sem hann taldi sýna, að gerðar væru strangar kröfur í Danmörku til sönnunar, eins og hér stendur á. Þá lagði lögmaðurinn áherzlu á, að ekki væri fram komið, að neitt varðandi hagi Sigurðar hefði verið með þeim hætti, að það gæti hafa verið orsök sjálfsmorðs, enda hefði hann bæði í einkalífi sínu og atvinnu verið hamingjumaður. Lögmaðurinn benti á, að Tryggingastofnun ríkisins greiddi dánarbætur vegna fráfalls Sigurðar, og kvað það skoðun sína, að tryggingarfélög ættu að greiða dánarbætur, nema augljóst væri, að um brot á skilmálum væri að ræða, enda hefði verið venja, að þau gerðu það.

Lögmaður stefnda kvaðst í hinum munnlega málflutningi byggja sýknukröfu sína á tvennu, í fyrsta lagi á því, að hér hefði verið um sjálfsmorð að ræða, og í öðru lagi til vara á því, að hinn látni hefði sýnt stórkostlegt gáleysi í sambandi við vátryggingaratburðinn, og væri félagið því ekki bótaskylt samkvæmt 124. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Lögmaðurinn taldi, að vátryggingarfélaginu bæri að sanna, að um sjálfsmorð hefði verið að ræða, en kvað það skoðun sína, að ekki bæri að krefjast lögfullrar, algerlega ótvíræðrar sönnunar, sem jafngilti framburði tveggja óaðfinnanlegra vitna. Lögmaðurinn taldi það fara eftir atvikum, hvaða sönnunargögn þyrftu fram að koma, og að næg sönnun um sjálfsmorð væri fram komin, ef telja yrði langsennilegast, að um sjálfsmorð væri að ræða, þegar athuguð væru öll atvik við andlát svo og framferði hins látna, áður en hann lézt, heilsufar hans allt og einkahagir. Lögmaðurinn ræddi nokkuð um danska dóma hér að lútandi og taldi, að þar í landi væru nú gerðar aðrar og minni kröfur en áður til sönnunargagna í málum af sama tagi og þetta mál er. Ræddi hann í því sambandi einkum einn dóm frá árinu 1948 og bar hann saman við dóma þá, er lögmaður stefnanda rakti. Einnig bar hann atvik í þessum málum öllum saman við atvik máls þess, sem hér er til úrlausnar, og taldi að því loknu, að hin dönsku fordæmi styddu, þegar á allt væri litið, sínar kröfur. Lögmaðurinn taldi, að öll atvik máls þessa væru með þeim hætti, að fram væri komin fullnægjandi sönnun fyrir því, að um sjálfsmorð hefði verið að ræða.

Þá vék lögmaðurinn að þeirri varnarástæðu, að sýkna bæri vátryggingarfélagið eftir ákvæðum 124. gr. laga nr. 20/1954. Taldi hann, að sanngjarnlega hafi mátt ætlazt til, að Sigurður Guðmundsson, sem var forstjóri efnaverksmiðju og aðaleigandi annarrar, stöðvaði hreyfil bifreiðar sinnar, er komið var inn í

vörugeymslu Kemikalía h/f, enda þyrfti ekki sérfróðan mann til þess að gera sér grein fyrir hættunni af kolsýrlingseitrun.

Þá ræddi lögmaðurinn einnig í ræðu sinni um hugtakið slys og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri um slys að ræða, þegar framið væri sjálfsmorð eða dauða valdið með stórkostlegu gáleysi.

Lögmaður stefnanda tók fram, að hann mótmælti því, að 124. gr. laga nr. 20/1954 væri lögð til grundvallar dómi í þessu máli, þar sem því hefði ekki verið hreyft fyrr en í hinum munnlega málflutningi, að þess væri krafizt. Jafnframt tók lögmaðurinn fram til vara, að í vátryggingarskírteininu væri ekki vitnað í 124. gr., heldur gerðar vægari kröfur til vátryggingartaka en heimilt er samkvæmt greininni, sem frávíkjanleg væri vátryggingartaka í hag, eins og fram kæmi í greinargerð frumvarps til laga um vátryggingarsamninga, þar sem rætt er um 3. gr. þess.

Þar sem stefnandi situr í óskiptu búi, er hún, sbr. 122. gr. laga nr. 20/1954, réttur aðili máls þessa, enda er það ekki vefengt.

Telja verður sannað, að Sigurður Guðmundsson hafi látizt af kolsýrlingseitrun, eins og talið er í skýrslu prófessors Níelsar Dungal.

Ýmis atvik, varðandi andlátið, veita líkur fyrir því, að hinn látni hafi stytt sér aldur: Ferð hans um nótt um alllangan veg í Dugguvog án sýnilegs tilefnis og svo það, að hann lætur vél bifreiðar sinnar vera í gangi í lokuðu rúmi, þó að honum hafi hlotið að vera ljós sú hætta, er því fylgir. Önnur atvik eru óljósari: Þó að ógerningur hafi verið að komast inn í vörugeymsluna um aðaldyr hennar, gat hafa lokazt af sjálfu sér vegna umbúnaðarins á hurðum; aðgerðir hins látna í vörugeymslunni virðast að vísu ekki hafa verið nauðsynlegar með tilliti til ástands bifreiðarinnar eða eðlilegt, að hinn látni framkvæmdi viðgerð þarna, en hins vegar voru aðgerðirnar ekki þannig, að talið verði, að þær beri vott um vandlegan undirbúning að því að láta líta svo út sem ekki væri um sjálfsmorð að ræða. Þá er þess sérstaklega að geta, að vörugeymsla Kemikalía h/f er allstór salur, og þurfti því tiltölulega mikið magn af kolsýrlingi til að menga loftið þar inni svo, að lífshættulegt væri.

Upplýsingar, sem fullnægjandi geta talizt að lögum, liggja ekki fyrir um heilsufar Sigurðar Guðmundssonar, og fullt samræmi er ekki milli skýrslna þar að lútandi. Ekki er fram komið, að hinn látni hafi vitað um sjúkdóm þann, sem fannst í nýra

hans við krufningu. Verður ekki að áliti dómenda litið svo á, að hann hafi verið haldinn sjúkleika, sem geti gefið fullnægjandi skýringu á meintu sjálfsmorði, þannig að rekja megi dauða Sigurðar að nokkru eða öllu til sjúkdóms, sjúklegs ástands eða veiklunar.

Þá er og á það að líta, að Sigurður Guðmundsson hefur verið vel efnum búinn. Ekki er og annað fram komið en hann hafi verið lánsmaður í störfum og einkalífi.

Að áliti dómenda er ekki fram komið, hvert hefði getað verið tilefni þess, að Sigurður Guðmundsson fremdi sjálfsmorð. Þegar þess er gætt og öll atvik virt, þykir varhugavert að telja, að fullnægjandi sönnun sé fram komin fyrir því, að um sjálfsmorð hafi verið að ræða. Verður sú sýknuástæða því ekki tekin til greina.

Í hinum almennu skilmálum um slysatryggingar, sem giltu um tryggingu þá, er mál þetta er af risið, segir, þar sem talað er um undanskildar áhættur, að félagið greiði ekki bætur fyrir „sjálfsmorð, tilraun til sjálfsmorðs, eða ef tryggði viljandi veldur sjálfum sér slysi eða áverka". Ekki er í skírteininu vísað til 124. gr. laga nr. 20/1954, og ekki tekið fram, að félagið greiði ekki bætur, ef tjón verður vegna stórkostlegs gáleysis, eins og heimilt var að gera. Fallast verður á það með lögmanni stefnanda, að heimilt sé að víkja frá fyrrgreindu lagaákvæði félaginu í óhag, og þykir því verða að skýra tryggingarskírteinið þannig, að félagið hafi með því að áskilja sér aðeins hluta af þeim rétti, sem því var heimilt samkvæmt greininni, tekið að sér að bæta tjón vegna stórkostlegs gáleysis. Ekki hnekkja önnur ákvæði laga nr. 20/1954 þeirri niðurstöðu. Þegar af þessari ástæðu verður síðari sýknuástæða stefnda ekki tekin til greina.

Úrslit þessa máls verða þá þau, að stefnda verður dæmd til að greiða stefnanda kr. 1.000.000.00 auk vaxta, eins og krafizt er, enda hefur vaxtakröfunni ekki verið mótmælt sérstaklega. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir, eins og á stendur, hæfilega ákveðinn kr. 45.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum dr. med. Friðriki Einarssyni dósent og Þórði Runólfssyni öryggismálastjóra.

Dómsorð:

Stefnda, Trygging h/f, greiði stefnanda, frú Rögnu Björns-

son, kr. 1.000.000.00 ásamt 7% vöxtum p.a. frá 17. september 1959 til greiðsludags og kr. 45.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 71/1961. **Ákæruvaldið** (Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Þóri Jónssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Of hraður akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn.

Leitt hefur verið í ljós, að sakavottorð það, sem getur í héraðsdómi, á eigi við ákærða, en samkvæmt fæðingarvottorði, dags. 19. júní 1961, er hann fæddur á Blönduósi hinn 18. apríl 1922, og samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur hann, áður en héraðsdómur í máli þessu gekk, sætt í Reykjavík eftirtöldum refsingum:

1. 1946 28/6 Sátt, 200 króna sekt fyrir brot á 26. og 27. gr. bifreiðalaga.
2. 1958 2/1 Sátt, 150 króna sekt fyrir ölvun.

Að kröfu sækjanda hefur bifreiðaeftirlit ríkisins hinn 25. apríl 1961 vottað þetta um þyngd og gerð bifreiðarinnar R 1483: Bifreiðin er Volvo, gerð fyrir 46 farþega. Smíðaár hennar er 1954. Þá er bifreiðin var skráð ný, 28. janúar 1955, reyndist þyngd hennar 8800 kg.

Að beiðni sækjanda hefur bifreiðaeftirlit ríkisins látið framkvæma athugun á ökuhraða lögreglubifreiðarinnar R 4010 frá vegamótum benzínstöðvar Shell við Reykjanesbraut að Miklatorgi, og segir um þessa athugun í bréfi eftirlitsins, dags. 8. júní 1961:

„Við undirritaðir bifreiðaeftirlitsmenn framkvæmdum at-

hugun á ökuhraða lögreglubifreiðarinnar R 4010 frá vegamótum benzínstöðvarinnar að Miklatorgi. Vegalengdin reyndist vera samkvæmt mælingu lögreglunnar, en lögreglan aðstoðaði við athugunina, 599.75 metrar.

Bifreiðin R 4010 var staðsett á hægri kanti á efri veginum, er liggur að benzínstöðinni, eða þar sem lögreglan telur sig hafa verið í umrætt skipti, þegar hún kærði bifreiðina R 1483 fyrir of hraðan akstur.

Lögreglubifreiðinni R 4010 ókum við inn á Reykjanesbrautina og þá leið, er bifreiðinni R 1483 var ekið í umrætt skipti. Þegar lögreglubifreiðinni hafði verið ekið 123.45 metra frá þeim stað, er hún var staðsett, var hún komin á 70 km hraða, og héldum við þeim hraða að þeim stað, er lögreglan mun hafa stöðvað R 1483, og mældist sú vegalengd 476.05 metrar, en vegalengdin frá þeim stað, sem bifreiðin var staðsett, að Miklatorgi 640 metrar.

Magnús Wíum. Hörður Jónsson."

Í vottorði veðurstofunnar, sem sækjandi hefur aflað um veður í Reykjavík 8. desember 1959, segir, að snjóhula hafi verið að morgni, en hiti yfir frostmark, er á daginn leið, og lengst af rigning eða súld fram til kl. 1700.

Hámarkshraði bifreiða var hinn 8. desember 1959 á þeim vegarkafla, er í máli þessu greinir, 35 km, miðað við klukkustund, sbr. auglýsingu nr. 95/1958.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Þórir Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað

sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar og Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanna, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1960.

Ár 1960, föstudaginn 11. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu embættisins af Jóni A. Ólafssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 7775/1960: Ákæruvaldið gegn Þóri Jónssyni, sem dómtekið var 8. þ. m. Málið var með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 19. september, höfðað gegn ákærða, Þóri Jónssyni bifreiðarstjóra, Miklubraut 40, hér í bæ, fyrir of hraðan akstur bifreiðarinnar R 1483, er hann um kl. 1425 þriðjudaginn 8. desember s.l. ók henni eftir Reykjanesbraut, en á vegarkafla milli benzínsölu Shell og Miklatorgs mældist hraði bifreiðarinnar allt að 70 km á klst.

Enn fremur er hann ákærður fyrir að hafa ekki haft hraðamæli bifreiðarinnar í lagi.

Telst þetta varða við 2. mgr. 4. gr., d-lið 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930, sbr. auglýsingu nr. 95/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 22. apríl 1922 á Blönduósi og hefur samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins, dagsettu 8. september 1960, hvorki sætt kæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Þriðjudaginn 8. desember 1959, klukkan um 1425, voru lögreglumennirnir Jón Þorgrímur Jóhannsson og Gísli Guðmundsson staddir í bifreiðinni R 4010 við Reykjanesbraut. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni R 1483, sem ekið var norður brautina. Þar eð þeir töldu, að bifreiðinni væri ekið of hratt, þá veittu þeir henni eftirför og mældu hraða hennar með jöfnu bili milli farartækja á vegarkafla frá benzínsölu Shell og að Miklatorgi. Reyndist hraði lögreglubifreiðarinnar þá vera 70 km miðað við klukkustund. Stöðvuðu lögreglumennirnir því akstur bifreiðarinnar R 1483 og tóku stjórnanda hennar tali. Reyndist hann vera

ákærði í máli þessu, Þórir Jónsson, og tjáði hann löggæzlumönnum, að hraðamælir bifreiðar sinnar væri óvirkur.

Báðir lögreglumennirnir hafa komið fyrir dóm í máli þessu og gefið skýrslu, staðfesta með eiði, um atburðinn.

Jón Þorgrímur Jóhannsson skýrði svo frá: Umrætt sinn voru lögregluþjónarnir staddir í bifreiðinni R 4010 við „efri" innkeyrslu að benzínafreiðslu Shell við Reykjanesbraut. Þá var bifreiðinni R 1483 ekið geyst norður nefnda braut og framhjá innkeyrslunni. Lögreglumennirnir hófu þegar eftirför og náðu brátt bifreiðinni R 1483, og síðan óku þeir á eftir henni í 200—300 m fjarlægð. Þá sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar 70 km hraða, miðað við klukkustund.

Vitnið gat þess einnig, að bifreiðin R 4010 hafi umrætt sinn verið með sinni upprunalegu hjólbarðastærð og að hraðamælir hennar hafi verið borinn saman við mæla annarra lögreglubifreiða, og enginn mismunur hafi komið fram.

Lögreglumaðurinn Gísli Guðmundsson hefur skýrt svo frá, að lögreglubifreiðinni hafi verið ekið með 80—90 km hraða, er þeir hafi verið að elta bifreiðina R 1483 uppi. Þegar bifreiðunum var ekið hvorri á eftir annarri með jöfnu bili, þá sýndi mælir bifreiðarinnar R 4010 70 km hraða, miðað við klukkustund. Vitnið kveðst hafa fylgzt vel með hraða R 4010, er áðurnefndur akstur fór fram, enda ók hann ekki.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt, að hraðamælir bifreiðar sinnar hafi verið óvirkur. Hins vegar taldi hann útilokað, að hann hafi ekið með meira en 40—50 km hraða, miðað við klukkustund, þegar greiðast var ekið.

Fyrir dóm hafa komið tvö vitni, Sveinn Eiríksson Sveinsson og Jóhann Guðnason, sem voru farþegar í bifreiðinni R 1483 umrætt sinn. Hvorugt þeirra gat fylgzt með hraðamæli bifreiðarinnar, þar eð annað sat um miðbik og hitt aftan til í bifreiðinni R 1483. Bæði vitnin töldu þó, að ákærði hafi þessu sinni eins og alltaf, er þau hafa ferðazt með honum, ekið gætilega og eðlilega.

Þrátt fyrir neitun ákærða verður dómarinn að telja, að með vætti lögreglumannanna Jóns Þorgríms Jóhannssonar og Gísla Guðmundssonar sé sannað, að ákærði hefur gerzt sekur um þá háttsemi, sem lýst er í ákæruskjali og þar er réttilega færð til refsiákvæða, sbr. þó einnig nú „Auglýsingu um aðalbrautir og hámarkshraða á þjóðvegum í nágrenni Reykjavíkur, Gullbringu-, Kjósar- og Árnessýslu" frá 15. júlí 1960.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr.

26/1958 og 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja, ella sæti ákærði varðhaldi í 4 daga.

Einnig ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Þórir Jónsson, greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja, ella sæti hann varðhaldi í 4 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 35/1961. **M** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
K (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking og heimvísun barnsfaðernismáls.

Dómur Hæstaréttar.

Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. febrúar 1961, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. s. m. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Í hinum áfrýjaða dómi eru málsatvik alls eigi rakin, og eigi metin svo sem vera ber í barnsfaðernismáli. Er þessi meðferð brýnt brot á meginreglum 1. mgr. 193. gr. og 214. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á dómin-

um verður að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, en laun talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, kr. 2.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Laun talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 11. apríl 1959.

Árið 1959, laugardaginn 11. apríl, var á bæjarþingi Seyðisfjarðar, sem haldið var af Erlendi Björnssyni bæjarfógeta á skrifstofu hans, kveðinn upp dómur í bæjarþingsmálinu nr. 1/1958, barnsfaðernismálinu: K gegn M, sem dómtekið var í gær.

Mál þetta er með stefnu, útgefinni 20. nóvember 1958, höfðað af K gegn M. Krefst hún þess, að stefndi verði dæmdur faðir barnsins X, sem hún ól 18. febrúar 1957, og til greiðslu meðlags með barninu, til greiðslu fæðingarstyrks og til greiðslu tryggingargjalds hennar fyrir árið 1957 auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt ákvæðum 118. greinar laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Eftir atvikum þykja málssóknarlaun lögfræðings stefnanda hæfilega ákveðin kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, M, skal teljast faðir barnsins X, sem stefnandi, K, ól 18. febrúar 1957. Skal stefndi greiða meðlag með barninu

frá fæðingu, fæðingarstyrk svo og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1957, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Stefndi greiði 2870 krónur í málskostnað. Er þar meðtalin þóknun talsmanns stefnanda, Jóns Þorlákssonar lögfræðings, 2000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 208/1960. **Ákæruvaldið** (Logi Einarsson hdl.)
gegn
Einari Pálssyni (Gunnar A. Pálsson hrl.)
Pétri Eggerz Péturssyni
(Eyjólfur K. Jónsson hdl.)
Guðbjarti Heiðdal Eiríkssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og
Knud Alfred Hansen (Haukur Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson og Lárus Jóhannesson, Einar Arnalds borgardómari, Magnús Þ. Torfason prófessor og Theodór B. Líndal prófessor.

Brot í opinberu starfi. Fjárdráttur. Rangar skýrslur. Ákærureglur. Frávísun skaðabótakröfu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu og endurrit þeirra ásamt mörgum nýjum málsgögnum lögð fram í Hæstarétti.

Í I. lið ákæruskjals, sem út var gefið 15. júní 1960, eru ákærðu Einar Pálsson og Pétur Eggerz Pétursson meðal annars sakaðir um misferli með „eina örk eða 100 stykki af 40 aura frímerkjum, prentuðum 1898/1899 eða 1904, með breyttu vatnsmerki, fjólubláum að lit, og felur mynd þeirra

töluna 40 innan sporbaugs í miðju merkis, gróftökkuðum með takkafjölda 12½—12¾ pr. 20 mm., og eina örk eða 100 stykki af 50 aura frímerkjum, prentuðum 1898/1899 eða 1904, rauðum með blárri umgjörð og mynd með tölunni 50 innan sporbaugs, gróftökkuðum með takkafjölda 12½—12¾ pr. 20 mm."

Sjá má af gögnum málsins, að prentaðar hafa verið þrjár gerðir af 40 aura og 50 aura frímerkjum, sem hér koma við sögu. Fyrsta gerðin var „fíntökkuð", og eru merki þau, sem ákæran varðar, ekki af þeirri gerð. Önnur gerðin var „gróftökkuð" með sama vatnsmerki og fyrsta gerðin. Þau 40 aura og 50 aura frímerki, sem ákærði Einar hafði á brott með sér úr frímerkjageymslu póststjórnarinnar, eru af þessari gerð. Ekki hefur verið leitt í ljós til fullnaðar prentunarár frímerkja af þessari gerð, en sýnt er, að þau hafa verið prentuð fyrir síðustu aldamót. Þriðja gerðin, „gróftökkuð" með breyttu vatnsmerki, var prentuð árið 1904. Tilgreining um prentunartíma 40 aura og 50 aura frímerkjanna og vatnsmerki 40 aura frímerkjanna er ónákvæm í ákæruskjali, en þar sem frímerkjunum er þar rétt lýst að öðru leyti, að ekki er um að villast, hvaða frímerki Einar hafði á brott með sér úr frímerkjageymslunni, og að ákærðu Einar og Pétur hafa ekki verið í vafa um, að ákæran ætti við þau frímerki, þá getur þessi ónákvæmni í ákæruskjali ekki skipt máli, enda hefur vörn ekki orðið áfátt þess vegna, sbr. 118. gr. laga nr. 27/1951.

II.

Ákæra á hendur Einari Pálssyni og Pétri Eggerz Péturssyni fyrir brot á 247. gr. og 138. gr. laga nr. 19/1940.

Hinir ákærðu Einar og Pétur eru sakaðir um að hafa með töku framangreindra 40 aura og 50 aura frímerkja, 100 eintaka af hvorri tegund, og 150 stykkja einstakra merkja af svonefndum „þristfrímerkjum Kristjáns IX" úr frímerkjageymslu póststjórnarinnar um mánaðamótin janúar og febrúar 1959 brotið gegn ákvæðum 247. gr. og 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. til vara 1. mgr. 22. gr. sömu laga, að því er Einar varðar.

Atvikum að töku frímerkja þessara er rækilega lýst í héraðsdómi. Verða hér aðeins rakin helztu málsatriði með hliðsjón af nýjum gögnum, sem fram hafa komið í Hæstarétti.

Árið 1927 sendi danska póststjórnin íslenzku póststjórninni afgangsbirgðir íslenzkra frímerkja. Samkvæmt skrá, er birgðunum fylgdi, höfðu frímerki þessi verið prentuð eða gefin út á ýmsum árum á tímabilinu 1873—1925, að báðum árum meðtöldum. Í skránni eru tegundir frímerkjanna taldar 172 alls. Hver tegund var sér í umslagi, og utan á hvert umslag var skráð tilgreining um eintakafjölda frímerkja þeirra, sem í því voru, ásamt lýsingu á merkinu. Höfðu margar tegundirnar mjög mikið verðgildi í kaupum og sölum frímerkjasafnara.

Þegar frímerkin komu hingað til lands árið 1927, mun þáverandi póstritara Ole P. Blöndal hafa verið falin varzla þeirra. Árið 1930 tók Egill Sandholt, sem þá varð póstritari og síðar forstöðumaður póstmáladeildar, við vörzlunni og hafði hana enn á hendi samkvæmt stöðu sinni, er atvik máls þessa gerðust. En vegna sjúkdómsforfalla hans var ákærða Pétri falið með bréfi póst- og símamálastjóra 13. janúar 1959 að annast tiltekin störf póstritara, eins og nánar greinir í héraðsdómi, en hafa þó samráð við hann um meiri háttar mál, ef unnt væri. Samkvæmt því hafði Pétur á hendi vörzlu umræddra frímerkja á þeim tíma, sem hér skiptir máli.

Í héraðsdómi er lýst geymslustöðum frímerkjanna. Voru þau fyrst geymd í læstum tréskápum, en frá fyrri hluta árs 1958 í læstum stálskápum. Tvær lyklasamstæður voru að stálskápum og geymsluherbergi því, sem þeir voru í, og geymdi póstritari báðar samstæðurnar. Komið hefur fram, að fleiri menn hafi í einstökum tilfellum fengið aðgang að skápunum með leyfi póstritara, og enn fleiri fengu aðgang að geymsluherbergi því, sem skáparnir voru í. Eitthvað af frímerkjunum var þó geymt í hillu í geymsluherberginu, þar á meðal hin svonefndu „þristfrímerki", sem voru þar í opnum kassa.

Egill Sandholt hefur borið fyrir dómi, að meðan hann

hafði á hendi vörzlu gamalla frímerkjabirgða, sem ekki voru í gildi, hafi verið mjög fátítt, að frímerki hafi verið afhent af þeim. Þó hafi það komið fyrir einstöku sinnum, „t. d. gefið erlendum sendiherrum eða þess háttar mönnum". Hafi þá verið ritað á umslög frímerkjanna eða á spjöld í þeim, hvað úr þeim var tekið og hverjum afhent. Rannsókn máls þessa hefur hins vegar leitt í ljós, að tekið hefur verið af birgðum þessum, svo að miklu magni nemur, án þess að séð verði, hvenær það hefur orðið eða með hverjum hætti. Ríkisendurskoðun á frímerkjabirgðum þessum, sbr. 15. gr. laga nr. 61/1931, mun ekki hafa farið fram, fyrr en eftir að rannsókn máls þessa hófst. Fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að úr gömlum frímerkjabirgðum póststjórnarinnar, öðrum en þeim, sem hér ræðir um, hefur erlendum mönnum verið afhent mikið magn frímerkja á árunum 1941 og 1953, en ekki hafa þeir yfirmenn póstmála, sem að þeirri afhendingu stóðu, talið, að þar væri nema að litlu leyti um gjöf að ræða. Um afhendingu frímerkja úr gömlum birgðum póststjórnarinnar hefur ekki frekar verið leitt í ljós í máli þessu en það, sem hér að framan er rakið, og ekki hafa verið settar neinar sérstakar reglur, sem heimili eða segi til um slíka afhendingu.

Ákærði Einar, sem lagði stund á frímerkjasöfnun, fékk árið 1958 ábendingu um það frá nafngreindum póststarfsmanni, að „gjafapakkar íslenzkra frímerkja" mundu áður fyrr hafa verið afhentir erlendum sendimönnum, og væri ekki ólíklegt, að hann, sem sæti ætti í Póst- og símamálastjórninni, gæti fengið frímerki með sama hætti. Eins og nánar greinir í héraðsdómi, sneri Einar sér eftir það til ákærða Péturs með beiðni um að fá gefins í safn sitt gömul frímerki, en Pétur leitaði aftur um það til yfirmanns síns, Egils Sandholts. Kvaðst Egill ekki hafa á móti því, að Einar fengi nokkur frímerki úr frímerkjageymslunni. Hefur Egill lýst því, að hann hafi vænzt þess, að fengið yrði samþykki póst- og símamálastjóra, en ekki hafi hann þó minnzt á það við Pétur.

Hinn 28. janúar 1959 fóru hinir ákærðu Einar og Pétur

saman í frímerkjageymsluna. Af þeim 172 tegundum gamalla frímerkja, sem fyrr var getið, tók Einar 153 frímerki, eitt af hverri tegund. Ritaði Pétur upphafsstafi Einars á spjöld í umslögunum, a. m. k. sumum þeirra, ásamt tilgreiningu um tölu merkja og afhendingardag. Ekki er ákært fyrir töku þessara frímerkja.

Skömmu síðar fóru þeir Einar og Pétur aftur í frímerkjageymsluna. Veitti Pétur Einari aðgang að umslögunum, og tók Einar þá úr þeim að Pétri áhorfandi þær tvær arkir af 40 aura og 50 aura frímerkjum, sem í málinu greinir. Gerði Pétur ekki tilraun til að hindra þetta, en lét orð falla um, að nú væri Einar búinn að fá nóg, nú fengi hann ekki meira. Í þetta sama skipti tók Einar með samþykki Péturs hin svonefndu „þristfrímerki Kristjáns IX", sem greind eru í ákæruskjali.

Í héraðsdómi er ýtarlega rakin meðferð ákærða Einars á 40 aura og 50 aura frímerkjunum, sala hans af þeim, í hverra hendur þau komust og um endurheimt póstmálastjórnar á hluta þeirra. Fyrir seld frímerki kveðst Einar hafa fengið í hendur 85—90 þúsund krónur, en samkvæmt framburði annarra ætti sú upphæð að nema um 120 þúsund krónum. Ekki hefur tekizt að endurheimta 37 eintök 40 aura merkja og 22 eintök 50 aura merkja. Þá hefur ekkert endurheimzt af „þristfrímerkjunum", enda er ekki leitt í ljós, hvað af þeim hefur orðið.

Ákærði Pétur fékk ekkert af frímerkjunum og krafðist einskis ágóða vegna þátttöku sinnar í afhendingu þeirra. En eftir að Einar hafði selt hluta af frímerkjunum sumarið 1959, lét hann 10 þúsund krónur í umslag, stakk því í vasa Péturs og sagði honum að athuga þetta seinna. Eftir að Pétur hafði aðgætt, hvað í umslaginu var, kveður hann sér hafa orðið hugsað til frímerkjanna, en peningana notaði hann í sínar þarfir.

Eins og að framan er rakið, hafði ákærði Einar forgöngu um töku frímerkjanna og var aðalfremjandi verknaðar þess, sem hér er til álita, þó að ekki hefði hann með höndum vörzlu frímerkjanna. Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að

með verknaði þessum hafi þeir báðir, Einar og Pétur, misnotað stöðu sína hjá póst- og símamálastofnuninni. Ber að heimfæra framangreint brot þeirra beggja undir 1. mgr. 247. gr. og 138. gr. laga nr. 19/1940.

III.

Ákæra á hendur Guðbjarti Heiðdal Eiríkssyni fyrir brot á ákvæðum 254. gr. sbr. 247. gr. laga nr. 19/1940.

Með hinu upphaflega ákæruskjali í máli þessu, útgefnu 15. júní 1960, er ákærði Guðbjartur sóttur til sakar fyrir brot á ákvæðum 146. gr., 1. mgr. 142. gr. og 138. gr. laga nr. 19/1940. Með framhaldsákæruskjali, útgefnu 26. júlí 1960, er honum til viðbótar gefið að sök brot á ákvæðum 1. mgr. 254. gr. sbr. 1. mgr. 247. gr. sömu laga. Með því að hér er ákært fyrir annað brot en það, sem í frumákæru greinir, og brot þetta var leitt í ljós fyrir birtingu frumákæru, brast skilyrði samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951 til að gefa út framhaldsákæru með ofangreindu efni. Verður ákærði Guðbjartur því ekki sakfelldur fyrir brot á þeim hegningarlagaákvæðum, sem í framhaldsákæruskjalinu greinir.

IV.

Ákæra á hendur Einari Pálssyni, Guðbjarti Heiðdal Eiríkssyni og Knud Alfred Hansen fyrir brot á 142. gr., 146. gr. og 138. gr. laga nr. 19/1940.

1. Sumarið 1959 seldi ákærði Einar ákærða Guðbjarti af umræddum frímerkjum eitt 40 aura merki fyrir kr. 2000.00 og eitt 50 aura merki fyrir kr. 500.00. Hinn 9. janúar 1960 bað Einar Guðbjart að geyma fyrir sig 40 eintök af 40 aura frímerkjunum og 7 eintök af 50 aura frímerkjunum. Eftir beiðni Einars lofaði Guðbjartur því að segjast eiga merkin, ef hann yrði um þau spurður, og að hann hefði látið Einar fá sams konar frímerki. Ekki innti Guðbjartur Einar neitt eftir ástæðum fyrir þessum tilmælum hans. Daginn eftir fékk Einar Guðbjart til að lofa að skýra rangt frá málavöxtum, ef til yfirheyrslu kæmi út af

frímerkjunum. Hinn 15. janúar 1960 efndi Guðbjartur loforð þetta með því að gefa ranga skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu, eins og rakið er í héraðsdómi, og staðfesta þá skýrslu með undirskrift sinni. Ekki verður talið, að Guðbjarti hafi verið ljóst, að Einar hafði aflað frímerkjanna með auðgunarbroti, fyrr en Einar bað hann um að bera rangt við yfirheyrslur út af frímerkjunum. Yfirhylming hans var fólgin í hinum ranga framburði, enda hugðist hann hvorki leyna né leyndi við yfirheyrslu handhöfn frímerkja þeirra, sem hann hafði fengið frá Einari. Hin ranga skýrsla Guðbjarts fyrir rannsóknarlögreglunni, þar sem hann var yfirheyrður sem vitni og staðfesti skýrsluna með undirskrift sinni, varðar við 147. gr. laga nr. 19/1940. Í ákæruskjali er brot þetta talið falla undir 146. gr. sömu laga, en með því að skilyrði eru fyrir hendi samkvæmt 118. gr. laga nr. 27/1951 að beita 147. gr. og sækjanda og verjanda hefur hér fyrir dómi verið veitt færi á að tjá sig um þetta atriði, þá ber að dæma ákærða Guðbjarti refsingu eftir nefndri 147. gr.

Þegar ákærði Guðbjartur kom fyrir dóm hinn 22. janúar 1960, tjáði rannsóknardómarinn honum, að hann væri kvaddur þangað vegna grunar á honum um refsiverða hegðun, og yrði hann því yfirheyrður sem kærði í málinu. Samkvæmt 143. gr. laga nr. 19/1940 á hann því ekki að sæta refsingu fyrir hinn ranga framburð sinn fyrir dómi, og ber að sýkna hann af ákæru um brot á 142. gr. nefndra laga. Með skírskotun til raka héraðsdóms ber einnig að sýkna hann af ákæru um brot á 138. gr. sömu laga.

2. Í IV. kafla héraðsdóms er því lýst, hvernig ákærði Einar bar fram ítrekuð tilmæli við ákærða Knud Alfred Hansen, að hann bæri rangt um ýmis atriði, ef til yfirheyrslu kæmi út af frímerkjunum. Neitaði Hansen flestum tilmælunum, en lofaði að bera rangt um eitt atriði, þ. e. að hann hefði hitt ákærða Guðbjart á árinu 1959 og þá spurt hann, hvort hann gæti gert grein fyrir frímerkjum þeim, sem Einar hefði tjáð, að frá Guðbjarti væru komin, og að Guðbjartur hefði svarað þessari fyrirspurn ját-

andi. En fundum þeirra Hansens og Guðbjarts bar fyrst saman hinn 10. janúar 1960. Hinn 14. janúar 1960 gaf Hansen skýrslu sem vitni fyrir rannsóknarlögreglunni og staðfesti skýrsluna með undirskrift sinni. Bar hann þá rangt um framangreint atriði. Kvaðst hafa hitt Guðbjart einhvern tíma á því tímabili, sem kaup hans á frímerkjunum fóru fram, eða rétt á eftir, og hafi Guðbjartur þá sagzt geta gert grein fyrir frímerkjunum. En kaup Hansens á frímerkjunum fóru fram sumarið 1959. Með þessari röngu skýrslu hefur ákærði Knud Alfred Hansen gerzt sekur við 147. gr. laga nr. 19/1940, og verður honum dæmd refsing eftir þeirri grein í stað 146. gr. af sömu ástæðum og áður segir um sams konar atriði í sambandi við ákærða Guðbjart.

Þegar ákærði Knud Alfred Hansen kom fyrir dóm hinn 21. janúar 1960, bar hann einnig rangt um áðurgreint atriði. Í þinghaldi þessu var hann ekki nefndur vitni, heldur „mætti", og verður ekki séð, að brýnd hafi verið fyrir honum vitnaskyldan með þeim hætti, sem boðið er í 100. gr. laga nr. 27/1951. Og ekki tjáði dómari honum, hvort hann væri kvaddur vitnisburðar eða yfirheyrður vegna grunar um refsiverða hegðun, sbr. 2. mgr. 77. gr. síðastnefndra laga. Mátti ákærði Hansen því vera í vafa um þetta, en af því leiðir, að sýkna ber hann af ákæru fyrir brot á 142. gr. laga nr. 19/1940. Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu hans af ákæru fyrir brot á 138. gr. sömu laga.

3. Ákærði Einar fékk þá báða Guðbjart og Knud Alfred Hansen með fortölum til að bera rangt við yfirheyrslur í sambandi við rannsókn máls þessa. Að því er tekur til hlutdeildar hans í röngum framburði þeirra fyrir rannsóknarlögreglunni, verður brot hans heimfært undir 147. gr. laga nr. 19/1940 í stað 146. gr. af sömu ástæðum sem áður greinir um þá Guðbjart og Knud Alfred Hansen. Ber að refsa honum fyrir það brot samkvæmt nefndri 147. gr. sbr. 22. gr. sömu laga. Að því er varðar hin árangurslausu tilmæli hans við Knud Alfred Hansen um rangan fram-

burð, ber að heimfæra það brot undir 147. gr. sbr. 22. gr. og 20. gr. sömu laga. Þá hefur ákærði Einar með framangreindum fortölum við þá Guðbjart og Hansen um rangan framburð gerzt sekur við 1. mgr. 142. gr. sbr. 22. gr. og 20. gr. sömu laga. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að sýkna ákærða Einar af ákæru um brot á 138. gr. nefndra laga, að því er þenna ákærulið varðar.

V.

Refsingar.

Með tilvísun til 77. gr. laga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða Einars Pálssonar hæfilega ákveðin í héraðsdómi fangelsi 15 mánuði.

Refsing ákærða Péturs Eggerz Péturssonar ákveðst fangelsi 7 mánuði.

Refsing ákærða Guðbjarts Heiðdals Eiríkssonar ákveðst fangelsi 5 mánuði. Eftir atvikum þykir mega ákveða, að refsingu hans skuli fresta og að hún falli niður eftir 3 ár frá uppsögu dóms þessa, ef haldin verða skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Refsing ákærða Knud Alfreds Hansens ákveðst fangelsi 2 mánuði, en ákveða þykir mega, að refsingu hans skuli fresta og að hún falli niður eftir 3 ár frá uppsögu dóms þessa, ef haldin verða skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að sá gæzluvarðhaldstími hinna ákærðu Einars Pálssonar og Péturs Eggerz Péturssonar, sem þar greinir, komi til frádráttar refsingu þeirra.

Réttindasvipting samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 verður ekki dæmd, enda hefur ákæruvaldið fallið frá kröfu um hana, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961 og 2. gr. laga nr. 19/1940.

VI.

Skaðabætur.

Fyrir héraðsdómi krafðist Póst- og símamálastjórnin með

bréfi, dags. 11. júní 1960, skaðabóta úr hendi þeirra, „sem frímerkjahvarfið var að kenna", að fjárhæð kr. 206.000.00, án þess að nánar sé tilgreint, hvort krafan er gerð á hendur öllum hinum ákærðu eða aðeins sumum þeirra. Hefur héraðsdómari talið, að hinir ákærðu Einar Pálsson og Pétur Eggerz Pétursson væru bótaskyldir.

Í framangreindu bréfi Póst- og símamálastjórnar er bótakrafan miðuð við „þá upphæð, sem ætla má, að það kosti að endurkaupa þau af frímerkjunum, sem ekki fæst skilað aftur". Og þar sem mestur hluti frímerkjanna hafi farið til Svíþjóðar, telur póststjórnin eðlilegt að miða verðupphæðina, eftir því sem unnt er, við hina sænsku frímerkjaskrá Facit 1960, enda þótt þar vanti verðskráningu á 40 aura frímerkjum þeim, sem í málinu greinir.

Í Hæstarétti hefur verið lagður fram nýr útreikningur Póst- og símamálastjórnarinnar á bótakröfunni. Er þar lögð til grundvallar verðtilgreining í sænsku verðskránni Facit 1961, en þar er nú komin verðskráning á umræddum 40 aura frímerkjum. Í verðskrá þessari eru 40 aura frímerkin verðlögð á sænskar kr. 1500.00 hvert merki, 50 aura frímerkin á sænskar kr. 165.00 hvert merki og hin svonefndu „þristfrímerki" á sænskar kr. 75.00 hver þriggja frímerkja samstæða. Þar sem bóta er krafizt fyrir 37 eintök af 40 aura frímerkjum, 22 eintök af 50 aura merkjum og 50 samstæður (150 einstök merki) af „þristfrímerkjunum", nemur heildarkrafan nú, umreiknuð í íslenzkar kr., miðað við gengi á sænskri kr. 7.35, samtals kr. 462.168.00.

Eins og að framan greinir, er skaðabótakrafan reist eingöngu á þeim grundvelli, að unnt sé að endurkaupa frímerki, hin sömu eða sömu tegundar og þau, sem ekki hafa komið til skila. Þá er og fjárhæð kröfunnar miðuð við verðskrá einkaaðilja þess, sem keypt hafði öll þau 40 aura frímerki, 37 að tölu, sem úr landi fóru, og 4 eintök af 50 aura frímerkjunum. Nánar hefur ekki verið kannaður sá verðgrundvöllur, sem póststjórnin reisir kröfu sína á, og yfirleitt skortir í málinu fullnægjandi gögn til þess, að um skaðabótakröfuna verði dæmt. Og þar sem málið verð-

ur ekki tafið vegna þessa ágalla, sbr. meginreglu 145. gr. laga nr. 27/1951, þá ber að vísa skaðabótakröfunni frá héraðsdómi.

VII.

Sakarkostnaður.

Um greiðslu kostnaðar af sökinni skal fara, sem hér segir:

Ákærði Einar Pálsson greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, samtals kr. 22.000.00.

Ákærði Pétur Eggerz Pétursson greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, samtals kr. 18.000.00.

Ákærði Guðbjartur Heiðdal Eiríksson greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, samtals kr. 15.000.00.

Ákærði Knud Alfred Hansen greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, samtals kr. 15.000.00.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00, greiði hinir ákærðu in solidum að hálfu, en ákærði Einar Pálsson einn að hálfu.

Dómsorð:

Framangreindri skaðabótakröfu vísast frá dómi.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Einars Pálssonar og um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans á að vera óraskað.

Ákærði Pétur Eggerz Pétursson sæti fangelsi 7 mánuði. Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans staðfestist.

Ákærði Guðbjartur Heiðdal Eiríksson sæti fangelsi 5 mánuði. Fullnustu refsingar hans skal fresta, og niður skal hún falla eftir 3 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Knud Alfred Hansen sæti fangelsi 2 mánuði. Fullnustu refsingar hans skal fresta, og niður skal hún falla eftir 3 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Einar Pálsson greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti, Gunnari A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, samtals kr. 22.000.00.

Ákærði Pétur Eggerz Pétursson greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti, Eyjólfi Konráð Jónssyni héraðsdómslögmanni, málsvarnarlaun, samtals kr. 18.000.00.

Ákærði Guðbjartur Heiðdal Eiríksson greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti, Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, samtals kr. 15.000.00.

Ákærði Knud Alfred Hansen greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti, Hauki Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, samtals kr. 15.000.00.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, samtals kr. 30.000.00, greiði allir hinir ákærðu in solidum að hálfu, en ákærði Einar Pálsson einn að hálfu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
prófessors Magnúsar Torfasonar.

Framhaldsákæra á hendur ákærða Guðbjarti hefur ekki stoð í 1. tl. 1. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951. Hins vegar felst það í 2. tl. 1. mgr. nefndrar greinar, að heimilt er að

bæta úr því með framhaldsákæru, ef láðst hefur að greina í ákæruskjali öll brot ákærða eða öll refsiákvæði, sem brot á undir. Styðja athugasemdir við 14. kafla frumvarps til laga um meðferð opinberra mála, sem lagt var fyrir Alþingi 1948, þann skilning.

Ekki verður glögglega séð, hvenær kunnugt varð, að ákæru á hendur ákærða Guðbjarti væri áfátt. Er því ekki öruggt, að framhaldsákæran hafi verið gefin út innan þess 3 vikna frests, sem 2. mgr. 118. gr. setur. Að svo vöxnu máli fellst ég á þá úrlausn meiri hluta dómenda, að ákærði Guðbjartur verði ekki sakfelldur fyrir brot á 1. mgr. 254. gr. sbr. 1. mgr. 247. gr. laga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur dóminum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. ágúst 1960.

Ár 1960, miðvikudaginn 31. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4565—4568/1960: Ákæruvaldið gegn Einari Pálssyni, Pétri Eggerz Péturssyni, Guðbjarti Heiðdal Eiríkssyni og Knud Alfred Hansen, sem tekið var til dóms 11. sama mánaðar.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 15. júní s.l., er opinbert mál höfðað á hendur Einari Pálssyni, fyrrverandi skrifstofustjóra Landssíma Íslands, Lynghaga 15, hér í bæ, Pétri Eggerz Péturssyni, fyrrverandi póstmálafulltrúa, Laugarásvegi 53, hér í bæ, Guðbjarti Heiðdal Eiríkssyni, stöðvarstjóra útvarpsstöðvarinnar á Vatnsenda, þar til heimilis, og Knud Alfred Hansen símritara, Eiríksgötu 17, hér í bæ.

I. Gegn ákærðu Einari Pálssyni og Pétri Eggerz Péturssyni er málið höfðað fyrir að hafa um mánaðamót janúar og febrúar 1959, er þeir fóru í geymsluherbergi póstmálastjórnar á 5. hæð Landssímahússins hér í bæ, tekið í heimildarleysi úr umslögum, sem þar voru í skáp, eina örk eða 100 stykki af 40 aura frímerkjum, prentuðum 1898/1899 eða 1904, með breyttu vatnsmerki, fjólubláum að lit, og felur mynd þeirra töluna 40 innan sporbaugs í miðju merkis, gróftökkuðum með takkafjölda 12½—12¾ pr. 20 mm, og eina örk eða 100 stykki af 50 aura frímerkjum, prentuðum 1898/1899 eða 1904, rauðum með blárri umgerð og mynd með tölunni 50 innan sporbaugs, gróftökkuðum með

takkafjölda 12½—12¾ pr. 20 mm, svo og 150 stykki einstök merki af þristfrímerkjum Kristjáns IX, sem lágu í loklausum kassa á hillu í geymslunni, en það var ákærði Einar, sem tók arkirnar af 40 aura og 50 aura frímerkjunum úr umslögunum og sló eign sinni á þær, að ákærða Pétri ásjáandi og með samþykki hans eða án þess að hann mótmælti því eða spornaði við því, og þristfrímerkin tók Einar með beinu samþykki ákærða Péturs.

Þykja þessi brot ákærðu Einars og Péturs varða við 1. mgr. 247. gr. og 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga þessara til vara, að því er ákærða Einar varðar.

II. Gegn ákærða Einari Pálssyni einum er málið höfðað fyrir:

1. Að fá ákærða Guðbjart Heiðdal Eiríksson í janúarmánuði 1960 til að bera rangt fyrir rannsóknarlögreglu 15. þess mánaðar og sakadómi Reykjavíkur 22. sama mánaðar á þá leið, að ákærði Guðbjartur hefði átt greind 40 aura og 50 aura frímerki og að hann (ákærði Guðbjartur) hefði keypt frímerki þessi um 1944 af Sigurði heitnum Baldvinssyni póstmeistara, svo og fyrir að fá ákærða Guðbjart til að bera einnig rangt fyrir rannsóknarlögreglu og sakadómi Reykjavíkur á greindum tíma um skipti þeirra ákærðu Einars og Guðbjarts, varðandi frímerki þessi, eins og t. d. að ákærði Guðbjartur hefði s.l. sumar afhent ákærða Einari nokkuð af nefndum 40 aura og 50 aura frímerkjum, svo sem fjögur samföst 40 aura frímerki („fírblokk"), er ákærði Einar hafði skipt á við ákærða Knud Alfred Hansen fyrir önnur frímerki, svo og að ákærði Einar hefði selt ákærða Knud Alfred Hansen fyrir ákærða Guðbjart talsvert magn af greindum 40 aura og 50 aura frímerkjum, en þeir ákærðu Einar og Guðbjartur hittust fjórum sinnum hér í bænum og að útvarpsstöðinni að Vatnsenda á tímabilinu 9. til 22. janúar s.l. til að samræma framburði sína um þessi tilbúnu viðskipti þeirra.

Þessi brot ákærða Einars, sem rakin eru hér næst að framan, teljast varða við 146. gr., 1. mgr. 142. gr. og 138. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga

2. a) Að hafa í s.l. janúarmánuði, 10. þess mánaðar, hér í bænum í bifreið sinni árangurslaust farið fram á það við ákærða Knud Alfred Hansen, að hann bæri það ranglega við yfirheyrslu, þ. e. fyrir rannsóknarlögreglu og sakadómi, að hann, ákærði Knud Alfred Hansen, hefði keypt af ákærða Guðbjarti Heiðdal 40 aura og 50 aura frímerki, er ákærði Einar hafði selt ákærða Knud Alfred Hansen.

b) Að hafa árangurslaust tveimur dögum síðar, 12. janúar

s.l., heima hjá ákærða Knud Alfred Hansen eða við heimili hans enn beðið hann um að bera það ranglega við yfirheyrslu, þ. e. fyrir rannsóknarlögreglu og sakadómi Reykjavíkur, að hann, ákærði Knud Alfred Hansen, hefði keypt greind frímerki af ákærða Guðbjarti persónulega án þess að minnast á nafn ákærða Einars svo og að ákærði Knud Alfred Hansen bæri einnig við yfirheyrslu fyrir rannsóknarlögreglu og sakadómi, að hann hefði keypt frímerki þessi fyrir lægra verð en hann raunverulega greiddi ákærða Einari fyrir þau.

Þessi brot ákærða Einars, er greinir hér undir II 2 a—b, teljast varða við 146. gr., 1. mgr. 142. gr. og 138. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

3. Að fá ákærða Knud Alfred Hansen í s.l. janúarmánuði til að bera rangt fyrir rannsóknarlögreglu 14. þess mánaðar og sakadómi Reykjavíkur 21. sama mánaðar á þá leið, að þeir ákærði Einar, ákærði Guðbjartur og hann, ákærði Knud Alfred Hansen, hefðu í nóvembermánuði s.l. hitzt í skrifstofu ákærða Einars og ákærði Knud Alfred Hansen, sem keypt hafði frímerki af ákærða Einari, hefði þá spurt ákærða Guðbjart, hvort hann gæti gert grein fyrir öllum þeim 40 aura og 50 aura frímerkjum, sem ákærði Knud Alfred Hansen hafði keypt og komin hefðu verið frá ákærða Guðbjarti, og að ákærði Guðbjartur hefði þá átt að segja, að hann gæti gert það, en ákærði Einar hafi sagt ákærða Knud Alfred Hansen, að frímerkin væru frá ákærða Guðbjarti komin.

Teljast þessi síðastnefndu brot ákærða Einars varða við 146. gr., 1. mgr. 142. gr. og 138. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

III. Gegn ákærða Guðbjarti Heiðdal Eiríkssyni einum er málið höfðað fyrir að hafa föstudaginn 15. janúar s.l., er hann var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu hér í bæ, og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur föstudaginn 22. sama mánaðar skýrt rangt frá um samskipti þeirra hans og ákærða Einars um greind 40 aura og 50 aura frímerki, eins og rakið er hér að framan undir II,1.

Teljast þessi brot ákærða Guðbjarts Heiðdals varða við 146. gr., 1. mgr. 142. og 138. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Gegn ákærða Knud Alfred Hansen einum er málið höfðað fyrir að hafa, er hann var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu hér í bæ fimmtudaginn 14. janúar s.l. og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur fimmtudaginn 21. sama mánaðar skýrt rangt frá

um samskipti þeirra hans og ákærða Einars, varðandi frímerkjakaup af ákærða Einari, eins og rakið er hér að framan undir II, 3, en af ákærða Einari keypti ákærði Knud Alfred Hansen 80 eða allt að 85 stykki af greindum 50 aura frímerkjum fyrir samtals kr. 24.000.00 og 57 stykki af greindum 40 aura frímerkjum fyrir samtals kr. 82.150.00, auk þess sem ákærði Einar fékk kr. 6.000.00 í skiptifrímerkjum fyrir 4 („fírblokk") af greindum 40 aura frímerkjum.

Teljast þessi brot ákærða Knud Alfred Hansens varða við 146. gr., 1. mgr. 142. gr. og 138. gr. almennra hegningarlaga.

Enn fremur er með framhaldsákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 26. f. m., opinbert mál höfðað á hendur greindum Guðbjarti Heiðdal Eiríkssyni fyrir að hafa í fyrri hluta janúarmánaðar, laugardaginn 9. þess mánaðar, að heimili sínu að Vatnsenda tekið við af ákærða Einari Pálssyni að beiðni hans (Einars) til varðveizlu 40 stk. af greindum 40 aura frímerkjum og 7 stk. af greindum 50 aura frímerkjum og geymt þau fyrir ákærða Einar þar til sunnudaginn 24. janúar s.l., að frímerki þessi voru tekin í vörzlu sakadóms Reykjavíkur, þótt ákærða Guðbjarti Heiðdal hafi bæði þá, er hann veitti frímerkjum þessum viðtöku, verið ljóst svo og síðar, sunnudaginn 10. janúar s.l., vitað, að ákærði Einar Pálsson væri ekki vel að frímerkjum þessum kominn.

Telst þetta brot ákærða Guðbjarts Heiðdals Eiríkssonar varða við 1. mgr. 254. gr. sbr. 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að allir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, svo og er þess krafizt, að þeir verði dæmdir til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði Einar Pálsson er fæddur 5. apríl 1914 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, hvorki sætt kæru né refsingu.

Ákærði Pétur Eggerz Pétursson er fæddur 2. september 1932 að Hánefsstöðum í Svarfaðardal og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1955 12/12 Rvík. Áminning fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
1954 23/11 Rvík. Kærður fyrir brot á áfengislögum og tollögum. Sent til Keflavíkur.

Ákærði Guðbjartur Heiðdal er fæddur 8. október 1917 að Hrauni við Seyðisfjörð og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1946 21/1 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna.
1947 19/11 Rvík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1947 4/12 Rvík. Áminning fyrir ólæsilegt skrásetningarnúmer bifreiðar.
1949 21/1 Rvík. Sátt, 60 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1951 14/3 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
1952 30/9 Rvík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1954 16/1 Rvík. Dómur: 30 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 1 ár fyrir brot á 215. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

Ákærði Knud Alfred Hansen er fæddur 24. júní 1903 í Sönder Höjrup á Fjóni í Danmörku, og samkvæmt íbúaskrá Reykjavíkur 1. desember f. á. er hann danskur ríkisborgari. Hinn 13. maí 1937 var hann sektaður um kr. 25.00 fyrir brot á bifreiðalögum, en hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt öðrum kærum eða refsingum.

Ákæruatriði og atvik í máli þessu eru á þann veg, að gleggst þykir að rekja málavexti í köflum eftir sögulegri framvindu rannsóknar málsins. Í I. kafla verður rakin sögulegur aðdragandi málsins. Í II. kafla verða raktir framburðir fyrir rannsóknarlögreglu, í III. kafla fyrstu framburðir í sakadómi, og í IV. kafla verða raktir málavextir samkvæmt endanlegum framburðum í sakadómi. Í V. kafla verður greint frá afdrifum og skilum frímerkja, í VI. kafla rakinn starfsferill og staða ákærðu og í VII. kafla verða virtar kröfur ákæruvalds.

I. kafli.

Hinn 8. janúar s.l. sneru tveir frímerkjasafnarar og starfsmenn Landsbanka Íslands, þeir Magni Reynir Magnússon, Laugavegi 70 B, hér í bæ, og Sigurður Hólm Þorsteinsson, Suðurgötu 68, Hafnarfirði, sér til Gunnlaugs Briems póst- og símamálastjóra og tjáðu honum, að nýlega hefði verið til sölu hér meðal annars grunsamlega mikið magn af tveimur tegundum íslenzkra frímerkja, sem ekki ættu að vera í umferð. Eru það frímerkjategundirnar tvær, sem fyrst eru taldar í ákæruskjali, þ. e.

1) 40 aura frímerki, prentuð 1898/1899 eða 1904, með breyttu vatnsmerki, fjólublá að lit, og felur mynd þeirra töluna 40 inn-

an sporbaugs í miðju merkis, gróftökkuð með takkafjölda 12½—12¾ pr. 20 mm, svo og

2) 50 aura frímerki, prentuð 1898/1899 eða 1904, rauð, með blárri umgerð og mynd með tölunni 50 innan sporbaugs, gróftökkuð með takkafjölda 12½—12¾ pr. 20 mm.

Það er átt við þessar tvær tegundir frímerkja, þegar talað er í dómi þessum um 40 aura og 50 aura frímerki, nema annað sé tekið sérstaklega fram.

Til eru önnur 40 aura og 50 aura frímerki af sömu gerð og þessi merki, en fíntakkaðri, takkafjöldi 14—13½, og eru þau talin miklu algengari og verðminni.

Samkvæmt upplýsingum póst- og símamálastjóra áttu fyrrnefnd 40 aura frímerki aldrei að seljast, fyrr en þau hefðu verið yfirprentuð með „Í gildi '02—'03". 50 aura frímerkin voru hins vegar seld bæði yfirstimpluð og óyfirstimpluð, en þó munu merkin frá 1904, sem eru með öðru vatnsmerki en hin eldri, sennilega aðeins hafa verið send erlendum póststjórnum, 3—5 stykki hverri, en ekki seld almenningi.

Póst- og símamálastjóri sneri sér þegar til ríkisendurskoðanda út af máli þessu. Athugaði endurskoðunardeild Fjármálaráðuneytisins sama dag magn greindra 40 aura og 50 aura frímerkja í frímerkjageymslu póststjórnarinnar, og var hvor tegund í sérstöku umslagi. Niðurstaða þeirrar athugunar var þessi:

Utan á umslaginu með 40 aura frímerkjunum í stóð meðal annars: „Beholdning pr. 1. okt. 1927: 8 Ark 97 Stk". Samkvæmt því áttu þá að vera í umslaginu 8 arkir og 97 stykki eða 897 merki, en í því reyndust vera 7 arkir og 94 stykki eða 794 merki. Mismunur var því 1 örk og 3 stykki eða 103 merki. Frímerkin voru í umslaginu á milli tveggja spjalda, og var á annað þeirra ritað:

„12/9 '58 1 til sýningar
28/1 '59 1 til E.P."

Utan á umslaginu með 50 aura frímerkjunum í stóð meðal annars: „Beholdn. pr. 1. okt. 1927: 6 Ark 95 Stk." Samkvæmt því áttu þá að vera í umslaginu 6 arkir og 95 stykki eða 695 merki, en í því reyndust vera 5 arkir og 92 stykki eða 592 merki. Mismunur var því 1 örk og 3 stykki eða 103 merki. Frímerkin voru í umslaginu á milli tveggja spjalda, og var á annað þeirra ritað: „Til sýningar 1 st."

Önnur skilagrein fannst ekki fyrir því, hvert frímerki þau, sem vantaði, hefðu farið.

Með bréfi Póst- og símamálastjórnarinnar, dags. 9. janúar s.l., undirrituðu af póst- og símamálastjóra, óskaði hann eftir því, að rannsókn yrði látin fram fara í máli þessu.

Verður hér í niðurlagi sögulegs aðdraganda greint nánar frá geymslu greindra 40 aura og 50 aura frímerkja.

Árið 1927 sendi danska póststjórnin hingað til lands afgangsbirgðir frímerkjategunda þessara ásamt fjölmörgum öðrum tegundum gamalla íslenzkra frímerkja. Áttu birgðirnar að vera óhreyfðar, að undanskildum einstaka frímerkjum, sem látin hafa verið á frímerkjasýningarspjöld. Fyrst voru þær geymdar í læstum tréskápum í herbergi, sem nú er skrifstofa féhirðis póststofunnar, í pósthúsinu við Pósthússtræti, hér í bæ, og hafði Ole P. Blöndal, fyrrverandi póstritari, skáplyklana í vörzlum sínum. Í apríl eða maí 1930 tók Egill Sandholt, sem þá var orðinn póstritari, við umsjón frímerkjabirgðanna, en í júní til júlí 1935, er embætti póstmálastjóra og símamálastjóra hafði verið sameinað, voru þær fluttar í Landssímahúsið, fyrst í herbergi í stofuhæð, en síðar í herbergi á 3. hæð. Fyrri hluta árs 1958 voru þær fluttar í stálskápa í eldtraustu gluggalausu herbergi á 5. hæð í nýbyggingu landssímahússins, og þar eru þær enn. Í herbergi þessu hafa enn fremur verið geymd frímerki, sem í notkun hafa verið, svo og ýmis gömul bréf. Peningaskápslykill er að hurð herbergisins, en að stálskápunum smekklásalyklar. Tvö lyklasett hafa verið til. Egill Sandholt geymdi lykla að geymslum þessum, þar til hann veiktist í desember 1957. Þá fékk ákærði Pétur Eggerz Pétursson vörzlur þeirra og hafði þær síðan ýmist einn eða ásamt öðrum starfsmanni póststjórnar, fyrst gjaldkera og síðar póstfulltrúa, sem fékk annan hurðarlykilinn í hendur, en Egil minnir þó, að hann hafi geymt bæði lyklasettin, er hann gegndi starfi frá maí til desember 1958.

II. kafli.

Rannsóknarlögreglu var falin rannsókn málsins, og hófst hún 11. janúar s.l.

Verður nú rakið það, sem fram kom við þá rannsókn og hér skiptir máli.

Magni Reynir Magnússon skýrði frá því, að Magnús Andrésson forstjóri, Reynimel 35, og Ingimar Brynjólfsson stórkaupmaður, Baugsvegi, báðir hér í bæ, hefðu sagt honum, að þeir hefðu keypt 40 aura og 50 aura frímerki fyrrgreindra tegunda,

og hefðu þeir grun um, að þau væru ekki fram komin eftir heiðarlegum leiðum.

Magnús Andrésson skýrði frá því, að í júlí eða ágúst f. á. hefði ákærði Knud Alfred sýnt honum „fjórblokk" af 40 aura frímerkjum, þ. e. fjögur samföst merki, þar af tvö hlið við hlið og hin tvö fyrir ofan eða neðan þau, og í september sama ár hefði hann keypt eitt 40 aura merki af honum (ákærða Knud Alfred). Enn fremur skýrði Magnús frá því, að í október eða nóvember f. á. hefði Sigmundur Kristinn Ágústsson kaupmaður, Grettisgötu 30, hér í bæ, sýnt honum eitt 40 aura frímerki og skömmu síðar þrjár raðir af örk eða 30 40 aura frímerki. Loks hefði Ingólfur Páll Steinsson, prentari og frímerkjakaupmaður, Ægissíðu 58, hér í bæ, boðið honum þá um haustið báðar þessar tegundir frímerkja til kaups og sýnt honum eitt 50 aura frímerki.

Ingimar Brynjólfsson skýrði frá því, að það myndi hafa verið í júlí eða ágúst f. á., að ákærði Knud Alfred hefði sýnt honum „fjórblokk" af 40 aura frímerkjum, og nokkru síðar hefði hann keypt eitt slíkt merki af honum.

Ingólfur Páll Steinsson kvaðst hafa fengið á s.l. ári tvö 40 aura og eitt 50 aura frímerki hjá ákærða Knud Alfred.

Sigmundur Kristinn Ágústsson skýrði frá því, að hann héldi, að það hefði verið í nóvember f. á., er piltur kom til hans með 30 samföst og upp undir 7 stök 40 aura og 7 stök 50 aura frímerki. Hefði hann keypt merki þessi af piltinum, sem kvaðst hafa fengið þau hjá föður sínum, ákærða Einari. Nokkru síðar hefði ákærði Einar komið til hans, og hefði hann þá afhent honum merkin, að undanskildum tveimur 40 aura merkjum, sem hann hefði fengið að halda.

Að þessum yfirheyrslum loknum, voru ákærðu Knud Alfred og Einar yfirheyrðir af rannsóknarlögreglunni, hinn fyrrnefndi 14. janúar, en hinn síðarnefndi 15. janúar s.l. Voru báðir yfirheyrðir sem vitni.

Ákærði Knud Alfred kvaðst halda, að það hefði verið einhvern tíma í júní f. á., er ákærði Einar sagði honum frá því, að hann hefði séð hjá kunningja sínum 40 aura frímerki, og hefði sá látið hann síðan fá „fjórblokk" af þeim í skiptum fyrir önnur frímerki, sem hann (ákærða Einar) vantaði í safn sitt. Ákærði Einar hefði sagt honum, að þessi kunningi hans ætti meira af frímerkjum þessum, og kvað ákærði Knud Alfred sig minna, að ákærði Einar hefði einnig talað um, að maður þessi ætti hálfa

örk eða 50 stykki af 50 aura frímerkjum. Aðspurður hefði ákærði Einar sagt, að maðurinn gæti áreiðanlega gert grein fyrir frímerkjunum, en hann væri ákærði Guðbjartur Heiðdal. Ákærði Knud Alfred kvaðst síðan hafa keypt þau frímerki, sem ákærði Einar sagði, að til væru, og hefði það verið fyrst um hálf örk af 40 aura merkjum og nokkru síðar ein 35 stykki samföst af 50 aura merkjum. Þá kvaðst hann hafa spurt ákærða Guðbjart Heiðdal að því, þegar kaup frímerkjanna stóðu yfir eða þá rétt á eftir, hvort hann gæti gert grein fyrir þeim, og hefði hann þá sagzt geta það.

Ákærði Einar skýrði frá því, að einhvern tíma á s.l. sumri hefði ákærði Guðbjartur Heiðdal sýnt honum „fjórblokk" af 40 aura frímerkjum og beðið hann um að athuga hjá ákærða Knud Alfred, hvaða verð myndi vera á merkjum þessum. Ákærði Knud Alfred hefði sagt, að þetta væri góð merki og hefði hann eignazt þau í skiptum fyrir einhver önnur frímerki, sem ákærði Guðbjartur Heiðdal hefði fengið. Ákærði Einar kvaðst síðan hafa haft milligöngu um, að ákærði Knud Alfred fengi til viðbótar, að því er hann minnir, um hálfa örk eða 50 stykki af 40 aura frímerkjum og síðar 35 eða fleiri stykki af 50 aura frímerkjum. Þó nokkru seinna og máske í september f. á. hefði ákærði Guðbjartur Heiðdal komið til hans (ákærða Einars) með 40 40 aura og 6—8 50 aura frímerki og beðið hann um að athuga torgæti og verð þeirra nánar. Sonur hans (ákærða Einars) hefði séð merkin í skáp hjá honum og selt þau áðurgreindum Sigmundi Kristni Ágústssyni. Kvaðst ákærði Einar hafa farið til manns þessa, þegar hann frétti um þetta, og endurheimt merkin og skilað ákærða Guðbjarti Heiðdal þeim, en leyft Sigmundi Kristni þó að halda tveimur 40 aura merkjum. Ákærði Einar kvaðst ekki vita, hvar ákærði Guðbjartur Heiðdal fékk frímerki þessi.

Ákærði Guðbjartur Heiðdal var síðan yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni 15. janúar s.l. og einnig sem vitni. Hann kvaðst halda, að það hefði verið á árinu 1944, sem hann keypti af Sigurði heitnum Baldvinssyni, póstmeistara hér í bæ, nokkurt magn af alls konar frímerkjum, og að það hefði meðal annars verið heil örk eða fyllilega það af 40 aura frímerkjum, og áreiðanlega heil örk af 50 aura frímerkjum, hvorttveggja keypt á nafnverði, svo og heilar arkir af frímerkjum frá því fyrir og um aldamót, t. d. merki Kristjáns IX. Ákærði Guðbjartur Heiðdal kvaðst aðeins hafa látið af hendi eitt og eitt af frímerkjum þessum og ekkert verulegt magn fyrr en um haustið 1958.

Það gæti verið rétt, að ákærði Knud Alfred hefði á því hausti keypt af honum „í gegnum" ákærða Einar 54 40 aura frímerki og um hálfa örk af 50 aura frímerkjunum. Þá hefði ákærði Einar síðar sama haust fengið hjá honum ein 40 40 aura frímerki og eitthvað af 50 aura frímerkjum til nánari athugunar, en hann hefði skilað þeim aftur. Ákærði Guðbjartur Heiðdal kvaðst ekki vita, hvaðan Sigurður heitinn Baldvinsson fékk frímerki þessi.

III. kafli.

Þegar hér var komið, var ákveðið að taka málið til rannsóknar í sakadómi Reykjavíkur. Hófst rannsókn þar miðvikudaginn 20. janúar s.l. „um meint brot gegn XXVI. sbr. XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940".

Fyrir dóminum lágu upplýsingar frá Agli Sandholt, forstöðumanni póstmálaskrifstofunnar, og Magnúsi Jochumssyni, fyrrverandi póstmeistara, um, að Sigurður heitinn Baldvinsson hefði ekki haft fremur en aðrir óviðkomandi menn neinn aðgang að frímerkjabirgðum póststjórnarinnar.

Fyrst voru kallaðir fyrir sakadóm sem vitni Magni Reynir Magnússon, Magnús Andrésson, Ingimar Brynjólfsson, Ingólfur Páll Steinsson, Sigurður Hólm Þorsteinsson og Sigmundur Kristinn Ágústsson, sem fyrr um getur. Voru framburðir þeirra efnislega samhljóða framburðum þeirra hjá rannsóknarlögreglunni, en ýtarlegri.

Næsta dag, fimmtudaginn 21. janúar, var ákærði Knud Alfred kvaddur fyrir dóminn og yfirheyrður sem „mætti". Verður nú rakinn framburður hans í þetta skipti um þau atriði, sem hér skipta máli.

Ákærði Knud Alfred kveðst hafa safnað íslenzkum og erlendum frímerkjum síðan á unglingsárum og gert nokkuð að því á seinni árum að selja frímerki. Hann kvaðst hafa þekkt ákærða Einar í mörg ár, enda hafi þeir unnið í sömu stofnun í sama húsi og báðir verið frímerkjasafnarar.

Hann heldur, að það hafi verið einhvern tíma í júní f. á., er ákærði Einar sagði honum frá því, að hann hefði séð hjá kunningja sínum 40 aura frímerki og, að því er hann minnti, hefði þetta verið ónotuð „fjórblokk". Nokkrum dögum síðar hafi ákærði Einar svo sýnt honum slíka „fjórblokk", sem hann hafi keypt á kr. 6.000.00 og greitt þær með frímerkjum, sem ákærða Einar vantaði í safn sitt og með frímerkjaalbúmi fyrir Ísland.

Hann minnir, að ákærði Einar hafi getið þess, að sami vinur hans, sem hann nafngreindi ekki, ætti einnig hálfa örk, þ. e. 50 stykki af 50 aura frímerkjum, og hafi hann þá eða mjög stuttu síðar sagt ákærða Einari frá því, að hann vildi kaupa merki þessi á kr. 300.00 stykkið. Ákærði Einar hafi sagzt mundu tala við vin sinn um málið, og stuttu síðar hafi hann tjáð honum, að merkin væru föl. Kveðst ákærði Knud Alfred síðan hafa keypt af honum um 35 samföst 50 aura frímerki á kr. 300.00 stykkið eða samtals á kr. 10.500.00 og greitt fjárhæðina út í reiðufé.

Nokkru síðar og máske seinni hluta júlí eða fyrri hluta ágústmánaðar f. á. hafi ákærði Einar sagt honum frá því, að fyrrgreindur vinur hans ætti meira af 40 aura frímerkjum. Honum hafi fundizt þetta kynlegt og spurt ákærða Einar að því, hvort vinur hans gæti gert fullnægjandi grein fyrir merkjunum, og hann þá svarað því, að það gæti vinur hans áreiðanlega gert. Ákærði Knud Alfred heldur, að hann hafi svo sagt ákærða Einari, að hann vildi kaupa meira af merkjum þessum, og hann þá sagzt mundu tala við vin sinn um málið. Stuttu síðar hafi hann svo komið í skrifstofu ákærða Einars og keypt þá rúmlega hálfa örk eða 52 40 aura frímerki á kr. 1.550.00 stykkið eða samtals á kr. 80.600.00, og hafi ákærði Einar fengið alla fjárhæðina í reiðufé.

10—14 dögum síðar hafi hann haft orð á því við ákærða Einar, að hann vildi kaupa fleiri 50 aura frímerki, ef þau væru á boðstólum. Ákærði Einar hafi sagt, að vinur hans ætti meira af þessum merkjum, en óvíst væri, hvort hann vildi láta þau. Að nokkrum dögum liðnum, hafi ákærði Einar þá sagt honum (ákærða Knud Alfred), að hann gæti fengið keypt fleiri slík merki. Degi eða nokkrum dögum síðar hafi hann komið í skrifstofu ákærða Einars og keypt þá hálfa örk af 50 aura frímerkjum fyrir kr. 300.00 stykkið eða samtals kr. 15.000.00, og hafi ákærði Einar fengið alla fjárhæðina í reiðufé. Ákærði Knud Alfred kveður, að þegar þessi viðskipti fóru fram, hafi hann vitað, að margnefndur vinur ákærða Einars var ákærði Guðbjartur Heiðdal, og hafi ákærði Einar sagt honum það annaðhvort þá eða áður, þegar hann skýrði honum frá því, að vinur hans ætti meira af 40 aura frímerkjum.

Þá kveður ákærði Knud Alfred, að alllöngu síðar og jafnvel seinast í nóvember f. á. hafi hann verið staddur í skrifstofu ákærða Einars og ákærði Guðbjartur Heiðdal þá einnig verið þar. Hafi ákærði Knud Alfred haft þá orð á því, að í gangi

væru einhver 40 aura frímerki, sem hann hefði ekki fengið, og í því sambandi spurt ákærða Guðbjart Heiðdal að því, hvort hann gæti gert grein fyrir öllum þeim frímerkjum, sem hann (ákærði Knud Alfred) hefði keypt og komin væru frá honum. Ákærði Guðbjartur Heiðdal hafi þá sagzt geta gert það. Kveðst ákærði Knud Alfred ekki hafa haft ástæðu til að vefengja það og það því fremur sem svo háttsettur maður í þjónustu Póst- og símamálastjórnarinnar sem ákærði Einar hefði verið milliliður viðskiptanna.

Ákærði Knud Alfred kvaðst í lok þessarar yfirheyrslu, sem tók samtals 5 klukkustundir, „nú hafa sagt frá málsatvikum öllum, eins og hann getur sannast og réttast gert".

Sama dag var ákærði Pétur Eggerz kvaddur fyrir dóminn og vakin athygli hans á ákvæðum 77. gr., 2. mgr., laga nr. 27/1951. Hann kvaðst aldrei hafa tekið frímerki úr frímerkjageymslunni og engar upplýsingar geta gefið um hvarf á frímerkjum þaðan.

Næsta dag, föstudaginn 22. janúar, var ákærði Guðbjartur Heiðdal, kvaddur fyrir dóminn. Tilkynnti dómarinn honum, eins og bókað er í sakadómsbók, að hann væri kvaddur fyrir dóminn vegna grunar á honum um refsiverða hegðun og yrði hann því yfirheyrður sem kærði í málinu. Skýrði dómarinn honum frá ákvæðum 77. gr., 2. mgr., laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála og las málsgreinina upp í dóminum. Verður nú rakinn í aðalatriðum framburður ákærða Guðbjarts Heiðdals í þetta skipti.

Ákærði Guðbjartur Heiðdal kveðst hafa safnað frímerkjum um 25 ára skeið. Á ófriðarárunum, líklega á árinu 1944, kveðst hann hafa keypt nokkurt magn af ýmiss konar frímerkjum af Sigurði heitnum Baldvinssyni póstmeistara hér í bæ, og hafi sum þeirra verið í heilum örkum, og meðal merkjanna hafi verið heil örk eða fyllilega það af hvorri tegund fyrrgreindra 40 aura og 50 aura frímerkja. Nánari atvik að sölu hans (ákærða Guðbjarts Heiðdals) á síðasttöldu merkjunum hafi verið þessi:

Hann heldur, að það hafi verið fyrri hluta sumars 1958, er hann var staddur heima hjá vini sínum ákærða Einari og skoðaði í fyrsta skipti frímerkjasafn hans. Hafi hann séð þar m. a. eitt 40 aura frímerki og sagt þá við ákærða Einar: „Ég á svona merki," en hann minntist þess ekki, að ákærði Einar segði nokkuð við því eða meira væri um merkið talað. Hann hafi einnig séð eitt 50 aura frímerki í safninu, en ekkert minnzt á það.

Nokkrum dögum síðar hafi hann komið heim til ákærða Einars og haft þá með sér og sýnt honum „fjórblokk“ af 40 aura frímerkjunum, en hann (ákærði Guðbjartur Heiðdal) hafi talið þau vera með beztu merkjum sínum, og hafi honum þá nýlega komið til hugar að skipta á þeim eða jafnvel að selja þau. Þeir hafi ekki verið alveg vissir um gæði merkjanna, og hafi það orðið úr, að þessi fjögur frímerki urðu eftir hjá ákærða Einari, sem ætlaði að afla frekari upplýsinga um þau. Nokkru síðar hafi ákærði Einar skýrt honum frá því, að ákærði Knud Alfred hefði talið, að þetta væru mjög dýrmæt frímerki og gjarnan viljað eignast þau. Hafi ákærði Einar spurt ákærða Guðbjart Heiðdal að því, hvort hann vildi láta ákærða Knud Alfred fá þau í skiptum fyrir önnur frímerki. Hann hafi verið fús til þess og talið upp frímerki, sem hann vantaði og vildi fá í skiptum fyrir „fjórblokkina“. Nokkru síðar og máske í septembermánuði, hafi ákærði Einar sagt honum, að hann væri búinn að skipta við ákærða Knud Alfred á „fjórblokkinni“ og á öðrum tilteknum frímerkjum, innlendum og erlendum, og hafi hann tekið við þeim. Ákærði Guðbjartur Heiðdal kveður, að ákærði Einar hafi enga umbun fengið hjá honum fyrir hjálp hans við frímerkjaskipti þessi, og hafi hann skoðað hana aðeins sem vinargreiða.

Skömmu eftir þetta hafi ákærði Einar talað við hann um það, hvort hann gæti látið af hendi fleiri frímerki, og skömmu síðar hafi hann komið heim til ákærða Einars með eitthvað innan við hálfa örk eða 35—40 stykki af 50 aura frímerkjum, og sagzt vilja fá kr. 300.00 fyrir stykkið. Ákærði Einar hafi tekið við merkjunum, og skömmu síðar hafi hann afhent honum (ákærða Guðbjarti Heiðdal) kr. 10.500.00 í reiðufé sem söluverð þeirra.

Skömmu áður eða síðar hafi ákærði Einar talað við hann um, hvort hann gæti látið af hendi meira af frímerkjum, og nokkru síðar hafi ákærði Einar hringt til hans og skýrt honum frá því, að ákærði Knud Alfred vildi kaupa 40 aura frímerki á kr. 1.550.00 stykkið. Máske nokkrum dögum síðar hafi hann (ákærði Guðbjartur Heiðdal) afhent ákærða Einari 50 40 aura og 25 50 aura frímerki til sölu, og nokkrum dögum síðar hafi ákærði Einar látið hann fá kr. 85.000.00 í reiðufé sem söluverð þeirra.

Þannig kveðst ákærði Guðbjartur Heiðdal hafa á árinu 1958 selt eða látið í skiptum 54 40 aura og 60—65 50 aura frímerki. Þá hafi hann þar að auki selt á s.l. 12 árum um 6 40 aura og 20—25 50 aura frímerki hinum og þessum aðiljum og geti

hann engan þeirra nafngreint. Hann hafi enn í fórum sínum um 40 40 aura og um 10 50 aura frímerki.

Að lokinni þessari yfirheyrslu ákærða Guðbjarts Heiðdals, sem tók samtals tæpar 7 klukkustundir, var hann úrskurðaður í gæzluvarðhald vegna rökstudds grunar um, að hann hefði gerzt sekur um brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Næsta dag, laugardaginn 23. janúar, var ákærði Einar kvaddur fyrir dóminn. Var hann yfirheyrður sem kærði í málinu og vakin athygli hans á ákvæðum 77. gr., 2. mgr., laga nr. 27/1951. Verður nú rakinn í aðalatriðum framburður hans í þetta skipti.

Ákærði Einar kveðst hafa þekkt ákærða Guðbjart Heiðdal um margra ára skeið og hafi sá maður komið oft heim til hans. Hann kveðst hafa safnað frímerkjum síðan árið 1958 og um vorið eða fyrri hluta sumars f. á. hafi hann sýnt ákærða Guðbjarti Heiðdal frímerkjasafn sitt og bent honum meðal annars á eitt 40 aura frímerki fyrrgreindrar tegundar í því. Ákærði Guðbjartur Heiðdal hafi þá sagzt eiga svona merki og einnig 50 aura frímerki greindrar tegundar.

Nokkru síðar hafi ákærði Guðbjartur Heiðdal sýnt honum „fjórblokk" af 40 aura frímerkjum og hafi merkin orðið eftir hjá honum til þess að hann aflaði frekari upplýsinga um þau. Stuttu síðar kveðst ákærði Einar hafa sýnt merkin ákærða Knud Alfred, sem hafi viljað eignast þau í skiptum fyrir önnur frímerki og greiða sem svarar kr. 1.000.00 fyrir stykkið, að því er hann minnir. Ákærði Guðbjartur Heiðdal hafi verið fús til þessa og tilgreint þó nokkur frímerki, sem hann óskaði eftir að fá, og kveðst ákærði Einar hafa í samráði við hann látið einnig fljóta með nokkur frímerki, sem hann sjálfan vantaði. Ákærði Knud Alfred hafi svo fengið „fjórblokkina" fyrir þessi frímerki. Ákærði Einar kveður, að milliganga hans um frímerkjaskipti þessi hafi aðeins verið vinargreiði við ákærða Guðbjart Heiðdal, en skiptimerkin, sem hann (ákærði Einar) hafi fengið, hafi hann greitt honum með öðrum merkjum.

Ákærði Einar kveðst hafa sagt ákærða Knud Alfred, að hann hefði fengið „fjórblokkina" hjá gömlum vini sínum. Ákærði Knud Alfred hafi þá spurt hann að því, hvort þessi vinur hans ætti ekki meira af 40 aura frímerkjum, og hann þá sagzt ætla að athuga það, og hafi hann síðan talað við ákærða Guðbjart Heiðdal um málið. Nokkru síðar hafi ákærði Guðbjartur Heiðdal sýnt honum 30—40 og, að því er hann minnir, samföst 50

aura frímerki og verið fús til að selja þau, og hafi þá ákærði Einar tekið við þeim. Örstuttu síðar hafi ákærði Knud Alfred komið til hans og keypt merki þessi fyrir um kr. 10.000.00, sem ákærði Einar hafi síðan afhent ákærða Guðbjarti Heiðdal.

Ákærði Knud Alfred hafi síðan spurt ákærða Einar að því hvað eftir annað, hvort hann gæti ekki fengið meira af 40 aura frímerkjum, og hafi hann (ákærði Einar) skýrt ákærða Guðbjarti Heiðdal frá því. Þó nokkru síðar hafi ákærði Guðbjartur Heiðdal komið til hans með um hálfa örk af hvorri tegund 40 aura og 50 aura frímerkja og viljað selja merkin. Ákærði Einar hafi tekið við þeim og skýrt ákærða Knud Alfred frá þessu og sýnt honum þau. Ákærði Knud Alfred hafi innt hann eftir því, hvort þetta væru öll merki þessara tegunda, sem vinur hans hefði undir höndum, og hafi hann þá sagzt ekki vita betur en að svo væri. Hafi svo orðið úr, að ákærði Knud Alfred hafi keypt öll frímerkin. Ákærði Einar kveður, að svo hafi verið um talað, að verð 40 aura merkjanna skyldi vera kr. 1.550.00 stykkið og verð 50 aura merkjanna kr. 300.00 stykkið, en þó standi það fast í minni hans, að ákærði Knud Alfred hafi greitt samtals kr. 80.000.00 fyrir fyrrnefndu merkin og samtals kr. 12.000.00 fyrir þau síðarnefndu. Hann hafi tekið við fjárhæðum þessum í reiðufé og afhent ákærða Guðbjarti Heiðdal þær. Ákærði Einar heldur, að frímerkjasala þessi hafi átt sér stað líklega fyrri hluta ágústmánaðar f. á., og hafi hann enga þóknun fengið fyrir aðstoð sína, sem hann hafi litið á sem vinargreiða við ákærða Guðbjart Heiðdal.

Ákærði Einar kveður, að seint í ágúst eða fyrst í september f. á. hafi ákærði Guðbjartur Heiðdal komið til hans með þó nokkur 40 aura og nokkur 50 aura frímerki svo og nokkur frímerki Kristjáns IX og sagt, að ákærði Knud Alfred gæti fengið tvær síðartöldu frímerkjategundirnar, en hins vegar beðið ákærða Einar um að láta rannsaka fyrsttöldu frímerkin enn betur en gert hefði verið. Ákærði Guðbjartur Heiðdal hafi vitað, að ákærði Einar var um þetta leyti á förum til útlanda, en hann kveðst ekki muna, hvort ákærði Guðbjartur Heiðdal bað hann frekar um að hafa 40 aura merkin með sér til útlanda til rannsóknar þar en að senda þau þangað í pósti til rannsóknar eða láta rannsaka þau í fyrirhugaðri rannsóknarstofu frímerkjafélagsins íslenzka. Ákærði Einar kveðst þó ekkert hafa af þessu gert, heldur látið frímerkin í skáp heima hjá sér, og síðan hafi

þau fallið alveg úr minni hans. Hann hafi síðan farið til útlanda í lok september og verið þar um þriggja vikna skeið.

Líklega í byrjun nóvember f. á. hafi ákærði Knud Alfred skýrt honum frá því, að í umferð væru nú komin 30 40 aura frímerki og hefði sonur ákærða Einars komið með þau til Sigmundar Kristins Ágústssonar frímerkjakaupmanns. Ákærði Einar kveðst hafa þegar talað við son sinn um þetta og hefði hann (sonurinn) þá viðurkennt að hafa tekið 40 aura og 50 aura frímerki og fleiri merki úr skápnum hjá honum og farið með þau til Sigmundar Kristins. Ákærði Einar hafi þá þegar farið til manns þessa, sem hefði skilað honum 40 og 50 aura frímerkjum þeim, sem hann hafði fengið í hendur, að undanskildum tveimur 40 aura merkjum, sem hann hafi með samþykki ákærða Guðbjarts Heiðdals fengið að halda upp í kostnað. Kveður ákærði að Sigmundur Kristinn hafi skilað honum 38 40 aura og 7 50 aura merkjum, sem hann hafi svo skömmu síðar afhent ákærða Guðbjarti Heiðdal ásamt einu 40 aura merki, sem hann (ákærði Einar) hafi fengið hjá honum um sumarið 1958 í frímerkjasafn sitt í skiptum fyrir önnur frímerki.

Um svipað leyti eða öllu heldur stuttu síðar hafi ákærði Guðbjartur Heiðdal verið staddur hjá honum í skrifstofu hans. Hafi hann (ákærði Einar) þá beðið ákærða Knud Alfred um að koma til hans og hafi ástæðan verið sú, að ákærði Knud Alfred hafi talið, að hann hefði ekki fengið öll þau 40 aura frímerki, sem ákærði Guðbjartur hefði átt. Ákærði Knud Alfred hafi komið, og kveðst ákærði Einar hafa kynnt hann fyrir ákærða Guðbjarti Heiðdal, en þeir hafi ekki þekkzt áður. Hafi þeir síðan talað almennt, en mjög stutt, um málið, og hafi ákærði Knud Alfred haft orð á því við ákærða Guðbjart Heiðdal, hvort ekki væri allt í lagi eða eðlilegt með 40 aura frímerkin eða eitthvað á þá leið. Ákærði Guðbjartur Heiðdal hafi þá gefið í skyn, að svo væri. Ákærði Einar heldur, að hann hafi ekki verið búinn, áður en þetta samtal átti sér stað, að segja ákærða Knud Alfred frá því, að margumrædd frímerki væru frá ákærða Guðbjarti Heiðdal eða að vinur hans væri sá maður.

Ákærði Einar kveðst ekki hafa spurt ákærða Guðbjart Heiðdal að því, hvenær og hjá hverjum hann hefði fengið margumrædd 40 aura og 50 aura frímerki, fyrr en fyrir um einni viku, en þá hafi hann spurt hann að því, hvar hann hefði fengið þau, vegna þess að hann (ákærði Einar) hafi þá vitað um rann-

sókn lögreglunnar í máli þessu. Ákærði Guðbjartur Heiðdal hafi þá sagzt hafa fengið merkin hjá Sigurði heitnum Baldvinssyni póstmeistara. Kveður ákærði Einar, að sig rámi aðeins mjög óljóst í, að ákærði Guðbjartur Heiðdal hafi einhvern tíma áður minnzt á Sigurð heitinn í sambandi við einhver frímerki.

Að lokinni þessari yfirheyrslu ákærða Einars, sem tók samtals 8½ klukkustund, var hann úrskurðaður í gæzluvarðhald vegna rökstudds grunar um, að hann hefði gerzt sekur um brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Næsta dag, sunnudaginn 24. janúar, kom ákærði Guðbjartur Heiðdal á ný fyrir sakadóm og lýsti hann því þá yfir eftir þriggja klukkustunda yfirheyrslu, að skýrsla hans fyrir rannsóknarlögreglu 15. sama mánaðar og framburður hans í dóminum 23. sama mánaðar væri ekki réttur og vildi hann nú segja allan sannleikann. Gerbreytti hann síðan fyrri framburði sínum í málinu, m. a. á þann veg, að Sigurður heitinn Baldvinsson hefði alls ekki látið hann fá nein 40 aura og 50 aura frímerki, heldur ákærði Einar, og hefði hann beðið hann (ákærða Guðbjart Heiðdal) um að bera rangt í málinu á þann veg, er hann gerði. Ákærði Guðbjartur Heiðdal var nú látinn laus úr gæzluvarðhaldi.

Næsta dag, mánudaginn 25. janúar, var ákærði Einar kvaddur á ný fyrir dóminn og yfirheyrður um málið í 3 stundarfjórðunga. Var honum gerður kunnur hinn breytti framburður ákærða Guðbjarts Heiðdals, og kvaðst hann þá ekki vilja svara því, hvort framburðurinn væri réttur eða rangur, en fór fram á, að yfirheyrslu yrði frestað í tvær klukkustundir. Varð dómarinn við þeim tilmælum, en þegar yfirheyrsla hófst síðan að nýju sama dag, óskaði ákærði Einar eftir því, að yfirheyrslu hans yrði enn frestað þann dag, og varð dómarinn einnig við þeirri ósk.

Næsta dag, þriðjudaginn 26. janúar, var ákærði Einar kvaddur enn fyrir dóminn. Kvaðst hann þá hafa hugsað málið vandlega og lýsti yfir að fyrra bragði, að hann vildi nú segja allan sannleikann. Hafði hann ritað niður frásögn, þar sem hann gerbreytti fyrri framburði sínum í málinu, m. a. á þann veg, að hann hefði með samþykki ákærða Péturs Eggerz tekið eina örk eða 100 stykki af hvorri tegund margnefndra 40 aura og 50 aura frímerkja úr frímerkjageymslu póststjórnarinnar og afhent ákærða Pétri Eggerz síðar óumbeðið kr. 10.000.00 svo og fengið ákærðu Guðbjart Heiðdal og Knud Alfred til að bera rangt um tiltekin atriði í málinu.

Dómarinn gaf nú skipun um að handtaka ákærðu Knud Alfred

og Pétur Eggerz, og voru þeir báðir leiddir fyrir dóminn að kvöldi sama dags.

Ákærði Knud Alfred var yfirheyrður sem „mætti". Breytti hann að stuttri stundu liðinni skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu 14. sama mánaðar og framburði sínum í dóminum 21. sama mánaðar og viðurkenndi, að ákærði Einar hefði fengið hann til að bera rangt um tiltekið atriði í málinu.

Ákærði Pétur Eggerz var yfirheyrður sem kærði í hálfa klukkustund, og vísaði hann til fyrri framburðar síns í dóminum 21. sama mánaðar, en því næst var hann úrskurðaður í gæzluvarðhald vegna grunar um, að hann hefði gerzt sekur um auðgunarbrot samkvæmt XXVI. kafla almennra heningarlaga nr. 19/1940.

Fimmtudaginn 28. janúar var ákærði Pétur Eggerz yfirheyrður á ný. Hann neitaði því eindregið að hafa tekið eða átt þátt í töku nokkurra frímerkja að ófrjálsu úr frímerkjabirgðageymslu póststjórnarinnar eða að vita um að slíkt hefði verið gert. Þá neitaði hann því að hafa tekið við peningum hjá ákærða Einari.

Laugardaginn 30. janúar var ákærði enn yfirheyrður um málið, og hélt hann þá fast við þenna framburð. Síðar sama dag óskaði hann eftir viðtali við dómarann, og á dómþingi, sem haldið var seinna um daginn, kvaðst hann nú vilja segja allan sannleikann. Afhenti hann í dóminum skriflega skýrslu um málsatvik, og var hún í samræmi við það, sem ákærði Einar hafði borið í dóminum 26. sama mánaðar um þátt hans í málinu.

IV. kafli.

Verða nú raktir málavextir í heild samkvæmt endanlegum og samræmdum framburðum ákærðu og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu.

A. Seinni hluta árs 1958, nokkru eftir að ákærði Einar hafði byrjað söfnun frímerkja, talaði hann við Karl Hjálmarsson, póst- og símaafgreiðslumann í Borgarnesi, um það, hvort hann gæti útvegað honum frímerki, sem hann ætti ekki. Kveðst Karl hafa látið hann fá nokkur íslenzk frímerki, en ekki fágæt. Stuttu eftir áramótin 1958—1959, að því er ákærði segir, en seinni hluta árs 1958, að því er Karl minnir, benti Karl honum á, að póststjórnin ætti birgðir af gömlum íslenzkum frímerkjum, og hefðu útlendingar fengið merki úr þeim, og taldi hann ekki ólíklegt, að póststjórnin léti hann fá einnig merki þaðan.

Á þessum tíma var póst- og símamálastjóri erlendis og Egill Sandholt frá starfi vegna veikinda. Sneri ákærði Einar sér þá til

ákærða Péturs Eggerz og bar fram beiðni um að fá frímerki úr frímerkjabirgðum póststjórnarinnar. Ákærði Pétur Eggerz kvaðst þurfa að fá samþykki Egils til þess og talaði við hann um málið. Kvaðst Egill ekki hafa á móti því, að ákærði Einar fengi gefins í safn sitt nokkur gömul merki úr greindum birgðum og til væri eitthvert magn af, en á fjölda merkjanna var ekki minnzt. Kveðst Egill hafa gengið út frá því, að ákærði Einar fengi aðeins örfá frímerki og eitt af hverri tegund svo og að fengið yrði samþykki póst- og símamálastjóra, en minntist ekki á það við ákærða Pétur Eggerz. Næsta eða þar næsta dag skýrði ákærði Pétur Eggerz ákærða Einari frá því, að hann væri búinn að tala við Egil um málið, og að hann hefði fallizt á beiðni hans (ákærða Einars) um að fá frímerki úr birgðum póststjórnarinnar.

Stuttu síðar fóru ákærðu Pétur Eggerz og Einar inn í frímerkjageymslu póststjórnarinnar til að ná í frímerkin. Ákærði Pétur Eggerz tók fram frímerkjaumslögin og afhenti ákærða Einari úr þeim eitt frímerki af hverri tegund, ef eitthvert magn var til af þeim, en neitaði honum um frímerki í nokkrum umslögum, sem hann bað um, vegna þess hve fá stykki voru til af þeim. Jafnframt ritaði ákærði Pétur Eggerz á spjald, sem var í hverju umslagi, um afhendingu merkisins til ákærða Einars og afhendingardag.

Endurskoðunardeild Fjármálaráðuneytisins hefur athugað áritanirnar á nefnd spjöld. Samkvæmt þeim fékk ákærði Einar 28. janúar f. á. samtals 153 frímerki, eitt af hverri tegund og úr sitt hverju umslagi.

Stuttu eftir að ákærði Einar hafði fengið frímerki þessi, tók hann eftir því, að eitt þeirra var rifið og að minnsta kosti eitt þeirra bar þess vott, að það hafði verið áður límt í albúm. Skýrði hann ákærða Pétri Eggerz frá þessu og bað hann um að láta hann fá ógölluð merki í stað merkja þessara. Tók ákærði Pétur Eggerz vel í það.

Mjög stuttu síðar fóru þeir aftur í frímerkjageymsluna, og lét ákærði Pétur Eggerz ákærða Einar fá tvö ógölluð frímerki í stað hinna gölluðu merkja. Barst nú talið að ýmsum frímerkjum og þá sérstaklega að þeim, sem ákærði Einar hafði ekki fengið í geymslunni. Kveðst ákærði Einar munu hafa sagt eitthvað á þá leið, að úr því að hann gæti ekki fengið þessi merki, sem svo lítið væri til af, ætti hann að fá eitthvað af öðrum góðum merkjum í staðinn, og tiltekið marggreind 40 aura og 50 aura frímerki, en hann hafi haft í huga að skipta á þeim og öðrum,

sem hann átti ekki og ákærði Pétur Eggerz gat ekki látið hann fá. Dró ákærði Einar því næst eina örk, þ. e. 100 stykki, af hvorri þessari frímerkjategund úr umslögunum, sem þau voru í. Ákærði Pétur Eggerz sagði þá eitthvað á þá leið, að nú fengi ákærði Einar ekki meira og væri hann þegar búinn að fá nóg. Setti ákærði Pétur Eggerz síðan umslögin, sem hann hafði tekið fram, aftur á sinn stað í læstan skáp.

Auk greindra frímerkja fékk ákærði Einar í þetta skipti frímerki Kristjáns IX, sem voru í loklausum kassa í hillu inni i geymsluherberginu. Sagði ákærði Pétur Eggerz honum, að hann mætti fá nokkuð af þessum merkjum, sem væru rusl. Tók ákærði Einar samanvafða rúllu af þeim, en taldi þau ekki fyrr en síðar, og kveður hann, að þá hafi komið í ljós, að þetta hafi verið 50 þristfrímerki. Hvert þristfrímerki er þrjú 20 aura frímerki, blá að lit, föst saman hlið við hlið, og stendur á miðmerkinu „ÞJÓNUSTA" í stað „FRÍMERKI". Póst- og símamálastjóri kveður, að samkvæmt athugun ríkisendurskoðanda vanti 160 þristsamstæður í birgðir póststjórnarinnar, en varlegast þykir að leggja til grundvallar framburð ákærða Einars um það, hve margar samstæður hann fékk í umrætt skipti.

Ákærði lét fyrrgreindar tvær arkir 40 aura og 50 aura frímerkjanna og þristfrímerkin í skáp í skrifstofu heima hjá sér hjá öðrum frímerkjum sínum. Hann kveðst á þessu stigi ekki hafa gert sér grein fyrir verðmæti frímerkja yfirleitt, enda þá aðeins verið búinn að safna frímerkjum í nokkra mánuði.

Síðla vors eða snemma sumars f. á. ákvað hann að fá ákærða Knud Alfred til að ganga úr skugga um, hvort 40 aura frímerkin væru í raun og veru eins verðmikil og greint var í bók Sigurðar Hólm Þorsteinssonar „Íslenzk frímerki 1959", þ. e. kr. 2.000.00 stykkið. Fór hann með fjögur frímerki („fjórblokk") úr 40 aura örkinni í skrifstofu sína og sýndi þau ákærða Knud Alfred, sem hélt í fyrstu, að um endurprentuð merki væri að ræða („nytryk"), en lofaði að athuga það nánar. Næsta dag skýrði ákærði Knud Alfred honum frá því, að þetta væru ekki endurprentuð merki („nytryk"), heldur þau „réttu", og spurði hann að því, hvort hann vildi selja þau. Varð úr, að ákærði Einar lét ákærða Knud Alfred fá þessi fjögur merki í skiptum fyrir önnur frímerki, sem svaraði kr. 6.000.00, að því er ákærði Knud Alfred kveður, en sem svaraði kr. 4.000.00, að því er ákærði Einar man bezt. Ákærði Knud Alfred spurði ákærða Einar að því, hvort hann ætti sjálfur frímerkin fjögur, og kvað hann

svo vera og kvaðst hafa fengið þau hjá vini sínum, gömlum embættismanni, en nefndi ekkert nafn.

Ákærði Einar seldi ákærða Knud Alfred síðan fleiri 40 aura frímerki svo og 50 aura frímerki, og þykir gleggst að greina frá framburði hvors þeirra sérstaklega, sökum þess að þeir eru ekki alveg samhljóða.

Ákærði Knud Alfred hefur haldið fast við fyrri framburð sinn í dóminum 21. janúar þ. á. um þetta efni, þó með þeim breytingum, *að* hann kveðst ekki hafa keypt 52 heldur 53 40 aura frímerki, *að* vera megi, að hann hafi keypt lítið eitt færri merki en hálfa örk, er hann keypti 50 aura frímerki í seinna skiptið, og máske hafi það ekki verið fleiri en 45 stykki, og loks *að* kaup 40 aura og 50 aura frímerkjanna hafi farið þannig fram, að hann spurði ákærða Einar um þau að fyrra bragði. Ákærði Knud Alfred kveður, að kaupverð 40 aura merkjanna hafi verið kr. 1.550.00 stykkið eða 53 merkja kr. 82.150.00 og kaupverð 50 aura merkjanna kr. 300.00 stykkið eða 80 merkja kr. 24.000.00, eða söluverð samtals kr. 106.150.00, miðað við 80 50 aura merki.

Ákærði Einar hefur hins vegar borið það, að fljótlega eftir að hann hafði látið ákærða Knud Alfred fá 40 aura frímerkin fjögur, hafi hann (ákærði Knud Alfred) spurt hann að því, hvort hann gæti ekki útvegað honum fleiri slík merki. Ákærði Einar kvaðst skyldu athuga það og skömmu síðar hafi hann sýnt ákærða Knud Alfred í skrifstofu sinni þó nokkur 50 aura frímerki, en hve mörg muni hann ekki, og hafi orðið úr, að ákærði Knud Alfred hafi keypt þau. Stuttu síðar hafi ákærði Knud Alfred spurt hann að því í skrifstofu hans, hvort hann (ákærði Einar) gæti ekki útvegað honum fleiri 40 og 50 aura frímerki. Kvaðst hann skyldu athuga það, og litlu síðar hafi hann sýnt honum meira af merkjum þessum, sem hann hafði náð í heima hjá sér, og hafi ákærði Knud Alfred keypt þau öll í einu eða tvennu lagi. Ákærði Einar kveðst hafa selt ákærða Knud Alfred, að „fjórblokkinni" frátalinni, samtals um 53 40 aura frímerki og um 90 50 aura frímerki, og séu þetta þó hámarkstölur. Hann geti ekki munað betur en að söluverð 40 aura merkjanna hafi verið kr. 1.000.00 stykkið eða 53 merkja kr. 53.000.00 og söluverð 50 aura merkjanna kr. 300.00 stykkið eða 90 merkja kr. 27.000.00, eða söluverð samtals kr. 80.000.00, miðað við 90 50 aura merki. Ákærði Einar kveðst hafa sagt ákærða Knud Alfred, er hann seldi honum merki þessi, að hann ætti

þau ekki, heldur fyrrgreindur embættismaður, sem hann nafngreindi þá heldur ekki.

Frekara samræmi hefur ekki fengizt milli framburða ákærðu Einars og Knud Alfreds um fjölda og verð frímerkja þessara, en báðum ber þeim saman um, að það hafi verið greitt í reiðufé.

Ákærði Einar kveðst hafa ráðstafað greindum kr. 80.000.00 þannig:

Honum fannst það vera viðeigandi, að ákærði Pétur Eggerz nyti einhvers hluta upphæðarinnar. Lét hann kr. 10.000.00 af henni í umslag og fór með það inn í skrifstofu hans, en hann var þá í næsta herbergi að tala við eitthvert fólk. Bað ákærði Einar hann um að koma inn í herbergi sitt, og gerði hann það. Stakk ákærði Einar síðan peningaumslaginu þegjandi og hljóðalaust í jakkavasa hans og kvaddi hann og fór síðan út. Ákærði Pétur Eggerz hefur bætt því við, að ákærði Einar hafi stungið umslaginu í vasa hans með þeim ummælum „að athuga þetta seinna". Hann kveðst hafa gleymt því fyrst í stað að athuga innihald umslagsins, en er hann gerði það og sá peningana í því, hafi hann í fyrstu ekki skilið, hvers vegna ákærði Einar var að fá honum þá, en síðar hafi honum orðið hugsað til frímerkjanna. Hafi honum dottið fyrst í hug að skila peningunum, ef frímerkin væru orsök þeirra, og hringt til ákærða Einars, sem svaraði ekki. Ákærði Pétur Eggerz kveður, að freistingin hafi síðan orðið yfirsterkari, og talaði hann aldrei við ákærða Einar um peningana, heldur eyddi hann þeim til eigin þarfa.

Ákærði Einar eyddi öllum hinum hluta greindra kr. 80.000.00, þ. e. kr. 70.000.00, til ýmissa þarfa sinna, og m. a. lét hann ákærða Guðbjart Heiðdal fá afgang þeirra, líklega kr. 27.000.00, í janúar s.l. Kveður ákærði Guðbjartur Heiðdal, að hér hafi verið um endurgreiðslu á lánum að ræða. Nánar aðspurður hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi, líklega á árunum 1954 og 1955, veitt ákærða Einari tvö vaxtalaus lán, hvort að fjárhæð kr. 15.000.00, vegna húsbyggingar og bifreiðakaupa hans. Ákærði Einar hafi átt að endurgreiða lánin við hentugleika hans eða þegar ákærði Guðbjartur Heiðdal krefðist endurgreiðslu þeirra, en hann hafi ekki farið að tala um hana fyrr en í desember f. á. Um miðjan janúar s.l. hafi ákærði Einar komið svo til hans, þar sem hann var staddur heima hjá kunningja sínum — og man hann ekki, hvort hann var þá búinn að mæta hjá rannsóknarlögreglu til yfirheyrslu í máli þessu — og afhent honum þá kr. 27.000.00 í reiðufé og sagt um leið: „Nú ætla ég

að láta þig fá peningana" eða önnur orð sömu merkingar. Fleiri orð hafi ekki farið á milli þeirra, og hafi ákærði Einar svo farið í burtu. Ákærði Guðbjartur Heiðdal kveðst hafa að sjálfsögðu gengið út frá því, að ákærði Einar væri hér að endurgreiða honum fyrrgreind peningalán, og hafi hann samkvæmt því farið með peningana sem löglega eign sína og þessu máli algerlega óviðkomandi.

Ákærði Einar kvaðst í fyrstu hafa afhent ákærða Guðbjarti Heiðdal í janúar s.l. afganginn, eða kr. 27.000.00 til kr. 30.000.00, sem hann átti þá óeyddar af greindum kr. 80.000.00, og hafi það verið í örvæntingu til að styrkja hinn tilbúna framburð þeirra, sbr. nánar um það atriði síðar í þessum kafla. Síðar og eftir að honum var gerður kunnur fyrrgreindur framburður ákærða Guðbjarts Heiðdals um þetta efni, hefur hann ekki vefengt þann framburð, en telur þó, að ákærði Guðbjartur Heiðdal hafi í ágúst f. á. byrjað að inna hann eftir endurgreiðslu lánanna. Hefur ákærði Einar ekki vefengt, að ákærði Guðbjartur Heiðdal hafi talið, að hann væri með afhendingu peningaupphæðarinnar til hans að endurgreiða honum greind lán.

S.l. sumar og líklega í júní, að því er ákærði Guðbjartur Heiðdal hefur borið, sýndi ákærði Einar honum frímerkjasafn sitt á heimili sínu og benti honum m. a. á 40 aura og 50 aura frímerki í safninu. Spurði ákærði Einar hann að því, hvort hann ætti merki þessi, og svaraði hann því neitandi. Í þetta sama skipti eða stuttu síðar skýrði ákærði Einar honum frá því, að hann gæti fengið fyrrgreind frímerki hjá manni, sem hann nafngreindi ekki, og nokkru síðar seldi hann (ákærði Einar) honum á heimili sínu eitt 40 aura frímerki á kr. 2.000.00 og eitt 50 aura frímerki á kr. 500.00 og lét hann fá nokkur verðlítil merki að auki í kaupbæti eða að gjöf. Ákærði Einar leyndi ákærða Guðbjart Heiðdal því, hvar eða með hverjum hætti hann fékk frímerkin.

Um svipað leyti og þessi kaup fóru fram, lét ákærði Einar Reyni Ástþórsson húsgagnasmíðanema, Lynghaga 17, hér í bæ, fá eitt 50 aura frímerki í skiptum fyrir önnur frímerki, að fjárhæð kr. 500.00. Ákærði Einar leyndi hann því, hvar eða með hverjum hætti hann fékk frímerkið.

Í lok september fór ákærði Einar til útlanda, og nokkru eftir að hann kom heim aftur, að þremur vikum liðnum, skýrði ákærði Knud Alfred honum frá því, að hann hefði heyrt, að

sonur hans (ákærða Einars) hefði farið með þó nokkur 40 aura frímerki til Sigmundar Kristins Ágústssonar frímerkjakaupmanns. Ákærði Einar talaði þegar við son sinn, Valdimar Einarsson símamann, Lynghaga 17, hér í bæ, um þetta, og kvaðst hann þá hafa tekið nokkur frímerki úr skáp í skrifstofu ákærða Einars og farið með þau til Sigmundar Kristins og væru þau þar. Ákærði Einar fór þá til Sigmundar Kristins, sem staðfesti þessi ummæli Valdimars, og næsta dag afhenti Sigmundur Kristinn ákærða Einari 38 40 aura og 7 50 aura frímerki, en ákærði féllst á, að hann héldi tveimur 40 aura frímerkjum, sem ekki eru talin með frímerkjunum 38, fyrir fyrirhöfn sína og kostnað.

Eftir þetta geymdi ákærði Einar 40 aura og 50 aura frímerkin í skápnum heima hjá sér og reyndi ekki að selja þau.

B. Svo gerðist það fyrir hádegi laugardaginn 9. janúar s.l., að ákærði Pétur Eggerz kom í skrifstofu ákærða Einars og skýrði honum frá því, að póst- og símamálastjóri hefði óskað eftir því, að rannsókn færi fram út af 40 aura og 50 aura frímerkjunum. Kveður ákærði Einar sér hafa orðið mjö hverft við.

Eftir hádegi eða að kvöldi sama dags hittust ákærðu Einar og Guðbjartur Heiðdal. Ákærði Einar bar það fyrst, að hann hefði hringt í ákærða Guðbjart Heiðdal, þar sem hann var staddur hjá vini sínum hér í bænum, og náð í hann þar, en síðar hefur hann ekkert haft að athuga við þann framburð ákærða Guðbjarts Heiðdals, að hann hafi komið heim til ákærða Einars. Ákærði Einar skýrði honum frá því, að hann væri í vandræðum út af nokkrum 40 aura og 50 aura frímerkjum. Voru það þau merki, sem hann hafði ekki þegar látið af hendi. Ákærði Guðbjartur Heiðdal kveður, að ákærði Einar hafi jafnframt getið þess, að Sigmundur Kristinn Ágústsson frímerkjakaupmaður hefði hringt í hann og sagt honum, að hann væri með nokkur frímerki, sem Valdimar sonur hans hefði komið með til hans, en þetta kveður ákærði Einar vera missögn, því að hann hafi farið að fyrra bragði til Sigmundar Kristins, sbr. það, sem áður var greint.Ákærði Einar bað ákærða Guðbjart Heiðdal um að taka við greindum frímerkjum og geyma þau. Tók ákærði Guðbjartur Heiðdal við þeim, og voru það 40 40 aura og 7 50 aura frímerki. Litlu síðar sama dag fór ákærði Einar heim til ákærða Guðbjarts Heiðdals að Vatnsenda og bað hann um, ef hann yrði um það spurður, að segjast eiga frímerki þessi, svo og að segja, að ákærði Einar hefði fengið hjá

honum slík merki. Lofaði ákærði Guðbjartur Heiðdal að gera þetta, og kveður hann sér ekkert athugavert hafa fundizt við það, og hafi hann spurt ákærða Einar einskis.

Síðar sama dag eða þá um kvöldið hringdi ákærði Einar heim til ákærða Knud Alfred og bað hann um að koma út í bifreið hans þar fyrir utan húsið, og gerði hann það. Skýrði ákærði Einar honum frá því, að komið væri til vandræða út af 40 aura og 50 aura frímerkjunum, sem hann hefði keypt. Ákærði Knud Alfred kveðst hafa spurt hann að því, hvað um væri að vera. Ákærði Einar hafi þá sagt honum, að búið væri að kæra mál þetta og farið væri að telja frímerkjabirgðir póstsins og myndi mörg frímerki vanta í þær. Jafnframt hafi hann minnzt á ákærða Guðbjart Heiðdal í þessu sambandi og að allt væri í lagi með hann. Kveður ákærði Knud Alfred sig minna það fastlega, að ákærði Einar hafi þá verið búinn einhvern tíma áður, en þó eftir að hann keypti 40 aura og 50 aura frímerkin, að gefa honum óbeint í skyn, að ákærði Guðbjartur Heiðdal væri þessi eldri embættismaður, sem hann (ákærði Einar) hefði fengið frímerkin frá og hefði átt þau. Ákærði Einar hefur ekkert haft við þenna framburð ákærða Knud Alfred að athuga og kveðst hafa viljað, að ákærði Knud Alfred hitti mann þann, sem hann (ákærði Einar) hefði fengið frímerkin hjá, og hefði ákærði Knud Alfred verið til í það.

Um kvöldið sama dag hringdi ákærði Einar einnig heim til ákærða Péturs Eggerz og bað hann um að koma út í bifreið hans þar fyrir utan húsið, og gerði hann það. Ákærði Einar spurði hann frekar um málið, og sagði ákærði Pétur Eggerz þá, að líklega hefði verið beiðzt rannsóknar á fleiri merkjum en 40 aura og 50 aura frímerkjunum. Ákærði Einar kveðst hafa skýrt honum frá því, að ákærði Guðbjartur Heiðdal hefði lofað honum (ákærða Einari) því að segjast hafa átt 40 aura og 50 aura frímerkin. Ákærði Pétur Eggerz kveðst hafa nú séð í hendi sinni þá aðstöðu, sem hann var í, og í stað þess að skýra póst- og símamálastjóra frá öllum atvikum, hafi hann fallizt á í þessu samtali hans og ákærða Einars, að láta sem hann vissi ekkert um greind frímerki og hefði aldrei afhent honum önnur frímerki en þau, sem hann (ákærði Pétur Eggerz) hafði skráð á spjöldin í frímerkjaumslögunum.

Um hádegisbil næsta dag, sunnudaginn 10. janúar s.l., hittust ákærðu Einar og Guðbjartur Heiðdal, og hringdi sá fyrrnefndi heim til ákærða Knud Alfred og kvað ákærða Guðbjart Heiðdal

vera staddan hjá sér og spurði hann (ákærða Knud Alfred) að því, hvort þeir mættu ekki koma í bifreið til hans. Féllst ákærði Knud Alfred á það, og fóru ákærðu Einar og Guðbjartur Heiðdal síðan til hans, og kom hann út í bifreiðina til þeirra. Ákærði Einar sagði við ákærða Knud Alfred, að hér væri maðurinn, sem hann hefði fengið 40 aura og 50 aura frímerkin hjá, og þekktust ákærðu Guðbjartur Heiðdal og Knud Alfred þá í sjón. Ræddu þeir þrír síðan um yfirheyrslu þá, sem standa myndi fyrir dyrum út af frímerkjum þessum. Ákærði Knud Alfred kveður, að ákærði Einar hafi farið fram á það við hann, að hann bæri í yfirheyrslu, að hann hefði keypt þessi frímerki sjálfur af ákærða Guðbjarti Heiðdal, enda hefði sá maður verið eigandi þeirra og hann (ákærði Einar) verið milligöngumaður um sölu þeirra eða með öðrum orðum að „kúpla sér út úr málinu", eins og ákærði Einar hafi komizt að orði. Ákærði Knud Alfred kveðst hafa neitað þessu. Ákærðu Einar og Guðbjartur Heiðdal muna ekki eftir einstökum orðaskiptum þeirra, en sá fyrrnefndi kveður, að þessi framburður ákærða Knud Alfred sé efnislega réttur. Á hinn bóginn fékk ákærði Einar ákærðu Guðbjart Heiðdal og Knud Alfred í þetta skipti til að fallast á, að þeir bæru í væntanlegri yfirheyrslu út af fyrrgreindum frímerkjum, að þeir þrír hefðu hitzt í nóvember f. á. í skrifstofu ákærða Einars og að ákærði Knud Alfred hefði þá spurt ákærða Guðbjart Heiðdal að því, hvort hann gæti gert grein fyrir frímerkjum þeim, sem hann hefði keypt og komin væru frá honum, og að ákærði Guðbjartur Heiðdal hefði þá sagzt geta gert það, sbr. framburði ákærðu Einars og Knud Alfred, sem raktir eru í III. kafla hér að framan, um mót þeirra þriggja líklega í nóvember f. á., en mót þetta átti sér aldrei stað, og var framburður þeirra um það efni tilbúningur einn. Það, sem nú var sagt, er sannað með framburðum ákærðu Einars og Knud Alfred, en ákærði Guðbjartur Heiðdal man atvik aðeins óljóst, en kveður, að meginatriðið í umræðum þeirra, sem ákærði Einar hafði frumkvæðið að, hafi verið að láta líta svo út, að umrædd frímerki væru komin frá ákærða Guðbjarti Heiðdal.

Ákærði Guðbjartur Heiðdal hefur borið það, að örstuttu eftir áðurgreint mót 10. janúar s.l. hafi ákærði Einar hringt til hans og beðið hann um að koma heim til hans, og það hafi hann gert að kvöldi sama dags. Ákærði Einar hafi þá skýrt honum frá því, að nauðsynlegt væri að framburðir þeirra beggja yrðu samhljóða, ef til yfirheyrslu kæmi, og sagt honum síðan, hvernig

framburðir þeirra skyldu vera, og hafi það einmitt verið framburður hans (ákærða Guðbjarts Heiðdals) í sakadómi 22. janúar s.l. Ákærði Guðbjartur Heiðdal kveðst fáeinum dögum síðar hafa verið yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni, og á tímabilinu frá því það gerðist og þar til hann var kvaddur fyrir sakadóm, hafi þeir hitzt í tvö skipti til að ræða málið og samræma framburð sinn. Í fyrra skiptið hafi hann komið heim til ákærða Einars að beiðni hans (ákærða Einars), og í seinna skiptið hafi ákærði Einar komið heim til hans. Ákærði Einar hefur ekkert sérstakt haft við þenna framburð ákærða Guðbjarts Heiðdals að athuga og kveður hann efnislega réttan. Þeir muna ekki, hvor þeirra nefndi Sigurð heitinn Baldvinsson fyrr á nafn, en eru sammála um, að hér hafi nokkrir menn komið til greina og hafi orðið úr, að nafn Sigurðar varð fyrir valinu.

Ákærði Knud Alfred hefur borið það, að stuttu fyrir miðnætti einum til tveimur dögum eftir áðurgreint mót hinna þriggja ákærðu 10. janúar s.l. hafi ákærði Einar komið heim til hans og rætt enn við hann um málið. Hafi ákærði Einar endurtekið þá beiðni sína, að hann bæri það í yfirheyrslu, að hann hefði keypt frímerkin af ákærða Guðbjarti Heiðdal persónulega og minnast ekki á nafn hans (ákærða Einars). Ákærði Knud Alfred kveðst hafa neitað þessu á ný. Enn fremur hafi ákærði Einar farið fram á það í þessu samtali, að hann bæri það í yfirheyrslu, að hann hefði keypt frímerkin fyrir lægra verð en hann gaf raunverulega fyrir þau, og hafi ákærði Einar sagzt vera að fara fram á þetta að beiðni ákærða Guðbjarts, til þess að útsvar hans yrði ekki eins hátt og ella. Ákærði Knud Alfred kveðst einnig hafa neitað þessu. Hafi svo slitið tali þeirra og ákærði Einar farið í burtu og þeir ekki hitzt eftir það.

Ákærði Einar kveðst ekki minnast þess að hafa ítrekað við ákærða Knud Alfred þá beiðni, að hann bæri í yfirheyrslu, að hann hefði keypt frímerkin beint af ákærða Guðbjarti Heiðdal, en hefur að öðru leyti ekkert sérstakt haft við framburð ákærða Knud Alfred að athuga.

Ákærði Einar kveður, að alger örvænting hafi gripið hann, þegar hann frétti, að fram væri komin beiðni um rannsókn út af 40 aura og 50 aura frímerkjunum, og hafi hann þá leiðzt út í það að fá ákærðu Guðbjart Heiðdal og Knud Alfred til að bera rangt um málið í yfirheyrslu hjá sakadómara. Þeim ber báðum saman um, að ákærði Einar hafi ekki minnzt á, hvers eðlis yfirheyrslan væri, hvort hún væri hjá lögreglu eða fyrir dómi.

Ákærða Einar minnir, að hann hafi afhent ákærða Guðbjarti Heiðdal áðurgreind frímerki Kristjáns IX, og hafi það verið um leið og hann afhenti honum 40 aura og 50 aura frímerkin 9. janúar s.l. Ákærði Guðbjartur Heiðdal man ekki til þess, að ákærði Einar hafi afhent honum merki þessi, og hefur ekki tekizt þrátt fyrir samprófun að fá frekara samræmi milli framburða þeirra um þetta atriði. Leit að merkjum þessum hefur ekki borið árangur og er ekki vitað, hvað um þau hefur orðið.

Ákærði Einar kveðst aldrei hafa sagt ákærða Knud Alfred frá því, hvaðan 40 aura og 50 aura frímerkin voru raunverulega komin.

Ákærði Guðbjartur Heiðdal kveðst aldrei hafa vitað frekara um frímerki þau, sem mál þetta snýst um, og hafi hann aldrei spurt ákærða Einar nokkurrar spurningar í sambandi við það. Þá kveðst hann aldrei hafa tekið við peningum eða annarri umbun frá ákærða Einari vegna máls þessa, og það, sem hann gerði, hafi aðeins verið vinargreiði við hann (ákærða Einar).

V. kafli.

Verða nú rakin afdrif 40 aura og 50 aura frímerkjanna samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, svo og skil þeirra.

A) Ákærði Guðbjartur Heiðdal hefur skilað þeim 40 + 1 = 41 40 aura merkjum og 7 + 1 = 8 50 aura merkjum, sem hann fékk í hendur.

B) Áðurgreindur Reynir Ástþórsson, sem fékk 1 50 aura merki hjá ákærða Einari í skiptum fyrir önnur merki, að fjárhæð kr. 500.00, hefur skilað því merki.

C) Ákærði Knud Alfred hefur skilað 14 40 aura merkjum og 58 50 aura merkjum.

Hann seldi 40 aura og 50 aura merki, eins og hér segir:

1. Sigmundur Kristinn Ágústsson keypti 10 50 aura merki. Samkvæmt reikningum, sem lagðir hafa verið fram í málinu, dskj. nr. 18—20, hefur hann keypt 2 merki 21. júní f. á., 4 merki 24. júní f. á. og 4 merki 3. september f. á. á kr. 600.00 stykkið. Hann hefur skilað 4 af merkjum þessum, og 1 merki gaf hann Bjarna syni sínum, Stórholti 33, hér í bæ, og hefur sá maður skilað því. Þá kveðst Sigmundur Kristinn hafa selt mönnum, sem hann viti engin deili á, hin 50 aura merkin 5, og hafa þau ekki komið í leitirnar. Hann hefur skilað öðru 40 aura merkinu, sem hann fékk hjá ákærða Einari. Hitt 40 aura merkið seldi hann Haraldi Salómonssyni pípulagningameistara, Laugavegi 70, hér í

bæ, á kr. 3.000.00, og hefur sá maður skilað því, eftir að úrskurður um leit að merkinu í híbýlum hans hafði verið uppkveðinn.

2. Áðurgreindur Ingólfur Páll Steinsson keypti 2 40 aura merki á kr. 4.000.00 stykkið, og að því er hann telur eiginlega í umboðssölu, og einnig keypti sami maður 1 50 aura merki. Hann seldi Björgúlfi Bachmann aðalféhirði, Öldugötu 28, og Þórarni Óskarssyni fulltrúa, Hjarðarhaga 36, báðum hér í bæ, sitt hvort 40 aura merkið á kr. 4.400.00 stykkið og afhenti Nirði Snæhólm lögreglumanni, Þinghólsbraut 11 B, Kópavogi, 50 aura merkið í skiptum fyrir önnur merki að verðmæti kr. 1.000.00, að því er Njörður telur. Öllum þessum þremur merkjum hefur verið skilað.

3. Guðmundur Andrésson gullsmiður, Laugavegi 50, hér í bæ, keypti 1 40 aura merki á kr. 2.500.00, og hefur hann skilað því.

4. Áðurgreindur Magnús Andrésson keypti 1 40 aura merki á kr. 3.000.00, og hefur hann skilað því.

5. Áðurgreindur Ingimar Brynjólfsson keypti 1 40 aura merki á kr. 3.000.00, og hefur hann skilað því.

6. Edwin Morris Solter slökkviliðsmaður, Faxabraut 27, Keflavík, keypti 1 40 aura merki á kr. 3.000.00, að því er ákærði Knud Alfred kveður, og hefur Solter skilað merkinu.

7. Karl Þorsteins ræðismaður, Hagamel 12, hér í bæ, keypti 4 50 aura merki („fjórblokk") á kr. 2.500.00, og hefur hann skilað þeim.

8. Örn Friðriksson sóknarprestur, Skútustöðum, Þingeyjarsýslu, keypti 1 50 aura merki á kr. 700.00, að því er hann kveður, og hefur hann skilað því.

9. Frimärkshuset A/B í Stokkhólmi keypti 37 40 aura merki og 4 50 aura merki. Samkvæmt reikningum, sem lagðir hafa verið fram í málinu, dskj. nr. 93—96, hefur fyrirtæki þetta keypt 27. júní f. á. 4 40 aura merki („fjórblokk") á sænskar kr. 1.500.00, 7. júlí f. á. 4 50 aura merki („fjórblokk") á sænskar kr. 400.00, 31. ágúst f. á. 3 40 aura merki á sænskar kr. 1.125.00 og 2. október f. á. 30 40 aura merki á sænskar kr. 10.000.00, eða með öðrum orðum keypt 40 aura merkin á samtals sænskar kr. 12.625.00 og 50 aura merkin á samtals sænskar kr. 400.00. Engu þessara merkja hefur verið skilað.

10. Torsten Pettersson í Malmslätt í Svíþjóð keypti 2 50 aura merki. Samkvæmt reikningum, sem lagðir hafa verið fram í málinu, dskj. nr. 97—98, hefur hann keypt annað merkið 2. októ-

ber f. á., en hitt merkið 23. sama mánaðar, á sænskar kr. 75.00 stykkið. Hvorugu merkinu hefur verið skilað.

Ákærði Knud Alfred kveður, að dagsetningar reikninganna á dskj. nr. 93—98 merki dag þann, sem frímerkin voru send héðan af landi brott.

Þá kveður hann, að 1. marz s. l. hafi hann verið búinn að fá sem svarar sænskum kr. 2.000.00 — kr. 3.000.00 af söluverði merkjanna í 9.—10. lið, en ekki í reiðufé, heldur í erlendum frímerkjum og frímerkjaalbúmum.

Í IV. kafla hér að framan er rakið, að framburðir ákærðu Einars og Knud Alfred um, hvað hinn fyrrnefndi seldi hinum síðarnefnda mörg 50 aura frímerki, eru ekki alveg samhljóða, og munar þar allt að 10 stykkjum. Er ekkert frekara vitað, hvað af merkjum þessum hefur orðið.

Fram skal tekið, að ríkisendurskoðandi og póst- og símamálastjóri hafa talið afhendingu fyrrgreindra 153 frímerkja 28. janúar f. á. til ákærða Einars óheimila, og samkvæmt kröfu þeirra hefur þessum frímerkjum, sem sakadómur tók í vörzlur sínar, verið skilað aftur, en eins og ákæruskjal ber með sér, hefur eigi verið ákært út af þeim.

VI. kafli.

Ákærði Einar Pálsson hóf starf hjá bæjarsímanum í Reykjavík 9. júlí 1931 sem verklegur aðstoðarmaður, en í ársbyrjun 1933 varð hann tæknilegur starfsmaður við sjálfvirku stöðina og gegndi því starfi til 17. maí 1936, er hann fékk frí frá störfum til að stunda nám í símtækni í Noregi. Hann kom aftur í þjónustu Landssímans 16. janúar 1939 og var skipaður símvirki hjá stofnuninni í byrjun ársins 1940. Hinn 1. nóvember sama ár varð hann verkstjóri á radíóverkstæði Landssímans. Hinn 1. október 1943 var hann ráðinn umsjónarmaður bæði með stuttbylgjustöð Landssímans og með útvarpsstöðinni á Vatnsendahæð samkvæmt samkomulagi við Ríkisútvarpið. Hann sagði upp stöðu sinni og hvarf frá starfi hjá Landssímanum 1. júní 1946, en kom aftur í þjónustu hans 1. september sama ár og starfaði við tæknideild símans að flugfjarskiptamálum. Hinn 1. október 1947 var hann skipaður skrifstofustjóri aðalskrifstofu Landssímans, en með lögum nr. 92/1955 var starfsheiti þessu breytt í „forstöðumaður rekstrardeildar" Landssímans. Með bréfi póst- og símamálaráðherra, dags. 27. janúar s.l., var ákærða Einari vikið frá starfi, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, og með bréfi sama aðilja, dags. 23. marz

s.l., var honum vikið úr stöðu sinni frá og með 24. sama mánaðar vegna máls þessa.

Ákærði Pétur Eggerz Pétursson var fyrst ráðinn til póstmálastofunnar 1. júní 1956 samkvæmt auglýsingu eftir viðskiptafræðingi og vann þá við skýrslugerðir og ýmis störf, sem honum voru falin. Hann var skipaður póstmálafulltrúi frá 1. desember 1957, og með bréfi, dags. 13. janúar f. á., var honum jafnframt því starfi falið „að sjá um daglega stjórn póstmálastofunnar og önnur aðkallandi mál á vegum póstritara, á meðan hann er fjarverandi sökum langvarandi veikinda, en þó skal haft samráð við hann um stærri mál, ef unnt er". Með bréfi póst- og símamálaráðherra, dags. 23. marz s.l., var honum vikið úr stöðu sinni frá og með 24. sama mánaðar vegna máls þessa. Með stefnu, dags. 31. marz s.l., höfðaði ákærði Pétur Eggerz mál á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, meðal annars til greiðslu „skaðabóta vegna ólögmætrar brottvikningar úr starfi, að upphæð kr. 149.040.00" ... „með 10% ársvöxtum frá 24. marz 1960 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu". Mál þetta er rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og var seinast veittur frestur í því til öflunar gagna til 13. september næstkomandi.

Ákærði Guðbjartur Heiðdal Eiríksson stundaði nám árin 1942—1943 í loftskeytafræðum hjá Landssíma Íslands. Árið 1943 varð hann starfsmaður í útvarpsstöðinni á Vatnsenda. Var hann ráðinn stöðvarvörður þar frá 1. marz 1944 og skipaður stöðvarstjóri frá 1. október 1945 og gegnir því starfi enn.

Ákærði Knud Alfred Hansen var símritari á Seyðisfirði hjá Mikla norræna ritsímafélaginu árið 1922—1926. Hinn 1. október 1929 var hann skipaður símritari við ritsímann í Reykjavík, og hefur hann starfað þar síðan, frá því 1. október 1930 sem símritaravarðstjóri og frá 1. janúar 1951 sem yfirvarðstjóri. Með bréfi Póst- og símamálastjórnarinnar, dags. 7. apríl s.l., var ákærða Knud Alfred vikið frá starfi um stundarsakir frá og með 8. sama mánaðar vegna máls þessa.

Samkvæmt upplýsingum Póst- og símamálastjórnarinnar var ákærði Einar hvorki yfirmaður ákærða Péturs Eggerz né ákærða Knud Alfred. Ákærði Pétur Eggerz heyrði undir forstöðumann póstmálastofunnar (Egil Sandholt), sem stendur aftur beint undir póst- og símamálastjóra. Ákærði Knud Alfred heyrði undir ritsímastjóra (Ólaf Kvaran), sem stendur aftur beint undir póst- og símamálastjóra. Póst- og símamálastjórnin kveður, að því megi segja, að ákærði Pétur Eggerz hafi ekki á neinn hátt verið háður

ákærða Einari í starfi og ákærði Knud Alfred ekki beinlínis heldur, þótt eðlilegt væri, að hann tæki tillit til álits ákærða Einars sem háttsetts starfsmanns Landssímans um „principmál" í stofnuninni í fjarveru ritsímastjórans. Ákærði Guðbjartur Heiðdal var á tímabilinu frá 1. október 1943 til 1. júní 1948 sem starfsmaður Ríkisútvarpsins undirmaður ákærða Einars, þar sem honum hafði þá verið falin umsjón bæði með stuttbylgjustöð Landssímans og útvarpsstöðinni, svo sem fyrr getur í þessum kafla.

VII. kafli.

A. Kemur þá til athugunar og úrlausnar, hvort ákærðu hafa gerzt sekir um háttsemi þá og brot á lagagreinum þeim, sem í ákæruskjali greinir.

I. Ákærði Pétur Eggerz hafði vegna póstmálastarfa síns lykla að frímerkjageymslu póststjórnarinnar, þar sem geymd voru frímerki þau, sem ákært er út af í máli þessu, svo og fjölmörg önnur gömul íslenzk frímerki. Voru frímerki þessi því í vörzlum hans, og hlaut bæði honum og ákærða Einari að vera ljóst, að þau voru eða gátu verið næsta torgæt og verðmæt. Upplýst er í málinu, að ákærði Pétur Eggerz hafði enga heimild til þess að láta af hendi við ákærða Einar margnefndar tvær arkir 40 aura og 50 aura frímerkja og 50 þristfrímerki Kristjáns IX úr greindum frímerkjabirgðum í geymslunni, og hlaut þeim báðum að vera það ljóst, þegar ákærði Einar tók frímerkin þaðan, að ákærða Pétri Eggerz ásjáandi og með samþykki hans. Ákærða Pétri Eggerz var þá kunnugt um, að ákærði Einar safnaði frímerkjum, og kveðst sá síðarnefndi munu hafa sagt í þetta skipti eitthvað á þá leið, að úr því að hann gæti ekki fengið tiltekin frímerki, sem svo lítið væri til af, ætti hann að fá eitthvað af öðrum góðum merkjum í staðinn, og tiltekið 40 aura og 50 aura frímerkin, sem hann hafi haft í huga að skipta á og öðrum, sem hann átti ekki. Ákærða Pétri Eggerz var því ljóst, að ákærði Einar ætlaði sér að slá eign sinni á frímerkin. Þegar ákærði Einar hafði svo þó nokkrum mánuðum seinna selt megnið af frímerkjunum fyrir, að því er hann telur, kr. 80.000.00, fannst honum það viðeigandi, að ákærði Pétur Eggerz nyti einhvers hluta af upphæðinni og lét hann fá orðalaust kr. 10.000.00 af henni. Ákærði Pétur Eggerz hefur viðurkennt, að honum hafi orðið hugsað til fyrrnefndra frímerkja í sambandi við þessar 10 þúsund krónur, en eigi að síður freistaðist hann til að eyða þeim til þarfa sinna.

Samkvæmt því, sem nú var greint, og að öðru leyti með til-

vísun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir í I.—IV. kafla hér að framan, verður dómurinn að telja, að ákærði Pétur Eggerz hafi með háttsemi sinni, sem rétt er lýst í I. kafla aðalákæruskjals, dags. 15. júní s.l., gerzt ekki aðeins sekur um brot í opinberu starfi heldur einnig um auðgunarbrot. Þykja þessi brot ákærða Péturs Eggerz varða við 247. gr., 1. mgr., og 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði Einar hafði ekki lykla að frímerkjageymslu póststjórnarinnar og hafði því ekki í vörzlum sínum frímerki þau, sem ákært er út af í málinu, en vegna stöðu sinnar fékk hann að fara inn í geymsluna og hafa frímerkin á brott með sér þaðan. Samkvæmt þessu og því, sem fyrr var sagt í þessum kafla, svo og að öðru leyti með tilvísun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir í I.—IV. kafla hér að framan, telur dómarinn, að ákærði Einar hafi með atferli sínu, sem rétt er lýst í I. kafla aðalákæruskjals, gerzt brotlegur gegn 247. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr., 1. mgr., svo og 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. S.l. sumar keypti ákærði Guðbjartur Heiðdal af ákærða Einari eitt 40 aura og eitt 50 aura frímerki, og var honum þá ókunnugt um, hvar eða með hverjum hætti ákærði Einar hafði fengið þau. Eins og nánar er rakið í IV. kafla hér að framan, skýrði ákærði Einar honum frá því 9. janúar s.l., að hann væri í vandræðum út af nokkrum 40 aura og 50 aura frímerkjum, og hefði Sigmundur Kristinn Ágústsson frímerkjakaupmaður sagzt vera með nokkur frímerki, sem Valdimar sonur hans (ákærða Einars) hefði komið með til hans. Bað hann ákærða Guðbjart Heiðdal um að taka við merkjum þessum og geyma þau. Tók hann við þeim, og voru það 40 40 aura frímerki og 7 50 aura frímerki úr margnefndum tveimur frímerkjaörkum. Litlu síðar sama dag bað ákærði Einar hann um, ef hann yrði um það spurður, að segjast eiga frímerki þessi og að segja, að ákærði Einar hefði fengið hjá honum slík frímerki. Lofaði ákærði Guðbjartur Heiðdal að gera þetta. Næsta dag fékk ákærði Einar hann jafnframt til að fallast á að bera í væntanlegri yfirheyrslu út af greindum frímerkjum, að þeir tveir og ákærði Knud Alfred hefðu hitzt í nóvember f. á. og að ákærði Guðbjartur Heiðdal hefði þá sagzt geta gert grein fyrir frímerkjum þeim, sem ákærði Knud Alfred hefði keypt og komin væru frá honum. Örstuttu síðar skýrði ákærði Einar ákærða Guðbjarti Heiðdal frá því, að nauðsynlegt væri, að framburður þeirra yrði samhljóða, ef til yfirheyrslu kæmi, og sagði honum síðan, hvernig framburðurinn skyldi vera.

Hittust þeir enn í tvö skipti til að samræma framburðinn, áður en þeir mættu í sakadómi. Var þetta framburður ákærða Guðbjarts Heiðdals hjá rannsóknarlögreglu 15. janúar s.l. og í sakadómi 22. sama mánaðar, sem rakinn er í II.—III. kafla hér að framan, sbr. 1. tölulið í II. kafla aðalákæruskjals.

Samkvæmt framansögðu verður dómurinn að líta svo á, að ákærða Guðbjarti Heiðdal hafi átt eða jafnvel hlotið að vera það ljóst, þegar hann tók við fyrrnefndum frímerkjum til geymslu 9. janúar s.l., og að hann hafi hlotið að vita það næsta dag, að ákærði Einar var ekki vel að merkjunum kominn. Eigi að síður geymdi ákærði Guðbjartur Heiðdal þau fram til 24. sama mánaðar, en þá sagði hann til þeirra. Hefur hann með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 254. gr., 1. mgr., sbr. 247. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og í framhaldsákæruskjali, dags. 26. f. m., er talið, og var þetta brot hans þegar fullframið, að minnsta kosti 5 dögum áður en hann var yfirheyrður í fyrsta skipti um málið.

Þessi niðurstaða leiðir til þess, að ákærði Guðbjartur Heiðdal nýtur ákvæða 143. gr., 1. mgr., hegningarlaganna. Varðar það hann því ekki refsingu, þó að hann hafi skýrt rangt frá málavöxtum við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og í sakadómi, eins og fyrr greinir. Ber því að sýkna hann af ákæru ákæruvaldsins í III. kafla aðalákæruskjals.

Þá verður ekki talið, að ákærði Guðbjartur Heiðdal hafi misnotað stöðu sína, er hann framdi fyrrgreint brot sitt, og ber því að sýkna hann af ákæru ákæruvalds um brot gegn 138. gr. hegningarlaganna.

Það kemur ekki til álita, hvort ákærði Guðbjartur Heiðdal hefur brotið gegn 240. gr. hegningarlaganna með framburði sínum um Sigurð heitinn Baldvinsson póstmeistara, þar eð ekki er ákært út af slíku broti.

III. Ákærði Einar sagði ákærða Knud Alfred fyrst, að 40 aura og 50 aura frímerkin, sem hann keypti af honum, væru frá gömlum embættismanni, og síðan, að þau væru frá ákærða Guðbjarti Heiðdal, en sagði honum aldrei frá því, hvaðan þau voru raunverulega komin, og er ákærði Knud Alfred heldur ekki ákærður fyrir eftirfarandi hlutdeild í auðgunarbroti vegna frímerkjanna.

Samkvæmt því, sem rakið er í IV., sbr. II.—III. kafla hér að framan, er sannað, að ákærði Knud Alfred bar rangt a) fyrir rannsóknarlögreglu 14. janúar s.l. á þann veg, að þegar kaup 40 aura og 50 aura frímerkjanna stóðu yfir eða þá rétt á eftir,

hafi hann spurt ákærða Guðbjart Heiðdal að því, hvort hann gæti gert grein fyrir þeim, og hefði hann þá sagzt geta það, svo og b) í sakadómi 21. janúar s.l. á þann veg, að hann og ákærðu Einar og Guðbjartur Heiðdal hefðu alllöngu síðar og jafnvel seinast í nóvember f. á. hitzt í skrifstofu ákærða Einars og hefði ákærði Knud Alfred haft þá orð á því, að í gangi væru einhver 40 aura frímerki, sem hann hefði ekki fengið, og í því sambandi spurt ákærða Guðbjart Heiðdal að því, hvort hann gæti gert grein fyrir öllum þeim frímerkjum, sem hann (ákærði Knud Alfred) hafði keypt og komin væru frá honum, og að ákærði Guðbjartur Heiðdal hefði þá sagzt geta gert það, sbr. IV. og 3. tölulið II. kafla aðalákæruskjals.

Ákærði Knud Alfred var ekki sökunautur í yfirheyrslum þessum. Þá verður ekki talið, að hann hafi skýrt rangt frá atvikum vegna þess að réttar upplýsingar um þau hefðu getað bakað honum refsiábyrgð í málinu eða að hann hafi haft ástæðu til að halda, að svo væri. Nýtur hann því ekki ákvæða 143. gr., 1. mgr., hegningarlaganna.

Ákærði Knud Alfred hefur með hinum ranga framburði sínum í sakadómi gerzt brotlegur gegn 142. gr., 1. mgr., hegningarlaganna, og með hinni röngu skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu hefur hann brotið gegn 146. gr. sömu laga.

Hins vegar verður ekki talið, að hann hafi misnotað stöðu sína, er hann framdi brot þessi, og ber því að sýkna hann af ákæru ákæruvalds um brot gegn 138. gr. hegningarlaganna.

IV. 1. Með því að það varðar ákærða Guðbjart Heiðdal ekki refsingu, þó að hann hafi skýrt rangt frá málavöxtum við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og í sakadómi, svo og að öðru leyti með tilvísun til þess, sem greint er í II í þessum kafla, þykir það heldur ekki geta varðað ákærða Einar refsingu, þó að hann hafi fengið ákærða Guðbjart Heiðdal til að bera á þann veg í yfirheyrslunum. Ber því að sýkna ákærða Einar af ákæru ákæruvalds í 1. tölulið II. kafla aðalákæruskjals.

2. Samkvæmt því, sem greint er í IV. kafla hér að framan, verður dómurinn að telja, að lögfull sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærði Einar hafi a) 10. janúar s.l. hér í bænum í bifreið sinni árangurslaust farið fram á það við ákærða Knud Alfred, að hann bæri ranglega við yfirheyrslu, þ. e. fyrir rannsóknarlögreglu og sakadómi, að hann (ákærði Knud Alfred) hefði keypt af ákærða Guðbjarti Heiðdal 40 aura og 50 aura frímerki, sem ákærði Einar hafði selt ákærða Knud Alfred, svo og b) ein-

um til tveimur dögum síðar heima hjá ákærða Knud Alfred eða við heimili hans árangurslaust enn beðið hann um að bera það ranglega við yfirheyrslu, þ. e. fyrir rannsóknarlögreglu og sakadómi, að hann (ákærði Knud Alfred) hefði keypt greind frímerki af ákærða Guðbjarti Heiðdal persónulega án þess að minnast á nafn ákærða Einars, svo og að ákærði Knud Alfred bæri einnig við yfirheyrslu, þ. e. fyrir rannsóknarlögreglu og sakadómi, að hann hefði keypt frímerki þessi fyrir lægra verð en hann raunverulega greiddi ákærða Einari fyrir þau, sbr. 2. tölulið í II. kafla aðalákæruskjals.

Ákærði Einar hefur með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 142. gr., 1. mgr., og 146. gr. sbr. 22. gr., 1. mgr., og 20. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hins vegar verður ekki talið, að hann hafi misnotað stöðu sína, er hann framdi brot þessi, og ber því að sýkna hann af ákæru ákæruvalds um brot gegn 138. gr. hegningarlaganna.

3. Samkvæmt því, sem rakið er í IV. kafla hér að framan, er sannað, að ákærði Einar fékk ákærða Knud Alfred til að bera rangt fyrir rannsóknarlögreglu 14. janúar s.l. og í sakadómi 21. sama mánaðar á þann veg, sem greint er í III í þessum kafla.

Með skírskotun til þess, sem þar er greint, varðar þetta atferli ákærða Einars við 142. gr., 1. mgr., og 146. gr. sbr. 22. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hins vegar verður ekki talið, að hann hafi misnotað stöðu sína, þegar hann framdi brot þessi, og ber því að sýkna hann af ákæru ákæruvalds um brot gegn 138. gr. hegningarlaganna.

Við ákvörðun refsinga ákærðu ber að taka tillit til alvarleika afbrota þeirra og aðferða og einbeitts vilja þeirra við framkvæmd brotanna og eftir það svo og, að því er ákærða Einar Pálsson varðar, að hann er hvatamaður að afbrotum annarra ákærðu. Jafnframt ber að ákvarða refsingar ákærðu Einars Pálssonar og Péturs Eggerz Péturssonar með hliðsjón af því, að þeim hefur verið vikið frá starfa sínum sökum máls þessa. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna svo og að öðru leyti með tilvísun til málavaxta allra, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin, eins og hér segir:

Ákærði Einar Pálsson sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði Pétur Eggerz Pétursson sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði Guðbjartur Heiðdal Eiríksson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Knud Alfred Hansen sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Einar Pálsson sat í gæzluvarðhaldi frá 23. janúar til 9. febrúar s.l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber gæzluvarðhaldsvist hans frá 26. janúar, þegar hann viðurkenndi brot sitt, að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Pétur Eggerz Pétursson sat í gæzluvarðhaldi frá 27. janúar til 9. febrúar s.l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber gæzluvarðhaldsvist hans frá 30. janúar, þegar hann viðurkenndi brot sitt, að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

B. Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

C. Af hálfu Póst- og símamálastjórnar Íslands hefur þess verið krafizt með bréfi, dags. 11. júní s.l., að „þeim, sem frímerkjahvarfið var að kenna" verði gert að greiða henni bætur fyrir þau frímerki, sem tekin voru, en hefur ekki verið skilað aftur, eins og hér segir:

Kr. 4.400.00 fyrir hvert 40 aura frímerki.
— 1.100.00 fyrir hvert 50 aura frímerki.
— 380.00 fyrir hvern þrist af 20 aura frímerkjum Kristjáns IX.

Bótakrafan vegna 37 40 aura frímerkja nemur því kr. 162.800.00, bótakrafan vegna 22 50 aura frímerkja kr. 24.000.00 og bótakrafan vegna 50 þristfrímerkja Kristjáns IX kr. 19.000.00, eða bótakröfur samtals kr. 206.000.00.

Póst- og símamálastjórnin kveðst miða upphæð bótakröfu vegna frímerkjanna við það verð, sem hún ætlar, að það kosti að endurkaupa merkin, og þar sem megnið af þeim hafi farið til Svíþjóðar, telur hún eðlilegt að miða verðupphæðina, eftir því sem unnt sé, við sænsku frímerkjaverðskrána Facit 1960. Þar vanti að vísu verð á 40 aura frímerkjunum, en verð þeirra merkja, sem ákærði Knud Alfred seldi fyrirtæki þessu, hafi verið sænskar kr. 375.00 stykkið. Nú sé kaupverð frímerkjafirma ávallt mun lægra en söluverð frá því, og virðist ástæða til þess að ætla, að söluverðið sé nú ekki undir sænskum kr. 600.00 eða sem svarar íslenzkum kr. 4.400.00, enda hafi a. m. k. tveimur mönnum hér, þeim Björgúlfi Bachmann og Þórarni Óskarssyni, verið seld merki þessi á því verði. Þyki þannig hæfilegt að reikna verðið á 40 aura merkjunum fjórfalt hærra en á 50 aura merkjunum, sem skráð sé í greindri frímerkjaverðskrá á sænskar kr. 150.00 stykkið, eða sem svarar íslenzkum kr. 1.100.00. Verð þristfrímerkja Kristjáns IX sé í skránni reiknað sem fyrir aðskilin merki sænskar kr. 50.00 (miðmerkið) og sænskar kr. 1.00 (hvort hliðarmerki) eða

samtals sænskar kr. 52.00, sem jafngildir íslenzkum kr. 380.00 fyrir hvern þrist.

Hver hinna ákærðu hefur mótmælt bótakröfum þessum fyrir sitt leyti, bæði bótaskyldu og bótahæð, en 4. febrúar s.l. voru afhentar póstmálaskrifstofunni til vörzlu kr. 10.000.00 fyrir hönd ákærða Péturs Eggerz vegna máls þessa.

Samkvæmt því, sem greint var í A í þessum kafla, átti ákærði Knud Alfred engan hlut að töku frímerkjanna úr geymslu póststjórnarinnar. Þá hefur ákærði Guðbjartur Heiðdal staðið skil á öllum þeim frímerkjum, sem hann er dæmdur til refsingar fyrir geymslu á. Verður ekki talið, að á þeim hvíli skylda til að greiða bætur vegna frímerkja þeirra, sem hefur ekki verið skilað, og ber því að sýkna þá af bótakröfum Póst- og símamálastjórnarinnar í málinu. Bótaskyldan hvílir hins vegar á ákærðu Einari og Pétri Eggerz, sem eiga sök á hvarfi frímerkjanna úr téðri geymslu.

Lagðar hafa verið fram í málinu þrjár verðskrár íslenzkra frímerkja fyrir árið 1958, 1959 og 1960, sem áðurgreindur Sigurður Hólm Þorsteinsson hefur tekið saman og Ísafoldarprentsmiðja h/f, hér í bæ, hefur gefið út. Verðskráin 1958 er útgefin 1957 og verðlagningu merkja lokið 15. september það ár. Verðskráin 1959 er útgefin 1958 og verðlagningu merkja lokið 1. ágúst það ár. Verðskráin 1960 er útgefin 1959 og verðlagningu merkja lokið 1. ágúst það ár. Fyrrgreind frímerki eru verðlögð í skrám þessum þannig:

		1958	1959	1960
40 aura frímerki	kr.		2.000.00	4.200.00
50 aura frímerki	—	375.00	500.00	1.000.00
20 aura frímerki Kristjáns IX (hliðarmerki)	—	3.00	5.00	5.00
20 aura frímerki Kristjáns IX (miðmerki)	—	100.00	150.00	250.00

Sigurður Hólm Þorsteinsson hefur borið það, að 40 aura frímerkið hafi ekki verið verðlagt í verðskránni 1958 vegna þess, að enga verðskráningu hafi verið að finna á merki þessu í erlendum verðskrám. Hann hafi í verðskánni 1959 verðlagt merkið á kr. 2.000.00 samkvæmt persónulegu mati sínu á því, miðað við verð annarra sjaldgæfustu frímerkja íslenzkra. Nokkru áður en hann hafi lokið við verðskrána 1960, hafi hann leitað til nokkurra manna, þar á meðal ákærða Knud Alfred, til að fá sem réttasta verðskráningu merkja. Ákærði Knud Alfred hafi talið,

að verð á 40 aura frímerkinu væri skráð allt of lágt, og hafi Sigurði Hólm þá dottið í hug að skrá verð þess kr. 3.500.00, en ákærði Knud Alfred hafi talið, að réttara væri að skrá verð þess kr. 4.000.00, vegna þess hve merkið væri sjaldgæft. Hefði ákærði Knud Alfred sagzt hafa undir höndum eitt slíkt merki, sem hann hefði orðið að gefa svo mikið fyrir, að verð þetta væri rétt. Kveðst Sigurður Hólm hafa farið að ráðum hans og verðsett 40 aura merkið á kr. 4.200.00. Ákærði Knud Alfred hefur ekkert sérstakt haft við þenna framburð Sigurðar Hólm að athuga.

Þá hafa verið lagðar fram í málinu frímerkjaverðskrárnar Facit fyrir árið 1959 og árið 1960, sem Frimärkhuset A/B í Stokkhólmi hefur gefið út. Er fyrri skráin prentuð 1958 og formáli hennar tímasettur í ágúst það ár, en seinni skráin er prentuð 1959 og formáli hennar tímasettur í ágúst það ár. Fyrrgreind frímerki eru verðlögð í skrám þessum þannig:

	1959	1960
	s. kr.	s. kr.
40 aura frímerki	0.00	0.00
50 aura frímerki	125.00	150.00
20 aura frímerki Kristjáns IX (hliðarmerki)	0.75	1.00
20 aura frímerki Kristjáns IX (miðmerki) ..	30.00	50.00

Sé verð þetta reiknað út eftir þáverandi kaupgengi sænskrar krónu í Landsbanka Íslands, verður það í íslenzkum krónum eins og sér segir:

1959			1960		
s. kr. 125.00	= ísl. kr.	609.24	s. kr. 150.00	= ísl. kr.	731.10
— — 0.75	= — —	3.66	— — 1.00	= — —	4.87
— — 30.00	= — —	146.23	— — 50.00	= — —	243.71

Enn fremur hafa verið lagðar fram í málinu frímerkjaverðskrár fyrir árið 1959 og árið 1960, sem Aarhus Frimærkehandel í Árósum í Danmörku hefur gefið út (AFA verðskrá). Báðar skrárnar eru án ártals, en formáli hinnar fyrri er dags. 10. júlí 1958, en hinnar seinni 10. ágúst 1960. Fyrrgreind frímerki eru verðlögð í skrám þessum þannig:

	1959	1960
	d. kr.	d. kr.
40 aura frímerki	0.00	0.00
50 aura frímerki	100.00	125.00
20 aura frímerki Kristjáns IX (hliðarmerki)	1.00	1.25
20 aura frímerki Kristjáns IX (miðmerki) ..	50.00	50.00

Sé verð þetta reiknað út eftir þáverandi kaupgengi danskrar

krónu í Landsbanka Íslands, verður það í íslenzkum krónum, eins og hér segir:

1959			1960		
d. kr. 100.00	= ísl. kr.	365.03	d. kr. 125.00	= ísl. kr.	456.29
- = 1.00	= — —	3.66	- = 1.25	= — —	4.56
- — 50.00	= — —	182.51	- — 50.00	= — —	182.51

Frímerki þau, sem bóta er krafizt fyrir, voru ekki til sölu hjá póststjórninni og að minnsta kosti 40 aura og 50 aura frímerkin alls ekki ætluð til sölu. Nafnverð 37 40 aura frímerkja er kr. 14.80, nafnverð 22 50 aura merkja kr. 11.00 og nafnverð 150 20 aura merkja kr. 30.00, eða nafnverð frímerkja þessara samtals kr. 55.80. Verð þetta verður þó ekki lagt til grundvallar bótum í málinu, því að póststjórnin hefði hvenær sem er getað selt þau hæstbjóðanda, enda er sannanlegt söluverð frímerkjanna langtum hærra, og hafa ákærðu Einar og Pétur Eggerz notið þess verðs.

Dómurinn telur, að til grundvallar bótum fyrir umrædd frímerki beri að leggja, eftir því sem unnt er, raunverulegt verð þeirra. Hefur þá þýðingu bæði verð merkjanna í verðskrám og sannanlegt söluverð. Þykir rétt að greina hér á milli hinna þriggja tegunda frímerkja.

1. 40 aura frímerkið er ekki verðlagt í AFA og Facit verðskránum, en verðskrá Sigurðar Hólm fyrir 1959 og 1960. Upplýst er, að verðið, kr. 4.200.00, sem tilgreint er við merki þetta í verðskrá Sigurðar Hólm fyrir 1960, var sett samkvæmt bendingu ákærða Knud Alfred, eftir að hann hafði eignazt slíkt merki, og að því er telja verður, hjá ákærða Einari samkvæmt framansögðu. Á hinn bóginn kveðst Sigurður Hólm hafa verðlagt sjálfur merkið í verðskránni 1959 á kr. 2.000.00 og miðað þá við verð á öðrum sjaldgæfustu íslenzkum frímerkjum. Samkvæmt því, sem greint er í IV. kafla hér að framan, seldi ákærði Einar ákærða Guðbjarti Heiðdal 40 aura merkið á kr. 2.000.00 og ákærða Knud Alfred á kr. 1.500.00 og kr. 1.550.00, að því er hinn síðarnefndi kveður, en á kr. 1.000.00, að því er hinn fyrrnefndi man bezt. Ákærði Knud Alfred seldi merkið aftur frá kr. 2.500.00 til kr. 4.000.00 og á sænskar kr. 333.33 og kr. 375.00, þ. e. sem svarar íslenzkum kr. 1.624.65 og kr. 1.827.74 eftir þáverandi kaupgengi sænskrar krónu. Þá seldu tveir seinni handhafar merkisins eitt þeirra á kr. 3.000.00 og tvö þeirra á kr. 4.400.00 stykkið, eins og nánar er rakið í V. kafla hér að framan.

Þegar þetta allt er virt, þykir mega dæma ákærðu Einar og Pétur Eggerz til þess að greiða Póst- og símamálastjórninni kr.

2.000.00 í bætur fyrir hvert 40 aura frímerki, sem hefur ekki verið skilað aftur, eða fyrir 37 merki samtals kr. 74.000.00, og er þá eigi við ákvörðun bótahæðar hallað á þá.

2. 50 aura frímerkið er, eins og fyrr segir, verðlagt í verðskrá Sigurðar Hólm 1959 á kr. 500.00 og 1960 á kr. 1.000.00. Í Facit verðskránni 1959 er merkið verðlagt á sem svarar kr. 609.29 og 1960 á sem svarar kr. 731.10. Þá er merkið í AFA verðskránni 1959 verðlagt á sem svarar kr. 365.03 og 1960 á sem svarar kr. 456.29. Samkvæmt því, sem greint er í IV. kafla hér að framan, seldi ákærði Einar ákærða Knud Alfred merki þetta á kr. 300.00 og ákærða Guðbjarti Heiðdal og Einari Reyni Ástþórssyni á kr. 500.00 eða sem því svarar. Ákærði Knud Alfred seldi merkið aftur frá kr. 600.00 til kr. 700.00 og á sænskar kr. 75.00 og kr. 100.00, eða á sem svarar íslenzkum kr. 365.55 og kr. 487.42 eftir þáverandi kaupgengi sænskrar krónu. Þá seldi einn seinni handhafi merkisins eitt þeirra aftur á allt að kr. 1.000.00 í skiptifrímerkjum.

Þegar þetta allt er virt, þykir mega dæma ákærðu Einar og Pétur Eggerz til þess að greiða Póst- og símamálastjórninni kr. 500.00 í bætur fyrir hvert 50 aura frímerki, sem hefur ekki verið skilað aftur, eða fyrir 22 merki samtals kr. 11.000.00.

3. Þristfrímerki Kristjáns IX eru, eins og fyrr segir, verðlögð í verðskrá Sigurðar Hólm þannig: Hvort hliðarmerki 1958 á kr. 3.00 og bæði 1959 og 1960 á kr. 5.00, en miðmerki 1958 á kr. 100.00, 1959 á kr. 150.00 og 1960 á kr. 250.00. Í Facit verðskránni er hliðarmerki verðlagt 1959 á sem svarar kr. 3.66 og 1960 á sem svarar kr. 4.87, en miðmerki 1959 á sem svarar kr. 146.23 og 1960 á sem svarar kr. 243.71. Í AFA verðskránni er hliðarmerki verðlagt 1959 á sem svarar kr. 3.66 og 1960 á sem svarar kr. 4.56, en miðmerki bæði 1959 og 1960 á sem svarar kr. 182.51. Áður er fram tekið, að ekkert er vitað, hvað hefur orðið um þau 50 þristfrímerki, sem sannað er, að ákærði Pétur Eggerz leyfði ákærða Einari að hafa á brott með sér úr frímerkjageymslu póststjórnarinnar, og liggur því ekki fyrir söluverð neinna af þeim.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af því, sem greint var í 1. og 2. lið um hæð bóta fyrir 40 aura og 50 aura frímerkin, telur dómurinn, að ekki sé gerlegt að leggja frímerkjaverðskrár fyrir árið 1960 til grundvallar við ákvörðun bóta fyrir þristfrímerkin, en að samkvæmt framansögðu séu nægileg rök fram komin fyrir því að miða hæð bóta við lægsta verð á frímerkjum þessum í verðskrám fyrir árið 1959, þ. e. Facit verðskrána, og er þá tekið tillit

til þess, að hér er um skiptiverð frímerkja að ræða. Þykir því mega dæma ákærðu Einar og Pétur Eggerz til þess að greiða Póst- og símamálastjórninni kr. 3.66 + kr. 146.23 = kr. 149.89 fyrir hverja samstæðu þristfrímerkja (hvern þrist), eða fyrir 50 samstæður (þrista) samtals kr. 7.494.50.

Samkvæmt framansögðu ber ákærðu Einari Pálssyni og Pétri Eggerz Péturssyni að greiða in solidum Póst- og símamálastjórn Íslands í bætur fyrir frímerki þau, sem ekki hefur verið skilað aftur, kr. 74.000.00 + kr. 11.000.00 + kr. 7.494.50, eða samtals kr. 92.494.50, og þykir þá við ákvörðun bótahæðar eigi á þá hallað.

D. Ákærða Einari Pálssyni ber að greiða skipuðum verjanda sínum í málinu, Gunnari A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, í málsvarnarlaun kr. 10.000.00.

Ákærða Pétri Eggerz Péturssyni ber að greiða skipuðum verjanda sínum í málinu, Eyjólfi Konráð Jónssyni héraðsdómslögmanni, í málsvarnarlaun kr. 8.000.00.

Ákærða Guðbjarti Heiðdal Eiríkssyni ber að greiða skipuðum verjanda sínum í málinu, Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, í málsvarnarlaun kr. 6.000.00.

Ákærða Knud Alfred Hansen ber að greiða skipuðum verjanda sínum í málinu, Hauki Jónssyni héraðsdómslögmanni, í málsvarnarlaun kr. 5.000.00.

Ákærðu ber að greiða in solidum annan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í málinu, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 14.000.00.

Dómsorð:

Ákærði Einar Pálsson sæti fangelsi í 15 mánuði. Gæzluvarðhaldsvist hans frá 26. janúar 1960 til 9. febrúar sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Pétur Eggerz Pétursson sæti fangelsi í 8 mánuði. Gæzluvarðhaldsvist hans frá 30. janúar 1960 til 9. febrúar sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Guðbjartur Heiðdal Eiríksson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Knud Alfred Hansen sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu Einar Pálsson og Pétur Eggerz Pétursson greiði in solidum Póst- og símamálastjórn Íslands kr. 92.494.50.

Ákærði Einar Pálsson greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Gunnari A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, í málsvarnarlaun kr. 10.000.00.

Ákærði Pétur Eggerz Pétursson greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Eyjólfi Konráð Jónssyni héraðsdómslögmanni, í málsvarnarlaun kr. 8.000.00.

Ákærði Guðbjartur Heiðdal Eiríksson greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, í málsvarnarlaun kr. 6.000.00.

Ákærði Knud Alfred Hansen greiði skipuðum verjanda sínum, Hauki Jónssyni héraðsdómslögmanni, í málsvarnarlaun kr. 5.000.00.

Ákærðu greiði in solidum annan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í málinu, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 14.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 103/1961. **Ólafur Þorgrímsson**
gegn
Helga Benediktssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frestun uppboðs samkvæmt lögum nr. 48/1961.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið úrskurðinum til Hæstaréttar með kæru 30. maí 1961. Barst Hæstarétti kæran 5. júní 1961. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, lagt verði fyrir uppboðshaldara að halda uppboðsmálinu fram og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsdómi og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur

og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Aðfararbann það, sem sett er í 3. gr. laga nr. 1/1961 og nú í 3. gr. laga nr. 48/1961, tekur yfir uppboð til fullnægju á kröfu þeirri, sem sóknaraðili hyggst innheimta. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Vestmannaeyja 24. maí 1961.

Með beiðni, dags. 7. febrúar 1961, fór Sveinn Finnsson héraðsdómslögmaður þess á leit af hálfu Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, Reykjavík, að seld yrði á opinberu uppboði fasteignin Hábær ásamt peningshúsum tilheyrandi og hlöðu og lóðarleiguréttindum eign Helga Benediktssonar útgerðarmanns, Hásteinsveg 44 í Vestmannaeyjum, til lúkningar skuld samkvæmt dómsátt, gerðri fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 21. nóvember 1960, að fjárhæð kr. 200.000.00, auk vaxta frá 27. janúar 1960 til greiðsludags svo og málskostnaði, kr. 16.257.00, og öllum kostnaði, þar á meðal fjárnámskostnaði, en umræddar eignir voru teknar fjárnámi af uppboðsbeiðanda þann 7. febrúar 1961 til tryggingar öllum kröfum samkvæmt dómsáttinni.

Uppboðsbeiðnin var tekin til greina og uppboðið auglýst í Lögbirtingablaðinu, sem út kom þann 1., 4. og 16. marz s.l., og skyldi fara fram þann 17. apríl. Hófst uppboðið síðan þann dag. Mætt var af hálfu uppboðsþola og þess óskað, að uppboðinu yrði frestað. Með samþykki uppboðsbeiðanda var tveggja vikna frestur veittur og næsta uppboðsþing ákveðið þann 2. maí.

Síðla dags þess 17. apríl barst bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum svohljóðandi símskeyti frá stjórn Stofnlánadeildar sjávarútvegsins:

„ÞAÐ TILKYNNIST YÐUR MEÐ TILVÍSUN TIL 3. GREINAR BRÁÐABIRGÐALAGA 1/1961 UM STOFNLÁNADEILDINA SAMANBER 6. GREIN REGLUGERÐAR NR. 2/1961 AÐ VÉR AÐ FENGNUM TILLÖGUM ÚTVEGSBANKANS AÐALVIÐSKIPTABANKA HELGA BENEDIKTSSONAR VEST-

MANNAEYJUM TELJUM ÞÖRF Á OG HÖFUM HAFIÐ ATHUGUN ÞÁ SEM UMGETUR Í TILVITNUÐUM LÖGUM OG REGLUGERÐUM Á FJÁRHAG HELGA BENEDIKTSSONAR OG TÖKUM OSS FYRST UM SINN FREST TIL 20. JÚNÍ 1961 TIL ATHUGUNARINNAR".

Er uppboðið kom fyrir hinn 2. maí s.l., varð ekki samkomulag um frekari frestun, og kröfðust báðir aðiljar úrskurðar. Uppboðsbeiðandi gerði þær kröfur, að uppboðið færi þegar fram og honum úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi uppboðsþola. Af hálfu uppboðsþola var þess hins vegar krafizt, að uppboðinu yrði frestað fram yfir 20. júní 1961 og honum úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi uppboðsbeiðanda. Að sókn og vörn lokinni var atriðið tekið undir úrskurð þann sama dag.

Uppboðsþoli telur, að þar eð hann hafi sótt um lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins og stjórn deildarinnar hafi tekið þá ákvörðun, sem fram kemur í tilvitnuðu símskeyti, þá sé skylt að veita hinn umbeðna frest. Vitnar hann í því sambandi til þeirra lagaákvæða, sem ræðir um í skeytinu. Uppboðsbeiðandi telur aftur á móti, að ákvarðanir stjórnar stofnlánadeildar geti að lögum engin áhrif haft á framgang þess uppboðs, sem hér liggur fyrir.

Í 3. gr. laga nr. 1/1961, nú laga nr. 48/1961, segir, að þegar stjórn stofnlánadeildar telji þörf á sérstakri athugun á fjárhag umsækjanda og hafi tilkynnt það skiptaráðanda, eins og nánar er lýst í greininni, þá sé „hvers konar kyrrsetning eða aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum . . " o. s. frv. Uppboðsbeiðandi telur, að ákvæði þetta beri að skýra þröngt og geti ekki átt við uppboðsgerðir, sem séu annars eðlis en kyrrsetning og aðför, og einnig geti það ekki náð til gerða, sem byrjað er á, þegar tilkynning berst frá stofnlánadeild. Rétturinn lítur hins vegar svo á, að tilgangi löggjafans verði ekki náð, nema því aðeins að stöðvunarheimildin taki einnig til uppboðsgerða, og með rýmkandi lögskýringu falla slíkar gerðir undir orðið aðför í hinu tilvitnaða ákvæði. Samkvæmt orðum greinarinnar og eðli málsins virðist stöðvunarheimildin einnig ná til gerða, sem hafnar eru, þegar stofnlánadeildin tilkynnir ákvörðun sína.

Uppboðsbeiðandi bendir á, að í 1. gr. tilvitnaðra laga sé eingöngu rætt um fyrirtæki, er stundi sjávarútveg og fiskvinnslu. Samkvæmt 2. grein skuli lán aðeins veitt gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum og vélum sjávarútvegsins. Þá sé og í athugasemdum við frumvarpið rætt um nauðsyn þess, „að ákvæði séu

sett um heimild til tímabundinnar innheimtustöðvunar, sem grípa megi til, ef á þarf að halda til þess að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun ...“ Hinn rauði þráður í lagasetningu þessari séu aðgerðir til hagsbóta fyrir útgerð og fiskvinnslu með hagkvæmum lánveitingum og aðfararstöðvun, meðan verið er að ganga frá lánunum. Aðfararbannið nái því aðeins til aðfarar, er leitt geti af sér rekstrarstöðvun hjá útgerðar- eða fiskvinnslufyrirtækjunum. Af því leiðir, að þegar aðförin snertir ekki þenna atvinnurekstur, fellur hún ekki undir 3. gr. laganna, heldur fari um þá aðför eftir almennum reglum. Nú standi einmitt þannig á um uppboðið, sem hér liggur fyrir, þar eð fasteignin, sem bjóða á upp, sé eingöngu notuð við landbúnað uppboðsþola og snerti á engan hátt útgerð eða fiskvinnslu. Framkvæmd uppboðsins myndi því ekki valda neinni rekstrarstöðvun á útgerð hans né hafa á nokkurn hátt áhrif á það hagræði, sem hann kynni að geta haft samkvæmt ákvæðum laganna. Að lokum bendir uppboðsbeiðandi á, að krafan, sem á bak við uppboðið stendur, sé með öllu óviðkomandi útgerðarrekstri uppboðsþola og eigi rót sína að rekja til sviksamlegs athæfis hans, og sé því óeðlilegt og jafnvel ósamrýmanlegt tilgangi löggjafans, ef slík krafa ætti að sæta aðfararbanni, þegar þess er gætt, að Alþingi heimilaði, að vissar kröfur, sem rísa af útgerðarrekstri og fiskvinnslu, skyldu vera undanþegnar aðfararbanni 3. gr. laganna.

Ljóst er, að eignin, sem selja skal, er ekki meðal þeirra, sem veðhæfar eru gagnvart Stofnlánadeild sjávarútvegsins samkvæmt tilvitnuðum lögum. En í 1. málsgr. 2. greinar laganna er fram tekið, að auk veðtryggingar í tilteknum eignum skulu lánin veitt „með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis“. Af ákvæði þessu leiðir, að það getur skipt verulegu máli fyrir framgang lánveitinga, ef viðskiptabanki lánbeiðanda á þess kost að fá sérstaka tryggingu fyrir ábyrgð sinni og þá meðal annars í eignum, sem ekki eru veðhæfar gagnvart stofnlánadeild. Þykir því bera að líta svo á, að aðfararbann 3. gr. laganna nái ekki eingöngu til eigna, sem veðhæfar eru gagnvart stofnlánadeild, heldur einnig til annarra eigna lánbeiðanda.

Uppboðsþoli hefur andmælt frásögn uppboðsbeiðanda um tilorðningu uppboðskröfunnar. Í málinu liggur fyrir, að grundvöllur fjárnámsins, sem uppboðið byggist á, var dómsátt, gerð á bæjarþingi Reykjavíkur. Dómsáttin hefur ekki inni að halda neinar upplýsingar, er gefa til kynna, af hvaða rótum krafan er runnin. Önnur gögn varðandi kröfuna liggja ekki fyrir. Að svo vöxnu

máli er ekki í ljós leitt, að uppboðskrafan sé meðal þeirra, sem undanþegnar eru aðfararbanni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið fram tekið, þykir bera að taka framkomna kröfu um frestun uppboðsins til greina, og verður því frestað til 21. júní n.k.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Vegna anna við embættið hefur dregizt að kveða upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Uppboðinu er frestað til 21. júní 1961.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 64/1961. **Siggeir Vilhjálmsson** (Árni Stefánsson hrl.)
gegn
Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. marz 1961. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti.

Af hálfu stefnda var sótt þing við þingfestingu málsins í Hæstarétti, en síðar ekki. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 og dæmt eftir fram lögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Stefndi hafði áfrýjað fjárnámsgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi

því ástæðu til að bera fjárnámsgerðina undir Hæstarétt. Er því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Stefndi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, greiði áfrýjanda, Siggeir Vilhjálmssyni, kr. 4000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 6. desember 1960.

Ár 1960, þriðjudaginn 6. desember, setti fulltrúi borgarfógeta, Þórhallur Pálsson, fógetarétt Reykjavíkur í skrifstofu borgarfógeta, Skólavörðustíg 12, og hélt hann við undirritaða votta.

Fyrir var tekið: Málið A-876/1960 Siggeir Vilhjálmsson gegn Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f.

Fógeti leggur fram sem rskj. nr. 1 beiðni um gerð þessa og nr. 2—3 endurrit af dómum í málunum nr. 1027 og 1028/1960, uppkveðnum 6. febrúar 1960. Skjölin eru svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Árni Stefánsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms til tryggingar skuld, að fjárhæð kr. 12.436.00 og 7.483.20, samtals kr. 19.919.20, með 7% ársvöxtum af kr. 12.436.00 frá 9/11 1959 til 30/11 1959 og af kr. 19.919.20 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 84.00 í afsagnar- og bankakostnað, ⅓% af kr. 7.483.20 í víxilþóknun, kr. 4.000.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola er mættur Guðmundur H. Þórðarson, framkvæmdastjóri hans. Aðspurður kveðst hann ekki greiða fyrir gerðarþola. Sérstaklega aðspurður kveður mættur, að gerðarþoli eigi engar innstæður í bönkum eða sparisjóðum.

Mættur vísar á til fjárnáms 1000 stykki eyrnalokka, 500 kúlupenna, brjóstsykursgerðarvél (combineruð með tveimur valsasamstæðum) og einn vínskáp útskorinn, sem geymdur er á Spítalastíg 5, hér í bænum. Hinir munirnir eru geymdir að Meðalholti 21, hér í bænum.

Fógeti lýsti fjárnámi í nefndum munum til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu fjárnámsins fyrir mættum af hálfu gerðarþola.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 110/1961. **Stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar,**
Edvarð Sigurðsson,
Guðmundur J. Guðmundsson,
Tryggvi Emilsson,
Tómas Sigurþórsson,
Kristján Jóhannsson,
Halldór Björnsson og
Hannes M. Stephensen
svo og
þeir persónulega
gegn
Kassagerð Reykjavíkur h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa skotið úrskurðinum til Hæstaréttar með kæru 21. júní 1961. Barst Hæstarétti kæran 22. s. m. Krefjast þeir þess, *aðallega* að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá fógetadóminum, *til vara*, að synjað verði um framgang lögbanns og til *þrautavara*, að tryggingarfjárhæðin fyrir framgangi lögbannsins verði hækkuð upp í kr. 500.000.00. Loks krefjast þeir málskostnaðar fyrir fógetadómi og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, *aðallega* að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en *til vara*, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og loks að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1949, sbr. 20. gr. i. f. sömu laga, verður lögbannsgerð, er framkvæmd hefur verið, eigi skotið einni út af fyrir sig til Hæstaréttar, og eigi er í lögum heimild til áfrýjunar eða kæru slíkrar lögbannsgerðar með öðrum hætti en í sambandi við dóm í staðfestingarmáli um gildi hennar. Brestur því heimild til málskots þessa, og ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Sóknaraðiljar, Stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Eðvarð Sigurðsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Tryggvi Emilsson, Tómas Sigurþórsson, Kristján Jóhannsson, Halldór Björnsson og Hannes M. Stephensen svo og þeir persónulega, greiði varnaraðilja, Kassagerð Reykjavíkur h/f, kr. 1500.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 21. júní 1961.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Kassagerðar Reykjavíkur h/f, hefur þess verið krafizt, að lögbann verði lagt við því, að stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þeir Eðvarð Sigurðsson formaður, Litlu Brekku, Guðmundur J. Guðmundsson varaformaður, Ljósvallagötu 12, Tryggvi Emilsson ritari, Akurgerði 4, Tómas Sigurþórsson gjaldkeri, Skipholti 26, Kristján Jóhannsson fjármálaritari, Rauðárstíg 3, Halldór Björnsson meðstjórnandi, Kleppsvegi 24, og Hannes Stephensen meðstjórnandi, Hringbraut 76, persónulega eða í nafni félagsins, hindri eða láti aðra félagsmenn hindra afgreiðslu, móttöku og flutninga á vörum að og frá verksmiðjuhúsum gerðarbeiðanda við Kleppsveg og að Skúlagötu 26, framkvæmd af starfsmönnum gerðarbeiðanda, sem ekki eru félagsbundnir í launaþegasamtökum, sem eiga í verkfalli.

Gerðarbeiðandi hefur krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Af hálfu gerðarþola er mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögbannsgerðar og þess krafizt, *aðallega* að lögbannskröfunni verði vísað frá fógetaréttinum, en *til vara* að um hana verði synjað. Í báðum tilvikum er málskostnaðar krafizt úr hendi gerðarbeiðanda. En ef fógeti teldi rétt að taka kröfu gerðarbeiðanda um lögbann til greina, er þess krafizt, að gerðarbeiðanda verði gert að setja lögbannstryggingu, kr. 500 þúsund eða aðra upphæð að mati fógeta.

Lögbannsbeiðni þessi barst fógetarétti Reykjavíkur hinn 15. þessa mánaðar og er samdægurs tekin fyrir í fógetaréttinum. Að loknum munnlegum flutningi, er fór fram hinn 19. þessa mánaðar, var málið tekið til úrskurðar.

Gerðarbeiðandi skýrir þannig frá málavöxtum af sinni hálfu, að það hafi þráfaldlega komið fyrir að undanförnu, að starfsmenn hans þeir, sem annast fermingu, akstur og affermingu flutningabifreiða, hafi verið hindraðir í störfum sínum af mannsöfnuði, sem hafi sagzt vera verkfallsverðir á vegum Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í verkfalli því, sem nú stendur yfir.

Hinn 29. maí s.l. hafi þeir t. d. stöðvað efnivöruflutninga milli verksmiðjuhúsa gerðarbeiðanda við Kleppsveg og að Skúlagötu 26. Daginn eftir hafi enn komið verkfallsverðir, tekið nýlosaðan vörufarm, hent honum aftur upp á vörubílinn og neytt bílstjórann til þess að aka farminum þangað, sem hann hafði verið tekinn. Fyrir liggur í málinu endurrit bréfs, sem umboðsmaður gerðarbeiðanda ritaði Dasbrún af þessu tilefni. Hefur bréfið að geyma mótmæli gegn aðförum þessum og áskilnað um hvers konar rétt í því sambandi, og er á endurritinu kvittun starfsmanns Dagsbrúnar um móttöku samrits hinn 12. þ. m., en bréfið er lagt fram sem rskj. nr. 3. Gerðarbeiðandi segir, að þessu bréfi hafi ekki verið svarað.

Þá hafi komið til svipaðra atvika dagana 13. og 15. þessa mánaðar við dyr og í porti Kassagerðarinnar. Hafi þangað safnazt mannsöfnuður, sem stjórnað hafi verið af framkvæmdastjóra Dagsbrúnar, haft í frammi hótanir og yfirgang annan og hindrað störf manna. Er vísað til endurrita af dagbók lögreglunnar í Reykjavík, sjá rskj. 18, en yfirvöld lögreglunnar hafi ekki þótzt geta aðhafzt neitt til að skakka leik þenna, þar eð vera mætti, að slíkt mætti telja afskipti af vinnudeilu.

Gerðarbeiðandi hefur lagt fram sem rskj. nr. 7 í máli þessu endurrit bréfs til formanns Félagsdóms, þar sem Félag íslenzkra

iðnrekenda kærir Verkamannafélagið Dagsbrún fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Þá hefur gerðarbeiðandi og með bréfi sínu til yfirsakadómarans í Reykjavík, dags. 19. þ. m., kært aðfarir þessar til refsingar, þar eð aðfararmenn hafi gerzt sekir við umferðarlög, almenn hegningarlög og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Endurrit kærubréfsins hefur verið lagt fram sem rskj. 12 í máli þessu. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins, hvaða meðferð erindi þessi hafa fengið.

Gerðarbeiðandi telur sannað mál, að Dagsbrún hafi látið stöðva akstur á vegum verksmiðjunnar með valdbeitingu. Sú valdbeiting sé algerlega ólögmæt í hverri grein. Er á það bent, að gerðarbeiðandi sé ekki aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands, sem Verkamannafélagið Dagsbrún eigi í kjaradeilu við, og séu gerðarbeiðanda því sakir þessara aðilja óviðkomandi og úrslit kaupdeilunnar bindi gerðarbeiðanda ekki á neinn veg. Aftur á móti sé gerðarbeiðandi aðili að Félagi íslenzkra iðnrekenda, og starfsmenn hans séu félagar í Iðju, félagi verksmiðjufólks, sem ekki eigi í neinni kjaradeilu. Hafi gerðarbeiðandi alltaf látið þessa starfsmenn sína aka bílum fyrirtækisins eftir hentugleikum hverju sinni átölulaust af öllum, og deila Dagsbrúnar við vinnuveitendasambandið eigi ekki á neinn hátt að raska þeirri tilhögun.

Af hálfu gerðarþola er þessari lögbannskröfu mótmælt sem rangri og órökstuddri og andstæðri lögum.

Því er fyrst og fremst haldið fram, að verkfall það, sem Verkamannafélagið Dagsbrún á nú í, sé löglegt í skilningi laga nr. 80 frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og hafi engin mótmæli komið fram gegn lögmæti þess út af fyrir sig. Af því leiði fyrst og fremst, að ágreining slíkan sem þenna hafi átt að leggja fyrir Félagsdóm, sbr. 44. gr. laganna. Þetta hafi gerðarbeiðandi ekki gert, og er bréfi til formanns Félagsdóms á rskj. 7 mótmælt sem algerri markleysu. Með því að krefjast lögbanns sé gerðarbeiðandi að reyna að draga málefni þetta undir hinn almenna dómstól andstætt lögum. Beri þegar af þessari ástæðu að hafna kröfu gerðarbeiðanda með frávísun fógetamálsins.

Þá er því í annan stað haldið fram, að þessu lögmæta verkfalli sé af hálfu Dagsbrúnar löglega framfylgt, og séu aðgerðir verkfallsgæzlumanna félagsins gegn gerðarbeiðanda á fullum rökum reistar, en það skilyrði fyrir framgangi lögbanns, að gerðarþoli þess hafi með ólögmætum hætti raskað rétti gerðarbeiðanda, sé ekki fyrir hendi. Lögfylgjur lögmæts verkfalls verði ekki stöðv-

aðar með lögbanni. Dagsbrún sé eina stéttarfélagið, sem hafi í samningum sínum ákvæði um kaup og kjör við slíka vöruflutninga, sem hér um ræðir, og hafi almennt verið farið eftir því. Aðild Dagsbrúnar til samninga um þessi störf hafi aldrei verið dregin í efa, og sé þess jafnframt að gæta, að Iðja, félag verksmiðjufólks, semji ekki um neina vinnu utan verksmiðjuveggs. Er gagnstæðum fullyrðingum gerðarbeiðanda hér að lútandi mótmælt sem röngum. Í stuttu máli sé hér ekki öðrum samningsaðilja til að dreifa en Dagsbrún, og þurfi ekki að fara mörgum orðum um heimild Dagsbrúnar til þess að semja um vinnu á sínu starfssviði og að knýja þá samninga fram með verkfalli, og geti slíkt verkfall vitanlega snert fleiri aðilja en þá, er það beinist aðallega gegn.

Þar eð nú víst sé, að menn þeir, sem gerðarbeiðandi lét starfa að nefndum flutningum, hlíti samningum Dagsbrúnar, sé allsendis óheimilt að láta félaga í Iðju taka við störfum þeirra, enda hafi Iðja enga samninga um verk þessi, en aftur á móti séu bæði Dagsbrún og Iðja í Alþýðusambandi Íslands. Er vísað til 18. gr. laga nr. 80 frá 1938 um þetta.

Annars hefur gerðarþoli látið leggja fram í máli þessu félagslög sín og vísar sérstaklega til 2. gr., liða 9 og 10, en þar segir, að tilgangur félagsins sé að skipuleggja innan félagsins m. a. alla þá bifreiðastjóra, sem aka vöruflutningabifreiðum í þjónustu annarra, og alla verkamenn aðra, sem vinna að hvers konar framleiðslu og flutningastörfum öðrum og ekki taka laun samkvæmt samningum eða samþykktum annarra viðurkenndra verkalýðsfélaga. Sjá rskj. nr. 15. Enn fremur er vitnað í félagslög Iðju, félags verksmiðjufólks, og bent á ákvæði, sem gefi til kynna, að því félagi sé ætlað að ná til þeirra, sem starfi við tilbúning verksmiðjuvarnings, 1.—4. gr. félagslaga, sbr. rskj. nr. 16. Loks er lagt fram í málinu sem rskj. 17 samningur Iðju og Félags íslenzkra iðnrekenda, og er vísað til 22. greinar, þar sem segir, að allt verksmiðjufólk skuli félagsbundið í Iðju.

Gerðarbeiðandi hefur lagt fram yfirlýsingu frá Félagi íslenzkra iðnrekenda, dagsetta 19. þ. m., undirritaða af Pétri Sæmundsen. Segir þar, að aldrei muni það hafa verið haft á orði fyrr en nú, að starfssvið félagsmanna í Iðju takmarkist við „verksmiðjuvegg", enda sé sú ekki raun á. Er bent á fyrirkomulag í þessum efnum hjá ýmsum iðnfyrirtækjum, þar sem framleiðsla fer að meira eða minna leyti fram utan dyra og þar sem um „útilagera" sé að ræða. Þá sé það svo, að útkeyrslumenn margra fyrirtækja

séu félagar í Iðju ágreiningslaust af hálfu Dagsbrúnar, og margir þessara manna hafi útkeyrslu að aðalstarfi, en aðrir vinni jafnframt almenn störf í verksmiðju. Er yfirlýsing þessi lögð fram í málinu sem rskj. nr. 13 og enn fremur í rskj. 19 og þar með áritun Ingimundar Erlendssonar f. h. Iðju á þá leið, að rétt sé frá skýrt í yfirlýsingunni, en þó hafi skrifstofa Iðju ekki upplýsingar um, hvaða sérgreind störf félagsmenn hennar vinni, og eigi það að sjálfsögðu einnig við um útkeyrslumenn.

Þessari yfirlýsingu svo og áritun Ingimundar Erlendssonar er mótmælt sem rangri og óstaðfestri af hálfu gerðarþola.

Því hefur verið haldið fram, að málið heyrði undir Félagsdóm, en ekki almennu dómstólana, og bæri því að vísa því frá fógetaréttinum.

Gerðarbeiðandi hefur haldið fram, að hann sé ekki í Vinnuveitendasambandi Íslands, og ekkert af sínu starfsfólki í Dagsbrún né í öðru félagi, sem stofnað hafi til verkfalls. Þar sem þessi staðhæfing er ekki afsönnuð, verður ekki séð, að mál þetta falli undir Félagsdóm, og verður því frávísunarkröfu gerðarþola hrundið.

Það er fram komið í málinu, að gerðarþoli hafi látið hindra störf gerðarbeiðanda, og þar sem ekki er útilokað, að aðgerðir þessar kunni að vera ólöglegar og brot á rétti gerðarbeiðanda, þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögbannsgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda og gegn tryggingu, sem er talin hæfilega ákveðin kr. 100 þúsund.

Málskostnaðarkröfur aðiljanna verða ekki teknar til greina sérstaklega hér fyrir fógetaréttinum.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögbannsgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda og gegn 100 þúsund króna lögbannstryggingu, sem rétturinn tekur gilda.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 87/1961. **Jóhann Kjartansson**
gegn
Neista h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhann Kjartansson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 57/1961. **Valtýr Guðmundsson f. h. Árnasonar, Pálssonar & Co. h/f**
gegn
Siggeir Vilhjálmssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Valtýr Guðmundsson f. h. Árnasonar, Pálssonar & Co. h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. september 1961.

Nr. 109/1961. **Jóhann Eyjólfsson f. h. Akurs h/f**
gegn
Guðmundi Matthíassyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhann Eyjólfsson f. h. Akurs h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. september 1961.

Nr. 134/1961. **Kolbeinn Skúlason**
gegn
Þráni Sigurbjörnssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kolbeinn Skúlason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. september 1961.

Nr. 85/1961. **Hörður Ólafsson**
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hörður Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. september 1961.

Nr. 91/1961. **Indriði Waage**
gegn
Þorvaldi Jónassyni og Jóni Bjarnasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Indriði Waage, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. september 1961.

Nr. 100/1961. **Ásmundur Jóhannsson**
gegn
Kristvin Hanssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásmundur Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. október 1961.

Nr. 14/1959. **Elías Pálsson** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. janúar 1959. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 15.000.00 og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. nóvember 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Elías Pálsson verkamaður, Melgerði 30, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. febrúar 1957, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. Reykjavíkurbæjar til þess að fá fjarlægðan af lóð sinni íbúðarbragga á bæjarins vegum og til greiðslu skaðabóta, dagsekta og málskostnaðar. Stefnukröfurnar voru þær, að stefndi yrði dæmdur til að fjarlægja nefndan bragga, að viðlögðum 200 króna dagsektum til stefnanda, svo og til að greiða kr. 15.000.00 í skaðabætur og málskostnað að mati dómsins. Við dómtöku málsins krafðist stefnandi framannefndra bóta og málskostnaðar í öllum tilvikum.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málsatvik eru þau, að stefnandi fékk leigusamning um lóðina nr. 30 við Melgerði hjá stefnda, og var samningurinn undirritaður af umboðsmanni stefnda hinn 13. marz 1953, en af stefnanda sjálfum 17. marz sama ár. Þegar leigusamningur þessi var gerður, voru á lóðinni tveir íbúðarskálar, og bjó stefnandi í öðrum þeirra, en bróðir konu hans í hinum. Stefnandi hófst von bráðar handa að rífa íbúðarskála sinn og byggja íbúðarhús á lóðinni. Áður langt leið, sótti hann um leyfi bæjarvalda til stækkunar hússins, en fékk það ekki, og að því er virðist vegna þess, að íbúðarskáli sá, er mágur hans bjó í, þótti vera því til fyrirstöðu. Synjun sú, er hér um ræðir, fór fram á byggingarnefndarfundi Reykjavíkur hinn 9. september 1954, og hinn 22. s. m. ritaði stefnandi borgarstjóranum í Reykjavík bréf og skýrði honum frá þessari synjun og kvað ástæður fyrir henni þær, að braggi nr. 10 í Selby-Camp stæði að nokkru leyti á lóðinni. Braggi sá eða íbúðarskáli, sem stefnandi átti við í bréfi þessu, er sá hinn sami, sem mágur hans bjó í. Mæltist stefnandi í bréfi þessu til þess af borgarstjóranum, að skálinn yrði þegar fjarlægður eða að stækkun húss stefnanda yrði samþykkt. Yrði hið síðara fyrir valinu, kvaðst stefnandi ekki „sitast“ um það, þótt skálinn stæði á lóðinni, þar eð hann ætti að fara, þegar er fólk það gæti flutt, er í honum byggi. Byggingarnefnd heimilaði stefnanda að stækka hús sitt í janúar 1955. Í maímánuði 1956 virðist stefnandi hafa farið þess

á leit við bæjarvöldin, að íbúðarskáli sá, er mágur hans bjó í, yrði fluttur burt af lóðinni. Þeirri kröfu hans var vísað á bug með þeim rökstuðningi, að hús það, er mágurinn var að byggja með aðstoð Reykjavíkurbæjar, væri enn ekki hæft til íbúðar. Eftir ítrekun á þessari kröfu höfðaði stefnandi mál þetta, eins og fyrr segir. Margnefndur íbúðarskáli var fluttur burt af lóðinni í byrjun árs 1958, og var kröfum stefnanda breytt vegna þess.

Stefnandi byggir bótakröfu sína á því, að stefndi hafi leigt honum lóðina án allra kvaða, en tregða stefnda á að flytja skálann af lóðinni hafi valdið sér stórtjóni vegna tafa á byggingarframkvæmdum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi frá upphafi samþykkt, að íbúðarskáli sá, er mágur hans bjó í, mætti standa á lóðinni, þar til hús það, er mágurinn hafði í smíðum, yrði hæft til íbúðar. Til vara hefur stefndi haldið því fram, að bótakrafan sé algerlega órökstudd, að því er fjárhæð hennar varðar.

Þess var getið hér að framan, að stefnandi fékk leigusamning um framangreinda lóð á þeim tíma, sem íbúðarskálar hans og mágs hans stóðu báðir á lóðinni. Því var og lýst, að hann hófst handa um byggingarframkvæmdir án þess að gera nokkurn fyrirvara við mág sinn eða stefnda um brottflutning íbúðarskála mágsins. Enn fremur var hér að framan rakið efni erindis hans til stefnda í bréfinu frá 22. september 1954, þar sem hann kvaðst ekki munu amast við því, að skáli mágsins standi á lóðinni, svo fremi samþykkt verði umsóknin um leyfi til stækkunar hússins. Þegar þessi atriði eru virt, þykir ekki verða séð, að stefnandi eigi bótakröfu á hendur stefnda fyrir þá töf, sem orðið hefur á brottflutningi íbúðarskálans, og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurbæjar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Elíasar Pálssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 4. október 1961.

Nr. 127/1961. **Blikksmiðjan Glófaxi s/f**
gegn
Þorsteini Löve.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. júní 1961, er barst dóminum 7. júlí s. á. Hann krefst þess, að máli varnaraðilja gegn honum verði vísað frá héraðsdómi og svo að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 16. júní 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 14. þ. m., hefur Þorsteinn Löve byggingarmeistari, Sigtúni 35, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. febrúar 1961, gegn Björgvin Ingibergssyni, Snorrabraut 42, og Benedikt Ólafssyni, Hraunteig 14, báðum hér í bæ, f. h. Blikksmiðjunnar Glófaxa, Ármúla 24, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 14.736.44, auk vaxta og kostnaðar.

Stefndu hafa krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og stefndu dæmdir til greiðslu málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfu þessa.

Stefnandi hefur skýrt svo frá málavöxtum, að veturinn 1959—

60 hafi Blikksmiðjan Glófaxi tekið að sér að smíða fyrir hann girðingamót úr blikki, ca 32—34 m löng. Afhending mótanna hafi farið fram í apríl—maí 1960, en þá hafi smíði þeirra reynzt það gölluð, að einungis lítill hluti þeirra hafi mátt teljast nothæfur. Kveðst stefnandi hafa kvartað yfir vansmíði þessari, og hafi blikksmiðjan lofað að ráða bót á göllunum. Viðgerðartilraunir smiðjunnar hafi hins vegar ekki borið árangur. Eftir þetta muni hafa farið fram einhverjar samkomulagsumleitanir milli aðiljanna, en þar sem eigi gekk saman með þeim, fór stefnandi þess á leit við borgardómarann hinn 17. ágúst 1960, að hann dómkveddi tvo hæfa óvilhalla menn til þess að skoða og meta eftirfarandi:

1. Framkvæma skoðun á umræddum girðingamótum og gera ályktun um það, hvort nothæf séu og hverjir gallar séu á smíðinni.
2. Meta til verðs þann hluta mótanna, er nothæfur verði talinn.

Hinn 14. október s. á. voru dómkvaddir þeir Einar B. Kristjánsson húsasmíðameistari og Einar Pálsson forstjóri til að framkvæma mat þetta. Í matsgerð þeirra, sem dagsett er 20. desember s. á., segir m. a. á þessa leið:

„Mótin eru smíðuð úr svörtu plötujárni, og meirihlutinn af þeim er sandblásinn eða 26.65 l.m., en 7 l.m. ósandblásinn.

Við skoðun kom í ljós, að smíði mótanna var mjög ábótavant, því að meirihluti þeirra er meira og minna boginn og aðrir smærri gallar, svo sem smá dældir og hólar.

Samkvæmt matsbeiðninni í 2. lið er óskað eftir að meta til verðs þann hluta mótanna, sem nothæfur verður talinn. Eftir nána athugun telja matsmenn aðeins 7 l. m. nothæfa, og eru það þau mót, sem ekki hafa verið sandblásin.

Verð þessara móta telja matsmenn hæfilega metið á kr. 1.778.00“.

Stefnandi kveðst hafa greitt kr. 8.548.54 fyrir smíði mótanna. Vegna sandblásturs á hluta þeirra kr. 1112.40, fyrir dómkvaðningu matsmanna kr. 253.50 og loks fyrir matið sjálft kr. 1.600.00. Hefur hann lagt fram reikninga fyrir öllum þessum liðum, sbr. dskj. nr. 3—6 incl. Samtals nema reikningar þessir kr. 11.514.44. Frá þeirri fjárhæð dregur stefnandi matsverð hinna nothæfu móta, kr. 1.778.00. Eftir standa þá kr. 9.736.44.

Í stefnu er hins vegar krafizt greiðslu á kr. 14.736.44, og er fjárhæð þessi skýrð þar þannig:

„Skuld þessi er vegna galla, sem voru á girðingarmótum, sem stefndi smíðaði fyrir stefnanda.“

Í greinargerð stefnanda, er lögð var fram við þingfestingu málsins 9. febrúar 1961, eru gerðar sömu dómkröfur og í stefnu. Síðan eru talin upp þau 8 réttarskjöl, er stefnandi lagði fram, en að þeirri upptalningu lokinni segir svo: „Um málsútlistun vísast að sinni til stefnu. Ég geymi mér rétt til frekari gagnaöflunar og málsútlistunar síðar, þ. á m. við væntanlegan munnlegan flutning málsins".

Stefndu byggja frávísunarkröfu sína á því, að stefnufjárhæðin, kr. 14.736.44, sé hvorki sundurliðuð né rökstudd í málsgögnum stefnanda. Að vísu séu lagðir fram reikningar á dskj. nr. 3—6 incl., sem nemi samtals kr. 11.514.44, en samkvæmt innheimtubréfinu á dskj. nr. 8 eigi að draga matsfjárhæðina, kr. 1.778.00, frá þeirri upphæð, og sé því engin grein gerð fyrir kr. 5.000.00 af stefnufjárhæðinni. Þar eð stefnukrafan sé jafn óskýr og raun ber vitni, gera stefndu þá kröfu, að málinu verði vísað frá dómi með skírskotun til 105. gr. laga nr. 85/1936.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið gegn því, að hann lækki stefnukröfu sína um kr. 5.000.00.

Stefndu hafa mótmælt lækkun stefnukröfunnar sem of seint fram kominni.

Málatilbúnaði stefnanda var að vísu ábótavant í upphafi og rökstuðningur fyrir stefnukröfu hans ónógur, en þar eð hann hefur lækkað hana um kr. 5.000.00 við munnlegan flutning málsins, þykir nú nægileg grein gerð fyrir kröfu stefnanda, og verður frávísunarkröfu stefndu því hrundið.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin við væntanlegan efnisdóm í máli þessu.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn fram komna frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 4. október 1961.

Nr. 130/1961. **Benedikt Sigurjónsson f. h. herstjórnanda varnarliðs Bandaríkjanna á Íslandi**
gegn
Þorsteini Brandssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 5. júlí 1961, sem Hæstarétti barst 14. s. m., hefur sóknaraðili skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðinum verði hrundið, málinu vísað frá héraðsdómi og varnaraðilja dæmt að greiða málskostnað fyrir héraðsdómi og svo kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í frávísunarmáli í héraði og kærumálskostnað.

Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins frá 5. maí 1951 og viðbótarsamningur um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra frá 8. maí s. á., sem lögfestir voru með lögum nr. 110/1951, geyma eigi ákvæði, sem ráða megi af, að herstjórn Bandaríkjanna á Íslandi skuli hlíta lögsögu íslenzkra dómstóla um skipti sín við aðilja hér á landi, og eigi er fyrir hendi að alþjóðalögum regla, er selji herstjórnina undir lögsögu íslenzkra dómstóla um skipti sín við menn, er hún ræður hér til starfa.

Samkvæmt þessu verður að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa máli varnaraðilja á hendur sóknaraðilja frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og vísast

máli varnaraðilja, Þorsteins Brandssonar, á hendur sóknaraðilja, Benedikt Sigurjónssyni f. h. herstjórnanda varnarliðs Bandaríkjanna á Íslandi, frá héraðsdómi.

Kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður aukadóms Keflavíkurflugvallar 4. júlí 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 4. júlí, var á aukadómþingi Keflavíkurflugvallar, er haldið var í réttarsal lögreglustöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli af hinum reglulega dómara, Birni Ingvarssyni, upp kveðinn úrskurður um frávísunarkröfu í aukadómþingsmálinu nr. 2/1961: Þorsteinn Brandsson gegn Benjamin G. Willis ofursta f. h. varnarliðs Bandaríkjamanna á Íslandi.

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar 29. f. m., hefur Þorsteinn Brandsson, vélstjóri í Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþingi Keflavíkurflugvallar með stefnu, útgefinni 28. apríl 1961, gegn Base Commander Benjamin G. Willis ofursta fyrir hönd varnarliðs Bandaríkjanna á Íslandi til greiðslu ógreiddra launa vegna veikinda fyrir tímabilið 1. janúar 1958 til 15. júní 1958, kr. 23.379.49, auk 7% ársvaxta frá 15. júní 1958 til 22. febrúar 1960 og 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómara.

Mál þetta var þingfest 4. maí 1961.

Í þinghaldi 29. f. m. lagði lögmaður stefnda fram greinargerð ásamt fleiri skjölum og gerði þær dómkröfur, *aðallega* að málinu verði vísað frá dómi og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað að mati dómarans.

Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans, til þrautavara krefst lögmaður stefnda, að umbjóðandi hans verði sýknaður gegn greiðslu á kr. 1.772.40, og til ýtrustu vara, að hann verði sýknaður gegn greiðslu á kr. 2.621.13, enda falli málskostnaður þá niður.

Lögmaður stefnanda mótmælti frávísunarkröfunni og krafðist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Lögmenn málsaðilja höfðu þegar skipzt á framlögðum málsskjölum og voru reiðubúnir að flytja málið munnlega, að því er varðaði frávísun, og fór málflutningur þá þegar fram.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku verði ekki sótt til sakar fyrir íslenzkum dómstólum. Í varnarsamningnum, lögum 110/1951, sé hvergi tekið fram, að íslenzkir dómstólar eigi lögsögu yfir ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku, er leiði af samningi þeirra við íslenzka aðilja, varnarliðið sé að þessu leyti ex territorialt. Hér sé um að ræða fjárkröfu á hendur ríkissjóði Bandaríkjanna, og málum gegn honum verði aðeins til laga haldið á aðsetursstað Bandaríkjastjórnar, nema um annað hafi verið sérstaklega samið.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfunni. Hann kveður stefnukröfu á hendur varnarliðinu sem atvinnuveitanda vera framkomna vegna vanefnda á kjarasamingi. Varnarliðið, er tekið hafi að sér varnir landsins, hafi samkvæmt samningi, er hlotið hafi lagagildi, lög 110/1951, fengið heimild til þess að ráða íslenzka borgara í þjónustu sína, og kaup og kjör þeirra eigi að fara eftir íslenzkum lögum og venjum, og fráleitt væri, ef sækja ætti mál þetta í önnur lönd, Bandaríkin.

Stefnandi krafðist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Þann 5. maí 1951 var gerður varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku á grundvelli Norður Atlantshafssamningsins, og þann 8. maí sama ár var gerður viðbótarsamningur um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra. Samningar þessir hafa öðlazt lagagildi með lögum nr. 110 frá 19. desember 1951.

Í 4. tölulið 6. greinar í viðbæti um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra eru ákvæði, er heimila Bandaríkjunum að ráða hæfa íslenzka borgara til starfa í sambandi við samninginn. Samþykki Ísland slíkar ráðningar, fer slík ráðning fram með aðstoð og um hendur þess eða þeirra fyrirsvarsmanna, er Ísland til þess kveður.

Enn fremur segir í tilvitnaðri grein, að ráðningarkjör, einkum vinnulaun o. fl., skuli fara að íslenzkum lögum og venjum.

Frá því að Íslendingar réðust fyrst hér til starfa hjá varnarliðinu, fór ráðning þeirra hér um hendur íslenzks ráðningarstjóra, er til þess starfs var settur af íslenzkum stjórnvöldum, og er svo enn.

Sérstök nefnd, kaupskrárnefnd, var síðan sett af íslenzkum stjórnvöldum, sbr. dómsskjal nr. 13, til þess að vera ráðgefandi um vinnukjör íslenzks starfsfólks í þjónustu varnarliðsins.

Í 12. gr., öðrum tölulið, viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna, lög 110/1951, eru ákvæði um, að Bandaríkin muni afla

nauðsynlegrar lagaheimildar til þess að framkvæma skyldur sínar samkvæmt samningnum.

Verður að ætla, að í þessu felist m. a., að stjórn Bandaríkjanna afli lagaheimildar, til þess að varnarliðið eða fyrirsvarsmenn þess hér geti svarað til sakar í málum sem þessu.

Varnarliðið er hér stór atvinnuveitandi, og verður að líta svo á, að það sem slíkur beri ábyrgð á vanefndum á samningi eftir almennum reglum hér, enda hefur varnarliðið í verki fram að þessu svarað til sakar í kaupkröfumálum, er höfðuð hafa verið á hendur því.

Í síðustu málsgrein 5. greinar varnarsamningsins segir:

„Ekkert ákvæði þessa samnings skal skýrt þannig, að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málefnum."

Hér er um sérstæða, staðbundna vinnulaunakröfu að ræða, er telja verður íslenzkt málefni, og í tilvitnaðri 6. grein, 4. tölulið, um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna segir, að ráðningarkjör, einkum vinnulaun þeirra Íslendinga, er hjá varnarliðinu starfa, skuli fara að íslenzkum lögum og venjum.

Af öllu þessu, er nú hefur verið rakið, lítur dómurinn svo á, að ágreiningsmál þetta heyri undir íslenzka lögsögu, og er því frávísunarkröfu stefnda hrundið.

Eftir atvikum þykir rétt, að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms í málinu.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 4. október 1961.

Nr. 159/1959. **Unnur Jónsdóttir** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
og Finnboga Kjartanssyni til réttargæzlu.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksmál.

Dómur Hæstaréttar.

Hafþór Guðmundsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu lögtaksgerð.

Áfrýjandi, Unnur Jónsdóttir, Háteigsvegi 54 í Reykjavík, hefur með stefnu 14. september 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m., skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hún þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði felld úr gildi og að stefnda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Finnboga Kjartanssyni stórkaupmanni, Kleppsvegi 40 í Reykjavík, hefur verið stefnt til réttargæzlu, en af hans hálfu hefur enginn komið fyrir Hæstarétt.

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Atvik málsins eru þessi samkvæmt gögnum þess og yfirlýsingum í málflutningi.

Áfrýjandi, Unnur Jónsdóttir, og réttargæzlustefndi, Finnbogi Kjartansson, gengu í hjónaband árið 1945. Hinn 30. júlí 1957 fengu þau leyfi Dómsmálaráðuneytisins til skilnaðar að borði og sæng. Bú þeirra var hinn 22. ágúst 1957 tekið til opinberrar skiptameðferðar samkvæmt 6. kafla laga nr. 3/1878 og 7. kafla laga nr. 20/1923. Meðal eigna við uppskrift búsins var talinn „⅓ húseignarinnar Háteigsvegur 54, hér í bæ, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, þ. e. 1. hæð m. m.“. Húshlutann hafði Finnbogi Kjartansson keypt árið 1952, og var eign þessi í þinglýsingarbókum skráð á nafn hans. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að húshlutinn hafi verið hjúskapareign Finnboga, en áfrýjandi

telur hann hafa verið sameign þeirra hjónanna. Í flutningi máls þessa hefur verið við það miðað, að húshlutinn muni koma til skipta milli áfrýjanda og réttargæzlustefnda, sbr. 49. gr. laga nr. 20/1923, en skiptum búsins er ekki lokið.

Árið 1957 var Finnboga Kjartanssyni gert að greiða í tekjuskatt og önnur þinggjöld kr. 11.101.00, og árið 1958 námu þinggjöld hans kr. 2805.00. Hinn 13. marz 1959 krafðist stefndi þess, að lögtak yrði gert í eignum Finnboga til tryggingar þinggjöldum þessum, samtals kr. 13.906.00. Fór lögtaksgerð sú, sem áfrýjað er, fram sama dag að Háteigsvegi 54, en Finnbogi var þá talinn eiga þar heimilisfang, eftir því sem segir í vottorði Manntalsskrifstofu Reykjavíkur, dags. 7. júní þ. á. Ekki var Finnbogi viðstaddur lögtaksgerðina né heldur áfrýjandi, en fógeti kvaddi konu, sem heima átti í húsinu, til að mæta við gerðina af hálfu Finnboga, sbr. 7. gr. laga nr. 29/1885 og 34. gr. laga nr. 19/1887. Lýsti fógeti lögtaki í fyrrgreindum húshluta til tryggingar þinggjöldunum.

Áfrýjandi hefur reist kröfu sína um ógildingu lögtaksgerðarinnar á því, að óheimilt hafi verið að gera lögtak í sameign hennar og Finnboga, sem verið hafi undir opinberum skiptum. Á þetta verður ekki fallizt. Þó að hjón skipti með sér búi, geta skuldheimtumenn þeirra, annars eða beggja, engu að síður fylgt fram rétti sínum með lögsókn, eins og skipti stæðu ekki yfir, sbr. 68. gr. laga nr. 3/1878 og 47. gr. laga nr. 20/1923. Verða kröfur áfrýjanda því ekki teknar til greina.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð á að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Unnur Jónsdóttir, greiði stefnda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetadóms Reykjavíkur 13. marz 1959.

Fyrir var tekið:

Beiðni tollstjórans í Reykjavík um að gera lögtak hjá eftirtöldum gjaldanda: Finnboga Kjartanssyni, Háteigsvegi 54, fyrir:

Þinggjaldi	nr.	5938 1959	kr. 2.805.00
—	—	5918 1957	— 11.101.00
		Samtals	kr. 13.906.00

auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Til staðar er í réttinum beiðni um lögtakið ásamt tilheyrandi gjaldseðlum, þingm. nr. 1—3, en lögtaksúrskurður var kveðinn upp 23/8 1957 og 5/9 1958 og birtur í dagblöðunum.

Nr. 1—3.

Fylgir með í eftirriti.

Gerðarþoli er eigi mættur í réttinum, en af hans hálfu mætir að tilhlutan fógetans frú Jónína Bjarnadóttir, s. st., og skoraði fógeti á mættu að greiða umkrafin gjöld, en hún kveðst ekki greiða þau fyrir gerðarþola. Skoraði fógeti þá á mættu að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og bryndi fyrir mættu að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætta neitar að benda á til lögtaks, en Valgeir Einarsson, er hér er staddur, bendir á 1. hæð hússins nr. 54 við Háteigsveg, og er fallið frá virðingu.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í téðri eign til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Bryndi fógeti fyrir mættu að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 4. október 1961.

Nr. 195/1960. **Sveinn Þórarinsson**
(Guðmundur Ásmundsson hrl.)
gegn
Hirti Jónssyni f. h. Jóns Karlssonar Lýðssonar og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. nóvember 1959, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dagsettri 18. nóvember s. á.

Hefur hann gert þær réttarkröfur, *aðallega* að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. *Til vara* krefst hann þess, að fjárhæðir þær, sem honum var gert að greiða gagnáfrýjanda með hinum áfrýjaða dómi, verði lækkaðar verulega og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu, dagsettri 30. nóvember 1960, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 24. s. m. Hefur honum verið veitt gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 24. nóvember 1960.

Réttarkröfur gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eru *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 75.578.00 auk 6% ársvaxta frá 4. marz 1952 til 28. febrúar 1960, en 10% ársvaxta frá þeim degi til 28. desember 1960 og 8% ársvaxta frá síðastnefndum degi til greiðsludags. *Til vara* krefst hann þess, að fjárhæð héraðsdómsins verði hækkuð innan marka aðalkröfu og vextir ákveðnir, eins og í henni greini. Loks hefur hann til þrautavara krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati dómsins, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknar-

mál, þar á meðal málfærsluþóknunar til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti.

Lagður hefur verið fram í Hæstarétti nýr örorkuútreikningur, þar sem tölur eru færðar til samræmis við breytt kaupgjald, síðan síðasta örorkumat fór fram, en aðiljar eru sammála um að leggja til grundvallar dómi í málinu 10% framtíðarörorku Jóns Karlssonar Lýðssonar.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja, að aðaláfrýjandi beri fjárhagsábyrgð á umræddu slysi, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, og þykja bætur þær, er honum ber að greiða, hæfilega metnar samtals kr. 50.000.00. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 4. marz 1952 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, að upphæð kr. 6.830.00. Af þeirri fjárhæð hljóti ríkissjóður kr. 830.00, en talsmaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti kr. 6000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sveinn Þórarinsson, greiði gagnáfrýjanda, Hirti Jónssyni f. h. Jóns Karlssonar Lýðssonar, kr. 50.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. marz 1952 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði staðfestist.

Í málskostnað fyrir Hæstarétti greiði aðaláfrýjandi kr. 6830.00, og hljóti ríkissjóður kr. 830.00 af þeirri upphæð, en skipaður talsmaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmaður Sveinbjörn Jónsson, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. f. m., hefur Hjörtur Jónsson verkstjóri, Hólmgarði 45, hér í borg, vegna ófjárráða stjúpsonar síns, Jóns Karlssonar Lýðssonar, sama stað, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. nóvember 1958, gegn Sveini Þórarinssyni, Hlíð í Mosfellssveit, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 67.141.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 4. marz 1952 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins hinn 27. f. m. hækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 75.578.00 og breytti vaxtakröfu sinni á þann veg, að hann krafðist 10% ársvaxta frá 22. febrúar 1960 til greiðsludags, en hélt fram vaxtakröfunni óbreyttri að öðru leyti. Þá krafðist hann og málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 29. október 1958, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans. *Til vara* krefst hann þess, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði lækkuð stórlega og málskostnaður látinn niður falla. Stefndi hefur fallizt á, að framangreindar breytingar á kröfum stefnanda fái komizt að í málinu.

Samvinnutryggingum er stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru þó ekki gerðar kröfur, og hann hefur engar kröfur gert.

Tildrög málsins eru þau, að kl. 15.40 þriðjudaginn 4. marz 1952 varð sóknaraðili, Jón Karlsson, sem þá var tæplega 6 ára gamall, fyrir bifreið stefnda, G 586, við mót Ingólfsstrætis og Bankastrætis hér í borg. Hlaut drengurinn af slysinu brot á hægri lærlegg og skrámur á andlit. Bifreiðin G 586 var 20—30 manna farþegaflutningabifreið, Chevrolet af árgerð 1942. Ók stefndi bifreiðinni sjálfur, en í henni voru 2 farþegar.

Stefndi skýrir svo frá, að umrætt sinn hafi hann ekið bifreið sinni upp Ingólfsstræti. Er hann kom að mótum þess og Bankastrætis, hafi götuvitinn á horninu framundan sýnt rautt ljós. Hann hafi því stöðvað bifreiðina og beðið þess, að grænt ljós kviknaði. Er það varð, hafi hann ekið af stað. Í þann mund hafi hann veitt athygli tveimur stúlkum, er numið höfðu staðar á gangbrautinni vinstra megin við bifreiðina. Hafi honum virzt af lát-

bragði þeirra, að þær ætluðu yfir Ingólfsstræti. Enn fremur hafi hann tekið eftir Jóni Karlssyni, er staðið hafi kyrr ofar á gangbrautinni og snúið að Bankastræti. Hann hafi nú ekið áfram og beygt til vinstri upp Bankastræti í krappri beygju. Á meðan hafi hann séð bæði stúlkurnar og drenginn, en eigi orðið var „neinnar óeðlilegrar hreyfingar á þeim", eins og komizt er að orði. Er hann var kominn fram hjá stúlkunum og drengnum, hafi hann litið austur Laugaveg, en rétt í því hafi hann heyrt sársaukahljóð frá barni. Er hann heyrði þessi hljóð, hafi hann hemlað og bifreiðin stöðvazt strax, enda hafi hún ekki verið á teljandi ferð. Hann hafi þegar stigið út úr bifreiðinni og gengið aftur með henni og séð þá, hvar drengurinn lá á götunni rétt á móts við vinstra afturhorn bifreiðarinnar. Höfuð hans hafi snúið í austur, en fæturnir í vestur. Stefndi kveðst ekki hafa orðið var við, að hjól bifreiðarinnar færu yfir neina ójöfnu, og hann hefði ekkert um slysið vitað, ef hann hefði ekki heyrt hljóðin í stúlkunum og drengnum. Stefndi getur þess, að „hífandi rok" hafi verið á þessum tíma, og telji hann ekki ósennilegt, að barnið hafi fokið út á götuna, um leið og hann ók framhjá því, þar eð stormsveipir hafi gengið þarna yfir gatnamótin.

Vitnið Steingerður Þorsteinsdóttir skýrir svo frá, að umrætt sinn hafi það ásamt systur sinni verið á leið niður nyrðri gangbraut Bankastrætis. Er þær komu að Ingólfsstræti, hafi þær séð, hvar bifreið stefnda kom upp Ingólfsstræti og var sveigt til vinstri upp Bankastræti á frekar hægri ferð. Er bifreiðin var næstum komin úr beygjunni og vinstra afturhjól bifreiðarinnar var á móts við gangbrautarhornið, hafi það séð til ferða Jóns Karlssonar. Hann hafi komið norðan eystri gangbraut Ingólfsstrætis og gengið hiklaust út af gangbrautarhorninu, eins og hann hyggðist fara suður yfir Bankastræti. Þó hafi því fundizt, eins og drengurinn réði sér varla í rokinu, er stóð á eftir honum, því að hann hafi farið það hratt yfir gangstéttarhornið, án þess hann hlypi þó. Bifreiðin hafi orðið aðeins á undan drengnum að beygja fyrir gangstéttarhornið, því að vinstra afturhjól hennar hafi verið á móts við hornið, þegar drengurinn fór út af gangbrautinni, „rétt framan við hjólið á bílnum". Vitnið kveðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvernig slysið atvikaðist, því að það hafi gerzt með svo skjótum hætti, að drengurinn féll í götuna fyrir framan hjólið, sem farið hafi yfir annað læri hans. Þá hafi stefndi stöðvað bifreiðina svo að segja strax.

Vitnið Guðrún Elsa Þorsteinsdóttir, systir framangreinds vitnis,

skýrir svo frá, að er þær systur komu að greindum gatnamótum, hafi það séð, hvar bifreið stefnda kom upp Ingólfsstræti og var beygt upp Bankastræti. Er bifreiðin var næstum komin fyrir gangbrautarhornið, hafi það séð Jón Karlsson koma norðan Ingólfsstræti að gatnamótunum. Hafi drengurinn komið á gangbrautarhornið, er bifreiðin var langt komin í beygjunni. Drengurinn hafi gengið hratt og það hafi engum togum skipt, að hann gekk út af gangbrautinni og stefndi, eins og hann ætlaði á ská til austurs yfir Bankastræti. Hann hafi lent rétt framan við vinstra afturhjól bifreiðarinnar. Vitnið kveðst ekki hafa séð, hvort það var hlið bifreiðarinnar eða hjól, sem við drenginn kom, en hann hafi fallið fram yfir sig á götuna með höfuðið skáhallt að gangbrautinni. Vitnið kveður bifreiðina hafa stanzað, þegar er hún hafði farið yfir fót drengsins.

Farþegarnir tveir, sem í bifreið stefnda voru, sáu hvorugur tildrög slyssins. Þeim ber saman um, að bifreiðin hafi verið stöðvuð, er hún kom að Bankastræti, sökum þess að götuvitinn þar á horninu hafi þá sýnt rautt ljós.

Drengurinn, Jón Karlsson, skýrir svo frá tildrögum slyssins, að hann hafi verið á leið að afgreiðslu dagblaðsins Vísis í húsinu nr. 3 við Ingólfsstræti. Er hann kom að umræddum gatnamótum, hafi hann stigið aðeins út af gangstéttinni og um leið orðið fyrir bifreið stefnda. Kveðst hann ekki hafa séð til ferða bifreiðarinnar, fyrr en um leið og hann lenti á bifreiðinni.

Þegar eftir slysið kom á vettvang lögregluþjónn, er nærstaddur hafði verið, svo og skömmu síðar starfsmenn rannsóknarlögreglunnar, er gerðu uppdrátt af slysstaðnum og tóku ljósmyndir af honum. Liggja gögn þessi frammi í málinu. Dómarinn hefur og athugað staðhætti á slysstaðnum, sem ekki hafa breytzt, síðan slysið varð. Svo hagar til á umræddu horni, að rúmlega tveggja metra breið, afmörkuð gangbraut liggur frá því til suðurs yfir Bankastræti. Er gangbraut þessi í svo til beinu framhaldi af gangstéttinni upp Ingólfsstræti. Frá gangbraut þessari og upp Bankastræti eftir jaðri nyrðri gangstéttar þess er um eins metra hátt handrið. Ljósmyndirnar og uppdrátturinn sýna, að bifreið stefnda hefur verið stöðvuð þannig, að hægra afturhorn hennar hefur skagað ca. tæplega 1 metra út á hina afmörkuðu gangbraut. Vinstra afturhorn bifreiðarinnar hefur verið ca. 1 metra frá gangstéttarbrún, en vinstra framhorn upp undir 3 metra. Sýnt er á uppdrættinum, hvar drengurinn lá eftir slysið. Er sá staður

efst í beygjunni á móts við enda handriðsins og alveg upp við gangstéttarbrúnina.

Bifreið stefnda var samdægurs skoðuð af tveimur bifreiðaeftirlitsmönnum. Í skýrslu þeirra um skoðunina, dags. 5. marz 1952, segir m. a. á þessa leið:

„.... Fóthemlar voru ekki í sambandi á framhjólum, og þegar ekið var á ca. 25 km hraða á láréttri götu og hemlum var beitt með fullu átaki, stöðvaðist bifreiðin á 10 metra færi. Handhemill í lagi ....“

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að augljóst sé, að stefndi hljóti að hafa séð Jón Karlsson, er drengurinn var á leið upp Ingólfsstræti, áður en stefndi beygði upp Bankastræti. Stefnda hafi því borið að bíða, þangað til drengurinn var kominn suður yfir Bankastræti eða a.m.k. þann hluta götunnar, sem bifreiðinni var ætlað að fara. Enda þótt sú staðhæfing stefnda væri rétt, að drengurinn hafi staðið kyrr á horninu, er stefndi sá hann, en því er mótmælt sem ósönnuðu, þá hafi það verið sjálfsögð varúðarráðstöfun allt að einu, að sjá fyrir enda farar drengsins yfir Bankastræti, áður en bifreiðinni var ekið fyrir hornið. Slík varúð af hálfu stefnda hafi verið enn brýnni en ella sakir þess, hve ungur drengur átti í hlut, og enn fremur vegna þess, að drengurinn hafi hrakizt undan snörpum stormi.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að sannað sé með framburði vitnanna tveggja, sem um slysið hafa borið, svo og skýrslu stefnda, að það hafi ekki verið á hans færi að afstýra umræddu slysi. Augljóst sé, að drengurinn hafi ekki farið út af gangstéttinni, fyrr en eftir að hann var kominn úr augsýn stefnda. Stefndi hafi hemlað, um leið og honum bárust til eyrna óp stúlknanna og drengsins, og bifreiðin hafi stöðvazt samstundis. Smávægilegur galli á hemlum bifreiðarinnar skipti því engu máli.

Er stefndi ók bifreið sinni fyrir umrætt horn, var drengurinn, Jón Karlsson, annað hvort kominn á hornið eða rétt ókominn að því, og hafði stefndi ástæðu til að ætla, að drengurinn hefði í hyggju að fara yfir Bankastræti. Um leið og umferðarljósin við gatnamótin heimiluðu stefnda að aka af stað, var gangandi vegfarendum heimilt að fara yfir Bankastræti, og bar stjórnendum ökutækja, er leið áttu um gatnamótin, að vægja fyrir þeim. Að svo vöxnu máli bar stefnda að sýna ýtrustu varúð, er hann ók bifreið sinni áfram úr Ingólfsstræti áleiðis yfir hina afmörkuðu gangbraut yfir Bankastræti. Var þörf ýtrustu var-

úðar af hans hendi enn brýnni, þar sem hemlar bifreiðarinnar voru ekki í fullkomnu lagi, svo og fyrir þá sök, hve ungur drengur átti hér í hlut og að drengurinn átti í vök að verjast vegna hvassviðris. Með vísun til framangreindra ástæðna og þar eð ekki er í ljós leitt, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, þótt stefndi hefði sýnt fyllstu aðgæzlu og bifreiðin hefði verið í fullkomnu lagi, ber að leggja á stefnda fébótaábyrgð á tjóni drengsins, Jóns Karlssonar, af völdum slyssins, sbr. 34. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, er í gildi voru á þessum tíma. Með tilliti til þess, hvernig atvikum var hér háttað, og sérstaklega þegar hafður er í huga hinn ungi aldur drengsins, þá þykja ekki vera fyrir hendi nægar ástæður til þess að takmarka fébótaábyrgð stefnda á slysinu. Verður honum því gert að bæta að fullu tjón drengsins af völdum slyssins.

Stefnandi sundurliðar fjárhæð kröfu sinnar þannig:

1. Örorkutjón ..... kr. 50.578.00
2. Þjáningar, önnur óþægindi og lýti — 25.000.00

Kr. 75.578.00

Um 1.

Af slysstaðnum var Jón Karlsson fluttur í Landspítalann, þar sem gert var að meiðslum. Lá hann síðan í því sjúkrahúsi tæpa 3 mánuði, en var þá fluttur heim. Í vottorði Friðriks Einarssonar, deildarlæknis í Landspítalanum, dags. 9. marz 1952, segir á þessa leið um meiðsli drengsins:

„.... Drengurinn var ekki sjokkeraður, hann er með fullri rænu og kveinkar sér hvergi, nema kvartar um verk í hægra læri. Skoðun sýndi *brot á hægra lærlegg.*

Auk þessa voru *fleiður á enni,* og blætt hafði undir húðina á enninu ....“

Í vottorði sama læknis, dags. 16. júní 1960, segir m. a.:

„.... Fyrst var gert að brotinu með því að leggja tog á fótinn, en 9 dögum síðar var gert að brotinu með skurðaðgerð og það spengt og einnig lagðar gipsumbúðir. Sjúkl. lá á handlæknisdeild Landspítalans til 29. maí 1952. Hann hafði þá gengið í nokkra daga án þess að hafa nokkrar kvartanir og var nú sendur heim til sín.

13. júní 1952 kom sjúkl. til athugunar hingað á deildina og einnig 2. okt. sama ár. Hann gekk þá orðið vel á fætinum, rtg. myndir voru teknar í bæði skiptin, og sýndu þær brotið vel á vegi með að gróa, en dálítil sveigja var á brotstaðnum.“

Hinn 31. maí 1956 var drengurinn skoðaður af Bergþóri Smára lækni. Mat læknirinn síðan varanlega örorku drengsins af völdum slyssins. Er örorkumatið dags. 7. júní 1956. Í því segir m. a. á þessa leið:

„.... Drengurinn kveðst nú hafa lítil óþægindi í fótlimnum, en segist eiga dálítið erfitt með að hlaupa. Móðir hans upplýsir hins vegar, að hann sé mjög taugaveiklaður eftir slysið.

Við skoðun kemur í ljós, að Jón stingur dálítið við, þegar hann gengur, en getur gengið hratt og að öðru leyti eðlilega.

Utanvert á vinstra læri er um 18 cm langt ör eftir skurðaðgerð. Stytting á vinstri fótlim mælist vera um 2 cm. Engin vöðvarýrnun mælanleg. Hreyfingar í liðum eru eðlilegar. Dálítil hryggskekkja er í mjóbaki (afleiðing styttingarinnar).

Mér virðist drengurinn eðlilegur í framkomu.

Varanleg örorka af völdum ofannefnds slyss telst hæflega metin: *10%.*“

Hinn 14. júní 1960 endurskoðaði Bergþór Smári framangreint örorkumat sitt, en taldi ekki ástæðu til að breyta því.

Jón Karlsson er talinn fæddur 13. marz 1946. Vantaði því 9 daga á, að hann væri 6 ára gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi. Hinn 29. apríl 1958 var áætlað fjárhagslegt tjón drengsins vegna 10% varanlegrar örorku reiknað út af K. G. Guðmundssyni cand. act. Útreikningurinn er tvíþættur. Er annars vegar lagt til grundvallar verkamannakaup samkvæmt Dagsbrúnartaxta fyrir dagvinnu, en hins vegar meðalkaup giftra daglaunamanna, iðnverkamanna og sjómanna í Reykjavík og kaupstöðum og kauptúnum landsins á tímabilinu 1951—55. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir tekjuöflun frá 14. aldursári, fyrsta árið 5% af fullum tekjum, en síðan hækkandi árlega, unz fullum tekjum er náð við fullnaðan 21 árs aldur. Reiknað á þennan hátt verður niðurstaðan sú, að verðmæti atvinnutjónsins á slysdegi nemi kr. 37.355.00 í fyrra tilvikinu, en kr. 42.141.00 í því síðara. Í báðum tilvikum er reiknað með 6% vöxtum p.a., dánarlíkum íslenzkra karla samkvæmt reynslu frá tímabilinu 1941—'50 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Hinn 21. júní 1960 gerði K. G. Guðmundsson nýjan útreikning á áætluðu atvinnutjóni Jóns Karlssonar vegna kaupgjaldsbreytinga, er orðið höfðu frá því fyrri útreikningur var gerður. M. a. lágu nú fyrir upplýsingar um meðalatvinnutekjur kvæntra daglaunamanna, iðnverkamanna og sjómanna fyrir árin 1956—'58. Reyndust þær á þessu árabili vera 37.5% hærri en verkamanna-

kaup fyrir dagvinnu eingöngu. Með því að leggja þær tekjur til grundvallar varð niðurstaðan kr. 50.578.00 í stað kr. 42.141.00 í fyrra útreikningi. Með því aftur á móti að leggja til grundvallar hækkað dagvinnukaup verkamanna samkvæmt Dagsbrúnartaxta, varð niðurstaðan kr. 41.078.00 í stað kr. 37.355.00 áður. Að öðru leyti voru notaðar sömu forsendur og í fyrra útreikningi.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem of háum.

Þegar virt eru gögn þau, sem þessi kröfuliður er studdur, svo og annað það, sem helzt kemur til álita við ákvörðun bóta samkvæmt honum, þykir hæfilegt að taka hann til greina með kr. 35.000.00.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum.

Þegar virt eru meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra samkvæmt læknisgögnum þeim, sem rakin hafa verið, þykir hæfilegt að dæma kr. 15.000.00 í bætur samkvæmt þessum kröfulið.

Úrslit málsins verða þá þau, að tjón stefnanda telst nema kr. 50.000.00 (kr. 35.000.00 + kr. 15.000.00). Þessa fjárhæð verður stefndi dæmdur itl að greiða stefnanda ásamt 6% ársvöxtum frá 4. marz 1952 til 22. febrúar 1960, en að því leyti er vaxtakröfunni ekki mótmælt, svo og 10% ársvöxtum frá 22. febrúar 1960 til greiðsludags, sbr. 31. gr. laga nr. 4/1960.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða útlagðan kostnað af málinu, kr. 1.820.00, en sú fjárhæð er ekki vefengd. Að lokum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflutningsmaður stefnanda, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 5.800.00 í málflutningslaun, en ríkissjóður kr. 200.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinn Þórarinsson, greiði stefnanda, Hirti Jónssyni vegna ófjárráða stjúpsonar hans, Jóns Karlssonar Lýðssonar, kr. 50.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. marz 1952 til 22. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda útlagðan kostnað af málinu, kr. 1.820.00, og kr. 6.000.00 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflutningsmaður stefnanda, Sveinbjörn

Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 5.800.00 í málflutningslaun, en ríkissjóður kr. 200.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. október 1961.

Nr. 13/1960. **Sigurður Sigurðsson** (Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Guðmundi Sigurðssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theodór B. Líndal.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1960. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framgang útburðargerðar. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu úrskurðar fógeta hefur margs háttar gagnasöfnun farið fram í bæjarþingsmáli málsaðilja, og hafa þau gögn verið lögð fyrir Hæstarétt í máli þessu. Þessi gögn eru þó eigi fullnægjandi til að hnekkja þeim rétti, er stefndi sem skráður eigandi nefndrar íbúðar samkvæmt þinglýsingarbókum og öðrum opinberum skjölum hefur til að segja upp afnotum íbúðarinnar. Ber því að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 4. janúar 1960.

Gerðarbeiðandi, Guðmundur Sigurðsson, búsettur í Keflavík, hefur krafizt þess, að gerðarþoli, Sigurður Sigurðsson, verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur að undanförnu haft til afnota í húsinu nr. 33 við Bergþórugötu. Gerðarbeiðandi hefur krafizt þess, að gerðarþola verði gert að greiða sér málskostnað.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu fógetagerðar og krafizt þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Mál þetta er tekið undir úrskurð, að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 20. nóvember s.l.

Samkvæmt veðbókarvottorði, sem lagt hefur verið fram í málinu, er gerðarbeiðandi máls þessa, Guðmundur Sigurðsson, eigandi 2. hæðar húseignarinnar nr. 33 við Bergþórugötu. Í íbúð þessari hefur gerðarþoli, Sigurður Sigurðsson, faðir gerðarbeiðanda, hafzt við undanfarin ár.

Í máli þessu liggur fyrir sem rskj. nr. 2 uppsögn, dagsett 21. janúar 1959, en þar segir gerðarbeiðandi gerðarþola upp afnotum húsnæðisins frá og með 14. maí s. á. Er þessi uppsögn birt fyrir gerðarþola af stefnuvottum hinn 24. janúar 1959.

Með bréfi til fógetaréttar Reykjavíkur, dags. 25. maí s.l., krefst gerðarbeiðandi útburðar á gerðarþola, með því að hann hafi ekki orðið á brott úr húsnæðinu þrátt fyrir löglega uppsögn.

Gerðarþoli heldur því fram, að uppsögnin á rskj. 2 sé markleysa og að réttur gerðarbeiðanda í þessu máli sé einnig á annan hátt ekki svo eindreginn, að útburðarkrafa þessi geti náð fram að ganga.

Málsútlistun hans er á þessa leið:

Hinn 28. febrúar 1939 hafi Bertel nokkur Andrésson selt móðurföður gerðarbeiðanda húseignina nr. 44 við Njálsgötu. Vegna annarlegra atvika hafi afsal Bertels fyrir eigninni verið látið hljóða á nafn Ásgeirs nokkurs Halldórssonar. Sjá hér rskj. nr. 5. Nú hafi móðuramma gerðarbeiðanda látizt sumarið 1939, og hafi þá dætur hennar tvær gert kröfu til þess að fá sinn arfahluta greiddan úr dánarbúinu, en aðrar eignir voru þar ekki fyrir hendi en nefnd fasteign. Þá kveðst gerðarþoli hafa keypt

erfðahluta þeirra tveggja í eigninni og greitt þeim hann í peningum, og þannig hafi hann eignazt ⅜ hluta eignarinnar, er með sé talinn arfahluti konu hans. Kveðst gerðarþoli nú hafa farið þess á leit við ekkilinn, Guðmund Helgason, tengdaföður sinn, að fá keyptan hans hlut í húseigninni, en Guðmundur hafi ekki viljað selja, en kvaðst heldur vilja gefa syni gerðarþola, sem nú er gerðarbeiðandi þessa útburðarmáls, eignarhlutann. Guðmundur hafi svo fengið ofannefndan Ásgeir Halldórsson til þess að gefa gerðarbeiðanda, þá tveggja ára gömlum, afsal fyrir eignarhlutanum. Afsal þetta er gefið út hinn 12. febrúar 1942, og hefur verið lagt fram í málinu sem rskj. nr. 6. Gerðarþoli kveðst hafa tekið við afsalinu sem lögráðamaður drengsins og eftir það annazt rekstur fasteignarinnar og greitt afborganir og vexti af áhvílandi skuldum.

Hinn 7. september 1950 hafi svo húseignin Njálsgata 44 verið seld fyrir kr. 120 þúsund, en fyrir 110 þúsund krónur af þeirri fjárhæð hafi 2. hæð hússins Bergþórugötu 33 verið keypt, sbr. rskj. nr. 7 og 8.

Kveðst gerðarþoli nú líta svo á, að þrátt fyrir það þótt afsalið fyrir Bergþórugötu 33 hafi verið látið hljóða á nafn gerðarbeiðanda, sjá rskj. 8, séu þeir aðiljarnir í raun réttri sameigendur að óskiptu að eignarhlutanum. Bendir gerðarþoli sérstaklega á, að hann hafi á sinni tíð verið eigandi hluta hússins Njálsgötu 44, en fyrir söluverð þeirrar eignar hafi íbúðin á Bergþórugötu 33 verið keypt. Þannig sé eignarrétti gerðarbeiðanda svo varið, að uppsögn hans á rskj. 2 verði að teljast með öllu marklaus.

Af hálfu gerðarbeiðanda er þessari málsútlistun gerðarþola mótmælt. Á það er bent, að gerðarþoli hafi á skattframtölum sínum ekki talið sig eiga neinn hluta húseignarinnar Bergþórugötu 33. Enn frekar á það, að gerðarþoli hafi haft ótalmörg tækifæri til að láta það koma fram, að hann teldi sig eiga hluta af húseignunum, ef svo hefði í raun og veru verið. Hann hafi og talið eignarhlutann í Bergþórugötu fram til skatts sem eign gerðarbeiðanda, sbr. framtöl, sem lögð hafa verið fram í málinu.

Umboðsmaður gerðarþola hefur lagt fram sem rskj. 16 stefnu til bæjarþings Reykjavíkur. Þar krefst gerðarþoli þess, að gerðarbeiðanda verði gert að afsala sér íbúð á 2. hæð hússins nr. 33 við Bergþórugötu gegn greiðslu á hálfu kaupverði íbúðarinnar, en til vara hálfu verðmæti hennar samkvæmt mati. Krefst umboðsmaður gerðarþola þess, að synjað verði um útburðargerðina vegna þessarar málshöfðunar fyrir bæjarþinginu.

Með tilliti til þess, sem fram hefur komið í málnu, sbr. sérstaklega veðbókarvottorðið og framtöl aðiljanna, þykir ekki verða hjá því komizt, að taka útburðarkröfuna til greina. Verður ekki litið svo á, að málshöfðun gerðarþola fyrir bæjarþingi Reykjavíkur breyti neinu í þessu efni. Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. október 1961.

Nr. 190/1960. **Sigurður Jóhann Ingibergsson**
(Hörður Ólafsson hdl.)
gegn
Vélsmiðjunni Héðni h/f
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason og Lárus Jóhannesson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.

Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. nóvember 1960 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 284.188.44 með 6% ársvöxtum frá 11. júní 1958 til 21. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda upp í málskostnað fyrir Hæstarétti kr. 5000.00.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Jóhann Ingibergsson, greiði stefnda, Vélsmiðjunni Héðni h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00. Laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f. m., hefur Sigurður Jóhann Ingibergsson vélvirkjanemi, Melhaga 10, Reykjavík, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 23. september 1959, gegn Vélsmiðjunni Héðni h/f, Seljavegi 2, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 292.327.00, með 6% ársvöxtum frá 11. júní 1958 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Hinn 25. september 1959 var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Málsatvik eru þessi:

Að morgni hins 11. júní 1958 var stefnandi, sem þá var nemi í vélvirkjun hjá stefnda, að vinna í frystihúsi h/f Júpíters og h/f Marz á Kirkjusandi í Reykjavík. Var hann ásamt tveim öðrum starfsmönnum stefnda, vélvirkjunum Þorbergi Þórarinssyni og Páli Arnari Péturssyni, að festa klemmur utan um frystivökvaslöngur í frystiherbergi hússins. Svo hagaði til, þar sem þeir voru að þessu verki, að um 10 frystipönnum er staflað upp í lóðrétta röð ofan á lyftitæki, sem staðsett er á gólfi. Eru margir slíkir pönnustaflar í einfaldri röð eftir endilöngu herberginu og lyftitæki undir

hverjum stafla. Meðfram pönnunum framanverðum er timburþil frá lofti til gólfs, og eru dyr í þilið framan við hvern pönnustafla. Á pönnunum aftanverðum eru stútar, einn við hvort afturhorn. Er sverum gúmmíslöngum, sem flytja frystivökvann, smeygt upp á þessa stúta, en í hinn endann er slöngunum smeygt upp á stúta, sem áfastir eru frystiröri, sem rís lóðrétt upp, þar sem hverjir tveir pönnustaflar koma saman. Þegar slöngunum hefur verið fest á stútana, mynda þær hálfhring, og þar sem þær koma hver upp af annarri með jöfnu millibili, eru þær eins og feiknstórir gormar til að sjá. Aftan við þessar slöngur, sem segja má, að þeki næstum alveg bakhlið frystitækjanna upp í mannhæð frá gólfi, er 85 cm breiður gangur eftir endilöngu frystiherberginu. Út í gang þenna skaga með nokkurra metra millibili lóðréttar steinsúlur, og þrengist gangurinn mjög framundan þeim. Eins og fyrr var getið, var stefnandi og starfsfélagar hans að festa klemmur utan um slönguendana umræddan morgun. Í stuttu máli má lýsa slíkri klemmu þannig, að hún er mjór, hringlaga málmrenningur. Á öðrum enda þessa rennings er málmhylki, og er skrúfbolti með rauf í hausnum fyrir skrúfjárn skorðaður í hylki þessu. Inn í hylkið ofan á þann enda renningsins, sem það er áfast, en undir skrúfboltann, gengur hinn endi renningsins, og eru upphleyptar þverrákir á efra borði þess enda. Grípur skrúfboltinn í þessar rákir, þegar skrúfan er hert, og dregur endann að sér, en við það þrengist klemmuhringurinn. Stefnandi og félagar hans stóðu að þessu verki á ganginum á bak við slöngurnar. Eitt sinn er stefnandi var að herða skrúfu einnar klemmunnar, sem hann gizkar á, að hafi verið í um axlar hæð frá gólfi, skrikaði honum fótur með þeim afleiðingum, að skrúfjárnið, sem hann notaði við verkið, stakkst í opið hægra auga hans, og ónýttist augað.

Slys þetta var ekki rannsakað fyrr en í marz 1959 og þá að tilhlutun lögmanns stefnanda. Eru ekki aðrir til frásagnar um slysið en stefnandi og menn þeir, sem með honum unnu, er slysið varð. Hafa þeir allir staðfest skýrslur sínar fyrir dómi, stefnandi 1. febrúar 1960, en vitnin 19. apríl s. á.

Stefnandi skýrir svo frá, að er slysið varð, hafi hann verið búinn að festa margar klemmur. Kveðst hann hafa farið þannig að, að hann hafi beint skrúfjárninu skáhallt upp, en á þann hátt hafi verið þægilegast að herða skrúfurnar. Hann getur þess jafnframt, að hægt hafi verið að hagræða klemmunum til og beina skrúfjárninu í ýmsar áttir. Skrúfjárninu kveðst hann hafa beint frá sér. Hann kveðst hafa orðið að beita talsverðu átaki, er hann

herti skrúfurnar, og því þurft að spyrna nokkuð í gólfið. Er hann var í þann mund að ljúka við að fullherða eina skrúfuna, hafi annar fótur hans runnið til, en við það hafi skrúfjárnið hrokkið af skrúfuhausnum með fyrrgreindum afleiðingum. Um orsök þess, að stefnandi rann til, skýrir hann rannsóknarlögreglunni svo frá, að hann haldi, að því hafi valdið, að olía eða feiti hafi verið neðan á skóm sínum, en skammt frá þeim stað, þar sem þeir voru að vinnu sinni, hafi olía eða feiti verið á gólfinu og hafi þeir orðið að ganga þar yfir til þess að komast þangað, sem þeir voru að vinna. Feiti þessi hafi verið þannig til komin, að eitt lyftitækið hafi lekið nokkuð og feiti smitað út frá því nokkuð út á gólfið. Feiti hafi á hinn bóginn engin verið á gólfinu, þar sem þeir voru að vinna. Þá getur stefnandi þess, að vatnsbleyta hafi verið á gólfinu í frystiherberginu sökum þess, að verið var að þíða klaka af frystitækjunum. Er stefnandi var nánar inntur eftir orsökum slyssins fyrir dómi, skýrði hann svo frá, að hann hafi ekki vitað um olíu á gólfi frystiherbergisins, er slysið varð, heldur hafi honum verið sagt frá því eftir á, að olía hafi verið á gólfinu. Ekki kveðst stefnandi hafa verið búinn að finna fyrir því, áður en hann hrasaði, að hált væri á gólfinu.

Vitnið *Þorbergur Þórarinsson* vélvirki kveðst hafa haft á hendi á vegum stefnda umsjón með verki því, er þeir stefnandi voru þarna að vinna við. Vitnið kveðst ekki hafa gefið stefnanda nein fyrirmæli um það, hvernig hann ætti að framkvæma verkið. Engar ákveðnar reglur séu til um það, hvernig fara eigi að við slíkt verk. Ráði þar mestu aðstaðan hverju sinni og þá jafnframt, hvernig sé þægilegast að haga verkinu. Vitnið segir, að eftir slysið hafi stefnandi tjáð því, að honum hefði skrikað fótur á hálu gólfinu og að við það hefði skrúfjárnið hrokkið út af skrúfunni með fyrrgreindum afleiðingum. Vitnið segir í skýrslu sinni til lögreglunnar, að vatnsbleyta hafi verið á gólfinu í frystiherberginu, og kveður það sig minna, að gólfið hafi verið nokkuð sleipt vegna einhvers konar feiti eða olíu, er komið hafi frá einu lyftitækinu. Vegna bleytunnar á gólfinu og þrengslanna, sem þarna voru, hafi þurft að gæta fyllstu varúðar. Fyrir dómi kveðst vitnið ekki muna nánar, hvar feiti eða olía hafi verið á gólfinu eða hvort þeir hafi veitt því athygli fyrir eða eftir slysið, að feiti var á gólfinu.

Vitnið *Páll Arnar Pétursson* skýrir svo frá, að við framkvæmd á slíku verki, er þeir félagar unnu að umrætt sinn, sé ýmist, að skrúfjárninu sé beint upp, niður eða til hliðar. Fari það alveg eftir því, hver aðstaðan sé við hverja klemmu. Vitnið segir, að gólfið

í frystiherberginu hafi verið rennblautt, en það kveðst aftur á móti ekki geta um það sagt, hvort nokkur olía eða feiti voru á gólfinu, þar sem stefnandi var staddur, er hann varð fyrir slysinu. Hafi hann og ekki veitt því sérstaka athygli. Vitnið tekur þó fram, að því finnist trúlegt, að einhver olía hafi verið þarna á gólfinu, því að mjög sé algengt, að olía smiti frá tækjum og einnig, að olía komi undan pönnunum, þegar verið sé að skipta um þær, svo sem þeir hafi þá nýlega verið búnir að gera, er slysið varð.

Stefnandi kveðst hafa legið í sjúkrahúsi 2 mánuði eftir slysið og gengið til læknis jafnlangan tíma, eftir að hann kom af sjúkrahúsinu. Eftir það kveðst hann hafa farið að vinna. Hinn 1. apríl 1959 var örorka stefnanda af völdum slyssins metin af Bergþóri Smára lækni. Var stefnandi metinn 20% varanlegur öryrki. Hinn 17. apríl 1959 var áætlað atvinnutjón stefnanda, miðað við 20% varanlega örorku, reiknað út af Guðjóni Hansen cand. act. Reiknaðist honum verðmæti þess nema kr. 166.007.00, ef lagt var til grundvallar kaup járnsmiðs, en kr. 180.416.00, ef miðað var við meðaltekjur kvæntra iðnaðarmanna á árunum 1951—1957 samkvæmt rannsókn á þeim, er framkvæmd hefur verið á vegum Hagstofu Íslands.

Stefnandi er ókvæntur. Hann er talinn fæddur 3. júní 1939 og hefur því verið 19 ára gamall, er hann varð fyrir slysinu. Hann hafði þá verið tvö ár við nám í iðngrein sinni.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að stefndi beri óskipta fébótaábyrgð á tjóni hans af völdum slyssins. Í stefnu málsins færir hann að þessu þau rök, að stefndi hafi haft framkvæmd verks þess á hendi, er hann vann að, er hann slasaðist, og forráðamenn stefnda séð um alla tilhögun verksins, en hann verið starfsmaður stefnda. Þess sé og að gæta, að hann hafi verið nemi í iðn sinni hjá stefnda, og af þeim sökum hafi forráðamönnum fyrirtækisins og verkstjórum borið sérstaklega rík skylda til að leiðbeina honum, fylgjast með störfum hans og benda honum á hættur, er þeim kynnu að vera samfara. Við munnlegan flutning málsins voru þessi atriði ítrekuð og þá jafnframt vitnað til 5. gr. laga nr. 23/1952. Þá var og lögð áherzla á það, að olía hafi verið á gólfinu í frystiherberginu, sem stefnandi hafi ekki átt kost á að varast, en þessi olía á gólfinu hafi verið aðalorsök slyssins.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að slysið verði eingöngu rakið til ógætni stefnanda sjálfs og hreinnar slysni. Að því er fyrra atriðið varðar, bendir stefndi á aðferð stefnanda við verk-

ið: Að hann hafi skrúfað upp fyrir sig, enda þótt honum hafi verið í lófa lagið, að beina skrúfjárninu á hvern annan veg sem var. Viðurkennt er, að gólfið í frystiherberginu hafi verið blautt af vatni, en á hinn bóginn er því mótmælt, að feiti eða olía hafi verið á gólfinu. Yrði ekki á þau mótmæli fallizt, er því haldið fram, að stefnandi hafi átt þess hægan kost að varast að stíga þar niður, sem olía var á gólfinu.

Dómendur hafa kynnt sér aðstæður í frystiherberginu, þar sem stefnandi slasaðist, en í aðalatriðum er þar óbreytt umhorfs frá því, sem var, er slysið varð. Stefnandi var viðstaddur athugun dómenda á vettvangi og sýndi þeim, eftir því sem minni hans leyfði, hvernig hann hafði borið sig að við verk sitt. Verk þetta er einfalt og vandalítið og krefst mjög lítillar kunnáttu. Nokkuð er misjöfn aðstaðan við að skrúfa hinar einstöku klemmur, og verður því skrúfjárninu ekki alltaf beitt eins. Á það einkum við um efstu klemmurnar, sem eru í rúmlega meðalmanns hæð frá gólfi. Aðstaðan við hverja klemmu ræður þannig mestu um það, hvernig skrúfjárninu verður auðveldast beitt. Stefnandi kveðst hafa beitt skrúfjárninu skáhallt upp og frá sér. Virðist sú beiting skrúfjárnsins ekki hafa verið óeðlileg, þegar þess er gætt, að hann var þá að herða eina af efstu klemmunum. Slysið verður því ekki rakið til þess, að beitt hafi verið rangri vinnuaðferð, enda er það iðulega svo, að ekki verður hjá því komizt, að beita skrúfjárni upp fyrir sig að einhverju eða öllu leyti. Vatnsagi nokkur var á gólfi frystiherbergisins, og líkur eru færðar að því, að einhver brögð hafi verið að því, að feiti eða olía væri á gólfinu. Við slíku má ávallt búast á stað sem þessum. Og er ekki við neinn um slíkt að sakast. Allar líkur eru til þess, að ástand gólfsins að þessu leyti hafi valdið því, að stefnandi rann til með þeim afleiðingum, að skrúfjárnið geigaði af skrúfuhausnum. Stefnandi var að vísu nemi hjá stefnda á þessum tíma, en var þá orðinn 19 ára gamall og hafði að baki tveggja ára verklegt nám í iðngrein sinni. Stefnandi hafði ekki orðið þess var, er slysið varð, að hált væri á gólfinu, og eigi virðist hafa verið brýnt sérstaklega fyrir honum umrætt sinn að vera við slíku búinn, en með tilliti til reynslu hans og aðstæðna þarna mátti gera ráð fyrir, að honum væri slíkt ljóst. Að öllu athuguðu eru ekki efni til að sakast við neinn um slys þetta, hvorki forráðamenn stefnda, starfsmenn hans né stefnanda sjálfan. Verður slysið eigi til annars rakið en hreinnar slysni. Að svo vöxnu máli eru ekki skilyrði til að leggja á stefnda

fébótaábyrgð á slysinu og tjóni stefnanda af þess völdum. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómendunum Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut og Þorvaldi Brynjólfssyni járnsmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Héðinn h/f, er í máli þessu sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Jóhanns Ingibergssonar.

Málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 16. október 1961.

Nr. 93/1961. **Ákæruvaldið** (Gísli G. Ísleifsson hdl.)
gegn
Jóni Óskari Jónssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theodór B. Líndal.

Bifreiðar. Ákæra um brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Atburðir þeir, sem mál þetta er af risið, gerðust 22. júlí 1959. Lögreglumenn, er þá fjölluðu um mál ákærða, létu undir höfuð leggjast að hlutast til um rannsókn áfengismagns í blóði hans, sbr. 54. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, 25. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Þá virðist athugun lögreglu-

mannanna á ákærða eigi hafa verið svo nákvæm sem skyldi, og eigi voru þeir kvaddir vættis um sakarefni fyrr en hinn 17. nóvember 1960. Eigi er fram komið, að lögreglumennirnir hafi gert ákærða ljóst, að hann væri borinn þeim sökum, sem um var að tefla, og engin skýrsla var af honum tekin, fyrr en hann kom fyrir sakadóm hinn 19. janúar 1960. Skýrslur vitna, sem fram hafa komið í málinu og raktar eru í héraðsdómi, eru ósamhljóða um það, hvort ákærði hafi verið með áhrifum áfengis á þeim tíma, er hér skiptir máli, en því hefur hann staðfastlega neitað.

Þegar virt er það, sem nú var rakið, verður ekki talið sannað, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum við akstur bifreiðar sinnar, en honum urðu mistök um stjórn hennar, svo sem í héraðsdómi greinir. Ákærða verður því dæmd sýkna af ákæru um brot gegn 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og þeim ákvæðum áfengislaga nr. 58/1954, er í ákæru getur, en 500 króna sekt til ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. laga nr. 26/1958, og komi varðhald 2 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum og 2. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála er rétt, að sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist að hálfu af ákærða og að hálfu úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, kr. 1500.00, og laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Óskar Jónsson, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 2 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist að hálfu af ákærða og að hálfu úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, Guðjóns Steingrímssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1500.00, og laun sækjanda og

verjanda fyrir Hæstarétti, Gísla G. Ísleifssonar héraðsdómslögmanns og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 16. febrúar 1961.

Ár 1961, fimmtudaginn 16. febrúar, var í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn var af Tómasi Tómassyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Jóni Óskari Jónssyni, en mál þetta var dómtekið nú í dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu í Dómsmálaráðuneytinu hinn 7. marz 1960, er Jón Óskar Jónsson bifreiðarstjóri, Hafnargötu 78, Keflavík, ákærður fyrir að hafa um kl. 2130 miðvikudaginn 22. júlí 1959 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni Ö 101 frá bifreiðastæði við Sérleyfisbílastöð Keflavíkur og að Hafnargötu 78 svo og fyrir að hafa ekki sýnt næga aðgæzlu, er hann ók af stað á nefndu bílastæði, en þar ók hann utan í bifreiðina G 1502. Telst brot ákærða varða við 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann er fæddur 17. apríl 1915 að Ytri-Tungu í Staðarsveit, og hefur hann svo kunnugt sé, sætt kærum og refsingum, svo sem hér segir:

Í Keflavík:

1950 10/8 Dómur: 18.500 kr. sekt fyrir dragnótaveiðar í landhelgi.

1958 12/9 Dómur: 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.

Málavextir eru í höfuðdráttum þessir:

Klukkan 2210 miðvikudaginn 22. júlí 1959 tilkynnti Árni Eiríksson, Grindavík, lögreglumönnum hér, að búið væri að aka á bifreið hans, G 1502, þar sem hún stóð á bifreiðastæði Sérleyfisbifreiða Keflavíkur, og grunaði hann, að bifreiðinni Ö 101 hefði verið bakkað á bifreið sína. Hefði þetta skeð á tímanum 2115 til 2150. Tveir lögreglumenn fóru á staðinn. Þar fundu þeir meðal annars glerbrot, sem síðar kom greinilega í ljós, að var

úr afturljósi bifreiðarinnar Ö 101. Þá bifreið fundu þeir fyrir utan húsið nr. 78 við Hafnargötu. Klukkan 2245 höfðu lögreglumenn tal af Jóni Óskari Jónssyni, ákærða í máli þessu. Var hann vakinn upp. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni Ö 101 frá sérleyfisstöðinni og heim, en kvaðst ekki vita til að hafa ekið utan í neinn bíl. Lögreglumenn töldu ákærða sýnilega ölvaðan, var hann þvöglumæltur og daufeygður, en ekki fóru þeir með hann til blóðtöku.

Ákærði hefur neitað því fyrir rétti að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn umrætt kvöld. Hann kveðst ekki hafa smakkað áfengi þenna dag. Hins vegar kveðst hann hafa verið syfjaður, enda hafi hann sofið frekar lítið nóttina áður. Hann kveðst hins vegar minnast þess að hafa leyft Árna Eiríkssyni að leggja bifreið sinni á bifreiðastæðið, en þegar hann hafi ætlað heim um kl. 9½ um kvöldið, þá hafi hann séð, að Árni hafi lagt bifreiðinni svo illa fyrir Ö 101, að hann hafi átt í erfiðleikum með að komast af bifreiðastæðinu. Varð hann að taka margsinnis aftur á bak og áfram á víxl til þess að losna. Kveðst hann sennilega hafa komið eitthvað við bifreið Árna í þessum þrengslum, þó hann hafi eigi orðið þeirrar ákomu var. Ákærði kveðst svo fljótlega hafa farið í rúmið, er heim kom.

Lögreglumennirnir Hafsteinn Magnússon og Björn Jóhannsson fóru á staðinn, er tilkynnt hafði verið um, að ekið hefði verið utan í bifreiðina G 1502. Þeir fundu þar rauð glerbrot. Þar eð tilkynnanda grunaði, að það hefði verið bifreiðin Ö 101, sem ók á G 1502, þá fóru þeir lögreglumennirnir að Hafnargötu 78 og fundu þar bifreiðina Ö 101, og kom þá greinilega í ljós, að rauðu glerbrotin voru af afturljósi vinstra megin á Ö 101, og einnig sáu þeir nýja smárispu á afturstuðaranum.

Vitnið Hafsteinn Magnússon lögreglumaður segir, að þeir lögreglumenn hafi haft tal af ákærða. Í lögregluskýrslu sinni kveður vitnið ákærða hafa sagzt hafa ekið Ö 101 frá sérleyfisbílastöðinni og að Hafnargötu 78, en ekki kvaðst hann vita til að hafa ekið á neinn bíl. Vitnið segir, að klukkan hafi verið orðin 2245, er þeir lögreglumenn hittu ákærða, en þá hafi hann sýnilega verið ölvaður, þvöglumæltur og daufeygður. Vitnið segir, að tilkynnandi árekstursins hafi sagt þeim, að ákærði hafi verið mjög ölvaður um kl. 2115. Er vitnið kom fyrir rétt og staðfesti skýrslu sína, sagði það, að í fyrstu hefði ákærði neitað því að hafa ekið og sagt, að Júlíus Kristinsson hefði gert það, en þetta hafi hann svo tekið aftur og játað að hafa ekið sjálfur, en vegna

ölvunar ákærða hafi þeir lögreglumennirnir samt farið og ætlað að hafa upp á Júlíusi, en hann hafi þá fyrr þenna sama dag farið norður í land. Fyrir réttinum staðfesti vitnið, að það sé þess fullvíst, að ákærði hafi verið ölvaður í umrætt skipti. Og vitnið segir, að einmitt þess vegna, að þeir báðir lögreglumennirnir voru vitni að ölvun ákærða svo og einnig tilkynnandi árekstursins og Jóhanna Júlíusdóttir, en bæði þessi vitni höfðu lögreglumennirnir talað við, áður en þeir fundu ákærða, þá hafi þeir eigi talið ástæðu til þess að færa ákærða til blóðtöku.

Vitnið Björn Jóhannsson lögreglumaður var með Hafsteini Magnússyni, er þeir lögreglumennirnir höfðu tal af ákærða. Segir vitnið, að ákærði hafi greinilega verið mjög drukkinn. Hafi hann bæði verið rauður og þrútinn í andliti, allur mjög slappur, þvöglumæltur og drafandi. Vitnið segir, að ákærði hafi sagt þeim, að Júlíus Kristinsson hafi ekið bifreiðinni Ö 101, en það kveðst hins vegar ekki beinlínis minnast þess, að ákærði hafi tekið þau ummæli aftur og játað að hafa ekið sjálfur, en vitnið kveðst hins vegar hafa séð lögregluskýrslu þá, sem Hafsteinn Magnússon gerði um málið, strax og hún var gerð, og kveðst vitnið þá ekkert hafa haft að athuga við hana. Vitnið segir, að þeir lögreglumennirnir hafi eigi talið nauðsynlegt að rífa ákærða upp úr rúminu til blóðtöku, þar sem þeir voru báðir búnir að sjá, að hann var ölvaður, svo og tvö önnur vitni.

Vitnið Árni Eiríksson bifreiðarstjóri kveðst um kl. 2115 umræddan dag hafa fengið leyfi ákærða til þess að leggja bifreið sinni G 1502 á bifreiðastæði Sérleyfisbifreiða Keflavíkur. Vitnið brá sér síðan frá, en kom aftur um kl. 2200, sá það þá, að ekið hafði verið á bifreið þess. Afgreiðslustúlka fólksbílastöðvar þar hjá hafði síðan tjáð vitninu, að ákærði hefði ekið á bifreiðina, og tilkynnti vitnið lögreglunni örskömmu síðar um áreksturinn. Vitnið segir, að ákærði hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis, er vitnið hefði haft tal af honum um kl. 2115 umrætt kvöld. Kveðst vitnið þekkja ákærða mæta vel, sjá hann nær daglega, og kveðst því alveg öruggt um, að ákærði hafi verið ölvaður.

Vitnið Jóhanna Júlíusdóttir var umrætt kvöld við afgreiðslustörf í útibúi Aðalstöðvarinnar að Hafnargötu 13, en það er beint andspænis bifreiðastæði sérleyfisbifreiðanna. Vitnið segir, að kl. 2135 hafi það séð ákærða koma út úr húsi sérleyfisbifreiðanna, hafi hann setzt upp í bifreiðina Ö 101. Hafi hann síðan ekið bifreiðinni aftur á bak og lent þá með afturenda bifreiðarinnar á bifreiðinni G 1502. Þá hafi ákærði ekið áfram, en lent þá á

trékefli undan rafmagnsvír. Enn hafi hann bakkað, en því næst ekið áfram suður Hafnargötu. Vitnið segir, að ákærði hafi eigi farið út úr bifreiðinni til að aðgæta, hvort tjón hefði hlotizt af árekstrinum. Vitnið segir, að ákærði hafi, er hann gekk að bifreiðinni, reikað áberandi í spori og hafi vitninu fundizt á göngulagi hans, að hann mundi vera ölvaður. Vitnið segir einnig, að ákærði hafi fyrr um daginn komið inn á bifreiðastöðina til vitnisins og fengið leigubíl, hafi klukkuna þá vantað 10 mínútur í 5 síðdegis. Segir vitnið, að ákærði hafi verið ölvaður þá. Bæði hafi framkoma hans þá verið slík, að það leyndi sér ekki, að hann var ölvaður, og einnig kveðst vitnið hafa séð, að hann reikaði í spori. Vitnið kveðst þekkja ákærða vel, því hann komi þarna á stöðina nær því á hverjum degi.

Vitnið Einar Einarsson leigubílstjóri kveðst hafa ekið ákærða umræddan dag. Vitnið minnti í fyrstu, að það hefði verið á tímanum milli kl. 1300 og 1530, en það leiðrétti síðar þann framburð sinn og kvað það hafa verið, er klukkuna vantaði 10 mínútur í 5 s.d. Vitnið segir, að í umrætt skipti hafi því virzt ákærði vera ölvaður. Við lögreglurannsóknina segir vitnið ákærða hafa verið sjáanlega undir áfengisáhrifum, en þó ekki mjög. Vitnið kveður ölvunareinkenni þau, að sterka áfengislykt hafi lagt úr vitum ákærða, og eins hafi vitninu virzt hann reika í spori, er hann gekk að leigubifreiðinni. Vitnið segir, að ákærði hafi setið í framsætinu hjá vitninu og lítið sagt við vitnið annað en hvert hann óskaði að aka. Ekki kveðst vitnið hafa séð ákærða hreyfa vín né vera með slíkt og ekki hafi hann heldur minnzt á slíkt við sig. Vitnið segir, að ákærði hafi beðið sig að aka að Aðalstöðinni, Hafnargötu 86, síðan að útibúinu, Hafnargötu 55. Ekki kveður vitnið sér hafa sýnzt hann eiga neitt erindi á þessa staði. Hann hafi á hvorugum staðnum farið út úr bílnum. Síðan hafi hann beðið um að aka sér að Hafnargötu 82. Þar hafi hann séð mann á götunni, sem vitnið þekkti ekki. Bað ákærði þá vitnið að stoppa, greiddi þar bílinn og gaf sig á tal við mann þenna.

Vitnið Guðmundur Kristmann Guðmundsson, bifreiðastjóri hjá Sérleyfisbifreiðum Keflavíkur, kveðst hafa komið með áætlunarbifreiðinni, sem kom til Keflavíkur laust eftir kl. 2000 frá Reykjavík. Kveðst vitnið hafa stoppað lítið á stöðinni, en farið til Sandgerðis. Vitnið kveðst hafa séð ákærða í afgreiðslusal stöðvarinnar, er það kom frá Reykjavík, en ekki veitt honum neinar sérstakar gætur, enda hafi það stanzað aðeins örskamma stund. Vitnið kveðst því eigi geta sagt um það, hvort ákærði hafi verið

undir áhrifum áfengis, en það segir hins vegar, að það minnist þess ekki, að neitt sérstakt væri eða óeðlilegt í fari ákærða eða fasi.

Vitnið Sigurður Gíslason bifreiðaviðgerðarmaður, starfsmaður á verkstæði sérleyfisbifreiðanna, kveðst af og til hafa komið í afgreiðslu félagsins umrætt kvöld. Ekki kveðst vitnið þó hafa verið þar, er Árni Eiríksson kom þar, né heldur er ákærði ók frá stöðinni. Vitnið kveðst af og til hafa séð ákærða þenna dag, hafi hann komið í bifreiðaverkstæðið. Ekki kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að ákærði væri þá með áfengi eða hefði það um hönd, og ekki kveðst það hafa orðið vart áfengisáhrifa á honum. Seinni part dagsins eða fyrripart kvöldsins kveðst vitnið hafa komið í afgreiðsluna og séð ákærða þar og rætt við hann, og kveðst það ekki hafa orðið vart áfengisáhrifa á honum. Vitnið segir, að nóttina áður hafi þeir ákærði og vitnið verið að vinna á bifreiðaverkstæðinu nokkuð fram eftir, eða fram til klukkan um 4 um nóttina. Ekkert vín hafi þá verið haft um hönd.

Að ósk skipaðs verjanda ákærða voru leidd fyrir dóminn sem vitni Maríus Guðmundur Guðlaugur Sigurjónsson og Steinunn Þorsteinsdóttir.

Vitnið Maríus Guðmundur Guðlaugur Sigurjónsson, bifreiðastjóri hjá Sérleyfisbifreiðum Keflavíkur, kveðst hafa komið á afgreiðsluna um 20 mínútum fyrir níu umrætt kvöld og hafa svo farið með áætlunarbílinn til Reykjavíkur 15 mínútur yfir níu. Vitnið segir, að ákærði hafi komið inn í kaffistofu þeirra bílstjóranna, skömmu eftir að það kom þar, og segist vitnið vera þess fullvíst, að ákærði hafi eigi verið undir áhrifum áfengis þá. Vitnið kveðst þekkja ákærða vel og það leynist því illa, ef hann er með áhrifum áfengis.

Vitnið Steinunn Þorsteinsdóttir, afgreiðslustúlka hjá sérleyfisbifreiðunum, segist hafa umrætt kvöld farið í bíó klukkan níu, og hafi það því beðið ákærða að standa fyrir sig og ganga frá stöðinni og loka, þegar áætlunarbíllinn til Reykjavíkur, sem fer kl. 0915 e. h., væri farinn. Ákærði hafi gert þetta. Ekki kveðst vitnið minnast þess, að neitt óeðlilegt væri í fari ákærða, og vitnið kveðst öruggt um það, að það hefði aldrei beðið hann að vinna fyrir sig, ef það hefði séð, að hann var undir áhrifum áfengis. Vitnið kveðst hafa unnið í sex ár samtímis ákærða hjá sérleyfisbifreiðunum.

Telja verður, að vætti lögreglumannanna beri einkum að leggja til grundvallar í máli þessu. Þeir hafa tal af ákærða, um einni

og hálfri klukkustund eftir að hann ekur, og ákærði aldrei haldið því fram, að hafa neytt áfengis á þeim millitíma. Lögreglumennirnir athuga einmitt sérstaklega útlit og fas ákærða með það fyrir augum, hvort hann sé ölvaður eða ekki, og það er samhljóða vætti þeirra beggja, að ákærði hafi örugglega verið ölvaður í þetta skipti, og gefur lögreglan skýrslu þar um strax. Tvö vitni, sem lögreglan hafði strax tal af, Árni Eiríksson, sem talaði við ákærða ca kortéri áður en ákærði ók, og Jóhanna Júlíusdóttir, sem sá ákærða ganga að bílnum og aka af stað, staðfesta og þenna framburð lögreglumannanna. Það verður hins vegar eigi unnt að leggja eins mikið upp úr því, að samstarfsmenn ákærða, sem vitni hafa borið, hafi eigi séð vín á honum. Vitnið Guðmundur Kristmann veitti honum t. d. ekki neinar sérstakar gætur. Ekki er vitað, hvenær vitnið Sigurður Gíslason sá ákærða síðast, en það þó sennilega verið nokkru áður en ákærði ók. Vitnið Steinunn Þorsteinsdóttir hefur og tal af ákærða, minnsta kosti hálftíma til þremur korterum áður en hann ók, og er því hugsanlegt, að ákærði hafi neytt áfengis á þessum tíma. Þá er og með síðastnefnt vitni svo og vitnið Maríus Guðmund Guðlaug Sigurjónsson, að langt líður, frá því atvikið skeður og þar til þau bera um það.

Með hliðsjón af framanrituðu þykir þrátt fyrir neitun ákærða sannað, að hann hafi í umrætt sinn ekið bifreiðinni Ö 101 frá bifreiðastæðinu við Sérleyfisbílastöð Keflavíkur og að Hafnargötu 78 og verið þá með áhrifum áfengis og, er hann ók af nefndu bifreiðastæði, ekið utan í bifreiðina G 1502, og hefur ákærði með framanrituðu atferli gerzt brotlegur við 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, eins og í ákæruskjali greinir, og þykir refsing hans samkvæmt nefndum lagaákvæðum hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Guðjóns Steingrímssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 1500.00 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Óskar Jónsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda, Guðjóns Steingrímssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. október 1961.

Nr. 20/1959. **Eyjólfur Þórarinsson** (Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka
(Eyjólfur K. Jónsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theodór B. Líndal.

Félagsréttindi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 181.791.39, til vara lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar, ásamt 6% ársvöxtum frá 19. marz 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, en til vara lækkunar á kröfum áfrýjanda, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Eyjólfur Þórarinsson, greiði stefnda, Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara og prófessors Theodórs B. Líndals.

Eins og mál þetta er lagt fyrir dómstóla, þykir verða að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Til hins stefnda félagsskapar var stofnað meðal annars í því skyni að tryggja þátttakendum sérstaka og betri aðstöðu til starfa fyrir varnarliðið en utanfélagsmenn fengu notið. Rafvirkjameisturunum var því mikilsvert að eiga greiðan aðgang til þátttöku.

Réttarstaða þeirra, er hlut áttu að máli, var hins vegar eigi skýr að lögum, og auk þess virðist stjórn samtakanna hafa verið nokkuð tvíráð um það, hvernig inngöngu áfrýjanda skyldi hagað.

Að þannig vöxnu máli teljum við rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð okkar er því:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið 19. f. m., hefur Eyjólfur Þórarinsson rafvirkjameistari, Keflavík, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. marz 1956, gegn stjórn Rafvirkjadeildar Sameinaðra verktaka f. h. deildarinnar, þeim Johan Rönning rafvirkjameistara, Bústaðabletti 17, Vilberg Guðmundssyni rafvirkjameistara, Sörlaskjóli 22, og Þórði Finnbogasyni rafvirkjameistara, Egilsgötu 30, öllum hér í bænum, til greiðslu á kr. 181.791.39 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskosnaðar, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að hann hafi flutzt frá Akureyri til Keflavíkur vorið 1954. Hafi hann hugsað sér að fá vinnu í iðngrein sinni hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og annars staðar, þar sem framkvæmdir væru á þess vegum, en brátt hafi hann orðið þess vísari, að hann fengi ekki að starfa fyrir varnarliðið, nema hann væri meðlimur í Rafvirkjadeild

Sameinaðra verktaka, er honum hafi skilizt njóta einkaleyfis ríkisstjórnarinnar til samninga við varnarliðið fyrir hönd þessarar iðngreinar og að hverjum einstökum rafvirkjameistara væri því óheimilt að vinna fyrir varnarliðið í eigin nafni eða semja við það. Kveðst stefnandi hafa talið slíka skipan mála því aðeins lögmæta, að allir rafvirkjameistarar hefðu jafnan rétt til þeirrar vinnu, sem til félli hjá varnarliðinu, og að þeir ættu þar af leiðandi rétt til að verða meðlimir samtakanna, jafnskjótt og þeir sæktu um það og tjáðu sig reiðubúna til að greiða að sínu leyti sameiginlegan kostnað, sem af vinnumiðluninni stafaði. Kveðst hann því hafa sótt um inngöngu í samtökin þegar um vorið 1954, en segir, að þeirri beiðni hafi ekki verið sinnt. Hins vegar hafi sér tekizt að útvega sér vinnu hjá öðrum fram til 1. október 1954, og hafi hann því ekki haft tjón af þessu til þess tíma. En síðan hafi liðið svo mánuðirnir október og nóvember og tólf dagar af desember, að hann hafi enn ekki fengið inngöngu. Allt það tímabil kveðst hann hafa verið vinnulaus, þótt verkefni hafi verið næg hjá varnarliðinu. Telur stefnandi stefnda skylt að bæta það atvinnutjón, er hann kveðst hafa beðið. Fjárhæð bótakröfunnar verður rakin síðar. Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi fengið vinnu fyrir lærling á sínum vegum hinn 22. nóvember 1954, og hafi lærlingur þessi haft vinnu í Hornafirði hjá varnarliðinu til 29. janúar 1955, en þann dag hafi hann verið látinn hætta vinnu fyrirvaralaust og án tilefnis. Telur stefnandi sig hafa beðið tjón af brottvikningu lærlingsins og að stefnda sé skylt að bæta það. Fjárhæð bótakröfunnar verður skýrð síðar. Stefnandi kveðst sjálfur hafa fengið verk að vinna hinn 13. desember 1954 og hafa haldið því áfram til 8. janúar 1955, en þann dag hafi honum verið tjáð, að „vinnukvóti“ hans væri búinn og hann verið látinn hætta. Kveðst hann hafa misst við þetta vinnu í þrjá daga (8., 9. og 10. janúar 1955) og telur stefnda skylt að bæta það tjón, er hann hafi beðið af þeim sökum. Bótakrafan verður greind síðar. Þegar hér var komið, kveðst stefnandi hafa orðið að taka þann kost að ráða sig til starfs hjá manni, sem stefnda taldi fullgildan meðlim, og vann stefnandi hjá manni þessum um tímabilið frá 11. janúar til 30. júní 1955. Lét maður þessi stefnanda eftir 90% af því kaupi, sem stefnandi vann fyrir. Telur stefnandi stefnda skylt til að bæta þau 10%, er hann fór á mis við. Fjárhæðin verður rakin síðar. Að þessum tíma liðnum hætti stefnandi að starfa á vegum stefnda og vann annars staðar fyrir jafnháum launum og hann telur sig myndu hafa

haft þar. Sé því að þessu leyti ekki um tjón að ræða eftir 30. júní 1955, er stefndi beri ábyrgð á, annað en það, er stafa kynni af því, að hann hefur farið á mis við hagnað af sölu efnis til varnarliðsins og ekki haft tekjur af störfum lærlings síns eða lærlinga, og áskilur hann sér rétt til heimtu bóta síðar af þessum sökum. Stefnandi kveðst ekki hafa látið af tilraunum sínum til að fá viðurkenningu sem fullgildur meðlimur stefnda, þótt hann hætti þar störfum. Kveðst hann hafa talið sig eiga að vera og hafa verið fullgildur meðlimur, en talið framferði forráðamanna stefnda benda til, að þeir áliti annað. Hafi hann því farið á aðalfund stefnda, er haldinn var í febrúar 1956, og gert þar fyrirspurn um það, hvort hann væri meðlimur, en sér hafi þá verið tjáð, að svo væri ekki. Hafi þetta verið bókað í fundargerð, en hann síðan vikið af fundi. Telur stefnandi allt framferði stefnda við sig og hina síðast greindu brottvikningu bera vott um slíka lítilsvirðingu og hafa valdið slíkum miska, að hann eigi rétt til bóta fyrir.

Af framanskráðri lýsingu stefnanda á málavöxtum sést, að hann byggir kröfur sínar á hendur stefnda á því, að hann hafi átt rétt til inngöngu í samtökin, enda hafi verið við honum tekið, svo sem sjá megi af því, að bæði fékk hann sjálfur þar vinnu, þótt um skamma stund væri, svo og lærlingur hans. Hann hefur og lagt fram til styrktar þessum málsástæðum yfirlýsingu af hálfu stefnda, dagsetta 11. marz 1955, um það, að stefnandi hafi „fullnægt skilyrðum sínum um inntökugjald í deildina ...“, bréf stefnda, dags. 1. júlí 1955, um, að samþykkt hafi verið að veita stefnanda inngöngu sem þátttakanda frá og með 1. júlí 1955 með þeim fyrirvara, að hann skrifi undir samþykktir deildarinnar og samþykki að inna af hendi greiðslur, sem þær leggi honum á herðar, og loks vottorð tveggja fyrrverandi stjórnarmanna stefnda um, að stefnandi hafi verið tekinn inn í samtökin haustið 1954. Telur stefnandi stefnda hafa gengið á rétt sinn sem félagsmanns með því að meina honum og lærlingi hans vinnu, eins og áður var lýst, og byggir á því bótakröfur sínar, er hann sundurliðar svo:

1. Bætur fyrir vinnutjón frá 1. október 1954 til 13. desember s. á., miðað við kr. 7000.00 á mánuði ..... kr. 16.799.96
2. Bætur fyrir missi hagnaðar af vinnu lærlings í eitt ár frá 29. janúar 1955, 70% af kr. 84.000.00 eða ..... — 58.800.00

3. Bætur fyrir vinnutjón dagana 8.—10. janúar 1955 að báðum meðtöldum .. — 699.99
4. Bætur fyrir að hann varð að láta 10% af kaupi sínu tímabilið 11. janúar til 30. júní 1955 ..... — 5.491.44
5. Bætur fyrir lítilsvirðingu og miska .. — 100.000.00

Samtals kr. 181.791.39

Stefnda skýrir þannig frá málavöxtum, að samtökin hafi verið stofnuð árið 1951 sem sjálfstæður verktaki innan Sameinaðra verktaka, er til var stofnað í samráði við og fyrir milligöngu ríkisstjórnarinar. Samkvæmt samþykktum stefnda geti þeir einir verið í samtökunum, sem séu löggiltir rafvirkjameistarar, hafi sjálfstæðan atvinnurekstur sem slíkir, enda hafi þeir menn í þjónustu sinni, og uppfylli skyldur sínar sem meðlimir Landssambands íslenzkra rafvirkjameistara. Enn fremur þurfi þátttakendur að undirrita samþykktir stefnda og taka þar með á sig þær skyldur, er samþykktirnar krefjast, m. a. framlagningu tryggingarfjár o. fl. Kveður stefnda hverjum þeim aðilja hafa verið veitt innganga, er uppfyllt hafi skilyrði þessi og óskað hafi upptöku. Telur stefnda skilyrði þessi mjög rúm og í alla staði í samræmi við lög, venjur og starfsháttu íslenzkra iðnaðarfyrirtækja. Um skipti sín við stefnanda skýrir stefnda frá því, að beiðni hans um inngöngu hafi verið lögð fyrir aðalfund hinn 20. febrúar 1954, en hafi verið felld, þar eð hann hafi ekki fullnægt inntökuskilyrðum þeim, sem nú var lýst. Hinn 15. maí 1954 hafi enn borizt umsókn frá stefnanda og þá sem eiganda Raftækjavinnustofu Keflavíkur, en af umsókninni hafi ekki mátt ráða, hvort hann rak sjálfstæðan atvinnurekstur og hafði menn í þjónustu sinni, og hafi hann því verið beðinn um nánari skýringar, en hann ekki orðið við því. Eftir þetta hafi hann fram í síðari hluta nóvember verið að ámálga inngöngubeiðni sína við stjórnarmenn stefnda, en þeir jafnan tjáð honum, að tilgangslaust væri fyrir hann að sækja um inngöngu, meðan hann hefði ekki mann eða menn í þjónustu sinni. Undir lok nóvembermánaðar hafi stefnandi skýrt frá því, að hann væri búinn að taka lærling, og hafi stjórn stefnda þegar samþykkt að taka lærlinginn til vinnu og sent hann til Hornafjarðar, þar sem hann vann, þar til honum var sagt upp í árslokin. Nokkru síðar en lærlingurinn hóf vinnu, var stefnanda veitt vinna, en síðar skyldi formlega gengið frá

inngöngu hans í samtökin. Áður en það kæmist í framkvæmd, var tilkynnt á fundi stefnda hinn 11. marz 1955, að stefnandi hefði gengið í samtökin. Kveður stefnda það hafa verið gert í trausti þess, að stefnandi hefði a. m. k. einn mann í þjónustu sinni og fullnægði með því frumskilyrði um inngöngu, en að öðru leyti hafi innganga stefnanda verið háð þeim fyrirvara, að formlega yrði gengið frá öðrum inntökuskilyrðum síðar. Stefnandi hafi því verið boðaður á aðalfund stefnda í maímánuði 1955, þótt ekki væri þá formlega búið að ganga frá inntöku hans. Eftir þenna aðalfund kveður stefnda félagsmenn hafa furðað á því, að stefnandi hélt áfram að vinna hjá einum félagsmanna í deildinni, og því leit stjórn stefnda svo á, að stefnandi myndi engan sjálfstæðan rekstur hafa með höndum, enda hafi þá verið komið á daginn, að hann hafi engan mann né lærling haft í þjónustu sinni. Í júnímánuði 1955 hafi stefnandi enn komið að máli við stjórn stefnda og tilkynnt, að hann hefði einn rafvirkja í þjónustu sinni, og nokkru síðar hafi hann lagt fram yfirlýsingu rafvirkja þessa til stuðnings þessari staðhæfingu. Stjórn stefnda hafi því enn tekið beiðni stefnanda til athugunar, samþykkt hana á grundvelli þessarar upplýsingar og síðan ritað stefnanda bréf það, dagsett 1. júlí 1955, er greint var hér að framan. Síðar hafi stjórnin orðið þess áskynja, að rafvirki þessi hefði aldrei verið í þjónustu stefnanda, og hafi hvort tveggja verið rangt, staðhæfing stefnanda og yfirlýsing rafvirkjans. Hins vegar hafi stefnandi ekki látið til sín heyra, fyrr en hann kom á aðalfund stefnda hinn 18. febrúar 1956. Þar hafi honum verið tilkynnt, að hann hefði aldrei komizt á félagsskrá, enda aldrei uppfyllt inntökuskilyrði þau, er samþykktirnar setja.

Stefnda byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi aldrei fullnægt inngönguskilyrðum, en hafi í rauninni verið veitt inngönguheimild tvisvar, en í bæði skiptin fyrir rangar upplýsingar af hans hálfu um mannahald. Leggur stefnda áherzlu á það, að í ljós hafi komið, að „lærlingur“ sá, er fyrr getur, hafi aldrei starfað undir handleiðslu stefnanda og að enginn námssamningur hafi verið gerður með þeim. Hafi „lærlingurinn“ og stefnandi því báðir fengið vinnu hjá stefnda á röngum forsendum, meðan beðið var eftir formlegri afgreiðslu á inngöngubeiðni stefnanda. Telur stefnda því ljóst, að stefnandi eigi enga bótakröfu fyrir það, að honum var eigi veitt viðtaka. Til vara hefur stefnda mótmælt hverjum lið bótakröfu stefnanda sem röngum, órökstuddum og úr hófi háum. Í sambandi við 1. lið hefur stefnda bent á, að ekki hafi

komið til álita, að stefnandi tæki til starfa sem þátttakandi í samtökunum, fyrr en hann hefði ráðið mann eða menn í þjónustu sína, en hann hafi ekki haldið því fram, að svo væri, fyrr en undir lok nóvember, og skömmu síðar hafi stefnanda sjálfum verið veittur „vinnukvóti“ til 8. janúar 1955. Tekur stefnda fram, að fleiri en stefnanda hafi verið veittur „vinnukvóti“, meðan þeir voru að sækja um inngöngu. „Kvótinn“ sé miðaður við starfsmannahald félagsmanna og því lægri fyrir þá, sem fáa starfsmenn höfðu. Eiga þessi atriði og við 3. kröfuliðinn. Í sambandi við 2. kröfulið leggur stefnda áherzlu á, að stefnandi hafi yfirleitt engan lærling haft á því tímabili, sem krafan er við miðuð. Um 4. lið vísar stefnda til þess, að alls óvíst sé, að stefnandi hefði borið meira úr býtum á því tímabili, er þar greini, þótt hann hefði verið fullgildur meðlimur stefnda. Stefnda mótmælir 5. kröfuliðnum sem algerlega tilhæfulausum og rakalausum.

Samkvæmt samþykktum stefnda, er lagðar hafa verið fram í máli þessu, eru skilyrði til þátttöku í samtökunum þau hin sömu, sem rakin voru í málavaxtalýsingu stefnda hér að framan, og er ekki vefengt, að þau skilyrði hafa verið í gildi, er stefnandi óskaði inngöngu. Í 10. gr. samþykktanna segir m. a.: „Stjórnin ræður og útvegar allt vinnuafl til framkvæmdanna þannig, að þátttakendur leggja til vinnuafl sem næst í hlutfalli við starfsmannahald samkvæmt skýrslu Rafmagnsveitu Reykjavíkur eða rafveitna annars staðar á landinu.“ Af því, sem rakið hefur verið hér að framan um tildrög máls þessa, er ljóst, að réttur stefnanda til inngöngu í samtökin hefur fyrst og fremst verið því háður, að hann hefði í þjónustu sinni rafvirkja eða nemanda í iðninni og gæti þannig lagt samtökunum til vinnuafl og mætti teljast hafa sjálfstæðan atvinnurekstur sem rafvirkjameistari. Því hefur verið lýst hér að framan, að stefnda mótmælir því eindregið, að stefnandi hafi fullnægt þessum frumskilyrðum, og verður að telja, að sönnunarbyrðin að þessu leyti hvíli á stefnanda. Hann hefur ekki lagt fram nein örugg sönnunargögn um þessi atriði, er taki til þess tímabils, er hér ræðir um, en hins vegar liggja frammi ýmis gögn frá opinberum aðiljum, er veikja verulega staðhæfingar stefnanda. Honum hefur því eigi tekizt að sanna, að grundvöllur sé fyrir hendi, er byggja megi á bótaskyldu stefnda, og ber því að taka til greina sýknukröfu stefnda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Eyjólfs Þórarinssonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 20. október 1961.

Nr. 165/1960. **Björn Pálsson** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1960 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 292.832.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. október 1956 til 21. febrúar 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Björn Pálsson, greiði stefnda, h/f Eimskipafélagi Íslands, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. júlí 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. þ. m., hefur Björn Pálsson, fyrrverandi sjómaður, Eskihlíð 14A, hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 17. apríl 1959, gegn h/f Eimskipafélagi Íslands, hér í borg, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 602.832.40, ásamt 7% ársvöxtum frá 10. október 1956 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómsins.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins. *Til vara* krefst hann þess, að fjárhæð stefnukröfunnar verði stórlega lækkuð, vextir ákveðnir 6% p. a. frá stefnudegi að telja og málskostnaður látinn niður falla.

Málsatvik eru þessi:

Miðvikudaginn 10. október 1956 að kveldi kom m/s Lagarfoss, eign stefnda, frá Reykjavík til Keflavíkur og lagðist þar að bryggju til að ferma hraðfrystan fisk. Átti að taka þenna farm í 2. og 3. lest skipsins. Umsjón með fermingunni var í höndum III. stýrimanns, Ágústs Jónssonar, en til aðstoðar sér kvaddi hann stefnanda, sem var skráður bátsmaður í þessari ferð skipsins í forföllum hins reglulega bátsmanns. Stjórnaði stýrimaður fermingunni við 3. lest, en stefnandi við lest nr. 2. Að fermingunni unnu verkamenn úr landi undir verkstjórn Karls Eyjólfssonar, verkstjóra í Keflavík. Þannig hagar til í 2. lest, að þar eru tvö milliþilför. Er hæðin frá lestarbotni upp á neðra milliþilfarið um 11 fet, en 8 fet frá því upp á efra milliþilfarið. Samkvæmt því er hæðin frá því þilfari niður á botn lestarinnar um 19 fet. Lestaropi efra milliþilfars er lokað á þann hátt, þegar frystiútbúnaður lestarinnar er notaður, að bitar, sem venjulega eru nefndir skerstokkar, eru lagðir þvert yfir opið, en síðan eru hlerar skorðaðir á milli skerstokkanna. Eru hlerar þessir alls 30 að tölu, allir eins, gerðir úr timbri, um 1 metri á hvern veg, á að gizka 20 cm þykkir og 90 kg á þyngd. Innan í þeim er holrúm, fullt af korkmulningi, til þess að þeir einangri betur kuldann í lestinni. Snið er á jöðrum hleranna, til þess að þeir falli í betri skorður. Þegar lestarhlerunum hefur verið komið fyrir yfir lestaropinu, skiptist það í 30 jafnstóra reiti. Lestaropið er aflangt, þannig að 5 lestarhlerar eru í hverri röð þvert yfir það, en aftur á móti sex í röð langs yfir því. Til hægðarauka eru þverraðirnar númeraðar í réttri töluröð, og er fremsta röðin nr. 1. Einnig er hver einstök lúga númeruð. Í umrætt sinn voru ekki lestarhlerar yfir 1. og 2. röð, heldur svonefndir langhlerar, er mynduðu gólf yfir þann hluta lestaropsins. Víkur nú aftur að tildrögum þessa máls. Er ferming hófst, var svo til ætlazt, að opn-

aðar væru frystilúgurnar í 3. og 4. röð í lest nr. 2, og virðist III. stýrimaður hafa gefið stefnanda fyrirmæli um það. Stefnandi virðist þegar hafa gengið að þessu verki ásamt nokkrum verkamönnum úr landi. Er þeir höfðu opnað lúgu þá í 3. röð, sem auðkennd er með X á uppdrætti á dskj. nr. 7 í málinu, bárust fyrirmæli um það frá III. stýrimanni að taka ekki ofan af lúgunum í þeirri röð, heldur næstu röð fyrir aftan, þ. e. 4. röð. Var þá hafizt handa um það, án þess lúgu þeirri, sem opnuð hafði verið í 3. röð, væri lokað. Mun lúga merkt nr. 4 í 4. röð næst hafa verið opnuð, og gerði stefnandi það við annan mann, lögðu þeir lestarhlerann af þeirri lúgu yfir á næstu lúgu fyrir framan og hugðust því næst opna miðlúguna í 4. röð. En þá tókst svo slysalega til, að stefnandi hrapaði niður um lúgu þá í 3. röð, sem fyrst hafði verið opnuð og enn stóð opin. Féll hann niður lúgu þessa í gegnum neðra milliþilfar lestarinnar, sem var opið og allt niður á lestargólf, um 19 feta fall. Undinn var bráður bugur að því að komast niður til stefnanda, sem lá ósjálfbjarga og mikið slasaður á botni lestarinnar.

Rannsókn á framangreindu slysi hófst í sjódómi Reykjavíkur 12. nóvember 1956. Þann dag og 14. s. m. voru skýrslur teknar af skipstjóra m/s Lagarfoss, III. stýrimanni og Þórði Geirssyni fiskmatsmanni. Tæpu 1½ ári seinna kom stefnandi fyrir dóm. Hinn 23. janúar 1959 voru skýrslur teknar af Karli Eyjólfssyni verkstjóra og Baldri Sigurðssyni. Meðan á rekstri þessa máls stóð, komu fyrir dóm í því sem vitni Skjöldur Þorgrímsson, skipverji á m/s Lagarfossi, og Jóhann Alexandersson og Þór Hólmkelsson, verkamenn úr landi, er unnið höfðu að fermingu skipsins umrætt sinn. Verður nú rakið hið helzta úr framburðum þessara vitna.

Vitnið Karl Eyjólfsson verkstjóri skýrir svo frá, að um það bil er ferming var að hefjast, hafi það verið statt uppi á aðalþilfari við lestarop nr. 2. Það kveðst hafa kallað þaðan niður í lestina þau fyrirmæli III. stýrimanns að taka ekki ofan af lúgum 3. raðar og jafnframt fyrirmæli um það, að lúga sú, sem þegar hafði verið opnuð í þeirri röð, yrði birgð, til þess að girt yrði fyrir slysahættu. Síðan hafi komið í ljós, að þessari fyrirskipun var ekki sinnt. Kveðst vitnið því hafa spurt verkamennina, sem niðri í lestinni voru, hvað því ylli, en þeir hafi svarað því til, að stefnandi hafi sagt, að þess þyrfti ekki.

Vitnið Þórður Geirsson fiskmatsmaður kveðst hafa heyrt, er Karl Eyjólfsson kallaði til manna sinna niðri í lestinni að setja

aftur hlerann yfir lúgu þá, sem opnuð hafði verið í 3. röð. Kveðst vitnið þá hafa verið statt ásamt Karli við op 2. lestar. Vitnið kveðst hafa heyrt Karl kalla þessi fyrirmæli tvisvar eða þrisvar niður í lestina, en svar við þeim hafi hann ekkert heyrt neðan úr lestinni. Vitnið kveðst halda, að stefnandi hafi verið á leið niður í lestina, á meðan þessu fór fram, og kveðst ekki geta um það sagt, hvort hann hafi heyrt í Karli. Vitnið getur þess, að góð lýsing hafi verið niðri í lestinni.

Vitnið Jóhann Alexandersson, verkamaður í Keflavík, sem vann við fermingu m/s Lagarfoss í umrætt sinn, hefur hinn 12. maí 1959 undirritað vottorð, sem lagt hefur verið fram í málinu. Í vottorði þessu er frá því skýrt, að Karl Eyjólfsson hafi kallað niður til þeirra, sem í 2. lest voru, að láta lestarhlera yfir lúgu þá, sem opnuð hafði verið í 3. röð. Þetta hafi ekki verið gert, og hafi ástæðan verið sú, að stefnandi hafi sagt, að þess væri ekki þörf. Vottorð þetta hefur vitnið staðfest fyrir dómi. Við það tækifæri voru af lögmanni stefnanda lagðar fyrir vitnið nokkrar skriflegar spurningar, m. a. á þá leið, hvort rétt væri, að stefnandi hefði sagt, að ekki þyrfti að birgja umrædda lúgu. Var svar vitnisins á þá leið, að það minnti, að stefnandi hefði sagt þetta.

Vitnið Þór Hólmkelsson, verkamaður í Keflavík, undirritaði einnig framangreint vottorð og staðfesti það fyrir dómi. Við það tækifæri voru sömu spurningar lagðar fyrir vitnið og lagðar voru fyrir vitnið Jóhann Alexandersson. Þeirri spurningu, hvort stefnandi hefði sagt, að ekki þyrfti að birgja lúgu þá, sem opin var í 3. röð, svaraði vitnið hiklaust játandi.

Framangreind 4 vitni, sem öll voru sjónarvottar að slysinu, bera það, að stefnandi hafi stigið aftur á bak ofan í hina opnu frystilúgu.

Vitnið Skjöldur Þorgrímsson, háseti á m/s Lagarfossi, var ekki sjónarvottur að slysinu. Var vitnið á þeim tíma að koma fyrir toppsegli yfir lestinni til varnar því, að rigndi niður í hana. Vitnið segir, að mikill hraði hafi verið hafður á allri vinnu um borð í skipinu umrætt sinn. Hafi það stafað af því, að skipið var orðið á eftir áætlun. Til marks um þetta nefnir vitnið það, að það og stefnandi hafi ætlað að setja fram landgang frá skipinu, en þá hafi komið fyrirmæli um það frá stýrimanni að láta það bíða, en hraða í þess stað fermingu. Vitnið getur þess í vottorði, sem það hefur staðfest fyrir dómi, að ísing og hálka hafi verið á milliþilfarinu, sem stefnandi féll niður af. Kveðst vitnið hafa kynnzt þessu af eigin raun, rétt eftir að slysið skeði. Kveðst

vitnið telja, að stefnandi hafi runnið til vegna hálkunnar. Er þetta eina vitnið, sem þessari skýringu á orsökum slyssins hreyfir.

Vitnið Baldur Sigurðsson, háseti á m/s Lagarfossi, var ekki sjónarvottur að slysinu. Var vitnið nýfarið upp úr lestinni, er slysið varð. Vitnið kveðst telja, að sleipt hafi verið ofan á lestarhlerunum umrætt sinn, enda sé það venjulega svo. Vitnið segir, að venjulega sé lestarhlerunum lyft með vélarafli og það minni, að ekkert hafi verið til fyrirstöðu því, að svo væri einnig gert í þetta skipti.

Skipstjóri og *III. stýrimaður* voru hvorugur sjónarvottar að slysinu. Þeir bera báðir, að stefnandi hafi verið þaulvanur umræddu verki og enn fremur, að honum hafi oft verið falið að hafa á hendi umsjón með því.

Stefnandi hefur ekki getað borið um atvik að slysinu. Kveður hann algera eyðu í minni sínu, frá því m/s Lagarfoss lagði af stað í umrædda ferð frá Reykjavík til Keflavíkur og þar til hann kom til meðvitundar á sjúkrahúsi 2—3 dögum eftir slysið. Stefnandi kveðst hafa verið búinn að vera 5 ár skipverji á m/s Lagarfossi, er umrætt slys varð,

Eftir munnlegan flutning málsins fóru hinir sérfróðu meðdómendur um borð í m/s Lagarfoss og kynntu sér aðstæður í umræddri lest skipsins.

Stefnandi var þegar eftir slysið fluttur í sjúkrahús Keflavíkur, þar sem gert var að meiðslum hans. Er þeim lýst í vottorði sjúkrahússlæknisins, Jóns K. Jóhannessonar, dags. 9. janúar 1960. Þar segir m. a. á þessa leið:

„.... Við skoðun kom í ljós, að (stefnandi) hafði fulla meðvitund við komu, en var „shockeraður". Engin ytri meiðsli voru finnanleg á höfði, brjóstkassa né kviðarholi. Vinstri úlnliður var mikið aflagaður og sömuleiðis vinstri lærleggur rétt ofan við hnéð. Röntgenmynd af v. úlnlið sýndi þverbrot á v. sveif (radius) með mikilli aflögun á brotstaðnum. Röntgenmynd af v. lærlegg sýndi skábrot á honum, og gekk brotið inn í hnéliðinn. Brot þessi voru síðan sett saman og gipsuð í svæfingu, og þann 30. 11. '56 var handleggsbrotið gróið og gipsumbúðir teknar af því. Sama dag var sjúklingur fluttur í sjúkrabifreið á Landakotsspítala í Reykjavík, væntanlega til frekari meðferðar á lærbrotinu. Var hann þá að öðru leyti orðinn allhress, en fyrsta hálfan mánuðinn eftir slysið var sjúklingurinn oft töluvert ruglaður, slappur, vissi ekki vel um sig og hafði þá hita, 38,5°C. Sérstaklega er ekki tekið neitt fram um lyktarskyn sjúklingsins, meðan

hann lá hér. Sjúkdómsgreining sjúkrahússins var: 1) heilahristingur, 2) brot á v. lærlegg og 3) brot á v. sveif."

Þrátt fyrir tilmæli dómsins hefur ekki tekizt að fá lagt fram í málinu læknisvottorð um vist stefnanda á Landakotsspítala.

Hinn 10. september 1958 var örorka stefnanda af völdum slyssins metin af Bergþóri Smára lækni. Segir á þessa leið í örorkumatinu:

„... *Skoðun 10/9 '58:* Dálítil stytting er á vinstri fótlim, eða ½—1 cm. Gengur svolítið haltur. Hreyfingar í mjöðmum og hnjám mega heita eðlilegar, en hverfihreyfing í ökla vinstra megin er um það bil helmingur af því, sem eðlilegt má kalla.

Kraftur í fótarvöðvum og hnévöðvum vinstra megin er nokkuð minnkaður og il og táberg mikið sigin vinstra megin.

Húð á fótlimnum virðist eðlileg og enginn bjúgur er finnanlegur. Handlimir eru eðlilegir.

Varanleg örorka slasaða af völdum nefnds slyss telst hæfilega metin:

18%".

Framangreint örorkumat var endurskoðað af Bergþóri Smára 4. janúar 1960 og staðfest óbreytt. Jafnframt var tekið fram, að ef sannað teldist, að stefnandi hefði misst lyktarskyn sitt af völdum slyssins, svo sem til álita kom, eftir að fyrra örorkumat fór fram, þá myndi það valda hækkun þess um 2%.

Stefnandi var 23 ára, er hann varð fyrir slysinu, fæddur 19. júní 1933.

Hinn 20. október 1958 var áætlað atvinnutjón stefnanda af völdum slyssins reiknað út af Guðjóni Hansen cand. act. Reiknaðist honum það nema kr. 260.942.00, ef miðað var við 18% varanlega örorku og meðaltekjur stefnanda 1954—'55 umreiknaðar til kauplags á slysdegi og síðan. Ef aftur á móti tekið var tillit til lífeyrissjóðs farmanna, er til framkvæmda kom 1. janúar 1959, og reiknað með, að launþegar hagnist á sjóðstofnuninni sem svarar 30 ára iðgjaldagreiðslu atvinnurekanda, en hætti í stað þess starfi eigi síðar en við 65 ára aldur, verður verðmæti atvinnutjónsins á slysdegi kr. 267.197.00, en það er sú fjárhæð, sem stefnandi leggur til grundvallar 1. lið kröfu sinnar.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á eftirfarandi þremur málsástæðum: Í fyrsta lagi á því, að lestarhlerarnir hafi verið teknir af frystilúgunum með handafli í stað þess að framkvæma verk þetta með vindum skipsins. Í öðru lagi á því, að vanrækt hafi verið að „leggja yfir" neðra milliþilfarið, en af þeirri van-

rækslu hafi leitt, að fall stefnanda hafi orðið mun hærra en ella og meiðsli hans þar af leiðandi miklu alvarlegri. Í þriðja lagi á því, að unnið hafi verið að fermingu skipsins meir af kappi en forsjá sökum þess, að komu þess til Keflavíkur seinkaði. Um framangreind atriði sé við skipstjórnarmenn að sakast, og beri því atvinnurekandinn, stefndi í máli þessu, fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar um ábyrgð atvinnurekanda á starfsmönnum sínum.

Fjárhæð kröfu sinnar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Atvinnutjón	kr.	267.197.00
2. Þjáningar og lýti	—	180.000.00
3. Röskun á stöðu og högum, þ. á m. missir gjaldeyrishlunninda	—	200.000.00
4. Útlagður kostnaður	—	615.00
	Kr.	647.812.00
Frá dregst:		
Kaup frá stefnda	kr.	5.809.90
Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins	—	39.169.70
	Kr.	44.979.60

Kemur þá fram fjárhæð stefnukröfunnar, kr. 602.832.40.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að slysið verði eingöngu rakið til gáleysis stefnanda sjálfs. Hvorki komi þar til vanræksla skipstjórnarmanna í neinni mynd né vanbúnaður skips eða tækja. Stefnandi hafi verið þaulkunnugur starfi því, er að var unnið, þegar slysið skeði, eftir að hafa stundað sjómennsku á skipinu í 5 ár. Honum hafi og oftlega verið falin umsjón með fermingu og svo hafi einnig verið í umrætt sinn. Stefnanda hafi verið kunnugt um hina opnu lúgu og honum hafi borið að sjá um, að hún yrði birgð. Hafi hann og verið brýndur til þeirrar varúðar af Karli Eyjólfssyni verkstjóra. Þetta hafi stefnandi vanrækt með þeirri afleiðingu, að slysið hlauzt af. Á því er vakin athygli, að lýsing í lestinni hafi verið góð. Jafnframt er því eindregið mótmælt, að ísing eða hálka hafi átt þátt í slysinu svo og það, að tekið var ofan af frystilúgunum með handafli, en ekki vindum skipsins.

Á þá málsástæðu stefnanda verður ekki fallizt, að máli geti skipt við mat á því, hvort skilyrði séu til þess að leggja á stefnda fébótaábyrgð á slysinu, að þeirri vinnutilhögun var beitt að taka ofan af frystilúgunum með handafli, þótt ljóst sé, að með notkun vélarafls hafi framkvæmd verksins verið til muna auðveldari.

Var stefnandi og ekki að lyfta lestarhlera, er slysið varð, heldur gekk hann aftur á bak ofan í hina opnu lúgu tómhentur, að því er virðist. Að ísing eða hálka á lestarþilfarinu hafi átt þátt í því, að svo slysalega tókst til, er ósannað. Þá er það allsendis ósannað, að unnið hafi verið af minni forsjá og varúð við fermingu skipsins en varlegt gæti talizt. Á hinn bóginn má hiklaust rekja orsök slyssins til þeirrar vanrækslu að birgja ekki þegar í stað lúgu þá, er opin var, eftir að fyrirmæli höfðu verið gefin um að opna ekki lúgur í þeirri röð. Var mikil og augljós slysahætta samfara því að láta lúgu þessa vera opna, þar sem menn voru að vinna allt um kring. Stefnandi var bátsmaður og hafði verið falin umsjón með fermingu í greindri lest skipsins. Hann hafði áður valizt til þeirrar ábyrgðar og var vanur starfinu. Máttu yfirmenn hans treysta því, að hann gætti í hvívetna nauðsynlegra öryggisráðstafana. Það verður að vísu ekki dregið í efa, að meiðsli stefnanda hafi orðið meiri en ella vegna þess, að neðra milliþilfarið var opið, en á hinn bóginn verður orsök slyssins að engu leyti til þess rakin. Í skýrslu stefnanda, er hann gaf fyrir sjódómi, kemur það fram, að stefnanda var kunnugt um, hvernig umhorfs var neðar í lestinni á þessum tíma, þ. á m. að neðra milliþilfarið var opið. Olli sú vitneskja að sjálfsögðu því, að enn brýnni ástæða var til þess fyrir hann að sjá til þess, að fyllsta öryggis væri gætt uppi á efra þilfarinu. Stefnandi getur því heldur ekki byggt bótarétt sinn á þessu atriði.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður slysið eingöngu rakið til gáleysis stefnanda sjálfs, en að engu leyti til vanbúnaðar skipsins eða vanrækslu yfirmanna þess eða annarra skipverja. Brestur því alveg skilyrði til þess að leggja á stefnda nokkra fébótaábyrgð á slysinu, og verða úrslit málsins þau, að sýkna ber hann af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt Hafsteini Bergþórssyni forstjóra og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Í máli þessu er stefndi, h/f Eimskipafélag Íslands, sýkn af kröfum stefnanda, Björns Pálssonar.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu.

Mánudaginn 23. október 1961.

Nr. 188/1960. **Ákæruvaldið** (Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.)
gegn
Hreini Tómassyni (Friðrik Magnússon hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ármann Snævarr.

Ákæra um brot gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Atburður sá, sem mál þetta er af risið, gerðist aðfaranótt 19. apríl 1959 á torgi á Akureyri í þröng manna, er virðast flestir hafa verið meira eða minna með áfengisáhrifum. Einn þessara manna kveðst, eins og í héraðsdómi greinir, hafa séð ákærða ljósta Indriða Sigmundsson höfuðhöggi, svo að hann féll við, en aðrir hafa ekki getað um þetta borið. Indriði var að sögn vitna svo ölvaður, að hann reikaði í spori, og mögu-leiki er á, að hann hafi hlotið áverka þann, er í ákæru getur, af að falla í götuna. Að svo vöxnu máli, verður gegn eindreginni neitun ákærða eigi talið sannað, að ákærði hafi greitt Indriða högg eða veitt honum umræddan áverka á annan hátt. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda í héraði, kr. 3000.00, laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 9000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hreinn Tómasson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda í héraði,

Ragnars Steinbergssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3000.00, laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 6000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Friðriks Magnússonar héraðsdómslögmanns, samtals kr. 9000.00.

Dómur sakadóms Akureyrar 4. ágúst 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. júlí s.l., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn Hreini Tómassyni verkamanni, Hafnarstræti 21, Akureyri, fyrir líkamsárás samkvæmt 218. gr. hegningarlaganna. Ákærði er ákærður fyrir að ráðast á Indriða R. Sigmundsson, Strandgötu 19B, um kl. 0300 aðfaranótt 19. apríl 1959, á horni Ráðhústorgs og Hafnarstrætis og slá hann í andlitið, svo að hann féll í götuna.

Kröfur ákæruvaldsins eru þær, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur á Akureyri 25. júní 1941 og hefur sætt þessum refsingum:

1958 20/11 Sátt, 300 kr. sekt til ríkissjóðs fyrir brot á 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

I.

Aðfaranótt sunnudags 19. apríl 1959, kl. 0310, frétti lögreglan á Akureyri, að maður lægi á akbrautinni á Ráðhústorgi fyrir framan verzlunina Electro Co. h/f. Tveir lögreglumenn fóru þegar á vettvang í lögreglubifreiðinni, og kom í ljós, að maður þessi var Indriði R. Sigmundsson bifreiðastjóri, Strandgötu 19B, hér í bæ. Hann var með allmikinn áverka á vinstri augabrún. Hann var því fluttur á sjúkrahús, þar sem læknir gerði að sárinu, en síðan var honum ekið heim. Indriði var rúmliggjandi í 10 daga og alllengi óvinnufær, eins og síðar verður lýst.

Eigi verður séð, að lögreglumenn hafi gert neinn reka að því um nóttina að rannsaka orsök slyss þessa, enda mun þeim hafa verið sagt, að Hreinn Tómasson, ákærði í máli þessu, hafi slegið Indriða niður í götuna.

Dómsrannsókn hófst í málinu mánudaginn 20. apríl 1959, og að rannsókn lokinni og er læknisvottorð og bótakröfur höfðu fram komið 3. september s.l., var málið sent Dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar. Eftir að opinber rannsókn var ákveðin gegn ákærða,

sækjandi og verjandi höfðu verið skipaðir og málið þingfest 4. desember s.l., var enn háð rannsókn í málinu, og var málið sent sakadómaranum í Reykjavík til öflunar vitnaskýrslna. Nokkur dráttur varð og á rannsókn sökum fjarveru vitna. Uppdráttur var og gerður af vettvangi, Ráðhústorgi og umhverfi, dskj. nr. 8 í málinu.

Verða nú rakin vætti vitna í málinu, frásögn ákærða og lýst öðrum sönnunargögnum málsins.

II.

Lögreglumennirnir Erlingur Pálmason og Sigurður Eiríksson fóru á vettvang, sem fyrr segir.

Vitnið Erlingur segir, að Indriði hafi legið á götunni skammt austan við hornið á Hafnarstræti og Ráðhústorgi fyrir framan fyrrnefnda verzlun, og hafi vitnið þekkt hann og séð hann vel úr sæti bifreiðarinnar, enda hafi verið allgóð birta, þar sem Indriði lá. Hann lá á bakinu og sneri höfðinu að gangstéttinni, og var það um 0.75—1 metra frá gangstéttarbrún. Bragi Stefánsson hélt undir höfuð Indriða, og virtist hann vera að komast til meðvitundar, er vitnið kom að. Allmikill áverki var á vinstra gagnauga hans, og blæddi úr. Lögreglumennirnir sóttu því næst sjúkrabörur, en ekki vildi Indriði leggjast á þær, og sat í bifreiðinni upp á sjúkrahús.

Gatan, þar sem Indriði lá, var malbikuð, hörð og slétt, og ekki veitti vitnið athygli neinu lauslegu á götunni, svo sem grjóti eða glerbrotum. Blóð var á götunni við höfuð Indriða, en vitnið tók ekki eftir blóði á gangstéttinni.

Þegar vitnið kom á vettvang, voru hjá Indriða auk Braga þeir Jakob Jónsson, Ingólfur Þorsteinsson og Jón Sævaldsson. En austan við Ráðhústorgið á gangstéttinni í Skipagötu voru þeir ákærði, Hreinn Tómasson, og Sigurður Jónsson og, að því er vitnið minnir, Páll Albert Magnússon.

Vitnið kvaðst fyrst hafa haldið, að fyrrnefndur Ingólfur hefði slegið Indriða, því að þeir hafi þá fyrr um nóttina verið í deilum við Ferðaskrifstofuna, og hafi þá Indriði rifið skyrtuna á Ingólfi. Vitnið segist ekki hafa spurt að því, hvort einhver hafi slegið Indriða. En meðan vitnið beið upp á sjúkrahúsi eftir Indriða ásamt Jóni og Jakob, sagði sá síðarnefndi því eftir Braga, að hann hafi séð ákærða Hrein slá Indriða.

Þá hefur vitnið skýrt frá því, að fyrr um nóttina, um kl. 0235, hafi það ásamt Sigurði Eiríkssyni komið að Indriða í áflogum við

mann nokkurn í Túngötu. Voru þeir aðskildir og farið með Indriða á lögreglustöðina, en þar sem hann var þá stilltur og rólegur, var honum ekið heim, og sá vitnið hann ganga að dyrum Hjálpræðishersins, þar sem hann bjó. Indriði var allmikið ölvaður, en ekki minnist vitnið þess að hafa séð hann reika í spori.

Frásögn vitnisins Sigurðar Eiríkssonar er að mestu samhljóða vætti vitnisins Erlings. Vitnið segir, að Indriði hafi verið allmikið drukkinn, er það hafði afskipti af honum fyrr um nóttina. Hann hafi reikað í spori, en þó verið sjálfbjarga, og þar sem hann var rólegur, var honum ekið heim.

Vitnið lýsir eins götunni og Erlingur. Það sá ekki blóð, nema við höfuð Indriða, en athugaði ekki sérstaklega, hvort blóð var annars staðar eða á gangstéttinni. Höfuð Indriða lá á að gizka 65—70 cm frá gangstéttinni. Vitnið telur því ólíklegt, að höfuð hans hafi lent á gangstéttarbrúninni.

Vitnið segir, að þeir Bragi, Jakob, Jón og Ingólfur hafi verið hjá Indriða, er það kom á vettvang, en síðar, er það gekk út á stöð og lögreglubifreiðin var að leggja á stað með Indriða, sá vitnið ákærða Hrein og Sigurð Jónsson á syðri gangstéttinni á Ráðhústorgi, rétt austur við hornið á Skipagötu.

Vitnið hefur borið, að Jakob Jónsson hafi sagt því strax og það kom á vettvang, þar sem Indriði lá, að Bragi hefði séð ákærða Hrein slá Indriða.

Vitnið Indriði Ragnar Sigmundsson kveðst hafa farið á dansleik laugardagskvöldið 18. apríl. Var hann með áfengi með sér, um hálfa flösku af aquavitae á tveimur gosdrykkjaflöskum, og var önnur þeirra full, en slatti í hinni. Vitnið neytti að mestu þessa áfengis á dansleiknum, en gaf þó eitthvað af því, en segist hafa neytt einhvers áfengis frá öðrum. Vitnið segist því hafa orðið allölvað þessa nótt og muna því mjög óljóst eftir atvikum.

Eftir að dansleiknum lauk um kl. 0200, gekk vitnið um miðbæinn og lenti þá í nokkrum deilum og einhverjum áflogum. En lögreglan skarst í leikinn og ók vitninu heim. Kveðst vitnið hafa ætlað að fara að sofa, en sá þá á Strandgötunni þá Braga Stefánsson og Jón Sævaldsson. Þekkti vitnið þá vel, því að Bragi hafði ekið með því á stöð, en Jón átti með vitninu og rak fatahreinsun hér í bæ.

Vitnið kveðst muna, að það gekk með Braga og Jóni upp á Ráðhústorg, og hittu þeir þar Ingólf Þorsteinsson og 2—3 menn aðra, sem vitnið ekki þekkti. Lenti vitnið þar í einhverjum deilum og

áflogum við Ingólf, en ekki man vitnið eftir því, að þeir væru skildir að. Vitnið man, að er það var að laga föt sín eftir þessi átök, að einhver þar rétt hjá sagði á þessa leið: Þið skuluð láta Indriða eiga sig, ég skal sjá um hann. Síðan segist vitnið ekkert muna eftir sér fyrr en uppi á sjúkrahúsi. Vitnið veit ekki, hver viðhafði þessi ummæli, og kveðst ekkert geta um það sagt, hvort þau voru í ógnandi eða sefandi tón og hvort sá, er sagði þetta, vildi vernda það eða vinna því mein. Vitnið kveðst ekkert geta borið um það, hvort það var slegið þarna, svo að það féll í götuna, eða hver kynni að hafa gert það.

Vitnið hefur lýst yfir, að þegar þetta gerðist, hafi það ekki þekkt ákærða Hrein í sjón.

Meiðslum vitnisins og bótakröfum verður lýst síðar.

Vitnið Bragi Stefánsson segir, að það og Jón Sævaldsson hafi hitt Indriða hjá Hjálpræðishernum í Strandgötu og hafi hann gengið með þeim upp á Ráðhústorg. Indriði var nokkuð ölvaður, en ekki kveðst vitnið geta neitt fullyrt um það, hvort hann reikaði í spori. Vitnið segist hafa verið lítið ölvað og muna greinilega eftir atvikum.

Á horninu á Ráðhústorgi og Hafnarstræti hittu þeir nokkra menn, er fyrr um getur, þá Jakob, Ingólf, ákærða Hrein og Sigurð. Deilur urðu milli þeirra Indriða og Ingólfs, en ekki getur vitnið borið um það, af hverju eða hvernig þær hófust. Vitnið sá Jakob stilla Ingólf.

Vitnið kveðst um þetta leyti hafa verið statt á hringsvæðinu á Ráðhústorgi norðan akbrautarinnar (sbr. uppdrátt, dskj. nr. 8, merkt 7b). En Indriði var á akbrautinni á Ráðhústorgi sunnanverðri, og segist vitnið ekki muna eftir neinum öðrum þeim megin á akbrautinni (sbr. uppdrátt, dskj. nr. 8, merkt a). Segist vitnið þá hafa séð, að ákærði Hreinn gekk til Indriða og sló hann í höfuðið, svo að hann féll í götuna, þar sem hann lá síðan hreyfingarlaus á bakinu. Indriði sneri andlitinu í norður eða að hringsvæðinu á Ráðhústorgi, er ákærði Hreinn gekk að honum, en ákærði Hreinn kom frá margnefndu hringsvæði eða frá norðri. Vitnið segist ekki hafa séð, hvar höggið kom á höfuð Indriða. Vitnið gekk strax til Indriða og segir, að höfuð hans hafi legið dálítið frá gangstéttinni, í mesta lagi einn metra. Indriði hafði opið sár á gagnauganu, og blæddi úr því. Vitnið segir, að bjartviðri hafi verið, en þó nokkuð skuggsýnt um þetta leyti, en á Ráðhústorgi hafi verið götuljós og vitnið því séð vel frá sér. Vitn-

ið gizkaði á það í sakadómi 3. júní 1959, að Indriði hefði verið í 15 metra fjarlægð frá því, er hann var sleginn niður, en síðar við rannsókn á vettvangi reyndist fjarlægðin milli Braga og Indriða frekar hafa verið 9.5 metrar, eins og síðar verður að vikið.

Vitnið hefur borið, að það hafi skömmu áður séð ákærða með ölflösku í hendinni, en ekki sá vitnið, hvort ákærði sló Indriða með flöskunni.

Vitnið bað tvær stúlkur, er þarna voru skammt frá í jeppabifreið, að skýra lögreglunni frá þessum atvikum. Er lögreglumenn komu, var Indriði að rakna við, en vitninu virtist hann meðvitundarlaus í allt að því 5 mínútur.

Vitnið hefur skýrt frá því, að það og ákærði Hreinn hafi verið nokkuð kunnugir, er þetta átti sér stað. Þeir hafi unnið saman um stund og engin óvinátta milli þeirra.

Vitnið telur, að þeir Jón, Jakob og Ingólfur hafi staðið á akbrautinni á Ráðhústorgi, er Indriði var sleginn, en nokkru austar en vitnið stóð.

Vitnið Jón Sævaldsson hefur staðfest þá frásögn vitnisins Braga Stefánssonar, að þeir hafi hitt Indriða í Strandgötu og gengið með honum upp á Ráðhústorg. Vitnið telur Braga hafa verið allsgáðan, en segir, að Indriði hafi verið mikið drukkinn og hafi hann reikað í spori, en þó hafi hann ekki verið svo ölvaður, að hann hafi dottið sjálfkrafa. Vitnið kveðst hafa þekkt Indriða frá æsku.

Vitnið segir, að þeir hafi hitt 4—5 menn á horninu á Ráðhústorgi og Hafnarstræti, en ekki þekkti vitnið þá, enda kveðst það vera ókunnugt í bænum og þekkja fáa. Einn þessara manna veittist að Indriða, og segist vitnið hafa gengið í milli þeirra og tekið um hendur mannsins og haldið honum um tíma.

Um þetta leyti heyrði vitnið, að einhver sagði á bak við það á þessa leið: Ég skal sjá um Indriða. Látið þið Indriða vera. Vitninu virtist þetta sagt frekar í hótunartón, heldur en hitt. Vitnið veit ekki, hver sagði þetta. Vitnið leit við í þessu og sá þá, að Indriði lá á akbrautinni fyrir framan Electro Co. h/f. Hann lá á bakinu með höfuðið um 2 fet frá gangstéttarbrún.

Vitnið segir, að Indriði hafi verið meðvitundarlaus í 5—10 mínútur, og hreyfði hann sig ekki.

Vitnið kveðst hafa verið á Ráðhústorginu norðan akbrautarinnar, er það sá Indriða liggja á götunni. Vitnið hefur borið, að það hafi ávallt staðið í þeirri meiningu, að einhver hafi slegið Indriða, en það sá engan gera það.

Vitnið skýrir frá því, að Bragi hafi sagt því strax á eftir um nóttina, að hann hafi séð ákærða Hrein slá Indriða.

Vitnið Jakob Jónsson kom sunnan frá Freyvangi, um kl. 0230, með Ingólfi Þorsteinssyni. Var Ingólfur nokkuð drukkinn, en vitnið fann til lítilla ölvunaráhrifa. Þeir gengu síðan inn á Ráðhústorg og hittu þar ákærða Hrein og Sigurð. Vitnið kveðst hafa verið ásamt Ingólfi við jeppabifreið, er stóð í Hafnarstræti austan megin á móti Kjörbúð K.E.A., og var að tala við fólk í bifreiðinni. Komu þeir þá á Ráðhústorgið Indriði, Bragi og Jón. Ingólfur fór þá strax til Indriða, og fóru þeir að takast á á akbrautinni á Ráðhústorgi, nokkuð austan við hornið á Hafnarstræti. Vitnið gekk þá til þeirra og reyndi að róa Ingólf og leiddi hann frá Indriða norður fyrir akbrautina og var kominn með hann upp á auða svæðið, er það heyrði, að eitthvað féll í götuna þar skammt frá. Er vitnið leit við, sá það Indriða liggja í götunni á bakinu. Lá Indriði þannig, að fæturnir sneru að akbrautinni, skáhallt til austurs. Vitnið gizkar á, að höfuð Indriða hafi verið 0.75—1 metra frá gangstéttinni.

Vitnið segir, að Bragi hafi verið staddur skammt frá því, en þó nokkru austar á svæðinu. Ákærði og Sigurður voru staddir skammt frá Indriða, en þó nokkru austar á akbrautinni. Vitnið minnist þess einnig, að Jón Sævaldsson stóð austan við Indriða nálægt gangstéttinni. Aðra kveðst vitnið ekki hafa séð nærri Indriða.

Vitnið hefur borið, að Indriði hafi verið áberandi ölvaður, er það sá hann nokkru áður út við Ferðaskrifstofu og eins þarna á Ráðhústorgi, en kveðst ekki hafa séð hann reika í spori. Vitnið sá ekki ölvunareinkenni á Braga Stefánssyni. Vitnið getur ekki fullyrt um það, hvort Indriði hafi verið sleginn eða hver kynni að hafa gert það. Vitnið sá ákærða með gosdrykkjarflösku í hendinni. Ekki kveðst vitnið minnast þess að hafa heyrt Braga minnast á það um nóttina, að ákærði hefði slegið Indriða.

Vitnið Ingólfur Þorsteinsson kveðst muna óljóst atvik í máli þessu, enda hafi það verið mjög ölvað. Vitnið man, að það lenti í deilum við Indriða, en lítið varð úr þeim, því að Jakob og Jón gengu á milli, og Jakob fór með vitnið frá.

Vitnið sá engan slá Indriða, en sá hann liggja á götunni.

Vitnið Páll Albert Magnússon kveðst þessa nótt hafa hitt þá Jakob, Ingólf, ákærða Hrein og Sigurð við Ferðaskrifstofuna og gengið með þeim inn á Ráðhústorg. Segist vitnið hafa verið að tala við Ragnar Tryggvason í jeppabifreið við torgið, er þeir

komu þangað Indriði, Bragi og Jón. Er deilur hófust með þeim Ingólfi og Indriða, tók Jakob Ingólf og fór með hann upp á hringsvæðið á Ráðhústorgi.

Er vitnið leit við, sá það, að Indriði var að falla í götuna, og var hann þá á akbrautinni á Ráðhústorgi skammt frá ljósastaur. Virtist vitninu hann koma niður á hliðina, en er hann hreyfði sig ekki, fór vitnið til hans, og lá hann þá á bakinu skammt frá gangstéttinni.

Vitnið minnir, að Bragi, Jón og Sigurður hafi verið á akbrautinni skammt frá Indriða, þar sem hann féll. Einnig kveðst vitnið telja, að ákærði hafi verið þar líka, en man ekki eftir honum sérstaklega.

Vitnið segir, að Indriði hafi verið mjög drukkinn, og sá vitnið hann reika í spori niður við Ferðaskrifstofu og er hann kom á torgið.

Vitnið hefur skýrt frá því, að ákærði hafi verið með gosdrykkjarflösku með áfengisblöndu í við Ferðaskrifstofuna og á Ráðhústorgi, um það leyti sem Indriði féll í götuna. Er vitnið gekk skömmu síðar niður í Skipagötu með Sigurði og ákærða, var hann enn með flöskuna, og var þá nokkur slatti í henni, sem þeir drukku þar. Vitnið telur öruggt, að enginn tappi hafi verið í flöskunni. Vitnið Ragnar Tryggvason var í fyrrnefndri jeppabifreið við Ráðhústorg og kveðst hafa átt tal við Jakob Jónsson og sá, að hann hélt Ingólfi. Vitnið sá Indriða liggja í götunni.

Vitnið Hrafnhildur Jóhannesdóttir var í sömu bifreið. Kveðst hún hafa séð mannþyrpingu á götunni austanvert við hornið á Ráðhústorgi og Hafnarstræti og segist hafa vitað, að maður hafi verið sleginn þarna. En vitnið sá þetta ekki og fór ekki út úr bifreiðinni.

Vitnið Freydís Laxdal var ökumaður jeppabifreiðarinnar Þ 58. Vitnið sat í bifreiðinni og fór ekki út úr henni þarna á vettvangi, fyrr en það hafði að tilmælum Braga ekið á lögreglustöðina. Vitnið segir, að í jepppanum hafi stýrið verið vinstra megin, en hann sneri í norður, og sat vitnið því í þeirri hlið bifreiðarinnar, sem vestar var. Vitnið segist ekki hafa veitt Indriða neina sérstaka athygli, en hafa séð hann á gangi á torginu ölvaðan og máttleysislegan. Vitnið telur þó ekki sennilegt, að hann hafi dottið þarna sjálfkrafa. Vitnið sá hann ekki í illindum við neinn og engan veitast að honum eða slá hann. Vitnið segir, að nokkrir menn hafi verið í þvögu í kringum Indriða,

rétt áður en það sá hann liggja í götunni. Vitnið þekkti ekki nærri alla þá, sem voru í námunda við Indriða, þar sem hann lá, og telur afstöðu manna til Indriða ekki að sínu áliti hafa bent til þess, að einn fremur en annar hafi fellt Indriða.

Vitnið Sigurður Jónsson kveðst hafa verið á dansleik að Freyvangi laugardagskvöldið 18. apríl. Með honum var ákærði Hreinn. Þeir áttu áfengi sameiginlega á dansleiknum og drukku saman um nóttina. Vitnið kveðst hafa verið undir áfengisáhrifum, en ekki miklum, og telur sig naumast hafa verið áberandi ölvað. Eftir að þeir komu til bæjarins eftir dansleikinn, hittu þeir Jakob Jónsson og Ingólf Þorsteinsson, og voru þeir staddir í miðbænum á horninu á Ráðhústorgi og Hafnarstræti, er þá bar að Indriða, Braga og Jón.

Vitnið segir, að Indriði hafi verið útúrdrukkinn, og hafi hann verið mjög reikull í spori, er vitnið tók eftir honum við Ferðaskrifstofuna. Veittist hann þar að Jakob og Ingólfi og var með ölvaðs manns þvælu við þá. Vitnið sá, að einhverjir tveir menn lentu í einhverjum átökum á Ráðhústorgi, en getur ekki borið um, hverjir það voru.

Vitnið skýrir frá því, að það og ákærði hafi komið að mannþyrpingu, sem var norðan við fyrrnefnt horn, þar sem Bókaverzlun Gunnlaugs Tryggva Jónssonar er. Vitnið sá, að Indriði var þar inni í þvögunni að þvælast utan í þeim Jakob og Ingólfi. Vitnið og ákærði gengu að þvögunni, en vitnið fór ekki inn í hana, heldur stóð álengdar vestar á götunni. Vitnið segir, að ákærði hafi gengið að þvögunni og verið að minnsta kosti mjög nærri henni, er Indriði féll. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki verið mjög drukkinn og hafi verið rólegur og prúður í umrætt sinn, og fannst vitninu, að það hafi séð hann allan tímann, er máli skiptir, þ. e. a. s. um það leyti, er Indriði féll, og kveðst ekki hafa séð hann veitast að Indriða eða neinum öðrum. Það, sem vitnið sá til ákærða um þessar mundir, var hann með báðar hendur í úlpuvösum. Vitnið sá engan slá Indriða, og er það álit vitnisins, að hann hafi dottið í götuna og meiðzt við það. Annars tekur vitnið fram, að Indriði hafi verið þarna inni í þvögu og kunni hann að hafa orðið fyrir hrindingum, þó að vitnið sæi það ekki, og eins megi vel vera, að einhver hafi slegið hann, þótt vitnið sæi það ekki. Vitnið sá ekki Indriða falla, en sá hann liggja í götunni.

Ákærði Hreinn Tómasson staðfestir það, að hann hafi verið með Sigurði Jónssyni á dansleik í Freyvangi umrædda nótt, og

hafi þeir neytt áfengis saman. Hann kveðst þó ekki hafa verið mikið drukkinn. Hann var staddur um kl. 0300 um nóttina á Ráðhústorgi ásamt Sigurði, Ingólfi og Jakob, er þá bar að Indriða, Jón og Braga. Ákærði varð var við einhverjar deilur milli Indriða og Ingólfs, en sá ekki, hvernig þær hófust eða af hverju. Varð af þessu þras og mannþyrping, og kveðst ákærði hafa staðið þarna hjá, en ekki segist hann hafa tekið þátt í neinum áflogum. Hann segist hafa gengið að þvögu þessari, en ekki inn í hana. Ákærði sá Indriða liggja í götunni, á akbrautinni, skammt austan við bréfakörfu, er þar er á gangstéttinni. Lá Indriði með höfuðið skammt frá gangstéttinni. Kveðst ákærði þá hafa verið staddur á auða svæðinu handan (norðan) götunnar, þar sem Indriði lá, en þó nokkru austar. Hjá honum var Sigurður Jónsson. Ákærði segist hafa gengið eitthvað út á götuna í áttina að Indriða, þar sem hann lá, en ekki alveg að honum, en þar hafi hann hitt Pál Albert Magnússon og hafi þeir gengið ásamt Sigurði niður í Skipagötu, og voru þeir þar, er lögreglan kom á vettvang. Ákærði segir, að þeir Sigurður hafi farið saman á brott, vegna þess að þeir hafi átt og drukkið vín saman um nóttina, og þá hafi Bragi og aðrir verið komnir Indriða til hjálpar.

Ákærði kveðst hafa verið með gosdrykkjarflösku í hendinni á Ráðhústorgi og í Skipagötu og hafi verið áfengisblanda í flöskunni, er þeir drukku í Skipagötu. Telur ákærði öruggt, að enginn tappi hafi verið í flösku þessari.

Ákærði hefur stöðugt neitað því, að hafa slegið Indriða, enda hafi ákærði ekki átt neitt sökótt við hann. Segir ákærði, að lögreglan hafi engin afskipti haft af honum um nóttina og hún hafi ekki eða neinn annar borið hann þeim sökum að hafa slegið Indriða.

Eins og áður getur, var gerður uppdráttur af Ráðhústorgi og umhverfi og lagður fram í málinu, dskj. nr. 8. Hann gerði Valgarður Frímann lögreglumaður. Hann fór síðan á vettvang ásamt rannsóknardómara, verjanda og sækjanda, og var vettvangur athugaður. Einnig komu á vettvang vitnin Bragi Stefánsson, Jakob Jónsson og Erlingur Pálmason. Benti Bragi á stað þann, er hann var á, er hann taldi sig hafa séð ákærða slá Indriða. Vitnin bentu og á stað þann, er Indriði lá á. Valgarður færði staði þessa inn á uppdráttinn, hinn fyrrnefnda merktan b, en hinn síðarnefnda merktan a.

Í áverkavottorði Stefáns Jónssonar cand med., dags. 30/4 1959, segir: Hann (þ. e. Indriði) hafði mjög óhreint og bólgið mar-

sár á vinstri augabrún utanverðri og var talsvert blóðugur um höfuð og óhreinn. Sárið var um 3 cm á lengd og rifið út úr því á einum stað og engir hreinir skurðbarmar. Sárið var þvegið og saumað með nokkrum silkisaumum.

Í vottorði Péturs Jónssonar læknis, dags. 4. maí 1959, segir, að Indriði hafi verið rúmliggjandi frá 19. apríl til 30. apríl vegna áverka, er hann hlaut aðfaranótt 19. apríl. Hann hafði öll einkenni um heilahristing. Hann hefur verið á fótum s.l. þrjá daga, en er ekki fullbata og enn ekki vinnufær.

Í vottorði sama læknis, dags. 3. júlí sama ár, segir: Indriði Sigmundsson, sem varð fyrir meiðslum 19. apríl og ég hefi áður gefið vottorð út af, má nú teljast búinn að ná sér, svo að hann getur stundað fulla vinnu. Hann var alveg óvinnufær í mánuð, en fór þá að vinna létta vinnu hálfan daginn, en gat ekki ekið bifreið, sem hafði þó verið atvinna hans. Meiðslin virðast ekki ætla að skilja eftir varanlegar heilatruflanir.

Loks hefur verið lagt fram í dóminum vottorð Péturs Jónssonar læknis, dags. 18.11. 1959, svohljóðandi:

Ég hefi í dag skoðað Indriða Sigmundsson, sem hlaut meiðsli 19. apríl s.l. Heilbrigðisástand hans virðist mér vera eins og 3. júlí s.l., þegar ég gaf síðasta vottorðið. Hann kvartar þó um minnisleysi, sem gæti verið afleiðing af heilahristingnum, sem hann hlaut.

Samkvæmt ósk verjanda og sækjanda málsins var framangreint áverkavottorð sent Jóhanni Þorkelssyni héraðslækni og hann beðinn að gefa álit sitt um eftirfarandi atriði:

1. Er líklegt, að áverkinn, sem í vottorðinu greinir, stafi af hnefahöggi.
2. Er líklegt, að áverkinn stafi af höggi, sem greitt hafi verið með ávölu barefli, t. d. flösku.
3. Er líklegt, að áverkinn stafi af falli þess, er hann bar, á gangstéttarbrún eða götu, einkum með tilliti til þess að sárið er sagt hafa verið mjög óhreint.

Álit héraðslæknis, dags. 13. des. s.l., er svohljóðandi:

Sem svar við bréfi yðar til mín, dags. 5. des. s.l., skal ég taka fram eftirfarandi:

Svar við spurningu 1: Getur vel verið og ekki ólíklegt.

Svar við spurningu 2: Getur vel verið og ekki ólíklegt.

Svar við spurningu 3: Getur verið, en er þó að mínum dómi heldur ólíklegra en um getur í 1. og 2. spurningu, þar eð ekki er getið í læknisvottorði um neinar húðskrámur, aðrar en hinn

umgetni skurður hafi sézt, og heldur ekki getið um, að sandkorn eða því um líkt hafi verið þrýst inn í húð eða sárbarma, þar sem áverkinn var.

Niðurstaða mín verður því þessi: Þegar tekið er tillit til, hvar áverkinn er, getur hann litið nákvæmlega eins út eftir hnefahögg og högg með flösku, og verður því ekki unnt að greina þar á milli. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi, að áverkinn sé eftir högg vegna falls í götuna, þótt mér finnist hann heldur ólíklegri en annar hvor hinna.

Gísli Ólafsson yfirlögregluþjónn tók myndir af örinu eftir áverkann á Indriða, og Mikael Jóhannesson teiknari gerði uppdrátt af því, eins og það leit út 12. desember s.l. (dskj. nr. 9—14).

III.

Indriði R. Sigmundsson hefur haft uppi í máli þessu bótakröfu á hendur ákærða, að fjárhæð kr. 35.980.00.

Hann sundurliðar kröfu sína þannig:

Tekjumissir af bílakstri 19/4—20/5, 1 mánuð, kr. 15.000.00, að frádregnum rekstrarútgjöldum samkvæmt reynslu, kr. 2250.00	kr.	12.750.00
Tekjumissir 20/5—30/6 vegna sama, miðað við hálf afköst með bílinn til jafnaðar, reiknað út frá sömu tölum, verður kr. 8.500.00 nettó, en þar frá telur hann rétt að draga frá vinnu sína við fatahreinsun á sama tíma, kr. 1000.00, svo að tekjumissir fyrir tímabilið nemur	—	7.500.00
Kostnaður við nuddlækningar	—	330.00
Bílkostnaður og læknishjálp utan sjúkrasamlags ..	—	400.00
Fyrir þjáningar og lýti	—	15.000.00
Bótakrafa alls kr.		35.980.00

Gerir Indriði kröfu til, að dómur gangi um þessa bótakröfu hans í máli þessu á hendur ákærða.

Indriði kveðst hafa verið algerlega óvinnufær frá slysdegi til 20. maí. Fór hann þá að grípa í verk, fyrst í stað við fatahreinsunarstöð sína og að nokkru við aðalstarf hans, akstur á vörubíl. Hann smájók vinnuna, og frá 1. júlí telur hann, að hann hafi verið fær um að aka fullan vinnutíma, þótt hann þjáðist enn af slappleika og minnisleysi.

Indriði hefur lagt fram í dóminum vottorð bifreiðastöðvarinnar Stefnis um tekjur um 20 bifreiðastjóra á stöðinni frá 19.

apríl til 18. maí 1959. Reyndust tekjur þeirra vera misjafnar frá 2—3 þús. krónur til 12—14 þúsund. Í munnlegum flutningi málsins upplýsti talsmaður Indriða, að hann ætti nýlegan dieselbíl, sem væri ódýr í rekstri, og því væri Indriði mjög vel samkeppnisfær. Hann stundaði og á þessum tíma venjulega akstur á vörum til Raufarhafnar. Þá krafðist talsmaður bótakrefjanda ómakslauna úr hendi ákærða eftir mati dómsins.

IV.

Eins og að framan greinir, ber aðeins eitt vitni, Bragi Stefánsson, að það hafi séð ákærða slá Indriða niður í götuna. Af gögnum málsins virðist mega ráða, að vitnið hafi verið lítið undir áhrifum áfengis og að það hafi haft góða aðstöðu til að skynja atburð þenna, því að það var skammt frá Indriða og ákærða, og götuljós voru á torginu.

Tvö vitni, Jón Sævaldsson og Indriði, segjast hafa heyrt einhvern viðhafa ummæli þau, er að framan eru greind, á þá leið, að hann skyldi sjá um Indriða. Af ummælum þessum virðist mega ráða, að einhver af þeim, er þarna voru staddir, hafi viljað gefa sig frekar að Indriða, þó að af vætti framangreindra vitna verði eigi að fullu upplýst, hvort ummælin voru í verndandi tón eða fólu í sér hótun. En um sama leyti fellur Indriði í götuna.

Samkvæmt framburði vitna, virðast þá fjögur þeirra, Freydís, Hrafnhildur, Ragnar og Páll Albert, hafa verið í eða við jeppabifreiðina alllangt frá þeim stað, er Indriði féll. Jakob Jónsson er að róa Ingólf og leiðir hann frá Indriða, skömmu áður en hann féll í götuna. Vitnin Bragi og Jón segjast hafa verið norðan akbrautarinnar, er Indriði féll í götuna, og upplýst er, að þeir eru kunningjar hans og samstarfsmenn.

Vitnið Sigurður Jónsson og ákærði hafa borið báðir, að þvaga eða mannþyrping hafi verið í kringum Indriða, um það leyti er þeir sáu hann liggja í götunni. Eru frásagnir þeirra að þessu leyti mjög ósamhljóða vætti annarra vitna um afstöðu viðstaddra til Indriða um þetta leyti. Vitnið Sigurður segist hafa staðið álengdar vestar á götunni, en það segir, að ákærði hafi gengið að þvögunni eða verið að minnsta kosti mjög nærri henni, er Indriði féll.

Upplýst er, að Indriði er þarna mjög ölvaður, og hafa nokkur vitnanna látið í ljós, að hann kynni að hafa dottið vegna þess og slasazt við það, en önnur telja það ósennilegt, en ekki hefur hann sjálfur getað borið um þetta vegna ölvunar. Vitnið Sig-

urður og ákærði voru báðir undir áhrifum áfengis og ákærði með gosdrykkjarflösku í hendinni með áfengisblöndu í.

Það er upplýst, að ákærði hverfur strax af vettvangi, eftir að Indriði hefur fallið í götuna.

Samkvæmt áliti héraðslæknis, Jóhanns Þorkelssonar, hér að framan um áverkann á Indriða telur læknirinn áverkann líta eins út á þessum stað eftir hnefahögg og eftir högg með flösku. En þar sem eigi sé getið um í áverkavottorði, að sandkorn eða því um líkt hafi verið þrýst inn í húð eða sárbarma, telur hann ólíklegra, að Indriði hafi fengið áverkann við að falla í götuna.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykir verða að byggja á eiðfestum framburði Braga Stefánssonar í máli þessu og líta svo á, að nægar sannanir séu framkomnar fyrir því, að ákærði hafi gerzt sekur um líkamsárás á Indriða R. Sigmundsson í umrætt sinn og slegið hann í andlitið, svo að hann féll í götuna.

Það er upplýst með læknisvottorðum og öðrum gögnum málsins, að Indriði hlaut slíkan áverka, sem um ræðir í 218. gr. almennra hegningarlaga, og telja verður, að ákærði hefði mátt sjá fyrirfram afleiðingar árásarinnar, ekki sízt vegna ölvunarástands Indriða.

Ber því að heimfæra brot ákærða undir 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 40 daga. En vegna æsku hans þykir rétt, að refsingin sé skilorðsbundin, þannig að henni skal fresta og hún falla niður að 2 árum liðnum frá dómsuppsögn, ef hann gerist ekki sekur um nýtt brot á þeim tíma.

Eigi þykja fram komnar í máli þessu nægar sannanir fyrir tjóni bótakrefjanda, hvorki einstökum liðum bótakröfunnar né heildarfjárhæð.

Ber því að vísa bótakröfunni frá dómi í málinu samkvæmt 146. gr. laga nr. 27/1951.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal málflutningslauna til skipaðs sækjanda, Ragnars Steinbergssonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs verjanda, Friðriks Magnússonar héraðsdómslögmanns, kr. 3000.00 til hvors.

Nokkur drátur hefur orðið á dómsuppsögn í máli þessu sökum sumarfría og sérstakra anna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Hreinn Tómasson, sæti varðhaldi í 40 daga. Fulln-

ustu refsingar ákærða skal fresta og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppsögn dóms þessa, hafi hann eigi gerzt sekur um nýtt brot á þeim tíma.

Bótakröfum í máli þessu er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun til skipaðs verjanda síns, Friðriks Magnússonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs sækjanda, Ragnars Steinbergssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. október 1961.

Nr. 224/1960. **Hálfdán Helgason** (Jóhann Steinason hdl.).
gegn
Hervald Andréssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1960. Hann krefst lækkunar dæmdra fjárhæða og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Stefndi krefst þess, að ákvæði héraðsdóms um fébætur verði staðfest, þó þannig, að áfrýjanda, sem hinn 20. júlí 1961 greiddi kr. 20.000.00 upp í kröfu stefnda, verði einungis dæmt að greiða kr. 115.879.05 með 6% ársvöxtum af kr. 135.879.05 frá 6. marz 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til 20. júlí 1961 og svo 8% ársvöxtum af kr. 115.879.05 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi þess, að ákvæði héraðsdóms um málskostnað verði staðfest

og að áfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Loks krefst stefndi lögveðréttar í bifreiðinni R 7254 til tryggingar kröfum þessum.

Aðiljar eru sammála um að leggja til grundvallar í máli þessu áætlun þá um orkutjón stefnda, er í héraðsdómi getur, enda þótt tjónið teldist nokkru meira samkvæmt mati eftir uppsögu héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að taka til greina kröfu stefnda, að því er tjónbætur varðar, og verður áfrýjanda samkvæmt því dæmt að greiða stefnda kr. 115.879.05 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 135.879.05 frá 6. marz 1959 til 22. janúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til 20. júlí 1961 og svo 7% ársvöxtum af kr. 115.879.05 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður staðfest ákvæði héraðsdóms um málskostnað og áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Stefndi á lögveðrétt í bifreiðinni R 7254 til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hálfdán Helgason, greiði stefnda, Hervald Andréssyni, kr. 115.879.05 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 135.879.05 frá 6. marz 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til 20. júlí 1961 og svo 7% ársvöxtum af kr. 115.879.05 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Stefndi á lögveðrétt í bifreiðinni R 7254 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. september 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. þ. m., hefur Hervald Andrésson, Hagamel 24, hér í borg, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 18. marz 1960, gegn Hálfdáni Helgasyni bifreiðarstjóra, Hallveigarstíg 10, hér í borg, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 161.551.05, ásamt 6% ársvöxtum frá 6. marz 1959 til 21. febrúar 1960 og 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar eftir gjaldskrá L.M.F.Í. Enn fremur er krafizt viðurkenningar á lögveðrétti stefnanda til handa í bifreiðinni R 7254.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar að skaðlausu, en *til vara* lækkunar á fjárhæð stefnukröfunnar og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Vátryggingarfélaginu h/f er stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur, og hann hefur engar kröfur gert í málinu.

Tildrög þessa máls eru þau, að um kl. 2130 föstudaginn 6. marz 1959 var stefnandi á ferð ríðandi sunnan úr Skerjafirði hér í borginni, og var í fylgd með honum Sigurbjörg nokkur Helgadóttir. Þau voru hvort um sig einhesta. Myrkur var að sjálfsögðu á þessum tíma, en heiðskírt og, að því er virðist, einnig gott veður að öðru leyti. Snjór var á jörðu og hált. Af ferð stefnanda og fylgdarkonu hans segir ekki, fyrr en þau voru stödd á Þvervegi, skammt frá þar sem hann og Suðurgata komu saman á beygju meðfram norðvesturhorni Reykjavíkurflugvallar, rétt sunnan við mót Suðurgötu og Hörpugötu. Riðu þau eftir hægri (eystri) jaðri Þvervegar, sem er þarna um 8½ metri á breidd, en svo hagaði til á þessum tíma, að 30—40 cm hár snjóruðningur var á báðum jöðrum götunnar. Götulýsing var þarna engin. Er ferð þeirra var þar komið, sem að framan greinir, bar að bifreið stefnda, R 7254, á leið suður í Skerjafjörð. Var bifreiðin í þann mund að koma úr greindri beygju. Bifreið þessi er 6 manna leigubifreið til mannflutninga, og ók stefndi henni sjálfur. Skipti það engum togum, að bifreiðin lenti á hesti stefnanda með þeim afleiðingum, að vinstri fótur stefnanda brotnaði. Féll stefnandi af baki við áreksturinn og kom niður í snjóinn rétt utan við akbrautina. Hestur hans hlaut nokk-

urn áverka á vinstri nára. Bifreiðin skemmdist allmikið að framanverðu. Rannsóknarlögreglan kom á vettvang skömmu eftir slysið. Liggur fyrir í málinu uppdráttur hennar af slysstaðnum. Samkvæmt honum hefur bifreiðin stöðvazt utarlega á sínum vinstri helmingi akbrautarinnar, þannig að vinstra framhorn hennar hefur að nokkru verið út í snjóruðningnum á götujaðrinum, en vinstra afturhorn um 1 metra frá götujaðri. Hemlaför eftir bifreiðina eru sýnd á uppdrættinum og virðast hafa mælzt 3—4 metrar á lengd. Eftir hemlaförunum að dæma hefur bifreiðinni verið ekið um 1 metra frá syðri jaðri götunnar, þannig að breidd götunnar meðfram hægri hlið bifreiðarinnar hefur verið 5—6 metrar.

Stefnandi skýrir svo frá, að fram til þess er slysið varð, hafi hann og fylgdarkona hans riðið samsíða, en rétt í þann mund og það varð hafi hann verið orðinn aðeins á undan og riðið alveg út á eystri jaðri götunnar. Hestarnir hafi verið á lítilli ferð, þeir hafi rétt brokkað. Stefnandi kveðst ekki hafa séð bifreið stefnda fyrr en skyndilega rétt í þann mund, er slysið varð. Hann kvaðst ekkert geta sagt um ökuhraða bifreiðarinnar. Tekur þó fram, að honum hafi fundizt bifreiðin koma á mikilli ferð að sér, en rétt áður en slysið varð, hafi verið dregið úr ferð hennar. Stefnandi kveðst muna, að hann hafi sveigt hestinn út í snjóinn austan við akbrautina, en áður en honum tókst það til fulls, hafi bifreiðin lent á hestinum og sjálfum honum. Hafi bifreiðin lent á vinstri hlið hestsins og örugglega einnig á vinstri fæti hans sjálfs, því að fóturinn hafi þverbrotnað um öklann. Stefnandi var með áfengispela meðferðis. Kveðst hann hafa neytt áfengis á ferðinni, þannig að hann hafi fundið á sér breytingu.

Vitnið Sigurbjörg Helgadóttir kveður þau stefnanda hafa riðið eftir hægri jaðri götunnar, er umrætt slys varð. Hafi stefnandi þá verið um hestlengd á undan vitninu alveg á götujaðrinum, en sjálft hafi það verið aðeins innar á götunni. Vitnið kveðst ekki hafa séð til ferða bifreiðarinnar, fyrr en rétt áður en slysið varð. Hafi bifreiðin þá verið alveg komin að stefnanda. Vitnið kveðst ekki geta fullyrt, hver ökuhraði bifreiðarinnar var, en með tilliti til þess hve bifreiðina bar fljótt að þeim, hljóti henni að hafa verið ekið hratt. Vitnið kveðst ekki hafa séð, hvernig sjálft slysið atvikaðist. Því hafi brugðið mjög mikið, en það hafi þó gert sér grein fyrir hættunni, sem að því steðjaði. Hafi því tekizt að sveigja hesti sínum til hægri og forða honum undan bifreiðinni. Það kveðst þó hafa kastazt af baki hestinum, án þess það geti gert sér grein fyrir orsökum þess, og fallið á götuna framan við bifreiðina, sem

þá hafi verið búið að stöðva. Vitnið kveðst halda, að stefnandi hafi einu sinni neytt áfengis á ferð þeirra.

Stefndi kveðst gizka á, að ökuhraði bifreiðarinnar hafi verið um 24 km, miðað við klukkustund, áður en slysið varð. Hann kveðst hafa ekið með lægri ökuljósin tendruð, þar sem hann hafi séð bifreið koma á móti. Hann kveðst ekki hafa séð hestana, fyrr en hann átti ófarna um bíllengd að þeim. Hafi honum virzt hestarnir vera á brokki. Um leið og hann sá hestana, hafi hann stigið á hemla, en sökum hálku á götunni hafi bifreiðin runnið áfram um lengd sína, án þess hann fengi við ráðið. Stefndi kveður hest þann, er konan reið, hafa verið yzt á götujaðrinum, en hestur stefnanda hafi sennilega verið innar á götunni. Stefndi kveður snjóbarða hafa verið á þremur hjólum bifreiðarinnar, afturhjólum og hægra framhjóli.

Vitnið Álfheiður Erla Jónsdóttir var farþegi í R 7254 og sat í framsæti bifreiðarinnar. Það kveður bifreiðinni hafa verið ekið hægt, en treystir sér ekki til að áætla ökuhraðann í km. Tildrögum slyssins lýsir vitnið þannig, að það hafi allt í einu séð tvo hesta koma á ferð á móti bifreiðinni, og um leið hafi því fundizt slysið verða. Hafi það allt skeð á sama andartaki, að það sá hestana, að bifreiðinni var hemlað og að bifreiðin lenti á öðrum hestinum eða báðum.

Er stefnandi var kominn í slysavarðstofuna eftir slysið, var tekið sýnishorn af blóði hans, þar sem grunur lék þá á, að hann væri undir áhrifum áfengis. Fundust í blóðinu reducerandi efni, er svara til 1.13‰ af alkóhóli.

Bifreiðaeftirlitsmaður einn var fenginn til að reyna bifreið stefnda í akstri eftir slysið. Hafði bifreiðinni verið ekið af slysstað á Fríkirkjuveg 11, er sú prófun fór fram. Í vottorði bifreiðaeftirlitsmannsins, dags. 9. marz 1959, segir á þessa leið:

„Við skoðun reyndust öryggis- og stjórntæki bifreiðarinnar vera í lagi. Bifreiðinni ók ég eftir Tjarnargötu á 30 km hraða og beitti fullu átaki á fóthemla til stöðvunar. Hemlaför mældust 7 m eftir öll hjól, en einna minnst eftir vinstra framhjól. Snjór var á Tjarnargötunni, þar sem bifreiðinni var hemlað, bifreiðin var ekki með snjókeðjur, en á snjóhjólbörðum á þremur hjólum, ekki á vinstra framhjóli. Þá var bifreiðinni hemlað á Skothúsvegi, sem var svo til snjólaus, stöðvaðist bifreiðin þar á 3 metrum, ökuhraði 30 km . . .“

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að honum verði á engan hátt um slys þetta kennt. Hann hafi riðið eftir hægri jaðri

götunnar, svo sem honum hafi verið skylt samkvæmt 63. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Hann hafi og að öðru leyti gætt allrar þeirrar varúðar, sem af honum var hægt að krefjast. Á hinn bóginn sé ljóst, að stefndi hafi einn átt sök á slysinu, þar eð hann hafi bæði ekið of hratt og að öðru leyti ógætilega miðað við aðstæður, en þörf hafi verið sérstakrar aðgæzlu sökum þess, að götulýsing var engin á þeim slóðum, þar sem slysið varð, og yfirborð götunnar glerhált. Stefndi hljóti því samkvæmt 67. gr. laga nr. 26/1958 að bera óskipta fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlauzt.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi með gáleysi sínu einn valdið því, hvernig til tókst. Svo sé að sjá, að hann hafi alls ekki fylgzt með umferðinni og eigi gert tilraun til að víkja úr vegi fyrir bifreiðinni. Það hafi honum þó skilyrðislaust borið að gera, er bifreiðin kom á móti honum, enda hafi engin hindrun verið því til fyrirstöðu. Það ákvæði 63. gr. umferðarlaga, að ríðandi vegfarendur skuli halda sig á hægri vegjaðri, hafi verið sett í þeim einum tilgangi, að þeir fylgdust betur með umferðinni og hefðu þar með betra færi á því að víkja úr vegi fyrir farartækjum, enda sé það skýrt tekið fram í lagagrein þessari, að þeir eigi að víkja greiðlega fyrir farartækjum, er fram hjá þeim fari.

Í 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, er í gildi var á þeim tíma, er umrætt slys varð (sbr. nú lög nr. 26/1960), segir m. a., að reiðmenn skuli halda sig á hægri hluta vegarins og víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma. Það er ágreiningslaust, að stefnandi og förunautur hans héldu sig á hægri hluta götunnar, áður en slysið varð, og ekki hefur þeirri samhljóða frásögn þeirra verið hnekkt, að stefnandi hafi þá verið heldur á undan og yzt á götujaðrinum. Að þessu athuguðu og þar eð ekki hefur verið sýnt fram á, að stefnandi hafi að öðru leyti verið meðvaldur að slysinu, ber samkvæmt 67. gr. laga nr. 26/1958 að leggja á stefnda óskorað fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Kemur þá til álita fjárhæð bótakröfunnar, sem stefnandi sundurliðar þannig:

1.	Atvinnutjón	kr.	135.562.00
2.	Þjáningar, lýti og óþægindi	—	20.000.00
3.	Sjúkrakostnaður	—	3.864.05
4.	Læknisvottorð	—	1.150.00
5.	Útreikningur tjóns	—	700.00
6.	Akstur	—	165.00
		Kr.	161.441.05

Um 1.

Af slysstaðnum var stefnandi fluttur á slysavarðstofuna. Í vottorði yfirlæknisins þar, Hauks Kristjánssonar, dags. 8. ágúst 1959, segir, að stefnandi hafi kvartað um miklar kvalir í vinstra fæti, er komið var með hann á slysavarðstofuna. Við skoðun hafi komið í ljós, að neðri hluti sköflungs og sperrileggs vinstri fótar var þverbrotinn og talsverð stallmyndun á brotstaðnum. Var þegar gert að brotinu og tókst að koma því í góða stöðu. Stefnandi lá síðan í slysavarðstofunni í tvo daga, en var þá fluttur í Landspítalann.

Í vottorði dr. med. Snorra Hallgrímssonar yfirlæknis, dags. 7. ágúst 1959, segir, að engin aðgerð hafi verið gerð á fæti stefnanda í því sjúkrahúsi, þar eð gipsumbúðirnar á fætinum hafi virzt fara vel og brotið vera í góðri stöðu. Var stefnandi fluttur í Sólvang í Hafnarfirði eftir þriggja daga dvöl í Landspítalanum. Þaðan útskrifaðist hann 8. júlí 1959, er rúmir fjórir mánuðir voru liðnir frá slysinu. Í fyrrgreindu vottorði dr. Snorra Hallgrímssonar segir, að stefnandi hafi komið í Landspítalann 8. maí 1959 til þess að láta skipta um umbúðir á fætinum. Hafi þá komið í ljós nokkur skekkja á brotstaðnum, er reynt hafi verið að lagfæra. Þá segir í vottorðinu á þessa leið:

„... Hervald hefir nú (þ. e. 7. ágúst 1959) verið umbúðalaus í nokkurn tíma og á fótum, en er mjög haltur og gengur við tvo stafi. Brotið er enn ekki örugglega gróið, en orðið þó nokkuð fast. Ekki verður séð fyrr en eftir 1—2 mán., hvort brotið grær án frekari aðgerða...“

Lagt hefur verið fram í málinu ýtarlegt vottorð frá heimilislækni stefnanda, Ólafi Jóhannssyni, dags. 2. febrúar 1960. Þar segir á þessa leið:

„... Þegar ég sá sjúkl. nokkru síðar (þ. e. eftir að hann var útskrifaður af Sólvangi), átti hann erfitt með að staulast um við tvo stafi. Hann var þá mjög lasburða og kvartaði um þrautir í vinstri fótlegg og niður í fót. Röntgenskoðun þ. 27/7 sýndi sveigju á brotstaðnum aftur á við (recurvatio 17°) og einnig lítils háttar hliðarsveigju inn á við á báðum beinum. Brotið er þá að sjá illa gróið, en sennilega fast. Allmikil úrkölkun er þá í fótleggnum, um öklaliðinn og í vinstra fæti. Ekki var talið ráðlegt að hreyfa við brotinu. Hann var látinn hvílast með nokkurri fótavist með vefjaumbúðum til stuðnings. Vinstri öklaliður var mjög stirður og fótleggurinn allur áberandi rýr. Sjúkl. er sendur til meðferðar hjá nuddlækni (Björgvin Finnsson) þ. 5/8. Brotið er athugað aftur með röntgenskoðun þ. 22/9. Stefna beinanna er að sjá óhögguð,

brotið virðist á leið að gróa, en beinmyndun lítil. Sjúkl. fer síðan hægt fram og þ. 17/12 er enn á ný gerð röntgenskoðun og status þá svipaður og áður, enda þrautir og allmikil úrkölkun.

Þ. 15/1 1960 er brotið loks að sjá gróið og vel fast. Sveigjan hefur rétzt nokkuð (mælist 15°).

Sjúkl. hefur lengst af verið alllasburða og mjög haltur og haft þrautir, einkum við gang. Hann gekk við tvo stafi þar til í lok september og eftir það við einn staf, þar til um miðjan desember. Aldrei hefur þótt ráðlegt að reyna að rétta brotið, eftir að sjúkl. kom af sjúkrahúsinu, þar eð árangur virtist mjög tvísýnn, sökum þess hve beinmyndun (callus) á brotstaðnum var hægfara og grunsamlegt þótti um byrjandi herzli (sclerosis) í brotendum og auk þessa allmikil úrkölkun í beinum.

Nú gengur sjúkl. talsvert haltur, en er þrautalítill. Hann kvartar um þreytuverk frá brotstaðnum og niður í ökla. Á kvöldin er hann nokkuð bólginn um öklaliðinn. Hann er óþægindalaus að mestu í hvíld og virðist nú fær til léttrar vinnu. Sennilega mun sjúkl. verða aftur fær til erfiðisvinnu, en hætt er við breytingum í vinstri öklalið (arthrosis) síðar meir, og hann mun að líkindum ætíð verða nokkuð haltur."

Þórarinn Sveinsson læknir skoðaði stefnanda 9. febrúar 1960. Mat hann jafnframt örorku stefnanda af völdum slyssins. Er örorkuvottorðið dags. 13. febrúar 1960. Þar segir m. a. á þessa leið:

„... *V. ganglimur:* Eðlileg beyging í v. hnélið. Greinileg rýrnun á vöðvum á fótleggjum og eins nokkuð á lærvöðvum. Einnig er greinileg sveigja afturávið um brotstaðinn og jafnframt inn á við. Við athugun á röntgenmyndum sést, að sköflungur og sperrileggur hafa þverbrotnað um 6 cm ofan við öklaliðinn. Síðasta röntgenmynd hefur verið tekin 15. jan. 1960, og er lýsing á henni svohljóðandi:

„*V. fótleggur (control).* — Brotið í vinstri fótlegg er nú að sjá fastgróið, enda þótt ennþá megi greina brotlínuna, bæði í tibia og fibula sin., og nokkur sclerosis virðist vera á brotstaðnum. Kalkinnihald beinanna er að þessu sinni öllu meira heldur en áður var, enda þótt nokkur úrkölkun sé í vinstri öklaregio. Á brotstaðnum vottar fyrir recuratio ca. 15° og valgitet ca. 9°."

Við þuklun á brotstaðnum finnst fyrir beinasambreyskjunni. Vöðvafesta er nokkur á viðkomandi brotsvæðum. Hreyfingar í öklalið eru lítils háttar hindraðar, svo að nærri mun láta, að allt að ⅓ af hreyfanleika skorti á eðlilega hreyfingu, borið saman við h. megin. Við nákvæma mælingu á leggnum er 1 cm

stytting á v. ganglim, borið saman við þann hægri. Greinilegt ilsig er á v. fæti og á göngu er hann útskeifur (Pes-plano-valgus). Húðlitur er eðlilegur og æðasláttur eðlilegur.

Ályktun: Um er að ræða fótbrot, sem ákeyrzla olli. Brotið hefur gróið óvenjuhægt, og nokkur skekkja hefur orðið á brotstaðnum, þegar brotið loksins beinfestist. Stytting, um 1 cm, hefur orðið á ganglimnum. Ennþá er mikil rýrnun á vöðvunum, en gera verður ráð fyrir, að það eigi eftir að lagast verulega eða ef til vill til fulls. Einnig hreyfanleiki í öklaliðnum.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir 5 mánuði fyrst eftir slysið	100%	örorka
— 1 mánuð þar á eftir	85%	—
— 1 — — - —	75%	—
— 1 — — - —	65%	—
— 1 — — - —	50%	—
— 1 — — - —	40%	—
— 1 — — - —	30%	—

Úr því má áætla eftirfarandi örorku eins og útlit bendir nú til:

Fyrir 2 mánuði í framhaldi af fyrra mati	25%	örorku
— 4 — - — — — —	20%	—
— 4 — - — — — —	15%	—

Úr því 10% varanlega örorku."

Stefnandi er sagður fæddur 26. marz 1927. Hefur hann samkvæmt því verið 31 árs gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi. Samkvæmt staðfestum afritum af skattaframtölum stefnanda hafa atvinnutekjur hans 1956—'58 verið þessar:

Árið 1956 kr. 65.825.74, árið 1957 kr. 48.612.39 og árið 1958 kr. 55.881.59.

Hinn 28. febrúar 1960 var áætlað atvinnutjón stefnanda, miðað við framangreint örorkumat, reiknað út af Þóri Bergssyni tryggingafræðingi. Til grundvallar útreikningnum eru lagðar atvinnutekjur stefnanda fyrrgreint tímabil, umreiknaðar til samræmis við kauplag á slysdegi. Við umreikning þenna á tekjunum er gert ráð fyrir breytingu í hlutfalli við Dagsbrúnartaxta. Reiknast hinum sérfróða manni ársmeðaltal teknanna nema kr. 65.916.00. Reiknað á þenna hátt verður niðurstaðan sú, að verðmæti atvinnutjóns stefnanda á slysdegi nemi kr. 135.562.00. Leggur stefnandi þá fjárhæð til grundvallar þeim lið kröfu sinnar, sem hér er til álita.

Aðrar forsendur í greindum útreikningi en getið hefur verið eru 6% ársvextir og dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu

áranna 1941—'50 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu.

Stefndi mótmælir fjárhæð þessa kröfuliðar sem of hárri.

Bætur til stefnanda samkvæmt þessum kröfulið þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 110.000.00. Er þá m. a. haft í huga, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og útsvari.

Um 2.

Stefndi mótmælir þessum kröfulið sem of háum.

Þegar virt eru meiðsli stefnanda af völdum slyssins og afleiðingar þeirra samkvæmt þeim læknisgögnum, sem rakin hafa verið, þykir hæfilegt að taka þenna kröfulið til greina að fullu.

Um 3.—6.

Þessir kröfuliðir sæta ekki mótmælum og verða teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt framanskráðu telst þá tjón stefnanda af völdum umrædds slyss nema alls kr. 135.879.05 (kr. 110.000.00 + kr. 20.000.00 + kr. 3.864.05 + kr. 1.150.00 + kr.700.00 + kr. 165.00). Þá fjárhæð verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda. Í vexti af fjárhæðinni verður stefndi dæmdur til að greiða 6% p. a. frá 6. marz 1959 til 22. febrúar 1960, en 10% p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00.

Samkvæmt 4. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 ber að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á lögveðrétti hans í bifreiðinni R 7254 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Hálfdán Helgason, greiði stefnanda, Hervald Andréssyni, kr. 135.879.05 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. marz 1959 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda kr. 13.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á lögveð í bifreiðinni R 7254 til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. október 1961.

Nr. 133/1960. **Snæbjörn Sigurðsson** (Páll Líndal hdl.)
gegn
Margréti Sigurðardóttur,
Ragnari Davíðssyni,
Aðalsteinu Magnúsdóttur og
Gísla Björnssyni (Friðrik Magnússon hdl.)
og
Agli Halldórssyni og
Ingólfi Gunnarssyni (Páll S. Pálsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ármann Snævarr.

Landamerkjamál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1960 og gert þessar dómkröfur:

Í aðalsök, að sett verði merki milli Grundar annars vegar og Holts, Holtsels og Miðhúsa hins vegar sem hér segir:

1. Merki Holts verði nyrzt núverandi túngirðing og fylgi henni síðan að norðvesturhorni skógræktarreitsins og síðan girðingu á vesturmörkum, unz kemur að staur, sem stendur á syðri beygju girðingarinnar, þaðan fylgi þau línu, er hugsast dregin allt suður að Holtsenda að veginum, fylgi honum síðan austur að girðingu um nýrækt aðaláfrýjanda og síðan þeirri girðingu allt suður að Finnastaðaá.

2. Merki Holtsels verði ákveðin lína dregin frá merktum staur í fjallsgirðingunni, sem mælzt hefur 199 faðma frá Finnastaðamerkjum (var áður talin 194 faðma) í norðvesturhorn túngirðingar Holts, sem áður er lýst.

3. Merki Miðhúsa verði ákveðin norðan Grundarhliðs frá fjallgirðingunni, eins og túngirðing Miðhúsa liggur, og fylgi

henni að norðausturhorni fjárréttarinnar og áfram að þvergirðingu og síðan eftir línu, sem dregin yrði beint í framhaldi af túngirðingunni í sýsluveginn. Síðan fylgi merkin veginum, þangað til kemur að línu, sem hugsast dregin frá punkti 20 faðma norðan Grundarhliðs í norðvesturhorn girðingar, sem liggur að Hólshúsalandi, og fylgi þeirri línu.

Merki þessi eru sýnd nákvæmlega á framlögðum uppdrætti Inga Garðars Sigurðssonar, dags. 31. maí 1959, endurskoðuðum 6. júní 1960.

Í gagnsök, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjenda. Loks krefst hann þess, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur Margrét Sigurðardóttir, Ragnar Davíðsson, Aðalsteina Magnúsdóttir og Gísli Björnsson hafa áfrýjað málinu með stefnu 22. september 1960 og krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um landamerki Grundar I, Holts og hálflendnanna Holtsels og Miðhúsa og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur Egill Halldórsson og Ingólfur Gunnarsson hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. nóvember 1960, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember 1960 og krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur um landamerki og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitnaleiðslur farið fram og nýrra gagna verið aflað.

Grundartorfan í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu hefur frá fornu fari skipzt í höfuðbólið Grund og hjáleigurnar Hólshús, Miðhús, Holt og Holtsel.

Magnús Sigurðsson, er um langan aldur bjó á Grund, andaðist hinn 18. júní 1925. Samkvæmt skiptagerð í búi hans, dags. 11. marz 1926, átti hann á dánardegi $\frac{5}{8}$ jarðarinnar Grundar ásamt hjáleigum, er skiptust þannig, að ekkja hans, Margrét Sigurðardóttir, hlaut $\frac{3}{8}$ hluta torfunnar, Aðalsteina Helga, dóttir Magnúsar og Margrétar, $\frac{1}{16}$ hluta torfunnar,

tvær dætur Magnúsar af fyrra hjónabandi fengu hvor 1/16 hluta jarðarinnar, og sonarsonur Magnúsar, Magnús Aðalsteinsson, fékk 1/16. Önnur dóttir Magnúsar af fyrra hjónabandi, Valgerður, og maður hennar, Hólmgeir Þorsteinsson, afsöluðu Aðalsteinu Magnúsdóttur hinn 5. ágúst 1930 sínum 1/16 hluta Grundar. Eiga þær Margrét Sigurðardóttir og Aðalsteina Magnúsdóttir því hálfa Grundartorfuna, Magnús Aðalsteinsson eignaðist hins vegar hinn helming Grundartorfunnar.

Hinn 26. september 1947 seldi Magnús Aðalsteinsson aðaláfrýjanda, Snæbirni Sigurðssyni, þá bónda í Hólshúsum, helming jarðarinnar Grundar ásamt helmingi jarðarinnar Holts og helming Hólshúsa.

Hinn 5. nóvember 1947 gerði aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi Ragnar Davíðsson, eiginmaður Margrétar Sigurðardóttur, f. h. konu sinnar og Aðalsteinu Magnúsdóttur makaskiptasamning þannig, að Snæbjörn lét af hendi hálfa hjáleiguna Holt og nokkra milligjöf, en fékk hálfa hjáleiguna Hólshús.

Hinn 8. október 1954 seldi Magnús Aðalsteinsson Agli Halldórssyni, bónda í Holtseli, hálfa þá hjáleigu, og hinn 15. maí 1957 seldi Magnús Ingólfi Gunnarssyni hálfa hjáleiguna Miðhús.

Eigi liggja fyrir frá fyrri tímum landamerkjalýsingar, er greini heimalönd höfuðbýlisins Grundar og hjáleignanna. Hafa þeir, sem í hlut eiga, því skapað sér skoðanir, oft lítt rökstuddar, um þessi efni.

Magnús Aðalsteinsson. Vætti hans er rakið í héraðsdómi. Hann kveðst eigi hafa heyrt annað en lönd Holtsels og Miðhúsa lægju saman, en viðurkennir, að sér séu eigi kunn merkin. Hann kveðst eigi fyrr en nýlega hafa heyrt því haldið fram, að Grund I og Grund II eigi 100 faðma spildu milli Holtsels og Miðhúsa, en kveðst eigi hafa aðstöðu til að mynda sér skoðun um þessa fullyrðingu. Hann segir, að Holtsbóndi hafi, meðan á þeirri jörð var búið, nytjað land að skógræktargirðingu eða jafnvel inn fyrir hana.

Hólmgeir Þorsteinsson, kvæntur Valgerði Magnúsdóttur, hefur dvalizt langdvölum á Grund og bjó þar 1923—1929.

Vætti hans er rakið í héraðsdómi. Hann segir, að hann hafi aldrei heyrt getið um, að Grund ætti ákveðna spildu lands milli Miðhúsa og Holtsels. Spurður fyrir dómi, kveðst hann eigi vita til, að eigendur Grundar hafi úthlutað hjáleigunum landi með ákveðnum merkjum, „en segir hins vegar, að hjáleigurnar hafi haft ákveðið land og merki fyrir landi sínu, en hann segist aldrei hafa gengið á þessi merki og hafi honum ekki verið vel kunnugt um, hvar þau voru". Hann segir, að Holtsbændur hafi slegið bæjargilið og einnig svæðið upp af skógarreitnum. Hann kveðst hafa árið 1932 sem umboðsmaður erfingja Magnúsar Sigurðssonar samkvæmt tilmælum Axels Jóhannessonar, þáverandi ábúanda Holts, tekið þátt í að „leggja vörzlugirðingu á austurmörkum Holtslands og suður að Finnastaðaá". Júlíus Ólafsson, bóndi í Hólshúsum, hafi sem fjárhaldsmaður Magnúsar Aðalsteinssonar einnig verið hluttakandi. Hafi þeir Júlíus lagt til grundvallar þá nytjun landsins, sem þeim var kunnugt um af hendi Holtsbænda, en þeim hafi verið fullljóst, að þeir voru „ekki að dæma um nú og endanleg" landamerki, heldur samkvæmt ósk ábúanda Holts að ákveða girðingarstæði, sem þó væri sem allra næst hinum raunverulegu merkjum, eins og þeir töldu þau vera og þau hefðu haldin verið um langa tíð. Samt viðurkennir Hólmgeir, að þeir Júlíus hefðu eigi vitað um nákvæm merki.

Valdimar Antonsson bjó á Grund 1920—1923. Vætti hans er rakið í héraðsdómi. Hann kveðst aldrei hafa heyrt getið um, að Grund ætti ákveðna spildu lands milli Miðhúsa og Holtsels. Hann veit eigi til, að fram hafi farið úthlutun á landi til býlanna í Grundartorfu. Hann segist eigi hafa orðið þess var, að Holtsbændur hafi í sinni tíð slegið í bæjarlækjargili og vestan við skógræktargirðinguna eða í henni sjálfri, en hann hafi séð, að nefndir bændur hafi heyjað í láginni fyrir sunnan Kálfagrundina, það er í Höllunum.

Axel Jóhannesson bjó í Holti 1930—1935. Framburður hans er í héraðsdómi. Styður vætti hans um landsnytjar Holts í aðalefni kröfu eigenda Grundar I og Holts. Hann gerði vörzlugirðingu þá, sem áður greindi, í samráði við þá

Hólmgeir Þorsteinsson og Júlíus Ólafsson. Axel hefur eigi getað bent á neinar fullgildar merkjalýsingar.

Jón Kristjánsson bjó í Holti 1935—1940. Í héraðsdómi er ritað vætti hans. Hann hafði fræðslu sína um merkin frá fyrirrennara sínum. Hann tók við landinu að mestu afgirtu. Styður vætti hans um landsnytjar Holts að mestu kröfur eigenda Grundar I og Holts.

Steinþór Sigurjónsson, sem átti heima í Holti 1890—1930, styður í vætti, er héraðsdómur rekur, kröfur eigenda Grundar I og Holts. Telur hann, að eigi hafi verið ágreiningur um landamerki og land nytjað frá Holti samkvæmt því.

Magnús Sigurjónsson var í Holti frá fæðingu 1898—1930. Er framburður hans greindur í héraðsdómi. Hann heyrði aldrei nefnd föst landamerki milli Holts og Grundar. Eftir vætti Magnúsar að dæma, virðist hafa verið sambeit í hinum svonefndu Höllum milli Grundar og Holts, en heyjað hafi verið þar frá Holti.

Guðrún Jónsdóttir er fædd á Grund 1908 og var þar að mestu til 1930. Framburður hennar er í héraðsdómi. Hún segir, að Magnús Sigurðsson hafi hvorki viljað hafa kýrnar, sem hún gætti, uppi í Höllum, er nytjuð hafi verið frá hinum bæjunum, né í gilinu eða vestan við skógarreitinn.

Þórður Jóhannesson. Hann var á Miðhúsum 31 ár, og er vætti hans rakið í héraðsdómi. Hann hefur það eftir föður sínum, er bjó í Miðhúsum, að lönd Holtsels og Miðhúsa liggi saman, en getur eigi bent á önnur skilríki.

Guðlaug Jónasdóttir bjó með eiginmanni sínum, Þórhalli Antonssyni, á Grund 1923—1924 og 1929—1935. Hún kveðst alltaf hafa litið svo á, að umferðarsvæðið eftir svonefndum Grundargötum og um Grundarhlið í fjallsgirðingunni „tilheyrði sjálfri heimajörðinni", en býlið Holtsel og Miðhús hafi um þær mundir haft hvort sitt hlið á fjallsgirðingunni. Spurð kveðst hún eigi geta sagt um, hvort umferðarspildan hafi „tilheyrt" heimajörðinni einni eða hvort hún hafi verið sameign hennar og býlanna.

Tryggvi Jónatansson, Litla-Hamri, kveðst hafa frá því verið 1927 og til hausts 1928 verið ráðsmaður hjá Margréti

Sigurðardóttur á Grund. Síðan hafi hann tímum saman, samtals 2—3 ár, verið starfandi að Grund og í Hólshúsum. Auk þess hafi hann verið í umferðarvinnu við plægingar á Grundartorfu. Laust fyrir 1930 kveðst Tryggvi hafa plægt undir túnauka hjá Eggert heitnum Jónssyni í Holtseli norðanvert við túnið. Hafi Eggert þá getið þess, að hann væri eiginlega eigi viss um, hve langt hann mætti rækta til norðurs, þar sem honum væri eigi kunn merki milli Holtsels og Grundarspildunnar, sem notuð hefði verið til rekstrar til og frá Grund upp til fjallsins. Veturinn 1927—1928 segist Tryggvi hafa beitt fé í brúnirnar suður af Kálfagrundinni fyrir neðan Holtstúnið, og vorið 1928 hafi hann beitt sauðfé norður fyrir lækinn vestur af skógargirðingunni, og hafi eigi verið við því amazt.

Karl Guðmundsson, Þingvallastræti 12, Akureyri, kveðst hafa átt heima í Hólshúsum frá 5—25 ára aldurs. Hann telur, að svæði það, sem búsmalinn var rekinn um frá Grund, Grundargötur, hafi „tilheyrt" Grund, og hafi þeir, sem á jörðunum bjuggu, sagt honum það, og nefnir hann sérstaklega sem heimildarmann Júlíus Ólafsson bónda í Hólshúsum, er hann var uppalinn hjá.

Guðmundur Guðmundsson, Helgastöðum, tjáist hafa verið vinnumaður á Grund 1928—1929. Hafi þá Jón heitinn Tómasson, sem verið hafði um áratugi ráðsmaður og fjármaður Magnúsar Guðmundssonar, sagt, að landið fyrir vestan brautina og allt upp á brekkubrún (að túnjaðri Holts) væri eign Grundar, og svo áfram suður að Finnastaðaá í beinu framhaldi. Kveðst Guðmundur hafa beitt þetta land að nokkru.

Nokkur fleiri vitni hafa verið leidd, en eigi þykir ástæða til að rekja vitnisburði þeirra frekar.

Svo sem getið var, hafa eigi verið lagðar fyrir dómstóla merkjalýsingar, er kveði á um landamerki höfuðbýlisins Grundar og hjáleignanna Holts, Holtsels og Miðhúsa. Úttektargerð sú á vörzlugirðingu, sem framkvæmd var 29. október 1920 og aðaláfrýjandi ber fyrir sig, getur eigi ráðið úrslitum. Vætti þau, sem rakin voru, geta ekki heldur

skorið úr, en líta ber þó til þeirra um það, hverjar landsnytjar hafa verið á þrætusvæðinu. Ósennilegt er og ósannað, að eigendur höfuðbýlisins Grundar hafi svipt sig með vilja eða í verki eignarráðum að umferðarsvæði til úthaga síns og vatnsbóls, og fá landsnytjar gagnáfrýjenda eigi svipt eigendur Grundar eignarráðum til hæfilegrar umferðarbrautar. Er því rétt að dæma aðaláfrýjanda sameign með Grund I að slíku umferðarsvæði, en með hliðsjón af því, hvernig landsnytjum hefur verið háttað, þykir breidd umferðarsvæðisins réttilega ákveðin 20 faðmar. Þar sem það ber undir landamerkjadóm að setja niður merki fyrir umferðarsvæðið, verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar, þ. á m. um væntanlegan umferðarrétt hjáleigna til umferðarsvæðisins, og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar samkvæmt framansögðu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Eyjafjarðarsýslu 27. júní 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 21. þ. m., var tekið fyrir hér fyrir dómi 16. október 1958 eftir skriflegri beiðni Aðalsteinu Magnúsdóttur og Ragnars Davíðssonar, umráðamanna Grundar I, Holts og hálflendnanna í Holtseli og Miðhúsum, allra í Hrafnagilshreppi, Snæbjarnar Sigurðssonar, eiganda Grundar II í sama hreppi, og Ketils S. Guðjónssonar, eiganda Finnastaða í sama hreppi. Í bréfinu segir: „að þar sem hvergi er finnanleg nein merkjalýsing milli jarða okkar né heldur beinlínis fyrir jarðirnar gagnvart nágrannajörðunum", þá er þess óskað, að málið sé fyrir tekið til sáttaumleitunar og meðferðar samkvæmt II. kafla landamerkjalaga. Samkvæmt kvaðningu valdsmanns komu framangreindir aðiljar, þ. e. Gísli Björnsson og Ragnar Davíðsson, eig-

inmenn Aðalsteinu Magnúsdóttur og Margrétar Sigurðardóttur, þinglýstra eigenda Grundar I, Holts og hálflendnanna Holtsels og Miðhúsa, Snæbjörn Sigurðsson, eigandi Grundar II, Helgi Schiöth, eigandi Hólshúsa, Ingólfur Gunnarsson, eigandi hálflendunnar í Miðhúsum, Egill Halldórsson, eigandi hálflendunnar í Holtseli, Ketill S. Guðjónsson, eigandi Finnastaða, en framangreindar jarðir eru í svokallaðri Grundartorfu, nema Finnastaðir, eða a. m. k. hefur sú jörð eigi talizt til hjáleigna aðaljarðarinnar. Enn fremur voru kvaddir til þessa réttarhalds eigendur Espihóls, Dvergstaða, Möðrufells og Torfna, en allar eru jarðir þessar í Hrafnagilshreppi. Í þessu réttarhaldi voru gerðar sáttir um merki eftirgreindra jarða: Grundar I og II annars vegar og Espihóls hins vegar, Dvergstaða annars vegar og Hólshúsa og Grundar I og II hins vegar, Grundartorfu og Finnastaða annars vegar og Möðrufells og Torfna hins vegar. Þá var gerð sátt um merki Finnastaða annars vegar og Holts og Holtsels og Miðhúsa hins vegar og Hólshúsa og Grundar I og II. Hins vegar náðust ekki sættir milli Snæbjarnar Sigurðssonar, eiganda Grundar II, annars vegar og hins vegar eiganda Holts, sem nú hefur verið lögð undir Grund I, Holtsels og Miðhúsa, og fjallar mál þetta því, eins og það liggur nú fyrir, um landamerki Grundar I og II annars vegar, þar sem þeirri jörð er eigi skipt að fullu, og hins vegar jarðanna Holts, Holtsels og Miðhúsa.

Í réttarhaldi í málinu 18. nóvember 1958 úrskurðaði dómurinn, að uppdráttur yrði gerður af þrætusvæðinu, og var hann gerður og lagður fram sem dskj. nr. 19.

Í réttarhaldi 18. maí s.l. ákvað dómurinn að fela sama manni og gert hafði uppdráttinn á dskj. nr. 19, Inga Garðari Sigurðssyni ræktunarráðunaut, að setja inn á kortið línur, er sýni kröfur aðilja og ýmis fleiri atriði, og var það gert, og kortið lagt fram sem nr. 49 í málinu.

Upphaflega voru gerðar kröfur í máli þessu, varðandi beitiland ofan svokallaðrar fjallsgirðingar, en með samkomulagi aðilja í rétti 30. október 1958 var ákveðið að takmarka mál þetta við lönd jarðanna neðan þessarar girðingar, eins og hún er nú, og verður þá ekki fjallað í þessu máli um merki, er liggja að þeirri girðingu, enda mun ekki vera að ræða um neinn ágreining um sjálf merkin, heldur hverjir séu aðiljar að þeim merkjum. Að sjálfsögðu verður ekki í máli þessu heldur fjallað um þau merki, er réttir aðiljar hafa gert sátt um í málinu eða lýst sig algerlega sammála, heldur aðeins þau atriði, er ágreiningur er um og merkt

hefur verið inn á uppdráttinn á dskj. nr. 49. Á uppdrætti þessum hafa kröfulínur Snæbjarnar Sigurðssonar, eiganda Grundar II, gagnvart Miðhúsum, Holtseli og Holti verið merktar með rauðum línum, kröfur eigenda Miðhúsa og Holtsels með grænum línum og kröfur eigenda Holts með bláum línum. Eins og kröfum og málsgögnum er nú háttað, þykir hagkvæmast að taka fyrst til úrlausnar sameiginleg merki jarðanna Holtsels og Miðhúsa, hvorrar gegn annarri og gagnvart Grund, en síðan merki Holts.

Landamerki Holtsels og Miðhúsa gagnvart hvort öðru og gagnvart Grund.

Í kröfugerð Snæbjarnar Sigurðssonar gagnvart Holtseli segir svo: „Landamerki Holtsels verði ákveðin þannig að norðan (móti Grund): Samkvæmt úttektargerð á girðingarhluta Holtsels í fjallsgirðingunni, sem er hin eina heimild, sem til er um breidd Holtselsspildunnar frá norðri til suðurs, verði mældir 194 fm frá Finnastaðamerkjum til norðurs eftir hinu upphaflega girðingarstæði fjallsgirðingarinnar. Frá þeim punkti, sem mæling þessi endar, verði markalína fyrir norðurkanti Holtselslands dregin til austurs í norðvesturhorn girðingar þeirrar, er samkvæmt framansögðu umlykur Holtsland. Virðist enda liggja í augum uppi, að merki beggja þessara hjáleigna standast á, þar sem hér var upphaflega aðeins um eina hjáleigu að ræða, sem sé Holt, sem Holtsel var síðan byggt út úr sem ⅓ hluti heildarinnar. Þetta kemur og næsta vel heim við grjótgarð þann, sem fyrir 60 árum var hlaðinn norðan við bæinn í Holtseli til þess að verjast ágangi af búpeningi frá Grund, sem daglega var rekinn vestur spildu þá af Grundarlandi, sem liggur næst norðan við land téðra hjáleigna ... Breidd þessarar viðbótar mun koma vel heim við þá 194 fm, sem ofan greinir, og sannar þetta enn betur fyrrtéða kröfu um breidd Holtselslands og markalínu Holtsels gagnvart Grund".

I kröfugerð Snæbjarnar Sigurðssonar gagnvart Miðhúsum segir svo: „Eftir því sem bezt er vitað, var vesturkantur Grundarlands á þessu svæði (milli Grundartúns og fjallsgirðingar) 100 fm frá norðri til suðurs, mælt eftir fjallsgirðingunni milli Holtselsspildunnar, er áður greinir, og lands Miðhúsa. Kemur þetta mjög vel heim við orðalag téðrar úttektargerðar (frá 25/10 1920) og staðhætti, þar sem Grundarhlið á fjallsgirðingunni er um 80 fm norðar á girðingunni en girðingarhorn Holtsels samkvæmt því, sem það á að vera, sbr. framanritaðan kafla um Holtsel. Þannig hefði Grund átt rétt til, að suðurmörk Miðhúsalands við fjallsgirðing-

una teldust 20 fm norðan Grundarhliðs, sem enn stendur óhreyft á sama stað og það var í upphafi. En nú er svo komið, að þessi 20 fm breiða spilda milli fjallsgirðingarinnar og nýja sýsluvegarins er orðin ræktuð og afgirt tún frá Miðhúsum. Sennilega hefur þessi túngirðing Miðhúsa verið sett niður með leyfi Grundarbænda. Með tilliti til þessa og þar sem hér er um mjóa ræmu að ræða, vil ég ekki gera kröfu til, að á þessu svæði verði þrengt að Miðhúsum. En austan við sýsluveginn niður að kúahólfsgirðingu Grundar krefst ég þess, að merki milli Grundar og Miðhúsa verði lína, dregin eftir stefnunni milli punkts í fjallsgirðingu 20 fm norðan Grundarhliðs og norðvesturhorns girðingarinnar utan um téð kúahólf, sem að mestu liggur að Hólshúsalandi."

Í réttarhaldi 14. september 1959 ákvarðaði Snæbjörn Sigurðsson þessa kröfu sína nánar þannig, að túngirðing Miðhúsa, eins og hún liggur (austur) frá réttinni, og framhald þeirrar girðingar niður að sýsluvegi verði merki, og hefur sú lína verið sett inn á uppdráttinn. Þá hefur Snæbjörn Sigurðsson krafizt málskostnaðar eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins.

Kröfur eigenda Miðhúsa, eins og þær liggja endanlega fyrir, sbr. dskj. nr. 6 og 49, eru þær, að að sunnan liggi merkin úr miðju Grundarhliði í girðingunni fyrir sameiginlegu landi Grundartorfunnar í klofinn stein á Miðhól, þaðan í barð við suðvesturhorn fjárréttarinnar. Síðan ráði bein lína í miðjan Gunnumel austur í Holtsgirðingu. Þeir mótmæla því, að milli jarðanna Miðhúsa og Holtsels sé ca. 100 fm breið landspilda frá fjallsgirðingu að Grundartúni, sem sé óskipt sameign eigenda Grundar. Hins vegar hefur umboðsmaður hálflendunnar í Miðhúsum, Jónas G. Rafnar, lýst því yfir, að viðurkenndur væri umferðarréttur eigenda Grundar og Holts um syðsta hluta landsins til nytja hins óskipta lands í fjallinu, hvort heldur væri til beitar eða annarra löglegra tíðkanlegra afnota, svo sem verið hafi frá fornu fari.

Kröfur eigenda Holtsels til norðurs, það er eins og þær eru endanlega, sbr. dskj. nr. 7 og 49, eru þessar: Að norðan liggja merkin úr miðju Grundarhliði í klofinn stein á Melhól og þaðan í barð við suðvesturhorn fjárréttarinnar. Síðan ræður bein lína um miðjan Gunnumel austur í Holtsgirðingu. Er þessi krafa algerlega í samræmi við kröfu eigenda Miðhúsa á þessu svæði. Þeir mótmæla einnig, að það hafi við nokkuð að styðjast í kröfu Snæbjarnar Sigurðssonar, að ca. 100 fm breið landspilda sé á milli Holtslands og Miðhúsa, en hins vegar hefur Jónas G. Rafnar,

umboðsmaður hálflendunnar í Holtseli, lýst því yfir, að eigendur Grundar og Holts eigi umferðarrétt um nyrzta hluta landsins til nytja hins óskipta beitilands í fjallinu, hvort heldur væri til beitar eða annarra löglegra tíðkanlegra afnota, svo sem verið hafi frá fornu fari. Þá hefur umboðsmaður eigenda Grundar I, sem jafnframt eru eigendur hálflendnanna í Holtseli og Miðhúsum, lýst því yfir, að skjólstæðingar hans stæðu eigi að kröfugerð Snæbjarnar Sigurðssonar, varðandi þessar jarðir, en að þeir telji þau merki rétt, er gerð hafa verið af eigendum jarðanna og að framan er lýst. Þá hefur hann tekið fram, að samkvæmt fasteignamati frá 1940 séu merki allra þessara jarða talin ágreiningslaus.

Þá hefur Jónas G. Rafnar, umboðsmaður hálflendnanna í Holtseli og Miðhúsum, vefengt, að Snæbjörn Sigurðsson geti á eindæmi sitt haft uppi kröfur um merki gagnvart landspildu, sem hann vill telja óskipt land Grundar, án þess að þeir, er þá væru sameigendur hans, hefðu samstöðu með honum um kröfurnar. Í réttarhaldi 16. júní 1960 lýsti Jónas G. Rafnar því yfir, að hann skoðaði þetta ekki sem frávísunarkröfu, en áskildi sér allan rétt að öðru leyti, er fælist í 46. gr. einkamálalaganna, og við flutning málsins krafðist hann þess, að hér væri farið eftir því ákvæði téðrar lagagreinar, að ef yfirlýsingar þeirra, er eiga óskipt réttindi, séu ósamrýmanlegar, þá skuli sú yfirlýsing, sem gagnaðilja sé hagkvæmari, lögð til grundvallar. Bæði eigendur Holtsels og Miðhúsa hafa gert kröfur um málskostnað sér til handa úr hendi Snæbjarnar Sigurðssonar eftir reikningi eða mati dómsins.

Verður nú vikið nánar að gögnum hvors deiluaðilja um sig, að því er þetta svæði snertir, en þar er annars vegar Snæbjörn Sigurðsson, eigandi Grundar II, og hins vegar eigendur Holtsels og Miðhúsa, þar sem kröfur þeirra eru samhljóða. Fyrst verður því vikið að rökfærslum Snæbjarnar Sigurðssonar.

Í greinargerð umboðsmanns Snæbjarnar Sigurðssonar er fyrst og fremst vitnað til kröfugerðarinnar á dskj. nr. 2, sem að framan er tekin upp að mestu orðrétt. Samkvæmt orðalagi kröfugerðarinnar byggir Snæbjörn Sigurðsson kröfur sínar um, að Grund tilheyri ca. 100 fm breið spilda frá svo nefndri fjallsgirðingu niður að Grundartúni, fyrst og fremst á þarnefndri „úttektargerð“ og því atriði, að uppfærsla fjallsgirðingarinnar fyrir Holtselslandi 1940 sé í samræmi við hana. Nefnd „úttektargerð“ á fjallsgirðingunni hefur verið lögð fram í málinu á dskj. nr. 12. Í upphafi þessa skjals segir, að úttektarmenn Hrafna-

gilshrepps séu mættir að Grund til þess að mæla upp og skipta vörzlugirðingu þeirri, sem lögð var 1908 fyrir ofan bæina frá Finnastaðaá og út að Dvergstaðamerkjum og þaðan til fjalls. Og í öðru lagi til þess að meta til peningaverðs efri helming þvergirðingarinnar og í þriðja lagi að gera álit á þann hluta girðingarinnar, sem tilheyrir Finnastöðum. Þá segir í skjalinu, að girðing þessi liggi út og suður með álmunni niður að Dvergstaðagirðingunni, en þetta er sama girðing og nefnd er venjulega í máli þessu „fjallsgirðing", en hún er talin vera samkvæmt úttektargerðinni 1204 fm, en þvergirðing frá henni við Dvergstaðamerki til fjalls 1284 fm, allri langgirðingunni og hálfri þvergirðingunni, eða samtals 1846 fm, er skiptast þannig á milli jarðanna: Finnastaðir 324 fm, Holtsel 1194 fm, Holt 180 fm, Miðhús 198 fm, Hólshús 324 fm og Grund 626 fm. Þá segir svo í matsgerðinni: Þeir 324 fm, sem við höfum úthlutað Finnastöðum, liggja allir fyrir landi jarðarinnar út að Holtselsmerkjum, þá tekur við Holtselsgirðing 194 fm, þar næst fyrir utan er Grundargirðing 164 fm og að auki 462 fm af þvergirðingunni ofan til af neðri helming hennar eða alls 626 faðmar.

Norðan við Grundargirðingu tekur við Miðhúsagirðing fyrir nokkrum hluta jarðarinnar, 198 fm á lengd. Þá Hólshúsagirðing út að merkjum og niður að Dvergstaðagirðingu, alls 324 fm. Holtsgirðing er neðsti hluti þvergirðingarinnar frá langgirðingunni upp að þeim hluta, sem tilheyrir Grund.

Af því Holt á ekkert land að langgirðingunni og hefur ekkert hlið á henni, verður að áskilja ábúanda rétt til að nota Grundarhliðið eftir þörfum.

Telur eigandi Grundar II, að augljóst sé, þegar þessir liðir úttektargerðarinnar séu athugaðir í samhengi, að Holtsel hafi átt að sjá um girðinguna fyrir þessu landi öllu, og sýni það, að landskák þessi hafi ekki verið breiðari, þ. e. 194 fm. Þá telur sami aðili það mjög styrkja skoðun sína, að uppfærsla á landi Holtsels, sem gerð var með ráði eigenda Grundar um 1940, hafi miðast við sama stað til norðurs og endamörk hluta Holtselslands af girðingunni samkvæmt úttektinni.

Stefnu línunnar gagnvart Holtseli til austurs frá nefndum stað í fjallsgirðingunni virðist eigandi Grundar II byggja aðallega á því, að merki beggja hjáleignanna, er hér eiga hlut að, þ. e. Holtsels og Holts, standist á, þar sem upphaflega hafi þetta verið ein og sama hjáleigan, og á hann þar að sjálfsögðu við merki Holts, eins og hann hefur gert kröfu um þau í máli þessu,

og loks kveður hann þessa línu koma næsta vel heim við grjótgarð þann, sem fyrir 60 árum hafi verið hlaðinn norðan við bæinn í Holtseli til þess að verjast ágangi af búpeningi frá Grund, sem daglega hafi verið rekinn eftir spildu þar fyrir norðan. Að því er varðar suðurmerki Miðhúsa á þessu svæði vestan sýsluvegar, byggir Snæbjörn Sigurðsson kröfu sína á því, að þar sé túngirðingin, sem sennilega hafi verið sett með samþykki Grundarbænda, en varðandi merkin austan vegarins, byggir hann á hinni nefndu matsgerð, þ. e. endapunktar línunnar til vesturs séu 20 m norðan við Grundarhlið svonefnt, og er þetta byggt á því, að Grundarspildan sé 100 fm, en Grundarhliðið sé 80 fm norðan við hluta Holtsels, og hafi Miðhúsamerki því upphaflega verið 20 fm norðan við hliðið. Varðandi hinn enda þessarar línu eða stefnu hennar, hafi ekki verið færð nein sérstök rök, nema þá það, að tilgreint er, að Hólshúsaland byrji þar fyrir norðan.

Samkvæmt kröfu þessari er nefnd spilda um 300 m neðst (austast). Þá hefur umboðsmaður Snæbjarnar Sigurðssonar fært fram sem rök fyrir kröfu sinni, að í Grundartorfunni tilheyrir allt land höfuðjörðinni, sem ekki hefur verið útskipt, og beri þeim, er halda vilji öðru fram, að sanna sitt mál fullkomlega. Þá kveður hann ljóst af skiptagerningnum, að Holtselsmenn og Miðhúsa hafi ekki átt rétt til að fara um Grundarhliðið, og hefur bent á, að aðalvatnsból Grundar sé á hinni tilgreindu landspildu. Hins vegar telur hann lítt á því að byggja, þótt hjáleigubændur reyttu slægjur hingað og þangað, þar á meðal í þessari spildu, enda sé upplýst, að þeir hafi heyjað á landi, sem enginn haldi fram, að tilheyri hjáleigunum, s. s. í fjallinu og við sundlaugina.

Umboðsmenn eigenda Holtsels og Miðhúsa svo og Holts og Grundar I hafa mótmælt því, að nein skák væri milli Holtsels og Miðhúsalanda, er tilheyrði Grundarjörðinni sameiginlega, og telja, að merki þau, er þeir gera kröfu til á þessu svæði og að framan eru rakin, hafi verið haldin svo frá fornu fari.

Þeir hafa mótmælt matsgerðinni á dskj. nr. 12 sem þýðingarlausri fyrir mál þetta, þar sem þar var ekki um nein landamerki að ræða og ekkert á þau minnzt, heldur hafi þar verið aðeins að skipta eignarrétti og viðhaldi á þargreindri girðingu, og hafa í því sambandi bent á, að ef af líkum megi ráða, þá hafi þar frekar verið farið eftir fasteignamati jarðanna en því, hvernig merki jarðanna voru, er að girðingunni lágu, enda hafi ekki verið hægt að miða við þetta síðastnefnda atriði almennt, þar

sem sumar jarðirnar hafi ekki átt neitt land að girðingunni. Eigendur Miðhúsa og Holtsels hafa ekki getað lagt fram nein bein skjalleg gögn, varðandi kröfur sínar, en byggja þær aðallega á vottorðum og vitnisburðum kunnugra manna.

Nokkur vitni, er öll eru meira og minna kunnug á þessu svæði eða hafa verið síðustu áratugina, hafa verið leidd sem vitni í málinu, og verður nú rakið það úr skýrslum þeirra, að því er þetta svæði varðar, sem máli þykir skipta.

Vitnið Þórður Jóhannesson á Espihóli, 65 ára, sem átti heima í Miðhúsum í Hrafnagilshreppi í 31 ár frá 1908—1939, lengst af hjá föður sínum, hefur borið eftirfarandi: Um landamerkin milli Miðhúsa og Holtsels sagði vitnið, að þau hafi verið ofan frá, miðað við svokallað Grundarhlið, því næst í klofinn stein, sem var í halla nokkru austar, síðan um göturnar rétt sunnan við réttina, sem nú er, og því næst austur í svokallaðan Gunnumel og síðan áfram beint austur að Holtsmerkjum.

Hann sagði og, að engjar þessara jarða hafi legið saman í mýrarsundi ofan við núverandi fjárrétt, og hafi verið hiklaust slegið þar á merki frá hvorri hliðinni sem var, enda hafi landamerki þar verið glögg. Ekki sagðist vitnið vita til, að Grund ætti neina landspildu þarna upp eftir, en hún hafi haft þarna umferðarrétt. Vitnið kvaðst hafa vitneskju sína um téð merki frá föður sínum, en hann hafi aftur fengið þessa vitneskju frá fyrirrennara sínum á jörðinni, eins og alltaf hafi verið.

Þá skýrði vitnið frá því, að hið svokallaða Grundarhlið hafi verið notað af Grundarmönnum, Holtsmönnum og einnig Holtselsmönnum, enda hafi verið greiðara og jafnvel styttra þá leið, það er fyrir Holtselsmenn, en að eigin hliði.

Um skiptingu fjallsgirðingarinnar sagði vitnið, að hún hafi ekki átt að miðast við aðliggjandi land, varðandi Miðhús, en vissi ekki, hvort svo hafi verið annars staðar við girðinguna. Þessi vitnisburður var tekinn gildur sem eiðfestur, en mótmælt efnislega af Snæbirni Sigurðssyni.

Hannes Jónsson, síðast til heimilis að Árgerði í Eyjafirði, sagður fæddur 31/10 1873 og sagður heimilisfastur í Holtseli frá 11 ára aldri til 31 árs aldurs, hefur gefið svohljóðandi vottorð, samanber dskj. nr. 15.

Ég undirritaður Hannes Jónsson, Árgerði, lýsi því hér með yfir, að ég hef aldrei heyrt það nefnt, að Grund í Hrafnagilshreppi ætti land á milli jarðanna Miðhúsa og Holtsels í sama hreppi. Þá vil ég enn fremur lýsa yfir, að ég vann við að hlaða

vörzlugarð á milli Holtsels og Miðhúsa, og var hann hlaðinn allur í Holtselslandi og ekkert hlaðinn á neinum landamerkjum, en aðeins sem vörzlugarður fyrir Holtselstún. Landamerkin milli Holtsels og Miðhúsa heyrði ég nefnd frá Grundarhliði að ofan og í Gunnumel að neðan.

Umboðsmaður Snæbjarnar Sigurðssonar mótmælti þessu vottorði, en eigi varð því viðkomið, að vottorðsgefandi mætti í rétti, þar sem hann hafði dáið í millitíðinni.

Hins vegar hafa tvö vitni, Benedikt Júlíusson, bóndi í Hvassafelli, og Magnús Stefánsson, Árgerði, sem báðir höfðu ritað á vottorðið sem vitundarvottar, staðfest það fyrir dómi, að það hafi verið undirritað af Hannesi heitnum Jónssyni í þeirra viðurvist og þeir undirritað það sem vitundarvottar. Benedikt kvaðst hafa stílað vottorðið samkvæmt beiðni og fyrirsögn Hannesar sjálfs og að það hafi verið algerlega efnislega samkvæmt hans framsetningu.

Undirskrift og staðfesting hafi farið fram í sama skipti og skjalið var samið. Einnig kvaðst vitnið hafa komið að Árgerði þessara erinda eftir beiðni frá Hannesi sjálfum, en Egill í Holtseli hafi fært honum boðin. Þá hafa bæði þessi vitni borið, að Hannes hafi þá verið rúmliggjandi, en andlega hress, og kvaðst Benedikt fyrst hafa lesið vottorðið upp fyrir hann, og því næst hafi hann sjálfur lesið það hátt, áður en hann skrifaði undir það. Bæði vitnin sögðust vera ókunnug á því svæði, er vottorðið fjallar um.

Hólmgeir Þorsteinsson, fyrrverandi bóndi á Hrafnagili, 75 ára, hefur borið eftirfarandi: Hann skýrir svo frá, að hann hefði búið á Grund árin 1923 til 1929. Áður hafði vitnið starfað við verzlun Magnúsar Sigurðssonar á Grund árin 1909—1916 og þar áður hafði hann verið þar kaupamaður og nemandi í unglingaskóla. Vitnið gaf þá yfirlýsingu, að það hefði aldrei heyrt getið um það, að Grund ætti ákveðna spildu lands milli Miðhúsa og Holtsels austan fjallsgirðingarinnar. Hitt kvað vitnið sér kunnugt um, að talinn hafi verið óskoraður réttur Grundarbænda að nota götuna frá Grund til rekstrar búfjár til fjalls gegnum svokallað Grundarhlið. Þá skýrði vitnið frá því að gefnu tilefni, að það vissi ekki um, að eigendur Grundar hafi úthlutað margnefndum hjáleigum landi með ákveðnum merkjum, en tók fram, að hjáleigurnar hafi haft ákveðið land og merki fyrir landi sínu, en hann kvaðst aldrei hafa gengið á þessi merki, og hafi honum ekki verið vel kunnugt um, hvar þau voru. Ekki kvaðst

vitnið heldur vita um, hversu gömul þessi merki væru, en þau hafi a.m.k. verið, frá því hann vissi til. Ekki kvaðst vitnið vita til, að nefndar hjáleigur hafi haft nokkrar slægjur við svonefnda Grundargötu og ekki heldur, að þær fengju slægjur í Grundarlandi, þó kvaðst vitnið vita til, að Holtsbændur hafi slegið eitthvað ofan fjallsgirðingar. Aldrei kvaðst vitnið hafa heyrt getið um úttektargerðina, samanber dskj. nr. 12, né heldur að þessi skipting girðingarinnar hafi átt að vera grundvöllur að skiptingu landsins neðan girðingar.

Vitnisburðurinn var tekinn gildur sem eiðfestur væri, en mótmælt af Snæbirni Sigurðssyni.

Vitnið Valdimar Antonsson, sem bjó á Grund árin 1920—1923, hefur gefið samhljóða yfirlýsingu og Hólmgeir Þorsteinsson og greint er í upphafi skýrslu hans, varðandi spildu milli Holtsels og Miðhúsa og umferðarrétt Grundar um svokallað Grundarhlið. Um dskj. nr. 12, girðingarúttektina, sagði vitnið, að það hefði ekkert fylgzt með samningu hennar, það muni Magnús Sigurðsson, sem hafi verið eigandi allrar jarðarinnar og ábúandi að ⅙ hluta hennar, hafa séð um, enda hafi þetta verið gert í sambandi við sölu Magnúsar á girðingunni til viðkomandi bænda, og kvaðst vitnið aldrei fyrr hafa séð þetta skjal. Vitnið kvaðst að gefnu tilefni ekki hafa vitað um það sérstaklega, að býlunum væri úthlutað sérstöku landi, og kvaðst ekki vita til, að nefnd úttektargerð á fjallsgirðingunni hafi verið liður í slíkri landskiptingu eða að hún hafi byggzt á eldri skiptingu landsins. Ekki kvaðst vitni þetta vita neitt um skipti landsins milli býlanna vestan þjóðvegarins og þau hafi ekki sjálf nytjað þar neitt land. Ekki vissi vitnið til, að bændur á þessum býlum hefðu neinar slægjur við Grundargötu, og vissi eigi til, að Grund ætti neina landspildu á því svæði upp að fjallsgirðingunni, og kvaðst aldrei hafa heyrt talað um neina eignarheimild á spildu, þar sem götunar lágu. Vitnið vann eið að framburði sínum vegna andmæla umboðsmanns Snæbjarnar Sigurðssonar við framburð þess.

Þá hefur Magnús Aðalsteinsson, lögregluþjónn í Reykjavík, fyrrverandi eigandi Grundar II og fyrirrennari Snæbjarnar Sigurðssonar þar, borið vitni í málinu:

Hann hafi ekki heyrt því haldið fram, að Grund ætti neina landspildu milli landa Holtsels og Miðhúsa, fyrr en nú fyrir skömmu og kvaðst aldrei fyrr hafa heyrt annað en lönd Holtsels og Miðhúsa lægju saman. Þá sagði vitnið, að girt hafi verið ágreiningslaust milli Holtsels og Miðhúsa, að því er hann bezt

vissi. Vitnið kvað sér annars ekki vera kunn merkin milli þessara jarða og kvað vel mega vera, að ekki hafi verið girt nákvæmlega á merkjunum. Hann minnir, að þessi girðing hafi verið sett um 1930, og vissi ekki til, að henni hafi verið nokkurn tíma breytt síðan. Varðandi það atriði, hvort dskj. nr. 12, „matsúttektargerðin", hefði þýðingu við ákvörðun landamerkja milli jarða þeirra, sem þar um getur, neitaði vitnið því og kvað þetta eingöngu hafa verið viðkomandi eignarrétti á girðingunni og viðhaldi á henni. Vitnið kvað sér ekki kunnugt um, að neinn ágreiningur hafi verið um landamerki þessara jarða. Vitnið tók fram, að það hefði orðað afsölin fyrir jörðinni þannig, að þar seldi hann eignarhluta sína ótiltekið.

Egill Halldórsson bóndi, Holtseli, sem kom þangað 1931, hefur borið, að hann hefði upplýsingar um merki Holtsels og Miðhúsa, eins og þær koma fram í kröfugerðinni, frá Eggert Jónssyni, bónda í Holtseli, tendaföður sínum, Jóhannesi bónda í Miðhúsum, föður Þórðar Jóhannessonar, er að framan er greindur, og Hannesi Jónssyni í Árgerði og tók fram, að sá fyrstnefndi og sá síðastnefndi hafi báðir verið dánir, er þetta mál kom til. Hins vegar sagði hann, að hann hefði ekki fengið neinar upplýsingar um merki jarðarinnar, er hann keypti hálflenduna af Magnúsi Aðalsteinssyni, og kvaðst hafa talið, að enginn ágreiningur væri um merkin og að honum hafi þá verið kunn merki þau, er hann gerir nú kröfu um, og bæði Magnús Aðalsteinsson og Hólmgeir Þorsteinsson hafi talið merkin vera þannig. Þá hefur hann borið, að hætt muni hafa verið að nota Holtselshliðið á fjallsgirðingunni fyrir 23 árum og Grundarhliðið eingöngu notað síðan, enda hafi verið álitið frá upphafi, að þetta væri að nokkru leyti sameiginlegt hlið, þar sem kýrnar hafi alla tíð verið reknar um Grundarhliðið. Þá kvað hann girðingu, sem sé fyrir sunnan Gunnumel, hafa verið setta upp fyrir meir en áratug, og hafi sú girðing og girðing frá Miðhúsum komið saman og verið hlið á, og hafi svo verið, þar til sýsluvegurinn hafi komið. Þá kvað hann girðinguna hafa verið setta upp utan um tveggja dagslátta nýrækt norðvestur af grjótgarðinum, sbr. uppdráttinn, og hafi síðan verið sett girðing frá henni í Miðhúsagirðingu 1934 eða 1935. Þessa síðast nefndu girðingu kvað hann hafa verið tekna niður 1958. Egill kvaðst aldrei hafa beðið Grundarbændur um leyfi, þegar hann girti út í Miðhúsaland, enda taldi hann sig ekki hafa þurft þess, og þeir hafi aldrei amazt við því fyrr en Snæbjörn Sigurðsson 1958.

Ingólfur Gunnarsson, bóndi í Miðhúsum, sem hefur búið þar síðan 1941, hefur borið eftirfarandi. Hann kvað heimildarmann sinn um merkin vera Þórð Jóhannesson, og einnig hafi hann stuðzt við, hvernig landið var nytjað frá jörðinni, og nefndi þar til, að slegið hafi verið á sundunum fyrir ofan fjárréttina á merki til móts við Holtselsbóndann, og hafi þau verið þau sömu og hann hafi gert kröfu til í máli þessu, og einnig hafi verið slegið norður og vestur af Gunnumel, og loks sagði hann, að fyrir um það bil 25 árum hafi verið gerð sáðslétta austur af Gunnumel og jafnan hafi verið borið á hana, en hún hafi aðallega verið notuð til kúabeitar síðustu árin. Hann sagði, að blettir þessir hafi verið slegnir árlega, og einnig hafi landið á hinni umdeildu skák verið nytjað til beitar, að því er virtist frá Miðhúsum. Þá sagði Ingólfur, að girðing, sem Egill setti sunnan við Gunnumel, hafi ekki náð alveg í Miðhúsagirðinguna, heldur hafi verið þar opið sund, en tók fram, að túngirðing Miðhúsa hafi áður legið þar um, sem nú sé suðausturhorn réttarinnar, samhliða núverandi túngirðingu niður undir, þar sem sýsluvegurinn sé nú, og hafi sundið þarna á milli því verið mjórra en það er nú, sbr. uppdráttinn. Framburður Ingólfs um girðingu nýræktar og þaðan út í Miðhúsagirðingu er samhljóða við framburð Egils Halldórssonar um það. Þá sagði Ingólfur, að Egill hafi lagt þvergirðingu neðan (austan) við réttina út í Miðhúsagirðingu, eftir að sýsluvegurinn kom. Hlið var á báðum þvergirðingunum.

Svo sem fram kemur af því, er að framan greinir, byggir Snæbjörn Sigurðsson kröfur sínar um ganginn milli Holtsels og Miðhúsalanda á matsgerð úttektarmannanna, dskj. nr. 12, auk nokkurra annarra atriða, svo sem Grundargötu, vatnsbóli, uppfærslu Holtselsgirðingar o. s. frv. Í skjali þessu er ekki tekið fram, að hinn úthlutaði girðingarhluti sé allur fyrir landi viðkomandi jarða, nema Finnastaða, og ljóst er, að girðingar tilheyrandi Miðhúsum og Holti eru ekki afmarkaðar eftir löndum þeirra, enda ekki hægt við þá síðarnefndu.

Tvö vitni hafa borið um gildi þessa skjals, Valdimar Antonsson og Magnús Aðalsteinsson, eins og áður greinir, og hefur hvorugur kannast við, að skipting girðingarinnar hafi miðast við skiptingu landsins neðan við girðinguna. Hins vegar hefur ekkert vitni borið um þetta atriði í gagnstæða átt. Þegar á þetta er litið og þess jafnframt er gætt, að matsgerðin gæti aldrei bent til nema eins punkts, yrði aldrei hægt að byggja neinar línur á því einu saman og þá ekki merki heldur. Ekki verður heldur talið, að önnur rök

Snæbjarnar Sigurðssonar séu nægileg stoð undir kröfu hans um land, tilheyrandi Grund, á þessu svæði eða merki þess lands. Eins og fram kemur að framan, hafa 4 vitni, það er Þórður Jóhannesson, Hólmgeir Þorsteinsson, Valdimar Antonsson og Magnús Aðalsteinsson, sem allir eru þarna nákunnugir og allir verið bændur á Grund, nema sá fyrstnefndi, borið það, að þeir hafi aldrei vitað til, að Grund ætti neina landspildu milli nefndra jarða. Hins vegar hefur ekkert vitni verið leitt, er borið hafi í gagnstæða átt, nema að Guðrún Jónsdóttir bar, að hún teldi, að Grundargötur svokallaðar hafi tilheyrt Grundarjörð, en kvaðst annars ekkert um þetta vita. Þegar jafnframt er litið á skýrslu búenda á þessum jörðum um nytjar landsins á hinni umdeildu spildu og girðingar, sem þeir virðast hafa haft þar um áratugi, að því er séð verður átölulaust af Grundarmönnum, þá verður rétturinn að hafna þeirri kröfu Snæbjarnar Sigurðssonar, að neitt land, tilheyrandi Grund, sé milli landa Holtsels og Miðhúsa, en taka til greina kröfur þessara jarðeigenda um, að lönd þeirra liggi saman á þessu svæði, og með því að kröfur eigenda beggja landanna eru samhljóða, ber að taka þær til greina, eins og þær liggja fyrir í kröfugerð þeirra og að framan er rakið. Þá má teljast upplýst í málinu, enda viðurkennt, að Grundareigendur eigi umferðarrétt eftir fornum götum að Grundarhliði á fjallsgirðingunni, en þar sem engin krafa hefur verið um það gerð í málinu, verður eigi dæmt um það atriði.

Um landamerki Holts.

Upphaflega var krafa Snæbjarnar Sigurðssonar sú gagnvart Holti, að sú jörð héldi landi því, sem þar er afgirt og hafi lengi verið, sbr. dskj. nr. 2, og gaf hann síðar þá skýringu á þessu, að þar væri átt við núverandi túngirðingu. Síðar gerði Snæbjörn þá breytingu á kröfu sinni, að auk þess fylgdi Holti land það, ræktað og óræktað, sem er í suður frá Holtstúni að Finnastaðaá, milli Finnastaða og Árbæjar að vestan og nýræktar Grundar II að austan, norður að höllunum, og enn síðar skilgreindi hann þá kröfu sína þannig, að höllin byrjuðu við holtsendann, þar fyrir norðan skyldi túngirðing Holts ráða. Hann kveður „höllin" austan við túnið í Holti aldrei hafa verið lögð undir Holt, þar á meðal heimaskógræktarreiturinn, sem eigendur Grundar I hafa lagt undir sig, að eigendum Grundar II forspurðum. Þá kveður hann vitað og viðurkennt af öllum, að svonefnd Kálfagrund, sem er á þessu svæði, hafi aldrei verið lögð undir Holt.

Krafa eigenda Holts um merki þeirrar jarðar, er sem hér grein-

ir: Að vestan ræður girðing frá Finnastaðaá að sunnan norður á móts við norðvesturhorn skógræktargirðingarinnar. Þaðan bein lína til austurs í norðvesturhornið á Skógræktargirðingunni. Síðan ráða vestur- og suðurhlið skógræktargirðingarinnar merkjum, eins og girðingin liggur frá norðvesturhorni hennar á þann stað, er áður var suðvesturhorn Skógræktargirðingarinnar (í suðurhlið núverandi girðingar). Þaðan bein lína í norðvesturhorn Kálfagrundargirðingar. Síðan ráða vestur- og suðurhliðar girðingarinnar um Kálfagrundina merkjum í suðausturhorn hennar. Þaðan ræður merkjum að austan núverandi girðing allt suður að Finnastaðaá. Að sunnan ræður Finnastaðaáin merkjum. Engin skrifleg skilríki finnast um merki milli Grundar og Holts frekar en annarra býla í Grundartorfu, og eru aðalgögnin, sem komið hafa fram um þetta, vitnisburður kunnugra manna og girðingar þær, sem nú eru á þessu svæði eða upplýst er um, að verið hafi á þessu svæði, og önnur kennileiti, sem upplýst er um. Samkvæmt uppdættinum er fyrir liggur í málinu og athugun dómsins á vettvangi, er nú girðing á þeim línum, er greindar eru í kröfum eigenda Holts, að undantekinni línunni frá Skógræktarreit að svokallaðri Kálfagrund. Hins vegar er Kálfagrund alveg afgirt og sömuleiðis heimaskógræktarreitur sunnar í höllunum.

Verður nú vikið að skýrslum vitna, er fyrir liggja.

Axel Jóhannson bóndi, Torfum, hefur gefið eftirfarandi skýrslu. Í vottorði hans á dskj. nr. 9 segir svo: Ég undirritaður bjó í Holti í Hrafnagilshreppi árin 1930 til 1935. Landamerki jarðarinnar voru ágreiningslaus að sunnan, vestan og norðan, en samkomulag varð milli mín og eigenda Grundar, að ég setti girðingu úr suðausturhorni Kálfagrundar suður með holtinu, allt suður að Finnastaðaá, einnig setti ég girðingu úr norðvesturhorni Kálfagrundar norður í suðausturhorn skógargirðingarinnar. Þá vil ég geta þess, að ég heyjaði lækjargilið upp undan Grund niður að þjóðvegi, áður en girðingin var sett, og varði það og spilduna vestan skógargirðingarinnar fyrir ágangi búfjár frá Grund, einnig heyjaði ég í skógarreitnum sjálfum, sem talinn var vera að einhverju leyti í Holtslandi. Nánar hefur vitnið lýst landamerkjum Holts þannig að vestan og norðan, að syðst hafi það legið að Finnastaðalandi, þar fyrir norðan að Miðhúsamó, og hafi mörkin þar verið svipuð, eins og girðingin er nú, en síðan hafa merkin verið svolítið ofar við lækinn en þar sem girðingin sé nú, en sagði, að sér hefði ekki verið vel kunnugt um merkin nyrzt á þessu svæði, en áréttaði, að Holt mundi hafa

átt svæði vestan við skógræktargirðinguna og bæjargilið, og tók fram, að fyrrverandi bóndi í Holti, Sigurjón Þorkelsson, hafi sagt sér þetta, og einnig hafi sami maður sagt vitninu, að vestasti hluti skógarreitsins hafi tilheyrt Holti. Jafnframt tók vitnið fram, að ábúendur Grundar og eigendur hafi látið það átölulaust, að hann hefði slægjur og varnir gegn ágangi búfjár á framangreindu svæði. Hins vegar sagði vitnið, að Grundarbændur hafi haft óhindraðan umferðarrétt um þetta svæði, og hafi þar verið hlið á girðingunni, eftir að hún kom upp. Varðandi girðinguna suður með holtinu og suður að Finnastaðaá, sem það minnti, að það hefði sett upp 1932—33, bar vitnið, að það hefði sjálft átt frumkvæðið að setningu hennar, enda kostaði hann hana að öllu leyti. Þegar vitnið kom í Holt, var þar engin túngirðing, og hafi þá verið stöðugur ágangur búfjár, svo að naumast hafi verið búandi í Holti án þess að girða, og hafi hann þá ráðizt í það. Hins vegar sagði vitnið, að þáverandi umráðamenn Grundar, þeir Júlíus Ólafsson í Hólshúsum og Hólmgeir Þorsteinsson, hafi ráðið þar mestu. Í sambandi við þetta sagði vitnið, að Júlíus hafi lagt áherzlu á að hafa girðinguna sem næst túninu í Holti, einkum hafi hann viljað teygja hana upp við syðri enda holtsins, til að Grund missti ekki af góðu beitilandi, sem hann taldi vera þar. Ekki sagði vitnið, að girðingin hafi verið sett eftir neinum kennileitum eða merkjum, gerðum af manna höndum. Vitnið sagði, að sér hefði verið ókunnugt um merkin að austan, en eins og áður segir, hafi girðingin verið sett niður í samráði við umráðamenn Grundar, og sagði, að ekki hafi verið talað um, að girðingin væri landamerki, en sagði, að í framkvæmdinni hafi hún verið höfð sem merki, þar sem hann hafi hætt að nytja land neðan girðingar, nema hluta af svokölluðum Kotavelli neðan vegar, og Grundarbændur hafi eftir þetta ekki nytjað landið neitt ofan girðingar.

Jón Kristjánsson, fyrrverandi bóndi í Holti, hefur gefið svofellda yfirlýsingu: Þegar ég undirritaður bjó í Holti á árunum 1935—1940, var enginn ágreiningur um landamerki Holts. Landið liggur að landi Finnastaða, Holtsels og Miðhúsa að vestan, norður á móts við norðvesturhorn skógargirðingarinnar og þaðan niður í skógarhorn. Að norðan réðu vestur- og suðurhliðar skógargirðingarinnar niður í horn að sunnan. Að austan var girðing úr suðausturhorni skógargirðingarinnar, bein lína á norðvesturhorn Kálfagrundar, suður með henni og niður í horn á henni að suðaustan og þar suður með holtinu til Finnastaðaár. Þess

skal getið, að á hverju sumri heyjaði ég gilið og spilduna vestan við skóginn.

Þá sagði vitnið, að þegar það hafi komið að Holti, hafi allt landið verið afgirt, nema að vestan, að undanteknu Finnastaðalandi. Sjálft girti vitnið nokkuð af túninu, en ekki að fullu.

Um kennimerki að vestan sagði vitnið, að gróf hafi verið sunnan og ofan við gömlu húsin, og hafi svo merkin legið þaðan norður eftir, og hafi verið frekar mjó spilda vestan við lækinn, og hafi hann slegið hana og norður með skógargirðingunni að vestan auk gilsins. Honum var sagt, að girðingin að austan réði merkjum. Vitnið kvaðst hafa haft upplýsingar um merkin frá ábúendum Holtsels og Miðhúsa og fyrirrennara sínum í Holti. Þá kvaðst vitnið að gefnu tilefni ekki hafa orðið fyrir miklum ágangi með heyskap í bæjargilinu og spildunni vestan skógarreitsins. Varðandi þá spurningu, hvort vitnið gæti fullyrt um, að framangreind merki hafi verið annað og meira en slægjumerki í óskiptu landi, sagðist vitnið ekki geta það, en sagðist hafa litið svo á, að það hefði haft fulla ábúð á þessu landi og hefði einn rétt til að nytja það.

Vitnið Steinþór Sigurjónsson, til heimilis á Akureyri, 67 ára, hefur gefið svofellda yfirlýsingu, sbr. dskj. nr. 8: Þegar ég undirritaður átti heima í Holti í Hrafnagilshreppi á árunum 1892—1930, var enginn ágreiningur um landamerki Holts. Landið liggur að landi Finnastaða, Holtsels og Miðhúsa að vestan norður á móts við norðvesturhorn skógargirðingarinnar og þaðan niður í skógarhorn. Að norðan réði vestur- og suðurhlið skógargirðingarinnar niður í horn að sunnan. Að austan var þá engin girðing, en ágreiningur var enginn um merki á því svæði frá skógargirðingunni suður að Finnastaðaá. Á hverju sumri var gilið niður að skógarhorni heyjað frá Holti, og sum árin var einnig heyjað í skógargirðingunni. Þá skýrði vitnið svo frá, að í þess tíð í Holti hafi merkin verið vel merkt gagnvart Finnastöðum með grjótvörðum, og einnig hafi verið eitthvað merkt með steinum norður fyrir Miðhúsamó, og nyrzt, nálægt því á móts við norðvesturhorn skógargirðingarinnar, hafi verið ofurlítil lág eða gryfja, sem slegið hafi verið að. Ekki kvaðst vitnið hafa séð girðinguna, sem nú er á þessum slóðum, svo vel, að það geti sagt, hvort hún væri á merkjunum. Um merkin að austan sagðist vitnið eigi hafa vitað, það hafi slegið Bæjarlækjargilið niður jafnt neðra skógarhorni og lágina sunnan við Kálfagrund og einnig bletti

sunan í holtinu. Þá sagði vitni þetta, að gefnu tilefni, að enginn maður hefði skýrt fyrir því merki Holts, en sagði, að við nytjun slægna hafi þeir miðað við það land, sem þeir töldu sig hafa full umráð yfir, og sagði, að talið hafi verið, að land það, sem var innan þeirra merkja, er það hefur tilgreint, hafi tilheyrt Holti að öllu leyti. Varðandi notkun Grundarbænda á lægðinni norður af Holti (gilinu) og landinu þar vestur til fjallsgirðingar, sagði vitnið, að búfénaður frá Grund hafi verið rekinn um þetta svæði, hestar og kýr, en fé aðallega á vorin, og tók fram, að fráfærur hafi verið hættar á Grund, þegar hann man eftir. Þá sagði vitnið, að einhver ágangur af fé hafi verið að austanverðu, en það hafi aðallega verið að vetrinum, svo enginn ágreiningur hafi verið þar um.

Magnús Sigurjónsson húsgagnabólstrari, Ægisgötu 1, Akureyri, fæddur 1898, hefur gefið eftirfarandi skýrslu. Hann kveðst hafa verið heimilisfastur í Holti hjá föður sínum frá fæðingu til 1930, en skýrði jafnframt frá því, að eftir að hann varð fulltíða, hafi hann leitað annað til vinnu á sumrin. Um rekstur á búfé frá Grund, sagði vitnið, að hann hefði verið um gilið norðanvert og upp hjá svokölluðum Gunnumel sunnan megin og þaðan sem næst beint af auga að Grundarhliði. Þá sagði vitnið, að frá Holti hafði verið heyjað í gilinu, þó hafi aðalslægjan verið, þar sem gilinu sleppir vestan við skógræktarreitinn og stundum inni í reitnum, þó hafi þarna ekki verið slegið nema sum árin. Einnig segir vitnið, að frá Holti hafi verið slegið í höllin og í lágum í brekkunni sunnan við Kálfagrund, en sagði, að það hafi þó aðallega verið ein læna sunnan við grundirnar, og hafi Grundarbændur séð um, að kýr gengju þar ekki, þegar heyskapur var þar. Þá sagði vitnið, að kýrnar frá Grund hafi verið hafðar við Helguhól og suður af Kálfagrund og stundum suður með brekkunni, en sagði, að þær hafi ekki mikið verið hafðar þarna og ekki amazt við þeim frá Holti. Kvað vitnið beit þessa hafa verið á ýmsum tímum árs, m. a. um sláttinn, en stuggað hafi verið við kúnum niður fyrir höllin, er þær nálguðust túnið, sem var ógirt.

Vitnið sagði, að búfé frá Grund hafi ekki að staðaldri verið rekið á síðastnefnd svæði, en það hafi komið fyrir. Varðandi það, hvort slegið hafi verið að einhverjum merkjum í Holti að vestan og norðan, sagði vitnið, að einhverjir steinar hafi verið sem merki gagnvart Holtseli; og gagnvart Miðhúsum hafi hann munað eftir einhverri lægð eða halli, en að norðan hafi verið

farið að óræktarhalli, og sagði, að sig minnti, að ekki hafi verið farið eins langt norður og móts við norðvesturhorn skógargirðingarinnar.

Vitnið Guðrún Þóra Jónsdóttir, 51 árs gömul, sem fædd er á Grund og var þar að mestu til 1930, hefur borið eftirfarandi. Vitnið sagði, að Holtsfólkið hafi heyjað í gilinu. Þá sagði vitnið, sem m. a. hafði með vörzlu kúnna á Grund að gera, að kýrnar þaðan hafi verið hafðar í girðingu suður af túninu, og einnig hafi þær stundum verið neðst í gilinu og með brautinni suður af Kálfagrund. Þær hafi ekki mátt vera uppi í höllunum, vegna þess að þau hafi verið nytjuð frá hinum bæjunum. Þá sagði vitnið, að kýrnar hafi stundum verið vaktaðar norðan við Helguhól, og hafi þess verið gætt, að þær færu ekki upp í gilið, og tók fram, að Magnús Sigurðsson hafi ekki viljað hafa kýrnar uppi í gilinu eða vestan skógarreitsins.

Þá verður getið þess helzta, er vitnið Hólmgeir Þorsteinsson, er að framan greinir, hefur borið um þetta svæði, en hann mætti tvisvar. Í fyrri framburði sínum, að hann mundi eftir því, að bóndinn í Holti hafi slegið bæjarlækjargilið og svæðið upp af skógarreitnum. Þá skýrði vitnið frá því, að það hafi heyrt talað um það, að þegar upphaflegi skógarreiturinn hafi verið úrskiptur um aldamótin, þá hafi fyrst verið talað um, að hann næði aðeins að Holtslandi, en það hafi ekki þótt nægilegt og hafi verið farið lengra vestur, þ. e. í Holtsland, og hafi þar verið svolítill hálfdeygjublettur, er eigi var nothæfur til skógræktar, og muni Holtsbændur hafa heyjað á honum. Í skýrslu á dskj. nr. 39 og síðar í rétti gerði vitni þetta nána grein fyrir atvikum að setningu girðingar Axels Jóhannssonar og fleira varðandi Holtsland. Tildrögin voru þau, að Axel tjáði vitninu sem umboðsmanni dætra Magnúsar heitins Sigurðssonar, er átti hluta af Grundartorfu, að hann taldi sig tilneyddan að girða Holtsland að austan til að hindra ágang búfjár. Hólmgeir ákvað svo girðingarstæðið ásamt Júlíusi Ólafssyni í Hólshúsum, fjárhaldsmanni Magnúsar Aðalsteinssonar, er átti hinn hluta jarðarinnar. Fyrst var að athuga, hvar merki jarðanna væru á þessum stað, sagði Hólmgeir, en þeir höfðu ekkert skjallegt í höndunum þeim til glöggvunar, og hefur Hólmgeir sagt, að þarna hafi ekki verið til nein nákvæm merki að hans áliti, og Júlíus hafi heldur ekki virzt vita um nein nákvæm merki. Hins vegar sagði hann, að það hefði mótazt fast í sinni vitund, að merkin væru rétt við brekkuræturnar og eftir þeim beinlínis suður í Finnastaðaá, og

rök hans væri þessi: Hann hafði allt frá sumrinu 1905 horft á, að Holtsbóndinn sló lág nokkra framan í brekkunni, sunnan við svonefnda Kálfagrund og allt niður á brekkurótina. Einnig sló hann smábletti framan í brekkunni suður að svonefndum Holtsenda, og svo þar fyrir sunnan, sem slægt þótti, og var þetta gert alla tíð, sem vitnið vissi til, átölulaust af Grundarbónda. Þá gerðu ungir menn í Grundarplássi sundpoll þarna suður undir Finnastaðaá 1909, og kvað vitnið þá hafa fengið leyfi Holtsbónda til þeirra framkvæmda, og hafi hann veitt leyfið. Þá sagði vitnið, að í þriðja lagi hafi Júlíus Ólafsson talið merkin við brekkuræturnar, og þótti vitninu það mikil stoð, þar sem Júlíus hafi verið þarna miklu kunnugri um þessar slóðir. Þessa merkjalínu sagði hann, að þeir hafi svo lagt til grundvallar við ákvörðun girðingarstæðisins, en þeim kom saman um, að ófært væri að setja girðinguna nákvæmlega, þar sem þeir töldu merkin vera, það er við brekkuræturnar, vegna snjóþynsgla, og vildi vitnið, að hún væri nokkrum metrum austar, en Júlíus vildi, að hún væri vestar. Samkomulag varð svo um það milli þeirra, að girðingin yrði sett nokkrum metrum austar norðan til, en til að jafna það, væri hún lögð nokkru vestar sunnan til. Þá segir orðrétt (úr dskj. nr. 39): Það skal framtekið, að báðum okkur Júlíusi var það fullljóst, að hér vorum við ekki að dæma um ný og endanleg landamerki, heldur samkvæmt ósk ábúanda Holts að ákveða girðingarstæði, sem þó væri sem allra næst hinum raunverulegu merkjum, eins og við töldum þau réttust vera og okkur fullkunnugt um, að haldin höfðu verið langa tíð. Frávikin frá hinum réttu merkjum voru gerð af hagkvæmnisástæðum, eins og fram kemur hér á undan, og mismunurinn jafnaður þannig, að í framkvæmd og afnotagildi væri á hvorugan réttinn gengið, Grundar og Holts.

Ekki vissi Hólmgeir annað en nefnd girðing hefði alltaf staðið, síðan hún var sett, en upplýst er, að hún var tekin niður eftir um 10 ár. Varðandi það, hvort vitnið teldi, að núverandi girðing væri á sama stað og sú eldri, sagði vitnið, að þegar það kom á vettvang s.l. haust í réttarhaldi í máli þessu, hafi eigi verið farið lengra en suður að Holtsendanum, og sagðist álíta, að þangað væri núverandi girðing á sama stað, og kvaðst hafa talið víst, að þannig væri einnig með syðri hlutann, þótt hann hafi ekki athugað það eins vel.

Um þessi merki hefur Snæbjörn Sigurðsson, einn aðilja þessa máls, borið eftirfarandi: Þegar hann keypti, fékk hann engar

upplýsingar um merki, og ekki hafi heldur verið neitt rætt um merkin milli hans og Ragnars Davíðssonar, þegar hann seldi eigendum Grundar I sinn helming í Holti. Þá skýrði hann svo frá, að girðing Axels Jóhannssonar hafi verið tekin niður, eftir að hún hafi verið búin að standa um tíu ár, og hafi verið búið að því, er hann kom að Grund. Síðan kvað hann Ragnar Davíðsson hafa gert skógarreitinn austan Holts og sett upp aftur girðinguna sunnan Kálfagrundar og suður úr og telur, að þetta hafi verið sama árið og hann kom að Grund, 1948, og sagði, að samvinna hafi verið með þeim Ragnari um þetta, og hafi Ragnar gert girðinguna suður á móts við Holtsenda eða að hliði, sem er á girðingunni sem sé sunnan skáa, sem sé á girðingunni, sbr. uppdráttinn, en sjálfur hafi hann gert núverandi girðingu þaðan og suður úr, og hafi hann nýrækt þar austan við (í landi Grundar II). Þá tók Snæbjörn fram, að hann teldi núverandi girðingu suður af skógarreitnum ekki í girðingarstæði Axels, og telur, að girðing Axels hafi verið vestar, sérstaklega sunnan til, að því er hann minnti. Hann sagði nokkur vírslitur hafa verið eftir af girðingu Axels, þegar hann girti. Snæbjörn neitaði, að hann hafi talið, að með þessari girðingu væri verið að gera landamerkjagirðingu. Hins vegar kannast Snæbjörn Sigurðsson við, að eigendur Holts hafi einir haft umráð og afnot af landinu í brekkunni neðan við túnið í Holti, síðan hann seldi helming jarðarinnar. Ragnar Davíðsson, bóndi á Grund, hefur skýrt svo frá: Hann hafði engin skrifleg gögn við að styðjast við samning kröfugerðarinnar, varðandi landamerki Holts í máli þessu, en studdist við þær girðingar, er voru, er hann kom að Grund 1937, og kvað þær þá hafa verið eins og nú, sbr. uppdráttinn á dskj. nr. 19, að því undanskildu, að hann hafi tekið niður girðingu úr NV-horni Kálfagrundar í SA-horn upphaflega skógræktarreitsins, og hafi sá hluti girðingarinnar, eins og hún öll, verið úr 5-földum gaddavír, og hlið hafi verið á götunni sunnan við reitinn. Eigi hafi heldur verið komin girðing frá NV-horni skógarreitsins suður í Holtselsgirðingu. Hann kvaðst ekki hafa fengið aðrar upplýsingar um merki í Holti, er hann kom þangað, en girðingin ætti að ráða. Þá skýrði Ragnar frá því, að hann og Magnús Aðalsteinsson hafi sett, meðan þeir voru báðir bændur á Grund, girðingu tvíþætta úr NA-horni Kálfagrundar norður að Hólshúsalandi, og tók fram, að þá hafi eigi verið búið að stækka skógræktarreitinn til austurs. Ragnar kvaðst alltaf, síðan hann kom að Grund 1937, hafa litið svo á, að girðingarnar

austan við Holt væru merkjagirðingar milli þeirra jarða og Grundar. Við samanburð við Snæbjörn Sigurðsson kannaðist Ragnar við, að girðing Axels hafi verið tekin niður, og telur, að það hafi verið 1940 eða 1941, en kannaðist jafnframt við að hafa sett hana upp aftur og minnti, að hann hafi sjálfur sett hana alla leið suður úr, en viðurkenndi, að rétt gæti verið, að Snæbjörn hafi sett upp syðri hluta hennar. Ragnar kvaðst hafa sett girðinguna upp á sama stað og hún hafi verið og tók fram, að greinileg merki hafi verið eftir frá girðingunni, holur og grjót, og kvaðst álíta, að syðri hluţinn hafi líka verið settur á sama stað. Hann sagði, að girðing þessi hafi verið sett upp fyrsta árið, sem Snæbjörn var á Grund, það er 1948, og hafi hún verið sett upp aftur vegna eigendaskiptanna á Holti. Ragnar kvað girðinguna utanum litla skógarreitinn sunnan Holts hafa verið gerða, eftir að síðastnefnd girðing var aftur sett upp, en Snæbjörn Sigurðsson telur það hafa verið gert um svipað leyti.

Hann kvaðst hafa litið svo á síðan 1947, að girðingin austan við Holt væri merkjagirðing. Þá kvað Ragnar, að eigendur Holts hafi einir nytjað landið í brekkunni neðan við túnið í Holti, eftir að makaskipti fóru fram 5. nóvember 1947, óátalið af eigendum Grundar II. 18. maí s.l. gaf Axel Jóhannsson aftur skýrslu í sambandi við, að hann athugaði vettvang að nýju ásamt dómurunum. Í þessu réttarhaldi kom það fram, að vitnið vissi ekkert um, að hans girðing austan Holts hafi nokkurn tíma verið tekin niður og sett upp aftur. Þá kvaðst vitnið nú hafa séð það, að núverandi girðing sunnan við Kálfagrundina liggi vestar heldur en hans girðing lá, og telur, að það sé suður á móts við það sem holtið gengur lengst til austurs. Þaðan og suður á móts við suðurenda holtsins taldi hann, að núverandi girðing gæti verið á sama stað og hans, en þaðan hafi hans girðing stefnt meira til vesturs, og sagðist muna glöggt, að hún hafi endað austast við gamla stekkinn suður undir ánni, sem athugaður hafi verið í dag og sé greinilegur, og kvaðst ekki geta tiltekið þetta nánar. Vitnið minnti, að hans girðing suður að ánni hafi verið sem næst beint áframhald af girðingunni, eins og hún var austan við holtsendann.

Í máli þessu liggur fyrir kaupsamningur og afsal, þegar Snæbjörn Sigurðsson kaupir ½ Grund og ½ Holt o. fl. af Magnúsi Aðalsteinssyni, samanber dskj. nr. 22, dags. 26/9 1947, og einnig samningur, þar sem Snæbjörn Sigurðsson selur Ragnari Davíðssyni og Aðalsteinu, stjúpdóttur hans, ½ Holt, dags. 5. nóvember 1947, dskj. nr. 25.

Í hvorugum þessum gerningi er neitt minnzt á landamerki þar téðra jarða, og ekki heldur neitt minnzt á landamerki í öðrum afsalsgerningum viðkomandi Grundartorfu, er fram hafa verið lagðir í máli þessu, og ekki finnast önnur skrifleg gögn um deilumál þetta, og verður því að styðjast við önnur gögn, en þau eru fyrst og fremst skýrslur kunnugra manna og girðingar, er nú eru og verið hafa á þessu svæði á undanförnum áratugum, eftir því sem upplýst er.

Eins og að framan greinir, eru kröfur eigenda Holts í máli þessu miðaðar við núverandi girðingar, sbr. dskj. nr. 19 og 49. Samkvæmt framburðum Hólmgeirs Þorsteinssonar og Axels Jóhannssonar, sem báðir eru glöggir og skýrir menn, verður eigi séð annað en svonefnd girðing Axels hafi verið sett 1932 eða 1933, eins og verið væri að setja merkjagirðingu, að vísu ekki alls staðar nákvæmlega þar sem merki voru talin vera, en með litlum frávikum frá því og þannig, að á hvorugan aðiljann væri hallað. Þessi girðing stóð svo nálægt einum áratug, og verður ekki annað séð, enda haldið fram af Axel Jóhannssyni, en að Grundarbændur hafi alveg útilokazt frá að nytja landið vestan girðingarinnar og öfugt. Þá er upplýst, að girðing var sett aftur upp á þessum sömu slóðum 1948, sem telja verður að liggi svo nálægt því sem hin fyrri girðing, að sá mismunur, sem þar kann á að vera, verður naumast talinn hafa þýðingu, enda hefur Snæbjörn Sigurðsson viðurkennt syðri hluta girðingarinnar sem merki, en rök hafa einkum komið fram fyrir tilfærslu girðingarinnar á þeim kafla. Þá er upplýst, að þessi síðari girðing var sett upp með ráði og tilstuðlan Snæbjarnar Sigurðssonar og að uppsetning girðingarinnar hafi farið fram, eftir að Snæbjörn var búinn að selja sinn hluta í Holti. Aldrei hefur Snæbjörn Sigurðsson heldur, síðan þessi girðing var sett upp, gengið eftir að fá að nytja landið vestan nefndrar girðingar og eigi amazt við einkaafnotum Holtseigenda af því, svo vitað sé. Þegar á þetta er litið og það, að nefnd girðing hefur nú verið nær þrjá áratugi á sömu slóðum, að undanteknum nokkrum árum, virðist eðlilegast og hagkvæmast, að hún teljist merki jarðanna. Með tilvísun til þessa þykir rétt að taka til greina að fullu kröfur eigenda Holts um landamerki Holts að austan frá skógræktargirðingu suður að Finnastaðaá. Með tilvísan til niðurstöðunnar í fyrri kafla þessa dóms um merki milli Holtsels og Miðhúsa og framburðar framangreindra vitna um nytjun landsins í svokölluðum höllum, í bæjarlækjargili og vestan við skógarreitinn og með tilvísan til þess, að eigi er deilt um merki gagnvart skóg-

ræktarreitnum (þeim stærri) og að samkomulag er milli eigenda Holts annars vegar og Holtsels, Miðhúsa og Hólshúsa hins vegar um merki milli jarða þeirra, þykir eiga að taka kröfu eigenda Holts um landamerki jarðarinnar til greina að fullu. Leiðir þessi niðurstaða til þess, að kröfu Snæbjarnar Sigurðssonar um merki Holts er hafnað.

Rétt þykir, að málskostnaður greiðist þannig, að eigendur Grundar I og II greiði að hálfu hvor aðili útlagðan og ógreiddan kostnað embættis sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu svo og þóknun til dómsmanna í sömu hlutföllum, er ákveðst samtals kr. 12.000.00. Annar málskostnaður falli niður.

Dóminn kváðu upp Sigurður M. Helgason, formaður dómsins, með meðdómsmönnunum Elíasi Tómassyni og Ásgeiri Valdemarssyni.

Dómsorð:

Landamerki Miðhúsa og Holtsels liggja úr miðju Grundarhliði á fjallsgirðingu í klofinn stein á Melhóli, þaðan í barð við suðvesturhorn fjárréttarinnar. Síðan ræður bein lína um miðjan Gunnumel austur í Holtsgirðingu, sbr. hina grænu línu á dskj. nr. 49 í máli þessu.

Landamerki jarðarinnar Holts skulu vera sem hér segir: Að vestan ræður girðing frá Finnastaðaá að sunnan norður á móts við norðvesturhorn Skógræktargirðingarinnar. Þaðan bein lína til austurs í norðvesturhornið á Skógræktargirðingunni, síðan ráði vestur- og suðurhliðar Skógræktargirðingarinnar merkjum, eins og girðingin liggur, frá norðvesturhorni hennar á þann stað, er áður var suðausturhorn Skógræktargirðingarinnar (í suðurhlið núverandi girðingar). Þaðan bein lína í norðvesturhorn „Kálfagrundargirðingar". Síðan ráða vestur- og suðurhliðar girðingarinnar um „Kálfagrundina" merkjum í suðausturhorn hennar. Þaðan ræður merkjum að austan núverandi girðing allt suður að Finnastaðaá. Að sunnan ræður Finnastaðaáin merkjum, allt sbr. bláar línur á dskj. nr. 49.

Eigendur Grundar I og II greiði að hálfu hvor aðili útlagðan og ógreiddan kostnað af málinu hjá sýslumanni Eyjafjarðarsýslu og þóknun til dómsmanna í sömu hlutföllum, er ákveðst kr. 12.000.00. Annar málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum

Mánudaginn 30. október 1961.

Nr. 119/1961. **Þráinn Sigurbjörnsson**
gegn
Kolbeini Skúlasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þráinn Sigurbjörnsson, er eigi mætir í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. október 1961.

Nr. 141/1961. **Vilhjálmur Guðmundsson**
gegn
Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vilhjálmur Guðmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. október 1961.

Nr. 61/1960. **Guðjón Sigurðsson** (Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Sigvalda Thordarson (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ármann Snævarr.

Arkitekt dæmd þóknun fyrir hústeikningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 30. marz 1960, og gert þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum úr hendi stefnda.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Eftir að máli þessu var áfrýjað, hafa vitnaleiðslur farið fram og ný skjöl verið lögð fram.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, hafa ýmsar af þeim teikningum, sem deilt er um í máli þessu, verið notaðar af þeim manni við vinnuna, sem áfrýjandi fól ýmis verk við að reisa húsið. Enn fremur kom reikningur sá, sem um er deilt í málinu, svo snemma í hendur áfrýjanda, að hann gat falið hann inn í verði íbúða þeirra, sem hann seldi fokheldar.

Auk þess má fallast á, að eðlilegt sé að líta svo á, að arkitekt sé falið að gera allar teikningar ákveðinnar byggingar, ef ekki er gerður sérstakur fyrirvari um hið gagnstæða, sérstaklega eins og hér stendur á, þar sem þrír eru aðiljar byggingarsamstæðunnar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðjón Sigurðsson, greiði stefnda, Sigvalda Thordarson, kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. febrúar 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Sigvaldi Thordarson arkitekt, Laugarásvegi 39, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. apríl 1959, gegn Guðjóni Sigurðssyni múrarameistara, Reykjahlíð 10, hér í bæ, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 13.727.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 30. janúar 1958 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar að skaðlausu. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn niður falla, þótt úrslit málsins verði þau, að honum verði gert að inna greiðslu af hendi til stefnanda.

Stefndi í máli þessu byggði á sínum tíma Álfheima 48 í Reykjavík, sem er einn af þremur hlutum stórrar sambyggingar: Álfheimum 44, 46 og 48. Mun hann hafa selt íbúðirnar í Álfheimum 48 fokheldar. Stefnandi málsins hefur annazt arkitektsstörf við sambygginguna. Óumdeilt er, að hann hefur gert tillögu- og heildaruppdrátt að sambyggingunni allri. Einnig er óumdeilt, að stefndi greiddi fyrir þessar teikningar, og fóru greiðslurnar fram 8. maí og 12. júní 1957. Á árinu 1958 krafði stefnandi stefnda um hina umstefndu upphæð. Er hún þá sundurliðuð þannig, að kr. 10.981.60 eru fyrir sérteikningar, en kr. 2.745.40 fyrir útboðslýsingu.

Stefnandi segir, að sérteikningar þær, sem hér er um að ræða, séu „typuteikningar", teikningar af tröppum og stigum, handriðum, gluggum og hurðum, þakbrúnum, eldhúsinnréttingum og skápum. Stefnandi segir einnig, að eigendur hússins, þ. á m. stefndi, hafi fengið teikningar þessar í hendur, enda kveðst hann ekki vita til, að stórbyggingar sem þessi séu teiknaðar með öðrum kjörum.

Í greinargerð umboðsmanns stefnda er krafizt sýknu með þeim rökum, að stefndi hafi aldrei samið sérstaklega við stefnanda um vinnu hans. Hafi orðið úr, að stefnandi gerði teikningar að sambyggingunni allri, eftir að eigendur Álfheima 44 höfðu beðið

stefnanda um að teikna þann hluta. Þá segir í greinargerðinni, að stefndi hafi talið greiðslur þær, sem fram fóru fyrri hluta árs 1957, einu greiðslurnar, sem fram ættu að fara, enda hafi stefndi ekki beðið stefnanda um neinar sérteikningar, verklýsingar, útboð eða umsjón. Tekið er fram, að stefndi hafi getað annazt þessi störf sjálfur, enda sé hann reyndur múrarameistari.

Er stefndi kom fyrir dóm, kvað hann rétt frá skýrt í greinargerðinni. Þó segir hann, að Þorkell Einarsson, sem vann bæði við Álfheima 44 og 48 sem meistari, kunni að hafa haft sérteikningar frá Álfheimum 44. Er ljóst, að stefndi á við, að teikningar þessar kunni Þorkell að hafa haft til að vinna eftir við Álfheima 48. Stefndi tók fram, að hann hefði selt húsið fokhelt, og kvaðst hann hafa séð sérteikningar hjá hinum nýju eigendum. Stefndi sagði einnig, að honum hefði verið kunnugt um, að stefnandi samdi útboðslýsingu um mótauppslátt og frágang á þaki. Kvað stefndi hana samda að beiðni Byggingarsamvinnufélags atvinnubifreiðarstjóra, en það byggði Álfheima 44. Þó segir stefndi, að hann hafi heyrt lýsinguna lesna upp á fundi húseigendanna, og telur hann, að það hafi verið gert til að kanna, hvort eigendurnir væru lýsingunni samþykkir. Ekki kvaðst stefndi hafa fengið lýsinguna í hendur og ekki óskað þess.

Guðmundur Óskar Jónsson, formaður fyrrnefnds byggingarsamvinnufélags, sá um framkvæmdir við Álfheima 44. Hann kom fyrir dóm. Um sérteikningar sagði hann, að aldrei hefði verið sérstaklega um þær samið, enda teldi hann, að arkitekt, sem fái það verkefni að teikna hús, hljóti jafnframt að gera þær sérteikningar, sem þörf er á. Hann sagði einnig, að eigendurnir hafi á fundi samþykkt að fela stefnanda þessa máls að teikna sambygginguna, sem hér um ræðir.

Varðandi útboðslýsinguna, segir vitnið Guðmundur Óskar Jónsson, að það minni, að á fundi eigendanna hafi verið samþykkt að biðja stefnanda að semja verklýsingu að mótauppslætti og frágangi á þaki. Hafi hún verið notuð til að fá tilboð í öll húsin og legið frammi á skrifstofu stefnanda. Þangað hafi og tilboðum verið skilað. Byggingarsamvinnufélagið hafi tekið tilboði frá Þorkeli Einarssyni, og hafi hann einnig séð um mótauppslátt við hús stefnda.

Stefnda var kynntur framburður vitnisins um verklýsinguna. Kvað hann þar rétt frá skýrt, en sjálfur kvaðst hann hafa gert upp við Þorkel Einarsson samkvæmt reikningi. Er stefnda var kynntur framburður stefnanda um sérteikningar, ítrekaði hann,

að um þær hefði aldrei verið rætt þeirra á milli og að hann hefði enga þeirra fengið í hendur. Þá sagði stefndi, að sér hefði ekki verið kunnug gjaldskrá Arkitektafélags Íslands, en þar er greiðsla fyrir sérteikningar talin 20% af heildarlaunum, en ekki um einstakar sérteikningar rætt.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá Þorkeli Einarssyni. Segir þar, að vottorðsgefandi hafi fengið í hendur sérteikningar, gerðar af stefnanda, varðandi húsið Álfheima 44—48, og hafi hann unnið eftir þeim teikningum í nr. 44 og 48. Þá segir í vottorðinu: „Þessar teikningar voru viðkomandi húsinu fokheldu. Um teikningar af eldhúsinnréttingum er mér ókunnugt. Ég vann að byggingu húss nr. 48 sem húsasmíðameistari fyrir Guðjón Sigurðsson, sem var talinn húsbyggjandi."

Þegar virtir hafa verið framburðir vitnisins Guðmundar Óskars Jónssonar og stefnda, telur dómurinn sannað, að stefndi hafi fallizt á verklýsingu þá, sem stefnandi gerði á mótauppslætti o. fl., og þar með skuldbundið sig til að greiða hana, hver sem um hana hefur beðið í upphafi. Upphæð sú, sem krafizt er fyrir útboðslýsingu, er fyrir lýsingu þessa.

Vottorði Þorkels Einarssonar hefur ekki verið mótmælt, og verður að telja sannað með því, að Þorkell hafi unnið eftir sérteikningum frá stefnanda við Álfheima 48. Af framburði stefnda sést, að honum var um það kunnugt. Ber því þegar af þessari ástæðu að dæma stefnda til að greiða fyrir sérteikningar.

Það er skoðun hinna sérfróðu dómenda, að sá, sem skiptir við arkitekt á þann hátt, að hann fær hjá honum sérteikningar, hafi þar með öðlazt rétt til að fá allar venjulegar sérteikningar og tekizt á hendur þá skyldu að greiða gjald, sem er óháð því, hvaða venjulegar sérteikningar hann biður um. Lítur dómurinn svo á, að hér sé um að ræða réttarreglu, sem helgast af venju. Hinir sérfróðu dómendur eru einnig þeirrar skoðunar, að eldhústeikningar séu meðal venjulegra sérteikninga, og koma þær þegar af þeirri ástæðu ekki frekar til athugunar.

Stefndi hefur haldið því fram sem fyrr greinir, að hann hafi talið, að greiðslur þær, sem hann innti af hendi fyrir mitt ár 1957, væru þær einu, sem fram ættu að fara. Afrit af reikningi, dagsettum 29. apríl 1957, varðandi þessar greiðslur, hefur verið lagt fram í málinu. Er þar tekið fram, að greiðslurnar séu fyrir tillögu- og heildaruppdrátt samkvæmt gjaldskrá A. Í. Verður því ekki talið, að stefndi hafi haft tilefni til að ætla, að hann hefði greitt fyrir sérrteikningar, þegar hann borgaði reikning þenna.

Stefndi hefur hreyft því, að hin umstefnda upphæð sé ósanngjörn. Sé gjaldskrá Arkitektafélags Íslands óhóflega há, og þar að auki sé ekki fram komið, að reikningur stefnanda sé í samræmi við hana. Ekki hefur hann rökstutt þetta frekar, og þykir reifun málsins ekki veita tilefni til lækkunar kröfunnar. Þá hefur stefndi hreyft því, að heildaruppdráttur stefnanda hafi verið gallaður, en ekki gert frekari reka að því að ná hugsanlegum rétti sínum þess vegna, og kemur þetta atriði því ekki til frekari álita.

Stefnandi hefur krafizt 7% ársvaxta af hinni umstefndu upphæð frá 30. janúar 1958. Í málinu hefur verið lagður fram reikningur, dagsettur 30. janúar 1958, og kröfubréf frá stefnanda, dagsett 1. desember 1958. Stefndi hefur ekki mótmælt vaxtakröfunni sérstaklega, en í greinargerð umboðsmanns hans er því haldið fram, að stefnandi hafi krafið stefnda um hina umstefndu upphæð í desember 1958. Í hinum munnlega málflutningi kom einnig fram, að aðilja greinir á um, hvenær greiðslu hafi verið krafizt. Þykir bera að dæma stefnda til að greiða 7% ársvexti frá 1. desember 1958.

Þar sem úrslit málsins samkvæmt framansögðu verða þau, að dæma beri stefnda til að greiða hina umstefndu upphæð, ber og að dæma hann til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.300.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Herði Bjarnasyni, húsameistara ríkisins, og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Guðjón Sigurðsson, greiði stefnanda, Sigvalda Thordarson, kr. 13.727.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1958 til greiðsludags og kr. 2.300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. október 1961.

Nr. 124/1959. **Skipaútgerð ríkisins** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Pappírspokagerðinni h/f
(Hermann Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ármann Snævarr.

Fyrirvari farmflytjanda um ábyrgð á farmi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 21. júlí 1959, og krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í máli þessu og sér tildæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hafa ýmsar nýjar upplýsingar komið fram, m. a. hefur framkvæmdastjóri hins stefnda hlutafélags, Herluf Clausen, komið tvívegis fyrir rétt og gefið skýrslu.

Af áfrýjanda hálfu er upplýst, að á framhlið fylgibréfa þeirra, er fylgja vörsendingum, sem hann tekur til flutnings og að jafnaði eru útfylltar af vörusendanda, hefur í meira en s.l. 15 ár verið prentaður með áberandi letri á framhlið fylgibréfsins svohljóðandi fyrirvari: „Sendandi og viðtakandi eru háðir þeim reglum um flutning í skipum útgerðarinnar, sem prentaðir eru á farmskírteini hennar, en til viðbótar og frekari áherzlu þess, sem greinir í ákvæðum farmskirteinanna, skal fram tekið, að útgerðin tekur ekki ábyrgð á neinu því tjóni, sem vörueigendur geta tryggt sig gegn með venjulegri sjóvátryggingu samkvæmt W. A.-skilmálum."

Upplýst er í málinu, að W. A.-skilmálar vátryggingarfélaga eru algengir skilmálar um sjóvátryggingu hér á landi,

og er tjón, eins og það, sem um ræðir í máli þessu, bætt samkvæmt þeim.

Fyrrnefndur fyrirsvarsmaður stefnda hefur upplýst fyrir rétti, „að á ári hverju fari þúsundir af sendingum frá Pappírspokagerðinni út á land. Sum árin meira og sum árin minna, eftir atvikum". Þrátt fyrir það kveðst hann ekki hafa lesið umræddan fyrirvara í fylgibréfunum né kynnt sér vátryggingarkilmála þá, sem vísað er til. Hann kveður ekki hafa verið venju stefnda að vátryggja vörusendingar þær, er sendar eru með skipum áfrýjanda.

Telja verður, að svo áberandi sé bent á í fylgibréfunum, að áfrýjandi undanskilji sig tjóni, sem hægt sé að tryggja sig fyrir með venjulegri sjóvátryggingu, að stefndi, sem rekur umfangsmikil viðskipti, sé bundinn við þann fyrirvara, sem ekki verður talinn óeðlilegur.

Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Pappírspokagerðarinnar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júní 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Pappírspokagerðin h/f, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 6. nóvember 1958, á hendur Skipaútgerð ríkisins til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 5.335.00, auk 6% ársvaxta frá 14. október 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við flutning málsins krafðist stefnandi vaxta frá birtingardegi stefnu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Stefnandi kveður bótafjárhæðina vera andvirði pappírspokasendingar, er hafi eyðilagzt við útskipun hjá stefnda hinn 1. apríl

1958. Telur stefnandi, að starfsmenn stefnda hafi átt alla sök á tjóninu, og beri því stefnda að bæta það samkvæmt reglum um ábyrgð atvinnurekanda á gáleysisverkum starfsmanna hans.

Stefndi hefur í fyrsta lagi mótmælt því, að tjónið megi rekja til handvammar starfsmanna hans eða lélegs útbúnaðar við útskipunina, heldur hafi það orðið fyrir óhappatilviljun. Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að samkvæmt fyrirvara, sem gerður er í fylgibréfi með vöruflutningum stefnda, hafi hann firrt sig allri ábyrgð á tjóni sem þessu.

Aðiljar eru sammála um, að ekkert farmskírteini hafi verið gefið út fyrir umræddri vörusendingu, enda mun það ekki vera venja við vöruflutninga á vegum stefnda milli innlendra hafna. Hins vegar hafi stefndi gefið út fylgibréf, sem hafi að geyma svohljóðandi ákvæði: „Sendandi og viðtakandi eru háðir þeim reglum um flutning í skipum útgerðarinnar, sem prentaðir eru á farmskírteini hennar, en til viðbótar og frekari áherzlu þess, sem greinir í ákvæðum farmskírteinanna, skal fram tekið, að útgerðin tekur ekki ábyrgð á neinu því tjóni, sem vörueigendur geta tryggt sig gegn með venjulegri sjóvátryggingu samkvæmt W.A.-skilmálum". Telur stefndi, að þar sem vátryggða samkvæmt W.A.-skilmálum er bætt að fullu verðmæti einstakra stykkja, er fara forgörðum við út- og uppskipun, þá verði stefnandi að bera tjón sitt sjálfur, þar eð hann hafi eigi vátryggt vörusendinguna. Bendir stefndi jafnframt á, að þar sem stefnandi hafi verið viðskiptavinur stefnda um langan tíma, hafi honum hlotið að vera kunnugt um skildaga þá, er settir voru af hálfu stefnda.

Stefnandi hefur mótmælt þessari röksemdafærslu stefnda. Fullyrðir stefnandi, að í viðskiptum þeirra hafi aldrei verið gefið út farmskírteini, og því síður hafi stefndi afhent honum W.A.-skilmála, enda hafi tilraunir stefnanda, eftir að til þessara málaferla kom, sýnt, að næsta ógerlegt er að fá sýnishorn af umræddum skilmálum hjá hérlendum vátryggingarfélögum. Kveðst stefnandi því aldrei hafa kynnt sér W.A.-skilmálana, og mótmælir hann þeirri staðhæfingu stefnda, að honum hafi verið kunnugt ákvæði þeirra. Þá bendir stefnandi á dóm Hæstaréttar frá 16. júní 1941, en þar er farmflytjandi eigi talinn hafa leyst sig undan ábyrgð með skírskotun í fylgibréfi til fyrirvara í farmskírteini, sem ekki var fengið farmsendara í hendur.

Stefndi hefur ekki mótmælt þeim staðhæfingum stefnanda, að honum hafi hvorki verið afhent farmskírteini né W.A.-skilmálar. Var þannig af hálfu stefnda engin tilraun gerð til að kynna stefn-

anda sérreglur þær, er stefndi setti um farmflutninga á sínum vegum. Verður því eigi talið, að stefndi hafi leyst sig undan ábyrgð með framanskráðu ákvæði fylgibréfsins.

Varðandi hina fyrrnefndu varnarástæðu stefnda, að tjónið hafi ekki orðið fyrir gáleysisverk starfsmanna hans, þá hefur verkstjóri stefnda lýst aðdraganda þess á þann veg, „að þegar verið var að lyfta byrði með nefndum pokum um borð í kaðalstroffu, slóst hún í skipshliðina með þeim afleiðingum, að pokarnir smeygðust úr og féllu niður á milli skips og bryggju". Virðist af þessu einsætt, að fullrar aðgæzlu hefur ekki verið gætt við fermingu skipsins, og ber því stefnda að bæta stefnanda tjón hans samkvæmt almennum reglum um ábyrgð atvinnurekanda á verkum starfsmanna hans, sbr. og 13. gr. laga nr. 56 frá 1914. Þar sem stefndi hefur ekki vefengt fjárhæð bótakröfunnar, verður hún tekin til greina að fullu.

Málskostnaður ákveðst kr. 1400.00.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Jóni Sigurðssyni skipstjóra og Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Pappírspokagerðinni h/f, kr. 5.335.00 með 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1958 til greiðsludags og kr. 1400.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. nóvember 1961.

Nr. 69/1961. **Ákæruvaldið** (Þorvaldur Lúðvíksson hdl.)
gegn
Friðriki Anton Högnasyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og
Eyjólfi Halldórssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ármann Snævarr.

Áfengislagabrot. Rangar skýrslur.

Dómur Hæstaréttar.

Háttsemi ákærðu er í héraðsdómi færð til réttra refsiákvæða, sbr. og 77. gr. laga nr. 19/1940, og þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin, eins og þar greinir, en rétt er, að gæzluvarðhald ákærða Eyjólfs Halldórssonar frá 16. júlí 1960 til 22. s. m. komi til frádráttar refsingu hans, sbr. 76. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. laga nr. 26/1958 og 1. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940, sbr. nú 2. gr. þeirra laga og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 31/1961, er rétt að svipta ákærða Friðrik Anton Högnason ævilangt heimild til að stjórna leigubifreið til mannflutninga.

Réttindasvipting samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 verður ekki dæmd í máli þessu, enda hefur ákæruvaldið fallið frá kröfu til hennar, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961 og 2. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað þykir mega staðfesta.

Hvor ákærðu greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, kr. 3000.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, greiði ákærðu in solidum.

Héraðsdómari lét hinn 14. júlí 1960, kl. 1425, flytja ákærða Eyjólf Halldórsson í varðhald af dómþingi, þar sem hann

hafði borið vætti. Var ákærði síðan, án þess að gæzluvarðhaldsúrskurður væri upp kveðinn, hafður í haldi til kl. 1610 daginn eftir, er hann var látinn laus. Hefur héraðsdómari því eigi gætt ákvæða 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 66. gr. laga nr. 27/1951.

Dómsorð:

Ákærði Friðrik Anton Högnason sæti fangelsi 4 mánuði. Hann er ævilangt sviptur heimild til að stjórna leigubifreið til mannflutninga.

Ákærði Eyjólfur Halldórsson sæti fangelsi 3 mánuði. Gæzluvarðhaldstími hans frá 16. júlí 1960 til 22. s. m. komi til frádráttar refsivist hans.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði Friðrik Anton greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00, og ákærði Eyjólfur laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar á meðal laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Þorvalds Lúðvíkssonar héraðsdómslögmanns, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1960.

Ár 1960, mánudaginn 12. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 7932—33/1960: Ákæruvaldið gegn Friðriki Anton Högnasyni og Eyjólfi Halldórssyni, er tekið var til dóms 24. f. m.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 20. september 1960, höfðað gegn Friðriki Anton Högnasyni bifreiðarstjóra, Reynimel 23, Reykjavík, og Eyjólfi Halldórssyni verkamanni, Smyrilsvegi 26, Reykjavík.

I. Gegn ákærða Friðriki Anton er málið höfðað fyrir að hafa laugardagskvöldið 9. júlí s.l. selt meðákærða Eyjólfi hálfflösku af brennivíni fyrir kr. 120.00 á Faxagarði hér í bænum í eða við bílinn R 4450.

Telst brot þetta varða við 18. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

II. Gegn ákærða Eyjólfi Halldórssyni er málið höfðað fyrir að hafa:

a) Fimmtudaginn 14. júlí s.l., er hann var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni hér í bæ, neitað að hafa keypt greinda hálfflösku af brennivíni af meðákærða Friðriki Anton og sagt, að hann (ákærði Eyjólfur) hefði á Kalkofnsvegi, er áfengissalan fór fram, farið upp í bílinn til ákærða Friðriks Antons og beðið hann um að lána sér kr. 500.00, sem ákærði Friðrik Anton hefði orðið við. Telst þetta brot ákærða Eyjólfs varða við 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

b) Greindan fimmtudag í dómþingi sakadóms Reykjavíkur, er hann kom fyrir dóm sem vitni, vísvitandi skýrt rangt frá og staðfest það með drengskaparheiti:

1. Að ákærði Friðrik Anton hefði í nokkur skipti lánað honum peninga frá kr. 200.00 til kr. 400.00, svo sem um mánaðamót maí og júní s.l. kr. 300.00, er hann hefði endurgreitt næsta dag.
2. Að hann (ákærði Eyjólfur) hefði laugardagskvöldið 14. (sic.) júlí fengið að láni hjá ákærða Friðriki Anton kr. 500.00 um kl. 2000 í bíl hans R 4450 við Kalkofnsveg hér í bænum.
3. Að hann hefði ekki keypt áfengi af ákærða Friðriki Anton greint laugardagskvöld og að hann (ákærði Eyjólfur) hefði haft þá hálfflösku af brennivíni, sem hann raunverulega keypti af ákærða Friðriki Anton, meðferðis heiman að frá sér nefnt laugardagskvöld, en áfengi þetta hefði verið afgangur af áfengi, er hann hefði keypt laugardagsmorguninn 14. (sic.) júlí s.l. í útsölu Áfengisverzlunar ríkisins. Þetta brot ákærða Eyjólfs telst varða við 1. og 2. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga.

III. Gegn ákærða Friðriki Anton er málið höfðað fyrir að fá ákærða Eyjólf til að bera rangt fyrir rannsóknarlögreglu fimmtudaginn 14. júlí s.l. og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sama dag á þá leið, að ákærði Friðrik Anton hefði eigi selt ákærða Eyjólfi greinda hálfflösku af brennivíni og að ákærði Friðrik Anton hefði margnefnt laugardagskvöld lánað ákærða Eyjólfi kr. 500.00 í bílnum R 4450 á Faxagarði eða við Kalkofnsveg hér í bæ, eins og áður greinir, en þeir ákærðu hittust laugardagskvöldið 9. júlí s.l.

að Hótel Borg, aðfaranótt miðvikudagsins 17. (sic.) sama mánaðar að heimili ákærða Eyjólfs og miðvikudagsmorguninn 17. (sic.) júlí s.l. að Þórsgötu 1 hér í bæ til að ráðgast saman um hina röngu framburði ákærða Eyjólfs.

Teljast þessi brot ákærða Friðriks Antons varða við 146. gr. og 142. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði Friðrik Anton verði sviptur réttindum leigubifreiðarstjóra samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, svo og er þess krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Friðrik Anton er fæddur 12. marz 1928 í Reykjavík. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1948 19/5 Reykjavík. Sátt 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
— 31/8 Reykjavík. Undir rannsókn út af umferðarslysi. Fellt niður með bréfi Dómsmálaráðuneytis 9/9 1949.
1950 25/3 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 106. gr. hegningarlaga og 1. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur (1282/1950).
1952 22/7 Reykjavík. Kærður fyrir meint brot á lögum nr. 47/1935. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytis 19/3 1953.
— 12/5 Reykjavík. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 1282/1950: Fangelsi í 4 mánuði, skilorðsbundið í 5 ár.
1954 21/1 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
1956 5/4 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
— 4/5 Reykjavík. Áminning fyrir vöntun ökuskírteinis.
1957 30/4 veittu handhafar valds forseta Íslands dómfellda uppgjöf saka, að því er snertir dóm Hæstaréttar frá 12/5 1952, þannig að allar lögfylgjur dómsins falli niður, þar á meðal að dómfelldi njóti allra borgaralegra réttinda og dómurinn hafi ekki ítrekunaráhrif.
1958 14/5 Reykjavík. Dómur: 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 4 mánuði fyrir brot á 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Láðst hefur að færa í sakaskrá ríkisins, að Friðrik Anton var hinn 15. október 1958 með dómi Hæstaréttar sýknaður í máli því, er dæmt var um í sakadómi Reykjavíkur 14. maí sama ár.

Ákærði Eyjólfur er fæddur 11. janúar 1939 í Reykjavík. Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur hann hvorki sætt ákærum né refsingum.

Málsatvik eru þessi:

I.

Laugardagskvöldið 9. júlí s.l., kl. um 20.00, komu þeir ákærði Eyjólfur og kunningi hans Rafn Thorarensen í leigubifreið að bifreiðastöð Hreyfils við Kalkofnsveg hér í borg. Ákærði Eyjólfur hafði þar tal af meðákærða Friðriki Anton, er síðan ók leigubifreið sinni R 4450 að Faxagarði, en þeir ákærði Eyjólfur og Rafn fylgdu á eftir í hinni bifreiðinni. Er á Faxagarð kom, keypti ákærði Eyjólfur af meðákærða Friðriki Anton hálfflösku af brennivíni og galt fyrir kr. 120.00. Hafa þeir báðir fyrir dómi játað kaupunum. Tveir lögreglumenn báru í dómi, að þeir hefðu séð viðskiptin fara fram, en Rafn var ekki sjónarvottur að þeim. Lögreglumönnunum láðist að hafa tal af ákærða Friðriki Anton á vettvangi og leyfðu honum óhindrað að aka á brott.

Með eigin játningu ákærða Friðriks Antons, framburði ákærða Eyjólfs og eiðfestu vætti tveggja lögreglumanna telst sannað, að ákærði Friðrik Anton hafi selt ákærða Eyjólfi áfengi umrætt sinn. Þykir þetta brot hans varða við 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

II.

Ákærði Eyjólfur var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu fimmtudaginn 14. júlí s.l. sem vitni vegna greindrar vínsölu. Neitaði hann þá áfengiskaupum af meðákærða Friðriki Anton, kvað erindi sitt við hann hafa verið að falast eftir 500 króna láni, er hann fékk í nýjum eitt hundrað króna seðlum, en sjálfur hefði hann komið heiman að frá sér með vín það, er í vörzlum hans var. Ákærði Friðrik Anton var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu þenna sama fimmtudag. Neitaði hann áfengissölu, en sagði kunningja sinn, meðákærða Eyjólf, hafa verið að leita eftir 500 kr. láni, er ákærði Friðrik Anton veitti honum.

Ákærði Eyjólfur kom fyrir dóm sem vitni fimmtudaginn 14. júlí s.l. Staðfesti hann frásögn sína hjá rannsóknarlögreglu og bætti því við, að meðákærði Friðrik Anton hefði nokkrum sinnum fyrr lánað sér reiðufé frá kr. 200.00 til kr. 400.00, svo sem um mánaðamót maí og júní s.l. kr. 300.00, er hann endurgreiddi næsta dag. Ákærði Eyjólfur neitaði að hafa keypt áfengi af meðákærða Friðriki Anton, kvaðst hafa haft hálfflösku af brennivíni meðferðis

heiman að frá sér, er verið hefði afgangur af áfengi, sem hann keypti sama morgun í útsölu Áfengisverzlunar ríkisins.

Löglega undirbúinn staðfesti ákærði Eyjólfur sem vitni þenna framburð með drengskaparheiti sínu.

Báðir hinna ákærðu voru færðir í einangrun í hegningarhúsið við Skólavörðustíg síðdegis fimmtudaginn 14. júlí s.l. Kom ákærði Eyjólfur aftur fyrir dóm klukkan um 2100 sama kvöldið. Játaði hann þá áfengiskaupum af meðákærða Friðriki Anton sem og röngu staðfestu dómvætti fyrr um daginn.

Framburðir ákærðu um nánari tildrög hins ranga framburðar voru mjög á reiki, og mótsagna gætti í þeim. Ákærði Friðrik Anton kvaðst hafa orðið var við, er lögreglumenn gáfu sig á tal við meðákærða Eyjólf við Faxagarð nefnt laugardagskvöld. Fregnaði hann síðar um kvöldið, að ákærði Eyjólfur myndi staddur að Hótel Borg við gleðskap. Fór hann þangað ásamt bróður sínum, Kristjáni Högnasyni. Hittu þeir bræður ákærða Eyjólf og veittu honum vín að drekka. Kvaðst ákærði Eyjólfur hafa verið nokkuð með áhrifum áfengis, er viðræðurnar áttu sér stað, en ákærði Friðrik Anton áleit hann allsgáðan, en taldi þó síðar, að hann kynni að hafa verið eitthvað ölvaður. Ákærði Eyjólfur kvaðst hafa sagt þeim bræðrum, að hann hefði ekki afhent lögreglumönnunum flösku þá, er hann keypti, og var það sannleikanum gagnstætt. Sagðist ákærði Friðrik Anton því hafa talið, að næg sönnunargögn væru ekki fyrir hendi í málinu, ei verið frekar um það talað á Hótel Borg, og hann þess vegna alls ekkert imprað á því við meðákærða Eyjólf, að sá síðarnefndi bæri rangt í málinu. Ákærði Eyjólfur staðhæfði hins vegar, að þeir bræður hefðu báðir hvatt sig til rangs framburðar. Hefði ákærði Friðrik Anton sagzt mundu hljóta ökuleyfissviptingu, en mikið í húfi fyrir hann, þar sem hann skuldaði 170 þúsund krónur í bifreið sinni. Ákærði Friðrik Anton játaði þenna framburð meðákærða Eyjólfs réttan, að því undanskildu, að Kristján bróðir sinn hefði engan þátt átt í hvatningu til rangs framburðar, og staðfesti ákærði Eyjólfur það síðar. Með tilvísan til 89. gr. laga nr. 27/1951 skoraðist Kristján Högnason undan því að bera vætti í málinu.

Rafn Thorarensen var með ákærða Eyjólfi á Hótel Borg umrætt sinn. Sagði hann ákærða Eyjólf hafa horfið sér sýnum í um klukkustund, en haft við orð, er hann kom aftur, að hann hefði verið að tala við ákærða Friðrik Anton, og gaf Rafni berlega í skyn, að ákærði Friðrik Anton hefði beðið sig um að bera rangt um atvik í málinu, er hann væri kvaddur fyrir dóm. Ekki bað

ákærði Eyjólfur þó Rafn að bera rangt um málsatvik, enda kvaðst Rafn þegar hafa sagt ákærða Eyjólfi, að hann myndi einungis skýra rétt og satt frá. Vann vitnið Rafn Thorarensen drengskaparheit að framburði sínum.

Ákærði Eyjólfur kvað meðákærða Friðrik Anton hafa komið heim til sín aðfaranótt miðvikudagsins 13. júlí s.l. laust eftir miðnætti. Sammæltust þeir þá um, að beiðni ákærða Friðriks Antons, að hittast klukkan 1000 næsta morgun á skrifstofu Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns að Þórsgötu 1. Ákærði Friðrik Anton sagði þetta rétt vera, kvaðst hafa hringt til lögmannsins, skýrt honum frá málavöxtum og beðið um viðtal á nefndum tíma. Ákærði Eyjólfur kvaðst hafa komið á skrifstofu Þorvalds miðvikudaginn 13. júlí s.l., klukkan 1000. Hafi ákærði Friðrik Anton ekki komið fyrr en um 15 mínútum síðar. Á meðan hafi hann að boði Þorvalds setið á skrifstofu hans, og virtist lögmaðurinn kannast við ákærða Eyjólf og erindi hans. Sagði ákærði Eyjólfur, að þeir hefðu lítið rætt málið, enda lögmaðurinn verið að sinna símtali við nafngreindan mann um tiltekið efni. Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður kom fyrir dóm föstudaginn 15. júlí s.l., eða tveimur dögum eftir mót þeirra ákærða Eyjólfs. Kannaðist hann við, að ákærði Eyjólfur hefði komið til sín um hádegisbil þriðju- eða miðvikudagsins næsta á undan. Fullyrti lögmaðurinn, að ákærðu hefðu komið samtímis á skrifstofu sína, en ekki kvaðst hann geta gert sér grein fyrir, í hvaða skyni þeir hefðu komið þangað. Sagði lögmaðurinn öruggt, að þeir hefðu aðeins komið í dyragættina, en ekkert dvalið á skrifstofu hans. Ákærði Friðrik Anton staðfesti þann framburð meðákærða Eyjólfs, að hann hefði komið um 15 mínútum of seint til stefnumótsins, skrifstofudyr lögfræðingsins verið læstar, en meðákærði Eyjólfur lokið þeim upp innan frá. Þá staðfesti maður nokkur í dóminum, að hann hefði átt símaviðtal við Þorvald Þórarinsson hæstaréttarlögmann á greindum tíma, og bar honum og ákærða Eyjólfi saman um efni samtalsins. Ákærðu voru sammála um, að tilgangur farar þeirra til hæstaréttarlögmannsins hafi verið að ráðgast við hann um fyrirhugaðan rangan framburð ákærða Eyjólfs. Hins vegar neituðu ákærði Friðrik Anton og Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, að nokkur ráð hefðu verið brugguð í viðurvist hæstaréttarlögmannsins, enda hann nærri strax vísað ákærðu brott af skrifstofu sinni, þar sem hann vegna anna hefði ekki haft tíma til að sinna erindi þeirra. Ákærði Eyjólfur hefur hins vegar staðfastlega fullyrt, að Þorvaldur Þórarinsson hafi verið vitorðs- og

hvatningamaður um hinn ranga framburð, enda beinlínis sjálfur höfundur skröksögunnar um 500 króna lánaviðskipti, er ákærðu síðar báru.

Ákærðu kom saman um, að þeir hafi ekkert þekkzt, áður en vínkaupin fóru fram. Ákærði Friðrik Anton lofaði meðákærða Eyjólfi að vísu ótilgreindum gagngreiða, fengi málið góðan endi fyrir hann, en ákærði Eyjólfur taldi, að hvatningar meðákærða Friðriks Antons, barlómur hans um fjárhagsvandræði sem og áeggjan hæstaréttarlögmanns Þorvalds Þórarinssonar hafi fyrst og fremst valdið vilyrði hans til hins ranga framburðar. Ákærði Friðrik Anton hefur haldið því fram, að hann hafi ráðið meðákærða Eyjólfi frá því að staðfesta vætti sitt með eiði, en þá ráðleggingu kannaðist ákærði Eyjólfur ekki við.

Ákærði Friðrik Anton hefur berum orðum játað fyrir dómi að hafa fengið meðákærða Eyjólf til að bera ranglega um staðreyndir í máli þessu bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, og stendur sú játning óhögguð. Ákærði Eyjólfur hefur og ítrekað borið í dómi, að meðákærði Friðrik Anton hafi hvatt sig til þessarar háttsemi.

Að beiðni Guðmundar Ingva Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda ákærða Friðriks Antons, var ákærði Eyjólfur kvaddur fyrir dóm, eftir að málið fór í vörn. Bar ákærði Eyjólfur þá, að meðákærði Friðrik Anton hafi við mót þeirra á Hótel Borg einasta hvatt sig til rangrar skýrslugerðar hjá rannsóknarlögreglu, og að gefnu tilefni frá verjandanum kvaðst hann engan skilsmun kunna á rannsóknarlögreglu og dómara. Ekki er unnt að taka þetta afturhvarf ákærða Eyjólfs frá áður gefnum framburðum til greina. Að því er fyrra atriðið snertir, er það aðeins að hluta. Stendur þannig t. d. alveg óhögguð fullyrðing hans í dómþingi 14. júlí s.l., að ákærði Friðrik Anton hafi á heimili hins fyrrnefnda hvatt hann til að „standa á því fastara löppunum, bæði fyrir lögreglu og dómi", að engin áfengissala hefði átt sér stað, svo sem orðrétt er bókað eftir ákærða Eyjólfi. Að því er síðara atriðið varðar, fer það í bága við fyrri framburði ákærða Eyjólfs, þar sem hann staðhæfir á dómþingum, að honum hafi verið fyllilega ljóst, að hann í upphafi mætti hjá rannsóknarlögreglu og kom fyrir dóm sem vitni í málinu, enda ítrekað verið brýndur á vitnaskyldunni.

Háttsemi ákærða Friðriks Antons, er nú hefur verið lýst, þykir varða við 142. sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga og hegðun ákærða Eyjólfs við 142. gr. sömu laga. Verður talið, að nefndar gr. hegningarlaga tæmi sök ákærðu, að því er varðar liðina II—III í ákæruskjali.

Refsing ákærða Friðriks Antons þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga ber að svipta hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Þá er og rétt að svipta ákærða Friðrik Anton réttindum leigubifreiðarstjóra, svo sem krafizt er í ákæruskjali, og telst sviptingartími hans hæfilega ákveðinn 6 mánuðir frá birtingu dómsins að telja.

Með skírskotun til ungs aldurs ákærða Eyjólfs og hreins sakferils þykir mega ákvarða honum lágmarksrefsingu, eða fangelsi í 3 mánuði. Hins vegar er ekki auðið að skilorðsbinda refsingu ákærða Eyjólfs, þar sem vætti hans var staðfest með drengskaparheiti og með hliðsjón af öllu framferði hans fyrir dómi. Ber því og samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að svipta hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ekki þykir unnt samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að ákvarða, að gæzluhaldsvistir ákærðu komi til frádráttar dæmdum refsingum þeirra.

Dæma ber ákærða Friðrik Anton til að greiða skipuðum réttargæzlumanni sínum, Gísla Ísleifssyni héraðsdómslögmanni, kr. 1000.00 í þóknun og skipuðum verjanda sínum, héraðsdómslögmanni Guðmundi Ingva Sigurðssyni, málsvarnarlaun, kr. 2000.00. Ákærði Eyjólfur greiði skipuðum verjanda sínum, héraðsdómslögmanni, Erni Clausen, málsvarnarlaun, kr. 2000.00. Allan annan sakarkostnað ber ákærðu að greiða in solidum.

Í ákæruskjali dómsmálaráðherra eru þær dagsetningarskekkjur, að í II, b, 2—3, er getið um 14. í stað 9. júlí s.l., og í III. er miðvikudagurinn 13. júlí s.l. tvívegis ranglega talinn sem 17. sama mánaðar. Ritvillur þessar eru ekki slíkar, að þær geti haft áhrif á úrlausn sakarefnis, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951.

Vegna mikilla anna við embættið hefur uppkvaðning dómsins dregizt nokkuð.

Dómsorð:

Ákærði Friðrik Anton Högnason sæti fangelsi 4 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga svo og í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja réttindum leigubifreiðarstjóra.

Ákærði Eyjólfur Halldórsson sæti fangelsi í 3 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Friðrik Anton greiði skipuðum réttargæzlumanni sínum, héraðsdómslögmanni Gísla Ísleifssyni, kr. 1000.00 og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2000.00.

Ákærði Eyjólfur greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen héraðsdómslögmanni, málsvarnarlaun, kr. 2000.00.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. nóvember 1961.

Nr. 68/1958. **Bernhard Petersen og Hraðfrystistöðin í Vestmannaeyjum**
gegn
Sveinbirni Jónssyni f. h. eigenda m/s Anette S og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ármann Snævarr.

Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1958, og var það þingfest í júnímánuði s. á.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu af sinni hálfu með stefnu 26. júní 1958 til þingfestingar í septembermánuði sama ár, og var gagnsökin sameinuð aðalsök í nóvembermánuði það ár.

Málinu hefur verið frestað átján sinnum hér fyrir dómi með samræli málsaðilja, en ágrip dómsgerða hefur eigi borizt til Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm 30. f. m., krafðist aðaláfrýjandi þess, að aðalsökin félli niður. Gagnáfrýjandi krafðist þess einnig, að gagnsökin félli niður, en gerði kröfu til málskostnaðar í aðalsök. Aðaláfrýjandi krafðist einnig málskostnaðar í gagnsök.

Með hliðsjón af meðferð málsins hér fyrir dómi, þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Mánudaginn 6. nóvember 1961.

Nr. 202/1959. **Björn Jónsson** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Fiskiræktar- og veiðifélagi Miðfirðinga
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótakrafa eiganda veiðiréttar á hendur fiskiræktar- og veiðifélagi.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsóknarleyfi, hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1959. Hér fyrir dómi hefur hann ekki uppi kröfur þær, er greinir í frumstefnu í héraði, en hins vegar kröfur samkvæmt framhaldsstefnu, þannig að hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 20.834.00 með 6% ársvöxtum frá 16. apríl 1959 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi, sem hefur fengið gjafvörn í málinu, krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Kröfur sínar hér fyrir dómi byggir áfrýjandi á því, að frá stofnun hins stefnda félags árið 1938 og fram til ársins 1956 hafi hann einungis fengið kr. 1066.00 sem arð fyrir

þá veiði jarðar hans, sem ekki var tekin eignarnámi árið 1940, í stað þess að honum hefði að réttu lagi borið að fá kr. 21.900.00 í veiðiarð nefnt tímabil, miðað við þau 60 arðstig, sem jörð hans var úthlutað fyrir veiði þessa árið 1957. Krefur áfrýjandi stefnda um mismuninn, kr. 20.834.00, þar sem hann telur, að mistök við nefnt eignarnám, er stefndi hafi látið framkvæma, hafi valdið því, að hann fékk svo lítinn veiðiarð, sem raun ber vitni fram til ársins 1956.

Áfrýjandi gerði ekki á sínum tíma neinar ráðstafanir til að fá hnekkt eignarnámsgerð þeirri eða eignarnámsmati, er að framan getur, og hann tók fyrirvaralaust við greiðslum þeim fyrir veiði árin 1940—1955, sem lýst hefur verið. Að svo vöxnu máli geta dómkröfur hans á hendur stefnda eigi orðið teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Ákvæði héraðsdóms um laun talsmanns áfrýjanda í héraði staðfestist.

Málflutningslaun talsmanna aðilja fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskiræktar- og veiðifélag Miðfirðinga, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Björns Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um málflutningslaun talsmanns áfrýjanda í héraði staðfestist.

Málflutningslaun talsmanna aðilja fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Ólasonar og Guðmundar Péturssonar, kr. 2000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadóms Húnavatnssýslu 14. ágúst 1959.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 8/8 1958, og þingfest sama dag. Síðan gefin út framhaldsstefna í málinu 18/7 1959,

og eftir að lokið var framlagningu skjala og munnlegum málflutningi sama dag, var málið lagt í dóm.

Málið er gjafsóknarmál, höfðað af Birni Jónssyni, bónda að Litla-Ósi í Kirkjuhvammshreppi, gegn Fiskiræktar- og veiðifélagi Miðfirðinga.

Stefnandi gerir þær dómkröfur í aðalstefnunni, að stefnda verði gert með dómi að láta af hendi veiðiréttindi, þar á meðal sjávarveiði, fyrir landi Litla-Óss, sem Fiskiræktar- og veiðifélagið hefur haft undanfarin ár, og í framhaldsstefnu er þess krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur fyrir veiðitap, kr. 21.900.00, auk 6% vaxta frá framhaldsstefnudegi svo og málskostnað í máli þessu samkvæmt mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að starfræksla félagsins hafi verið með þeim hætti, að hvorki samrýmist landslögum né stofnskrá félagsins, og sé félagið því ólöglegt (orðið) og einstökum félagsmönnum rétt og heimilt að krefjast þess, að veiðirétti þeirra í Miðfjarðará og á vatnasvæði hennar verði skilað aftur í þeirra hendur. Á þeim forsendum sé stefnanda rétt að krefjast bæði þess veiðiréttar, sem hann hefur notið arðs af samkvæmt arðskrá, og einnig þeirrar sjávarveiði, er tekin var af honum með eignarnámi á sínum tíma, enda vefengir hann lögmæti þess eignarnáms, bæði að því er snertir framkvæmd þess og eins vegna hins, að slíkt eignarnám fari í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt býður stefnandi fram endurgreiðslu þeirrar upphæðar, er hann á sínum tíma fékk greidda fyrir sjávarveiðina samkvæmt eignarnámsgerðinni.

Stefndi neitar því eindregið, að rekstur Fiskiræktar- og veiðifélagsins hafi í nokkru tilliti verið með óeðlilegum hætti, miðað við gildandi lög, samþykktir félagsins og starfsrækslu annarra hliðstæðra félaga. Félagið hafi gert tilraunir með laxaklak og eyðingu laxgönguhindrana, hvort tveggja í þeim mæli, er félagsfundir hafi samþykkt, og loks hafi félagið bundið enda á alla netjaveiði í Miðfjarðará og vatnasvæði hennar og með því friðað hana, svo sem tök voru á, án þess að gera eigendum hana arðlausa. Krafa stefnanda um, að veiðiréttindi í Miðfjarðará fyrir landi hans, er samþykktir veiðifélagsins taka til, verði afhent honum til frjálsra umráða, hafi ekki við lög að styðjast. Eins sé ástatt um sjávarveiðina, er félagið á sínum tíma að fullkomlega löglegum leiðum fékk tekna eignarnámi. Þar hafi verið um almenningsþörf í stóru byggðarlagi að ræða og því fjarri lagi að tala um stjórnarskrár-

brot í því sambandi. Loks sé krafa stefnanda í framhaldsstefnu hans úr lausu lofti gripin. Á meðan samþykktir félagsins náðu eigi til jarðar hans, hafi honum verið frjálst að stunda veiði fyrir landi sínu. En eftir að hann var tekinn með í félagið, sem fullgildur félagi, hafi hann sem aðrir félagsmenn haft óbundnar hendur að krefjast yfirmats, ef honum þótti sinn hlutur of naumur. Hafi hann ekki neytt réttar síns að þessu leyti, geti hann ekki gefið öðrum sök á því, og skaðabótakrafa hans hafi því ekki við rök að styðjast.

Samkvæmt gögnum þeim og upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, var Fiskiræktar- og veiðifélag Miðfirðinga stofnað á árinu 1938 og samþykktir og arðskrá félagsins staðfest snemma á árinu 1939. Jörðin Litli-Ós var ekki tekin með í þeirri samþykkt, en á aðalfundi félagsins 23/2 1940 er mættur umboðsmaður stefnanda, Sigurður Pálmason, og gerir kröfu til þess, að jörðin sé tekin með sem verandi á vatnasvæði Miðfjarðarár. Út af þeirri málaleitun samþykkti fundurinn með 20 samhljóða atkvæðum:

„Fundurinn sér sér ekki fært að verða við beiðni Björns á Litla-Ósi um upptöku í félagið, en fellst á að taka á leigu eftir mati veiðirétt jarðarinnar í Miðfjarðará til þess tíma, sem arðskrá félagsins gildir, eða til 1. nóv. 1944. Jafnframt er gengið út frá því, að sjóveiði fyrir nefndri jörð verði tekin eignarnámi sem fyrst."

Þess er sérstaklega getið í fundarbók félagsins, að Sigurður Pálmason, umboðsmaður Björns á Litla-Ósi, hafi verið samþykkur þessari afgreiðslu fundarins. Síðan fór fram mat á veiðirétti stefnanda samkvæmt fundarsamþykktinni, og var því mati eigi skotið til yfirmats af honum. Samkvæmt reikningum veiðifélagsins, sem endurrit úr gerðarbók félagsins sýnir, hefur leiga (arðskrárhlutur) verið síðan greidd stefnanda án athugasemdar af hans hálfu, að því er séð verður.

Hinn 21. júní 1939 fékk stefndi leyfi hlutaðeigandi ráðuneytis til þess að láta taka eignarnámi sjávarveiði fyrir landi Litla-Óss. Fór eignarnámið fram í maí 1940, og var stefnda gert að greiða kr. 3000.00 í eitt skipti fyrir öll, er voru greiddar stefnanda, að viðbættum kr. 225.00, sem voru 5% vextir frá 1. júlí 1939 til greiðsludags. Verður ekki annað séð en að stefnandi hafi veitt þessum greiðslum viðtöku aðfinnslu- og fyrirvaralaust.

Rök stefnanda fyrir því, að stefndi, Fiskiræktar- og veiðifélag Miðfirðinga, hafi brotið svo af sér, að samþykktir þess séu sjálffallnar úr gildi, virðast eigi vera annað eða meira en aðfinnslur örlítils, óánægðs minnihluta, sem eigi vill viðurkenna vald meiri-

hlutans á málefnum félagsins, og verða því eigi tekin til greina. Krafa stefnanda um, að sjávarveiðinni verði skilað aftur í hendur honum, virðist heldur eigi á rökum reist. Eignarnám veiðinnar virðist hafa verið löglega undirbúið og framkvæmt. Talið er að vísu, að eignarnámið fari í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar, en á það verður ekki fallizt. „Almennings þörf" er ekki fært að túlka þann veg, að hún taki beinlínis til þjóðarinnar allrar, líkt og þegar talað er um „almannafé". Með slíkri túlkun væri hugtakið nær undantekningarlaust dauður bókstafur. Hugtakið verður að skilja þann veg, að það taki til stærri eða minni hóps manna, en stærð hópsins og „þörfina" verður að meta í hverju einstöku tilfelli. En þeir hagsmunir, sem með eignarnáminu eru tryggðir, verka óbeinlínis til hagsmuna fyrir þjóðarheildina alla. Augljóst virðist, að atorkusöm framkvæmd sjávarveiðinnar fast við ós Miðfjarðarár með beztum, leyfðum útbúnaði, mundi hafa getað lokað fyrir laxgöngu í ána að meira eða minna leyti. Verður því að telja, að um mjög ríka „þörf" íbúa Miðfjarðar og Miðfjarðardala hafi verið að ræða.

Varðandi skaðabótakröfu stefnanda, er það að athuga, að sé raunverulega um skaða að ræða, þá virðist hann tilorðinn fyrir athafnaleysi stefnanda, — að neyta ekki löglegra ráða, sem fyrir hendi voru, til þess að freista að fá hlut sinn réttan. Því athafnaleysi á hann einn sök á, og afleiðingar þess verða ekki lagðar öðrum á herðar í skaðabótaformi.

Samkvæmt framansögðu þykir eigi fært að fallast á kröfur stefnanda í máli þessu, en af því leiðir, að taka verður til greina sýknukröfu stefnda.

Málskostnaður þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Mál þetta er gjafsóknarmál, og málflutningslaun málflytjanda stefnanda, hrl. Sigurðar Ólasonar, Reykjavík, ber því að greiða af almannafé. Með hliðsjón af því, að málið er allumfangsmikið og hefur útheimt ferðir málflutningsmannsins til Norðurlands, þykir þóknun til hans hæfilega ákveðin kr. 5000.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa. Dómurinn var saminn undir innfærslu fyrstu daga ágústmánaðar, en þá kölluðu að annir, þingaferðir o. fl., sem eigi varð skotið á frest, og stóð svo fram undir ágústlok, en þá veiktist dómarinn og hefur verið veikur þar til nú.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskiræktar- og veiðifélag Miðfirðinga, á að vera sýkn af kröfu stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda stefnanda, hrl. Sigurðar Ólasonar, Reykjavík. kr. 5000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. nóvember 1961.

Nr. 24/1960. **Jónatan Kr. Jóhannesson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Valdimar Ásgeirssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ármann Snævarr.

Réttur til byggingar ofan á hús í sameign. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1960 og krefst þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 5.900.00 með 6% ársvöxtum frá 17. maí 1958 til greiðsludags, að málskostnaður í héraði verði felldur niður og stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eins og sést af kröfugerð áfrýjanda hér fyrir dómi, unir hann úrlausn héraðsdóms um greiðslu bóta vegna skemmda á kjallaraíbúð, en krefst hins vegar sýknu af fyrri kröfulið stefnda í héraði.

Hús það, er í málinu greinir, virðist hafa verið byggt á árunum 1951—1952, og voru átta hús við nefnda götu reist samkvæmt sama uppdrætti. Hús þessi voru einlyft, þ. e. með kjallara, sem er að mestu ofan jarðar, íbúðarhæð og 2.50 m

risi, þar sem flestir húseigendur og þ. á m. áfrýjandi gerðu svefnherbergi með uppgangi frá íbúðarhæð. Í kjallara var og gerð íbúð.

Jóhann Frímann, sem eignazt hafði kjallaraíbúðina úr hendi áfrýjanda, seldi Guðmundi Ágústssyni íbúðina með afsali 6. júní 1955. Segir í afsali þessu m. a.: „... eignarhluti þessi er nánar tiltekið tvö herbergi og eldhús, lítið herbergi milli baðherbergis og innri gangs, bað og geymsla undir stigagangi, ásamt hlutfallslegum rétti á móti eiganda efri hæðar að ytri forstofu, þvottahúsi og miðstöðvarklefa og hlutfallslegum rétti til lóðar. Telst eignarhlutinn ⅓ alls hússins".

Áfrýjandi, sem frá upphafi hefur átt íbúðarhæðina, seldi síðar Guðmundi eignarhluta sinn í þvottahúsinu, og taldist áfrýjandi „þá eigandi að ⅗ hlutum alls hússins, en Guðmundur eigandi að ⅖ hlutum þess".

Guðmundur Ágústsson seldi stefnda kjallaraíbúðina með afsali 8. maí 1956. Segir þar m. a., að hið selda sé „nánara tiltekið þrjú herbergi, eldhús, baðherbergi, tvær innri forstofur, óinnréttað herbergi í austurhorni kjallarans og geymslu undir stigagangi svo og hlutfallslegan eignarrétt á móti eiganda hæðarinnar að ytri forstofu, miðstöðvarklefa og leigulóðarréttindi, svo og allt, sem eignarhluta þessum fylgir og fylgja ber. — —

— — Hinn seldi eignarhluti telst ⅖ hlutar hússins". — —

Þegar sala þessi fór fram, var gerð hússins með sama hætti og áður er lýst, og var svo fram til síðari hluta árs 1957, er áfrýjandi hóf á eindæmi sitt að byggja ofan á húsið og gera þar sjálfstæða íbúð.

Hinn 3. febrúar 1958, a. m. k. nokkrum mánuðum eftir að stefndi andmælti framkvæmdum þessum, sömdu eigendur íbúða í húsinu, þ. á m. aðiljar máls þessa, um eignarskipti á húsinu í þrjá hluta. Segir svo í samningi þessum:

„1. Kjallari, að undanteknum kjallarastiga og ⅔ í miðstöðvarherbergi, með salerni undir útitröppum, og telst sá hluti 29.7%.

2. Fyrsta hæð ásamt ⅓ af miðstöðvarherbergi og kjallarastiga og bílskúr, og telst sá hluti 40,6%.

3. Rishæð ásamt ⅓ af miðstöðvarherbergi og aðgangi að henni, og telst sá hluti 29.7%.

Allt utanhússviðhald, opinber gjöld af eigninni og viðhald á huldum leiðslum markast af þessum hlutföllum".

Þegar litið er til þess, sem nú hefur verið rakið, verður að telja, að stefndi hafi haft réttmæta ástæðu til að líta svo á, að hann ætti hlutdeild í aðstöðurétti til slíkrar yfirbyggingar á húseigninni, sem um var að tefla, enda eðli máls samkvæmt, að slíkt hefði skipt verulegu máli, ef á góma hefði borið við kaupin. Stefndi á því rétt til bóta fyrir skerðingu áfrýjanda á þessum rétti hans, og þykja þær bætur hæfilega ákveðnar í héraðsdómi.

Ber því að staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jónatan Kr. Jóhannesson, greiði stefnda, Valdimar Ásgeirssyni, kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Það þykir mega leggja til grundvallar, að stefndi hafi miðað kaup sín á kjallaraíbúð húss þess, sem í málinu greinir, við þá hæðatölu, sem þá var í húsinu. Að svo vöxnu máli leiða lögrök til þess, að hann eigi heimtingu á bótum úr hendi áfrýjanda fyrir þann aðstöðumissi, spjöll og röskun, sem hann verður fyrir sökum yfirbyggingar áfrýjanda.

Samkvæmt þessu og þar sem fallast má á fjárhæð bótakröfu stefnda, ber að samþykkja niðurstöðu hæstaréttardómsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., hefur Valdimar Ásgeirsson, Efstasundi 71, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. maí 1958, á hendur Jónatan Jóhannessyni, einnig til heimilis að Efstasundi 71, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 15.900.00, með 6% ársvöxtum frá 6. maí 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Stefndi hefur krafizt sýknu og greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara krefst hann verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda.

Tildrög máls þessa eru þau, að með bréfi borgarstjóra, dags. 7. maí 1956, voru stefnda, Jóhanni E. Frímanni og Guðmundi Ágústssyni leigð lóðin nr. 71 við Efstasund til íbúðarhússbyggingar, og skyldi upphaf leigutímans talið frá 1. janúar 1947. Með bréfi, dags. 6. júní 1955, hafði Jóhann E. Frímann afsalað Guðmundi Ágústssyni kjallaraíbúð sinni í húsi þessu, og með bréfi, dags. 21. ágúst 1955, hafði stefndi afsalað Guðmundi eignarhluta sínum í þvottahúsi í kjallara, og var þá Guðmundur talinn eigandi að ⅖ hlutum hússins. Með bréfi, dags. 8. maí 1956, afsalar síðan Guðmundur eignarhluta sínum til stefnanda í máli þessu. Sumarið 1957 hófst stefndi handa um byggingu íbúðarriss ofan á húsið, og með yfirlýsingu, dags. 3. febrúar 1958, veitir hann tengdasyni sínum eignarheimild að íbúð þessari. Telur stefnandi, að með þessu atferli hafi stefndi svipt hann rétti til að taka þátt í byggingu hæðar ofan á húsið, og telur hann sig eiga rétt til bóta úr hendi stefnda fyrir yfirbyggingarréttinn svo og vegna skemmda, er urðu á íbúð hans og stafað hafi af leka, þar sem húsið var þaklaust um lengri tíma. Sundurliðar stefnandi bótakröfur sínar þannig:

1. Vegna yfirbyggingarréttarins ..... kr. 10.000.00
2. Vegna skemmda á kjallaraíbúð ..... — 5.900.00

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi byggt hús það, er um ræðir, en síðan selt kjallaraíbúðina frá eigninni, og hafi það þá ekki verið ætlun sín að selja byggingarréttinn með, enda hafi salan farið fram til að afla fjár fyrir risíbúðarbygginguna. Segir stefndi, að fyrsta kaupanda kjallaraíbúðarinnar hafi verið um þetta kunnugt, og geti því þeir, er leiða rétt sinn frá honum, ekki öðlazt meiri rétt en hann hafði.

Rök fyrir þeirri fullyrðingu stefnda, að hann hafi sérstaklega undanskilið yfirbyggingarréttinn, er ekki að finna í þeim eignarheimildum, er áður var getið. Telja verður eðlilegt, að rétturinn til að byggja ofan á hús, sem er í sameign, sé í höndum

allra sameigenda að tiltölu við eignarhlutfall hvers þeirra, sbr. nú 9. gr. laga um sameign fjölbýlishúsa nr. 19/1959, og þar sem stefndi hefur á engan hátt sannað, að um annað hafi verið samið, verður stefnandi talinn hafa átt yfirbyggingarréttinn að ⅔ hlutum.

Í öðru lagi byggir stefndi kröfu sína um sýknu á því, að bótaréttur sá, er stefnandi kunni að hafa átt vegna yfirbyggingarréttarins, hafi fallið niður fyrir vangeymslu stefnanda. Fullyrðir stefndi, að stefnanda hafi verið tilkynnt ákvörðunin um að byggja ofan á húsið, en hann hafi engum athugasemdum hreyft við framkvæmdunum, meðan á þeim stóð, jafnframt því, sem hann hafi berum orðum lýst því yfir, að hann teldi þær sér óviðkomandi. Stefnandi hefur hins vegar mótmælt því, að honum hafi verið tilkynnt fyrirfram um framkvæmdirnar, enda hafi hann verið í sumarfríi, er þær hófust. Síðar kveðst stefnandi hafa fært framkvæmdir þessar í tal við stefnda, en stefndi þá svarað illu einu til. Staðhæfingar aðilja um þessi samskipti þeirra eru ósannaðar. Hins vegar er upplýst, að stefndi hóf framkvæmdir við risíbúðina sumarið 1957. Hinn 18. janúar 1958 undirrita aðiljar samkomulag um að leggja ágreining þeirra í gerð, en samning þenna rauf síðan stefndi, og var málinu þá stefnt fyrir bæjarþingið. Virðist því samkvæmt þessu vera ljóst, að stefnandi verður ekki sakaður um að hafa svo vanrækt að gæta réttar síns, að hann sé af þeim sökum fallinn niður.

Bótakrafa stefnanda vegna yfirbyggingarréttarins er byggð á mati dómkvaddra manna. Telur dómurinn, að fallast megi á matsfjárhæðina, og verður því þessi liður stefnukröfunnar tekinn til greina.

Síðari lið stefnukröfunnar, bætur fyrir skemmdir á kjallaraíbúð vegna leka, hefur stefndi mótmælt sem of háum og að sumu leyti sem málinu óviðkomandi, þar sem nokkrar skemmdir megi rekja til annarra orsaka. Kröfuliður þessi er einnig byggður á mati dómkvaddra manna, og er þess sérstaklega getið í matsgerðinni, að matið sé miðað við tjón, sem orðið hafi „vegna umræddra framkvæmda", þ. e. byggingar íbúðarrissins. Matsmenn hafa fyrir dómi gert grein fyrir sundurliðun sinni á þessum þætti matsfjárhæðarinnar, og hefur einstökum liðum hennar ekki verið hnekkt. Verður því einnig, að því er þenna kröfulið varðar, matsgerðin lögð til grundvallar.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða stefnanda

hina umstefndu fjárhæð, kr. 15.900.00, ásamt vöxtum, eins og krafa er gerð um, en málskostnaður, þar með talinn kostnaður við matsgerð, þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.500.00.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Einari B. Kristjánssyni trésmíðameistara og Ólafi Jenssyni verkfræðing.

Dómsorð:

Stefndi, Jónatan Jóhannesson, greiði stefnanda, Valdimar Ásgeirssyni, kr. 15.900.00 með 6% ársvöxtum frá 6. maí 1958 til greiðsludags og kr. 4500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. nóvember 1961.

Nr. 36/1961. **Afgreiðsla smjörlíkisgerðanna h/f** (Árni Guðjónsson hrl.) gegn **Skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. Þrotabús Þingvalla h/f** (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa, sem lýst var í þrotabú, að liðnum innköllunarfresti, eigi tekin til greina við úthlutun úr búinu.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1961. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði, að við úthlutun úr þrotabúi Þingvalla h/f skuli tekin til greina meðal almennra krafna krafa hans, að fjárhæð aðallega kr. 22.513.22, en til vara kr. 14.018.35. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, var bú Þingvalla h/f tekið til gjaldþrotaskipta hinn 30. ágúst 1958. Gefin var út og birt opinber innköllun til lánardrottna samkvæmt 6. gr. laga nr. 25/1929, sbr. 2. gr. laga nr. 19/1924, og lauk kröfulýsingarfresti hinn 17. janúar 1959. Þar sem áfrýjandi lýsti ekki kröfu sinni í búið fyrr en í aprílmánuði 1959 og hún hefur sætt andmælum lánardrottna, hefur hann samkvæmt 3. mgr. 22. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 90. gr. og 81. gr. sömu laga, glatað rétti til þess að fá hana tekna til greina við úthlutun af eignum þrotabúsins, sbr. og fyrrgreindar 6. gr. laga nr. 25/1929 og 2. gr. laga nr. 19/1924. Skiptir ekki máli um þetta, þó að skuldar Þingvalla h/f við áfrýjanda hafi verið getið á skuldalista, sem stjórnendur nefnds félags afhentu skiptaráðanda.

Með framanskráðum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Afgreiðsla smjörlíkisgerðanna h/f, greiði stefnda, skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. þrotabús Þingvalla h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Vestmannaeyja 3. desember 1960.

Með greinargerð, dags. 26. nóvember s.l., framlagðri í skiptarétti Vestmannaeyja, hefur Árni Guðjónsson hæstaréttarlögmaður gert þá kröfu, að krafa umbjóðanda hans, Afgreiðslu smjörlíkisgerðanna h/f, á hendur þrotabúi Þingvalla h/f verði tekin til greina við skipti á búinu, aðallega eins og hún var gerð í kröfu í kröfulýsingarbréfi 6. apríl 1959, kr. 22.513.22, auk kostnaðar, en til vara, eins og þrotamaður lýsti henni við gjaldþrotauppgjöf, kr. 14.018.35. Svo krafðist hann málskostnaðar sér til handa.

Jón Hjaltason héraðsdómslögmaður og Friðþjófur G. Johnsen

héraðsdómslögmaður, sem gættu hagsmuna margra kröfuhafa í þrotabúi Þingvalla h/f, andmæltu kröfu þessari og kröfðust þess, að hún yrði ekki tekin til greina við skipti á eignum búsins. Jafnframt kröfðust þeir málskostnaðar úr hendi sækjanda. Jón Hjaltason héraðsdómslögmaður fór með umboð fyrir þessa kröfuhafa í búinu:

Bæjarsjóð Vestmannaeyja,
Guðlaug Gíslason,
Kjartan Friðbjarnarson,
Kjartan Friðbjarnarson & Co.,
Hjálmar Eiðsson,
Einar Jónsson,
Bananasöluna,
Ingvar Ingvarsson,
Mjólkursamsöluna,
Flugfélag Íslands h/f,
Karl Kristmanns,
Snorra Árnason,
Árna J. Johnsen,
Sölufélag Garðyrkjumanna,
Kaupfélag Vestmannaeyja,
Samband íslenzkra samvinnufélaga,
Kristján Friðbergsson,
Sigurjón Sigurðsson,
Magnúsarbakarí,
Verzlunarfélagið Reykjafoss h/f og
Bifreiðastöð Vestmannaeyja.

Friðþjófur G. Johnsen héraðsdómslögmaður fór með umboð fyrir þessa kröfuhafa:

Bæjarbúðina h/f,
Ágústu Traustadóttur og
Pétur Pétursson.

Síðast í ágústmánuði 1958 sneri stjórn Þingvalla h/f sér skriflega til skiptaréttarins í Vestmannaeyjum og óskaði eftir, að fyrirtækið yrði tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Var þá búið að loka verzlunum fyrirtækisins og allar vörubirgðir kyrrsettar með löghaldsgerð, sem hófst 13. ágúst. Taldi stjórn félagsins, að hag þess væri þann veg komið, að það ætti ekki lengur fyrir skuldum. Lagði stjórnin jafnframt fram yfirlit yfir hag félagsins og skrá yfir bókfærðar skuldir þess pr. 16. ágúst 1958. Meðal skuldheimtumanna samkvæmt þeirri skrá var sækjandi, Afgreiðsla

smjörlíkisgerðanna h/f, og inneign hans talin kr. 14.018.35, en við endurskoðun á bókhaldi félagsins kom þó fram síðar, að þar var krafa sækjanda talin kr. 1.102.35. Beiðni stjórnarinnar var tekin til greina og félagið úrskurðað gjaldþrota 30. ágúst 1958. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út 1. september og birt í Lögbirtingablaðinu 6., 13. og 17. september 1958. Kröfulýsingarfrestur rann því út 17. janúar 1959.

Er kröfulýsingarfresti lauk, hafði mörgum kröfum verið lýst í búið, er námu að fjárhæð rúmum tveimur milljónum króna. Sumir þeirra skuldheimtumanna, sem taldir voru upp í áðurgreindri skrá, er lögð var fram við upphaf gjaldþrotaskipta, lýstu þó ekki kröfum sínum, meðan á innköllunarfresti stóð, og meðal þeirra var sækjandi. Að innköllunarfresti liðnum, var gerð skrá yfir lýstar kröfur og hún lögð fram á skiptafundi í búinu 20. janúar 1959. Á næsta skiptafundi, er haldinn var 2 vikum síðar, komu fram athugasemdir og mótmæli gegn mörgum hinna lýstu krafna, og hlaut sá ágreiningur afgreiðslu smám saman og á ýmsan hátt, meðan á skiptameðferð stóð.

Fyrri hluta aprílmánaðar 1959 barst skiptaréttinum bréf frá umboðsmanni sækjanda, dags. 6. apríl 1959, og var á þessa leið:

„Krafa Afgreiðslu smjörlíkisgerðanna h/f í þrotabú Þingvalla h/f mun hafa verið talin kr. 17.000.00.

Ég leyfi mér nú að senda nákvæma upphæð kröfunnar ásamt víxlum og skilríkjum. Samkvæmt því er krafan kr. 22.900.70 auk vaxta frá falldegi víxlanna til 1. maí 1959, kr. 1.135.66, og innheimtukostnaðar samkvæmt taxta, kr. 2.250.00, eða alls kr. 26.286.33."

Bréfinu fylgdu 5 víxlar, allir samþykktir af Lofti Magnússyni sem prókúruhafa fyrir hönd Þingvalla h/f með gjalddögum í ágúst, september og október 1958, en út gefnir í júní, júlí og ágúst s. á., þar af einn 15. ágúst eða sama dag og verzluninni var lokað. Allir höfðu víxlarnir verið seldir Útvegsbanka Íslands h/f og innleystir á tímabilinu 18. ágúst til 18. nóvember 1958.

Alllöngu eftir að bréf þetta barst skiptaréttinum, var samin ný skrá yfir lýstar kröfur og þær reiknaðar út með vöxtum og kostnaði. Á skrá þessa var tekin krafa sækjanda í samræmi við ofangreint bréf. Skráin var lögð fram á skiptafundi 29. október 1959, og á skiptafundi daginn eftir var henni andmælt sem of seint fram kominni eða of seint lýstri. Voru þá þrír lögfræðinagr mættir á fundi, er fóru með umboð fyrir yfirgnæfandi meirihluta kröfuhafa. Stóðu þeir allir að þessum andmælum.

Sala á eignum búsins og innheimta útistandandi skulda tók langan tíma og var fyrst lokið á síðastliðnu hausti. Var þá samið frumvarp að úthlutunargerð og krafa sækjanda ekki tekin með. Var umboðsmanni sækjanda tilkynnt þetta með bréfi, dags. 10. nóvember s.l. Hann vildi ekki una þeirri afgreiðslu og krafðist þess, að krafa sín yrði tekin til greina á þann veg, sem að framan er lýst. Að lokinni sáttaumleitan og gagnaöflun, var atriðið lagt undir úskurð í gær.

Ágreiningsatriðið, er hér liggur fyrir, snýst eingöngu um, hvort krafa sækjanda sé niður fallin að einhverju leyti eða öllu, vegna þess að hann hafi látið undir höfuð leggjast að lýsa henni fyrir skiptaráðanda innan loka innköllunarfrests. Sækjandi telur, að krafa sín sé enn í fullu gildi, þar eð hún hafi verið gefin upp af forsvarsmönnum Þingvalla h/f, er óskað var eftir gjaldþrotaskiptameðferð, og síðan hafi kröfunni verið endanlega lýst með bréfinu frá 6. apríl 1959, löngu áður en leið að lokum skipta í búinu. Um óeðlilegan drátt væri ekki að ræða, þar sem endanleg kröfulýsing gat ekki farið fram, fyrr en búið var að innleysa víxlana. Svo virðist hann og einnig telja, að krafan hafi verið viðurkennd af búinu, og upplýsir, að hann hafi tekið þátt í fundi kröfuhafa í Reykjavík, sem þar var haldinn haustið 1958 og fjallaði um tillögur um meðferð búsins.

Öllum þessum rökum er andmælt af hálfu gagnaðilja.

Eins og rakið er hér að framan, var kröfu sækjanda andmælt á skiptafundi, jafnskjótt og tilefni var til. Verður því ekki fallizt á, að hún hafi verið viðurkennd af búinu, hvorki beinlínis né óbeinlínis. Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna, að sækjanda var innan handar að halda kröfu sinni fram með eðlilegum hætti. Lýsing hans á kröfu sinni getur ekki talizt nægjanleg til þess að halda henni í gildi gagnvart búinu. Verður því ekki unnt með tilvísun til ákvæða 3. gr. laga nr. 25/1929 og 2. gr. laga nr. 19/1924 að taka kröfu sækjanda í máli þessu að neinu leyti til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma sækjanda til að greiða gagnaðiljum, Jóni Hjaltasyni héraðsdómslögmanni vegna sinna kröfuhafa og Friðþjófi G. Johnsen héraðsdómslögmanni vegna sinna kröfuhafa, kr. 300.00 í málskostnað til hvors um sig.

Ályktarorð:

Krafa Afgreiðslu smjörlíkisgerðanna h/f, kr. 22.513.22, á

hendur þrotabúi Þingvalla h/f skal ekki tekin til greina við úthlutun úr búinu.

Sækjandi, Árni Guðjónsson vegna Afgreiðslu smjöríkisgerðanna h/f, greiði Jóni Hjaltasyni héraðsdómslögmanni vegna tilgreindra kröfuhafa og Friðþjófi G. Johnsen héraðsdómslögmanni vegna áðurgreindra kröfuhafa hvorum um sig kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa.

Úrskurðinum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. nóvember 1961.

Nr. 184/1960. **Hrafn Jónsson** (Gústaf Ólafsson hrl.)
gegn
Guðmundi Óskari Guðmundssyni
(Haukur Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1960 og krafizt sýknu og málskostnaðar af stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn í máli þessu hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eigi er í ljós leitt, að sprengjuhylki þau, sem í málinu greinir, hafi borizt inn á verkstæði áfrýjanda með vitund eða vilja áfrýjanda eða manna, er hann bar ábyrgð á. Eins og sprengjuhylkjum þessum var háttað, verður greindum aðiljum eigi metið til vangæzlu, að þeir veittu hylkjunum ekki eftirtekt og fjarlægðu þau. Að svo vöxnu máli, og þar

sem réttarreglur annars leiða eigi til ábyrgðar áfrýjanda á tjóni stefnda, ber að dæma honum sýknu af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hrafn Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðmundar Óskars Guðmundssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. september 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Guðmundur Óskar Guðmundsson verkamaður, E-götu 6, Blesugróf, hér í borg, höfðað á bæjarþinginu með utanréttarstefnu, dags. 4. marz 1958, gegn Hrafni Jónssyni forstjóra, Brautarholti 22, hér í borg, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 191.449.92, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómarans.

Tildrög málsins eru þau, að þriðjudaginn 17. apríl 1951 að morgni varð stefnandi fyrir því slysi á bifreiðaverkstæði stefnda hér í borginni, er hann var að skerpa koparhólk á smergelskífu, að hólkurinn sprakk í höndum hans, svo að tók framan af þremur fingrum hægri handar. Samkvæmt lýsingu rannsóknarlögregluþjóns þess, sem hafði á hendi rannsókn slyssins, var koparhólkur þessi eða sívalningur, sem reyndist vera dynamitsprengja, 6 cm langur og 6 mm í þvermál. Innihald hólksins var 4 cm af sprengiefni. Slíkir hólkar eru einungis lokaðir í annan endann.

Slys þetta var samdægurs tilkynnt rannsóknarlögreglunni, sem þegar hófst handa um rannsókn á tildrögum þess. Við þá rannsókn voru yfirheyrðir stefnandi og tveir af starfsmönnum verkstæðisins. Haustið 1959, um 7½ ári eftir slysið, fór fram á bæjarþingi Reykjavíkur frekari rannsókn á tildrögum þess. Komu þá fyrir dóm aðiljar málsins og þrjú vitni. Verður hér á eftir rakið hið helzta úr skýrslum aðiljanna og framburðum vitna.

Stefnandi skýrir svo frá hjá rannsóknarlögreglunni, að kl. að ganga 9 umgetinn morgun hafi hann verið staddur á bifreiðaverkstæði stefnda. Hafi hann þar verið að hjálpa Agli nokkrum Jónssyni við að „gata pakkningar". Við þetta verk hafi Egill notað

koparhólk, er stefnandi kveðst hafa tekið af vinnuborði í suðurenda verkstæðisins. Slíkan hólk hafi verið búið að nota daginn áður við sams konar verk, án þess að slys hlytist af. Áður en slysið varð, hafi Egill verið búinn að nota einn slíkan hólk, en endi hans hafi „hnoðazt upp", eins og stefnandi kemst að orði, og því hafi hann ætlað að ná í þjöl til að skerpa endann á hólknum. Það virðist þó ekki hafa dugað til lagfæringar á hólknum, því að stefnandi brá honum á smergelskífuna. Kveður hann hólkinn hafa sprungið, um leið og hann byrjaði að skerpa hann á skífunni, eftir að hafa sett hana í gang. Stefnandi kveðst ekki hafa haft hugmynd um, hvað það var, sem hann hafði í höndum, og hann kveðst ekki vita, hvaðan þessi skaðvæni hlutur kom á verkstæðið. Hann hafi þó heyrt einhvern segja, að hann héldi, að hlutur þessi hefði verið búinn að vera á verkstæðinu í 4 ár í tilgreindum verkfæraskáp. Þenna skáp hafi einn af starfsmönnum verkstæðisins haft til umráða, en sá hafi haldið, að hlutur þessi hafi verið í skápnum, er hann byrjaði að vinna á verkstæðinu. Þessi starfsmaður verkstæðisins hafi heldur ekki vitað skil á þessum hlut, en sá hafi áður verið búinn að saga slíkan hlut í sundur til þess að nota hann sem fóðringu í þurrkara. Fyrir dómi hinn 23. september 1959 staðfestir stefnandi þessa skýrslu sína. Skýrir hann þá svo frá, að höggpípa hafi engin verið til á verkstæðinu, en sprengihólkurinn hafi verið mjög hentugur til þeirra nota, sem höggpípur annars eru ætlaðar til.

Vitnið Þórður Pétursson, verkstjóri á verkstæði stefnda á þeim tíma, er slysið varð, skýrir svo frá hjá rannsóknarlögreglunni samdægurs og slysið varð, að það hafi verið að koma utan úr bæ, er það mætti stefnanda á leið út úr verkstæðinu alblóðugum. Ók vitnið þegar með stefnanda í Landspítalann. Kveður það stefnanda þá hafa tjáð sér, að hann hafi verið að skerpa lítið koparrör á smergelinu, þegar slysið skeði. Að öðru leyti hafi stefnandi ekki vitað, hvað þarna gerðist. Vitnið kvaðst hafa innt starfsmenn verkstæðisins eftir því, er það kom til baka, með hverjum hætti slysið varð, en þeir hafi ekki vitað það. Vitninu datt þá í hug, að sprengiefni hefði hlotið að vera í rörinu, en ekkert slíkt hafi það fundið við smergelið. Vitnið kveðst nú hafa spurt starfsmann, sem þarna var að höggva gat á „pakkningu", hvað stefnandi hafi verið með í höndum. Hafi starfsmaður þessi þá sýnt því smákoparhólk, sem hann notaði við verk sitt. Hafi hann tjáð því, að endinn á öðrum slíkum hólk, sem hann hafði notað, hefið „hnoðazt upp", og stefnandi þá

farið með hólkinn til þess að skerpa hann á smergelinu. Vitnið kveðst þá hafa innt starfsmann þenna eftir því, hvar hann hefði fengið hólka þessa, og hafi hann þá sýnt því í skáp, þar sem hann hefði tekið þá. Nokkrir slíkir hólkar hafi verið í skápnum, og er hann fór að athuga þá, hafi það séð, að eitthvað var í þeim, sennilega sprengiefni. Vitnið tekur fram, að skápur þessi hafi verið ólæstur og í honum geymd verkfæri. Vitnið kveðst ekki hafa vitað um tilvist sprengihylkjanna á verkstæðinu. Hinn 23. september 1959 staðfesti vitnið þenna framburð sinn fyrir dómi. Skýrði það þá svo frá, að það teldi, að höggpípur hefðu verið til á bifreiðaverkstæði stefnda á þeim tíma, er slysið varð. Um það gæti það þó ekki fullyrt.

Vitnið Egill Jónsson, starfsmaður á verkstæði stefnda á þeim tíma, er slysið varð, skýrir svo frá, yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni daginn eftir slysið, að um morguninn, áður en slysið varð, hafi það verið að „gata pakkningar". Það hafi þurft á pípu að halda til þess verks, og því hafi það spurt stefnanda, er verið hafi að vinna með vitninu, hvort hann gæti ekki lánað því pípu í þessu skyni. Hafi stefnandi þá komið með hinn skaðvæna hlut, er slysinu olli. Kveðst vitnið ekkert hafa athugað hlut þenna, en gatað með honum tvær „pakkningar". Hafi þá hinn lokaði endi hans allur verið sleginn niður, en opni endinn aftur á móti „hnoðaður upp". Þegar svo var komið, hafi stefnandi tekið hlut þenna og ætlað að lagfæra hann, að því er vitninu skildist. Vitnið kveðst síðan hafa heyrt litla stund í smergelinu, en brátt hafi kveðið við sprenging. Vitnið kveðst ekki hafa notað sprengihylkin áður, en tveimur dögum áður en slysið varð, hafi starfsmaður einn á verkstæðinu ætlað að nota slíkt hylki, en eigi orðið af því, þar eð það reyndist of lítið. Vitnið kveðst halda, að 6—7 slík sprengihylki hafi verið í einum verkfæraskápnum á verkstæðinu. Starfsmaður sá á verkstæðinu, sem hafði skáp þenna til umráða, hafi sagt, að hlutir þessir hefðu verið í skápnum, er hann fór að hafa not hans, um ári áður en slysið varð. Þessi starfsmaður hafi ekki vitað, hvers konar hluti hér var um að tefla. Vitnið tekur fram, að skápur þessi hafi aldrei verið læstur.

Vitnið Halldór Magnús Ásmundsson, starfsmaður á verkstæði stefnda á þeim tíma, er slysið varð, kveðst ekki hafa verið nærstaddur, er stefnandi varð fyrir slysinu. Það kveðst hafa séð hólk, sams konar og hér er fjallað um, eftir að stefnandi hafði orðið fyrir slysinu, og hafi því verið tjáð, að slíkir hólkar hefðu verið í skáp einum þar á verkstæðinu. Vitnið kveðst yfirleitt hafa tekið

saman verkfæri á verkstæðinu að loknum vinnudegi, en aldrei fyrr séð slíka hólka þar. Vitnið kveður höggpípur hafa verið til á verkstæðinu, en kveðst ekki vita, hvort þær hafi verið til af þeirri stærð, sem umræddir hólkar voru.

Vitnið Leifur Eiríksson, starfsmaður á verkstæði stefnda á umræddum tíma, kveðst aldrei hafa séð þar hólka, sams konar og hér ræðir um, fyrr en slíkir hólkar komu í leitirnar eftir slysið.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni hans af völdum slyssins, þar sem stefndi hafi látið það viðgangast, að hættulegt sprengiefni var geymt á vinnustað í ólæstum verkfæraskáp, er verkstæðið átti, innan um verkfæri, sem einnig voru í eigu verkstæðisins og ætluð starfsmönnum þess til afnota við vinnu sína á verkstæðinu. Umbúðir um þetta sprengiefni hafi verið þannig, að auðveldlega varð villzt á þeim og smáhandverkfærum, hinum svonefndu höggpípum, er mjög séu notaðar á bifreiðaverkstæðum við að „gata pakkningar". Slysið hafi og orðið með þeim hætti, að gripið var til þessara koparhólka í þessu skyni. Skírskotar stefnandi máli sínu til stunings til laga nr. 69 frá 1936 um sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau svo og til 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi ekki verið starfsmaður hans, er slysið varð. Hann hafi að vísu áður starfað á bifreiðaverkstæði hans, en hætt þar vinnu að fullu 4. apríl, eða tæpum hálfum mánuði áður en hann varð fyrir slysinu. Hann hafi verið staddur á verkstæðinu í algeru óleyfi umræddan morgun og algerlega á sínum eigin vegum. Honum hafi því verið með öllu óheimilt að nota og handleika áhöld verkstæðisins. Þegar af þessari ástæðu hljóti slys það, er hann varð fyrir á verkstæðinu í umrætt sinn, að vera að öllu leyti á hans eigin ábyrgð. Til stuðnings þessari málsástæðu sinni hefur stefndi lagt fram staðfest afrit af launamiða frá sér til skattstofunnar með upplýsingum um vinnu stefnanda á verkstæði hans á árinu 1951. Greinir á miða þessum, að stefnandi hafi unnið á verkstæðinu frá 1. janúar til 5. apríl 1951. Kemur þetta heim við skattaframtal stefnanda fyrir þetta ár.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að hann hafi ekki verið starfsmaður á bifreiðaverkstæði stefnda, er hann varð fyrir umræddu slysi. Hefur stefnandi þessu til stuðnings lagt fram í málinu tilkynningu um slysið frá stefnda til Tryggingastofnunar ríkisins. Er tilkynning þessi skráð á eyðublað, sem Tryggingastofn-

un ríkisins lætur atvinnuveitendum í té og þeim ber að senda henni útfyllt, ef starfsmaður verður fyrir slysi við vinnu sína. Er umrædd slysatilkynning dagsett 22. maí 1951 og undirrituð af stefnda sjálfum. Þá bendir stefnandi og á það í þessu sambandi, að honum hafi aldrei verið sagt upp starfi hjá stefnda og hann hafi heldur ekki sjálfur sagt upp starfi sínu. Hann hafi og áfram búið í húsnæði stefnda í sama húsnæði og bifreiðaverkstæðið var, en húsnæði þetta hafi verið ætlað starfsmönnum á bifreiðaverkstæðinu.

Í skýrslum aðiljanna og framburðum vitna er vikið að þessu ágreiningsatriði málsins. Verður nú rakið hið helzta, sem þar kemur fram að þessu lútandi.

Stefnandi tekur svo til orða í upphafi skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglunni, að slysið hafi orðið, er hann var staddur á verkstæði stefnda. Fyrir dómi tæpu 7½ ári seinna, er hann var frekar inntur eftir þessu, fullyrðir hann, að hann hafi enn verið starfandi á verkstæðinu, er slysið varð. Skýrir hann þá svo frá, að hann hafi verið þar aðstoðarmaður og mætt til vinnu sinnar að morgni slysdagsins. Verkstjórinn hafi þá ekki verið við og hafi hann horfið að því að aðstoða Egil Jónsson við það verkefni, er hann hafði á hendi. Kveður stefnandi það hafa verið venju sína á verkstæðinu, er verkstjórinn var ekki við til að segja honum fyrir verkum, að ljá þeim aðstoð sína, sem á hjálp þurfti að halda.

Stefndi hefur komið fyrir dóm í málinu og tjáð sig um sakarefnið. Hnígur skýrsla hans svo til eingöngu að því ágreiningsatriði, hvort stefnandi var starfsmaður verkstæðisins eða ekki, er hann varð fyrir slysinu. Skýrir stefndi svo frá, að hann hafi verið farinn burt úr borginni, þegar umrætt slys varð, og verið fjarverandi af verkstæðinu allan aprílmánuð. Er hann fór, hafi stefnandi unnið á verkstæðinu, en hann hafi starfað þar sem lausamaður. Nokkru eftir að hann kom aftur til vinnu á verkstæðinu, hafi mágur stefnanda komið til hans með eyðublað undir slysatilkynningu, og minni sig, að eyðublaðið hafi verið útfyllt og hann einungis skrifað nafn sitt undir slysatilkynninguna. Kveðst stefndi þá ekki hafa vitað annað en stefnandi hefði verið starfsmaður á verkstæðinu, er hann varð fyrir slysinu. Síðar hafi hann svo komizt að því, að stefnandi myndi þá hafa verið hættur þar störfum. Stefndi kveðst aldrei hafa séð umrædd sprengihylki, hvorki fyrir né eftir slysið.

Vitnið Þórður Pétursson kemst á þessa leið að orði í upphafi skýrslu sinnar til rannsóknarlögreglunnar, sem áður er rakin að

meginefni: „... Í dag, kl. ca. 1030, var ég að koma á bílnum að verkstæðinu og mætti þá í dyrunum Guðmundi Óskari Guðmundssyni, sem vinnur þarna ...“ Frekar kemur vitnið ekki að þessu ágreiningsatriði í þeirri skýrslu sinni, en fyrir dómi tæpu 7½ ári seinna lýsir vitnið því yfir, að rangt sé eftir því haft í skýrslunni um þetta atriði, og fullyrðir þá jafnframt, að stefnandi hafi verið hættur að starfa á verkstæðinu, er slysið varð.

Vitnið Egill Jónsson var ekki kvatt fyrir dóm í málinu og hefur ekki tjáð sig frekar um þetta atriði en fram kemur í skýrslu þess hjá rannsóknarlögreglunni, sem þegar hefur verið rakin hér að framan.

Vitnið Halldór Magnús Ásmundsson kveður stefnanda hafa verið hættan störfum á verkstæði stefnda, er hann varð fyrir slysinu. Hafi þá verið vika eða hálfur mánuður, frá því hann hætti. Ekki kveðst vitnið vita ástæðuna fyrir því, að stefnandi hætti á verkstæðinu. Engir aðrir af starfsmönnum þess hafi hætt um þetta leyti. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að stefnandi hafi unnið í þágu verkstæðisins, eftir að hann hætti þar. Hafi hann og yfirleitt ekki verið í vinnufötum, er hann kom þar eftir þann tíma. Ekki man vitnið, hvernig stefnandi var klæddur að morgni slysdagsins.

Vitnið Leifur Eiríksson fullyrðir, að stefnandi hafi verið hættur vinnu hjá stefnda á umræddum tíma. Hann hafi þó oft komið á verkstæðið, eftir að hann hætti, og verið að sníglast þar, eins og vitnið kemst að orði, en ekkert starfað fyrir verkstæðið eftir það.

Þau gögn málsins, sem styðja þá málsástæðu stefnda, sem hér er fyrst til álita, vætti þriggja vitna ásamt skattframtali stefnanda fyrir árið 1951 og launaskýrsla stefnda til skattstofunnar, varðandi starf stefnanda í hans þágu á því ári, þykja svo þungvæg við mat á þessu ágreiningsatriði aðiljanna, að telja verður næg rök að því leidd, að stefnandi hafi ekki verið starfsmaður stefnda, þegar umrætt slys varð, enda þótt nokkur gögn bendi til hins gagnstæða. Þegar þess á hinn bóginn er gætt, í hve nánum tengslum stefnandi þá enn var við þenna fyrri starfsvettvang sinn, að honum hafði hvorki verið sagt upp starfi né heldur sjálfur sagt lausu starfi sínu, bjó enn í íbúð, sem ómótmælt er, að honum var lögð til sem starfsmanni á verkstæðinu, og virðist mikið hafa dvalið á verkstæðinu eftir þetta, átölulaust af forráðamönnum þess, og sýslað þar við störf í þágu stefnda, m. a. morguninn, sem slysið varð, þá þykir staða hans til að koma fram bótaábyrgð á hendur

stefnda vegna meiðsla sinna af völdum slyssins ekki eiga að vera lakari en hefði hann verið fullgildur starfsmaður í hans þjónustu. Með skírskotun til þessa verður ekki fallizt á þá málsástæðu stefnda, sem hér er til álita. Og víkur þá að öðrum málsástæðum hans.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að sprengihylkin hafi ekki verið flutt inn á verkstæðið með vitund hans og vilja, þvert á móti hafi honum verið alls ókunnugt um tilvist þessara hættulegu hluta á verkstæðinu. Það sé því fjarri sanni, að hann hafi látið þetta viðgangast. Í þessu sambandi getur stefndi þess í greinargerð sinni, að hvorki hafi það komið fram við rannsókn á slysinu né endranær, hver komið hafi með hina skaðvænu hluti inn á verkstæðið. Hreyfir hann því jafnframt í greinargerðinni, að grunur leiki á, að stefnanda sé þar sjálfan um að saka, og áskilur sér rétt til að færa sönnur að þeim grun.

Stefndi hefur á engan hátt fært rök að því, að stefnandi hafi átt hlut að því, að sprengihylkið, sem slysinu olli, eða önnur sams konar voru til staðar á verkstæði stefnda. Veita gögn málsins engar upplýsingar um, hver flutt hefur þessa skaðlegu hluti inn á verkstæðið, en sýnt er, að þeir voru þar starfsmönnum verkstæðisins tiltækir. Í málinu hefur ekki tekizt að afla sams konar sprengihylkis og hér ræðir um. Voru þó rannsóknarlögreglunni þegar eftir slysið fengin til vörzlu þau hylki, sem á verkstæðinu fundust, en þeim hafði verið kastað á glæ, er til átti að taka. Aftur á móti lét rannsóknarlögregluþjónn sá, er slysið rannsakaði á sínum tíma, smíða eftirlíkingu slíks sprengihylkis, en nákvæma lýsingu á hylkinu var að finna í skýrslu hans frá rannsókninni. Hefur ekki verið dregið í efa, að eftirlíkingin sé hinum raunverulegu sprengihylkjum nákvæmlega hliðstæð í útliti. Þá hefur til samanburðar verið lögð fram í málinu höggpípa af venjulegri gerð.

Það er álit dómenda, að sá, er hefur í höndum umrædd sprengihylki, hafi ekki ástæðu til að ætla, að um sé að tefla skaðvæna hluti. Að vísu eru þau allfrábrugðin venjulegum höggpípum, en vel sýnist mega nota þau í þeirra stað, ef svo ber undir, þótt ending þeirra sé að vísu hverfandi lítil. Maður sá, er stefnandi hafði verið til aðstoðar, áður en slysið varð, Egill Jónsson bifvélavirki, hafði og tekið við einu hylki úr höndum stefnanda og notað í stað höggpípu án þess að hreyfa neinum athugasemdum. Með framangreind atriði í huga verður það ekki metið stefn-

anda til sakar, að hann handfjallaði sprengihylkið á þann hátt, sem lýst hefur verið. Máttu starfsmenn verkstæðisins og þá hann einnig, sbr. það, er áður sagði um réttarstöðu hans, treysta því, að svo stórháskalegir hlutir væru ekki starfsmönnum tiltækir innan um áhöld verkstæðisins. Hver að þessu stóð, er ekki vitað, en gera verður ráð fyrir, að það hafi verið einhver af þáverandi eða þá fyrrverandi starfsmönnum verkstæðisins. Á þessu gáleysi og afleiðingum þess, heilsutjóni stefnanda, verður stefndi, eigandi og umráðamaður verkstæðisins, að bera fébótaábyrgð gagnvart stefnanda. Rök eru engin til að takmarka þá ábyrgð.

Fjárhæð kröfu sinnar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkutjón	kr.	168.968.00
2. Óþægindi, þjáningar og lýti	—	50.000.00
	Kr.	218.968.00
Þar frá dragast bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, dagpeningar og örorkubætur	—	27.518.08
	Kr.	191.449.92

Um 1.

Stefnandi var fluttur í Landspítalann þegar eftir slysið, þar sem gert var að sárum hans. Mun hann hafa verið talinn fær til léttrar vinnu í byrjun ágúst 1951. Hinn 19. desember 1957 var örorka stefnanda af völdum slyssins metin af Bergþóri Smára. Í örorkumatinu, sem dagsett er sama dag, segir á þessa leið:

Hægri hönd: Mestur hluti fremri kögguls á þumalfingri hefur verið numinn brott. Á vísifingri hefur verið numinn brott fremsti köggull og rúmlega ⅔ hlutar miðkögguls. Langatöng: Fremsti köggull hefur verið numinn brott. Örin eru vel gróin og hreyfingar í fingurliðum eftir atvikum eðlilegar.

Örorka slasaða af völdum nefnds slyss telst hæfilega metin, svo sem hér segir:

Frá slysdegi (17. apríl '51) til 30/6 '51	100%
Frá 1. júlí '51 — 31. júlí '51	70%
Frá 1. ágúst '51 — 30. sept. '51	40%
og varanleg örorka	26%

Stefnandi var 23 ára gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi, fæddur 13. júlí 1927. Samkvæmt staðfestum afritum af skattaframtölum hans hafa atvinnutekjur hans á tímabilinu 1948—'58 verið, sem hér segir: Árið 1948 kr. 21.321.93, árið 1949 kr. 17.-

284.52, árið 1950 kr. 11.677.67, árið 1951 (árið, sem hann slasaðist) kr. 13.269.00, árið 1953 kr. 24.600.00, árið 1955 kr. 32.182.32, árið 1956 kr. 46.831.56, árið 1957 kr. 47.122.76 og árið 1958 kr. 51.668.76.

Hinn 17. janúar 1958 var áætlað atvinnutjón stefnanda á grundvelli framangreinds örorkumats reiknað út af Guðjóni Hansen cand. act. Byggir hann útreikninginn á atvinnutekjum stefnanda næstu þrjú árin fyrir slysið, sem hann umreiknar til kauplags á slysdegi og fram til þess dags, er útreikningurinn er gerður, í hlutfalli við breytingar á tímakaupi Dagsbrúnar, að viðbættu orlofsfé. Hann gerir ráð fyrir, að aukning orlofsfjár valdi hækkun árstekna í stað lengra sumarleyfis, þegar vinnutekjur eru svo lágar sem hér. Niðurstaða útreikningsins er sú, að verðmæti atvinnutjónsins nemi:

a) vegna tímabundinnar örorku .. kr. 7.219.00
b) vegna frambúðarörorku ..... — 125.912.00

Kr. 133.151.00

Reiknað er með 6% ársvöxtum og langlífi karla á tímabilinu 1941—'50 samkvæmt hérlendri reynslu.

Í lok útreikningsins getur tryggingafræðingurinn þess, að væri reiknað með Dagsbrúnarkaupi, 48 stunda vinnuviku og 48 vinnuvikum á ári auk orlofsfjár, hefði niðurstaða útreikningsins orðið 26.9% hærri en að framan greinir, eða kr. 168.968.00, sem er krafa stefnanda samkvæmt þessum lið.

Hinn 21. september 1960 endurskoðaði Guðjón Hansen framangreindan útreikning sinn með tilliti til breytinga, er orðið hafa á kauplagi, frá því útreikningur þessi var gerður. Breytingar þessar hafa nokkrar orðið á tímabilinu. Að sjálfsögðu hafa þær engin áhrif á a-lið fyrri útreiknings, en b-liður hans hækkar í kr. 134.484.00. Hækkar samkvæmt því niðurstaða fyrri útreiknings í kr. 141.703.00. Miðað við almennan Dagsbrúnartaxta, svo sem gert var í niðurlagi fyrri útreiknings, myndi niðurstaðan nú hafa orðið kr. 179.826.00.

Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þessa kröfuliðar sem allt of hárri. Telur hann, að ekki komi til mála að miða áætlað atvinnutjón hans af völdum slyssins við hærri laun en hann hafði síðustu árin fyrir slysið.

Eftir atvikum þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 90.000.00. Hafa þá verið dregnar frá þær greiðslur, sem hann samkvæmt því, er áður var fram komið, hefur

fengið frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, samtals kr. 27.518.08.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þessa kröfuliðar sem allt of hárri.

Þegar virt eru meiðsli stefnanda af völdum slyssins og afleiðingar þeirra, þykir hæfilegt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 20.000.00.

Samkvæmt framanskráðu telst tjón stefnanda af völdum umrædds slyss nema alls kr. 110.000.00. Þá fjárhæð verður stefndi dæmdur til að greiða honum ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 13.000.00. Er þar með talinn útlagður kostnaður stefnanda vegna málsins, sem óvefengdur er af stefnda, en hann nemur alls kr. 1.286.00 (fyrir örorkumat kr. 346.00, fyrir útreikning tjóns kr. 850.00 og fyrir endurrit skattframtala kr. 90.00).

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm. Með honum í dóminum sátu Sigurgestur Guðjónsson bifvélavirki og Þorsteinn Loftsson vélfræðiráðunautur.

Dómsorð:

Stefndi, Hrafn Jónsson, greiði stefnanda, Guðmundi Óskari Guðmundssyni, kr. 110.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. marz 1958 til greiðludags og kr. 13.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. nóvember 1961.

Nr. 185/1960. **Ingibjörg Magnúsdóttir**
(Sigurður Ólason hrl.)
Ingibjörn Þ. Jónsson og
Árni Jónsson (Magnús Thorlacius hrl.)
Einar Magnússon,
Ari Einarsson,
Dánarbú Egils Pálssonar og
Dánarbú Guðmundar Eyjólfssonar
(Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Miðnesi h/f og skilanefnd Garðs h/f
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
Árna Magnússyni og Berent Magnússyni
(Kristján Guðlaugsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Ármann Snævarr.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi Ingibjörg Magnúsdóttir, eigandi Syðri-Flankastaða, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1960 og krafizt, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og landamerki milli Sandgerðis og Syðri- og Efri-Flankastaða verði ákveðin úr svokallaðri Magnúsarvörðu vestan þjóðvegar og í stefnu 112.5° frá hánorðri (réttvísandi norðri) allt austur að hreppamörkum, og svo að gagnáfrýjendum Miðnesi h/f og skilanefnd Garðs h/f verði dæmt að greiða henni óskipt allan kostnað af landamerkjadóminum og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur Ingibjörn Þ. Jónsson og Árni Jónsson, Efri-Flankastöðum, hafa áfrýjað málinu með stefnu 1. nóvember 1960 og gert þær dómkröfur, að framangreind landamerki

verði ákveðin frá Magnúsarvörðu í austur landsuður að landamerkjum Rosmhvalanesshrepps eftir línunni: „Rétt ASA (FR. ÓL.)“ á hdskj. 35 og að gagnáfrýjendum Miðnesi h/f og skilanefnd Garðs h/f verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir landamerkjadómi og Hæstarétti.

Aðaláfrýjendurnir Einar Magnússon, Klöpp, Ari Einarsson, Klöpp, Einar Egilsson, Gunnarsbraut 30, Reykjavík, vegna dánarbús Egils Pálssonar, Norður-Flankastöðum, og Guðrún Ólafsdóttir, Arnarbæli, vegna dánarbús Guðmundar Eyjólfssonar, Arnarbæli, hafa áfrýjað málinu með stefndu 26. nóvember 1960 og krafizt þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið, þeim dæmd sýkna og gagnáfrýjendum, Miðnesi h/f, skilanefnd Garðs h/f, Árna Magnússyni, Landakoti, og Berent Magnússyni, Krókskoti, verði dæmt óskipt að greiða þeim málskostnað fyrir landamerkjadómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjendurnir Miðnes h/f og skilanefnd Garðs h/f hafa áfrýjað málinu með stefnu 23. nóvember 1960 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru en því, að aðaláfrýjendur, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ingibjörn Þ. Jónsson, Árni Jónsson, Einar Magnússon, Ari Einarsson, dánarbú Egils Pálssonar og dánarbú Guðmundar Eyjólfssonar, verði dæmdir til þess óskipt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur Árni Magnússon, Landakoti, og Berent Magnússon, Krókskoti, hafa áfrýjað málinu með stefnu 2. desember 1960 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru en því, að aðaláfrýjendur, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ingibjörn Þ. Jónsson, Árni Jónsson, Einar Magnússon, Ari Einarsson, dánarbú Egils Pálssonar og dánarbú Guðmundar Eyjólfssonar, verði dæmdir til þess óskipt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, ber landamerkjabréfi Sandgerðistorfu frá 13. júní 1889 og landamerkjabréfi Syðri-Flankastaða frá 17. júní 1889 saman um merkin milli jarðanna frá marki á klöpp neðan til við marbakka um merktan stein á marbakka, eftir skurði að æðarvarpstjörn, þaðan sjónhending að merktri hellu fyrir austan tjörnina og þaðan

í svonefnda Magnúsarvörðu, og er enginn ágreiningur um merkin að Magnúsarvörðu. Um merkin frá Magnúsarvörðu segir í landamerkjabréfi Sandgerðis: „Þaðan sem sama sjónhending ræður til austurlandsuður að landamerkjum Rosmhvalanesshrepps“, en í Flankastaðabréfinu segir einungis um merkin frá Magnúsarvörðu: „þaðan í austurlandsuður að landamerkjum Rosmhvalanesshrepps“. Landamerkjabréf Sandgerðisjarða greinir landamerkin, svo sem tíðkanlegt hefur verið, sem línu um tiltekin kennileiti og framhald þeirrar línu, unz hún sker merkjalínu þá, sem hún er dregin til. Landamerkjalínan liggur að vísu til austurs, en hún er dregin eftir hinum tilgreindu kennileitum og sem sjónhendingarlína frá þeim, en eigi til „austurlandsuður“, eins og segir í bréfinu, en þetta getur eigi haggað því, að landamerkjalínan er skilmerkilega dregin, miðað við kennileiti, enda getur áttataknan bréfsins stafað af rangri áttaskynjan.

Tilgreining landamerkjabréfs Suður-Flankastaða er ófullkomin á merkjunum frá Magnúsarvörðu, þar sem einungis er greind áttin, en eigi kennileiti, er marki landamerkjalínuna. Verður því að leggja til grundvallar ákvæði landamerkjabréfs Sandgerðisjarða um ákvörðun landamerkjalínunnar eftir kennileitum, enda hefur gildi landamerkjabréfs þessa eigi verið hrundið.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var hinn 29. apríl 1957 sætzt á landamerki milli Suður- og Efri-Flankastaða og Norður-Flankastaða, Klappar og Arnarbælis. Samkvæmt merkjaákvörðun þessari lendir heiðarskiki, sem samkvæmt landamerkjabréfi Sandgerðisjarða telst til þeirra jarða, innan lands Klappar. Hvorttveggja er, að landamerkjaákvörðunin frá 29. apríl 1957 bindur eigi gagnáfrýjendur, sem hafa mótmælt henni, og landamerki Klappar og Suður-Flankastaða eru eigi það glögg, hvorki eftir landamerkjabréfi Suður-Flankastaða né landamerkjabréfi Klappar frá 17. júní 1889, að þau fái hrundið ákvæðum landamerkjabréfs Sandgerðisjarða.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. okt. 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 4. október s.l., er höfðað hér fyrir landamerkjadóminum með stefnu, útgefinni 24. nóvember 1958, af Ingibjörgu Magnúsdóttur, eiganda Syðri-Flankastaða í Miðneshreppi, gegn eigendum Sandgerðislandareignar, Ólafi Jónssyni framkvæmdastjóra f. h. Miðness h/f og Tryggva Ólafssyni framkvæmdastjóra f. h. Garðs h/f.

Dómkröfur stefnanda voru í byrjun þær, að landamerkjalína milli téðra jarða yrði ákveðin í stefnu 112.5° frá réttvísandi norðri frá Magnúsarvörðu og austur að hreppamörkum. Jafnframt svonefnt radarland varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, miðað við þær merkjalínur, sem ákveðnar kynnu að verða, og áskilinn réttur til að endurkrefja eigendur Sandgerðislands um oftekna leigu fyrir undanfarin ár og eftir atvikum ríkissjóð jafnframt. Frá fjárkröfum þessum var fallið undir rekstri málsins, þar sem úrskurður um þær heyrir ekki undir landamerkjadóm, en að öðru leyti eru kröfurnar óbreyttar.

Við þingfestingu málsins 16. desember 1958 gengu inn í það við hlið stefnanda Ingibjörn Þ. Jónsson og Árni Jónsson, eigendur og ábúendur Efri-Flankastaða, en þessar jarðir eiga saman óskipt útland.

Með gagnstefnu, útgefinni 4. maí 1959, stefndu Miðnes h/f og Garður h/f stefnendum í aðalsök og stefndu auk þess inn í málið Agli Pálssyni, eiganda og ábúanda Norður-Flankastaða, þeim Einari Magnússyni og Ara Einarssyni, eigendum og ábúendum Klappar, og Guðmundi Eyjólfssyni, eiganda og ábúanda Arnarbælis, þar sem þeir síðarnefndu gera tilkall til réttinda í Sandgerðislandi, eins og segir í stefnu. Í stað Egils Pálssonar hefur nú komið dánarbú hans. Í aðalsök krefjast gagnstefnendur sýknu, en í gagnsök, að merkjadómur dæmi, að mörk Sandgerðis og Flankastaðajarða séu á klöpp neðan til við marbakka, þaðan að merktum steini á marbakka, þaðan eftir skurði, sem

liggur að æðarvarpstjörninni, þaðan sjónhending að merktri hellu fyrir austan tjörnina, þaðan sjónhending að vörðu, er nefnist Magnúsarvarða, þaðan sem sama sjónhending ræður allt að hinum fornu mörkum Rosmhvalaneshrepps.

Í þinghaldi 27. maí 1960 gengu inn í málið þeir Árni Magnússon, Landakoti, og Berent Magnússon, Krókskoti, en jarðir þeirra eru hluti úr landi jarðarinnar Sandgerðis, og telja þeir sig eiga hlutdeild í óskiptu heiðalandi Sandgerðistorfunnar. Eru dómkröfur þeirra hinar sömu og Miðness h/f og Garðs h/f.

Af hálfu dánarbús Egils Pálssonar, Guðmundar Eyjólfssonar, Einars Magnússonar og Ara Einarssonar er krafizt sýknu af kröfum gagnstefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra og Árna og Berents Magnússona.

Málskostnaðarkröfur aðilja eru að öðru leyti sem hér segir: Stefnendur í aðalsök beina málskostnaðarkröfum sínum að Miðnesi h/f og Garði h/f, en stefndu krefjast málskostnaðar úr hendi þeirra í aðalsök og gagnsök, og gera auk þess kröfu til málskostnaðar í gagnsök úr hendi dánarbús Egils Pálssonar, Einars Magnússonar, Ara Einarssonar og Guðmundar Eyjólfssonar eftir mati landamerkjadómsins.

I.

Mál þetta hefur verið rekið samkvæmt II. kafla landamerkjalaga nr. 41/1919. Var gengið á merki með aðiljum 21. september 1959 og aftur 27. maí 1960, en þá var málið flutt og tekið til dóms sama dag. Eftir dómtöku málsins hlutaðist landamerkjadómurinn til um öflun frekari upplýsinga, einkum að því er varðaði landamerki annarra jarða í Miðneshreppi, og var málinu frestað á meðan. Það var síðan dómtekið á nýjan leik 4. október s.l., eftir að aðiljar höfðu reifað mál sitt að nýju.

II.

1. Landamerki þau, sem um er deilt í máli þessu, eru heiðamörk milli Syðri-Flankastaða og Efri-Flankastaða í Miðneshreppi annars vegar og Sandgerðisjarða í sama hreppi hins vegar. Dómkröfur sínar byggja eigendur Flankastaða á landamerkjabréfi fyrir jörðina Suður-Flankastaði, dags. 17. júní 1889. Bréf þetta er þinglesið á manntalsþingi fyrir Miðneshrepp á Skaga 18. júní 1889. Þar segir svo um hin umdeildu mörk: „Fjöru- og heiðamörk, að sunnan á klöpp neðan til við marbakka er mark, þaðan liggja mörkin að merktum steini á marbakka, þá eftir skurði,

er liggur að æðarvarpstjörninni fyrir sunnan „Varp-Hólma" jarðarinnar. Þaðan sjónhending að merktri hellu fyrir austan áminnstan skurð, þaðan að Magnúsarvörðu, þaðan í austur landsuður að landamerkjum Rosmhvalaneshrepps ....". Umráðandi jarðarinnar er í bréfi þessu talinn Helgi Sigurðsson, Kirkjuvogi, en eigandi madm. Halldóra Brynjólfsdóttir Sívertsen í Kirkjuvogi. Samþykka merkjalýsingu þessari tjá sig „eigendur í kringum liggjandi jarða". Fyrir jörðina Norður-Flankastaði, M. B. Stefánsson, Klöpp, Einar Sveinbjarnarson og Svb. Þórðarson fyrir jörðina Sandgerði.

Enginn ágreiningur er um merkin frá fjöru að Magnúsarvörðu, en um stefnuna þaðan greinir aðilja mjög á.

Eigendur Suður- og Efri-Flankastaða telja, að áttartáknanir í bréfi Suður-Flankastaða sé algerlega ákvarðandi um stefnu landamerkjanna. Hafa þeir lagt fram vottorð sérfróðra manna, Ágústs Böðvarssonar landmælingamanns, Jóns Eyþórssonar veðurfræðings, Gunnars Bergsteinssonar sjómælingamanns og Péturs Sigurðssonar sjóliðsforingja, er allir skýra áttartáknanina austur landsuður sem stefnu mitt á milli háausturs og suðausturs, eða 112.5° frá hánorðri.

Samkvæmt þessu telja aðalstefnendur, að hin umdeilda merkjalína eigi að brotna um Magnúsarvörðu í stefnu réttvísandi austsuðaustur, sbr. dskj. nr. 35, línuna Rétt ASA, og dskj. 39.

2. Eigendur Sandgerðis, Landakots og Krókskots reisa sínar kröfur á landamerkjabréfi frá 13. júní 1889 fyrir jarðirnar í Sandgerðishverfi. Bréf þetta er þinglesið á sama manntalsþingi og fyrrgreint landamerkjabréf fyrir Suður-Flankastaði eða 18. júní 1889. Þar eru mörk Sandgerðis og Suður-Flankastaða tilgreind svo: „Að norðan á Klöpp neðan til við marbakka er mark, þaðan að merktum steini á marbakka, þaðan eftir skurði, sem liggur að æðarvarpstjörninni, þaðan sjónhending að merktri hellu fyrir austan tjörnina, þaðan sjónhending að vörðu, er nefnist Magnúsarvarða, þaðan sem sama sjónhending ræður til austurlandsuðurs, að landamerkjum Rosmhvalaneshrepps." Eigendur jarðanna eru taldir í bréfinu: Sveinbjörn Þórðarson, Einar Sveinbjarnarson, Jón Sveinbjörnsson, Magnús Eyjólfsson, Helgi Sigurðsson og Chr. Duus. Niðurlag landamerkjabréfsins hljóðar svo: „Framanskrifuðu samþykkir eigendur og umráðamenn til hliðar liggjandi jarða Helgi Sigurðsson, Páll Pálsson.

Fyrir hönd Snorra Snorrasonar

Páll Bergsson, Björn Finnsson.

Fyrir hönd Margrétar Gunnarsson
Þórður J. Thoroddsen.
Fyrir hönd verzlunarhússins H. P. Duus í Keflavík
Jón Gunnarsson . . ."

Eigendur Sandgerðisjarða telja, að áttartáknanir í landamerkjabréfinu séu aðeins til leiðbeiningar um áttina, en tákni ekki nákvæma stefnu. Merkta hellan og Magnúsarvarða séu ágreiningslaus kennimerki, og sé ljóst af orðalaginu „sama sjónhending", að merkin séu bein frá hellunni um Magnúsarvörðu allt að hreppamörkum. Þá telja þeir og landamerkjabréf Sandgerðis gleggra og ýtarlegra, líkur séu fyrir því, að merkin séu bein og að orðin, „sem sama sjónhending ræður" muni hafa fallið niður úr bréfi Suður-Flankastaða, er ætla megi að sé ritað eftir eldra bréfinu. Þá telja þeir og, að miðað hafi verið við seguláttir, en ekki réttar áttir, og hafa lagt fram uppdrátt, sem Friðrik Ólafsson skólastjóri hefur markað inn á segul ASA árið 1889, dskj. nr. 35.

Af hálfu eigenda Flankastaðajarða er því hins vegar haldið fram, að áttirnar hafi verið miðaðar við sólaráttir, að óþarft hafi verið að tilgreina áttina, ef sama sjónhending hefði átt að ráða frá Magnúsarvörðu, að eldra bréfið eigi að víkja fyrir því yngra, að eigandi Suður-Flankastaða hafi ekki samþykkt Sandgerðisbréfið og Helgi Sigurðsson ekki haft umboð frá honum, að eigendur Sandgerðis, Einar Sveinbjörnsson og Þórður Sveinbjörnsson, hafi með samþykki sínu á merkjalýsingu Suður-Flankastaða 17. júní 1889 fallizt á, að merkjalýsing Sandgerðisjarða frá 13. sama mánaðar væri röng, og loks að orðið „sama" í „sama sjónhending" sé innskot uppskrifara.

III.

Þá skulu raktir framburðir vitna og aðilja málsins. Bræðurnir Árni Magnússon, Landakoti, 73 ára, og Berent Magnússon, Krókskoti, 69 ára, bera báðir, að alla þá tíð, er þeir muni, hafi landamerkjalýsing Sandgerðis frá 13. júní 1889 verið talin rétt, og merkin miðuðust við beina línu. Menn þessir hafa alið allan sinn aldur í Miðnesi, og var Árni eigandi og ábúandi Norður-Flankastaða á árunum 1912—1918. Þeir eru báðir aðiljar að máli þessu, og hefur framburði þeirra verið mótmælt.

Vitnið Guðni Jónsson skipstjóri, Breiðabliki, Sandgerði, 54 ára, hefur borið það sama og fyrrgreindir bræður. Vitnið kom þriggja ára gamall að Suður-Flankastöðum og átti þar heima til ársins

1942, er hann seldi Ingibjörgu Magnúsdóttur, aðalstefnanda máls þessa, jörðina og fluttist til Sandgerðis. Hann hafði keypt jörðina að föður sínum látnum 1926 eða 1927. Kveðst hann ekki hafa séð annað landamerkjabréf en það, sem tekið er upp úr dskj. nr. 32, þ. e. Sandgerðisbréfið. Vitnið er skipstjóri á Muninn, GK 342, eign Miðness h/f. Hefur framburði hans verið mótmælt sem röngum og vilhöllum af umboðsmönnum aðalstefnanda.

Vitnið Bergur Sigurðsson verkstjóri, Bæjarskerjum, 43 ára, fluttist til Sandgerðis árið 1940 og hefur verið starfsmaður Miðness h/f síðan 1942, hefur borið, að frá því að hann fyrst fór að þekkja til í Sandgerði, hafi hann ávallt heyrt, að merkin milli Sandgerðis og Suður-Flankastaða væru úr merktri hellu við æðarvarpstjörnina bein lína um Magnúsarvörðu og upp í hreppamörk. Vitnið hefur haft með höndum verkstjórn fyrir Miðnes h/f, m. a. með fiskbreiðslu og skreiðarþurrkun, er farið hefur fram í heiðarlandinu. Framburði þessa vitnis hefur og verið mótmælt á sömu forsendum og vitnisins Guðna.

Hinn 8. september 1953 fóru þeir Zóphónías Pálsson skipulagsstjóri og Benedikt Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður suður í Sandgerði í því skyni að athuga um merki milli Flankastaða og Sandgerðis. Fór athugun þessi fram vegna lands, er varnarliðið taldi sig þurfa undir radarstöð í Miðnesheiði. Fengu þeir Ingibjörn Þ. Jónsson, Efri-Flankastöðum, til þess að sýna sér þau kennileiti, er hann teldi ráða merkjum. Benti hann þeim á vörðu nokkur hundruð metra austan við veginn uppi í heiðinni, er hann kvað vera Magnúsarvörðu. Zóphónías Pálsson mældi síðan stefnu frá stað vestan vegarins, beina línu um þessa Magnúsarvörðu og upp í hreppamörk. Sú lína, sem þannig var dregin, reyndist vera rétt norðan við land það, sem taka átti undir radarstöðina. Kemur hún fram á dskj. nr. 11, 29 og 47.

Vitnið Benedikt Sigurjónsson kveðst hafa haft meðferðis afrit af merkjalýsingu frá 1889, dskj. 17 fremur en dskj. 2, að hann taldi. Hann kveður markalínuna hafa átt að vera úr hellunni í tjarnarvikinu, bein lína um Magnúsarvörðu, og áfram sama sjónhending. Vitnið minnist þess ekki, að nokkuð hafi verið minnzt á, að merkjalínan ætti að liggja í austurlandsuður.

Vitnið Zóphónías Pálsson kveðst við staðsetningu landamerkjanna eingöngu hafa farið eftir tilsögn Ingibjörns, en ekki eftir merkjalýsingunni, sem Benedikt hafði meðferðis.

Vitni þessi voru ýtarlega samprófuð við Ingibjörn Þ. Jónsson, Efri-Flankastöðum, en samræmi náðist ekki í framburði þeirra

og hans. Ingibjörn kannaðist við að hafa sýnt vitnunum Magnúsarvörðu, sem hann þá hélt að væri austan vegarins, en ekki vestan, eins og allir eru nú sammála um. Hins vegar hafi hann ekki sagt, að staðurinn, sem mælingin var gerð frá vestan vegarins, væri í mörkum né að sjónhending réði frá Magnúsarvörðu upp heiðina, en minnti, að hann hefði sagt þeim, að áframhald merkjalínunnar ætti að vera í austur-landsuður.

IV.

1. Hinn 29. apríl 1957 var gengið á merki milli Suður- og Efri-Flankastaða og Norður-Flankastaða, Klappar og Arnarbælis, sem eru í næsta hverfi norðan við fyrst nefndar jarðir. Mörk þau, sem þá voru ákveðin, stefna það mikið til suðurs, að þau skera heiðamörkin milli Sandgerðis og Suður-Flankastaða, sem eigendur Sandgerðis halda fram sem réttum, sbr. línuna A—B á dskj. nr. 35 og línuna Suður-Flankastaðir—Norður-Flankastaðir á dskj. nr. 29.

Efsta merkið frá sjó, sem tilgreint er í landamerkjalýsingu fyrir Klöpp frá 17. júní 1889, er svonefnd Efri-Ósvarða, sbr. dskj. nr. 37. Í bréfi þessu er hliðstætt orðalag og í landamerkjabréfi Sandgerðis, því að þar segir, að „... frá Efri-Ósvörðu eru heiðamörkin, sem sama sjónhending ræður, til austurs að landamerkjum Rosmhvalaneshrepps". Hér er bæði áttartáknan og mið við tvö merki, en í þessu tilviki voru aðiljar sammála um að ákveða merkin eftir sjónhendingarstefnu, en ekki nákvæmari áttartáknan. Eitt mark á Klöpp, LM, fannst ekki, og Ingibjörn Þ. Jónsson og aðra aðilja, sem stóðu að merkjagerð þessari, greindi í byrjun á um staðsetningu Efri-Ósvörðu.

Eigendur Sandgerðis voru ekki tilkvaddir, er mörk þessi voru ákveðin, og hafa þeir mótmælt þeim.

2. Lagður hefur verið fram í málinu uppdráttur af flugvallarsvæðinu við Keflavík, dskj. nr. 47 og 49, er gerður var vegna eignarnáms flugvallarsvæðisins 1944. Á þenna uppdrátt er mörkuð skipting heiðarinnar á svæði þessu milli jarða í Miðneshreppi.

Þá var og Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri fenginn til þess að athuga og setja inn á kort suðurmörk jarða í Kirkjubólshverfi, sem er nyrzta hverfið í Miðneshreppi, dskj. 47 og 48. Í skýrslu um athuganir hans, dskj. nr. 42, kemur fram, að aðeins eitt merki í þessari merkjalínu varð örugglega staðsett, þ. e. mark á klöpp, LM, en um hin tvö, Sóknarskiptavörðu og mark á Klaufaskeri, ríkir nokkur óvissa. Þær upplýsingar, sem aflað hefur verið um

landamerki annarra jarða á þenna hátt, hafa að sjálfsögðu takmarkað gildi, en tala þó sínu máli. Þær sýna, að skipting heiðarinnar á milli hinna einstöku jarða er mjög misjöfn og stefna merkjanna mismunandi. Virðist svo sem landsvæðið utan heimahaga jarðanna hafi ekki verið talið skipta miklu máli fyrr á tímum.

3. Hin umdeildu landamerkjabréf Suður-Flankastaða og Sandgerðis voru bæði þinglesin á sama manntalsþingi 18. júní 1889, eins og fleiri merkjabréf í sama hreppi. Má ætla, að manntalsþing þetta hafi verið vel sótt af búendum, er hagsmuna höfðu að gæta í sambandi við merkjagerð þessa. Ekki verður séð, að neinar athugasemdir hafi komið fram á manntalsþinginu um ósamræmi bréfanna. Það virðist því augljóst, að þau hafa ekki verið talin fara í bága hvort við annað, enda er orðalag þeirra svo líkt, að ætla má, að merkjalýsingarnar séu samdar af sömu mönnunum. Það virðist ekki vera fyrr en nú á síðustu árum, að hafizt er handa um málarekstur þenna, að farið er að skýra bréfin sitt með hvorum hætti.

4. Í málinu hafa komið fram líkur fyrir því, að það hafi verið almenn skoðun þeirra, sem til þekktu, að merkin milli jarðanna væru bein frá merktu hellunni um Magnúsarvörðu og upp í hreppamörk. Af framburði Guðna Jónssonar skipstjóra, sem ekki er við mál þetta riðinn, sézt, að hann leit þannig á.

Framburður vitnanna Benedikts Sigurjónssonar og Zóphóníasar Pálssonar, er fóru beinlínis í þeim tilgangi að kynna sér hin umdeildu mörk, sýnir einnig, að þeir hafa skilið Ingibjörn Þ. Jónsson þannig, að merkjalínan brotnaði ekki um Magnúsarvörðu. Allar líkur benda og til þess, að Ingibjörn Þ. Jónsson hafi vitað um það, í hvaða skyni vitnin voru að spyrjast fyrir um merkin 8. september 1953.

5. Það er alkunn staðreynd, að áttarskynjan manna er mjög ólík, jafnvel hjá þeim, sem búa á sömu slóðum. Það er því ekki sennilegt, að áttartáknan landamerkjabréfanna hafi verið ætlað að tákna nákvæma stefnu, heldur sé hún aðeins til almennrar leiðbeiningar um áttina. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á dæmi þess, að landamerkin hafi verið ákveðin með nákvæmri áttartáknan. Algengast er að miða landamerki við tilgreinda staði eða kennileiti og þá oft talað um sjónhendingu milli merkja og sömu sjónhendingu áfram eða beina línu, þegar merkjum sleppir. Kemur þetta bæði fram í landamerkjabréfi Klappar og Suður-Flankastaða. Það er því algerlega í samræmi við þessa

reglu, sem Sandgerðisbréfið ákveður hin umdeildu merki sem sjónhendingu frá merktu hellunni að Magnúsarvörðu og þaðan sömu sjónhendingu upp í hreppamörk.

Merkjalýsing Sandgerðis frá 13. júní 1889 og merkjalýsing Suður-Flankastaða verða því samkvæmt framansögðu ekki taldar fara í bága hvor við aðra, en þar sem sú fyrrnefnda er gleggri, varðandi það atriði, sem um er deilt, og ákvæði hennar í samræmi við það, sem venjulegt er og eðlilegt verður talið um ákvörðun landamerkja, ber að fara eftir henni. Merkta hellan og Magnúsarvarða eru, eins og áður greinir, þekkt og óumdeild merki.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða máls þessa sú, að taka ber til greina kröfur eigenda Sandgerðisjarða og staðfesta landamerkjalýsingu Sandgerðis frá 13. júní 1889, að því er varðar merki milli Sandgerðis og Suður-Flankastaða. Landamerkin á þrætusvæðinu séu bein lína úr merktri hellu fyrir austan tjörnina og sama stefna um Magnúsarvörðu og upp í hreppamörk.

Eftir atvikum þykir rétt, að eigendur Sandgerðisjarða, Miðnes h/f og Garður h/f, og eigendur Suður- og Efri-Flankastaða, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ingibjörn og Árni Jónssynir, greiði kostnað málsins, kr. 2950.00, og þóknun til dómenda, kr. 7.500.00, að hálfu hvor, en málskostnaður falli niður að öðru leyti.

Dóm þenna kvað upp meirihluti landamerkjadómsins, Jón Finnsson og Einar Halldórsson.

Því dæmist rétt vera:

Landamerkjalýsing Sandgerðis frá 13. júní 1889 um merki milli Sandgerðis og Suður-Flankastaða staðfestist. Merkin á þrætusvæðinu eru bein lína úr merktri hellu fyrir austan tjörnina og sama stefna um Magnúsarvörðu og upp í hreppamörk.

Eigendur Sandgerðis, Miðnes h/f og Garður h/f, og eigendur Suður- og Efri-Flankastaða, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ingibjörn Þ. Jónsson og Árni Jónsson, greiði kostnað málsins, kr. 2950.00, og þóknun til dómenda, kr. 7.500.00, að hálfu hvor, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Guðmanns Magnússonar samdómanda.

Þær upplýsingar, sem aflað hefur verið í málinu um heiðamörk jarða í Miðneshreppi, sýna, að flestar merkjalínurnar

stefna nokkuð í suður, en mismunandi mikið. Undantekningar eru þar syðstu merkin, milli Hvalsness og Stafness, auk merkja þeirra, sem eigendur Sandgerðis halda fram.

Í merkjalínuna milli Suður- og Efri-Flankastaða og Norður-Flankastaða, Klappar og Arnarbælis, eins og hún var ákveðin við áreið þessara aðilja 29. apríl 1957, vantar að vísu merkta klöpp, en ekki eru miklar líkur til, að hún myndi breyta miklu, þótt hún fyndist, þar sem hún virðist samkvæmt landamerkjabréfi Klappar eiga að vera í sjónhendingarlínu milli tveggja staða, sem fyrrgreindir aðiljar eru sammála um. Þá er stefna suðurmarka Kirkjubólshverfisjarða, eins og þau voru staðsett af Sigurgeir Guðmundssyni, dskj. nr. 48, 0.98° og 103° frá réttvísandi norðri.

Séu þannig norðurmörk Suður- og Efri-Flankastaða nærri réttu lagi og krafa eigenda Sandgerðis yrði tekin til greina, myndi af því leiða, að land fyrrnefndra jarða næði ekki upp í hreppamörk, en það fengi að mínum dómi ekki staðizt. Jafnvel þótt fyrrnefnd merki milli Klappar og Flankastaðajarða reyndust við frekari athugun vera eitthvað norðan við þau mörk, sem eigendur Sandgerðis halda fram sem réttum, myndi útland Suður- og Efri-Flankastaða verða óeðlilega lítið, samanborið við útland Sandgerðisjarða og annarra jarða í Miðneshreppi. Þar sem landamerkjabréf Sandgerðis og Suður-Flankastaða eru ekki samhljóða um stefnu merkjanna frá Magnúsarvörðu, og ekki verður úr því skorið nú, hvernig þeir, sem bréfin sömdu, hefðu brugðizt við, ef þeim hefði verið þetta ósamræmi ljóst, þá tel ég, að ákveða beri merkin þannig, að hlutdeild Suður- og Efri-Flankastaða í heiðarlandinu verði í sem mestu samræmi við hlut Sandgerðisjarða, miðað við hundraðatal.

Samkvæmt þessu ber að ákveða hin umdeildu merki í austur landsuður frá Magnúsarvörðu eða í stefnu 112.5° frá réttvísandi norðri frá Magnúsarvörðu og upp í hreppamörk. Ég er sammála meirihluta dómsins um málskostnaðarákvæði og þóknun til dómenda.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Landamerki á hinu umdeilda svæði eru frá Magnúsarvörðu í austur landsuður eða í stefnu 112.5° frá réttvísandi norðri upp í hreppamörk. Eigendur Sandgerðis, Miðnes h/f og Garður h/f, og eigendur Suður- og Efri-Flankastaða, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ingibjörn Þ. Jónsson og Árni Jónsson, greiði kostnað málsins, kr. 2.950.00, og þóknun til dómenda, kr. 7.500.00, að hálfu hvor.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvember 1961.

Nr. 164/1960. **Hersteinn Pálsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Osta- og smjörsölunni s/f og gagnsök
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1960. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 13. október 1960. Eru kröfur hans þessar: 1. Að ummæli þau, sem í stefnu til héraðsdóms greinir, verði ómerkt. 2. Að aðaláfrýjanda verði dæmd þyngsta refsing, sem lög leyfa, fyrir ummælin. 3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt skylt að birta dóm Hæstaréttar ásamt forsendum hins áfrýjaða dóms í fyrsta eða öðru tölublaði „Vísis", sem út kemur eftir birtingu dómsins fyrir aðaláfrýjanda. 4. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hin umstefndu ummæli, lesin í samhengi, gefa til kynna misferli af hálfu gagnáfrýjanda um meðferð á vöru þeirri, sem hann hafði til sölu. Hefur aðdróttun þessi ekki verið réttlætt, og varðar hún við 235. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu, ómerkingu ummæla og greiðslu málskostnaðar í héraði, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Þá ber og að staðfesta

ákvæði héraðsdóms um, að aðaláfrýjanda sé skylt að birta forsendur hans. Svo skal aðaláfrýjanda og skylt að birta forsendur og niðurstöðu dóms Hæstaréttar samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956. Skal birting fara fram í fyrsta eða öðru tölublaði „Vísis", sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu, ómerkingu ummæla og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjanda, Hersteini Pálssyni, skal skylt að birta forsendur héraðsdóms og forsendur og niðurstöðu dóms Hæstaréttar í 1. eða 2. tölublaði „Vísis", sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, Osta- og smjörsölunni s/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. f. m., hefur Osta- og smjörsalan s/f, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. apríl 1959, gegn Hersteini Pálssyni ritstjóra, Úthlíð 8, hér í borg, vegna ummæla, sem birtust í dagblaðinu Vísi 10. apríl 1959, 79. tbl., 49. árg.

Eftirfarandi ummæli, sem eru tvídálka fyrirsögn í forsíðugrein nefnds tölublaðs, telur stefnandi ærumeiðandi fyrir sig: „Enn eitt hneykslið. Vatni blandað í „gæðasmjör"! Engar reglur til um mat."

Telur stefnandi ummæli þessi varða við 234., 235., 236. og 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 71 7. maí 1928.

Dómkröfur stefnanda eru þær,
að hin tilteknu ummæli verði dæmd dauð og ómerk;
að stefndi verði sem ábyrgðarmaður blaðsins dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa;
að stefndi verði með dómi skyldaður til þess að birta í dagblaðinu Vísi, að viðlögðum dagsektum, greinargerð um úrslit málsins, sbr. 11. gr. tilskipunar frá 9. maí 1855, eins og henni hefur verið breytt með 3. gr. laga nr. 105/1954;
að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað.

Stefnandi telur áðurgreind ummæli villandi, tilhæfulaus með öllu og mjög ærumeiðandi fyrir sig. Í ummælunum felist aðdróttun um það, að stefnandi hafi að tvennu leyti gerzt sekur um hneykslanlegt athæfi:

1. Með því að blanda vatni í smjör.
2. Með því að fara ekki eftir neinum reglum í sambandi við mat og flokkun á smjöri.

Það sé að vísu rétt, að það hafi komið fyrir einu sinni, að stefnandi hafi þurft að samræma vatnsinnihald smjörsendingar. Hins vegar fari því fjarri, að þar sé um neitt hneyksli að ræða. Rétt vatnsmagn í smjöri sé þýðingarmikið atriði í framleiðslu þess, og lokastigið í framleiðslu smjörs sé jafnan að ákvarða vatnsmagnið í því. Umrædd aðdróttun sé þeim mun ámælisverðari, er þess sé gætt, að viðurkennt sé í greininni sjálfri, að vatnsmagnið í umræddri smjörsendingu hafi við sölu hennar verið minna en heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur áskilur. Samkvæmt ákvæðum nefndrar heilbrigðissamþykktar megi vatnsmagn í söltuðu smjöri vera allt að 16%, en það sé einmitt sú hundraðstala, sem helztu framleiðendur smjörs til sölu á heimsmarkaðinum leitist við að hafa í sinni framleiðslu. Flokkun á mjólkurbússmjöri og sala nokkurs hluta þess á lægra verði sé alger nýjung hér á landi, og hafi því ekki enn verið settar um það efni fastar reglur. Framleiðsluráð landbúnaðarins að tilhlutun landbúnaðarráðherra hafi hins vegar fyrir nokkru skipað nefnd til þess að semja frumvarp að slíkum reglum. Þetta þýði þó alls ekki það, að flokkun og mat smjörsins hafi farið fram af einhverju handahófi. Stefnandi hafi frá upphafi starfsemi sinnar haft viðurkenndan norskan sérfræðing, Jakob Vikse, í þjónustu sinni, og reyndar

fyrst í stað einnig annan norskan sérfræðing með honum, til þess að koma matinu á og hafa yfirstjórn þess með höndum. Farið hafi verið eftir reglum, sem beitt hafi verið á hinum Norðurlöndunum um langt skeið, en þar hafi smjörframleiðslan þótt standa á einna hæstu stigi. Af þessu megi glögglega sjá, að það sé óviðurkvæmilegt og villandi að gefa í skyn sem hneykslunarefni, að stefnandi hafi ekki farið eftir neinum reglum um flokkun og mat á smjöri. Umræddar aðdróttanir séu að sjálfsögðu mjög til þess fallnar að valda stefnanda, sem nýlega hefur hafið starfsemi sína, verulegu tjóni, enda þótt upphæð þess verði ekki tölulega sönnuð. En þar sem íslenzkum lagaákvæðum sé þannig háttað, að dómkröfur um bætur fyrir fjártjón eða miskabætur úr hendi stefnda til handa stefnanda myndu ekki ná fram að ganga, sbr. 2. gr. laga nr. 71 7. maí 1928 og 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, séu slíkar kröfur ekki hafðar uppi í máli þessu. Hins vegar virðist einsætt, að taka eigi tillit til þessa við ákvörðun refsingar stefnda.

Sýknukröfu sinni til stuðnings hefur stefndi bent á, að viðurkennt sé af stefnanda, að stefnandi hafi látið blanda vatni í smjör. Stefnandi hafi sem vörudreifandi ekki haft neina heimild til að blanda vatni í smjörið. Þar hafi hann tekið sér vald, sem hann hafi ekki haft, enda sé opinberlega skráð í firmaskránni, að tilgangur stefnanda sé að annast á umboðsgrundvelli sölu og dreifingu á hvers kyns mjólkurafurðum. Það sé rangt og alveg ósannað, að smjörið hafi batnað eitthvað við það, að vatni var í það bætt. Á hitt sé hins vegar að líta, að með því að bæta vatninu í hafi magn smjörsins að sjálfsögðu aukizt, svo að raunverulega hafi stefnandi selt meira magn en ætla megi, að framleiðandinn hafi skuldfært hann fyrir. Í öðru lagi heldur stefndi því fram, að engar fastar reglur hafi verið settar af stjórn stefnanda um gæðamat. Gæðamat þekkist hvergi, nema settar hafi verið fastar reglur um framkvæmd þess. Þegar þess sé gætt, að smjörið sé nefnt gæðasmjör, en engar reglur til um gæðamat smjörsins, þá virðist vera full ástæða til að nota orðið hneyksli í þessu sambandi. Því sé algerlega mótmælt, að nokkuð sé leggjandi upp úr skýrslu starfsmannsins Jakobs Vikse, og ósannað sé, að hann sé nokkur sérfræðingur um gæðamat mjólkurafurða. Það sanna í málinu sé, að Jakob Vikse hafi eftirlitslaust unnið að einhvers konar mati, sem hann hafi því haft sjálfdæmi í. Að lokum hefur stefndi á það bent, að fram að því að stefnandi fór að dreifa mjöri hér í borginni, hafi dreifing þess

verið frjáls og framleiðenda getið á umbúðunum. Stefnandi hafi hins vegar dreift smjörinu án þess að geta framleiðslustaðar. Með því að bæta vatni í smjör, sem flutt var til borgarinnar, hafi vatnsmagn smjörsins, sem hér var selt, verið meira en sams konar smjörs, sem selt var af sömu framleiðslu í framleiðsluhéraðinu. Umrædd blaðagrein sé því réttlætanleg á þeim grundvelli, að gagnrýni hafi verið nauðsynleg til aðhalds fyrir hinn eina aðilja, sem þá fór að dreifa smjöri í borginni. I þessu sambandi hefur stefndi bent á, að ákæruvaldið hafi séð ástæðu til að ákæra stjórn stefnanda, m. a. fyrir að stefnandi auðkenndi smjör, sem fyrirtækið sá um pökkun, geymslu og dreifingu á og talið hafi verið fyrsta flokks, með orðinu „gæðasmjör", þótt engar opinberar reglur hafi verið til um mat á smjöri, svo og fyrir að pakka öllu slíku smjöri inn í sams konar umbúðir án þess að geta um framleiðanda smjörsins.

Lögð hafa verið fram ýmis skjöl í framangreindu máli, er ákæruvaldið höfðaði gegn stjórnendum stefnanda, en því máli lauk þannig í Hæstarétti, að ákærunni var vísað frá héraðsdómi sakir ágalla hennar.

Í réttarhaldi í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur þann 8. apríl 1959 gaf Sigurður Benediktsson, framkvæmdastjóri stefnanda, skýrslu, þar segir m. a.: „Aðspurður segir mætti, að stjórn Osta- og smjörsölunnar s/f hafi ekki samið ákveðnar reglur til flokkunar smjörsins eftir gæðum. Hins vegar hafi stjórnin í þjónustu sinni norskan sérfræðing, sem stjórnar gæðamati fyrirtækisins, og vinni hann að því að koma gæðamatsreglum í fast form, að norskri fyrirmynd, í samvinnu við mjólkurbússtjórana." Í þinghaldi þann 13. apríl 1959 skýrði stjórnarmaður stefnanda, Helgi Pétursson, m. a. svo frá fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur: „Þá segir mætti, að stjórn Osta- og smjörsölunnar hafi ekki sett neinar ákveðnar reglur um það, hvaða skilyrði smjörið þurfi að uppfylla til þess að komast í svonefndan gæðaflokk. Segir mætti, að stjórnin hafi fengið erlendan sérfræðing til starfa við gæðamat á smjöri, og annist hann alla stjórn á því mati og setji jafnframt sjálfur þær reglur, sem farið er eftir við matið. Segir mætti, að fyrrnefndur sérfræðingur fari að norskri fyrirmynd um framkvæmd matsins. Segir mætti, að þær reglur hafi ekki verið ræddar á stjórnarfundi Osta- og smjörsölunnar s/f, og ekki kveðst mætti hafa kynnt sér þær til neinnar hlítar." Í sama þinghaldi komu fyrir sjó- og verzlunardóminn aðrir stjórnarmenn stefnanda, þeir Hjalti Pálsson, Stefán Björnsson, Egill G. Thorarensen og Einar

Ólafsson, og skýrðu þeir að mestu efnislega á sama hátt frá og greinir í skýrslu Helga Péturssonar hér að framan. Í sama þinghaldi kom fyrir dóminn Jakob Vikse mjólkurfræðingur, sem áður er getið, og gaf hann m. a. svofellda skýrslu: „Aðspurður kveðst mætti engin bein fyrirmæli hafa fengið frá stjórn Osta- og smjörsölunnar s/f, varðandi framkvæmd gæðamatsins, en hins vegar hafi honum skilizt að fara ætti eftir sömu reglum eins og í Noregi, enda hafi sömu reglum verið fylgt við gæðamatið á smjörinu hér, eins og við útflutningssmjör í Noregi, en það er ósýrt og að áliti mætta smjör svipað íslenzku smjöri."

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, svo og þess, að á þeim tíma, sem hér um ræðir, voru engar opinberar reglur til um gæðamat á smjöri, þykja ekki efni standa til að refsa stefnda samkvæmt áður tilgreindum ákvæðum hegningarlaganna fyrir birtingu á ummælunum: „Engar reglur til um mat". Krafa stefnanda um ómerkingu ummæla þessara verður heldur ekki tekin til greina.

Eins og áður greinir, er viðurkennt af stefnanda hálfu, að það hafi komið fyrir einu sinni, að vatni hafi verið blandað í smjör, sem stefnandi hafði móttekið til dreifingar. Framkvæmdastjóri stefnanda hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þar hafi verið um að ræða 2—3 tonn af smjöri, sem hafi haft lægri vatnsprocentu en heimil sé samkvæmt heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur. Hér fyrir dómi lýsti umboðsmaður stefnanda því yfir, að um hafi verið að ræða ópakkað smjör, sem flutt hafi verið til Reykjavíkur, en sent í Mjólkurbú Flóamanna, og þar hafi vatni verið blandað í það. Með hliðsjón af þessu þykja ekki efni standa til þess að ómerkja né refsa sérstaklega fyrir setninguna „Vatni blandað í „gæðasmjör"."

Er þá næst að líta á fyrstu setninguna í hinum umstefndu ummælum: „Enn eitt hneykslið". Þegar samband þessarar setningar er skoðað með hliðsjón af tveimur síðari setningunum, einkum þó setningunni „Vatni blandað í „gæðasmjör"," sem skráð er með mun stærra og meir áberandi letri en hinar setningarnar, þá verður að telja, að í setningunni felist aðdróttun um misferli hjá stefnanda í meðferð og dreifingu smjörvara þeirra, sem hann sá um dreifingu á. Þeirri staðhæfingu af stefnanda hálfu, að smjör það, sem vatni var blandað í, hafi orðið hæfari verzlunarvara, eftir að vatninu var blandað í það, hefur ekki verið hnekkt. Ummæli þessi ganga því lengra en lögleyfð gagnrýni heimilar. Ber því að ómerkja ummæli þessi samkvæmt 1. mgr. 241. gr. hinna almennu

hegningarlaga nr. 19/1940. Þykja ummælin varða við 235. gr. hegningarlaganna, og þar sem þau hafa ekki verið nægjanlega réttlætt, ber samkvæmt kröfu stefnanda að refsa stefnda sem ábyrgðarmanni blaðsins fyrir birtingu þeirra. Þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin 800.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í fjóra daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í málinu.

Rétt þykir samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 (11. gr. tilskipunar frá 9. maí 1855 og lög nr. 105/1954 hafa verið felld úr gildi) að skylda stefnda til að birta forsendur og niðurstöðu dóms þessa í fyrsta eða öðru tölublaði Vísis, er út kemur eftir birtingu dóms þessa fyrir stefnda.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er eftir atvikum ákveðst kr. 1.200.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur dregizt um venju fram sakir mikilla anna við embættið í sambandi við þingleyfi.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Hersteinn Pálsson, greiði 800.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í fjóra daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefnda er skylt að birta forsendur dóms þessa og niðurstöðu í fyrsta eða öðru tölublaði Vísis, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa fyrir stefnda.

Stefndi greiði stefnanda, Osta- og smjörsölunni s/f, kr. 1.200.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. nóvember 1961.

Nr. 21/1961. **Magnús Gíslason,**
Kristján Egilsson og
Þorsteinn Sigurðsson (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og
gagnsök (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Mál höfðað gegn ófjárráða aðiljum. Dómur og málsmeðferð í héraði því ómerkt sjálfkrafa og málinu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 14. febrúar 1961, og gert eftirfarandi dómkröfur:

Í aðalsök í héraði: Aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans fyrir báðum réttum.

Til vara, að fjárhæðir héraðsdóms verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Í gagnsök í héraði krefjast aðaláfrýjendur þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 32.142.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1958 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 2. marz 1961, og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó svo, að málskostnaður í héraði verði hækkaður að mati réttarins. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Í málinu hefur komið fram, að aðaláfrýjandi Magnús Gíslason er fæddur 30. september 1938, aðaláfrýjandi Kristján Egilsson 5. júlí 1939 og aðaláfrýjandi Þorsteinn Sigurðsson 28. júlí 1940. Þeir voru því allir ófjárráða, er hér-

aðsdómsstefna í aðalsök var gefin út og málið þingfest, og áttu því ekki ráðstöfunarrétt sakarefnis.

Aðaláfrýjandinn Magnús var að vísu orðinn fjárráða vegna aldurs, er héraðsdómur var kveðinn upp, og aðaláfrýjandi Þorsteinn mun þá líka hafa verið orðinn fjárráða sökum hjónabands, en ekki aðaláfrýjandi Kristján Egilsson, sem skrifaður mun hafa verið fyrir bifreiðinni og hafði tryggt hana í sínu nafni hjá gagnáfrýjanda.

Að svo vöxnu máli verður ekki hjá því komizt að ómerkja sjálfkrafa hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjendum málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði aðaláfrýjendum, Magnúsi Gíslasyni, Kristjáni Egilssyni og Þorsteini Sigurðssyni, kr. 4500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 10. desember 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 2. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 10. apríl 1959, birtri 13. s. m., á hendur eigendum bifreiðarinnar V 261, þeim Magnúsi Gíslasyni, Vestmannabraut 60, Kristjáni Egilssyni, Heiðavegi 42, og Þorsteini Sigurðssyni, Vestmannabraut 32, öllum í Vestmannaeyjum, til endurheimtu á greiðslum, er stefnandi innti af hendi sem vátryggjandi bifreiðarinnar V 261.

Gerir aðalstefnandi þær réttarkröfur, að aðalstefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum kr. 14.633.75 með 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til greiðsludags og málskostnað að

skaðlausu eftir mati dómara. Svo krefst hann og viðurkenningar á lögveði í bifreiðinni V 261 fyrir öllum tildæmdum kröfum.

Aðalstefndu krefjast algerrar sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda og einnig, að þeim verði tildæmd úr hans hendi þóknun fyrir þingsókn 9. apríl 1959 auk alls málskostnaðar eftir mati réttarins.

Með stefnu, útgefinni 18. nóvember 1959, birtri 19. s. m., höfðuðu aðalstefndu gagnsök í málinu til heimtu á viðgerðarkostnaði á bifreiðinni V 261, sem var kaskóvátryggð hjá stefnanda. Gerðu gagnstefnendur þær réttarkröfur, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 32.142.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1958 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins. Í lok málsins breyttu gagnstefnendur vaxtakröfu sinni á þá leið, að þeir kröfðust 6% ársvaxta frá 1. nóvember 1958 til 1. marz 1960 og 10% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnstefndi krafðist algerrar sýknunar í gagnsök og gagnstefnendum verði gert að greiða honum málskostnað eftir mati dómarans.

Þann 18. maí 1958, á tólfta tímanum að kvöldi, ók meðstefndi, Magnús Gíslason, bifreiðinni V 261, eign aðalstefndu, upp (suður) Heiðaveg í Vestmannaeyjum. Rétt á undan fór bifreiðin V 170. Báðar bifreiðarnar voru á miklum hraða. Lögreglubifreiðin kom þá austan Hásteinsveg, og er hún kom inn á gatnamótin, þar sem Hásteinsvegur og Heiðavegur skerast, varð bifreiðarstjórinn var við V 170. Snarhemlaði hann þá bifreiðina, en V 170 hægði ekki ferðina, heldur þaut áfram um metra framan við lögreglubifreiðina. Er V 170 var komin fram hjá, gaf bifreiðarstjórinn á lögreglubifreiðinni upp fóthemlana, og seig bifreiðin áfram. Í sama bili sá hann bifreiðina V 261 nálgast á mikilli ferð. Steig hann þá strax á fóthemlana, og nam bifreiðin þegar staðar. Í sömu andrá lenti V 261 á lögreglubifreiðinni hægra megin að framan. V 261 hélt þó áfram ferð sinni, enda sagði meðstefndi, að fát hefði komið á sig við ákeyrsluna, og hafði hann stigið á benzíngjöfina í stað þess að stíga á fóthemlana. Fór bifreiðin í stórum sveigum og með ofsahraða suður Heiðaveginn og sveigði að lokum til vinstri og rakst á steinvegg fyrir framan húsið Heiðaveg 27, braut hann og nam þar staðar.

Sneri hún þá í norðaustur, eða allt að því til sömu áttar, sem hún kom úr. Kvaðst meðstefndi enn hafa stigið á benzíngjöfina, er bifreiðin nam staðar við steinvegginn.

Opinber rannsókn var haldin út af ákeyrslunum og akstri meðstefnda í umrætt sinn. Hann kvaðst ekki hafa komið auga á lögreglubifreiðina, fyrr en hann ók á hana, og hafi sér því ekki gefizt tóm til að hemla. Hann kvaðst þá hafa verið á 30 mílna hraða, en síðan hafi hraðinn aukizt. Á líka lund var framburður þeirra, er með honum voru í bifreiðinni. Önnur vitni, er voru áhorfendur að árekstrinum, töldu hins vegar, að hraðinn hefði verið miklu meiri, og sum þeirra gerðu ráð fyrir, að hraðinn hafi ekki verið undir 80—90 km, miðað við klukkustund. Ökumaður bifreiðarinnar V 170 kvað þá meðstefnda hafa verið í eltingaleik, og hefði meðstefndi verið að reyna að ná honum. Þessu var andmælt af meðstefnda. Að lokinni rannsókn, var opinbert mál höfðað gegn meðstefnda, og með dómi, uppkveðnum 9. nóvember 1959, var hann fundinn sekur um of hraðan og ógætilegan akstur og dæmdur í 2000.00 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum og sviptur ökuréttindum í 2 mánuði.

Bifreið stefndu, V 261, skemmdist mikið við árekstur inn og sérstaklega við ákeyrsluna á steinvegginn. Einnig varð lögreglubifreiðin fyrir talsverðum skemmdum.

Um aðalsök.

Bifreið stefndu var skyldutryggð hjá stefnanda, og varð hann að greiða bætur fyrir tjón, sem hlauzt af akstri bifreiðarinnar í umrætt sinn. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum greiddi hann af þessum sökum eftirfarandi fjárhæðir:

1.	Skemmdir á lögreglubifreiðinni V 1 samkvæmt viðgerðarreikningum	kr. 11.018.75
2.	Skemmdir á steinvegg við Heiðaveg 27 samkvæmt mati	— 2.485.00
3.	Kostnaður við mat	— 250.00
		Kr. 13.753.75

Stefnandi telur, að ökumaður bifreiðarinnar, meðstefndi Magnús Gíslason, hafi valdið tjóninu af ásettu ráði eða a. m. k. með stórkostlegu gáleysi. Beri honum því, svo og sameigendum hans að bifreiðinni, stefndu í máli þessu, að endurgreiða þær fjárhæðir, er stefnandi innti af hendi. Vitnar hann í því sambandi til vátryggingarskilyrða í tryggingarskírteini svo og 25. gr. laga nr. 20/1954 og bifreiðalaga nr. 23/1941, 36. gr., sbr. nú umferðarlög nr. 26/1958, svo og auglýsingar Samgöngumálaráðuneytisins. Auk þess kveður hann stefndu skulda vegna bifreiðarinnar íð-

gjald af ábyrgðartryggingu fyrir tímabilið 1. maí 1958 til 1. maí 1959, er nemi kr. 880.00. Nefndar fjárhæðir, kr. 13.753.75 og kr. 880.00, eða alls kr. 14.633.75, eru stefnukröfur málsins.

Stefndu telja, að um endurkröfurétt tryggingarfélags á hendur eigendum bifreiðar geti ekki verið að ræða, nema því aðeins að allir eigendurnir séu valdir að tjóninu. Af þessari ástæðu sé engin heimild til að krefja alla þrjá meðeigendur að bifreiðinni um endurgreiðslu, þar eð aðeins einn þeirra, stefndi Magnús Gíslason, hafi ekið bifreiðinni og borið ábyrgð á rekstri hennar. Ef um endurkröfurétt væri að ræða, ætti því að beina þeirri kröfu eingöngu að honum. En því væri ekki heldur til að dreifa, að stefnandi ætti endurkröfurétt á hendur Magnúsi Gíslasyni, þar eð akstri hans hafi ekki verið þann veg háttað, að það skapi rétt til endurkröfu. Einnig telja stefndu, að krafa stefnanda til lögveðs í bifreiðinni fái ekki staðizt, þar eð lögveð stofnist ekki fyrir bótakröfu, nema því aðeins að tjónvaldur og eigandi bifreiðarinnar sé einn og sami maður.

Eins og áður getur, var meðstefndi Magnús Gíslason dæmdur til refsingar og ökuleyfissviptingar fyrir akstur sinn í umrætt skipti. Dóminum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar, og ber því að hafa hliðsjón af niðurstöðu hans við úrlausn málsins, er hér liggur fyrir. Samkvæmt 9. grein vátryggingarskilyrða í tryggingarskírteini bifreiðarinnar, áskildi stefnandi sér rétt til að krefjast endurgreiðslu hjá vátryggingartaka eða öðrum vátryggðum, ef þeir hafa valdið tjóninu af ásettu ráði eða með stórkostlegri óvarkárni. Með sömu skilyrðum er tryggingarfélögum bifreiða veittur endurkröfuréttur í 36. gr. laga nr. 23/1941, nú 73. gr. laga nr. 26/1958. Dómsrannsóknin í opinbera málinu gefur til kynna, að umrædd skilyrði eru fyrir hendi, að því er varðar stefnda Magnús Gíslason, og á stefnandi þar af leiðandi endurkröfurétt á hendur honum. En endurkröfurétturinn nær einnig til hinna meðstefndu, sem voru meðeigendur að bifreiðinni og báru í sameiningu fébótaábyrgð gagnvart þeim, sem urðu fyrir tjóni af völdum hennar. Með greiðslu sinni á tjónbótum öðlaðist stefnandi rétt tjónþola til að beina kröfum sínum gegn þeim öllum, fyrst endurkröfuréttur var á annað borð fyrir hendi.

Upphæð endurkröfunnar hefur ekki sætt andmælum, og verður hún því tekin til greina að fullu ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Stefndu hafa ekki sýnt fram á, að tryggingariðgjald bifreiðarinnar fyrir tímabilið 1. maí 1958 til 1. maí 1959 sé greitt. Verð-

ur því krafa stefnanda til iðgjaldsins, kr. 880.00, tekin til greina einnig ásamt vöxtum.

Stefndu hafa í máli þessu krafizt að fá tildæmda þóknun fyrir mót á bæjarþingi Vestmannaeyja 9. apríl 1959, vegna þess að stefnandi hafi stefnt þeim til að mæta þann dag í sama máli, en lét síðan ekki sækja þing, svo að málið var fellt niður. Kröfu þessa er ekki hægt að taka til greina, þar eð stefndu bar að halda henni fram þegar á bæjarþingi 9. apríl, ef þeir vildu fá henni framgengt.

Rétt þykir, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, og verður hann ákveðinn í einu lagi fyrir aðalsök og gagnsök.

Endurkröfurétti tryggingarfélags samkvæmt 36. gr. laga nr. 23/1941 fylgir lögveðréttur samkvæmt sömu grein. Þykir því bera að viðurkenna lögveð í bifreiðinni V 261 fyrir endurkröfunni, kr. 13.753.75, auk vaxta og kostnaðar.

Um gagnsök.

Bifreið gagnstefnenda, V 261, var kaskóvátryggð hjá gagnstefnda, er slysið átti sér stað, sem að framan getur. Eins og þar segir, skemmdist bifreiðin mikið við ákeyrsluna á lögreglubifreiðina og sérstaklega við ákeyrsluna á steinvegginn hjá Heiðaveg 27. Segja gagnstefnendur, að kostnaður við viðgerð á skemmdunum hafi numið kr. 32.142.00, og hafa lagt fram kvittaða reikninga fyrir svo að segja allri þeirri fjárhæð. Telja stefnendur, að gagnstefnda beri samkvæmt ákvörðun tryggingarskírteinisins að greiða upphæðina, og er það stefnukrafa málsins.

Gagnstefndi reisir kröfu sína um sýknun á sömu málsástæðum og fram koma frá hans hendi í aðalsök. Skemmdirnar á bifreiðinni hafi hlotizt af vítaverðum akstri hennar, og hafi gagnstefnendur misst rétt til vátryggingarfjárins samkvæmt ákvæðum í tryggingarskírteini, er hafi stoð í lögum. Vitnar hann í því sambandi til 18. gr., 2. mgr., laga nr. 20/1954 og 75. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Í 10. gr., a. lið, tryggingarskilmála í kaskótryggingarskírteini bifreiðarinnar er fram tekið, að skemmdir af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni séu undanþegnar ábyrgð gagnstefnda. Ákvæði þetta er gilt að lögum gagnvart vátryggingartökum. Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið varðandi akstur bifreiðarinnar, verður að telja, að skilyrði séu fyrir hendi til að beita þessu ákvæði. Leiðir það til þess, að gagnstefndi verður sýknaður af kröfum gagnstefnenda í gagnsök.

Niðurstaða málsins verður því þessi:

Í aðalsök greiði aðalstefndu aðalstefnanda kr. 13.753.75, að viðbættum kr. 880.00, eða alls kr. 14.633.75, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til greiðsludags, og á aðalstefnandi lögveð í bifreiðinni V 261 fyrir fyrstnefndri fjárhæð, kr. 13.753.75, ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 1. ágúst 1958 til greiðsludags og fyrir hluta úr málskostnaði, og ákveðst sá hluti kr. 1700.00.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af kröfum gagnstefnenda.

Í aðalsök og gagnsök skulu aðalstefndu og gagnstefnendur greiða aðalstefnanda og gagnstefnda kr. 2.500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Gagnstefndi, Sjóvátryggingafélag Íslands h/f, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnenda, Magnúsar Gíslasonar, Kristjáns Egilssonar og Þorsteins Sigurðssonar í gagnsök.

Í aðalsök greiði aðalstefndu, Magnús Gíslason, Kristján Egilsson og Þorsteinn Sigurðsson, in solidum aðalstefnanda, Sjóvátryggingafélagi Íslands h/f, kr. 14.633.75 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til greiðsludags. Aðalstefndu og gagnstefnendur greiði aðalstefnanda og gagnstefnda kr. 2.500.00 í málskostnað.

Aðalstefnandi á lögveð í bifreiðinni V 261 fyrir kr. 13.753.75 af ofangreindri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til greiðsludags og fyrir kr. 1.700.00 af ofangreindum málskostnaði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstuaginn 17. nóvember 1961.

Nr. 171/1960. **Þorvaldur Einarsson**
(Gísli G. Ísleifsson hrl.)
gegn
Guðgeiri Sveinssyni (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupkrafa sjómanns.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. september s. á. Krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 3981.30 án vaxta, málskostnaður í héraði verði látinn niður falla og stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að dæmd fjárhæð lækki í kr. 14.303.62 vegna reikningsskekkju. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Telja verður, að ákvæði kjarasamnings þess, sem aðiljar voru við bundnir og lýst er í héraðsdómi, hafi tekið til handfæraveiða þeirra, sem um er að tefla.

Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að honum hafi verið kunnugt um, að hann hafði verið skráður úr skiprúmi hjá áfrýjanda 30. júní 1959. Viðurkennt er, að stefndi fór frá 1. júlí til 25. september s. á. fjórum sinnum í róðra með áfrýjanda, og þeirri skýrslu stefnda hefur ekki verið sérstaklega andmælt, að hann hafi á þessu tímabili verið reiðubúinn til að vinna hásetastörf á bát áfrýjanda, að þeim fáu skiptum undanteknum, er hann fór í róðra á öðrum bát, að því er hann telur með vitund áfrýjanda og án nokkurra athugasemda af hans hálfu. Vegna þessara róðra hefur stefndi og lækkað kauptryggingarkröfu sína fyrir nefnt tímabil, eins og getur í héraðsdómi. Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, eru ekki nægileg rök að því leidd, að ráðningarsamningi aðilja hafi á þessum tíma verið löglega slit-

ið, og ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kauptryggingu nefnt tímabil með þeim frádrætti, sem áður greinir. Þá ber áfrýjanda og að greiða stefnda samningsbundna kauptryggingu fyrir tímabilið 25. september til 7. nóvember 1959, enda eru eigi efni til að skerða þá kröfu vegna atviks þess, er í héraðsdómi greinir.

Héraðsdómur verður því staðfestur með þeirri breytingu vegna reikningsskekkju, er áður getur, og áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Þorvaldur Einarsson, greiði stefnda, Guðgeiri Sveinssyni, kr. 14.303.62 með 6% ársvöxtum frá 13. janúar 1960 til greiðsludags, kr. 400.00 í málskostnað í héraði og kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi á sjóveðrétt í v/b Birni, NK 33, til tryggingar kröfum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 22. apríl 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 9. þ. m., er af stefnanda, Guðgeiri Sveinssyni sjómanni, Neskaupstað, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri þ. 13. janúar 1960, gegn stefnda, Þorvaldi Einarssyni útgerðarmanni, Neskaupstað, til heimtu eftirstöðva af hlutatryggingu vegna stefnanda sem háseta á v/b Birni, NK 33, tímabilið 1/3—7/11 1959, að einum mánuði frátöldum, að fjárhæð ca kr. 18.400.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1959 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Einnig er krafizt sjóveðréttar í v/b Birni, NK 33, til tryggingar tildæmdum kröfum.

Enn fremur var krafizt uppgjörs frá útgerðarmanni. Síðar, að fengnu nefndu uppgjöri, var kröfu stefnanda breytt í samræmi við það í kr. 14.368.62 og vaxtakröfu breytt í 6% ársvexti frá 7. nóvember 1959.

Stefndi hefur mótmælt öllum kröfum stefnanda fram yfir þá

innstæðu, sem reikningur hans um viðskipti þeirra sýnir, eða kr. 3.981.30. Einnig mótmælir hann málskostnaðarkröfu stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 28. febrúar 1959 réðst stefnandi háseti á v/b Björn, NK 38, eign stefnda og gerðan út af honum til handfæraveiða. Ekki er ágreiningur um, að stefnandi var í skiprúminu til 1. júlí 1959, og reiknaði stefndi honum fulla kauptryggingu það tímabil.

Þann 30. júní er stefnandi afskráður af bátnum, en hann fer með stefnda sem háseti í 4 róðra á tímabilinu 1. júlí til 25. september. Er þetta samkvæmt aðiljaskýrslu stefnda, sem taldi róðrana hafa verið farna 30. og 31. júlí og 7. og 8. ágúst. Voru þeir aðeins tveir á. Telur stefndi ekki vera venju að lögskrá undir slíkum kringumstæðum. Ekki getur hann þess, að hann hafi farið fleiri róðra á bátnum þetta tímabil. Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi verið fastráðinn á bátnum allt þetta tímabil. Hafi stefndi aldrei tilkynnt sér um afskráningu, og hann því talið sig skráðan áfram. Hafi hann talið sig bundinn við þenna bát og ætíð verið reiðubúinn til að mæta til vinnu. Hann hafi að vísu farið nokkra róðra á öðrum bát, en það hafi ekki komið í bága við róðra á v/b Birni, NK 33, enda hafi stefndi vitað um þessa róðra og ekki gert við þá athugasemdir. Til sanngirnis hefur stefnandi vegna þessara róðra fellt niður kröfu um hlutatryggingu fyrir einn mánuð af þessu tímabili. V/b Björn er 16 rúmlestir, og því lögskylt að lögskrá á hann. Hlutatrygging er greidd á bátum, þótt minni séu en 12 rúmlestir, og því óskylt að lögskrá á þá. Sé það venja að vanrækja lögskráningu, þegar aðeins eru tveir á báti, þá mátti stefndi búast við því, að hann yrði að greiða kauptryggingu til stefnanda á sama hátt og á minni bátum, enda þótt hann hefði afskráð hann. Það virðist því verða að líta svo á, að stefnandi hafi mátt búast við því, að hann fengi kauptryggingu greidda fyrir þetta tímabil. Hinn 25. september tók annar skipstjóri við v/b Birni, NK 33, og var stefnandi þá aftur lögskráður á hann og afskráður þ. 7. nóvember. Fyrir þetta tímabil krefst hann kauptryggingar og orlofsfjár, en stundaðar voru línuveiðar.

Það er upplýst, að stefnandi kom eitt sinn of seint til skips, og var farið í róður án hans. Ekki er upplýst, að neitt tjón hafi orðið fyrir stefnda af þessum sökum. Engin viðurlög eru ákveðin við þessu í kaupgjaldssamningi, sem gildir um veiðar þessar, og ekki hefur stefndi beitt viðurlögum laga við þessu, þar sem stefnandi var í skiprúminu til vertíðarloka. Jafnframt hefur stefndi vanrækt skyldur sínar gagnvart stefnanda með því að greiða honum

ekki kauptryggingu vikulega, eins og auðséð er af reikningum á dskj. nr. 7, en það er skylda samkvæmt nefndum kaupgjaldssamningi.

Samkvæmt þessum málavöxtum verður að fallast á kröfu stefnanda um kauptryggingu fyrir allt tímabilið 1. marz til 7. nóvember 1959, að undanskildum einum mánuði, samkvæmt kaupgjaldssamningi á dskj. nr. 3. Ekki verður tekin til greina sú mótbára stefnda, að kauptrygging skuli ekki greidd af handfæraveiðum. Orðalag kaupgjaldssamningsins í 2. grein gefur ekki tilefni til þess. Enda hefur stefndi sjálfur reiknað stefnanda kauptryggingu fyrir tímabilið 1/3—30/6 1959. Samkvæmt ofanskráðu er kaupkrafa stefnanda rétt útreiknuð í framhaldsgreinargerð á dskj. nr. 11 kr. 35.306.25 auk orlofsfjár, kr. 2.118.37, eða alls kr. 37.489.62. Ekki er ágreiningur um greiðslur til stefnanda, alls kr. 23.121.00, og verður því innstæða hans kr. 14.368.62, og ber að dæma stefnda til að greiða honum þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi, 13/1 1960, til greiðsludags. Samkvæmt þessum úrslitum ber að taka málskostnaðarkröfu stefnanda, kr. 400.00, til greina.

Samkvæmt 236. gr., 2. tölulið, siglingalaga nr. 56/1914 ber að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Birni, NK 33, fyrir tildæmdum kröfum.

Dóm þenna kváðu upp Axel V. Tulinius bæjarfógeti og sjó- og verzlunardómsmennirnir Ármann Eiríksson og Óskar Sigfinnsson, fyrrverandi skipstjórar.

Dómsorð:

Stefndi, Þorvaldur Einarsson, greiði stefnanda, Guðgeiri Sveinssyni, kr. 14.368.62 með 6% ársvöxtum frá 13. janúar 1960 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í v/b Birni, NK 33, til tryggingar kröfum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 14 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1961.

Nr. 172/1960. **Þorvaldur Einarsson**
(Gísli G. Ísleifsson hrl.)
gegn
Auðunni Þórðarsyni (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupkrafa sjómanns.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. september s. á. Krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 1818.82 án vaxta, málskostnaður í héraði verði látinn niður falla og stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Telja verður, að samkvæmt ákvæðum kjarasamnings þess, sem aðiljar voru við bundnir og lýst er í héraðsdómi, hafi stefnda borið 1½ hlutur nefnt tímabil og að ákvæðin um kauptryggingu hafi einnig tekið til handfæraveiða þeirra, sem um var að tefla. Ber því að staðfesta héraðsdóminn, enda sætti sú örlitla hækkun frá stefnukröfu í héraði, sem stefndi hafði uppi á síðara stigi málsins og héraðsdómur tók til greina, engum andmælum þar, og hér fyrir dómi hefur því verið lýst af hálfu áfrýjanda, að hann samþykki, að krafa þessi komist að.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Einarsson, greiði stefnda, Auðunni Þórðarsyni, kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 11. júní 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 8. júní s.l., er af stefnanda, Auðunni Þórðarsyni, sjómanni í Neskaupstað, höfðað gegn stefnda, Þorvaldi Einarssyni útgerðarmanni, Neskaupstað, með stefnu, birtri þ. 13. janúar s.l., til heimtu eftirstöðva af hlutatryggingu á v/b Birni, NK 33, á tímabilinu 28. febrúar til 1. júlí 1959, ca kr. 14.400.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu. Krafizt er og viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Birni, NK 33, til tryggingar dæmdum fjárhæðum. Loks krefst stefnandi þess, að stefndi leggi fram uppgjör yfir viðskipti aðilja.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var skráður vélstjóri á v/b Björn, NK 33, eign stefnda, sem samkvæmt skipaskrá er 16 rúmlestir brúttó að stærð frá 28. febrúar til 1. júlí 1959. Voru stundaðar handfæraveiðar á bátnum þetta tímabil. Samkvæmt reikningi, sem stefndi lagði fram í dóminum, hefur úttekt stefnanda numið alls kr. 17.076.00, en honum er aðeins færður til tekna 1¼ hásetahlutur, miðað við afla bátsins, en það gerir með 6% orlofsfé kr. 18.894.82.

Það er óumdeilt, að stefnandi var vélstjóri á bátnum nefnt tímabil, og er af stefnda hálfu engum viðbárum hreyft í tilefni af starfi hans né stöðu. Hins vegar telur stefndi, að ekki beri að greiða hlutatryggingu til sjómanna á handfæraveiðum og að vélstjóra beri á slíkum veiðum aðeins 1¼ hásetahlutur.

Staðhæfingu sína um hlut vélstjóra byggir hann á nokkrum vottorðum um, hvaða venja hafi verið í þessum efnum. Ekki verður talið, að slík venja, þótt færðar séu líkur fyrir tilvist hennar, hnekki ákvæðum samnings, sem gerður er milli sjómanna og útgerðarmanna. Enda liggur fyrir í málinu vottorð formanns samninganefndar útgerðarmanna um, að ákvæði um aukahlut vélstjóra gildi á öllum veiðum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Kaupgjaldssamningur var gerður um áramót 1958—1959, og skyldi hann gilda til ársloka 1959, og framlengjast eftir vissum reglum. Samningurinn er milli Verklýðsfélags Norðfirðinga og vélstjórafélagsins Gerpis annars vegar og Útvegsmannafélags Norðfirðinga hins vegar, og er í formála talinn vera um kaup og kjör hlutarmanna.

Í 1. gr. er að mestu fjallað um línuveiði, en í 2 síðustu málsgreinunum um kjör vélstjóra, þar segir: „1. vélstjóri skal hafa 1½ hlut háseta."

Með tilliti til vottorðs formanns samninganefndar útgerðarmanna og þess, að hvergi annars staðar er getið um vélstjóra í samningnum, verður að telja, að nefnd hlutarhæð eigi við vélstjóra á öllum veiðum, sem hlutaskipti eru lögð til grundvallar kaupgreiðslu, sbr. formála samningsins.

Vélstjóra á v/b Birni, NK 33, ber því 1½ hásetahlutur nefnt tímabil.

Sama gildir um kauptryggingu. Ákvæði um hana eru í 2. gr. samningsins, og segir þar, að kauptrygging háseta sé kr. 2.900.00 á hverja 30 daga auk verðlagsuppbótar frá 1/1—31/5, en kr. 2.700.00 frá 1/6 til 31/12 auk verðlagsuppbótar. Enn fremur að vélstjórar hafi samsvarandi hærri tryggingu en háseti og þeir hafi hærri hlut. Kauptrygging vélstjóra er því kr. 2.900.00 plús 50% = kr. 4.350.00 plús verðlagsuppbót 75% (kaupgjaldsvísitala 175) eða kr. 7.612.50 fyrir hvern hinna þriggja mánaða, marz, apríl og maí, en kr. 2.700.00 plús 50% = kr. 4.050.00 plús 75% eða kr. 7.087.50 fyrir júnímánuð. Alls er þetta kr. 29.925.00 fyrir allan tímann, sem stefnandi var vélstjóri á v/b Birni, NK 33. Á þetta ber að greiða 6% orlofsfé, eða kr. 1.795.50. Kauptrygging og orlofsfé, sem stefnanda ber fyrir tímabilið, er því alls kr. 31.720.50. Af hans hálfu er úttekt hans samkvæmt framlögðum reikningi viðurkennd rétt kr. 17.076.00. Innstæða hans verður því kr. 14.644.50, og þá upphæð ber að dæma stefnda til að greiða honum. Stefndi hefur lagt fram umkrafinn reikning.

I. Eftir kröfu stefnanda ber að dæma stefnda til að greiða honum 7% ársvexti af höfuðstól dómkröfunnar frá 1. júlí 1959 til greiðsludags.

II. Eftir úrslitum málsins ber stefnanda málskostnaður úr hendi stefnda. Lagður hefur verið fram reikningur um kr. 400.00 í „málskostnað" af hálfu stefnanda, en í stefnu er krafizt „málskostnaðar að skaðlausu". Það virðist því auðsætt, að túlka beri orðið „málskostnað" á reikningnum sem „málflutningsþóknun" og dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ. e. auk málflutningsþóknunar, kr. 400.00, beinan útlagðan kostnað, sem er stefnubirting, kr. 21.00, og fyrirtekt máls, kr. 100.00, alls kr. 521.00.

III. Þá ber samkvæmt 236. gr., 2. tl., siglingalaga nr. 56/1914 að

viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í vélbátnum Birni, NK 33, til tryggingar tildæmdum kröfum.

Dóm þenna kváðu upp Axel V. Tulinius bæjarfógeti og sjó- og verzlunardómsmennirnir Ármann Eiríksson og Sveinbjörn Á. Sveinsson.

Dómsorð:

Stefndi,Þorvaldur Einarsson, greiði stefnanda, Auðunni Þórðarsyni, kr. 14.644.50 auk 7% ársvaxta frá 1. júlí 1959 til greiðsludags og kr. 521.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í v/b Birni, NK 33, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 14 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. nóvember 1961.

Nr. 83/1961. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Jón Skaftason hrl.)
gegn
Bernharði Hjartarsyni og gagnsök
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1961. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. júní 1961. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 491.600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12.

september 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í málum eins og því, sem hér liggur fyrir, er oft ekki unnt að fá algera vissu um orsakasamband milli slyss og eftirfarandi heilsutjóns, og verður þá að meta, hvort gert hafi verið nægilega sennilegt, að slíkt orsakasamhengi sé fyrir hendi. Í máli þessu hefur m. a. verið lagt fram vottorð Úlfs Gunnarssonar, yfirlæknis Sjúkrahúss Ísafjarðar, dags. 31. janúar 1958. Kveður yfirlæknirinn heilsubrest gagnáfrýjanda vera að sínu áliti „vafalaust afleiðing slyssins, sem hann varð fyrir í október 1948". Þá hefur Bergþór Smári, sérfræðingur í lyflækningum, metið örorku gagnáfrýjanda, og segir hann í matsgerð sinni, dags. 8. febrúar 1960: „Telja verður nokkurn veginn víst, að vanheilsa slasaða stafi af nefndu slysi". Málið var lagt fyrir Læknaráð Íslands, og er ályktun þess tekin upp í héraðsdóm. Kveður Læknaráð ekki verða fullyrt, að umrædd vanheilsa gagnáfrýjanda stafi af höfuðáverka þeim, sem hann varð fyrir í október 1948, en sennilegt megi teljast, að svo sé, enda hafi ekki komið fram í gögnum málsins líkur fyrir öðrum orsökum. Stóðu átta læknaráðsmenn að ályktun þessari, en hinn níundi taldi réttara, að í stað orðanna: „en sennilegt má telja", kæmi: „en ekki er útilokað". Fallast má á það með héraðsdómi, að framangreind gögn ásamt þeim upplýsingum, sem fram hafa komið um sjúkraferil gagnáfrýjanda, leiði nægar líkur að því, að heilsubrestur hans eigi rót sína að rekja til slyss þess, sem í málinu greinir. Samkvæmt því ber með skírskotun til forsendna héraðsdóms að öðru leyti að dæma gagnáfrýjanda bætur úr hendi aðaláfrýjanda.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Úlfs Gunnarssonar yfirlæknis, dags. 16. þ. m. Segir þar, að líðan og vinnugeta gagnáfrýjanda sé svipuð því, sem verið hafi hinn 10. janúar 1960, er yfirlæknirinn gaf vottorð það, sem greint er í hinum áfrýjaða dómi.

Koma þá til athugunar bótakröfur gagnáfrýjanda, sem raktar eru í héraðsdómi.

1. *Bætur fyrir atvinnutjón.*

Hinn 10. marz 1960 reiknaði tryggingafræðingur út verðmæti áætlaðs atvinnutjóns gagnáfrýjanda, miðað við 45% varanlega örorku og upphafsdag örorku 31. október 1948. Eftir að sá útreikningur var gerður, hafa vinnulaun almennt hækkað. Hins vegar ber við mat á atvinnutjóninu að líta á það, að samkvæmt gögnum málsins virðast vinnutekjur gagnáfrýjanda fram til ársins 1959 ekki hafa rýrnað eins mikið og svarar til 45% örorku. Þykja bætur til handa gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 250.000.00.

2. *Bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og högum.*

Bætur samkvæmt þessum kröfulið þykir rétt að ákveða kr. 75.000.00.

3. *Kostnaður vegna læknisvottorða.*

Fjárhæð þessa kröfuliðs hefur ekki verið andmælt, og verður hann því tekinn til greina.

Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 326.600.00. Þar sem mikill dráttur hefur orðið af hálfu gagnáfrýjanda á höfðun málsins, telst ekki rétt að dæma honum vexti frá fyrri tíma en stefnudegi, 12. september 1958.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Bernharði Hjartarsyni, kr. 326.600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. september 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar
og Gizurar Bergsteinssonar.

Samkvæmt skýrslu gagnáfrýjanda fyrir dómi 16. október

1958, sem studd er vætti vitna, var hann í októberbyrjun 1948 að hlaða grjóti á bifreið í jarðgöngum, er Vegagerð ríkisins lét sprengja í Arnarneshamar á leiðinni milli Ísafjarðar og Súðavíkur, og féll þá steinn úr lofti jarðganganna í höfuð honum. Hlaut hann af frekar lítið sár, er blæddi úr. Hann missti ekki meðvitund, en fékk höfuðverk og honum varð óglatt. Hann féll ekki á jörðina við höggið. Eigi var talin þörf á að fara með hann til læknis, og eftir um það bil tveggja klukkustunda hvíld var hann búinn að jafna sig svo, að hann fór á vinnustað aftur. Næsta dag fór gagnáfrýjandi þó til nafngreinds læknis, er skoðaði hann og ráðlagði honum að hlífa sér við vinnu. Skömmu síðar hurfu öll óþægindi af völdum höfuðhöggsins, og telur gagnáfrýjandi líðan sína hafa verið góða um eins árs bil eftir það. Upp frá því telur hann heilsu sinni hafa tekið að hraka með þeim hætti, sem lýst er í héraðsdómi.

Samkvæmt gögnum málsins varð hvorki verkstjóra vegagerðarinnar né öðrum fyrirsvarsmönnum hennar kunnugt um slysið fyrr en um mitt ár 1958, en þá hafði gagnáfrýjandi fyrst uppi kröfur um skaðabætur úr hendi aðaláfrýjanda vegna þessa áfalls. Læknar þeir, sem taldir eru í héraðsdómi, hafa á árunum 1957—1960 lýst því, að gagnáfrýjandi væri haldinn heilarýrnun, höfuðverk og flogaveiki, sem þeir vilja, meira og minna ákveðið, rekja til slyssins. Átta læknaráðsmenn hafa ályktað hinn 8. marz 1961: „Ekki verður fullyrt, að heilarýrnun og sjúkdómseinkenni gagnáfrýjanda „stafi af höfuðáverka þeim, er hann varð fyrir í október 1948, en sennilegt má telja, að svo sé, enda koma ekki fram í gögnum málsins líkur fyrir öðrum orsökum". Einn læknaráðsmanna taldi réttara, að í stað orðanna: „En sennilegt má telja", kæmi: „en ekki er útilokað".

Um þessa ályktun Læknaráðs er þetta að segja: Þegar litið er til þess, hversu langur tími leið frá því, að gagnáfrýjandi varð fyrir höfuðhöggi því, er í málinu greinir, og þar til læknar töldu sig hafa sannreynt sjúkdóm hans, þykir varhugavert við það að miða, að heilsutjón gagnáfrýjanda verði rakið til þessa höfuðhöggs og eigi til annarra orsaka. Sam-

kvæmt þessu og þar sem aðaláfrýjandi var eigi fyrr en næstum tíu árum síðar krafinn greiðslu skaðabóta vegna vangæzlu starfsmanna sinna, þykir skaðabótakrafa gagnáfrýjanda vera reist á of veikum grundvelli til þess, að hún verði tekin til greina.

Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Bernharðs Hjartarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. apríl 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Bernharð Hjartarson, Fjarðarstræti 13, Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 12. september 1958, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 500.000.00, auk 6% ársvaxta frá 1. nóvember 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómarans. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi stefnukröfuna niður í kr. 491.600.00 og krafðist þá einungis vaxta frá 12. september 1954 til greiðsludags, en hélt fast við kröfur sínar að öðru leyti.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómarans. Til vara hefur hann krafizt þess, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Dómarinn hefur leitazt við að sætta aðiljana, en það hefur ekki borið árangur.

Hinn 20. febrúar 1958 skýrði stefnandi frá málavöxtum í sakadómi Ísafjarðar á þessa leið:

„Sumarið 1948 var ég í vegavinnu hjá Vegagerð ríkisins. Um haustið var ég settur í vinnuflokk, sem vann við að sprengja jarðgöng í Arnarneshamri, sem er á leiðinni frá Ísafirði til Súðavíkur. Yfirverkstjóri vegagerðarinnar var Charles Bjarnason, sem bú-

settur er hér í bæ. Flokkstjóri vinnuflokksins, er vann að því að sprengja jarðgöngin, var Pétur Pálsson, til heimilis á Akranesi.

Dag einn í októbermánuði, þegar við vorum að vinna við jarðgöngin í Arnarneshamri og sprenging hafði átt sér stað, fórum við inn í jarðgöngin til þess að hlaða grjóti, sem hafði losnað við sprenginguna, upp á pall vörubifreiðarinnar Í 4. Þegar við höfðum hlaðið nokkru grjóti, féll grjótstykki úr þaki jarðganganna og kom vinstra megin á höfuð mér. Annað eða sama grjótstykki kom einnig niður á vinstri öxl mína. Ekki vorum við látnir bera hjálma til þess að hlífa okkur við grjóthruni úr lofti ganganna.

Við höfuðhöggið kom frekar lítið sár á höfuðið, og blæddi talsvert úr því. Ekki féll ég niður á jörðina við höggið, heldur greip í skjólborð bílsins og hékk þar. Ég missti aldrei meðvitund, en varð miður mín, fékk mjög mikinn höfuðverk og varð einnig óglatt. Starfsfélagar mínir hlupu strax til og fóru með mig út úr jarðgöngunum og inn í upphitaðan skúr, er þar var skammt frá. Þar lagðist ég fyrir á bekk. Fljótlega fór mér að líða betur. Ekki var talin þörf á því að fara með mig strax til læknis. Og eftir um það bil tvær klukkustundir, var ég búinn að jafna mig það, að ég fór á vinnustað aftur.

Þá var ég ekki látinn til vinnu í jarðgöngunum, heldur var mér fengin léttari vinna, m. a. var ég hafður í snúningum. Daginn eftir fór ég til Kjartans Jóhannssonar læknis, er skoðaði mig. Ég skýrði lækninum frá fyrrnefndu slysi, og ráðlagði hann mér að vinna ekki neina vinnu, sem þyrfti áreynslu við.

Eftir þetta vann ég í upphituðum skúr vegagerðarinnar við að búa til „forhlaðningar" úr sandi, er notaðar voru við sprengingarnar. Líðan mín eftir slysið fór dagbatnandi. Sviminn hvarf fljótlega, en ég var með höfuðverk um mánaðartíma, og sérstaklega leið mér illa, ef ég þurfti að beygja mig.

Um það leyti er ég hætti hjá vegagerðinni, fann ég lítið fyrir höfuðverknum. Skömmu seinna hvarf höfuðverkurinn alveg.

Um veturinn 1948—49 hafði ég létta og þægilega vinnu hjá Þorsteini Jóhannessyni, prófasti í Vatnsfirði, við gegningar á skepnum og aðra snúninga. Um það bil einu ári eftir slysið fór ég að fá þyngsli í höfuðið dag og dag. Eftir áramótin 1949—50 ágerðist höfuðverkurinn nokkuð, en mér batnaði þá lítið í fyrstu. Þetta ár var ég nemandi við bændaskólann að Hólum í Hjaltadal. Næsta vetur var ég mikið við lestur. Fann ég þá jafnan mjög mikið til í höfðinu, og þjáðist ég jafnframt af svefnleysi og máttleysi. Seinni hluti janúarmánaðar 1951 lagðist ég rúm-

fastur um skeið og var jafnan við rúmið dag og dag þangað til í marz s. á., er ég fór suður til Reykjavíkur að leita mér lækninga. Allan veturinn hafði ég haft mikinn verk í augum, meðan ég sat við lestur. Þar af leiðandi fór ég til Kristjáns Sveinssonar augnlæknis, og lét hann mig fá hvíldargleraugu. Einnig fór ég til tveggja annarra lækna í Reykjavík, en ekki man ég nú nöfn þeirra. Þeir kváðust ekkert geta gert fyrir mig og sögðu, að þetta hlyti að batna. Síðan fór ég að Hólum aftur og lauk þar námi vorið 1951.

Veturinn 1952 var ég við búfræðinám að Öxnavaði að Jaðri í Noregi. Ég var að búa mig þar undir framhaldsnám. Meðan ég var í skólanum að Öxnavaði, var ég með stanzlausan höfuðverk. Einnig þjáðist ég af miklum sársauka í augum. Ég fór til lækna í Stafangri, og bentu þeir mér á að fara til augnlæknis, og fékk ég þar önnur hvíldargleraugu. Einnig fór ég oft til læknis að Bryne í Rogalandi, og er ættarnafn hans Aasland. Hann kom mér til rannsóknar í sjúkrhús í Stafangri. Sjúkrahúslæknarnir kváðust ekki finna, hvað að mér gengi. Á þessum tíma fór ég einnig til sérfræðings í háls-, nef- og höfuðsjúkdómum í Stafangri. Hann hreinsaði gröft, er gekk út um nef og augu nokkrum sinnum. Sá læknir gaf mér einhverjar töflur, og hvarf þá grófturinn eftir nokkrar vikur. Á þeim tíma, er ég var í Rogalandi, var ég að búa mig undir framhaldsnám í mjólkurfræði, sem ég ætlaði að stunda í Þrándheimi. Allir læknar, sem ég átti tal við, ráðlögðu mér að hætta námi og vinna ekki neitt, sem á mig myndi reyna, um eins árs bil. Nokkru fyrir áramót 1952—1953 hvarf ég heim til Íslands aftur.

Ég settist að á Hólum í Hjaltadal og hafði þar með höndum gæzlu rafstöðvar og síma. Um vorið 1953 fór ég til Ísafjarðar og dvaldist hjá föður mínum í Fagrahvammi í Skutulsfirði mér til hvíldar. Í júlí það ár hóf ég vinnu við landbúnaðarstörf á Melgraseyri í Nauteyrarhreppi. Þar var ég til haustsins 1954. Vörubifreiðarstjóri hér á Ísafirði var ég frá því um haustið 1954 til 20. marz 1956, en þá varð ég að hætta bifreiðaakstrinum, vegna þess að ég þoldi ekki hristinginn og einnig reyndi hann of mikið á augun. Síðan ég hætti þeirri atvinnu, hef ég gegnt lögreglumannsstarfi hér á Ísafirði, og því starfi gegni ég í dag."

Nú er hins vegar upplýst í málinu, að stefnandi varð að láta af þeim starfa 12. nóvember 1959 sakir heilsubrests. Síðan hefur hann unnið almenna verkamannavinnu, eftir því sem heilsa hans hefur leyft.

Síðan heldur stefnandi áfram skýrslu sinni á þessa leið: „Eins og áður segir, hef ég þjáðst af höfuð- og augnverk, frá því að ég var nemandi að Hólum 1950—1951 til þessa dags.

Tvívegis síðan ég gerðist lögreglumaður, hef ég leitað til læknа í Reykjavík. Í nóvember 1957 fór ég enn einu sinni til Reykjavíkur til að leita mér læknishjálpar. Þar rannsakaði Kjartan R. Guðmundsson læknir mig og lagði mig síðan inn á Landspítalann. Þar var ég í vikutíma, og framkvæmdi nefndur læknir á mér mænustunguaðgerð og heilablástur.

Þegar ég var á Melgraseyri, byrjaði ég að fá aðkenningu að máttleysisköstum. Það ástand bráði af mér eftir 5—10 mínútur. Meðan ég var bílstjóri, fékk ég nokkrum sinnum aðsvif. Í fyrravetur fékk ég þrisvar sinnum krampaköst, og eitt sinn var Ragnar Ásgeirsson héraðslæknir sóttur til mín. Þegar ég fæ þessi krampaköst, eru verkirnir í höfðinu það sársaukafullir, að ég get ekki varizt því að hljóða. Fyrstu dagana eftir þessi köst er ég mjög máttlaus og aflvana. Suma dagana á síðastliðnu ári hef ég heyrt mjög illa á vinstra eyra.

Ég vil rekja kvalir mínar og þjáningar til þess atviks í október 1948, er steinn féll í höfuð mér við vinnu hjá Vegagerð ríkisins í Arnarneshamri, þar eð ég hef hvorki fyrr né síðar orðið fyrir höfuðhöggi. Þær höfuðkvalir, er ég hef haft á undanförnum árum, hafa alltaf legið meira vinstra megin í höfðinu."

Vitnið Gunnar Pétursson bifreiðarstjóri hefur skýrt svo frá fyrir sakadómi Ísafjarðar hinn 22. febrúar 1958, að það hafi stjórnað ýtuskóflu á vegum Vegagerðar ríkisins haustið 1948, m. a. mokað út úr jarðgöngunum í Arnarneshamri. Einn dag um haustið kveðst það minnast þess, að stefnandi, er hafi unnið þarna um tíma, hafi fengið stein í höfuðið, þegar hann var við vinnu inni í jarðgöngunum. Vitnið kveðst ekki hafa verið sjónarvottur að þessu atviki, en segist þó muna greinilega, að það átti sér stað um haustið, sennilega í október.

Vitnið Ólafur Sveinbjörn Vilhjálmsson veghefilsstjóri hefur skýrt svo frá fyrir sakadómi Ísafjarðar hinn 22. febrúar 1958, að um haustið 1948 hafi það unnið hjá Vegagerð ríkisins við að leggja jarðgöng í gegnum Arnarneshamar. Hafi Bernharð Hjartarson verið einn af mönnunum í vinnuflokknum. Kveður vitnið flokkstjóra vegavinnuflokksins hafa heitið Pétur, en segist ekki muna föðurnafn hans.

Eitt sinn, er unnið hafi verið við sprengingar í jarðgöngunum, þá hafi það komið fyrir, þegar verið var að moka grjóti upp á

vörubíl, að steinn hafi fallið úr þaki jarðganganna í höfuð Bernharðs. Segist vitnið muna það vel, að Bernharð hafi verið mjög slæmur í höfðinu lengi á eftir. Vitnið kveður vegagerðina ekki hafa verið búna að útvega vegavinnumönnunum hjálma, þegar áðurnefnt slys átti sér stað.

Vitnið Sigurður Guðmundur Sveinsson bifreiðarstjóri hefur skýrt svo frá í framangreindu réttarhaldi, að það hafi verið í vegavinnu við Súðavíkurveg, að því er það minnir haustið 1948. Hafi verið unnið við að sprengja jarðgöng í gegnum Arnarneshamar. Dag einn rétt eftir sprengingu, er unnið var að því að hreinsa grjót úr jarðgöngunum, varð Bernharð Hjartarson fyrir því slysi, að steinn féll úr lofti jarðganganna í höfuð honum. Við það skrámaðist hann á höfði og féll í hálfgerðan svima. Var hann miður sín þann dag.

Vitnið kveður engan af vegavinnumönnunum hafa verið með hjálm, er slysið átti sér stað, en eftir slysið hafi vegagerðin útvegað hjálma.

Vitnið Sveinbjörn Veturliðason verkamaður hefur skýrt svo frá hinn 20. marz 1958 fyrir framangreindum rétti, að einhvern tíma um haustið 1948 hafi það unnið að því að gera jarðgöng gegnum Arnarneshamar, sem sé á leiðinni milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Þá hafi það eitt sinn um haustið viljað til, að steinn féll úr lofti jarðganganna í höfuð Bernharðs Hjartarsonar, er hafi verið einn af vegavinnumönnunum. Aðspurt tók vitnið fram, að enginn af starfsmönnum vegagerðarinnar hafi verið með hjálm til varnar gegn grjóthruni, þegar slysið varð, en þeir hafi verið útvegaðir skömmu síðar.

Í bréfi, er Charles Bjarnason, yfirverkstjóri vegagerðarinnar, reit vegamálastjóra hinn 17. júlí 1958 og lagt hefur verið fram í málinu, sbr. dskj. nr. 7, kveðst Charles fyrst hafa fengið vitneskju um framangreint slys í endaðan marz eða byrjun apríl árið 1958, er stefnandi sjálfur hafi sagt honum frá því og jafnframt farið þess á leit við Charles, að hann gæfi honum vottorð, er staðfesti, að stefnandi hafi unnið hjá vegagerðinni á því tímabili, er slysið varð.

Í lok bréfsins lýsir nefndur Charles vinnutilhögun í Arnarneshamri haustið 1948 á þessa leið: „Vinna við að sprengja göng í gegnum Arnarneshamar hófst seinni hluta septembermánaðar 1948. Notaðir voru loftborar, vatnskældir, við borun í berginu. Eftir hverja sprengingu var nokkur stund látin líða, áður en farið var aftur inn í göngin. Hálftommu vatnsrör, 4—5 metra

löng, voru notuð til þess að hreinsa lausar flísar úr þaki og hliðum ganganna. Að því búnu var ýtuskóflu ekið að göngunum, og mokaði hún grjótinu á bifreið. Verkamenn, sem unnu við borun í hamrinum, aðstoðuðu við að „lempa" grjóti frá veggjum til þess að auðvelda starf ýtuskóflunnar. Ég sá um uppsetningu tækja ásamt núverandi vegamálastjóra, hr. Sigurði Jóhannssyni, og Pétri Pálssyni sprengingamanni frá Reykjavík. Eftir að verkið var komið vel af stað, fór ég til starfa á Óshlíð. Pétur Pálsson sá þá um vinnu og sprengingar í Arnarneshamri.

Rétt er að geta þess, að stuttu eftir að vinna hófst í Arnarneshamri, og sjáanlegt var, að tæki þau, sem útveguð voru til þess að vinna bergið, komu að fullu gagni, bað ég fyrrverandi vegamálastjóra, hr. Geir G. Zoëga, um stálhjálma handa starfsmönnum. Það skal tekið skýrt fram, að beiðni mín um stálhjálma stóð ekki í neinu sambandi við slys það, er Bernharð Hjartarson mun hafa orðið fyrir, enda frétti ég fyrst um þann atburð níu og hálfu ári eftir að hann átti sér stað, eins og áður segir."

Í bréfi, dags. 28. nóvember 1958, er Pétur Pálsson hefur ritað vegamálastjóra, sbr. dskj. nr. 8, segir m. a. á þessa leið: „.... Ég vann við sprengingar í jarðgöngum í Arnarneshamri haustið 1948 sem sprengingamaður, en ekki flokksstjóri, eins og sumir halda fram í vitnisburði sínum, og man ég ekki betur en eitt vitnið, hr. Sigurður Guðm. Sveinsson, hafi verið flokksstjóri þarna. Ég man, að einn drengjanna fékk skrámu á höfuðið, og blæddi eitthvað úr henni, en hvernig það skeði, vissi ég aldrei, og hélt þessi drengur áfram vinnu sinni án þess að kvarta. Ekki man ég nafn á þessum dreng, enda liðin 10 ár síðan."

Verður nú rakið úr læknisvottorðum þeim, er lögð hafa verið fram í málinu, varðandi heilsufar stefnanda eftir framangreint slys.

Kjartan J. Jóhannsson, héraðslæknir á Ísafirði, hefur gefið læknisvottorð, dags. 11. júní 1958, til Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. dskj. nr. 20. Í vottorði þessu kveður læknirinn stefnanda hafa komið til sín í byrjun október 1948, daginn eftir að hann varð fyrir því slysi, er hann vann við jarðgangagerð, að steinn féll í höfuð honum, vinstra megin. Hafi stefnandi verið með smáskurð á höfði, en ekki haft uppköst eða veruleg commotions- (heilahristings-)einkenni. Ástandi stefnanda, þegar vottorðið er ritað, lýsir læknirinn svo: „Hefur þrálátan höfuðverk."

Í lok nefnds vottorðs segir svo: „Sjúklingurinn byrjaði að fá yfirlið 1954 og hefur fengið þau síðan, þar til nú í desember

s.l. að sjúklingurinn fékk blásið lofti inn á heilann. Hefur síðan ekki fengið yfirlið, en er farinn að fá höfuðverk aftur nú í ca. mánuð . . ."

Úlfur Gunnarsson, yfirlæknir sjúkrahúss Ísafjarðar, hefur gefið læknisvottorð, dags. 31. janúar 1958, sbr. dskj. nr. 3, 2. bls. Vottorðið hefst á því, að getið er orsaka slyssins og sjúkrasaga stefnanda rakin. Er það í samræmi við framburð stefnanda sjálfs um þessi atriði fyrir sakadómi Ísafjarðar hinn 20. febrúar 1958 og rakið hefur verið hér að framan. Læknirinn getur þess, að samkvæmt læknisráði hafi stefnandi hætt námi því, er hann stundaði erlendis og snúið heim til Íslands. Eftir það segir svo í vottorðinu: „Síðan hefur Bernharð (þ. e. eftir heimkomuna) „gengið milli lækna" á Ísafirði og í Reykjavík og prófað flestar verkjatöflur. Síðan 1955 hefur Bernharð leitað til mín og fengið höfuðverkjartöflur.

Í desember 1957 fór Bernharð Hjartarson eftir eigin ósk til Reykjavíkur. Electro-encephalografi (heilalínurit) sýndi: diffust létt abnormalt EEG. Atrofia cerebri? Seq. encephaliditis. Loftencephalografi sýndi talsverða heilarýrnun, eink. v. megin. Í niðurstöðu sinni segir Kjartan R. Guðmundsson: „Það er því um að ræða posttraumatiska atrophia cerebri og sennilega posttraumatiska epilepsi".

Bernharð Hjartarson er með heilarýrnun, höfuðverk og flogaveiki. Og er þetta að mínu áliti vafalaust afleiðing slyssins, sem hann varð fyrir í okótber 1948. Starfsgeta Bernharðs er mikið minnkuð, og hefur hann talsverðar þjáningar. Það er lítil von um, að ástandið batni. Þar að auki verður að taka fram, að vegna sjúkdóms síns varð Bernharð að hætta við nám, sem annars hefði tryggt honum örugga framtíð."

Heilalínurit var tekið af stefnanda á Kleppsspítala 2. desember 1957. Vottorð spítalans, sem er óundirritað, hljóðar svo:

„Heilaritið er allt mjög lágt. Einna mest ber á 8—10 c/sek, 10—25 mikrovolt. Þessum rythma blandast allmikið af hægari bylgjum niður í 4—7 c/sek og lítið eitt af beta bylgjum 12—15 c/sek, hvort tveggja með mjög lágri amplitudu.

Ekki er nein veruleg assymetri, engin focal eða paroxysmal einkenni.

Hyperventilation framkallar allmikið af hægari bylgjum niður í 3 c/sek, 20—40 mikrovolt.

Niðurstaða: Diffust, létt abnormalt EEG. Atrofia cerebri? Seq. encephalitis."

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð Kjartans R. Guðmundssonar, sérfræðings í taugasjúkdómum, dags. 9. desember 1957, svohljóðandi:

„Ég hef skoðað Bernharð Hjartarson og ekki fundið neitt obj. neurol. Augnskoðun var eðlil. Rtj. af cran. eðlil.

Electroencephalografi var létt abnorm og gat bent til atrofia cerebri. Loft encephalografi sýndi talsverða heilarýrnun, einkum v. m.

Það er því um að ræða post traumatiska atrofia cerebri og sennilega post traumatiska epilepsi . . .“

Röntgenmyndir voru teknar af stefnanda á Röntgendeild Landspítalans, og liggja þær frammi í málinu. Vottorð deildarinnar, sem er óundirritað, hljóðar svo:

„Encephalografi, 3/12 '57.

Gjörð var encephalografi, og fæst góð fylling á ventricelkerfinu. Það virðist vera greinileg útvíkkun á v. ventriculus. En ekki er sjáanleg nein deviation né önnur malformation á ventriculunum. E. t. v. stafar þessi víkkun á ventriculum frá atrofi í vinstri hæmispheru.

7/2 '59, yfirlitsmyndir af cranium + encephalografi. — HL/gk.

Ennissinusa vantar, en a. ö. l. ekkert athugavert að sjá á yfirlitsmyndum af cranium.

ÁG/gk: Góð fylling fæst á ventricel-kerfinu, en mikið loft er þó utan á hæmispherunum, einkum v. megin, og áberandi er, að fylling á v. helming ventricel-kerfisins er meira eða réttara sagt, það er víðara en tilsvarandi hólf h. megin. Hornið efra á h. ventriculus er óeðlilega mikið afrúnnað, og útlitið bendir gjarnan á atrofi þeim megin.

6/2 '59, cor. et pulm. — HL/gk.

Þvervídd hjartans mælist 14.8/24.5 cm, og er því yfir normal mörk. Hjartað aðeins stækkað til hægri. Annað ekki athugavert að sjá.

Lungnamynd eðlileg.“

Hinn 21. janúar 1959 var tekið nýtt heilarit af stefnanda á Kleppspítalanum. Vottorð spítalans, sem er óundirritað, hljóðar svo:

„Postcentralt er dominant alfa rythmi, 8—10 c/sek, 10—30 mikrovolt, sem breiðist fram yfir cortex og blockerast visuellum stimuli.

Þessum rythma blandast talsvert af hægari bylgjum niður í 5—7 c/sek. Spenna er áberandi lág um allt heilaritið.

Ekki sést nein varanleg assymmetri, engin focal eða paroxysmal einkenni.

Sj. syfjar dálítið á köflum, og eykst þá hæga aktivitetið. Við hyperventilation eykst hæga aktivitetið mjög, allt niður í 2—3 c/sek, en það er horfið að mestu innan eðlilegs tíma.

Flickerstimulation framkallar engar patologiskar breytingar.

Niðurstaða: Sennilega diffust létt abnormalt.

EEG. Svipað og EEG 2.12. '57."

Stefnandi lá á lyflæknisdeild Landspítalans frá 4. til 10. febrúar 1959. Í vottorði deildarinnar, sem er undirritað af Jóni Þorsteinssyni lækni, segir m. a. á þessa leið:

„Sjúkdómsgreining deildarinnar: Encephalopathia post traumatikam. Atrofi cerebri.

Sjúkrasaga og skoðun: ..... — Núverandi síðan 1948, en þá hrundi á hann grjót, smásteinar og einn steinn í hvirfil og blæddi mikið úr. Missti ekki meðvitund, fékk ógleði, kastaði ekki upp. Hélt vinnu áfram eftir þetta eftir að hafa legið í 2 klst. Hafði höfuðverk næstu 5—6 vikur, en var síðan fríska í nokkurn tíma. Höfuðverkurinn kom aftur og hefur verið nokkuð stöðugur síðan. 1954 fékk hann 3—4 köst, þar sem hann datt skyndilega niður, missti stundum meðvitund, engin aura, engin tungubit, engin inkontinens og sennilega ekki krampar.

Loftencephalografi gerð 1957 í desember, og var hann betri af höfuðverknum í hálfan mánuð þar á eftir. Sj. er hér um bil alltaf slæmur af höfuðverknum en taki hann sér frí, er hann enn verri. Minni hefur minnkað áberandi.

Neurologisk skoðun að öðru leyti negativ.

Niðurstaða:

JÞ/RS.

Sjá diagnosis (sjúkdómsgreiningu deildarinnar). Sj. var lagður inn til að fá gerða loftencephalografi, sem styður atrofi-diagnosuna.

Meðferð og ráðleggingar:

Neurolog. kontrol."

Bergþór Smári, sérfræðingur í lyflækningum, hefur metið örorku stefnanda. Matsgerð hans er dagsett 8. febrúar 1960. Í upphafi hennar rekur læknirinn sjúkrasögu stefnanda og vitnar í framanritaðar niðurstöður læknanna, þeirra Úlfs Gunnarssonar og Kjartans R. Guðmundssonar. Síðan segir svo:

„Samkvæmt vottorði Úlfs Gunnarssonar, dags. 10. jan. 1960,

er heilsa slasaða svipuð og áður. Lýsir yfirlæknirinn heilsufari hans þannig:

„Bernharð segist mjög oft fá höfuðverkjaköst, aðallega vinstra megin í höfðinu, sem standa misjafnlega lengi, stundum í meira en sólarhring, og koma misjafnlega oft. Meðan á kastinu stendur, er Bernharð mjög slappur og máttlaus. Bernharð segist stundum fá aðsvif, sem hann lýsir sem „absensur", oftast í sambandi við höfuðkvalir. 1—2 daga eftir svoleiðis kast segist Bernharð vera mjög máttlaus. Loksins hefur Bernharð tekið eftir minnisleysi í vaxandi mæli.

Snögg áreynsla og átök geta framkallað ofannefnd köst. Þess vegna og vegna máttleysis og þjáninga í höfðinu hefur Bernharð þurft að hætta störfum sem lögregluþjónn þ. 12. nóvember 1959. Hann vinnur nú algenga verkamannavinnu, en hann missir marga daga vegna vanheilsu."

„Niðurstaða: Telja verður nokkurn veginn víst, að vanheilsa slasaða stafi af nefndu slysi. Ekki þykir mega búast við neinum bata héðan af, og er sýnilegt, að vinnugeta slasaða er mikið skert.

Þykir varanleg örorka hans af völdum nefnds slyss hæfilega metin

45%."

Með úrskurði, kveðnum upp á bæjarþingi Reykjavíkur 15. nóvember 1960, var leitað umsagnar Læknaráðs um eftirtalin atriði:

1. Hvort fullyrt verði eða sennilegt talið, að heilsuleysi stefnanda, sem lýst er í læknisgögnum málsins, sé að öllu leyti eða nokkru afleiðing meiðslanna, er stefnandi hlaut af völdum slyss þess, er málið fjallar um.
2. Gangi úrskurður Læknaráðs stefnanda í vil að þessu leyti, er leitað álits þess á því, hvort fallizt verði á mat Bergþórs læknis Smára á örorku stefnanda af völdum slyssins. Ef ekki, hver teljist þá hæfilega metin örorka stefnanda af þess völdum.

Málið var lagt fyrir réttarmáladeild Læknaráðs, sem afgreiddi það með ályktunartillögu á fundi hinn 24. janúar 1961, en samkvæmt ósk eins læknaráðsmanna var málið borið undir Læknaráð í heild. Tók ráðið málið til meðferðar á fundi hinn 8. marz 1961 og afgreiddi það með svohljóðandi

ályktun:

Ad. 1. Ekki verður fullyrt, að heilarýrnun og sjúkdómseinkenni stefnanda stafi af höfuðáverka þeim, er hann varð fyrir í

október 1948, en sennilegt má telja, að svo sé, enda koma ekki fram í gögnum málsins líkur fyrir öðrum orsökum.

Ad. 2. Læknaráð getur fallizt á örorkumat Bergþórs Smára, sérfræðings í lyflækningum, dags. 8. febrúar 1960.

Fyrri liður ályktunarinnar var samþykktur með 8 greiddum atkvæðum. Einn læknaráðsmaður greiddi ekki atkvæði og gerði þá grein fyrir afstöðu sinni, að hann teldi réttara, að í stað orðanna: „en sennilegt má telja" kæmi „en ekki er útilokað".

Síðari liður ályktunarinnar var samþykktur í einu hljóði.

Stefnandi reisir stefnukröfu sína á því, að stefndi sé skaðabótaskyldur gagnvart honum vegna framangreinds slyss og þeirra afleiðinga, er það hefur haft í för með sér fyrir stefnanda, þar eð ekki hafi verið búið að útvega hjálma handa vegavinnumönnum þeim, er unnu við jarðgangagerðina í Arnarneshamri, þegar slysið varð, né hafi heldur verið gerðar nokkrar aðrar ráðstafanir til þess að vernda þá gegn grjóthruni úr þaki jarðganganna. Sakir þessarar vanrækslu hjá starfsmönnum Vegagerðar ríkisins hafi stefnandi hlotið höfuðhögg það, er síðan orsakaði hinn alvarlega sjúkdóm stefnanda og örorku, er stefndi beri fébótaábyrgð á f. h. vegagerðarinnar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að ósannað sé, að núverandi sjúkleiki stefnanda sé afleiðing af höfuðhöggi því, er stefnandi hlaut í október 1948, enda hafi þar verið um lítið högg að ræða. Í öðru lagi krefst stefndi sýknu á þeim grundvelli, að krafa stefnanda sé niður fallin sakir tómlætis.

Með tilliti til læknisvottorða þeirra, er rakin hafa verið hér að framan, svo og með hliðsjón af ályktun Læknaráðs og sjúkrasögu stefnanda þykir verða að telja nægilega fram komið, að núverandi veikindi stefnanda og örorka sé afleiðing þess höfuðhöggs, er hann hlaut í október 1948 við jarðgangagerð í Arnarneshamri, enda hefur stefnda ekki tekizt að sanna, að um aðrar orsakir sé að tefla.

Viðurkennt er í málinu, að mönnum þeim, er að verki þessu unnu, hafði ekki verið séð fyrir hlífðarhjálmum, þegar slysið varð. Þar eð þeirrar sjálfsögðu öryggisráðstöfunar var ekki gætt, ber að leggja á stefnda fulla fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er stefnandi hefur orðið fyrir vegna oftnefnds höfuðhöggs.

Að því er varðar þá málsástæðu stefnda, að krafa stefnanda sé niður fallin sakir tómlætis, þá verður ekki á hana fallizt, þar eð sjá má af gögnum málsins, að heilsu stefnanda hefur hrakað mjög á þessu tímabili og starfsorka hans þá um leið minnkað. Þykir því

dráttur sá, er orðið hefur á málshöfðun af hálfu stefnanda, réttlætanlegur, og á hann því ekki að valda stefnanda bótamissi.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1.	Bætur fyrir örorku	kr. 370.000.00
2.	Bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og högum	— 120.000.00
3.	Útlagður kostnaður vegna læknisvottorða ..	— 1.600.00
	Alls	kr. 491.600.00

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til athugunar.

Um 1. lið.

Stefnandi er talinn fæddur 10. maí 1932, og hefur hann því verið 16 ára að aldri, er slysið varð.

Hinn 10. marz 1960 reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur út atvinnutjón stefnanda, miðað við 31. október 1948 og 45% varanlega örorku.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum stefnanda hafa tekjur hans á árunum 1956—1959 numið sem hér segir:

Árið 1956	kr.	59.396.00
— 1957	—	64.797.00
— 1958	—	71.415.00
— 1959	—	76.811.00.

Í útreikningi sínum miðar tryggingafræðingurinn við verkamannalaun frá 31. október 1948 til ársloka 1955 og eftir þann tíma við laun ríkislögregluþjóna, en því starfi gegndi stefnandi frá 20. marz 1956 til 12. nóvember 1959, þegar hann varð að láta af því sökum heilsubrests.

Við útreikning á verkamannatekjum gerir tryggingafræðingurinn ráð fyrir, að 16 ára unglingar hafi að meðaltali 75% af tekjum fullorðinna, sem síðan hækki um 5% á ári, unz fullum tekjum sé náð við 21 árs aldur.

Tryggingafræðingurinn getur þess, að á vegum Hagstofu Íslands hafi farið fram úrtaksrannsókn á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattaframtölum. Þegar stuðzt er við niðurstöður þeirra rannsókna, reiknast tryggingafræðingnum svo til, að laun þeirra séu 18.96% hærri á ári en þegar reiknað er með venjulegum dagvinnutekjum fyrir 48 vinnuvikur á ári.

Á ofangreindum grundvelli, þ. e. annars vegar með því að gera ráð fyrir 48 vinnuvikum á ári og hins vegar með því að hækka árstekjurnar um 18.96% og lækka jafnframt tekjurnar

fyrstu árin eftir slysið með tilliti til aldurs stefnanda, reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna nema, sem hér segir:

	Miðað við 48 vinnuvikur	Miðað við 48 vinnuv. + 18.96%
A) Vegna tímans frá 31. 10. '48 til 31/12 '55	71.538.00	85.102.00

Við útreikning á atvinnutjóni stefnanda frá 1. janúar 1956 fram í tímann, miðað við laun ríkislögreglumanna, er taka laun samkvæmt 10. flokki launalaga, gerir tryggingafræðingurinn ráð fyrir 4. árs launum hjá stefnanda árið 1956, en eftir það hámarkslaunum 10. flokks. Eru þá árslaun sem hér segir:

Árið 1956	kr.	51.095.00
— 1957	—	55.826.00
— 1958	—	60.100.00
— 1959	—	60.960.00
og eftir það	—	60.186.00.

En auk hinna föstu launa kveður tryggingafræðingurinn ríkislögregluþjóna hafa nokkuð fastar aukatekjur af svokölluðu næturálagi og aukavinnu við embættið. Samkvæmt rannsókn, er tryggingafræðingurinn hefur gert á þessum atriðum, þá nema greiðslur vegna næturálags og aukavinnu um 28% af fastakaupi.

Neðangreint verðmæti tapaðra vinnutekna miðast annars vegar við verkamannatekjur til ársloka 1955, eins og þær eru tilgreindar hér að framan undir a-lið, og hins vegar við laun ríkislögreglumanna frá ársbyrjun 1956 með eða án næturálags og aukavinnu.

Heildarútkoman verður þá þessi:

	Án aukavinnu kr.	Með aukavinnu kr.
A. Vegna tímans frá 31/10 '48 til 31/12 '55	71.538.00	85.102.00
B. Vegna áranna 1956—'59	57.717.00	73.878.00
C. Vegna örorku eftir það	193.112.00	247.183.00
Samtals kr.	322.367.00	406.163.00

Önnur atriði í reikningsgrundvellinum en þau, sem að framan greinir, eru, að reiknað er með 6% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla árin 1941—1950.

Stefnandi miðar kröfu sína samkvæmt þessum lið við hærri töluna í útreikningi tryggingafræðingsins, en hefur fært hana niður í kr. 370.000.00, sakir þess að vextir í þjóðfélaginu eru

almennt hærri en tryggingafræðingurinn reiknar með, svo og vegna þess, að bætur þessar eru undanþegnar opinberum gjöldum.

Stefnandi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Sérstaklega hefur stefndi mótmælt því, að stefnandi hljóti 45% örorkubætur allt frá 31. október 1948, eins og tryggingafræðingurinn gerir ráð fyrir í útreikningi sínum, þar eð örorkumatið sé miðað við 8. febrúar 1960 og örorku stefnanda hafi gætt fremur lítið fyrstu árin eftir slysið.

Tekið verður tillit til þessa atriðis til lækkunar dæmdum bótum.

Stefnandi hefur engar bótagreiðslur hlotið frá Tryggingastofnun ríkisins vegna oftnefnds slyss.

Með skírskotun til þess, er nú hefur verið rakið, og með hliðsjón af öðrum þeim atriðum, er hér skipta máli, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 275.000.00.

Um 2. lið.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Hér að framan hefur meiðslum stefnanda og afleiðingum þeirra verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Af þessum gögnum sést, að stefnandi er iðulega sárþjáður af höfuðkvölum, og að áliti lækna er úr þessu ekki um bata að ræða. Þegar þetta er virt, svo og hin gífurlega röskun á stöðu stefnanda og högum, er framangreint slys hefur haft í för með sér þegar á tiltölulega ungum aldri hans, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00.

Um 3. lið.

Kröfulið þessum hefur ekki verið mótmælt, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 336.600.00 (kr. 275.000.00 + kr. 60.000.00 + kr. 1.600.00) ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið við munnlegan flutning málsins.

Eftir þessum málalyktum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 23.000.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda,

Bernharði Hjartarsyni, kr. 336.600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. september 1954 til greiðsludags og kr. 23.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. nóvember 1961.

Nr. 122/1961. **Ákæruvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Þorvaldi Jóni Ottóssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn um sakarefni hefur verið háð eftir uppsögu héraðsdóms. Meðal annars komu þá fyrir dóm lögreglumennirnir Gísli Sigurðsson og Steingrímur Helgi Atlason, og heitfestu þeir vætti sitt í málinu.

Samkvæmt gögnum málsins er í ljós leitt, að ákærði hefur verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðar á þeim tíma, sem í ákæruskjali greinir, og þá orðið mistök um stjórn bifreiðarinnar fyrir vangæzlu sakir. Varðar þessi háttsemi ákærða við 2. og 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 1. mgr. 80. gr. og 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Fallast má á ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Rétt er að svipta ákærða ökuleyfi 3 ár alls.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal

laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Jón Ottósson, greiði í ríkissjóð 2500.00 króna sekt, og komi varðhald 12 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. marz 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 21. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2546/1961: Ákæruvaldið gegn Þorvaldi Jóni Ottóssyni, sem dómtekið var 13. þessa mánaðar.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 24. september 1959, höfðað á hendur Þorvaldi Jóni Ottóssyni matsveini, Hraunprýði, Reykjavík, fyrir að hafa sunnudaginn 31. maí s.l., um kl. 0130, ekið bifreiðinni R 7468 frá Vífilsstöðum og til Reykjavíkur og til baka áleiðis að Vífilsstöðum um kl. 0400, þótt hann væri undir áhrifum áfengis, svo og fyrir að hafa ekki sýnt nægilega aðgæzlu við greindan akstur með þeim afleiðingum, að hann ók út af Reykjanesbraut sunnan við verksmiðju Reykdals.

Telst þetta varða við 2. og 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 1. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 9. október 1940 á Þingeyri, hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1960	7/2	Rvík.	Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.
—	18/5	—	Sátt, 150 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
—	30/5	—	Áminning fyrir umferðarlagabrot.
—	29/9	—	Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
—			Kærður fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað í 2 ár frá 24/11 1960.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 31. maí 1959 voru tveir lögreglumenn á eftirlitsferð um Hafnarfjörð. Um kl. 0410 fóru þeir um götuna Lækjarkinn og sáu þá, að bifreið hafði verið ekið út af Reykjanesbraut sunnan við verksmiðju Reykdals. Bifreiðin, sem reyndist vera fólksbifreiðin R 7468, stóð á hjólum utan vegar og sneri í norður, þvert við aksturstefnu hennar. Greinileg hjólför eftir nefnda bifreið mældust 64 metrar. Hjólförin voru hlykkjótt, þannig að bifreiðin hefur rásað nokkuð á veginum, áður en hún fór út af honum. Yfirborð vegarins var slétt og malborið, fremur hart, en laus, smágerður mulningur á vegköntum. Náði mulningur þessi nokkuð inn á akbrautina sums staðar.

Ökumaður R 7468, Þorvaldur Jón Ottósson, ákærði í máli þessu, var við bifreiðina, er lögreglumenn komu þar að. Lögreglumönnum þótti ástæða til að færa ákærða til blóðtöku til alkóhólákvörðunar, og sama dag kl. 0600 var ákærða síðan tekið blóðið, og fundust þá í blóði hans reducerandi efni, er samsvara 0.66‰ af alkóhóli.

Löreglumenn þeir, er stóðu að handtöku ákærða greint sinn, hafa báðir komið fyrir dóm sem vitni. Vitnið Gísli Sigurðsson lögregluvarðstjóri hefur skýrt svo frá, að dauf áfengislykt hafi verið úr vitum ákærða, sem viðurkenndi greiðlega að hafa neytt áfengis kvöldið fyrir ökuóhappið.

Vitnið Steingrímur Helgi Atlason lögregluþjónn hefur skýrt svo frá, að lítils háttar áfengislykt hafi verið af ákærða, hann hafi verið lítið eitt rauðeygður og taugaóstyrkur.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að kvöldið fyrir ökuóhappið á tímabilinu frá 2000—2200 hafi hann neytt lítils háttar áfengis að Vífilsstöðum, án þess þó að geta sagt, að hann fyndi á sér af drykkjunni. Hann hafi komið akandi frá Reykjavík, er óhappið varð, en þangað hafi hann ekið frá Vífilsstöðum um kl. 0130. Ákærði hefur eindregið neitað því að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn umrætt sinn.

Ökuóhappinu hefur ákærði lýst á þann hátt, að bifreiðin hafi lent í lausri möl í götujaðrinum, við það hafi bifreiðin byrjað að rása á veginum. Hafi hann þá freistað þess að „rétta bifreiðina af“ án þess að beita hemlum. Í þann mund hafi hann þó lagt full mikið á bifreiðina, þannig að framhjólin mynduðu óeðlilega mótstöðu, en þá rétt skömmu síðar hafi bifreiðin farið út af veginum, oltið eina veltu og stöðvazt á hjólum. Bifreiðin skemmdist mikið, án þss að ákærða eða farþega sakaði.

Sannað þykir með niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar, framburðum vitnanna og með hliðsjón af framburði ákærða sjálfs, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn greint sinn og þar með gerzt sekur um brot á 2. og 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Við rannsóknir á vettvangi og samkvæmt frásögn ákærða sjálfs um aðdraganda ökuóhappsins þykir sannað, að ákærði hafi ekki sýnt nægа aðgæzlu við aksturinn umrætt skipti og því gerzt brotlegur við 37. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða ákveðst samkvæmt 80. gr. síðastnefndra laga 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Þá ber samkvæmt 81. gr. sömu laga að svipta ákærða ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá dómsbirtingu að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Jón Ottósson, greiði 2500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í sektar stað, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er frá dómsbirtingu sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. nóvember 1961.

Nr. 56/1961. **Ákæruvaldið**
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
gegn
Ármanni Jakobssyni (Páll Líndal hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson, Ármann Snævarr prófessor, Einar Arnalds borgardómari og Magnús Torfason prófessor.

Brot gegn 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærureglur.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Ingimundarson, bæjarfógeti í Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ummæli þau, sem mál þetta er af risið, voru birt hinn 24. júní 1959 í óundirritaðri grein í blaði, sem nefnist „Kosningablað Alþýðubandalagsins í Siglufirði". Í grein þessari kemur fram viðtal af hálfu blaðsins við Vigfús Friðjónsson, útgerðarmann og síldarsaltanda í Siglufirði. Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að þó að tiltekin ummæli séu í greininni höfð eftir Vigfúsi, þá verði hann samt ekki talinn hafa nafngreint sig sem höfund hennar í merkingu 2. málsgr. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956, og skiptir ekki máli um það, þó að hann hafi síðar kannazt við, að ummælin væru rétt eftir honum höfð. Ákærði er í blaðinu nafngreindur sem ábyrgðarmaður þess, og ber hann því ábyrgð á efni greinarinnar samkvæmt 3. málsgr. 15. gr. nefndra laga.

Hinum átöldu ummælum er að nokkru leyti beint að Síldarútvegsnefnd í heild, en þó að mestu leyti að formanni hennar, Erlendi Þorsteinssyni, og varaformanni, Jóni L. Þórðarsyni. Þar sem stjórnarmenn Síldarútvegsnefndar eru opinberir starfsmenn, á ákæruvaldið saksóknarrétt samkvæmt 108. gr. laga nr. 19/1940 á hendur ákærða, að því er tekur til refsikröfu. Í bréfi til Dómsmálaráðuneytisins,

dags. 17. ágúst 1959, hafði þess verið æskt af hálfu þeirra Erlends Þorsteinssonar og Jóns L. Þórðarsonar, að ákæruvaldið bæri fram í opinberu refsimáli gegn fyrrgreindum Vigfúsi Friðjónssyni kröfur um ómerkingu ummæla, miskabætur þeim til handa og fégreiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms í opinberu blaði eða riti. Hins vegar hafa þeir Erlendur og Jón ekki farið fram á, að slíkar kröfur væru hafðar uppi í opinberu máli á hendur ákærða Ármanni Jakobssyni. Ákæruvaldið á því ekki sókn sakar um kröfur þær, sem gerðar eru á hendur ákærða í 2., 3. og 4. tölulið ákæruskjals. Ber að fella ákvæði hins áfrýjaða dóms úr gildi, að því er þær kröfur varðar, og vísa þeim frá héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um refsingu ákærða að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Guðmundar Vignis Jósefssonar hæstaréttarlögmanns og Páls Líndals héraðsdómslögmanns, kr. 3500.00 til hvors.

Dómsorð:

Kröfum þeim, sem greinir í 2., 3. og 4. tölulið ákæruskjals, vísast frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Ármanns Jakobssonar, á að vera óraskað að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Guðmundar Vignis Jósefsson-

ar hæstaréttarlögmanns og Páls Lindals héraðsdómslögmanns, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Siglufjarðar 1. október 1960.

Ár 1960, laugardaginn 1. október, var í sakadómi Siglufjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Einari Ingimundarsyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 147/1960: Ákæruvaldið gegn Ármanni Jakobssyni héraðsdómslögmanni, sem tekið var til dóms þann 23. september s.l.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Ármanni Jakobssyni héraðdómslögmanni og ábyrgðarmanni Kosningablaðs Alþýðuðbandalagsins í Siglufirði, til heimilis að Aðalgötu 34, Siglufirði, fyrir að hafa birt á 4. síðu 3. tölublaðs 3. árgangs nefnds blaðs, sem út kom á Siglufirði miðvikudaginn 24. júní 1959, undir fyrirsögninni „Bannað er að verja fiskmeti skemmdum með salti" eftirfarandi meiðyrði og aðdróttanir um Síldarútvegsnefnd, formann hennar og varaformann, Erlend Þorsteinsson, Eskihlíð 21, og Jón Leopold Þórðarson, Hagamel 8, báða í Reykjavík.

„Ég tel, að hún hafi enga heimild til þess, en misnoti hins vegar óljós atriði í reglugerðinni, sem tiltekur vald hennar, til að gera hluti, sem löggjafinn hefur ekki ætlazt til, að hún geri, og sem engin heilbrigð skynsemi mælir með. Með þessu tiltæki skaðar hún sjómenn, landverkafólk, útgerðarmenn og síldarsaltendur og þjóðina í heild um dýrmætan gjaldeyri."

.... „Því sýnilegt er, að formaður og varaformaður nefndarinnar, sem mestu ráða, eru ekki starfi sínu vaxnir".

.... „Þeir hafa misnotað aðstöðu sína í SÚN á ýmsan hátt. M. a. hnuplað af saltendum á 5 árum um það bil 1½ milljón króna, sem nefndin hefur nú verið dæmd til að endurgreiða þeim. Þá hafa þeir notað fé nefndarinnar til vafasamra húsakaupa, til að kaupa skúrræfla af félögum, sem þeir eru hluthafar í, fyrir hundruð þúsunda. Þeir hafa með fyrirhyggjuleysi eyðilagt tómtunnubirgðir í stórum stíl. Hefur nefndin nú verið látin greiða saltendum hátt í milljón krónur í bætur fyrir sölu á skemmdum umbúðum. Einnig hafa þeir bruðlað með fé nefndarinnar á fleiri sviðum."

Í ákæruskjali er ákærði með birtingu framangreindra ummæla

talinn hafa gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 16. gr. laga nr. 57/1956.

Er þess krafizt, að:

1. Ákærði verði dæmdur til refsingar.
2. Framangreind ummæli verði dæmd ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.
3. Ákærði verði dæmdur til að greiða formanni og varaformanni Síldarútvegsnefndar, Erlendi Þorsteinssyni og Jóni Leopold Þórðarsyni, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað við birtingu dóms í máli þessu í opinberu blaði eða riti samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.
4. Ákærði verði dæmdur til að greiða þeim Erlendi Þorsteinssyni og Jóni Leopold Þóðarsyni miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.
5. Ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. ágúst 1914 í Reykjavík. Hann var sektaður í lögreglurétti Reykjavíkur 13. ágúst 1934 fyrir brot á 102. gr. hegningarlaganna og 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, en hefur ekki, svo vitað sé, sætt öðrum kærum eða refsingum.

Málavextir eru þessir:

Í 3. tölublaði 3. árgangs Kosningablaðs Alþýðubandalagsins í Siglufirði, sem út kom miðvikudaginn 24. júní 1959 hér á Siglufirði, birtist viðtal við Vigfús Friðjónsson framkvæmdastjóra, Gránugötu 15, hér í bæ, undir fyrirsögninni „Bannað að verja fiskmeti skemmdum með salti". Fólust í viðtali þessu m. a. þau ummæli og aðdróttanir um Síldarútvegsnefnd, Erlend Þorsteinsson formann nefndarinnar og Jón Leopold Þórðarson varaformann nefndarinnar, sem hér að framan eru greind í ákæruatriðum. Vigfús Friðjónsson hefur við rannsókn málsins tekið fram, að ummæli þessi séu rétt eftir sér höfð. Hefur hann við rannsókn leitazt við að færa þeim fullyrðingum sínum um Síldarútvegsnefnd, formann hennar og varaformann, sem felast í viðtalinu, stað, en Vigfús rekur útgerð og síldarsöltun hér á staðnum og hefur stundað þann atvinnurekstur um nokkur ár. Ákærði var ábyrgðarmaður Kosningablaðs Alþýðubandalagsins í Siglufirði á þeim tíma, sem viðtal það, sem hér ræðir um, birtist í blaðinu. Hins vegar kveðst ákærði ekki hafa kynnt sér efni þessarar greinar eða viðtals, sem hér um ræðir og mál þetta er risið af, og ekki kveðst hann vera persónulega kunnugur þeim atvikum, sem að er vikið í viðtali þessu.

Með því að staðhæfingar þær og aðdróttanir um Síldarútvegsnefnd, formann hennar og varaformann, sem felast í nefndu viðtali, eru nokkuð ólíks eðlis, verður hér á eftir vikið að hverju atriði fyrir sig og um leið rakið, svo sem ástæða þykir til, það, sem Vigfús Friðjónsson hefur við rannsókn málsins talið renna stoðum undir staðhæfingar sínar, svo og getið ummæla forráðamanna Síldarútvegsnefndar um þær, eins og þau eru greind í prófun málsins.

I. . . . „Því sýnilegt er, að formaður og varaformaður nefndarinnar, sem mestu ráða, eru ekki starfi sínu vaxnir".

Þessi ummæli telur Vigfús Friðjónsson vera réttlætt með því, að eftir því sem hann heldur fram hafi forráðamenn Síldarútvegsnefndar beitt hann miklu ranglæti sumarið 1958. Hafi þeir, meðan síldarvertíð stóð sem hæst, neitað honum um hjálpartæki (salt, sykur o. fl.) til þess að krydd- og sykurverka síld og hafi haft í hótunum um að beita félag það, sem hann veitir forstöðu (Íslenzkan Fisk h/f), refsingum, ef það héldi áfram að sérverka síld það sumar. Í þessu sambandi hefur Vigfús Friðjónsson skírskotað til bréfs Síldarútvegsnefndar til fyrirtækis hans (Íslenzks Fisks h/f), dags. 23. júní 1958, þar sem skýrt er frá ályktun Síldarútvegsnefndar, gerðri með atkvæðum allra viðstaddra nefndarmanna og atkvæði Jóns Leopolds Þórðarsonar í síma. Í bréfi þessu átelur nefndin harðlega, að Íslenzkur Fiskur h/f hafi ekki farið eftir fyrirmælum um söltun cutsíldar, heldur saltað í stórum stíl og að mestu í heimildarleysi sykursíld og kryddsíld. Er síðan tekið fram, að nefndin geymi sér frekari rétt til aðgerða gagnvart nefndu félagi og tilkynnir því síðan, að hún hafi lagt fyrir framkvæmdastjóra nefndarinnar að afgreiða ekki sykur til félagsins fyrst um sinn.

Haustið 1958 segir Vigfús Friðjónsson, að síld sú, sem fyrirtæki það, sem hann veitir forstöðu, lét salta um sumarið í trássi við forráðamenn nefndarinnar, hafi verið vel þegin af sömu aðiljum upp í óefnda samninga við Finnland og hafi síðan selzt fyrir hæsta verð. Heldur hann því fram, að Síldarútvegsnefnd hafi ekki skilað honum öllu andvirði þessarar síldar, en haldið eftir, að því er hann telur, rúmlega kr. 100.000.00 ranglega og þvert ofan í fyrri fyrirheit. Hefur hann í því sambandi skírskotað til bréfs nefndarinnar til fyrirtækis hans (Íslenzks Fisks h/f), dags. 1. júlí 1958, þar sem fyrirtækinu er heimilað að selja til Vestur-Þýzkalands og Bretlands ákveðið magn síldar með vissum skilyrðum. Ekki mun hafa orðið neitt af sölu síldar frá fyrirtæki Vig-

fúsar Friðjónssonar til fyrrnefndra landa af ástæðum, sem Síldarútvegsnefnd verður ekki talin eiga sök á, eins og síðar mun verða lýst. Verður ekki séð, að sú staðhæfing, að nefndin hafi haft fé af fyrirtækinu Íslenzkum Fiski h/f vegna sölu á umræddri síld til Finnlands, hafi neina stoð í nýnefndu bréfi nefndarinnar til fyrirtækisins (Íslenzks Fisks h/f), enda fjallar bréfið um sölu á síld til annarra landa en Finnlands, og ekki liggur fyrir, að fyrirtækinu Íslenzkum Fiski h/f hafi verið greitt lægra verð fyrir margnefnda síld en öðrum síldarsaltendum.

Um framangreindar staðhæfingar hefur Erlendur Þorsteinsson, formaður Síldarútvegsnefndar, annars tekið þetta fram við rannsókn málsins:

Í júnímánuði 1958 hafði Síldarútvegsnefnd orðið þess vör, að fyrirtækið Íslenzkur Fiskur h/f var tekið að salta í heimildarleysi í stórum stíl sykur- og kryddsíld (um 3000 tunnur), og lagði þá fyrir framkvæmdastjóra nefndarinnar að afgreiða ekki fyrst um sinn sykur til félagsins, en undanfarin 24 ár hafa saltendur verið háðir leyfi Síldarútvegsnefndar til söltunar. Þegar Erlendur kom til Siglufjarðar í lok þessa mánaðar (júní 1958), hafi Vigfús Friðjónsson tjáð honum, að hann (Vigfús) væri búinn að selja til Vestur-Þýzkalands 1450 tunnur og til Bretlands 1600 tunnur. Kveðst Erlendur hafa óskað eftir að sjá skilríki þessu til sönnunar hjá Vigfúsi, en því hafi hann (Vigfús) synjað. Kveðst Erlendur þá hafa óskað eftir því við einn nefndarmanna í Síldarútvegsnefnd, Hannibal Valdimarsson, og Jón Stefánsson, framkvæmdastjóra nefndarinnar, að þeir ræddu mál þetta við Vigfús og hafi þeir gert það. Að viðræðum loknum hafi þeir Hannibal og Jón skýrt nefndinni frá því, að þeir hefðu enga sölusamninga eða skilríki fengið að sjá hjá Vigfúsi fyrir umræddri sölu. Segist Erlendur hafa fulla ástæðu til að ætla, að þessi frásögn Vigfúsar Friðjónssonar um sölu og sölumöguleika á síld hafi verið röng, því að til Vestur-Þýzkalands hafi fyrirtæki Vigfúsar Friðjónssonar (Íslenzkur Fiskur h/f) aðeins selt þetta sumar 50 tunnur kryddsíldar. Þegar fór að líða að útskipun síldar til samningslanda Síldarútvegsnefndar, einkum Svíþjóðar og Finnlands, segir Erlendur Þorsteinsson Vigfús Friðjónsson bæði munnlega og bréflega hafa tekið að krefjast þess, að nefndin tæki af honum upp í sölusamninga hennar síld þá, sem fyrirtæki hans hafði þá um sumarið saltað án leyfis nefndarinnar, en áður hafði nefndin heimilað sölu á hluta þessarar síldar til Vestur-Þýzkalands og Bretlands, svo sem áður er getið. Þessum kröfum

hafi nefndin vísað á bug. Út af þessu hafi þáverandi sjávarútvegsmálaráðherra, Lúðvík Jósepsson, beðið hann (Erlend Þorsteinsson) um að hlutast til um, að Síldarútvegsnefnd tæki eitthvað af þessari óleyfilega söltuðu síld Vigfúsar Friðjónssonar eða helzt allt magnið, og hafi lyktir orðið þær, að nefndin samþykkti að taka 1750 kryddsíldartunnur af margnefndu síldarmagni upp í Finnlandssamninga sína. Fyrir þá síld, sem söltuð var 1958, fékkst hærra verð í Finnlandi en á öðrum mörkuðum, og krafðist Vigfús Friðjónsson þess, að honum yrði greitt það verð fyrir fyrrnefnt síldarmagn (1750 tunnur), sem fyrir það fékkst í Finnlandi. Hins vegar segir í 6. gr. reglugerðar frá 22. júní 1952 um sölu og útflutning saltsíldar o. fl., sem enn gildir, að „greiðslu fyrir síldina til síldarsaltenda skal hagað þannig, að síldareigendur fái jafnt verð, miðað við gæði síldarinnar, pökkun og tegundir". Samkvæmt þessu ákvæði hafi fyrirtæki Vigfúsar Friðjónssonar (Íslenzkum Fiski h/f) verið greitt sama verð og öðrum síldarsaltendum fyrir þeirra síld, og verður ekki betur séð en það hefði verið brot á áðurnefndu reglugerðarákvæði, ef svo hefði ekki verið gert.

Til rökstuðnings þeirri staðhæfingu sinni, að formaður og varaformaður Síldarútvegsnefndar séu ekki starfi sínu vaxnir, hefur Vigfús Friðjónsson við rannsókn málsins einnig nefnt það, að veturinn 1958—1959 hafi Síldarútvegsnefnd reynt að undirbjóða félag hans (Íslenzkan Fisk h/f) á dönskum síldarmarkaði, og svo alvarlega segir hann þessa framkomu nefndarinnar hafa verið, að erlendir kaupendur hafi kvartað undan henni. Segir Vigfús hafa legið við borð, að félag það, sem hann veitir forstöðu, hafi glatað sölumöguleikum við sænska síldarkaupmenn út af þessu. Kveðst Vigfús hafa selt síld frá fyrirtæki sínu til Svíþjóðar fyrir sænskar kr. 121.50 f.o.b., en Síldarútvegsnefnd fyrir sænskar kr. 111.50 f.o.b.

Hefur Vigfús til sönnunar þessu lagt fram símskeyti frá H. H. Kristensen, dagsett í Gautaborg 28. janúar 1959, þar sem segir, að samningum Íslenzks Fisks h/f um sölu á 1300 tunnum sé stefnt í hættu vegna framboðs Síldarútvegsnefndar á 1000 tunnum af sykursíld fyrir kr. 111.50 f.o.b.

Út af þessu hefur Erlendur Þorsteinsson, formaður Síldarútvegsnefndar, bent á, að samkvæmt 11. gr. laga nr. 74/1934 hafi sjávarútvegsmálaráðherra löggilt Síldarútvegsnefnd sem einkaútflytjanda á saltaðri síld 1958. Auk þess hefur hann tekið fram, að samkvæmt 3. gr. sömu laga megi enginn bjóða til sölu eða

selja til útlanda saltaða síld, nema með leyfi nefndarinnar. Ekki hafi Vigfús Friðjónsson eða fyrirtæki hans fengið leyfi Síldarútvegsnefndar til að bjóða saltaða síld til sölu á dönskum markaði eða sænskum. Hafi Vigfús gert það, hafi það verið gagnstætt lögum. Erlendur segir þá Jón Leopold Þórðarson hafa reynt að kynna sér, hvort Íslenzkur Fiskur h/f hafi raunverulega selt umrædda síld til Svíþjóðar fyrir hærra verð en Síldarútvegsnefnd hafi samið um við sænska síldarkaupendur, og ef svo hefði verið, hverju slíkt hefði sætt, en engin svör hefðu þeir fengið við þeim eftirgrennslunum.

Hér verður ekki tekin afstaða til þess, hvort fyrirtæki það, sem Vigfús Friðjónsson veitir forstöðu, Íslenzkur Fiskur h/f, hafi raunverulega selt eða gert samning um sölu saltsíldar til Svíþjóðar veturinn 1958—1959 fyrir hærra verð en Síldarútvegsnefnd fékk í þessu landi fyrir síld annarra saltsíldarframleiðenda, né heldur hvort hann hafi með því háttalagi sínu, ef um það var raunverulega að ræða, gerzt brotlegur við íslenzk lög um sölu og sölutilraunir á saltsíld erlendis.

Aðeins er því slegið föstu, að það sanni á engan hátt, að formaður og varaformaður Síldarútvegsnefndar séu ekki starfi sínu vaxnir, þótt Vigfús Friðjónsson hafi selt eða gert tilraunir til að selja saltsíld framleidda af fyrirtæki því, sem hann veitir forstöðu, fyrir hærra verð til Svíþjóðar en Síldarútvegsnefnd tókst að fá í þessu sama landi fyrir saltsíld annarra framleiðenda, enda mun nefndin öll, en ekki einhverjir tveir nefndarmenn, hafa borið ábyrgð á slíkri sölu, eins og öllum hennar gerðum, hvort sem þær kunna að takast betur eða miður.

Verður því samkvæmt því, sem hér að framan segir, að telja, að ummælin undir þessum lið, sem birtust í áðurnefndu blaði, um formann og varaformann Síldarútvegsnefndar séu ósönnuð og eigi ekki rétt á sér.

II. . . . „Þeir hafa misnotað aðstöðu sína í S.Ú.N. á ýmsan hátt. M. a. hnuplað af saltendum á 5 árum um það bil 1½ milljón króna, sem nefndin hefur nú verið dæmd til að endurgreiða þeim.“ Hér mun aftur vera átt við formann og varaformann Síldarútvegsnefndar, þar sem talað er um þá í margnefndu blaðaviðtali. Þessa aðdróttun sína segir Vigfús Friðjónsson vera studda þeim rökum, að veturinn 1958—1959 hafi gerðardómur úrskurðað, að Síldarútvegsnefnd skyldi greiða Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi samtals kr. 863.651.73 ásamt vöxtum

sem oftekinn kostnað vegna síldarleitar á árunum 1954—1957, að báðum árum meðtöldum. Erlendur Þorsteinsson, formaður Síldarútvegsnefndar, kveðst ekki geta skilið fyrrgreind ummæli á annan hátt en að með þessu sé honum og varaformanni Síldarútvegsnefndar, Jóni Leopold Þórðarsyni, brugðið um beinan þjófnað. Telur hann, að ágreiningur sá, er varð milli síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Síldarútvegsnefndar um færslu gjalds vegna síldarleitar, réttlæti á engan hátt þessi ummæli. Hafi ágreiningur orðið milli fyrrnefndra aðilja um gjald þetta í áðurnefnd 4 ár, og hafi Jón Leopold verið formaður Síldarútvegsnefndar öll þau ár, en Erlendur Þorsteinsson varaformaður nefndarinnar í aðeins eitt ár af þessum fjórum. Hafi öll nefndin og framkvæmdastjóri hennar verið sammála um að færa síldarleitarkostnaðinn öll árin á þann hátt, sem gert var. Einnig hafi endurskoðendur Síldarútvegsnefndar enga athugasemd gert við reikninga nefndarinnar öll þessi ár.

Um þetta atriði er það annars að segja, að ljóst virðist eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, að ágreiningur hafi staðið milli Síldarútvegsnefndar í heild og Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi áðurnefnd 4 ár um það, hvernig skilja beri ákvæði laga um ákvörðun og skiptingu kostnaðar við síldarleit úr lofti, og úrskurðaði gerðardómur, að þeir, sem sæti áttu í Síldarútvegsnefnd, hefðu lagt rangan skilning í viðkomandi ákvæði laga, og bæri nefndinni því að endurgreiða síldarsaltendum á nefndu svæði fyrrnefnda fjárupphæð. Telst þetta á engnn hátt sanna það, að núverandi formaður og varaformaður nefndarinnar hafi hnuplað umræddri fjárhæð af síldarsaltendum, og verður að telja staðhæfingar um það í umtalaðri blaðagrein með öllu órétt-mætar.

b. .... „Þá hafa þeir notað fé nefndarinnar til vafasamra húsakaupa, til að kaupa skúrræfla af félögum, sem þeir eru hluthafar í, fyrir hundruð þúsunda."

Einnig hér virðist í margnefndu blaðaviðtali vera átt við þá Erlend Þorsteinsson, formann Síldarútvegsnefndar, og Jón Leopold Þórðarson, varaformann nefndarinnar.

Í því skyni að færa þessum fullyrðingum stað, hefur Vigfús Friðjónsson við rannsókn málsins tekið fram, að snemma sumars 1958 hafi Síldarútvegsnefnd keypt 2 skúrræfla, að því er hann telur af hlutafélaginu Pólstjörnunni h/f, sem Jón Leopold, varaformaður nefndarinnar, mun vera hluthafi í, fyrir kr. 200.000.00 ásamt lóðarréttindum. Standi skúrar þessir á baklóðum milli

Lækjargötu og Grundargötu hér í kaupstaðnum. Segir Vigfús Friðjónsson þá, sem fylgzt hafa með verðlagi á fasteignum hér á Siglufirði, vita, að hér sé um óeðlilega verzlun að ræða.

Út af ummælum þeim, sem hér um ræðir, hefur formaður Síldarútvegnsnefndar, Erlendur Þorsteinsson, tekið fram, að þau 23 ár, sem hann hefur verið í Síldarútvegsnefnd eða starfað hjá henni, hafi nefndin aldrei keypt fasteignir, lóðir eða annað af honum persónulega eða hlutafélögum þeim, sem hann hefur verið hluthafi í. Umræddar lóðir og hús, segir formaður nefndarinnar ekki hafa verið keyptar af Pólstjörnunni h/f, heldur af Höfðavík h/f. Eignir þessar liggi að Tunnuverksmiðju ríkisins á Siglufirði, en verksmiðjuna vanti geymsluhús fyrir tunnur. Telur formaðurinn kaup þessara eigna hafa verið mjög hagkvæm, eins og sjá megi af því, að allir nefndarmenn hafi verið sammála um kaupin, og enn fremur því, að nokkru eftir kaupin á þessum lóðum hafi Síldarútvegsnefnd fest kaup á tiltekinni húseign hér í bænum fyrir kr. 250.000.00, hafi það síðan verið rifið og hafi stærð þessarar lóðar verið ⅓ hluti af stærð hinna lóðanna, sem gerðar eru að umtalsefni í blaðagreininni, sem hér er rætt um. Á þeim lóðum hafi staðið gamlar byggingar, sem seldar voru til niðurrifs. Hafi eignirnar alls ekki verið keyptar með tilliti til bygginga þessara, heldur lóðanna í áðurnefndu skyni. Það skal tekið fram, að Síldarútvegsnefnd hefur með höndum stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins samkvæmt lögum þar að lútandi. Jón Leopold Þórðarson mun eiga einhvern hlut í Höfðavík h/f, sem margnefndar lóðir voru keyptar af. Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið, verður ekki séð, að sannað hafi verið á neinn hátt, að núverandi formaður og varaformaður Síldarútvegsnefndar hafi notað fé nefndarinnar til vafasamra húsakaupa né í því skyni að hagnast á slíkum kaupum persónulega, eins og látið er liggja að í umræddu blaðaviðtali.

Verður því að telja ummæli þessi óréttlætt og marklaus.

c. .... „Þeir hafa með fyrirhyggjuleysi eyðilagt tómtunnubirgðir í stórum stíl. Hefur nefndin nú verið látin greiða saltendum hátt í milljón kr. bætur fyrir sölu á skemmdum umbúðum."

Ekki verður annað séð en að framangreindar staðhæfingar, eins og þær eru settar fram í margumræddu blaðaviðtali, eigi við núverandi formann og varaformann Síldarútvegsnefndar, eins og aðrar staðhæfingar og aðdróttanir í viðtali þessu. Til rökstuðnings þessum ummælum hefur Vigfús Friðjónsson við rann-

sókn málsins lýst því, að veturinn 1957—1958 hafi verið hrúgað saman á svonefndri „Sunnu"-lóð um 50—60 þúsund tunnum, þar af allmiklu magni af saltfullum tunnum. Um vorið 1958 hafi komið í ljós, að tunnur þessar voru stórskemmdar eftir veðrabrigði vetrarins og því verið lítt nothæfar undir síld. Segir hann miklu af þessu tunnumagni hafa verið deilt með valdboði, að því er hann telur, niður á saltendur hér á Siglufirði, þannig að þeir hafi þurft að taka 60% af þessum gölluðu tunnum, ef þeir áttu að fá 40% af ógölluðum tunnum til söltunarinnar. Þessar gölluðu og skemmdu tunnur segir Vigfús hafa valdið því, að síldin, sem í þær var látin, hafi skemmzt og verið illseljanleg. Hafi þetta valdið síldarsaltendum miklu tjóni og aukakostnaði og einnig telur hann það hafa verið ábyrgðarlaust að senda síldina á erlendan markað í slíkum umbúðum. Hafi máli þessu lyktað með því, að síldarsaltendur hafi kosið nefnd til að ræða málið við Síldarútvegsnefnd og krefjast skaðabóta fyrir tiltækið. Hafi nefndin í viðræðum þessum fallizt á að selja saltendum tunnur þessar með 25 króna afslætti á hverja tunnu, og telur Vigfús skaðabætur þessar hafa numið á aðra milljón króna. Þá hefur Vigfús Friðjónsson látið þess getið, við rannsókn málsins, að hann telji, að „Sunna h/f", sem formaður Síldarútvegsnefndar, Erlendur Þorsteinsson, er hluthafi í, hafi fengið greidda ríflega leigu fyrir lóðina, sem tunnur þessar voru geymdar á. Telur Vigfús, að forráðamenn Síldarútvegsnefndar beri ábyrgð á því gífurlega tjóni, sem hann telur síldarsaltendur hafa haft af þessum tunnuskemmdum, því að auðvelt hafi verið, að hans áliti, að fá húsnæði fyrir allar þessar tunnur yfir veturinn í mjölgeymsluhúsi Síldarverksmiðja ríkisins og víðar.

Út af þessu ádeiluatriði og ummælum hefur formaður Síldarútvegsnefndar tekið fram við rannsókn málsins, að á undanförnum árum, allt frá lokum síðustu styrjaldar, hafi nefndin haft með höndum innflutning og sölu allra síldartunna, sem til landsins hafa verið fluttar. Hafi nefndinni aldrei þótt varlegt að hafa minni tunnubirgðir í vertíðarbyrjun en sem svarar 10% fram yfir gerða sölusamninga. Árið 1957 hafi verið gerðir fyrirfram samningar um sölu á 320 þúsund tunnum Norðurlandssíldar og hafi Síldarútvegsnefnd birgt sig upp af tunnum í samræmi við þetta. Hins vegar hafi það farið svo, að aðeins hafi þetta sumar verið saltaðar rúmlega 150 þúsund tunnur af Norðurlandssíld og hafi því nefndin um haustið átt gífurlegar tómtunnubirgðir. Segir formaður nefndarinnar hafa verið komið fyrir í geymslu

öllum þeim tómtunnum, sem unnt reyndist að fá pláss fyrir í húsum inni, en óhjákvæmilegt hafi reynzt að geyma talsvert af tunnubirgðum úti um veturinn. Hafi það mörg undanfarin ár tíðkazt að geyma tómtunnur úti um veturinn, án þess að tjón hafi af því hlotizt, og er það skoðun formannsins, að geymsluskemmdirnar, sem komu fram á umræddum tunnum, hafi stafað af slæmu efni í þeim. Telur hann það vera fleipur eitt hjá Vigfúsi Friðjónssyni, að fáanlegt hafi verið húspláss til tunnugeymslu á Siglufirði nefndan vetur fyrir meiri birgðir en geymdar voru inni. Neitar formaður nefndarinnar því eindregið, að það hafi við nokkur rök að styðjast, að tunnuskemmdirnar, sem hér er rætt um, hafi verið að kenna fyrirhyggjuleysi hans og varaformanns Síldarútvegsnefndar, en hitt sé rétt, að nefndin hafi selt saltendum skemmdu tunnurnar með afslætti.

Þá hefur Erlendur Þorsteinsson tekið fram, vegna aðdróttana Vigfúsar Friðjónssonar í framburði hans við rannsókn þessa máls, að „Sunna h/f" hafi fengið greidda ríflega leigu fyrir lóðina, þar sem tunnurnar voru geymdar, að hann hafi undanfarin 5 ár haft með höndum umsjón með söltun síldar fyrir söltunarstöð þessa félags og snerti þessar aðdróttanir hann því. Sannleikann í máli þessu segir Erlendur vera þann, að meginhlutinn af margnefndum tunnubirgðum hafi verið geymdur á lóð, sem „Sunna h/f" á, en leigir öðru fyrirtæki (Dröfn h/f), og hafi það fyrirtæki að sjálfsögðu fengið mest af leigunni fyrir tunnugeymsluna, en „Sunna h/f" aðeins lítinn hluta hennar. Hvorki formaður né varaformaður nefndarinnar muni vera hluthafi í Dröfn h/f né á annan hátt bundinn því fyrirtæki.

Hér verður ekki tekin afstaða til þess, hvort síldarsaltendur hafi raunverulega skaðazt á því, að fyrrnefndar tómtunnubirgðir voru geymdar úti veturinn 1957—1958, eins og haldið er fram í margnefndu viðtali við Vigfús Friðjónsson í Kosningablaði Alþýðubandalagsins í Siglufirði 24. júní 1959. Hitt verður að telja með öllu ósannað, að formaður og varaformaður Síldarútvegsnefndar hafi með „fyrirhyggjuleysi eyðilagt tómtunnubirgðir í stórum stíl", eins og staðhæft er í þessu viðtali. Verður ekki séð, eftir því sem hér að framan er rakið, að þessir tveir nefndarmenn hafi öðrum nefndarmönnum framar átt hlut að þessari ráðstöfun, og verður því að telja einnig þessa staðhæfingu órétt-lætta og marklausa.

d. .... „Einnig hafa þeir bruðlað með fé saltenda á fleiri sviðum."

Þessi síðast tilfærða staðhæfing í nefndu viðtali virðist, eins og önnur ummæli, sem áður hefur verið vikið að, eiga við þá Erlend Þorsteinsson, formann Síldarútvegsnefndar, og Jón Leopold Þórðarson, varaformann nefndarinnar. Til rökstuðnings þessum ummælum hefur Vigfús Friðjónsson við rannsókn málsins haldið því fram, að undanfarin 3 sumur, miðað við sumarið 1959, hafi Síldarútvegsnefnd selt saltendum sykur á rúmlega 1 kr. dýrara kg en hæsta verð er hjá heildsölum. Hafi heildsöluverð að undanförnu að sögn Vigfúsar verið kr. 3.20, meðalverð pr. kg. Árið 1959 hafi Síldarútvegsnefnd áætlað söluverð á sykri kr. 4.45 pr. kg og sumarið 1958 hafi nefndin selt hvert kg á kr. 4.45, en árið 1957 kr. 4.65 pr. kg. Kveðst Vigfús telja, að nefndin ætti að geta selt sykurinn mun ódýrar en heildsalar, þar eð mikið magn sé keypt í einu og því auðvelt að fá sykurinn fyrir lægra verð. Með þessari ráðstöfun telur Vigfús Friðjónsson, að síldarsaltendur hafi greitt rúmlega einnar milljón króna hærra verð fyrir sykurinn, sem þeir keyptu af Síldarútvegsnefnd, en verðlagsákvæði heimila.

Út af þessum lið staðhæfinga þeirra, sem fram koma í nefndu viðtali við Vigfús Friðjónsson, hefur Erlendur Þorsteinsson, formaður Síldarútvegsnefndar, tekið fram við rannsókn málsins, að síldarsaltendur séu ekki skyldugir til að kaupa sykurinn til söltunarinnar af nefndinni, heldur séu þeir frjálsir að kaupa hann, hvar sem þeim sýnist. Segir hann nefndina á hverju ári hafa óskað tilboða í sykursöluna frá þeim tveimur aðiljum hérlendum, sem aðallega flytja inn sykur, þ. e. S.Í.S. og Impuni, hafi verðtilboðin a.m. k. oftast verið eins hjá þessum aðiljum og kaupunum skipt milli þeirra. Ýmsan kostnað, sem formaðurinn hefur tilgreint, segir hann leggjast á sykurinn, eftir að nefndin hefur keypt hann. Sykurinn sé síðan verðjafnaður, þannig að síldarsaltendur fái hann fyrir sama verð, hvar sem þeir eru á landinu.

Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins, sem talið verður hnekkja þeim staðhæfingum Erlends Þorsteinssonar, formanns Síldarútvegsnefndar, að síldarsaltendum sé frjálst að kaupa sykur til síldarsöltunar, hvar sem vera skal, og þurfi því ekki, fremur en þeim lízt, að kaupa hann af nefndinni, og ekki heldur því, að sykur sá, sem saltendur kaupa af nefndinni, kunni að vera dýrari en ella vegna ýmiss kostnaðar, sem á hann leggst og vegna verðjöfnunar. Allra sízt verður það þó talið sannað, að jafnvel þótt síldarsaltendur þyrftu að kaupa sykur af Síldar-

útvegsnefnd á hærra verði en annars staðar er unnt að fá hann fyrir, sé það persónulega að kenna þeim Erlendi Þorsteinsyni, formanni Síldarútvegsnefndar, og Jóni Leopold Þórðarsyni, varaformanni nefndarinnar. Verða því ummælin í margnefndu blaðaviðtali, sem felld eru undir þanna staflið, enn talin ósönnuð og óréttlætt.

III. .... „Ég tel, að hún hafi enga heimild til þess, en misnoti hins vegar óljós atriði í reglugerðinni, sem tiltekur vald hennar, til að gera hluti, sem löggjafinn hefur ekki ætlazt til að hún geri og sem engin heilbrigð skynsemi mælir með. Með þessu tiltæki skaðar hún sjómenn, landverkafólk, útgerðarmenn og síldarsaltendur og þjóðina í heild um dýrmætan gjaldeyri“ ....

Með þessum ummælum mun vera átt við Síldarútvegsnefnd í heild, en ekki formann hennar eða varaformann öðrum fremur. Ekki hefur Vigfús Friðjónsson, sem viðtalið birtist við, gert tilraun til þess við rannsókn málsins, að því er séð verður, að færa þessum ummælum um nefndina stað að neinu leyti. Verður því að telja staðhæfingar undir þessum tölulið ósannaðar og marklausar.

Vigfús Friðjónsson tók það fram við rannsókn málsins, að þar sem hann talar um formann og varaformann Síldarútvegsnefndar í viðtalinu við Kosningablað Alþýðubandalagsins í Siglufirði 24. júní 1959, eigi hann einnig við aðra forráðamenn nefndarinnar, sem stóðu að þeim samþykktum hverju sinni, sem þar er rætt um og nefndin byggði þær aðgerðir sínar á, sem hann taldi vera aðfinnsluverðar. Eins og ummælin eru framsett í viðtalinu, verða þau þó naumast skilin á annan veg en þann, að þau eigi aðeins við formann og varaformann nefndarinnar, a. m. k. þau ummæli, sem tekin eru til meðferðar undir tölulið I og II hér að framan, að meðtöldum stafliðum a-d undir tölulið II.

Það skal tekið fram til skýringar því, að eingöngu er vitnað í framburð Erlends Þorsteinssonar, formanns Síldarútvegsnefndar, hér að framan, að Jón Leopold Þórðarson, varaformaður nefndarinnar, hefur að öllu leyti staðfest það, sem Erlendur hefur borið um málavexti við rannsókn málsins, sem rétt, að svo miklu leyti sem hann hefur getað um það borið.

Ákærði Ármann Jakobsson héraðsdómslögmaður var ábyrgðarmaður Kosningablaðs Alþýðubandalagsins í Siglufirði, sem framangreind ummæli birtust í. Verður hann því talinn bera ábyrgð á ummælum þessum eftir reglum laga nr. 57/1956 um prentrétt, enda birtust þau ekki í ritsmíð, ritaðri undir nafni.

Með birtingu ummæla þeirra, sem greind eru undir liðum I—

III hér að framan, telst ákærði sem ábyrgðarmaður blaðsins, sem þau birtust í, og með tilliti til þess, að ummælin beinast gegn opinberum starfsmönnum og snerta starf þeirra sem slíkra, hafa gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 16. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Þykir refsing hans samkvæmt nefndum lagagreinum hæfilega ákveðin 2.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt niðurstöðum, sem áður hefur verið komizt að viðkomandi umræddum ummælum hverjum fyrir sig, að ómerkja þau með vísan til 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Telja verður, að ummæli þau, sem rakin eru undir töluliðum I—II hér að framan, séu móðgandi og til þess fallin að valda þeim, sem þau beinast gegn, þ. e. þeim Erlendi Þorsteinssyni, formanni Síldarútvegsnefndar, og Jóni Leopold Þórðarsyni, varaformanni nefndarinnar, álitshnekki. Með tilvísan til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga þykir bera að dæma ákærða til að greiða þeim Erlendi Þorsteinssyni og Jóni Leopold Þórðarsyni bætur af þessum sökum, sem þykja hæfilegar kr. 1.500.00 til hvors um sig.

Þá þykir rétt samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga að dæma ákærða til greiðslu kostnaðar við birtingu dóms þessa í opinberu blaði. Þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 200.00. Samkvæmt framangreindum niðurstöðum ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Eftir að mál þetta var þingfest, varð allmikill dráttur á rekstri þess. Stafaði dráttúrinn sumpart af framlengdum fresti, sem ákærða var veittur til að skila vörn sinni, og sumpart stafaði hann af önnum og fjarveru dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Ármann Jakobsson, greiði kr. 2.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Ákærði greiði Erlendi Þorsteinssyni og Jóni Leopold Þórðarsyni fébætur, kr. 1.500.00 hvorum. Ákærði greiði áðurnefndum Erlendi Þorsteinssyni og Jóni Leopold Þórðarsyni kr. 200.00 til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði.

Hann greiði allan sakarkostnað.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1961.

Nr. 97/1961. **Anton Björnsson**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Anton Högnason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1961.

Nr. 19/1960. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
(Þorvaldur Ari Arason hdl.)
gegn
Sigurði Á. Magnússyni og Stefáni Einarssyni
(Agnar Gústafsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor

Íbúðarhús í Reykjavík var vegna mistaka bæjarstarfsmanna á sviði byggingarmála reist á of lágum grunni, miðað við götuhæð. Eigendum hússins dæmdar bætur úr bæjarsjóði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi.

Hinn áfrýjaða dóm, sem eigi hefur verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefndu, Sigurði Á. Magnússyni og Stefáni Einarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., hafa Sigurður Ármann Magnússon og Stefán Einarsson, báðir hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 9. nóvember 1955, gegn borgarstjóranum í Reykjavík fyrir hönd Reykjavíkurbæjar til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 67.700.00, auk 6% ársvaxta frá 30. október 1952 til greiðsludags, matskostnaðar, að fjárhæð kr. 8609.00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra að skaðlausu. *Til vara* krefst stefndi, að kröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Stefnendur reisa dómkröfur sínar á því, að við byggingu húss þeirra nr. 90 við Miklubraut hafi þau mistök orðið, að húsið sé rangt staðsett, þannig að það sé 58 cm neðar en vera beri, miðað við götuhæð. Telja stefnendur, að mistök þessi séu að kenna starfsmönnum Reykjavíkurbæjar, og beri stefndi því fé-

bótaábyrgð á tjóni því, sem þeir hafi beðið vegna mistakanna. Hafi tjónið í fyrsta lagi verið í því fólgið, að sprengja hafi þurft mikla klöpp í grunni hússins til þess að koma því niður í þá hæð, sem mælingamenn bæjarins hafi gefið upp, að það ætti að vera í. Þessar sprengingar hafi tafið verkið mjög og haft mikinn kostnað í för með sér. Jafnframt hafi komið í ljós, þegar langt var komið að grafa fyrir húsinu, að mjög erfitt mundi vera að fá nægan halla á skolprörum í gólfplötunni út í holræsið í götunni. Hafi þeim og byggingameistara hússins þá fundizt, að húsið væri sett ískyggilega langt niður, og þeir því farið þess á leit við viðkomandi bæjaryfirvöld að fá að hækka húsið um a. m. k. 15 cm, en þeirri málaleitun hafi verið synjað. Við þessu hafi þeir ekkert fengið aðgert og því haldið byggingu hússins áfram, enda hafi þeir að sjálfsögðu á þeim tíma álitið, að húsið væri rétt staðsett.

Í öðru lagi telja stefnendur, að hin ranga staðsetning hússins hafi haft mikinn aukakostnað í för með sér í sambandi við frágang á lóð og girðingu um hana. Kveðast þeir hafa þurft að grafa lóðina mjög mikið niður til þess að ná henni niður fyrir kjallaraglugga að sunnanverðu. Til þessa verks hafi þeir þurft að fá stórvirka jarðýtu og önnur tæki. Þá hafi þeir orðið að hlaða snyddukant meðfram Stakkahlíðinni, en umrætt hús er hornhús á mótum Miklubrautar og Stakkahlíðar. Snyddukantur þessi sé á annan metra á hæð, en muni sennilega þurfa að hækka vegna hækkunar á Stakkahlíðinni. Vegna hins mikla niðurgraftar á lóðinni segja stefnendur, að hún sé sums staðar svo að segja á föstu, og þar sem hún sé mun lægri en göturnar, sem hún liggur að, sé mikil hætta á því, að vatn muni standa á henni mestan hluta vetrar, en af því leiði, að illmögulegt verði að rækta hana upp. Í þessu sambandi geta stefnendur þess, að í stórrigningum hafi vatn flætt að húsinu úr öllum áttum og runnið inn um kjallarainnganginn og jafnvel inn um kjallaraglugga.

Loks halda stefnendur því fram, að húsið hafi rýrnað verulega í verði vegna hinnar röngu staðsetningar þess, og komi þar margt til, svo sem útlitsspjöll, óhagræði í sambandi við lóðina o. fl.

Yfirmatsmenn hafa með yfirmatsgerð, sem síðar verður nánar rakin, virt framangreind atriði til peningaverðs á kr. 67.700.00, og hafa stefnendur, svo sem áður er fram komið, höfðað mál þetta til greiðslu þeirrar fjárhæðar auk vaxta og kostnaðar.

Stefndi hefur vefengt, að umrætt hús sé svo lágt staðsett, miðað við götuhæð Miklubrautar, eins og stefnendur halda fram. Jafnframt hefur stefndi í fyrsta lagi reist kröfur sínar um sýknu á því, að jafnvel þótt mistök hafi orðið á staðsetningu hússins, þá verði starfsmönnum bæjarins ekki um þau kennt, og komi því ekki til, að Reykjavíkurbær beri fébótaábyrgð á þeim.

Eftir því, sem málið horfir við, þykir rétt að taka framangreindar varnarástæður stefnda þegar til athugunar.

Eftir framkomnum gögnum hófu stefnendur síðla sumars 1949 byggingu hússins nr. 90 við Miklubraut, og var það byggt í samstæðu við húsin nr. 88 og 86 við sömu götu og með grunnfleti húsanna allra í sömu hæð. Húsasamstæða þessi var byggð eftir teikningu, sem einnig var gerð fyrir húsasamstæðuna nr. 80, 82 og 84 við Miklubraut, og eru húsin í samstæðunum tveggja hæða með portlausu risi og kjallara. Bygging beggja húsasamstæðanna var hafin á sama tíma (sumarið 1949), og sami múrarameistari hafði báðar samstæðurnar. Ekki verður annað séð en að við byggingu hússins nr. 90 við Miklubraut hafi verið látin í té venjuleg fyrirgreiðsla af hálfu starfsmanna bæjarins. Gefin var upp götuhæð framan við húsasamstæðuna nr. 86—90 við Miklubraut svo og hæð nagla í tveimur byggingaslám í framhliðarlínu húsanna, sinni í hvorum enda umræddrar húsasamstæðu (sbr. dskj. nr. 19). Ósannað er í málinu gegn mótmælum stefnda, að stefnendur hafi farið þess á leit við viðkomandi bæjaryfirvöld, meðan á grefti fyrir grunni hússins nr. 90 stóð, að þau leyfðu, að húsið yrði hækkað um 15 cm. Hinn 22. september 1949 var botn hússins tekinn út af byggingarfulltrúa, og þá ekki hreyft neinum athugasemdum við hæðarafsetningu hans. Byggingu hússins var lokið á árinu 1951.

Með bréfi, dags. 30. október 1952, til bæjarráðs, halda stefnendur því fram, að húsasamstæðunni nr. 86—90 við Miklubraut hafi verið sökkt 60—90 cm of djúpt í jörð, og telja, að starfsmenn Reykjavíkurbæjar eigi sök á þessum mistökum. Jafnframt krefja þeir í bréfinu Reykjavíkurbæ um bætur fyrir tjón, er þeir hafi beðið af þessum sökum. Málefni þetta mun hafa verið sent bæjarverkfræðingi og byggingarfulltrúa til athugunar. Í ódagsettu bréfi frá þeim, er lagt var fram í bæjarráði 16. ágúst 1953, segir meðal annars svo: „Þegar litið er á meðfylgjandi uppdrátt af húsasamstæðunum (samþ. 28. júlí '49 fyrir Miklubraut 80, 82 og 84) sést greinilega, að húsin Miklubraut 86—90 eru ekki byggð í réttri hæð miðað við götuna, eins og hún á

að verða. Hins vegar eru húsin Miklubraut 80—84 eins rétt og á verður kosið ....“

Þar sem stefndi mun ekki hafa viljað sinna kröfum stefnenda í fyrrgreindu bréfi, gerist það næst, að eftir beiðni lögmanns þeirra, dags. 21. júlí 1954, voru hinn 27. s. m. tveir hæfir og óvilhallir menn dómkvaddir í bæjarþingi Reykjavíkur til þess að meta til fjár tjón það, sem af því hafi leitt, að húsið nr. 90 við Miklubraut hafi verið staðsett dýpra við götuna en rétt hafi verið. Er þess beiðzt, að tjónið verði metið í þremur liðum, þessum:

a. Hve mikið byggingarkostnaður eignarinnar hafi hækkað af þessum sökum.

b. Hve mikinn aukakostnað þetta hafi haft í för með sér í sambandi við frágang á lóð og girðingum.

c. Hve mikilli rýrnun þetta muni valda á söluverði eignarinnar.

Í matsgerð hinna dómkvöddu manna, dags. 21. október 1954, segir, að samkvæmt mælingum, sem þeir hafi framkvæmt, hafi húsasamstæðan nr. 86—90 við Miklubraut reynzt vera 58 cm neðar, miðað við endanlega götuhæð, en húsasamstæðan nr. 80—84 við sömu götu. Með tilliti til þeirra ummæla bæjarverkfræðings og byggingarfulltrúa, er áður hafa verið orðrétt tilfærð úr bréfi þeirra til bæjarráðs, að húsin nr. 80—84 við Miklubraut séu „eins rétt og á verður kosið“, kveðast matsmennirnir hafa miðað matsgerðina við það, að húsið nr. 90 væri 58 cm of lágt staðsett miðað við götuhæð.

Kostnaðaraukann undir a-lið matsbeiðninnar virða matsmennirnir á kr. 8000.00. Segir um þetta atriði í matsgerð þeirra, að vegna lækkunar hússins, hafi gröftur fyrir grunni aukizt, sem lækkuninni svarar. Þá hafi, að sögn stefnenda og byggingameistara hússins, lækkunin einnig haft það í för með sér, að sprengja hafi orðið fyrir suðausturhorni hússins og miðstöðvarherbergi. Loks hafi verið nauðsynlegt að leggja sérstakt holræsi í kringum húsið vegna grunnvatns.

Kostnaðaraukann undir b-lið matsbeiðninnar virða matsmennirnir á kr. 7.000.00. Segir svo um þenna lið í matsgerðinni: „Nauðsynlegt hefur verið að lækka lóðina að sama skapi og húsið hefur lækkað, til þess að jarðvegur yrði ekki of hár, miðað við kjallaraglugga. Auk þess eykst kostnaður við að girða lóðina, þar sem hæðarmismunur á lóð og götu verður 58 cm meiri en verið hefði, miðað við rétta staðsetningu hússins.“

Loks virða matsmennirnir verðrýrnun á húsinu vegna hinnar röngu staðsetningar þess 4% af söluverðinu, en án þess að tilgreina ákveðna fjárhæð.

Stefnendur töldu framangreint mat á kostnaðarauka og fjártjóni of lágt, og að beiðni lögmanns þeirra, dags. 5. janúar 1955, voru þrír hæfir og óvilhallir menn dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 10. s. m. til þess að meta yfirmati öll þau atriði, sem mat hafði verið lagt á í undirmatsgerðinni.

Það verður ekki séð, að yfirmatsmennirnir hafi framkvæmt mælingu á hæðarafsetningu hússins nr. 90 við Miklubraut. Segjast þeir í matsgerð sinni hafa við yfirmatið gengið út frá því, að húsið sé staðsett 58 cm neðar en vera beri samkvæmt götuhæð, og vísa um þetta efni til bréfs mælingadeildar bæjarverkfræðings, dags. 29. apríl 1955, (dskj. nr. 9), en þar segir, að mælingar undirmatsmanna, sem áður hafa verið raktar, séu í samræmi við mælingar þær, sem gerðar hafa verið af mælingadeildinni.

Yfirmatsmenn virða aukningu byggingarkostnaðar undir lið a (gröft, sprengingu og holræsi) á kr. 6.500.00. Aukakostnað við frágang á lóð (lækkun lóðarinnar), sem fellur undir lið b í matsbeiðninni, virða þeir á kr. 3.700.00, og eru hvorar tveggja þessar fjárhæðir miðaðar við verðlag á þeim tíma, þegar húsið var byggt. Þar sem girðing hafði ekki verið gerð um lóðina, þegar yfirmatið var framkvæmt (á árinu 1955) né heldur gengið endanlega frá lóðinni, töldu yfirmatsmenn ekki koma til álita, að virða kostnað við framkvæmdir þessar undir lið b, heldur bæri að virða kostnað þenna svo og kostnað við lagfæringu á inngöngum í húsið sem rýrnun á söluverði. Virtu þeir umræddan kostnað á kr. 7.500.00. Þá virtu yfirmatsmennirnir rýrnun á söluverði húseignarinnar vegna útlitsspjalla og óhagræðis, en undir þetta telja þeir koma: fannkyngi á lóð, erfiða þurrkun lóðar og mjög rýrð gróðrarskilyrði í garði, kr. 50.000.00.

Undir rekstri málsins hafa af hálfu stefnda verið lögð fram fjölmörg gögn í því skyni að hnekkja því, að mælingar undirmatsmanna og mælingadeildar bæjarverkfræðings á hæðarafsetningu hússins nr. 90 við Miklubraut séu réttar, þ. e. að húsið sé staðsett 58 cm of lágt við götuna. Þar sem sum hin framlögðu gögn hafa að geyma óaðgengilega útreikninga, fólu dómendur tilteknum byggingaverkfræðingi að mæla hæðarafsetningu umrædds húss. Lauk hann mælingunni, en varð að fara utan, áður en hann gæfi dómendum skýrslu um mælinguna. En þar sem

búizt var við, að verkfræðingur þessi mundi dvelja alllengi erlendis, fólu dómendur öðrum byggingaverkfræðingi að framkvæma nýja mælingu á hæðarafsetningunni. Samkvæmt skýrslu hans til dómsins (dskj. nr. 50) var hvergi meiri munur á mælingu byggingaverkfræðinganna en 1 cm. Er niðurstaða byggingaverkfræðingsins sú, að miðað við fyrirhugaða götuhæð, sé húsasamstæðan nr. 86, 88 og 90 of lágt staðsett um 59 cm, þegar á því sé byggt, að húsasamstæðan nr. 80, 82 og 84 sé „eins rétt og á verður kosið", en ekki verður talið, að þeirri staðhæfingu bæjarverkfræðings hafi verið hnekkt í málinu.

Dómendur hafa farið á vettvang og athugað aðstæður. Þeir hafa að vísu ekki sjálfir framkvæmt hæðarmælingu á staðsetningu umræddds húss, en þeim virtist augljóst, að það væri of lágt staðsett, miðað við hæð götunnar. Að þessu athuguðu og með hæðarmælingum þeim, sem hér að framan hafa verið raktar, þykir nægilega sannað, að húsið nr. 90 við Miklubraut sé 58 eða 59 cm of lágt staðsett miðað við götuhæð.

Það verður ekki til þess ætlazt af stefnendum, að þeir við byggingu hússins hefðu tök á því að hafa hönd í bagga með, hversu djúpt húsið var sett niður við götuna.

Í málinu kemur fram, að fyrirhuguð götuhæð Miklubrautar hefur ekki breytzt, svo neinu nemi, frá því umrætt hús var byggt. Hins vegar verður ekki úr því skorið í þessu máli, hvort hæð nagla í byggingaslám hafi verið rétt gefin upp af starfsmönnum bæjarins, þar eð dómendur líta svo á, að jafnvel þó að svo hefði verið, þá hafi byggingaryfivöldum bæjarins borið að líta eftir því, að botnt hússins væri rétt settur niður, miðað við hæð götunnar, ekki sízt vegna þess að hér var um að ræða tiltölulega langa húsasamstæðu, sem reisa átti með sömu gólfhæð við talsvert hallandi götu. Svo sem áður er fram komið, var botninn tekinn út af byggingarfulltrúa 22. september 1949 og án þess að byggingarfulltrúinn hreyfði þá nokkrum athugsemdum við staðsetningu hans, en dómendur telja, að við úttektina hafi byggingarfulltrúanum borið að sannreyna, hvort botninn væri í réttri hæð, og borið að gefa fyrirmæli um að bæta úr, ef svo var ekki. Kemur í þessu efni m. a. til, að hæðarafsetning húsa við götur skiptir miklu máli um útlit bæjarins í heild svo og um útlit einstakra húsa og notagildi þeirra. Er af framansögðu ljóst, að mistök hafa orðið af hálfu starfsmanna bæjarins um eftirlit með hæðarafsetningu hússins nr. 90 við Miklubraut við

götuna, og þykir stefndi eiga að bera fébótaábyrgð á þessum mistökum starfsmanna sinna.

Í málinu kemur fram, að með afsali, dags 28. maí 1957, hafa stefnendur selt og afsalað öðrum manni efri hæð húseignarinnar nr. 90 við Miklubraut ásamt öðru, hæðinni tilheyrandi í húsinu, svo og lóðarréttindum. Er hið selda talið 40% allrar fasteignarinnar og kaupverðið tiltekið kr. 410.000.00. Þá er og fram komið, að með afsali, dags. 9. júlí 1957, seldu og afsöluðu stefnendur til annars manns tveggja herbergja kjallaraíbúð í umræddu húsi ásamt öðru, tilheyrandi íbúðinni í kjallaranum, svo og lóðarréttindum. Er hið selda talið 20% allrar fasteignarinnar og kaupverðið ákveðið kr. 136.000.00.

Af hálfu stefnda hefur því verið hreyft við munnlegan flutning málsins, að vegna sölu umræddra húshluta séu stefnendur ekki réttir aðiljar málsins, nema að því er varðar þann hluta eignarinnar, er óseldur er. Styður stefndi þetta þeim rökum, að bótakröfur þær, sem hafðar eru uppi í málinu, hafi ekki verið sérstaklega undanþegnar sölunni í afsölunum.

Stefnendur hafa mótmælt umræddri varnarástæðu stefnda.

Í báðum afsölunum, sem liggja fyrir í staðfestu endurriti, er tekið fram, að eignarhlutarnir seljist í því ástandi, sem þeir voru í á afsalsdegi og kaupendur hafi kynnt sér og sætt sig við, og í áritun á afsalið fyrir kjallaraíbúðinni er sérstaklega tekið fram, að seljendur (stefnendur) séu í skaðabótamáli við Reykjavíkurbæ út af því, að húsið sé skakkt sett niður. Að þessu athuguðu þykir sýnt, að kaupendur hafi keypt eignarhlutana með ágöllum þeim, sem á þeim voru, þegar kaupin gerðust, og hefur því umrædd varnarástæða stefnda ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda við munnlegan flutning málsins, að umræddir eignarhlutar Miklubrautar 90 hafi verið seldir fyllsta verði, og hafi stefnendur því ekki beðið neitt tjón vegna þeirra. Hefur af hálfu stefnda verið látið að því liggja, að raunverulegt söluverð eignarhlutanna hafi verið mun hærra heldur en fram komi í afsölunum fyrir þeim. Engin gögn hafa þó verið lögð fram af hálfu stefnda, er styðji síðastgreinda staðhæfingu. Þá þykir sýnt, sbr. áðurgreindar matsgerðir, að báðir eignarhlutarnir, sérstaklega þó kjallaraíbúðin, hefðu selzt hærra verði en raun varð á, hefði húsið verið rétt staðsett við götuna. Umrædd varnarástæða stefnda verður því heldur ekki tekin til greina.

Að því er varðar fjárhæð bótakröfu stefnenda, þá athugast, að hér að framan hafa verið raktar allnákvæmlega að efni til bæði undirmatsgerð og yfirmatsgerð, er stefnendur hafa látið framkvæma til stuðnings fjárkröfum sínum á hendur stefnda. Stefndi hefur vefengt réttmæti matsgerða þessara, en allir yfirmatsmennirnir hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerð sína, og þar sem yfirmatsgerðinni hefur ekki verið hnekkt, þykir verða að leggja hana til grundvallar um fjártjón stefnenda vegna hinnar röngu staðsetningar húss þeirra við Miklubraut, þó að því fráskildu, að rétt þykir að lækka matsfjárhæðina, kr. 7.500.00, vegna endanlegs frágangs lóðar, girðingar um hana og lagfæringar á inngöngum, um 60% eða niður í kr. 3000.00, þar sem verk þessi virðast ekki hafa verið framkvæmd enn þá og áðurgreindir eignarhlutar fasteignarinnar voru seldir í því ástandi, sem þeir voru í á afsalsdegi, og því má ætla, að hinum nýju eigendum eignarhlutanna beri að standa straum af kostnaði við umrætt verk í hlutfalli við eign þeirra í fasteigninni allri.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 63.200.00 (kr. 6.500.00 + 3.700.00 + 3.000.00 + 50.000.00) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 13.600.00, og er þá talinn með hinn umstefndi matskostnaður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Finnboga Rúti Þorvaldssyni prófessor og Birni Rögnvaldssyni byggingameistara.

Vegna veikinda formanns dómsins um nær hálfs mánaðar skeið, og þar sem mál þetta er allumfangsmikið, hefur dómur eigi orðið kveðinn upp í því fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurbæjar, greiði stefnendum, Sigurði Ármanni Magnússyni og Stefáni Einarssyni, kr. 63.200.00 með 6% ársvöxtum frá 30. október 1952 til greiðsludags og kr. 13.600.00 í málskostnað, og er þar með talinn matskostnaður, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1961.

Nr. 52/1961. **Guðlaug Helga Sveinsdóttir,**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Elí Auðunarsyni
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor

Fjármál hjóna. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 6. marz 1961. Í Hæstarétti hefur áfrýjandi uppi þessar kröfur: *Aðallega* að hún verði sýknuð af kröfum stefnda, en *til vara,* að kröfur þær, sem stefndi hefur lýst í bú þeirra eiginmanns áfrýjanda, verði taldar sérkröfur á hendur eiginmanni hennar, Ólafi Jónssyni, og goldnar af hjúskapareign hans eða að áfrýjandi hljóti endurgjald sem kröfum svarar af hjúskapareign beggja hjónanna, að frádregnum skuldum. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í héraðsdómi er því rækilega lýst, að krafa sú, er stefndi lýsti í bú þeirra áfrýjanda og eiginmanns hennar, stafar af bifreiðakaupum hans. Telja verður, að bifreið þessi hafi verið hjúskapareign eiginmanns áfrýjanda. Samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1923 ber áfrýjandi ekki ábyrgð á téðri kröfu, enda er ekki sannað, að áfrýjandi hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á henni. Í 48. gr. sömu laga er boðið, að við búskipti vegna skilnaðar skuli kanna sjálfstætt hjúskapar-

eignir hvors hjóna um sig og þær skuldir, sem á hvoru hjóna hvíli. Ber því að halda aðgreindum hjúskapareignum hjónanna og ganga úr skugga um sérskuldir hvors um sig. Kröfu stefnda um greiðslu 20.000 króna ásamt vöxtum, eins og lýst er í héraðsdómi, er samkvæmt framansögðu ranglega beint gegn áfrýjanda, og ber að sýkna hana af henni.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðlaug Helga Sveinsdóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Elís Auðunarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 14. febrúar 1961.

Sóknaraðili máls þessa, Elí Auðunarson húsasmiður, Þinghólsbraut 2 í Kópavogi, hefur gert þær réttarkröfur, að félagsbúi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur verði með úrskurði skiptaréttarins gert að greiga sér kr. 20.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. september 1958 til greiðsludags. Enn fremur krefst hann þess, að félagsbúinu og Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur verði gert að greiða in solidum málskostnað að mati skiptaréttarins.

Ólafur Jónsson hefur samþykkt þessa kröfu sóknaraðilja, en varnaraðilinn Guðlaug Helga Sveinsdóttir hefur krafizt þess, *aðallega* að þessari fjárkröfu sóknaraðilja verði með öllu hrundið, en *til vara,* að hún verði aðeins greidd af búshelmingi Ólafs Jónssonar í félagsbúinu. Hvor kosturinn, sem tekinn yrði, er þess krafizt, að sóknaraðilja verði gert að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 7. þessa mánaðar.

Þau Ólafur Jónsson bifreiðastjóri, nú til heimilis að Bugðulæk 13, og Guðlaug Helga Sveinsdóttir, nú til heimilis að Mjölnisholti 6, gengu í hjónaband í ágústbyrjun 1951. Hinn 15. október 1957 er hjónaskilnaðarmál þeirra hjóna tekið fyrir hjá borgardómaranum í Reykjavík samkvæmt kröfu konunnar. Ekki varð samkomulag um skiptingu eignanna, og var því atriði vísað til

aðgerða skiptaréttarins. Þann 5. marz 1958 ritar umboðsmaður konunnar bréf til skiptaréttarins, þar sem hann óskar þess, að bú þeirra hjóna verði tekið til opinberra skipta, og fylgdi með bréfi þessu endurrit úr hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur.

Skilnað að borði og sæng fengu aðiljar með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. júní 1958, rskj. 19 í máli þessu.

Uppskrift á eignum félagsbúsins fór fram hér í skiptaréttinum hinn 11. marz 1958, að báðum aðiljum viðstöddum. Komu fram við uppskriftina auk húsmuna ýmissa íbúð að Bústaðavegi 67 svo og bíllinn R 870 (De Soto 1947). Skal þess getið, að samkvæmt upplýsingum bifreiðaeftirlits ríkisins fékk bifreið þessi skrásetningarnúmerið R 8259 hinn 2. desember 1958, og var hún svo seld á uppboði þannig skrásett. Var ákveðið í lok uppskriftar að taka búið til opinberra skipta og enn fremur, að gefin yrði út innköllun til skuldheimtumanna. Sjá að öðru leyti endurrit af skiptabók, rskj. nr. 20 í máli þessu.

Innköllun til skuldheimtumanna í félagsbúi þessu var síðan gefin út hinn 14. marz 1958 og birt síðan í Lögbirtingablaðinu hinn 10. apríl sama ár.

Sóknaraðili, Elí Auðunarson, lýsir hinn 21. maí 1958 20.000.00 króna víxilkröfu í félagsbúið, og barst kröfulýsing hans hingað til embættisins hinn sama dag, sbr. rskj. nr. 2.

Kröfugerð sóknaraðilja byggist á skuldaryfirlýsingu Ólafs Jónssonar, ritaðri í víxilformi og með samþykki Ólafs árituðu. Skjal þetta hljóðar um 20 þúsund krónur. Það er dagsett hinn 5. maí 1958 og tilgreinir 5. september sama árs sem greiðsludag, og krefst sóknaraðili og 7% ársvaxta af skuldinni frá þeim degi, en þá voru almennir víxilvextir 7%. Hefur skjal þetta verið lagt fram í málinu sem rskj. nr. 4. Í kröfulýsingunni á rskj. nr. 2 var þess getið, að krafan væri tryggð með 2. veðrétti í íbúð að Bústaðavegi 67, eign félagsbúsins, og hefur tryggingarbréf þar að lútandi verið lagt fram í málinu sem rskj. nr. 17. Upphæð þess er kr. 20.000.00, og er það útgefið til Kauphallarinnar sem víxilskuldatrygging af Ólafi Jónssyni hinn 4. júlí 1957. Því er þinglýst hér við embættið hinn 5. júlí 1957. Á það er enn fremur ritað framsal Kauphallarinnar til Elís Auðunarsonar, dags. 5. maí 1958.

Að öðru leyti er kröfugerð sóknaraðilja rökstudd með tilvísan til yfirlýsingar Ólafs Jónssonar á rskj. 3 og rskj. 13 og á þessa leið:

Ólafur Jónsson kaupir bílinn R 870 af Hannesi Kolbeins hinn

20. júlí 1956 fyrir 50 þúsund krónur. Í því sambandi tekur hann víxillán hjá Kauphöllinni, 25 þúsund krónur, með gjalddaga haustið 1956. Til þess að greiða víxilskuld þessa tekur hann lán hjá sóknaraðilja, 10 þúsund krónur, og skyldi endurgreiða þá fjárhæð vorið 1957, en er þar kom, gat Ólafur það ekki með öðru móti en því að taka að nýju víxillán hjá Kauphöllinni hinn 4. júlí 1957, og nú að upphæð kr. 20 þúsund. Um leið veðsetti Ólafur Kauphöllinni eignarhluta sinn í Bústaðavegi 67 fyrir víxilskuldinni, sjá áður umgetið tryggingarbréf, rskj. 17.

Nú kom að því, að Ólafur þurfti að greiða hina veðtryggðu víxilskuld í Kauphöllinni. Fékk hann þá enn peningalán, kr. 20 þúsund, hjá sóknaraðilja, Elí Auðunarsyni, og er það sú fjárhæð, sem skjalið á rskj. 4 á við og nú er krafizt endurgreiðslu á úr félagsbúinu. Gengu þeir peningar til Kauphallarinnar, og jafnframt framseldi Kauphöllin sóknaraðilja tryggingarbréfið á rskj. 17.

Þannig heldur sóknaraðili því fram, að hér sé um að ræða endurnýjun og raunar ítrekaða endurnýjun á fyrri víxilskuld. Til þessarar skuldar hafi verið stofnað hinn 20. júlí 1956, meðan hjúskapur þeirra Ólafs og Guðlaugar Helgu var við líði og vegna kaupa á bíl, sem Ólafur hafi haldið úti á bifreiðastöð, sjá vottorð á rskj. 15, og hafi afrakstur þeirra ökustarfa að sjálfsögðu gengið til framfærslu heimilis þeirra hjónanna. Bíllinn hafi orðið eign félagsbúsins við kaupin, og við uppboðið hinn 9. desember 1958 hafi uppboðsverð hans gengið til búsins. Sé hér því ljóslega um að ræða skuld, sem félagsbúinu beri að ljúka. Bent er á endurrit af framtali Ólafs Jónssonar, fram lögðu sem rskj. 11, fyrir árið 1956, en þar segist hann hafa keypt bíl þenna.

Af hálfu varnaraðilja, Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur, er vísað til þess, að skipti í félagsbúi þessu hafi hafizt með beiðni hennar um opinbera skiptameðferð hinn 5. marz 1958, sbr. rskj. 18. Svo sem skjalið á rskj. 4 beri með sér, hafi skuld þessi stofnazt 5. maí 1958 og ekki fyrr, og er gagnstæðum fullyrðingum sóknaraðilja mótmælt sem röngum svo og skýrslu Ólafs Jónssonar. Þannig sé krafa sóknaraðilja félagsbúinu óviðkomandi svo og varnaraðilja. Bíll þessi hafi þar að auki verið keyptur án vitundar og vilja varnaraðilja og arður hans, ef nokkur hafi orðið, hafi ekki gengið til framfærslu félagsbúsins. Kveðst Guðlaug Helga engu hafa ráðið um fjárreiður félagsbúsins. Hún kveðst ekki hafa samþykkt undirritun Ólafs á tryggingarbréfinu á rskj.

17 og ekki hafa haft hugmynd um kröfu sóknaraðilja, fyrr en skiptameðferð var hafin á búinu.

Þau Guðlaug Helga Sveinsdóttir og Ólafur Jónsson höfðu ekki gert með sér kaupmála fyrir giftinguna eða á meðan á hjónabandi þeirra stóð. Ekki verður heldur séð, að þau hafi komið með eignir með sér í búið að öðru leyti en því, að Ólafur hafi keypt eignarhlutann í Bústaðavegi 67 í fokheldu ástandi á árinu 1950. Þær eignir aðrar, sem upp voru skrifaðar, virðast því hafa orðið til í hjónabandi þeirra. Þar eð bifreiðin og íbúðin voru á nafni Ólafs, verður undir engum kringumstæðum talið, að þær eignir hafi verið hjúskapareign konunnar. Hins vegar má telja, að þær hafi verið sameign þeirra hjóna, aflað fyrir sameiginlega starfskrafta þeirra í þágu félagsbúsins og með fjárhagsaðstoð annarra, enda voru eignir þessar við uppskrift á búinu skrifaðar upp sem eignir félagsbúsins, og þegar þær voru seldar, gekk andvirði þeirra inn í félagsbúið, að því fráskildu, að tekið var af uppboðsverði íbúðarinnar kr. 27.500.00, ef með þyrfti til fullnægju þeirrar skuldar, sem hér um ræðir.

Ætla verður, að umrædd bifreið hafi verið keypt með það fyrir augum að auka tekjur búsins, og á framtali Ólafs Jónssonar fyrir árið 1956 telur hann tekjur af bifreiðakennslu nema kr. 3.000.00.

Telja verður nægilega fram komið, að krafa sú, sem hér um ræðir, sé endurnýjun þeirra skulda, sem Ólafur stofnaði til, er hann keypti bifreiðina R 870, sem síðar fékk númerið R 8259.

Samkvæmt þessu verður að taka til greina kröfu sóknaraðilja í máli þessu um kr. 20.000.00 greiðslu úr búinu ásamt 7% ársvöxtum frá 5. september 1958, enda hefur þeirri vaxtahæð ekki verið mótmælt sérstaklega. Þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00.

Því úrskurðast:

Varnaraðili, félagsbú Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur og Ólafs Jónssonar, greiði sóknaraðilja, Elí Auðunarsyni, kr. 20.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. september 1958 til greiðsludags. Þá greiði félagsbúið og Guðlaug Helga Sveinsdóttir in solidum kr. 3.000.00 í málskostnað.

Miðvikudagur 29. nóvember 1961.

Nr. 125/1961. **Valgerður Valdimarsdóttir**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
Félagsbúi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur og Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur persónulega
(Magnús Thorlacius hrl.)
og
Guðlaug Helga Sveinsdóttir
gegn
Valgerði Valdimarsdóttur.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor

Fjármál hjóna. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 23. júní 1961. Í Hæstarétti krefst aðaláfrýjandi þess, *aðallega* að stefnda félagsbú Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur verði dæmt að greiða áfrýjanda 50.000 krónur eða aðra fjárhæð lægri að mati Hæstaréttar auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og verði in solidum með Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur persónulega dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að málalok verði látin velta á eiði sínum.

Gagnáfrýjandi, Guðlaug Helga Sveinsdóttir, hefur áfrýjað málinu með stefnu, dags. 10. júlí 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 4. júlí s. á. Krefst hún þess *aðallega*, að hún verði sýknuð, en *til vara*, að kröfur aðaláfrýjanda verði

taldar sérkröfur á hendur eiginmanni hennar, Ólafi Jónssyni, eða að gagnáfrýjandi hljóti endurgjald sem þeim svarar af hjúskapareign beggja hjónanna að frádregnum skuldum. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Samkvæmt aðiljaskýrslu aðaláfrýjanda, sem staðfest var á dómþingi 10. ágúst 1960, telur hún sig hafa innt af hendi lán til eiginmanns gagnáfrýjanda með því að afhenda honum fyrst 25.000 krónur í því skyni að festa kaup á íbúð þeirri, er í málinu greinir, og síðar hafi hún lánað honum samtals 25.000 krónur til þess að gera íbúðina íbúðarhæfa. Hafi þetta gerzt „annað hvort árið 1950 eða 1951". Hún kveðst ekki hafa fengið neinar kvittanir fyrir greiðslum þessum. Eiginmaður gagnáfrýjanda viðurkennir kröfu aðalfrýjanda, en hann telur sig fyrst hafa fengið 20.000 krónur og síðar samtals 30.000 krónur að láni hjá aðaláfrýjanda, og hafi fé þetta allt runnið til framangreindrar íbúðar.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, greiddi eiginmaður gagnáfrýjanda bæjarsjóði Reykjavíkur 20.000 krónur vegna kaupa á íbúðinni hinn 20. júní 1950. Leitt er í ljós, að aðaláfrýjandi tók hinn 21. apríl 1950 20.000 krónur úr sparisjóðsbók sinni, og jafnframt er sannað, að eiginmaður gagnáfrýjanda lagði 20.000 krónur í sparisjóðsbók, sem skráð var á hans nafn, hinn 24. apríl s. á. Með þessu hefur aðaláfrýjandi leitt svo veigamiklar líkur að staðhæfingu sinni um þenna hluta kröfunnar, að telja ber þessa fjárhæð, kr. 20.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá kröfulýsingardegi 21. maí 1959 til greiðsludags skuld eiginmanns gagnáfrýjanda við aðaláfrýjanda við búskipti þeirra gagnáfrýjanda vegna skilnaðar. Um aðra hluta kröfunnar, þ. e. 30.000 krónur, eru ekki komin fram þau sönnunargögn, að gagnáfrýjandi eigi að hlíta því, að sú krafa verði tekin til greina við búskiptin. Ber að sýkna gagnáfrýjanda af þeirri kröfu þegar af þessari ástæðu.

Lánsfé það, að fjárhæð 20.000 krónur, sem að framan greinir, stafar af kaupum á íbúð, er eiginmaður gagnáfrýjanda flutti með sér í bú þeirra gagnáfrýjanda, er þau stofn-

uðu til hjúskapar í byrjun ágúst 1951. Íbúðina verður að telja hjúskapareign eiginmanns gagnáfrýjanda, og þar sem skuldin stafar af kaupum hans á henni, ber gagnáfrýjandi ekki ábyrgð á skuldinni, sbr. 25. gr. laga nr. 20/1923, enda er ósannað, að hún hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á henni. Gegnir þessu einnig við búskipti milli gagnáfrýjanda og eiginmanns hennar, sbr. 48. gr. laga nr. 20/1923. Þessari kröfu er því ranglega beint gegn gagnáfrýjanda persónulega og ber að sýkna hann af henni.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjanda, Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, ber að hlíta því, að framangreind fjárkrafa aðaláfrýjanda, Valgerðar Valdimarsdóttur, að fjárhæð 20.000 krónur ásamt 6% ársvöxtum frá 21. maí 1959 til greiðlusdags, verði talin skuld eiginmanns gagnáfrýjanda, Ólafs Jónssonar, við búskipti þeirra vegna skilnaðar. Að öðru leyti á gagnáfrýjandi að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 25. marz 1961.

Valgerður Valdimarsdóttir, Skálholtsstíg 2 A, sóknaraðili máls þessa, hefur gert þær réttarkröfur, að varnaraðilja, félagsbúi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar H. Sveinsdóttur, verði gert að greiða sér kr. 50.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 til greiðsludags, enn fremur að félagsbúinu og Guðlaugu H. Sveinsdóttur verði in solidum gert að greiða málskostnað.

Ólafur Jónsson hefur samþykkt þessa kröfu sóknaraðilja, en varnaraðilinn Guðlaug Helga Sveinsdóttir hefur krafizt þess, *aðallega* að þessari fjárkröfu sóknaraðilja verði algerlega hrundið, en *til vara*, að hún verði aðeins greidd af búshelmingi Ólafs Jóns-

sonar í félagsbúinu sem sérkrafa. Í báðum tilvikum er þess krafizt, að sóknaraðilja verði gert að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 8. þ. m.

Þau Ólafur Jónsson bifreiðarstjóri, nú til heimilis að Álfheimum 66, og Guðlaug Helga Sveinsdóttir, nú til heimilis að Mjölnisholti 6, gengu í hjónaband í ágústbyrjun 1951. Hinn 15. október 1957 er hjónaskilnaðarmál þeirra tekið fyrir hjá borgardómaranum í Reykjavík að kröfu konunnar. Ekki varð samkomulag um skiptingu eignanna, og var því atriði vísað til skiptaréttarins. Þann 5. marz 1958 ritar umboðsmaður konunnar bréf til skiptaréttar Reykjavíkur með beiðni um, að bú þeirra verði tekið til opinberrar skiptameðferðar, og fylgdi bréfi þessu endurrit af hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur. Skilnað að borði og sæng fengu aðiljar með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 6. júní 1958.

Uppskrift á eignum félagsbúsins fór fram hér í skiptaréttinum hinn 11. marz 1958, að báðum aðiljum viðstöddum. Komu fram við uppskriftina, auk ýmiss konar húsmuna og bifreiðarinnar R 870, íbúð að Bústaðavegi 67 (3 herbergja íbúð á 1. hæð). Í lok uppskriftarinnar var ákveðið, að búið skyldi tekið til opinberra skipta og enn fremur, að gefin yrði út innköllun til skuldheimtumanna. Sjá að öðru leyti endurrit af skiptabók, rskj. 12 í máli þessu.

Innköllun til skuldheimtumanna í félagsbúi þessu var síðan gefin út hinn 14. marz 1958 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu hinn 10. apríl sama ár.

Sóknaraðili, Valgerður Valdimarsdóttir, lýsir hinn 21. maí 1958 50 þúsund króna fjárkröfu í félagsbúið, og barst kröfulýsing hennar hingað til embættisins hinn 24. sama mánaðar.

Staðhæfir sóknaraðili, að hún hafi á árunum 1950—51 lánað Ólafi Jónssyni samtals kr. 50 þúsund. Hún segist ekki hafa fengið kvittanir fyrir þessum fjárhæðum, og hafi talið það óþarft, en Ólafur hafi boðizt til að skrifa þær. Hún segist heldur ekki hafa minnzt á þessa skuld Ólafs á framtölum sínum. Þá segist hún hafa krafið Ólaf um greiðslu nokkrum sinnum, en árangurslaust.

Að öðru leyti er kröfugerð sóknaraðilja rökstudd í málflutningi með tilvísun til yfirlýsinga Ólafs Jónssonar í máli þessu, sjá rskj. nr. 3 og nr. 16, og skýrir Ólafur frá á þessa leið:

Hann segist hafa misst fyrri konu sína hinn 16. ágúst 1948. Síðari hluta sumars 1949 segist hann hafa kynnzt Guðlaugu

Helgu Sveinsdótur, þau svo opinberað trúlofun sína hinn 23. október 1949 og farið að búa saman ógift vorið 1950. Dóttir þeirra hafi fæðzt hinn 22. júní 1950.

Ólafur segir nú, að vorið 1950 hafi hann ákveðið að kaupa eina af íbúðunum í svonefndu Bústaðahverfi við Bústaðaveg, en þær voru reistar af Reykjavíkurbæ og seldar fokheldar. Hann segist að vísu hafa verið eignalaus um það leyti, en góð kjör hafi verið boðin af bæjarins hálfu, og að auki hafi hann reiknað með aðstoð kunningja og velunnara, sem og hafi komið á daginn. Um þetta leyti segist hann hafa verið búinn að þekkja sóknaraðilja, Valgerði, í rúm 4 ár, og hún hafi nú lánað sér peninga, til þess að hann gæti fest sér íbúðina, og smátt og smátt hafi hún svo lánað sér samtals kr. 50 þúsund á árunum 1950 og 1951. Hann vísar til vottorðs borgarstjórans í Reykjavík á rskj. 15 um borgun á 20 þúsund króna tryggingarfjárhæð vegna kaupa á íbúð á Bústaðavegi 67. Þá segir Ólafur, að íbúð þessi hafi loks orðið íbúðarhæf hinn 16. júní 1951, og þau hafi flutt inn í hana þann dag, en gengið síðan í hjónaband í byrjun ágúst 1951.

Ólafur heldur því fram, að þá er hann kynntist og kvæntist Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, hafi hann verið eignalaus og hafi henni verið það kunnugt svo og það, að hann hafi hlotið að fá lán til þessara kaupa og vinnu við að fullgera íbúðina.

Því er haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að þetta lánsfé, kr. 50 þúsund, hafi gengið til þess að skapa verðmæti, sem hafi orðið eign félagsbús þeirra Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur. Uppboðsandvirði íbúðarinnar gangi nú inn í félagsbúið. Þau hafi að vísu ekki verið gengin í hjónaband, þá er Ólafur aflaði sér þessa lánsfjár, en þau hafi verið farin að búa saman og átt barn saman, og þau hafi notið þessarar fasteignar saman. Sé þannig mjög ósanngjarnt að láta Ólaf einan svara til þessarar skuldar.

Af hálfu Guðlaugar H. Sveinsdóttur er réttmæti þessarar fjárkröfu mótmælt og því haldið fram, að öll gögn vanti henni til sönnunar. Til vara er kröfunni mótmælt sem fyrndri. En þó aldrei nema svo væri, að sóknaraðili hafi veitt Ólafi þetta lán, sé þar um að ræða sérkröfu í búshluta hans, enda er því mótmælt, að henni hafi verið kunnugt um stofnun neins konar kröfu sóknaraðilja á hendur Ólafi Jónssyni.

Með vottorði Landsbanka Íslands á rskj. 14 í máli þessu er upplýst, að hinn 21. apríl 1950 voru 20 þúsund krónur greiddar

úr sparisjóðsbók á nafni sóknaraðilja. Þá er og upplýst með vottorðinu á rskj. 15, að Ólafur Jónsson hefur hinn 20. júní 1950 borgað bæjarsjóði kr. 20 þúsund vegna kaupa á íbúð á Bústaðavegi 67. Það er þó engan veginn sannað, að hið úttekna sparifé hafi gengið til þessarar greiðslu til bæjarsjóðs.

Sóknaraðilja og Ólafi Jónssyni ber saman um það, að engin skrifleg viðurkenning eða önnur slík skilríki séu til um kröfu þessa. Enn fremur hafa þau hvorugt talið hana fram til skatts. Styður sóknaraðili kröfugerð sína í máli þessu aðeins við eigin staðhæfingu og yfirlýsingu Ólafs Jónssonar.

Gegn eindregnum mótmælum varnaraðilja Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur þykir þegar af þeirri ástæðu ekki fært að úrskurða félagsbúið til þess að greiða þessa kröfu sóknaraðilja.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Fjárkrafa sóknaraðilja, Valgerðar Valdimarsdóttur, verður ekki tekin til greina. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 30. nóvember 1961.

Nr. 143/1960. **Lárus Salómonsson** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Herði Ólafssyni (sjálfur).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Þóknun málflutningsmanns fyrir lögfræðilega aðstoð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1960. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 13.139.34 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. ágúst 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda hér fyrir dómi.

1. Stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu, og kemur því ekki til álita hér fyrir dómi ágreiningsefni aðilja í héraði um skuldabréf það, sem stefndi tók við úr höndum Grettis Lárussonar, þá að eftirstöðvum kr. 14.000.00. Stendur óhögguð sú úrlausn héraðsdóms, að stefndi greiði áfrýjanda vegna viðtöku bréfs þessa og innheimtu skuldarinnar kr. 3000.00.

2. Eins og í héraðsdómi greinir, nam lánveiting stefnda til Grettis Lárussonar hinn 22. ágúst 1956 tölulega kr. 74.000.00, en greiðsla, sem stefndi innti af hendi, nam kr. 59.000.00. Aðiljar eru hér fyrir dómi sammála um, að af mismuninum, kr. 15.000.00, hafi stefnda borið að fá sem forvexti af láninu kr. 1985.66. Eftirstöðvarnar, kr. 13.014.34, telur stefndi sér bera sem þóknun fyrir ýmsa lögfræðilega aðstoð við þá áfrýjanda og Gretti son hans á tímabilinu frá því um miðjan ágúst 1956 og fram í janúar 1957. Áfrýjandi kannast við, að stefndi hafi innt störf af höndum fyrir þá feðga á nefndu tímabili, en telur þau hæfilega goldin með kr. 2875.00. Ber því hér á milli um fjárhæð, sem nemur kr. 10.139.34. Gegn andmælum áfrýjanda er ósannað, að hann hafi lofað stefnda nokkurri tiltekinni fjárhæð í þessu skyni. Eins og aðstöðu Grettis og samskiptum aðilja í heild var háttað, verður ekki talið, að krafa áfrýjanda hafi fallið niður vegna tómlætis.

Af gögnum málsins, þar á meðal aðiljaskýrslum, má ráða, að stefndi hafi veitt þeim áfrýjanda og Gretti syni hans ýmsa fyrirgreiðslu á fyrrgreindu tímabili og að þeir hafi oft til hans leitað. Sum atriði málsins eru þó óljós, enda hefur stefndi ekki, þrátt fyrir tilefni í úrskurði héraðsdómara, uppkveðnum 22. apríl 1960, lagt fram í málinu sundurliðaða skýrslu um störf sín í þágu þeirra feðganna, og verður að hafa það í huga við mat á þóknun honum til handa. Þykir þóknunin hæfilega ákveðin kr. 10.000.00. Svo sem áður segir, hélt stefndi eftir af láninu í þessu skyni kr. 13.014.34, og ber honum því að greiða áfrýjanda samkvæmt þessum tölulið kr. 3014.34.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt 1. og 2. tölulið

sú, að stefnda verður dæmt að greiða áfrýjanda kr. 6014.34 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. ágúst 1956 til greiðsludags. Þá verður stefnda og dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 2500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Ólafsson, greiði áfrýjanda, Lárusi Salómonssyni, kr. 6014.34 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. ágúst 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. maí 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. apríl, hefur Lárus Salómonsson lögregluþjónn, Kársnesbraut 90 í Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 8. apríl 1958, gegn Herði Ólafssyni, héraðsdómslögmanni í Reykjavík. Krefst stefnandi greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 13.139.34, með 6% vöxtum p.a. frá 22. ágúst 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 1.000.00. Þá krefst hann málskostnaðar, en til vara, að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda er krafa hans nánar skýrð þannig, að af skuldinni séu kr. 10.139.34 vegna vanskila á 74.000.00 kr. víxilláni, sem stefndi veitti Gretti Lárussyni, syni stefnanda, en kr. 3.000.00 vegna vanskila á andvirði skuldabréfs, sem stefndi hafi haft til innheimtu fyrir Gretti. Fram hefur verið lagður í máli þessu reikningur frá Gretti til stefnda fyri þessum upphæðum, og er á hann ritað framsal til stefnanda.

Víxilandvirðið. Í ágúst 1956 komst Grettir Lárusson, sem hafði í huga að kaupa bifreið til að stunda leiguakstur, í samband við mann, að nafni Gunnar Scheving Sigurðsson, sem selja vildi fólksbifreiðina R 5750 af gerðinni Pontiac, smíðaár 1955. Ekki hafði Grettir nægilegt fé til kaupanna, og leitaði hann eftir láni. Kom þar, að hann hafði samband við stefnda, og varð úr, að hann gaf Gretti kost á láni. Skyldi Grettir gefa út víxla, en faðir hans, stefnandi í máli þessu, samþykkja þá og veita veð í húsi sínu við Kársnesbraut þeim til tryggingar.

Stefndi heldur því fram, að Grettir Lárusson hafi, áður en bifreiðarkaupin voru gerð, samið svo um við stefnda, að hann skyldi fá kr. 15.000.00 fyrir þá þjónustu, sem hann lét í té. Grettir kveðst hins vegar ekki minnast þess, að rætt hafi verið um þóknun stefnda, og kveður áreiðanlegt, að ekki hafi nein upphæð verið tilgreind.

Stefnandi og stefndi ræddust við símleiðis, áður en kaupin gerðust, en stefnandi var um þessar mundir við lögreglustörf á Húsavík. Segir stefndi, að í símtalinu hafi hann tilgreint þóknun þá, sem hann hafði áskilið sér, og kveður hann stefnanda hafa talið hana sanngjarna, enda hafi í símtalinu verið um það rætt, að stefndi hefði eftirlit með fjármálum Grettis eftir þetta og tæki við fé frá honum upp í víxilskuldina til stefnda, jafnóðum og Grettir ynni sér það inn með akstri. Bæði stefnandi og Grettir sonur hans neita því, að komið hafi til tals fyrr en seinna um haustið, að stefndi veitti viðtöku tekjum af akstri Grettis, og stefnandi neitar því einnig, að í símtalinu hafi verið rætt um þóknun til stefnda, og því síður hafi verið nefnd upphæð hennar. Skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi spurt stefnda, hvort Grettir gæti staðizt bifreiðarkaupin, og stefndi játað því. Þá kveðst stefnandi hafa spurt, með hvaða kjörum stefndi veitti víxillánið, og segir hann, að stefndi hafi svarað, að kjörin væru ekki sem verst.

Stefndi segir þóknun þá, sem hann kveður hafa verið um samið, hafa verið fyrir aðstoð við bifreiðakaupin. Hafi hann í því sambandi kannað atvinnuhorfur bifreiðastjóra með viðtölum við menn í stéttinni, átt viðræður við starfsmenn Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f um veðskuld, sem á bifreiðinni hvíldi, rætt við mann, sem gerðist ábyrgðarmaður víxilskuldar Grettis Lárussonar við seljanda bifreiðarinnar, séð um gerð ýmissa skjala (tryggingarbréfa, víxla og auk þess orðað umboð það, sem stefnandi sendi honum) og verið Gretti á annan hátt til aðstoðar við kaupin á bifreiðinni. Þá kveðst stefndi hafa tekið að sér eftirlit með fjármálum Grettis, eins og fyrr greinir, og hafi verið um það rætt, að hann tæki við fé frá honum allt að því daglega og fylgdist með honum í um það bil eitt ár.

Við munnlegan málflutning 6. apríl s.l. ræddi stefndi nánar um þessi atriði og kvað þóknun þá, sem hann segir, að um hafi verið samið, hafa verið miðaða við þjónustu hans, eins og þá mátti ætla, að hún yrði. Kveðst hann hafa reiknað sér 5% af kaupverði bifreiðarinnar, sem stefndi og Grettir eru sammála

um, að hafi verið kr. 140.000.00, fyrir aðstoð við kaupin. Hafi þá ekki verið ákvæði í gjaldskrá Lögmannafélags Íslands um þóknun fyrir aðstoð við kaup á lausafé, en hins vegar ákvæði um 5% þóknun fyrir aðstoð við sölu lausafjár. Við þetta hafi síðan bætzt forvextir af víxlláninu, og kveðst stefndi hafa talið það, sem eftir er, hæfilega þóknun fyrir eftirlitið með fjármálum Grettis og fyrir útlagðan kostnað.

Af hálfu stefnanda hefur skýrslum stefnda um, hvaða þjónustu hann hafi látið í té í sambandi við sjálf bifreiðarkaupin, verið mótmælt sem röngum og einnig sem of seint fram komnum, að því er varðar það, sem fram kom við munnlegan málflutning 6. apríl. Hefur því af hálfu stefnanda verið haldið fram, að stefndi hafi átt að leggja fram þegar í upphafi sundurliðaðan reikning. Þegar mál þetta var að undangengnum úrskurði endurupptekið til frekari gagnaöflunar, kom stefnandi fyrir dóm. Hann kvað stefnda hafa brugðizt skyldu sinni við bifreiðarkaupin með því að sjá ekki til þess, að með í kaupunum fylgdu tryggingar, sem þá hafði verið greitt fyrir, en þess hefði hann óskað, með því að láta viðgangast, að kaupverð bifreiðarinnar væri í kaupsamningi ranglega tilgreint kr. 115.000.00 svo og með því að sjá ekki til þess, að stefnandi fengi tryggingu í bifreiðinni vegna þeirrar ábyrgðar, er hann gekkst undir fyrir son sinn. Stefndi heldur því fram, að samið hafi verið um tiltekna upphæð fyrir ákveðna þjónustu, áður en hún var veitt, og hafi sér því verið óskylt að halda til haga gögnum um hvaðeina, sem hann gerði í þágu Grettis Lárussonar, eða að leggja fram í máli þessu nánari sundurliðun en að framan er komin fram.

Í hinum munnlega málflutningi 6. apríl hélt stefndi því fram, varðandi sjálf kaupin, að Grettir Lárusson hefði þá farið með sér upp í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og séð sig taka út fé það, kr. 59.000.00, sem hann hafi greitt til seljanda bifreiðarinnar af víxlláninu. Grettir skýrði síðar svo frá fyrir dómi, að dag þann, sem kaupin gerðust, hafi hann farið í sparisjóðinn ásamt stefnda og seljanda bifreiðarinnar. Þar hafi stefndi tekið út fé, kr. 59.000.00, að því er Grettir telur, og haft þær með sér á málflutningsskrifstofu Einars Gunnars Einarssonar héraðsdómslögmanns, en þar var kaupsamningurinn undirritaður. Kveðst Grettir hafa brugðið sér út í bæ, en séð féð í höndum seljandans, þegar hann kom aftur. Eftir þetta fékk Grettir bifreiðina og hóf akstur.

Grettir hefur sagt fyrir dómi, að hann hafi ekki gert sér

grein fyrir, hvað var að gerast í sambandi við bílkaupin. Kvað hann hug sinn hafa stefnt til að fá bifreiðina og hefði hann treyst stefnda.

Það er komið fram í máli þessu, að stefnandi kom norðan frá Húsavík 1. september. Skömmu síðar áttu aðiljar máls þessa tal saman um bifreiðakaup Grettis og aðstoð stefnda í því sambandi. Á næstu mánuðum ræddu þeir oftsinnis um mál Grettis, og auk þess ræddu þeir við hann sjálfan. Nokkru eftir að aðiljar ræddust fyrst við hér í bænum, fékk stefndi í hendur 9.000.00 kr., sem hann skyldi varðveita fyrir stefnanda. Síðar fékk stefnandi ednurgreiddar 1.000.00 kr. af þessu fé. Ekki var í upphafi tekin ákvörðun um, að upphæðin yrði notuð til að greiða hluta af víxilskuldinni við stefnda.

Þá er fram komið í málinu, að í október um haustið er Grettir tekinn að borga til stefnda af tekjum sínum af akstri. Þegar fyrri víxillinn, sem stefndi átti, féll í gjalddaga 22. nóvember, hafði Grettir greitt sjö sinnum af ökutekjum sínum, alls kr. 7.400.00, og í desember greiddi hann tvívegis af ökulaununum, svo að innborganir af þeim námu þá alls kr. 8.900.00. Í desember kom hann einnig til stefnda með skuldabréf það, sem um getur í síðari hluta þessa dóms.

Tilraunir þær, sem aðiljar máls þessa gerðu til að fá Gretti til að greiða, gengu ekki eins vel og til var ætlazt. Hinn 28. desember var bifreið Grettis kyrrsett eftir beiðni stefnda til tryggingar eftirstöðvum víxilsins, sem féll í gjalddaga 22. nóvember, og voru eftirstöðvarnar sagðar kr. 26.100.00. Kyrrsetningin var gerð í samráði við stefnanda, að hans sögn til að skapa Gretti aðhald, en stefnandi telur nú, að stefndi hafi sagt sér rangt til um hag Grettis, talið hann verr stæðan en rétt var, og auk þess vanrækt að draga frá víxilfjárhæðinni fyrrnefndar 8.000.00 kr. frá stefnanda.

Þá telur stefnandi, að stefndi hafi með ýmsu móti unnið gegn hagsmunum þeirra feðga eftir þetta, og segist hafa hætt að líta á hann sem trúnaðarmann þeirra um miðjan janúar 1957, en þá kveðst stefnandi í fyrsta skipti hafa kynnt sér til hlítar gerðir stefnda, varðandi bifreiðarkaupin, og það, sem af þeim spratt.

Stefndi mótmælir því, að hann hafi gefið villandi upplýsingar um fjárhag Grettis og kveðst ekki hafa lofað að vinna önnur störf, eftir að bifreiðarkaupin fóru fram, en þau að hafa eftirlit

með fjárhag Grettis á þann hátt að taka við frá honum tekjum af akstri, enda hafi sér frá upphafi verið ljóst, að hagsmunir þeirra færu ekki saman, ef vanskil yrðu. Hafi hann því ekki brugðizt skyldum sínum. Þá hélt stefndi því fram í hinum munnlega málflutningi, að stefnandi hefði kynnt sér hag Grettis þegar í september. Fram er komið í málinu, að Grettir fékk kvittanir fyrir innborgunum þeim af ökulaunum, sem hann greiddi til stefnda. Þá virðist og mega ráða af skjölum málsins, að hann hafi haft í höndum skjöl um önnur atriði viðskipta þeirra stefnda. Þó ekki kvittun fyrir þóknanir stefnda, enda virðist engin slík kvittun hafa verið gefin.

Af hálfu stefnanda er stefnukrafan, að því er varðar víxilandvirðið, rökstudd þannig, að stefnda hafi borið að standa skil á öllu víxilandvirðinu til Grettis Lárussonar, þó að frádregnum forvöxtum af víxlunum, sem Grettir hefur talið að hafi átt að vera kr. 1.985.66, og þóknun, sem hann telur að sé hæfilega metin kr. 2.875.00. Þegar þessir liðir eru dregnir frá fyrrgreindum 15.000.00 kr., fást kr. 10.139.34. Umboðsmaður stefnanda byggði málflutning sinn á því, að ekki hefði verið samið um þóknunina til stefnda, honum ekki greidd hún og væri hér því ekki um endurheimtu að ræða. Rökstuddi hann það með því, að Grettir Lárusson hefði ekki fengið í hendur neitt af víxilandvirðinu, heldur hefði stefndi aðeins greitt 59.000.00 kr. af því beint til seljanda bifreiðarinnar. Í greinargerð umboðsmannsins segir, að frá þessu hafi stefndi ekki sagt Gretti og hann ekki áttað sig á því, enda með öllu óvanur viðskiptum.

Stefndi krefst sýknu á þeim grundvelli, að um ákveðna þóknun hafi verið samið og þeim Gretti og föður hans jafnan verið ljóst, hvernig viðskiptin fóru fram að þessu leyti, og þeir samþykkt þóknunina með samþykki og útgáfu víxils. Þá telur stefndi, að mótmæli gegn því, að samið hafi verið um 15.000.00 kr. þóknun, séu of seint fram komin svo og endurgreiðslukrafan, sem á þeim byggist.

Það er fram komið í máli þessu, að Grettir Lárusson gaf út og framseldi víxla, að upphæð kr. 74.000.00, vegna láns frá stefnda. Af andvirði þeirra greiddi stefndi aðeins kr. 59.000.00, og fylgdist Grettir með, hvernig sú greiðsla fór fram. Fram er komið, að víxilskuldin er greidd, og er því hér um að ræða kröfu um endurheimtu fjár. Þar sem ekki hefur fengizt samræmi í skýrslur stefnda annars vegar og stefnanda og Grettis

sonar hans hins vegar um það, hvort samið hafi verið um þóknun stefnda, þykir vegna víxilútgáfunnar verða að leggja skýrslu stefnda til grundvallar um þetta atriði.

Stefna í máli þessu var birt 8. apríl 1958, og innheimtubréf frá lögmanni stefnanda, sem hann hefur lagt fram, er dagsett 29. marz s. á. Stefnandi í málinu hefur borið, að hann hafi komizt á snoðir um eðli viðskiptanna um bifreiðina í janúar 1957, og í þeim mánuði kærir hann stefnda fyrir sakadómi og segir í því sambandi, að hann þurfi að biðja um skýringu á víxillániniu. Grettir sonur hans virðist, sem fyrr segir, jafnan hafa haft í höndum gögn um viðskiptin, og honum var kunnugt um, að seljandi bifreiðarinnar fékk aðeins 59.000.00 kr. af víxillániniu. Ýmis mál út af viðskiptunum hófust á fyrri hluta árs 1957. Verður því að telja, að Grettir Lárusson hafi sýnt tómlæti við sókn sakar þessarar.

Krafan um endurgreiðslu hluta víxilandvirðisins hefur af hálfu stefnanda ekki verið studd þeirri málsástæðu, að samningurinn um þóknun hafi verið ógildur. Hefði svo verið gert, má ætla, að gagnasöfnun og málflutningi hefði verið hagað með nokkuð öðrum hætti en gert var.

Þegar þau atriði öll, sem nú hafa verið rakin, eru virt, er að áliti dómarans ekki unnt að taka til greina kröfuna um það, að til endurgreiðslu komi á hluta víxilláns þess, sem hér um ræðir. Ber því að sýkna stefnda að þessu leyti.

Skuldabréfið. Seint á árinu 1956, í desember að því er virðist, kom Grettir Lárusson með skuldabréf til stefnda. Var það að eftirstöðvum kr. 14.000.00, tryggt með veði í bifreið af gerðinni Pontiac, smíðaðri 1947, og átti að greiðast upp á árinu 1957.

Grettir segir svo frá atvikum, að hann hafi boðið stefnda bréfið til kaups og hafi stefndi boðið kr. 11.000.00 fyrir það. Því kveðst Grettir hafa hafnað og nefnt kr. 12.000.00 sem lágmark. Hafi ekki orðið úr kaupum, en bréfið legið hjá stefnda. Í þinghaldi í öðru dómsmáli hefur hann sagt, að það hafi verið til að stefndi gæti athugað, hversu gott það væri. Ekki fékk Grettir kvittun fyrir bréfinu. Grettir kveðst hafa óskað eftir að fá bréfið aftur, tveimur dögum eftir að hann kom með það til stefnda, en úr afhendingu þess varð þó ekki. Hinn 13. marz 1959 sagði Grettir fyrir dómi, að ekki hafi verið rætt um sölu á bréfinu, eftir að hann skildi það eftir hjá stefnda, en fyrir dómi 23. janúar 1958 hefði hann þó sagt, að við annað tækifæri hafi stefndi í máli þessu falazt eftir bréfinu.

Grettir virðist hafa sagt föður sínum frá skuldabréfi þessu og aðiljar máls þessa rætt um það. Segir stefnandi í aðiljaskýrslu sinni, að stefndi hafi sagt, að bréfið væri lélegt. Einnig segir í aðiljaskýrslunni, að stefndi hafi í janúar 1957 sagt, að hann tæki bréfið á kr. 11.000.00, en stefnandi kveðst hafa mótmælt því. Þá segir í skýrslunni, að stefndi hafi við þetta tækifæri sagt, að búið væri að greiða til sín kr. 3.000.00 inn á bréfið.

Í máli þessu eru fram komnar nokkrar skýrslur frá stefnda um bréf þetta. Fyrir sakadómi segir stefndi 21. febrúar 1957, að hann hafi ekki viljað kaupa bréfið, að svo stöddu, þegar Grettir kom með það til hans, enda þótt Grettir byði honum það á kr. 11.000.00. Hins vegar kveðst stefndi hafa tekið bréfið til geymslu og til að taka við afborgunum. Hafi skuldari greitt inn á það kr. 3.000.00 einhvern tíma í desember. Hinn 13. júní segir stefndi fyrir sakadómi, að hinn 28. desember 1957 hafi hann alls ekki verið búinn að kaupa skuldabréfið, heldur hafi hann aðeins geymt það, og hafi þá verið komnar inn á bréfið kr. 3.000.00. Hinn 9. september 1958 gaf stefndi skýrslu fyrir bæjarþinginu í máli, sem hann höfðaði gegn þeim feðgum Lárusi og Gretti. Þá sagði stefndi, að hinn 14. janúar 1957 hefði hann ekki verið búinn að kaupa veðskuldabréfið, og kveðst hann hafa boðið fyrir það 11.000.00 kr., en Grettir ekki viljað selja. Síðar á sama þingi sagði stefndi þó, að hann hefði haft „standandi tilboð" um að kaupa bréfið á kr. 11.000.00. Á þessu sama þingi sagði stefndi, að sig minnti, að bréfið hefði verið greitt að fullu 18. eða 19. janúar með afslætti. Virðist stefndi hafa talið sig hafa haft heimild til afsláttarins vegna tilboðs um kaup á bréfinu fyrir kr. 11.000.00, en hann kvaðst ekki hafa haft sérstakt umboð til eftirgjafarinnar.

Í greinargerð sinni í máli þessu heldur stefndi því fram, að Grettir Lárusson hafi boðið honum skuldabréfið til kaups á kr. 11.000.00, og hann keypt það því verði. Hinn 6. apríl s.l. sagði stefndi fyrir dómi, að hann hafi í samræmi við upphaflegt samkomulag við Gretti keypt bréfið, þegar hann hafði rætt við skuldarana og talið sig sjá, að þeir hefðu getu til að greiða. Ekki fékkst upplýst, hvenær stefndi telur, að þetta hafi gerzt.

Í máli þessu er komið fram, að stefndi gaf skuldara bréfsins þrjár kvittanir. Sú fyrsta er dagsett 15. desember 1956 og er fyrir kr. 3.000.00. Tvær eru dagsettar 31. desember 1956, og er önnur fyrir kr. 3.000.00, en hin fyrir kr. 7.200.00 og árituð um 800.00 kr. afslátt vegna greiðslu fyrir gjalddaga. Við munnlegan mál-

flutning sagði stefndi, að dagsetning síðastnefndu kvittunarinnar væri röng, en af hálfu stefnanda var því mótmælt, að svo væri. Þó kom fram, að í öðru máli út af viðskiptum aðiljanna hefur verið lagt fram vottorð frá skuldaranum um, að dagsetningin væri röng, en ekki hefur það verið lagt fram í þessu máli, og af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að vottorðið væri rangt.

Í máli þessu hefur verið lagt fram ljósrit af skjali, sem af hálfu stefnanda er talið eftirrit af viðskiptamannabók stefnda, en stefndi sjálfur segir hluta af tilboði, sem hann gerði stefnanda í janúar 1957. Á skjal þetta eru skráðar upphæðir, varðandi viðskipti stefnda við stefnanda og son hans, og er þar m. a. færð 11.000.00 kr. innborgun og dagsett 15. desember 1956.

Í hinum munnlega málflutningi kom fram, að skuldabréf það, sem hér um ræðir, framseldi Grettir Lárusson ekki skriflega til stefnda. Stefndi hélt því fram, að hér hefði verið um handhafabréf að ræða, og hefði því ekki þurft áritun um framsalið, heldur hefði hin upphaflega afhending komið í hennar stað. Þessu var mótmælt af hálfu stefnanda.

Eins og fram kemur í því, sem nú hefur verið rakið, hefur Grettir Lárusson haldið því fram, að hann hafi aldrei selt stefnda skuldabréf það, sem um er að tefla. Er krafa hans á því byggð. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að Grettir Lárusson hafi ekki samþykkt þá 800.00 kr. eftirgjöf, sem stefndi veitti og að framan er að vikið. Beri stefnda því einnig að standa skil á því fé.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi keypt bréfið á kr. 11.000.00. Til vara krefst hann þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 1.000.00 vegna bréfsins. „Varakrafan er gerð, ef svo skyldi fara, að mér mistækist að sanna kr. 11.000.00 boðið í stað 12.000.00 kr. verðsins, sem þeir feðgar játa“ segir í greinargerð stefnda.

Eins og fram kemur í því, sem að framan er rakið, hefur stefndi jafnan viðurkennt, að hann hafi ekki keypt veðskuldabréfið, um leið og hann fékk það afhent. Grettir Lárusson hefur haldið því fram, að hann hafi ekki selt stefnda bréfið, og hefur stefndi ekki sannað, að svo hafi verið, og stefndi hefur jafnvel einu sinni borið fyrir dómi, sbr. það, sem áður er rakið, að Grettir hafi neitað að selja bréfið á kr. 11.000.00. Verður því að telja, að stefndi hafi ekki keypt bréfið. Ekki hafði stefndi sérstakt samþykki til að veita þann 800.00 kr. afslátt, sem hann gaf skuldaranum. Ber

því að dæma hann til að greiða þá fjárhæð, svo að greiðsla hans vegna skuldabréfsins verður kr. 3.000.00, eins og krafizt er.

Úrslit þessa máls verða þá þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 3.000.00 og að auki vexti, 6% p. a. Þykir, eins og á stendur, bera að greiða þá frá 31. desember 1956, en þann dag er kvittun fyrir lokagreiðslu skuldabréfsins dagsett. Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir vera hæfilega ákveðinn kr. 1.000.00.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Ólafsson héraðsdómslögmaður, greiði stefnanda, Lárusi Salómonssyni lögregluþjóni, kr. 3.000.00 auk 6% vaxta p. a. frá 31. desember 1956 til greiðsludags og kr. 1.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. desember 1961.

Nr. 175/1960. **Sigurður Þorgeirsson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Júlíusi Björnssyni
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Um öflun gagna.

Dómur Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, er rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum færi á að afla skýrslna um atriði þau, er nú verða greind:

1. Stefndi skal eiga þess kost:
   a) að leggja fyrir Hæstarétt staðfest eftirrit úr verzlunarbókum sínum af öllu því, sem þar er skráð um þær skuldir, er hann í máli þessu sækir úr hendi áfrýjanda;
   b) að leiða í ljós, hvort hann hafi talið fjárhæð þá, er hann krefur áfrýjanda um í málinu, á lista yfir óinnheimtar skuldir við framtöl sín til skatts frá þeim tíma, er hann telur, að til skuldanna hafi verið stofnað;
   c) að leggja fram gögn fyrir því, hvenær hann hófst handa um að innheimta andvirði raftækja þeirra og vinnu, er í málinu greinir, fyrst úr hendi áfrýjanda, með hverjum hætti þær innheimtutilraunir hafi verið framkvæmdar og hvernig áfrýjandi hafi brugðizt við þeim.
2. Áfrýjandi skal eiga þess kost að gera glöggva grein fyrir þeirri vinnu, sem hann innti af hendi fyrir Karl Jóhann Júlíusson við smíð hússins nr. 11 við Lynghaga, leggja fram sundurliðaðan reikning yfir allar þær greiðslur, sem Karl Jóhann innti af hendi fyrir vinnu þessa, og styðja þann reikning þeim gögnum, er hann kann að hafa í vörzlum sínum og enn hafa eigi verið lögð fram.
3. Báðir aðiljar skulu eiga þess kost að krefja Karl Jóhann Júlíusson um sundurliðaða skýrslu um vinnu áfrýjanda við smíð hússins nr. 11 við Lynghaga og allar þær gagngreiðslur, sem hann innti af hendi til áfrýjanda fyrir hana, ásamt gögnum, sem kunna að vera í vörzlum hans um þetta efni. Er í því sambandi rétt að spyrja Karl Jóhann, hvort hann hafi eigi haldið til haga reikningum og kvittunum yfir smíðakostnað hússins.

Loks er rétt, að leidd séu í ljós önnur þau atriði, sem framhaldspróf kunna að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla ofangreindra skýrslna.

Föstudaginn 8. desember 1961.

Nr. 109/1959. **Ingólfur G. S. Espholin**
(Guðjón Steingrímsson hdl.)
gegn
Árna S. Böðvarssyni og gagnsök
(Þorvaldur Ari Arason hdl).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theódór B. Líndal.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1959 og gert þær dómkröfur, að honum verði dæmd alger sýkna og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. nóvember 1960, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1960, og gert þær dómkröfur, *aðallega* að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 527.546.02 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. febrúar 1953 til greiðsludags, en *til vara* kr. 189.390.63 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. marz 1954 til greiðsludags. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. apríl 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. f. m., hefur Ís h/f, Kópavogi,

höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 18. marz 1954, gegn Ingólfi G. S. Espholín, Höfðatúni 1, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 522.930.37, ásamt 6% ársvöxtum frá 4. febrúar 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Undir rekstri málsins hafa orðið aðiljaskipti í því, þannig að í stað hins upphaflega stefnanda, Íss h/f, hefur komið framkvæmdastjóri félagsins, Árni S. Böðvarsson, persónulega.

Við munnlegan flutning málsins 4. júní 1957 hækkaði stefnandi með samþykki stefnda kröfu sína upp í kr. 529.109.04 og hélt jafnframt fast við kröfu sína um vexti frá 4. febrúar 1953 og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu eftir mati dómsins.

Málavexti kveður stefnandi þá, að síðla árs 1951 hafi Ís h/f og stefndi samið með sér um kaup á hraðfrystri lúðu, er framleidd var í hraðfrystihúsi félagsins í Kópavogi. Upp úr þessu hafi svo snemma á árinu 1952 svo samizt um, að stefndi keypti af Ís h/f allar hraðfrystar fiskafurðir hraðfrystihússins. Skriflegur samningur hafi ekki verið gerður um viðskiptin, en lúðuna hafi stefndi keypt á föstu verði, kr. 10.14 pr. kg fob Reykjavík. Fyrir aðrar fiskafurðir hafi stefndi hins vegar átt að greiða hæsta fáanlegt markaðsverð á þeim tíma, sem þeim var útskipað. Auk þess hagnaðar, sem stefndi kynni að hafa af fisksölunni, skyldi stefnda greitt 1% af fobverði annarra fiskafurða en lúðu. Ís h/f skyldi gefa stefnda upp framleiðslumagn fiskafurðanna hálfsmánaðarlega, og átti stefndi þá að greiða andvirði þeirra. Síðasta útskipun samkvæmt þessum samningum hafi farið fram 4. febrúar 1953. Þá hafi Ís h/f verið búinn að afhenda stefnda fisk og fiskafurðir, sem hann eftir hinni upphaflegu kröfugerð telur félagið hafa átt að fá kr. 2.341.189.01 fyrir, þar með talin gjaldeyrisfríðindi. Auk þessa hafi félagið látið stefnda í té umbúðavörur fyrir kr. 30.164.00. Nema fjárhæðir þessar samtals kr. 2.371.353.01. Upp í þetta telur hann stefnda hafa greitt í peningum og vörum kr. 1.848.422.64. Mismunurinn, kr. 522.930.37, kemur heim við upphaflegu stefnukröfuna. Áður er drepið á, að stefnandi hefur undir rekstri málsins hækkað stefnukröfuna upp í kr. 529.109.04, eða um kr. 6.178.67. Gerir stefnandi þá grein fyrir þessari hækkun, að í upphaflegu kröfunni hafi gjaldeyrisfríðindi verið vantalin um kr. 216.00. Auk þess telur hann, sbr. dskj. 43, sig eiga að fá greiddar kr. 1.563.02, en þessa fjárhæð

taldi stefndi sig eiga hjá stefnanda, sbr. dskj. 16 in fine. Loks hækkar hann kröfuna um kr. 4.399.65, sem hann telur vexti, er stefndi hafi offært sér til skuldar.

Stefndi reisir kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi á því, að hann hafi ekki keypt neinn fisk eða fiskafurðir af Ís h/f. Heldur hann því fram, að hann hafi aðeins tekið að sér að selja í umboðssölu fiskafurðir félagsins gegn 1% umboðslaunum af andvirði lúðu og 2% umboðslaunum af andvirði annarra fiskafurða. Beri því Ís h/f að greiða allan kostnað, svo sem vátryggingu fisksins, vexti af lánum út á fiskinn, „consular invoice" og bankakostnað vegna innheimtu á andvirði fisksins. Þá neitar hann sérstaklega, að Ís h/f hafi látið honum í té umbúðavörur þær, sem stefnandi krefur hann um samkvæmt framansögðu. Telur stefndi, að hann sé búinn að greiða Ís h/f að fullu andvirði þeirra fiskafurða, sem félagið hafi afhent honum, og hafi hann auk þess ofgreitt því kr. 1.563.02. Vísar stefndi í þessu efni til viðskiptareikninga sinna á dskj. nr. 10 og 16. Við munnlegan flutning málsins viðurkenndi hann þó, að hann hefði tvífært á Ís h/f vörur fyrir kr. 560.00, og lækki því inneign sín niður í kr. 1.003.02.

Stefnandi styður þá fullyrðingu sína, að um kaup hafi verið að ræða, en ekki umboðssölu, þeim rökum, *að* stefndi hafi veðsett fiskafurðirnar á sínu nafni í bönkum, *að* á umbúðir þeirra hafi nafn stefnda verið tilgreint sem framleiðanda og að útflutningsleyfi stefnda frá viðskiptadeild Utanríkisráðuneytisins hafi verið bundin við frystan fisk, sem framleiddur væri á hans ábyrgð í frystihúsum, sem hann ætti eða hefði á leigu.

Stefndi telur, að framangreind atriði sanni það ekki, að um kaup hafi verið að ræða. Lán í bönkum hafi verið tekin út á fiskinn á hans nafni, vegna þess að á þann hátt hefði fengizt meiri lán út á hann en ella og Ís h/f þar af leiðandi meira rekstrarfé. Þá gefi nafn hans á umbúðunum ekki til kynna, að hann hafi verið eigandi fiskafurðanna, enda hafi í hverjum pakka einnig verið númer frystihússins Íss h/f. Loks hafi Ís h/f, en ekki hann, átt og rekið frystihúsið, sem framleiddi fiskafurðir þær, sem um ræðir í málinu, og ráðuneytið hafi engan reka gert að því, hver átti fiskinn, er fluttur var út á útflutningsleyfi hans.

Þá bendir stefndi á, að staðhæfing stefnanda um, að hann (stefndi) hafi átt að fá 1% umboðslaun af fobverði annarra fiskafurða en lúðu, samrýmist ekki því, að um kaup hafi verið að ræða. Það sé og óþekkt í viðskiptum, að fast kaupverð sé

ákveðið langt fram í tímann á vöru, sem afhendast skuli smátt og smátt, eins og stefnandi vilji vera láta. Loks telur stefndi, að Ís h/f hafi viðurkennt, að um umboðssölu væri að ræða, með því að taka athugasemdalaust á móti skilagreinum yfir fiskafurðirnar, sem gerðar hafi verið á umboðssölugrundvelli, en hann hafi sent félaginu skilagrein yfir hverja einstaka vörusendingu, fljótlega eftir að þær hafi verið afhentar, en sú fyrsta hafi verið afhent í nóvemmber 1951.

Stefnandi mótmælir því, að Ís h/f hafi fengið yfirlitsreikning frá stefnda fyrr en í fyrsta lagi í febrúarmánuði 1953, og skilagreinir hafi félagið ekki fengið fyrr en í október 1953, að undantekinni einni eða tveimur, og hafi félagið þá þegar mótmælt umboðslaunaþóknuninni til stefnda.

Um það, hvenær skilagreinir og yfirlitsreikningar hafa borizt félaginu frá stefnda og hvort og hvenær reikningum þessum hefur verið mótmælt af hálfu félagsins, er allt ósannað.

Þegar viðskipti þau, sem mál þetta er risið af, fóru fram, hafði um langt skeið meginhluti fiskafurða hér á landi verið fluttur út af heildarsamtökum framleiðenda í umboðssölu fyrir reikning þeirra. Þykir því stefnanda bera að sanna, að viðskipti málsaðilja hafi verið kaup, en ekki umboðssala, eins og hann heldur fram. Það hefur honum ekki tekizt. Bendir og frásögn hans um það, hvernig ákveða skyldi verðið á öðrum fiskafurðum en lúðu, sérstaklega viðurkenning hans á því, að stefnda bæri 1% þóknun af fobverði þeirra, ótvírætt til þess, að þar hafi verið um umboðssölu að ræða en ekki kaup. Verður því að leggja til grundvallar við úrlausn málsins þá staðhæfingu stefnda, að Ís h/f hafi afhent honum framleiðslu sína í umboðssölu og gegn þeim umboðslaunum, er stefndi heldur fram, enda geta þau ekki talizt ósanngjörn. Þar af leiðir, að Ís h/f bar að greiða allan venjulegan kostnað við útflutning vörunnar í umboðssölu.

Það er ágreiningslaust, hve mikið magn fiskafurða Ís h/f afhenti stefnda, og í málinu liggja fyrir skilagreinir frá stefnda yfir hverja einstaka vörusendingu.

Stefnandi hefur viðurkennt það söluverð, sbr. dskj. 3, sem stefndi hefur tilgreint á skilagreininni á dskj. 10, að fengizt hafi fyrir fiskafurðirnar erlendis, en skilagreinir þessar höfðu borizt Ís h/f, áður en málið var höfðað. Þá hefur hann ekki vefengt sérstaklega það útlenda verð, sem stefndi tilgreinir á skilagreinum, er lagðar voru fram undir rekstri málsins, sbr. dskj. 16, en í síðast greindum dómskjölum eru skilagreinir yfir

allt hið afhenta vörumagn. Ekki hefur hann heldur mótmælt sérstaklega verðlækkunum og kröfum um endurgreiðslur vegna vöruskemmda, sem fram koma í skilagreininni á dskj. 16, að undanskilinni endurkröfu, að fjárhæð kr. 112.592.61, vegna galla á lúðu, sem send var til New York með m/s Goðafossi 5. febrúar 1952, en sú krafa verður tekin til athugunar síðar.

Á umræddum skilagreinum virðist Ís h/f ekki færðir til gjalda aðrir kostnaðarliðir en þeir, sem félaginu bar að greiða sem eigandi vöru í umboðssölu.

Stefnandi hefur ekki mótmælt einstökum kostnaðarliðum skilagreinanna tölulega né heldur, að þær séu rétt útreiknaðar, og verða þær því lagðar til grundvallar um viðskipti málsaðilja.

Samkvæmt umræddum skilagreinum bar stefnda að standa Ís h/f skil á fyrir fiskafurðir kr. 1.993.146.67, og hefur þá ekki enn verið tekin afstaða til áðurgreindrar bótakröfu stefnda, að fjárhæð kr. 112.592.61. Í framangreindri fjárhæð eru með talin öll gjaldeyrisfríðindi, þar með þær kr. 216.00, sem bætt var við stefnukröfuna undir rekstri málsins. Eins og að framan segir, hefur Ís h/f viðurkennt, að hafa tekið á móti frá stefnda í peningum og vörum kr. 1.848.422.64, en inni í þessari fjárhæð eru tvær greiðslur, önnur að upphæð kr. 1.905.65 og hin að fjárhæð kr. 2.494.00 eða samtals kr. 4.399.65, sem stefndi telur ekki fram sem greiðslu til Íss h/f. Stefnandi hækkaði stefnukröfuna m. a. um þessa fjárhæð undir rekstri málsins, eins og að framan er getið, og má ætla, að hann hafi með því viljað leiðrétta framangreinda fjárhæð þannig, að hún lækkaði niður í kr. 1.844.022.99, og má fallast á það hjá stefnanda.

Í málinu kemur fram, að stefndi tók lán í bönkum út á umræddar fiskafurðir og lét lánsféð renna til Íss h/f. Vegna þessara lána færði stefndi félaginu til skuldar kostnað við lántökur, forvexti og framlengingarvexti, samtals að fjárhæð kr. 30.038.74. Stefnandi hefur mótmælt, að Ís h/f hafi borið að greiða þenna vaxtakostnað, en hins vegar hefur hann ekki sýnt fram á, að stefndi hafi ekki greitt lánin, strax og greiðslur fyrir fiskafurðir höfðu borizt frá útlöndum. Þykir því mega fallast á, að stefnda hafi verið heimilt að skulda félagið fyrir greindri fjárhæð.

Þá hefur stefndi fært Ís h/f til skuldar kr. 2.345.35 fyrir girði og girðisefni og kr. 5.150.00 fyrir vátryggingar, samtals kr. 7.495.35. Stefnandi mótmælir, að félaginu beri að greiða þetta, en hins vegar hefur hann ekki andmælt því, að stefndi hafi greitt fjárhæðir þessar vegna fiskafurðanna. Má því fallast á

það hjá stefnda, að honum hafi verið heimilt að telja fjárhæðirnar félaginu til skuldar

Svo sem áður er tekið fram, er innifalinn í hinni upphaflegu stefnukröfu reikningur fyrir umbúðarvörur, að fjárhæð kr. 30.164.00, sem stefnandi telur Ís h/f hafa selt stefnda árið 1953. Gegn mótmælum stefnda, sem áður eru rakin, er ekki nægilega sannað, að Ís h/f hafi látið stefnda vörur þessar í té. Auk þess má hafa í huga, að Ís h/f bar að greiða, þar sem um umboðssölu er að ræða, allan umbúðakostnað, sem ekki fékkst greiddur hjá hinum erlendu kaupendum. Umrædd krafa stefnanda verður því ekki tekin til greina.

Hækkun stefnukröfunnar undir rekstri málsins um þær kr. 1.563.02, sem áður getur, virðist á misskilningi byggð og verður því ekki tekin til greina.

Verður nú áðurgreind endurgreiðslukrafa stefnda, kr. 112.592.61, tekin til athugunar.

Hinn 25. nóvember 1954 lagði stefndi fram í málinu bréf til stefnanda, dags. 6. nóvember 1954, ásamt viðfestum skilagreinum og greinargerð fyrir umræddri endurkröfu, dags. 24. ágúst s. á. Þar gerir stefndi þá grein fyrir þessari kröfu sinni, að 5. febrúar 1952 hafi hann sent með m/s Goðafossi til New York 800 kassa af frystum lúðusneiðum frá Ís h/f ásamt 1283 kössum af sams konar vöru frá öðrum. Fyrir þessum 800 kössum hafi hann gert félaginu skilagrein 21. febrúar 1952, og kemur það heim við yfirlitsreikning hans og skilagrein á dskj. 10, og virðist hann um það leyti hafa greitt Ís h/f andvirði vörunnar að fullu. Uppgjör þetta kveðst stefndi hafa byggt á því, að endanlega fengist fullt verð fyrir alla 2083 kassana. Hins vegar kveðst hann hafa neyðzt til að selja 791 kassa, sem allir hafi verið frá Ís h/f, á lægra verði vegna galla á vörunni, og hafi tap á þeim orðið kr. 112.592.61, og það tap eigi Ís h/f að bera.

Stefndi hefur lagt fram í málinu bréf frá erlendum kaupendum, dags. 16. desember 1952, þar sem þeir skýra frá, að tap hafi orðið á lúðusendingu, en ekki geta þeir þess í bréfinu, að sendingin hafi verið frá Ís h/f, og stefndi hefur ekki lagt fram önnur gögn, sem sanni það. Stefndi hefur heldur ekki lagt fram nein gögn, sem sanni, að varan hafi verið gölluð. Þá hefur stefndi ekki haldið því fram, að rætt hafi verið við Ís h/f, áður en hann (stefndi) samþykkti verðlækkun á áðurnefndum lúðukössum, né heldur að hann hafi tilkynnt Ís h/f, að gallar hafi verið á umræddri vörusendingu, fyrr en í greinargerð þeirri,

er fylgdi áðurgreindu bréfi hans frá 6. nóvember 1954. Umrædd endurkrafa stefnda verður því ekki gegn mótmælum stefnanda tekin til greina.

Úrslit máls þessa verða þá samkvæmt því, sem hér að framan er rakið, þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.993.146.67, að frádregnum kr. 1.881.557.08 (kr. 1.844.022.99 + kr. 30.038.74 + kr. 7.495.35) eða kr. 111.589.59 ásamt 6% ársvöxtum, er rétt þykir að reikna frá birtingardegi stefnu, 18. marz 1954, til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 10.000.00 í málskostnað.

Ísleifur Árnason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Ragnari Ólafssyni hæstaréttarlögmanni og dr. Jakob Sigurðssyni.

Vegna þess að mál þetta er allumfangsmikið og óaðgengilegt, hefur dómur í því eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur G. S. Espholin, greiði stefnanda, Árna S. Böðvarssyni, kr. 111.589.59 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1954 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. desember 1961.

Nr. 9/1961. **Kápan h/f** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Vigdísi Aðalsteinsdóttur
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theódór B. Lindal.

Skaðabótamál vegna brottvikningar úr starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dagsettri 24. janúar 1961, og krafizt þess, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda í máli þessu og hún dæmd til að greiða honum málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjanda hefur ekki gegn neitun stefnda tekizt að sanna nein tiltekin atvik í sambandi við starf hennar hjá honum árið 1958 og þar til hann vék henni fyrirvaralaust frá starfi 20. apríl 1959, þau er beri það með sér, að hún hafi gert sig seka um vítaverða óstundvísi. Ekki hefur hann heldur sannað, að hann hafi á þeim tíma fundið að við hana út af óstundvísi hennar og hótað henni brottrekstri, ef hún bætti ekki ráð sitt, en því hefur hún mótmælt.

Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, enda er ekki ágreiningur um kröfuupphæðir í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jóhann Friðriksson f. h. Kápunnar h/f, greiði stefnda, Vigdísi Aðalsteinsdóttur, kr. 2500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. nóvember 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. f. m., hefur Vigdís Aðalsteinsdóttir, Bárugötu 37 í Reykjavík, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 21. nóvember 1959, gegn Kápunni h/f í Reykjavík til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 4.799.96, ásamt 6% ársvöxtum frá 20. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í greinargerð leiðréttir stefnandi vaxtakröfu sína og krefst vaxta frá 20. apríl 1959.

Stefndi gerir þær kröfur að verða sýknuð af kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 172.00 í sparimerkjum og að stefnanda verði gert að greiða sér hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1957 var stefnandi ráðin til afgreiðslustarfa hjá stefnda. Starfstilhögun var þannig, að stefnandi átti að mæta annan hvern dag klukkan 0900 á morgnana og opna verzlunina, en hinn daginn átti hún að mæta kl. 1300. Verzlunin var opin þann tíma, sem venja er með slíkar verzlanir. Gegndi hún þessu starfi til 20. apríl 1959, en þá var henni sagt upp starfinu án nokkurs uppsagnarfrests.

Stefnandi heldur því fram, að hún hafi ekki brotið neitt af sér í starfinu og að sér hafi því borið 3ja mánaða uppsagnarfrestur samkvæmt 11. gr. kjarasamnings Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Gerir hún því þá kröfu, að stefndu verði gert að greiða sér kr. 4.799.96 auk vaxta og kostnaðar, eins og að framan greinir.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1.	Kaup frá 20/4—1/6 1959	kr.	3.966.00
2.	Ógreidd sparimerki fyrir marz 1959 ..	—	172.00
3.	Mismunur á kaupi hjá Bifreiðastöð Steindórs og stefndu í júní og júlí 1959 ..	—	400.00
4.	6% orlof af kr. 4.366.00	—	261.96
		Kr.	4.799.96

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að stefnandi hafi verið svo óstundvís, þegar hún átti að mæta til vinnu sinnar,

að oftast hafi hún komið 1—2 klukkustundum of seint til vinnu eftir matarhlé og 10—30 mínútum of seint á morgnana. Þar sem stefnandi hafi ekki bætt ráð sitt þrátt fyrir tvær áminningar framkvæmdastjóra stefnda um fyrirvaralausa brottvikningu úr starfi, þá hafi honum verið heimilt að segja stefnanda upp fyrirvaralaust, sbr. 2. mgr. 11. gr. kjarasamnings Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Telur stefndi því, að stefnandi hafi ekki átt rétt á uppsagnarfresti og eigi því enga fjárkröfu á hendur sér. Upphæð kröfunnar hefur ekki verið mótmælt, ef talið yrði, að stefnandi hafi átt rétt á uppsagnarfresti.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því, að venjulega hafi hún farið með kápur í lagfæringu á saumastofu stefnda, um leið og hún fór í mat, og hafi því liðið meira en klukkustund, frá því hún fór í mat og kom aftur úr mat. Hins vegar neitar hún að hafa tekið lengra matarhlé en eina klukkustund. Hún kvaðst ekki muna eftir því, að framkvæmdastjóri stefnda hafi áminnt sig vegna vanrækslu um að mæta á réttum tíma.

Framkvæmdastjóri stefnda hefur komið fyrir dóm og borið, að hann hafi tvívegis áminnt stefnanda fyrir að mæta of seint, og hafi áminningarnar farið fram eitthvað á þá leið, að hann ræki stefnanda fyrirvaralaust, ef hún mætti ekki betur. Einnig kvaðst hann hafa leiðbeint stefnanda um að mæta betur, auk þeirra tveggja skipta, sem að framan greinir. Hann segist hafa hótað stefnanda fyrirvaralausum brottrekstri, fyrst 3—4 mánuðum áður en hún var endanlega rekin, en í seinna skiptið ca. 2 mánuðum áður. Einnig staðfesti hann fyrir rétti frásögn sína í aðiljaskýrslu af atburðinum 10. apríl 1959, þegar Vigdís kom til vinnu kl. 1610 úr matarhléi. Fannst honum þetta mikið skeytingarleysi, og datt honum í hug að frábiðja þjónustu stefnanda þá þegar, en ákvað þó að fresta því. Kveðst hann síðan hafa fylgzt vel með störfum Vigdísar þar til 20. apríl, að hann sagði henni upp fyrirvaralaust, þar sem hún hafi mætt 10—30 mínútum of seint á morgnana og sem næst einum og hálfum tíma of seint eftir hádegisverð. Segist hann þá hafa talið, að fullreynt væri, að Vigdís mundi ekki bæta sig, og rak hana því. Ekki var hún áminnt um að mæta betur síðustu 10 dagana, sem hún vann hjá stefnda.

Framkvæmdastjóri stefnda og stefnandi voru samprófuð um þau atriði, sem á milli bar, en ekkert samræmi náðist.

Fyrir dóminn hefur komið Arndís Eyjólfsdóttir. Vann hún í verzlun stefnda með stefnanda. Hefur hún borið, að stefnandi

hafi aldrei tekið styttri tíma en 2 klukkustundir í matarhlé, þegar hún fór í hádegismat, en stundum hafi hún snætt í verzluninni og þá aðeins tekið eina klukkustund. Vitnið ber einnig, að það hafi heyrt Jóhann hóta stefnanda fyrirvaralausum brottrekstri örugglega þrisvar sinnum, ef hún mætti ekki betur. Vitnið telur, að sendiferðir með kápur á saumastofu stefnda hafi ekki þurft að taka nema 5—10 mínútur. Einnig ber vitnið, að það hafi komið fyrir, að stefnandi mætti 10—30 mínútum of seint til vinnu, þegar hún hafi átt að mæta kl. 1300.

Lárus Ágústsson hefur komið fyrir dóminn sem vitni. Hann staðfesti framburð sinn ekki fyrir dóminum, en honum var mótmælt sem röngum og óstaðfestum. Verður framburður hans því ekki rakinn.

Vottorð hefur verið lagt fram í málinu frá Dagmar Strömberg Karlsdóttur. Hún var starfsstúlka á saumastofu stefnda. Segir hún í vottorðinu, að stefnandi hafi oft komið við á saumastofunni, þegar hún var að koma úr mat, og að það hafi oft verið kl. 1500 e. h. Vottorðið var tekið gilt sem staðfest.

Vottorð frá Láru Guðmundsdóttur hefur verið lagt fram í málinu. Vann hún með stefnanda í verzlun stefnda í 4 mánuði. Vottar hún, að stefnandi hafi mætt „afskaplega óstundvíslega til vinnu". Vottorð þetta var tekið gilt sem staðfest.

Þá hafa verið lögð fram 3 vottorð frá aðiljum, sem Vigdís hefur unnið hjá. Vottorðum þessum hefur verið mótmælt sem þýðingarlausum. Þar sem þau fjalla ekki um starf Vigdísar hjá stefnda, eru þau þýðingarlaus fyrir þetta mál. Verða þau því ekki rakin hér.

Lagt hefur verið fram vottorð frá Friðriki Jónssyni, sem hann hefur staðfest fyrir dómi. Hann réð Vigdísi upphaflega til stefnda. Segist hann oft síðar hafa hitt framkvæmdastjóra stefnda, sem hafi þá sagt sér, að honum líkaði vel við störf stefnanda og að hann vildi gera hana að verzlunarstjóra, en ætti óhægt með það vegna þeirrar stúlku, sem fyrir var.

Kristín Gestsdóttir, móðir stefnanda, hefur komið fyrir dóminn. Segir hún, að stefnandi hafi haldið heimili hjá sér. Hafi hún oft komið of seint í mat og þá sagt, að hún hefði þurft að fara með kápur í saumastofu stefnda, en ekki nefnt aðrar tafir. Hafi hún því ekki komið í mat fyrr en hálf tvö eða þar yfir. Vitnið segir, að stefnandi hafi ekki komið í mat á föstudögum og laugardögum, þegar hún byrjaði vinnu á morgnana.

Það verður að teljast sannað með tilliti til framburða fram-

kvæmdastjóra stefnda, Arndísar Eyjólfsdóttur og vottorða Dagmar Strömberg Karlsdóttur og Láru Guðmundsdóttur, að stefnandi málsins hafi sýnt vanrækslu í starfi og ekki mætt stundvíslega til vinnu sinnar. Hefur stefnanda ekki tekizt að sanna, að þetta hafi verið vegna starfa fyrir stefnda.

Ber þá að athuga, hvort vanræksla þessi geti valdið fyrirvaralausum brottrekstri. Gegn neitun stefnanda er ekki sannað, að framkvæmdastjóri stefnda hafi aðvarað stefnanda um að mæta betur. Hins vegar er játað af framkvæmdastjóra stefnda, að hann hafi fylgzt með starfi stefnanda 10.—20. apríl 1959 án þess að áminna hana um það, sem honum þótti fara verr hjá stefnanda. Einnig er það upplýst, að framkvæmdastjóri stefnda hafi áður á starfstíma stefnanda fundizt hún mæta illa án þess að hafa fundið að við hana.

11. gr. kjarasamnings Verzlunarmannafélags Reykjavíkur gerir ráð fyrir því sem aðalreglu, að uppsagnarfrestur sé 3 mánuðir. Hins vegar leyfir 2. mgr. 11. gr. fyrirvaralausa uppsögn, ef um vítaverða vanrækslu í starfi er að ræða. Með 2. mgr. 11. gr. kjarasamningsins er aðiljum gefinn kostur á að rjúfa vinnusamning fyrirvaralaust, ef ekki er hægt að ætlast til þess, að aðilja sé sagt upp með uppsagnarfresti, því hann hafi brotið svo stórfellt af sér gegn hinum aðiljanum. Þetta er undantekningarákvæði.

Það er upplýst í þessu máli, að framkvæmdastjóri stefnda hefur þrátt fyrir vitneskju um vanrækslu stefnanda haft hana í starfi langan tíma án þess að tryggja sér sannanir fyrir aðfinnslum, sem hann segist hafa haft við stefnanda. Hefði það þó átt að vera auðvelt fyrir hann að tryggja sér slíkar sannanir. Ekki er hægt að sjá, að það hefði verið þungbærara fyrir stefnda að hafa stefnanda í vinnu uppsagnarfrestinn en allan þann tíma, sem liðinn var, síðan framkvæmdastjóri stefnda varð var við vanrækslu hennar. Þykir því rétt, að stefndi greiði stefnanda hina umstefndu fjárhæð, þar sem upphæð hennar hefur ekki verið mótmælt, kr. 4.799.96, ásamt 6% ársvöxtum frá 20. apríl 1959.

Málskostnaður ákveðst kr. 1.600.00.

Grétar Haraldsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Kápan h/f, greiði stefnanda, Vigdísi Aðalsteinsdóttur, kr. 4.799.96 með 6% ársvöxtum frá 20. apríl 1959

til greiðsludags og kr. 1.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. desember 1961.

Nr. 178/1961. **Jón Árnason,**
Árni Jónsson
og
Björn Jónsson
gegn
Útbúi Útvegsbanka Íslands á Akureyri.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir málavöxtum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðiljum málskostnað í héraði, kr. 3500.00, og svo kærumálskostnað.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. nóvember 1961 og krafizt þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og kærumálskostnað, kr. 2000.00.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Dómsorð:

Varnaraðili, Útibú Útvegsbanka Íslands á Akureyri, greiði sóknaraðiljum, Jóni Árnasyni, Árna Jónssyni og Birni Jónssyni, málskostnað í héraði, kr. 3500.00, og kærumálskostnað, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 9. nóvember 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., var höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 6. júní s.l., af Júlíusi Jónssyni bankastjóra f. h. Útibús Útvegsbanka Íslands með heimild í skuldabréfi, útgefnu 11/2 1955, gegn Jóni Árnasyni, fyrrverandi bankastjóra, Laufásvegi 71, Reykjavík, Birni Jónssyni verzlunarmanni, sama stað, og Árna Jónssyni verkstjóra, sama stað.

Gerir stefnandi þær kröfur, að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum kr. 12.000.00 ásamt 11½% ársvöxtum af kr. 8.000.00 frá 4. apríl 1960 til 29. desember 1960 og 9½% ársvöxtum af sömu upphæð frá 30. desember 1960 til 4. apríl 1961 og 9½% ársvöxtum af kr. 12.000.00 frá 4. apríl 1961 til greiðsludags. Enn fremur krefst hann sér tildæmdan málskostnað úr hendi stefndu eftir framlögðum reikningi eða mati dómara.

Stefndu krefjast sýknu og að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hinn 11. febrúar 1955 hafi hann veitt stefnda veðlán, að upphæð kr. 200.000.00. Til tryggingar láninu veðsetti stefndi stefnanda húseign sína, Laufásveg 71 í Reykjavík, með 2. veðrétti og uppfærslurétti. Jafnframt tókust stefndu Björn og Árni Jónssynir á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láninu.

Þegar lán þetta, sem sé sjálfskuldarábyrgðarlán nr. 203, hafi verið veitt, hafi vextir af slíkum lánum hjá útibúinu verið 7% á ári auk ½% framlengingargjalds af skuldarupphæðinni fram yfir fyrstu 3 mánuði.

Gjalddagi lánsins skyldi vera 4. apríl ár hvert, vextir greiðast fyrirfram.

Stefndi virðist hafa greitt vexti reglulega af láninu, eins og áskilið var í bréfinu og án alls ágreinings þar til á árinu 1959, en þá dregst vaxtagreiðslan úr hömlu til 17. marz 1960, sbr. dskj. nr. 5. 4. apríl s. á. greiðir hann vexti, gjaldfallna þann dag, og miðar greiðslur sínar enn við 7½% ársvexti, eins og áður. En bankaútibúið taldi nú, að vextir af láni þessu væru hækkaðir í 11½% á ári, miðað við gjalddaga lánsins 4/4 1960 og frá og með 29. desember 1960 9½% í ársvexti.

Ber stefnandi það fyrir sig, að með 16. gr. laga nr. 63/1957 um Landsbanka Íslands, sbr. 33. gr. laga nr. 4/1960, hafi Seðlabankanum verið veitt heimild til að ákveða innláns- og útlánsvexti bankanna. Í samræmi við það hafi stjórn Seðlabankans

ákveðið þann 20/2 1961, að útlánsvextir í lánsstofnunum landsins skyldu frá 21/2 1960 vera ekki hærri en 11% fyrstu 3 mánuðina, en síðan 11½% með framlengingargjaldi, og með sama hætti hafi bankinn ákveðið 28. desember s.l., að framvegis skyldu hliðstæðir vextir vera 9% og 9½%.

Nemur stefnukrafan þeirri upphæð, er nemur mismun vaxtanna frá því, sem þeir voru upphaflega, og því, sem þeir verða samkvæmt framangreindum ákvörðunum Seðlabankans, miðað við gjalddaga 4/4 1960 og 4/4 1961.

Eftir að stefnandi hafði móttekið vaxtagreiðslur frá stefnda Jóni 1960, skrifaði hann honum 25. apríl s. á., sbr. dskj. nr. 5, og krefur hann um kr. 8.000.00 í viðbót við þá vaxtagreiðslu, er hann hafði innt af hendi 4. apríl s. á., og skírskotaði til framangreindra lagaákvæða um vaxtabreytingu og ákvarðana Seðlabankans samkvæmt þeim svo og til ákvæða skuldabréfsins.

18. marz 1961 skrifaði stefnandi stefnda, sbr. dskj. nr. 7, þar sem stefndi er minntur á gjalddagann 4. apríl og bent á, að vextir séu 9½%, jafnframt því sem gengið er eftir greiðslum á vangreiddum vöxtum frá fyrra ári.

Stefndi hefur andmælt kröfu stefnanda einkum með þeim rökum, að hér hafi verið um fast lán að ræða til 10 ára, þ. e. lántakandi réði sjálfur, hvenær hann greiddi lánið á þessum 10 árum, og hafi stefnandi því ekki heimild eða skyldu til að breyta vaxtaupphæðinni samkvæmt framangreindum lögum og reglum, meðan lánstíminn sé ekki útrunninn.

Fallast verður á það með stefnda, að sé hér um fast lán að ræða með föstum vöxtum, hafi framangreind lög og reglur Seðlabankans engin áhrif á vextina hér.

Það, sem skera þarf hér úr, er því, hvort þetta hafi verið fast lán með föstum vöxtum eða ekki.

Samkvæmt skuldabréfinu, sbr. dskj. nr. 2, segir svo um lánstímann: „Og lán þetta skuldbind ég mig til að endurborga innan tíu ára". Aðiljar eru sammála um, að hér hafi verið um svokallað sjálfskuldarábyrgðarlán að ræða eða B-lán og einnig, að við lánveitingu þessa hafi verið vikið frá því algengasta, þannig telja þeir lán þessi að jafnaði til eins árs á lánsskjölum, þótt almennt sé reiknað með þeim til 10 ára og jöfnum árlegum afborgunum í stað þess, að hér er tilgreint, að lánið greiðist innan 10 ára.

Hefur sóknaraðili viðurkennt, að lánveitandi geti eigi krafizt þess, að höfuðstóllinn sé greiddur, nema innan 10 ára frá lán-

töku, nema vanskil verði. Verður með skírskotun til þessa og sjálfs orðalags skuldabréfsins, eins og að framan er tilvitnað, að telja, að hér sé um fast lán að ræða.

Um vextina segir svo í skuldabréfinu: „Í vexti af láni þessu skuldbind ég mig til að borga 7% — sjö af hundraði — á ári, og eru vextirnir greiddir fyrirfram svo og framlengingargjald af skuldarupphæðinni, fram yfir fyrstu 3 mánuði frá lántökudegi". Því næst er tekið fram, að ef hann standi eigi í skilum með lánið í gjalddaga, greiði hann 1% í dráttarvexti og vexti með þeirri vaxtahæð, sem bankinn ákveði. Þá segir, að ef lánið verði endurnýjað eða framlengt, þá ráði bankinn hæð vaxta og dráttarvaxta.

Það, sem stefnandi hefur einkum lagt áherzlu á, er, að þetta sé sjálfskuldarábyrgðarlán, en vaxtakjör hafi ætíð verið hin sömu á þeim og víxlum, enda hafi svo verið við stofnun lánsins, þ. á m. teknir ½% hærri vextir eftir 3 fyrstu mánuðina, og vextirnir séu í báðum tifellum greiddir fyrirfram.

Þá hefur stefnandi lýst því yfir, að lán hafi aldrei verið veitt hjá bankaútibúinu með óbreytanlegum vöxtum. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að lánið hafi þegar verið framlengt, enda sé reglan sú, eins og áður er að vikið, að slík lán greiðist upp á 10 árum, þótt hann viðurkenni jafnframt, að oft sé vikið frá því.

Einnig sé greinilega tekið fram í skuldabréfinu um framlengingargjald fram yfir fyrstu 3 mánuðina frá lántökudegi og telur, að honum virðist sá skilningur viðurkenndur af stefnda með því að greiða kr. 15.000.00 í ársvexti af 200 þúsund kr., enda séu lánin raunverulega framlengd í hvert skipti sem vaxtagreiðsla fer fram.

Samkvæmt þessu telur stefnandi sig hafa getað hækkað vextina samkvæmt þeim orðum skuldabréfsins, sbr. að framan tilvitnuð orð.

Varnaraðili hefur hins vegar haldið því fram, að hér sé um fast lán að ræða til tíu ára, eins og áður greinir, og ráði hann algerlega, hvenær hann greiði lánið á samningstímanum, og jafnframt séu vextirnir fastákveðnir fyrir sama tímabil, nema um vanskil séð að ræða, enda hafi ekki verið um neitt annað samið en sem í skuldabréfinu greinir. Varðandi atriðið um endurnýjun eða framlengingu, heldur stefndi því fram, að um slíkt geti eigi verið að ræða fyrr en að 10 ára samningstímanum liðnum, þ. e. 11. febrúar 1965.

Eins og að framan er að vikið, verður að telja, að hér sé um

fast lán að ræða til 10 ára, enda bendir það til þess, auk orðalagsins sjálfs, að telja má upplýst, að stefndi hafi aldrei verið krafinn um afborganir af láninu, enda stendur það óbreytt enn frá upphafi, og verður að fallast á það með stefnda, að eigi sé um endurnýjun að ræða samkvæmt skuldabréfinu.

Hins vegar verður það að teljast ólíklegt, að bankaútibúið hafi einnig ætlað að ívilna stefnda, hvað vaxtagreiðslur snerti, umfram aðra viðskiptamenn bankans með svipuð lán. Hins vegar er og viðurkennt, að þar er brugðið frá venju um sum atriði, svo sem lánstíma og búsetu lántakanda, og geti það bent til, að ætlunin hafi verið að breyta út frá venju einnig um vaxtaskilmála. Þegar þetta er haft í huga jafnframt sjálfu orðalagi skuldabréfsins um vextina, þykir ekki vera hægt að taka kröfu stefnanda til greina á þeim forsendum, að lánið væri endurnýjað árlega við hverja vaxtagreiðslu.

Eigi þykir stefnandi heldur hafa öðlazt rétt til að hækka vextina vegna vanskila á láninu, þótt nokkur dráttur yrði á greiðslu vaxta gjaldfallinna 4/4 1959, þar sem láninu er ekki sagt upp og stefnandi gerir engan slíkan fyrirvara, þegar hann kvittar fyrir greiðslurnar, sbr. dskj. nr.5.

Ekki verður heldur fallizt á þau rök stefnanda, að þáverandi forsvarsmaður stefnanda hafi farið út fyrir umboð sitt með lánsskilmálunum, eins og stefndi skilur þá, þar sem telja verður, að lántakandi hafi mátt treysta því, að hann hefði umboð til þess.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, þykir verða að sýkna stefndu af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Árnason, Björn Jónsson og Árni Jónsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Útvegsbanka Íslands, útibúsins á Akureyri, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 18. desember 1961.

Nr. 30/1961. **Þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Þóru Borg og gagnsök
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Torfason.

Skaðabætur vegna brottvikningar úr opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1961. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara,* að dæmd fjárhæð verði lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. apríl 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 120.944.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. júní 1958 til greiðsludags, málskostnað í héraði, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál þar, og svo málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu sækir gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um bætur af þeim sökum, að henni hafi verið sagt upp leikstarfi við Þjóðleikhúsið frá 1. september 1957, en óheimilt hafi verið að slíta ráðningu hennar þar fyrr en 30. júní 1958. Er tildrögum málsins og atvikum lýst rækilega í héraðsdómi.

Ljóst er af ákvæðum þjóðleikhússlaganna nr. 86/1947, að fastráðnir leikarar Þjóðleikhússins eru opinberir starfsmenn, sbr. einkum fyrirmæli í 3. málsgr. 3. gr., 4. gr. og 5. gr. laganna. Gilda því um ráðningu þeirra og kjör reglur opinbers réttar.

Samkvæmt 3. málsgr. 3. gr. greindra þjóðleikhússlaga

ræður þjóðleikhússtjóri fasta leikara til allt að fimm árum í senn og gerir við þá ráðningarsamninga. Í 2. málsgr. 7. gr. segir, að ráðningu skuli miða við leikár, en eftir 1. málsgr. sömu greinar telst leikár frá 1. júlí til 30. júní. Um ráðningartíma var svo nánar ákveðið í 13. gr. reglugerðar nr. 162 frá 23. september 1949, en sú grein hafði stoð í lögunum og var í gildi allan þann tíma, sem hér skiptir máli. Segir þar m. a. svo: „Leikarar skulu ráðnir til eins árs í senn eða til lengri tíma, allt að fimm árum, eða í einstök hlutverk. Leikár telst frá 1. júlí til 30. júní. Ráðningarsamningur miðast við leikár eða frá þeim tíma, er þeir ganga í gildi, og til loka leikársins, nema um ráðningu í einstök hlutverk sé að ræða. Hvor aðili, þjóðleikhússtjóri og fastráðinn leikari, getur sagt upp samningi, enda sé það gert eigi síðar en þrem mánuðum áður en ráðningartíminn er útrunninn. Ef hvorugur aðili segir upp samningi fyrir tilgreindan tíma, framlengist hann óbreyttur um jafnlangan tíma og hann gilti áður."

Þegar gagnáfrýjandi réðst fastur leikari til Þjóðleikhússins með ráðningarsamningi, dags. 20. okótber 1949, urðu framangreind ákvæði laga og reglugerðar þáttur af kjörum hennar, þar á meðal fyrirmælin um, að ráðningu skyldi miða við leikárið 1. júlí til 30. júní, að undanteknum upphafstíma fyrsta starfsárs. Það frávik í samningnum, að eftirleiðis skyldi upphaf og lok ráðningartímabils miðað við 1. september, hafði því ekki gildi. Þar sem ráðningarsamningur gagnáfrýjanda var síðan framlengdur, fyrst um tveggja ára tímabil hverju sinni, en síðar frá ári til árs, og uppsögn samkvæmt ákvæðum 13. gr. reglugerðarinnar fór ekki fram fyrir 1. apríl 1957, framlengdist starfsráðningin samkvæmt síðasta málslið nefndrar 13. gr. um tímabilið frá 1. júlí 1957 til 30. júní 1958. Ber samkvæmt þessu að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að gagnáfrýjandi eigi rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að taka til greina 1. og 2. kröfulið í héraði, kr. 57.833.22 og kr. 3469.99.

Í 3. kröfulið krefst gagnáfrýjandi orlofsfjár, kr. 9640.80. Tekið er fram í ráðningarsamningi hennar, að um ráðninguna skuli gilda almenn ákvæði í samkomulagi Þjóðleikhússins og Félags íslenzkra leikara frá 6. október 1949, en í 5. gr. samkomulags þessa segir svo: „Leikara ber tveggja mánaða sumarleyfi ár hvert, sem að jafnaði er frá 1. júlí til og með 31. ágúst. Telji þjóðleikhússtjóri óhjákvæmilegt vegna leiksýninga, að sumarleyfi sé tekið á öðrum tíma, skal hann tilkynna það leikara með mánaðar fyrirvara". Ákvæði þetta, sem gert var að hluta af ráðningarsamningnum, sbr. 3. málsgr. 3. gr. laga nr. 86/1947, gilti allan ráðningartíma gagnáfrýjanda, sbr. og 6. málsgr. 16. gr. laga nr. 38/1954. Af gögnum málsins og málflutningi má ráða, að gagnáfrýjandi hafi jafnan fengið orlof sitt eftir á, þ. e. í upphafi hvers leikárs fyrir næsta leikár á undan. Mun sú framkvæmd hafa stafað af því, að ekki var um ráðningu fylgt ákvæðum laga um ráðningartímabil, eins og áður var greint. Orlof það, sem gagnáfrýjandi fékk sumarið 1957, var því fyrir leikárið 1. júlí 1956 til 30. júní 1957. Hefur hún þannig ekki fengið orlof fyrir hið síðasta leikár, sem hún var ráðin til, eftir því sem að framan greinir. Telja verður, að orlofsákvæðið hafi verið einn þáttur í starfskjörum gagnáfrýjanda, og þar sem hún bauðst til að starfa við Þjóðleikhúsið út ráðningartíma sinn og átti enga sök á því, að starf hennar var ekki þegið, þá þykir eftir atvikum rétt að dæma henni bætur samkvæmt þessum kröfulið, eins og gert er í héraðsdómi.

Fallast má á þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms með skírskotun til forsendna hans, að gagnáfrýjandi eigi ekki rétt til bóta samkvæmt 4. kröfulið í héraði.

Með framangreindum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn, þar á meðal málskostnaðarákvæði hans. Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins, greiði gagnáfrýjanda, Þóru Borg, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. desember 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. þ. m., hefur Þóra Borg leikkona, Laufásvegi 5, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. maí 1959, gegn þjóðleikhússtjóra f. h. Þjóðleikhússins til greiðslu á kr. 120.944.01 með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1958 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómarans, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi hefur verið veitt gjafsókn í máli þessu með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 6. október 1959.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar að mati dómarans, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð að mati dómarans og málskostnaður látinn falla niður. Samkomulag er með aðiljum málsins að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja málið beint fyrir bæjarþingið. Dómarinn hefur reynt að koma á sátt í málinu, en sú vitleitni hefur ekki borið árangur.

Málavextir eru svo svofelldir:

Hinn 29. júlí árið 1949 sótti stefnandi um leikkonustarf hjá Þjóðleikhúsinu, er tók til starfa það ár. Gerður var við hana ráðningarsamningur, svonefndur A-samningur, hinn 20. október sama ár. Tekið var fram í samningnum, að stefnandi væri fastráðin fyrir tímabilið frá 1. nóvember 1949 til 1. september 1951. Í samningi þessum var enn fremur ákvæði þess efnis, að væri honum ekki sagt upp af öðrum hvorum aðilja, minnst þrem mánuðum áður en hann gengi úr gildi, framlengdist hann óbreyttur til 1. september 1953. Þá var og tekið fram í nefndum ráðningarsamningi, að almenn samningsákvæði milli Þjóðleikhússins og Félags íslenzkra leikara frá 6. október 1949 gildi að öðru leyti og skoðist sem hluti samningsins. Var hann prentaður aftan við ráðningarsamning stefnandi. Þessi ráðningarsamningur gilti óbreyttur til ársins 1955. Hinn 10. maí 1955 ritaði stefndi stefnandi bréf, þar sem hann vekur athygli hennar á, að samningur hennar gangi úr gildi 1. september það ár og óskar jafnframt eftir, að athugun á samningnum fyrir næsta leikár fari fram

í júnímánuði sama ár. Samkvæmt þessu undirritaði stefnandi nýjan ráðningarsamning við Þjóðleikhúsið hinn 29. júní 1955. Samningur þessi skyldi gilda fyrir tímabilið 1. september 1955 til 1. september 1956. Væri honum ekki sagt upp af öðrum hvorum aðilja, minnst þrem mánuðum áður en hann gengi úr gildi, skyldi hann framlengdur óbreyttur frá 1. september 1956 til 1. september 1957. Að öðru leyti var samningurinn nákvæmlega eins og sá, er aðiljar gerðu með sér hinn 20. október 1949. Á árinu 1956 sagði hvorugur aðilja samningnum frá 29. júní 1955 upp, svo að hann framlengdist sjálfkrafa til 1. september 1957.

Hinn 29. maí 1957 barst stefnandi bréf frá stefnda, þar sem tekið var fram, að samningur hennar rynni út 1. september 1957 og athugun á endurnýjun hans beri að gera fyrir 1. júlí sama ár. Stefnandi kveðst ekki hafa litið á þetta sem uppsögn. Lítið virðist hafa orðið úr samningaviðræðum milli aðiljanna um sumarið. Hinn 12. september reit stefndi stefnanda bréf, er segir, að eins og hann hafi áður tjáð henni munnlega, verði sams konar samningur og hún hafi haft undanfarin ár við Þjóðleikhúsið ekki framlengdur, en minnir hana jafnframt á, að tilboð sitt um að gera við hana svokallaðan B-samning standi til 25. september sama ár. Kjör samkvæmt þess konar samningi eru þau, að leikara eru tryggðar 60 leiksýningar yfir árið á kr. 350.00 fyrir hverja sýningu ásamt kr. 40.00 fyrir hverja æfingu, er hann tekur þátt í. Þessu tilboði stefnda hafnaði stefnandi í bréfi, dagsettu 24. september 1957, og taldi sig ekki geta fallizt á, að samningur hennar við Þjóðleikhúsið frá 29. júní 1955 væri úr gildi fallinn. Hinn 9. september 1957 ritaði Óskar Borg héraðsdómslögmaður, bróðir stefnandi, menntamálaráðherra bréf, þar sem það er vefengt, að nefndur samningur sé úr gildi fallinn, og þess krafizt, að hann verði tafarlaust endurnýjaður formlega. Svo varð þó ekki, og hinn 21. janúar 1958 skrifaði nefndur Óskar stefnda og mælist til, að deila þessi verið lögð í gerð samkvæmt 14. grein samnings milli Þjóðleikhússins og Félags íslenzkra leikara frá 6. október 1949, en sá samningur myndaði hluta af ráðningarsamningi stefnandi, eins og fyrr er frá greint. Í téðri 14. grein samnings þessa segir m. a.: „Deilumál, sem rísa kunna milli leikara og stjórnar leikhússins út af ágreiningi á skilningi eða framkvæmd þessa samnings, skulu lögð í gerðardóm.“ Í nefndu bréfi er einnig frá því skýrt, að Benedikt Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður hafi verið tilnefndur í gerðardóminn af hálfu stefnandi, og er þess farið á leit við stefnda,

að útnefndur verði gerðardómsmaður af hálfu Þjóðleikhússins. Þessu neitaði stefndi að verða við í bréfi, dagsettu 10. marz 1958, þar eð ráðningarsamningur stefnandi hefði endanlega fallið úr gildi hinn 1. september 1957, og því væri ekki um neinn grundvöll til gerðardóms að ræða.

Var þá leitað til Félags íslenzkra leikara og það beðið að knýja stefnda til að útnefna gerðardómsmann af hálfu Þjóðleikhússins. Ritaði stjórn félagsins stefnda bréf, þar sem hún skorar eindregið á hann að tilnefna fulltrúa í gerðardóminn. Í bréfi, dagsettu 24. marz sama ár, til félagsins endurtók stefndi synjun sína, þar sem hér væri um algert lögfræðilegt atriði að ræða og hinn lögfræðilegi ráðunautur leikhússins teldi ekki grundvöll fyrir gerðardóm í nefndu tilviki. Var þá leitað til þjóðleikhússráðs um þetta mál í bréfi, dagsettu 16. apríl 1958, en svar mun ekki hafa borizt frá þeirri stofnun. Leitaði stefnandi þá fulltingis hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Félag þetta fór þess á leit við Menntamálaráðuneytið í bréfi, dagsettu 4. júlí 1958, að það hlutaðist til um, að oftnefndur gerðardómsmaður yrði hið fyrsta tilnefndur af hálfu Þjóðleikhússins. Hinn 8. desember 1958 barst félaginu svar ráðuneytisins, þar sem synjað var að verða við þeirri málaleitan.

Er svo var komið málum, ákvað stefnandi að leggja málið fyrir bæjarþing Reykjavíkur, og var svo gert 14. maí 1959, eins og fyrr er frá greint.

Kröfur sínar í máli þessu reisir stefnandi á 7. grein laga nr. 86/1947 um Þjóðleikhús, er segir: Leikár telst frá 1. júlí til 30. júní. Ráðningu starfsmanna Þjóðleikhússins skal miða við leikár. Og í 13. grein reglugerðar nr. 162/1949, sem sett er samkvæmt heimild í 13. grein laga nr. 86/1947, segir svo: „Ráðningarsamningar miðast við leikár eða frá þeim tíma, er þeir ganga í gildi, til loka leikársins, nema um ráðningu í einstök hlutverk sé að ræða.“ Samkvæmt svo skýrum fyrirmælum laga hafi stefnda verið óheimilt að miða við annan ráðningartíma en lögin mæla fyrir um, þar eð þau séu ófrávíkjanleg, hvað ráðningartíma snertir. Stefnandi kveðst ekki hafa haft þekkingu á þessu atriði, og ekki gætt þess, að í samningum þeim, er stefndi gerði við hana, hafi ei verið farið að lögum, enda hafi hún ei talið það skipta máli, því að vitanlega myndi stefndi virða þau lög, er um Þjóðleikhúsið fjalla. En samkvæmt þeim hafi hún mátt treysta því, að lok starfsferils hennar hjá stefnda myndi ætíð miðast við lok leikárs, sem sé hinn 30. júní. Stefn-

andi mótmælir því, að í bréfi stefnda, dagsettu 29. maí 1957, felist uppsögn af hálfu stefnda á ráðningarsamningi aðiljanna, og raunveruleg uppsögn af hálfu stefnda hafi ekki átt sér stað fyrr en 1. september 1957, er stefndi hætti að greiða henni laun. Samkvæmt 12. grein samnings milli Þjóðleikhússins og Félags íslenzkra leikara beri sér minnst þriggja mánaða uppsagnarfrestur. Hafi stefndi því ekki sagt oftnefndum samningi upp með nægum fyrirvara, og eigi hún þar af leiðandi rétt á að halda launum sínum til 30. júní 1958.

Sýknukröfur sínar reisir stefndi á því, að 7. grein laga nr. 86/1947 sé frávíkjanlegt ákvæði, og þar af leiðandi sé ekkert því til fyrirstöðu, að hægt sé að semja við einstaka leikara um annan starfstíma við Þjóðleikhúsið en þann, er í téðri lagagrein segir. Þá bendir stefndi á, að oftnefndur ráðningarsamningur brjóti ekki í bága við 16. grein samnings milli Þjóðleikhússins og Félags íslenzkra leikara frá 6. október 1949. Allt frá stofnun Þjóðleikhússins hafi það verið venja að miða við 1. september í ráðningarsamningum fastráðinna leikara, jafnt formanns Félags íslenzkra leikara sem annarra. Enda sé það hentugra fyrirkomulag, því að þá komi tveggja mánaða orlofstími í lok starfstímabilsins í stað þess að byrja ráðninguna með tveggja mánaða orlofi. Hvað sem öðru líði, geti stefnandi ekki reist kröfur af þessu tilefni, þar sem hún hafi svo lengi af frjálsum vilja samið um 1. september sem lokatíma ráðningar sinnar. Þá sé og viðurkennt, að stefnandi hafi verið tilkynnt með rúmlega þriggja mánaða fyrirvara, að samningur hennar rynni út 1. september 1957. Stefndi heldur því auk þess fram, að stefnandi hafi fyrirgert öllum fjárkröfum á hendur sér (stefnda) með því að hafna tilboði stefnda um að gera við hann svonefndan B-samning.

Þá virt er hið fortakslausa ákvæði 7. greinar laga nr. 86/1947, er segir: „Ráðningu starfsmanna Þjóðleikhússins skal miða við leikár", verður e contrario að telja, að óheimilt hafi verið að semja um annan ráðningartíma en þann, er greinin mælir fyrir um í tilviki því, er hér liggur fyrir til úrlausnar. Ekki verður heldur talið, að hin tiltölulega skamma venja, er ríkt hefur um annan ráðningartíma en lögin ákveða, þoki nokkru hér um. Samningur sá, er hér um ræðir, er því ógildur, hvað ráðningartíma snertir. Þegar þess er enn fremur gætt, að stefnandi var ókunnugt um lagaákvæði þau, er um ráðningartímann fjalla, og þegar hugað er að samningsaðstöðu aðiljanna, verður að telja það sanngjarnt, að stefndi beri hallann af því, að ei var samið

lögum samkvæmt. Er þetta er haft í huga, verður ljóst, að uppsögn sú, sem stefnandi var send hinn 29. maí 1957, var ei gerð með nægum fyrirvara, er vera skyldi minnst þrír mánuðir, miðað við hin lögboðnu lok ráðningartímans — 30. júní. Hefur því ráðningarsamningur stefnandi framlengzt til 30. júní 1958 með þeim réttaráhrifum, er það hefur.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína þannig:

1.	Laun frá 1/9 1957—30/6 1958	kr. 57.833.22
2.	Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	— 3.469.99
3.	Orlofsfé	— 9.640.80
4.	Skaðabætur	— 50.000.00
		Alls kr. 120.944.01

Stefndi hefur mótmælt bótakröfum stefnandi hverri fyrir sig og öllum í heild sem röngum og órökstuddum. Verða nú hinir einstöku liðir teknir til athugunar.

Um 1. lið:

Samkvæmt ráðningarsamningi sínum bar stefnandi kr. 9.600.00 í laun á ári, að viðbættum dýrtíðaruppbótum og hækkunum í samræmi við kaupgjaldsvísitölu. Eftir útreikningi, gerðum á skrifstofu Þjóðleikhússins, hefðu laun stefnandi á tímabilinu 1/9 1957—30/6 1958 orðið kr. 57.833.22. Verður þessi liður því tekinn til greina að fullu, enda hefur því ekki verið haldið fram, að hún hafi haft nokkrar tekjur af leikstarfsemi á þessum tíma.

Um 2. lið:

Samkvæmt 16. grein reglugerðar nr. 162/1949 skulu starfsmenn Þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til minnst eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, greiða iðgjöld í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda og aðrir starfsmenn ríkisins. Sjálfir greiða starfsmenn til sjóðsins 4% af launum sínum, en stefndi leggur fram 6% á móti, miðað við greidd laun. Upphæð þessa kröfuliðs, kr. 3.469.99, eru 6% af fjárhæð 1. kröfuliðs. Verður þessi liður því tekinn til greina að fullu.

Um 3. lið:

Samkvæmt ákvæðum 5. greinar kjarasamnings milli Þjóðleikhússins og Félags íslenzkra leikara skyldu leikarar við Þjóðleik-

húsið fá tveggja mánaða sumarleyfi ár hvert. Svarar þetta til 16.667% orlofsfjár. Upphæð þessa liðs, kr. 9.640.80, er greind hundraðstala af fjárhæð 1. liðs. Verður þessi liður því einnig tekinn til greina að fullu.

Um 4. lið:

Þessi kröfuliður, sem er áætlaður, er tvíþættur. Annars vegar bætur fyrir missi nokkurra aukatekna, er fylgja leikarastörfum við Þjóðleikhúsið, svo sem þóknun fyrir leiksýningar fram yfir 150 á ári, leikferðir og aukaæfingar. Hins vegar sérstakar bætur fyrir réttarbrot það, er stefnandi hafi orðið fyrir af hendi stefnda, með því hafa ekki getað komið fram á leiksviði í heilt leikár, en leikari, sem hefur leiklist að aðalstarfi, sé mjög háður því, að leikhúsgestir þekki hann og persóna hans og leikframkoma greipist inn í vitund allra þeirra, er leikhús sækja. Með þessari fjarveru sinni frá leiksviðinu telur stefnandi sig hafa beðið tjón, er stefnda beri að bæta.

Þegar litið er til ráðningarsamnings stefnandi, verður ekki talið tilefni til að greiða henni bætur samkvæmt þessum kröfulið. Skal stefndi vera sýkn af þessum lið stefnukröfunnar.

Málalok verða því þau, að stefndi skal greiða stefnandi alls kr. 70.944.01 (kr. 57.833.22 + kr. 3.469.99 + kr. 9.640.80) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 9.000.00, og ber skipuðum talsmanni stefnandi, Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 8.750.00 af málskostnaðinum í málflutningslaun.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins, greiði stefnandi, Þóru Borg, kr. 70.944.01 með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1958 til greiðsludags og kr. 9.000.00 í málskostnað. Ber skipuðum talsmanni stefnandi, Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 8.750.00 af málskostnaðinum í málflutningslaun. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. desember 1961.

Nr. 61/1961. **Gunnar Gunnarsson**
gegn
Bæjarstjóranum á Akureyri
f. h. bæjarsjóðs.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Torfason.

Um öflun gagna.

Dómur Hæstaréttar.

Áður en dómur gangi í máli þessu í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á því að leiða í ljós, eftir því sem kostur er, þau atriði, sem nú verða talin:

1. Hvernig var háttað dvöl áfrýjanda á Akureyri og vinnu hans þar á árinu 1959 allt fram til þess, að á hann var lagt útsvar 7. ágúst s. á.? Hafði hann sérstakt herbergi þar á þessum tíma og hvernig var fæðisaðstöðu hans farið?

2. Hvers vegna var ekki lagt útsvar á áfrýjanda á Akureyri við aðalniðurjöfnun árið 1959?

3. Var lagt útsvar á áfrýjanda á Akureyri árið 1960? Ef ekki, þá hvers vegna?

4. Hverjar voru tekjur áfrýjanda árin 1958 og 1959 og að hverju leyti stafa þær frá atvinnu, er hann stundaði á Akureyri?

5. Hvernig var háttað aðstöðu áfrýjanda við útgerð á jarðýtu í félagi við Kristján Þórðarson á árunum 1958 og 1959?

6. Hvar var tekju- og eignarskattur lagður á áfrýjanda árin 1958 og 1959?

7. Rétt er að leggja fram skattframtöl áfrýjanda á árunum 1958 og 1959.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla ofangreindra gagna og upplýsinga.

Miðvikudaginn 20. desember 1961.

Nr. 180/1960. **Muninn h/f** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Kristóbert Rósinkarssyni og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Torfason.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Gunnar Ólafsson, bæjarfógeti á Ísafirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómendunum Haraldi Guðmundssyni skipstjóra og Rögnvaldi Jónssyni, fyrrverandi skipstjóra.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 24. okótber 1960, og krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu og sér dæmdur málskostnaður úr hendi hans fyrir báðum réttum.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 12. desember 1960, og gert þær réttarkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 186.246.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar ásamt 6% ársvöxtum frá 2. júlí 1959 til 21. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim tíma til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum af fjárhæðinni frá þeim tíma til greiðsludags.

Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum úr hendi aðaláfrýjanda og að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/b Pólstjörnunni, ÍS 85, fyrir öllum dæmdum kröfum.

Fallast má á það með héraðsdómi, að eyrun, sem soðin voru á spilkoppinn og tekin voru af honum strax eftir slysið að tilhlutan skipstjórans og ekki hafa komið í leitirnar þrátt fyrir eftirgrennslan sjó- og verzlunardómsins, megi teljast til vanbúnaðar, sem aðaláfrýjandi ber ábyrgð á, enda verður hann að bera hallann af, að sönnunargagn þetta fór forgörðum.

Hins vegar verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi sýnt af sér mikla óvarkárni í starfi sínu við uppskipunina.

Er því rétt að skipta ábyrgð á tjóninu þannig, að aðaláfrýjandi beri ábyrgð á tjóninu að ⅓ hluta, en gagnáfrýjandi að ⅔ hlutum.

Bótakrafa gagnáfrýjanda sundurliðast þannig:

1. Örorkubætur	kr.	135.796.00
2. Fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	—	50.000.00
3. Tjónútreikningur	—	450.00
	Kr.	186.246.00

Ad. 1. Samkvæmt nýjum tjónútreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings, dags. 17. þ. m., metur hann tapaðar vinnutekjur gagnáfrýjanda kr. 140.552.00, miðað við slysdag. Er þá ekki reiknað með greiðslum þeim, sem gagnáfrýjandi hefur fengið, né því, að tjónbætur eru skattfrjálsar og þægindunum við að fá þá greiðslu í einu lagi.

Eftir atvikum þykir rétt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 90.000.00, og er þá tekið tillit til greiðslna þeirra, sem gagnáfrýjandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins og aðaláfrýjanda.

Ad. 2. Bætur þær, sem krafizt er undir þessum lið, þykja hæfilega metnar kr. 24.000.00.

Ad. 3. Þessi liður verður tekinn til greina með fullri upphæð.

Aðaláfrýjanda ber því að greiða gagnáfrýjanda ⅓ hluta af kr. 90.000.00 + kr. 24.000.00 + kr. 450.00 = kr. 38.150.00 með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagn-

áfrýjanda málskostntað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8000.00.

Sjóveðréttur til handa gagnáfrýjanda í v/b Pólstjörnunni, ÍS 85, fyrir framanskráðum upphæðum viðurkennist.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Muninn h/f, greiði gagnáfrýjanda, Kristóbert Rósinkarssyni, kr. 38.150.00 með 6% ársvöxtum frá 2. júlí 1959 til 21. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim tíma til 29. desember 1960 og 7% frá þeim tíma til greiðsludags svo og kr. 8000.00 í málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í v/b Pólstjörnunni, ÍS 85, fyrir þessum upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa ýmis ný gögn verið lögð fyrir Hæstarétt í málinu.

Gagnáfrýjandi stjórnaði hinn 2. júlí 1959 dráttarvindu v/b Pólstjörnunnar, ÍS 85, 24 rúmlestir óskírar, við uppskipun á afla að lokinni veiðiför. Dráttarvinda þessi var fest í skipið stjórnborðsmegin framan við lestina og knúin af aflvél skipsins, sem var í tengslum við gangverk vindunnar um ás í fæti vindunnar og láréttan ás neðan þilja. Gangverk vindunnar var tannhjólasamstæða, sem gekk í olíulög og var lukt sporöskjulöguðum málmkassa. Ofan á tannhjólakassanum var handfang. Var dráttarvindan sett í gang og stöðvuð með því að færa handfangið fram og aftur. Einnig var á tannhjólakassanum dráttarkoppur, sem knúinn var af gangverkinu. Á dráttarkoppinn höfðu verið soðin fjögur hálfsívöl „eyru“. Við þau var strengjaskífa

fest með boltum, þá er dráttarvindan var notuð við línudrátt. Við uppskipun afla var strengjaskífan og boltarnir tekin burt, en dráttarkoppurinn notaður einn. Við uppskipunina 2. júlí 1959 var gagnáfrýjandi einn á þilfari og stjórnaði dráttarvindunni. Lenti hann þá í vírum vindunnar. Þumalfingur hægri handar lenti undir „losunarvírinn", og missti hann hálfa aðra kjúku framan af fingrinum og rifbrotnaði.

Tildrög slyssins eru að sögn gagnáfrýjanda þau, að hann hafi hallað sér fram á við til að gá ofan í lestina. Hafi þá vinnustakkur hans komið við dráttarkoppinn og festst á honum. Hafi hann þá ósjálfrátt stutt hendinni á dráttarkoppinn og vírinn þá lagzt yfir þumalfingur hægri handar og hert að með þeim afleiðingum, að fingurinn skarst í sundur. Engin vitni voru að aðdraganda slyssins, en menn komu bráðlega á vettvang og losuðu gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi reisir bótakröfu sína aðallega á því, að „eyrun" á dráttarkoppnum hafi valdið slysinu. Telur hann um að tefla sök „hjá eiganda og forsvarsmönnum skipsins, vanbúnað skips og bilun og ágalla á tækjum þess, skort á öryggisbúnaði, sem hefði getað komið í veg fyrir slysið". Hann krefst kr. 186.246.00 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og rakið er í kröfugerð, og sjóveðréttar í v/b Pólstjörnunni, ÍS 85, fyrir öllum dæmdum kröfum. Krafan um sjóveðrétt bendir til þess, að málssóknin sé reist á hirðuleysi skipstjóra, sbr. 13. gr. og 4. tl. 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914.

Um útbúnað dráttarvindunnar í v/b Pólstjörnunni hafa skipaskoðunarmennirnir Helgi Þorbergsson og Steinar Steinarsson gefið skýrslu hinn 28. apríl 1960, sem þeir síðar staðfestu fyrir dómi. Þeir segja: „Að gefnu tilefni vottast, að spil það af Þingeyrargerð, sem var í m/b Pólstjarnan, ÍS 85, 2. júlí 1959, var eins og spilin í mörgum öðrum bátum hér. Teljum við, að smávægileg breyting frá því, sem þau voru upphaflega, er gerð hafði verið á mörgum þeirra, sem sé, að soðin höfðu verið á spilkoppana 4 hálfsívöl eyru til boltafestingar, hafi eigi getað orsakað slysahættu. Við sáum því ekkert athugavert við spilið, er skoðun fór fram

vorið 1959". Helgi Þorbergsson tók fram fyrir dómi, að „eyrun" hafi verið um 1½ þuml. frá brúninni á dráttarkoppnum. Við flutning máls þessa fyrir Hæstarétti var sýnd sams konar dráttarvinda og sú, sem var í v/b Pólstjörnunni.

Gagnáfrýjandi er vélstjóri að mennt. Hann vann að vélbúnaði v/b Pólstjörnunnar 1959. Hann var vélstjóri á bátnum gegn svonefndum „aldrætti" að launum, þá er slysið varð. Hann hafði sökum vélmenntunar sinnar og starfa við dráttarvinduna allra manna bezt skilyrði til að leggja dóm á öryggisbúnað hennar. Hann kvartaði samt ekki, svo séð verði, undan útbúnaði dráttarvindunnar eða svonefndum „eyrum" á dráttarkoppnum, sem höfðu sínu sérstaka hlutverki að gegna samkvæmt því, er sagt var, og virtust eigi hættuleg, eins og skipaskoðunarmennirnir taka réttilega fram. Bendir öll framkoma gagnáfrýjanda fyrir slysið því eindregið til þess, að hann hafi talið útbúnað dráttarvindunnar í lagi og sig einfæran um að stjórna henni. Gagnáfrýjandi er einn til frásagnar um aðdraganda slyssins. Hefur honum eigi tekizt að færa nægar líkur að því, að „eyrun" eða annar útbúnaður dráttarvindunnar hafi verið orsök slyssins, og enn síður að því, að þau hafi verið vávæn (adækvat) orsök þess. Með vísun til þess, sem nú var rakið, þykir eigi rétt að skella skuldinni af slysinu að öllu eða nokkru á skipstjóra skipsins eða aðra fyrirsvarsmenn þess, og breytir það engu hér um, þótt skipstjóri hafi síðar af sjálfs sín hvötum látið breyta dráttarvindunni.

Með skírskotun til ofangreindra atriða og raka ber að dæma aðaláfrýjanda sýknan af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Muninn h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Kristóberts Rósinkarssonar, í málinu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 13. september 1960.

Ár 1960, þriðjudaginn 13. september, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta með sjódómsmönnunum Haraldi Guðmundssyni skipstjóra og Rögnvaldi Jónssyni, fyrrverandi skipstjóra, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 7. september s.l.

Mál þetta hefur Kristóbert Rósinkarsson vélstjóri, Aðalstræti 15, Ísafirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 9. maí 1960, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 186.246.00, ásamt 10% ársvöxtum frá 2. júlí 1959 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Pólstjörnunni, ÍS 85, fyrir öllum dæmdum kröfum.

Undir flutningi málsins hefur stefnandi breytt kröfum sínum á þá lund, að honum verði dæmdir 6% ársvextir af dæmdum kröfum frá 2. júlí 1959 til 21. febrúar 1960 og 10% ársvextir af upphæðinni frá þeim tíma til greiðsludags. Þá hefur hann fallizt á, að frá dæmdum kröfum verði dregnar kr. 25.562.75, sem hann hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Hins vegar mótmælti hann því, að til frádráttar kæmu þær kr. 9.000.00, sem stefndi hefur greitt til stefnanda sem kaup eða hlut í einn mánuð, eftir að slysið varð.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að kröfuupphæðir stefnanda fyrir örorku, þjáningu o. fl. verði lækkaðar að miklum mun og að stefnda verið aðeins gert að greiða ¼ hluta bóta, að frádregnum greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins og honum sjálfum, samtals kr. 34.562.75.

Sáttaumleitun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir: Fimmtudaginn 2. júlí 1959, kl. 10 f. h., kom m/b Pólstjarnan af færaveiðum og lagðist að Bæjarbryggjunni á Ísafirði, en stefnandi var vélstjóri á bátnum. Unnið var við að skipa upp aflanum, og var stefnandi við línuspilið á þilfari að „hífa“ upp fisk úr lestinni með koppnum, en tunna var látin síga niður í lestina, og var fiskurinn látinn í hana. Stefnandi var einn á þilfari, en þrír menn voru í lest. M/b Ver lá við Bæjarbryggjuna gegnt Pólstjörnunni, sem lá Torfnesmegin við bryggjuna. Skipstjórinn á m/b Ver, Sturla Agnar Guðmundsson, gekk í þann mund yfir bryggjuna og ætlaði að fá fregnir

af afla hjá skipverjum Pólstjörnunnar. En þegar hann kom á bryggjukantinn, þar sem Pólstjarnan lá, sá hann, að stefnandi var orðinn fastur í línuspilinu, og virtist Sturlu Agnari vírarnir hafa hert svo að stefnanda, að hann gæti ekki gefið frá sér hljóð. Sturla Agnar kom þegar stefnanda til hjálpar og koplaði þegar frá spilinu og stöðvað það. Á meðan þessu fór fram, kom skipstjórinn á Pólstjörnunni, Guðbjörn Jón Jónsson, Viktor sonur hans, Hinrik Guðmundsson og Arnar sonur hans til hjálpar, en ekki gekk greiðlega að losa stefnanda, fyrr en þeir höfðu „fírað bómunni".

Skipstjórinn á Pólstjörnunni var uppi á vörubíl á bryggjunni, er slysið vildi til, og kallaði Sturla Agnar til hans, að maður væri fastur í spilinu, og stökk hann þegar niður af bílnum og um borð í skipið. Fór hann síðan niður í vélarrúm og stöðvaði vél skipsins. Hann sá ekki, hvernig slysið vildi til.

Hinrik Guðmundsson var niðri í lest skipsins ásamt Arnari syni sínum og Viktor syni skipstjóra. Þeir heyrðu hljóð frá stefnanda og hlupu þegar upp á þilfar. Var stefnandi þá orðinn fastur í spilinu og vírinn vafinn utan um hann.

Sturla Agnar Guðmundsson, sem komið hafði stefnanda til hjálpar, bað þá að sækja hníf. Arnar sótti hníf og fékk Sturlu Agnari, en Hinrik var með vasahníf og hjálpaði til að skera fötin, og tókst þeim, eins og fyrr greinir, að losa stefnanda, og var honum síðan ekið tafarlaust á sjúkrahús. En þegar bíllinn var lagður á stað með stefnanda, tók Sturla eftir blóðugum vettlingi, sem lá á þilfarinu, og þegar hann athugaði vettlinginn, kom í ljós, að þar var fingurköggull með viðloðandi allt að sex þumlunga langri afltaug. Sendi Sturla Agnar þegar með fingurköggulinn á sjúkrahúsið.

Ekki er vitað, að neinn áhorfandi hafi verið að því, hvernig slys þetta vildi til. Stefnandi telur, að það hafi orsakazt þannig, að hann hafi verið að gá ofan í lestina til þess að vita, hvort búið væri að fylla tunnuna, og hafi hann við það hallað sér fram á við með þeim afleiðingum, að takkarnir (þ. e. eyrun), sem stóðu út úr efri rönd koppsins, sem híft var á, festust í vinnustakk hans, og dróst hann með spilinu. Hann kvaðst hafa ætlað að losa sig, en þá hafi þumalfingur hægri handar lent undir losunarvírnum með þeim afleiðingum, að framan af honum klipptist.

Stefnandi telur, að slysið hafi orsakazt vegna þess, að takkarnir, sem stóðu út úr efri rönd koppsins, hafi ekki verið teknir

af, áður en spilið var notað til löndunar. Skipstjórinn á Pólstjörnunni, Guðbjörn Jón Jónsson, kvað koplinguna hafa verið á spilhausnum. Til þess að halda henni í skorðum var fjöður, sem í þenna mund var biluð, en í stað þess hafi verið notuð snærislykkja, sem smokkað var upp á enda koplingarsveifarinnar, en hægt var að kippa snærinu frá með einu handtaki, er koplað var frá. Skipstjóri taldi, að þessi útbúnaður hefði ekki þurft að orsaka slys og spilið eins útbúið og í öðrum bátum og forsvaranlegt að öllu leyti.

Sturla Agnar Guðmundsson, skipstjóri á m/b Ver, taldi hugsanlegt, að slysið hafi orsakazt af því, að búið hafi verið að taka strengjaskífuna af og takkarnir, sem við koppinn voru festir, hafi verið berir. Annars kvaðst hann ekki vita, hvernig slysið hafi viljað til, en tapparnir hafi staðið inn í kviðarholið og síðuna á stefnanda. Hann sagði, að hér væru sams konar spil, að því undanskildu, að boltarnir fylgja strengjaskífunni, en á spilinu í Pólstjörnunni séu þeir soðnir við aðdráttarkoppinn.

Guðbjörn Jón Jónsson skipstjóri sagðist hafa stöðvað vélina til öryggis, af því að honum hafi sýnzt spilið halda áfram að snúast, eftir að búið var að kopla frá.

Þá sagði hann, að skipverjarnir sex hafi sofið að meðaltali 3 klukkustundir á sólarhring og hafi stefnandi sofið 2½ klukkustund á heimleiðinni 2. júlí 1959, og hafi verið búinn að sofa eina klukkustund áður um morguninn. Þá skýrði skipstjórinn frá því, að hann hefði verið aflahæstur í þessari veiðiför, en stefnandi næstur honum. Aflinn hefði verið um 9 lestir. Skipshöfnin hafi ekki verið þreytt. Veiðiförin stóð yfir í 3 daga.

Afleiðingar slyss þessa urðu þær samkvæmt örorkumati Ragnars Ásgeirssonar héraðslæknis, dags. 24. nóvember 1959, að stefnandi missti hálfa aðra kjúku framan af þumalfingri hægri handar og rifbrotnaði. Var gert að meiðslum hans samdægurs á Ísafirði, en í lok ágústmánaðar var fingurmeiðslið lagfært í slysavarðstofunni í Reykjavík. Samkvæmt örorkumatinu taldi héraðslæknir varanlega örorku hæfilega metna 18%. Örin á fingrinum væru gróin og rifbrotið gróið án eftirkasta. Stefnandi hefði farið að vinna við vörzlu við Sundlaug Ísafjarðar um miðjan september 1959.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur reiknað örorkutjón stefnanda og miðað við vinnutekjur stefnanda árið 1958, en þær voru samkvæmt skattframtali kr. 59.293.00. Hann taldi, að þessi upphæð væri mjög lík meðaltekjum verkamanna í Reykjavík.

Taldi hann því ekki óeðlilegt að umreikna tekjurnar til kauplags, eins og það er nú, með tilliti til breytinga á taxta vélgæzlumanna í Dagsbrún. Við slíkan umreikning komi í ljós, að brúttótekjur ársins 1957 hafi raunverulega verið nokkru hærri en brúttótekjur ársins 1958, og styðji það þá aðferð að miða tap vinnutekna við tekjur ársins 1958, þótt upplýsingar um vinnutekjur fyrri ára vanti. Umreiknaðar vinnutekjur þess árs telur tryggingafræðingurinn að nemi nú kr. 60.964.00, og sé 18% af þeirri upphæð kr. 10.973.52. Sé gert ráð fyrir, að þessi upphæð tapist árlega frá slysdegi og svo lengi sem starfsorka endist, reiknast honum til, að verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nemi kr. 125.755.00. Sé reiknað með algerri örorku í tvo og hálfan mánuð fyrst eftir slysið, hækki ofangreind fjárhæð um kr. 10.041.00.

Við þenna reikning kveðst tryggingafræðingurinn ekki hafa tekið tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins. Hann kvaðst hafa reiknað með 6% aktíftöflum, samræmdum eftir lífendatöflum íslenzkra karla 1941—1950.

Bótakröfuna hefur stefnandi sundurliðað þannig í stefnu:

1. Örorkutjón samkvæmt útreikningi tryggingafræðingsins	kr.	135.796.00
2. Fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	—	50.000.00
3. Tjónútreikningur	—	450.00
Samtals	kr.	186.246.00

Í greinargerð gerir umboðsmaður stefnanda þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða umbjóðanda sínum ofangreinda fjárhæð eða aðra lægri að mati dómsins ásamt 6% frá 2. júlí 1959 til 21. febrúar 1960 og 10% af dæmdri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi telur, að stefndi beri fébótaábyrgð á þessu slysi og öllum afleiðingum þess, sé hér um sök að ræða hjá eiganda og forsvarsmönnum skipsins, vanbúnað skips, bilun og ágalla á tækjum þess, skort á öryggisbúnaði, sem hefði getað komið í veg fyrir slysið. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að vítavert hafi verið að setja hann einan til vinnu við spilið á dekki, eins og á stóð og vinnan hættuleg undir þeim kringumstæðum, sem þarna voru. Telur stefnandi, að framangreind atriði og fleiri, sem hann áskilur sér rétt til að rekja síðar, leggi óskoraða bótaábyrgð á stefnda í málinu.

Það er upplýst í málinu, að enginn sjónarvottur var að því, með

hverjum hætti slysið vildi til. Um þau atvik er stefnandi einn til frásagnar. Daginn eftir að slysið varð, lét Guðbjörn Jón Jónsson, skipstjóri á m/b Pólstjörnunni, rífa af spilkoppnum eyru (takka) þau, er soðin höfðu verið á hann, 4 að tölu, án vitundar útgerðarmanns skipsins, að því er hann fullyrðir, og án þess að nokkur skoðun færi áður fram á spilinu. Þessi eyru hafa ekki fundizt þrátt fyrir eftirgrennslan.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð skipaskoðunarmannanna Helga Þorbergssonar og Steinars Steinarssonar, þar sem þeir lýsa því yfir sem sínu áliti, að eyrun hafi ekki getað orsakað slysahættu, og hafi þeir ekki séð neitt athugavert við spilið, er skoðun fór fram vorið 1959. Þeir mættu fyrir dómi og staðfestu vottorð sitt. En stefnandi mótmælti vitnisburði þeirra sem röngum.

Í málinu hefur verið lagður fram uppdráttur af þilfari m/b Pólstjörnunnar, sem sýnir afstöðu spilsins við lestaropið. Einnig hefur verið lagður fram uppdráttur af spili, áþekku því, sem er í Pólstjörnunni, með eyru á koppnum, mjög líkum þeim, sem voru á spili Pólstjörnunnar.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að um sök hafi verið að ræða hjá stefnda, fyrst og fremst af því að eyrun voru ekki tekin af koppnum, um leið og strengjaskífan var numin burt, og einnig sökum þess að stefnandi var látinn vera einn við vinnu á þilfari. Hann hefur haldið því fram, að tannhjólaspilin, eins og Pólstjörnuspilið, sem snúist aðeins á einn veg, sé alls ekki ætluð til notkunar við löndun. Þau séu orðin úrelt og ekki forsvaranlegt að nota þau. Víðast hvar sé búið að setja dekkspil í skip til löndunar. Það þekkist ekki við löndun, að ekki séu hafðir lúgumenn, eins og hér átti sér stað. Þá sé bæði hafður spilmaður og lúgumaður til þess að leiðbeina spilmanninum. Sökum skorts á öryggisútbúnaði hafi verið hættulegt að vinna, þar sem stefnandi var. Öll þessi atriði leggi óskoraða fébótaábyrgð á stefnda.

Stefndi hefur hins vegar á það bent, að skipið hafi verið búið að fara í 7 veiðiferðir, áður en slysið varð, án þess að nokkuð kæmi fyrir. Sams konar spil séu notuð í mörgum bátum, og viti hann ekki til, að hafðir séu lúgumenn við löndun. Stefndi hefur einnig haldið því fram, að vanbúnaður skipsins, ef um slíkt hefði verið að ræða, væri skipstjóra og vélstjóra að kenna, því að stefndi hefði látið þá fá allt, sem þeir hefðu farið fram á. Eyrun á koppnum hefðu verið numin burtu án vitundar hans. Stefndi hefur lagt sérstaka áherzlu á það, að stefnandi hafi verið mjög vansvefta eftir veiðiförina. Hann hafi verið næstur skipstjóra að drætti, og

það hefði komið fram í málinu, að hann hefði mjög lítið sofið. Þá hefur hann fullyrt, að ekkert hafi verið að spilinu, sem orsakað gæti slys, nema um ógætni væri að ræða af hálfu spilmannsins. Ef gætt hefði verið almennrar varúðar, eins og nauðsynlegt sé við öll spil, hefði ekkert slys orðið. En sökum þess hversu ástatt var með stefnanda (þ. e. hve hann var vansvefta), gætti hann ekki þeirrar varúðar, sem gæta þurfti.

Eins og fram kemur í atvikalýsingunni, er stefnandi einn til frásagnar um það, hvernig slysið vildi til. En það er ljóst af öllum atvikum, að það vildi annað hvort til með þeim hætti, að fatnaður stefnanda festist í eyrunum á koppnum eða að þumalfingur hans festist undir vírvafningi á koppnum. Þegar að var komið, var fatnaður hans fastur á eyrunum og vírinn vafinn utan um hann.

Það er álit hinna sérfróðu samdómenda, sem báðir eru gagnkunnugir störfum á vélbátum, að eyrun megi teljast til vanbúnaðar, sem geti átt þátt í því að slysið varð.

Hins vegar hafi stefnandi með óvarkárni einnig átt sök á því, hvernig fór. En hann hallaði sér yfir spilið, að því er hann hefur skýrt frá, með þeim afleiðingum, að eyrun festust í vinnustakk hans.

Leiðir þetta til þess, að stefndi beri bótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni, er hann varð fyrir, en þó þannig, að hann bæti stefnanda tjónið að ¾ hlutum, þegar virt eru vinnuskilyrði þarna og hversu rík ástæða var til fyrir stefnanda að gæta fyllstu varúðar.

Verða nú bótakröfur stefnanda teknar til athugunar:

1. Örorkutjón samkvæmt útreikningi tryggingafræðings kr. 135.796.00. Stefndi hefur haldið því fram, að reikningur tryggingafræðingsins sé ekki nógu nákvæmur, sökum þess að hann hafi aðallega miðað við tekjur ársins 1958 í stað þess að miða við meðaltekjur 3ja ára fyrir slys. Í málinu hafa verið lögð fram skattframtöl stefnanda fyrir árin 1955—1958, og verða meðalbrúttótekjur þeirra ára um 66 þúsund krónur, en meðalnettótekjur nær 56 þúsund krónur. Virðist því samkvæmt þessu sem tryggingafræðingurinn hafi ekki miðað reikning sinn við of háar tölur. Þar sem kröfu þessari virðist í hóf stillt, verður upphæðin lögð til grundvallar við ákvörðun bóta úr hendi stefnda. Stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins eingreiðslu, kr. 23.242.00, og dagpeningagreiðslu til 14. september 1959, er hann varð vinnufær, kr. 2.322.75, eða samtals kr.

25.564.75, og hefur stefnandi fallizt á, að sú upphæð verði dregin frá bótaupphæðinni, og ber að gera það. Stefndi greiddi stefnanda kr. 9.000.00, eins mánaðar kaup, vegna slyssins. Hefur stefnandi mótmælt því, að sú upphæð verði dregin frá bótaupphæðinni. Verður ekki fallizt á þá kröfu stefnanda, og verður upphæð þessi dregin frá bótaupphæðinni.

Samkvæmt framansögðu ákvarðast bætur eftir þessum lið til stefnanda, eins og hér segir:

¾ af kr. 135.796.00	kr.	101.847.00
÷ greiðslur frá Tryggingastofnun og stefnda	—	34.564.75
	Kr.	67.282.25

Ber stefnda að greiða þessa upphæð.

2. Fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum kr. 50.000.00. Með hliðsjón af meiðslum stefnanda og öðrum atriðum, sem hér koma til álita, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 30.000.00.

3. Tjónútreikningur kr. 450.00. Upphæð þessi er samkvæmt reikningi tryggingafræðings, og ber að dæma stefnda til að greiða hana.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 97.732.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. 7. 1959 til 21. 2. 1960 og 10% ársvöxtum frá 21. 2. 1960 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 10.500.00.

Fyrir dæmdum upphæðum skal stefnandi hafa sjóveðrétt í m/b Pólstjörnunni, ÍS 85.

Dómsorð:

Stefndi, Muninn h/f, greiði stefnanda, Kristóbert Rósinkarssyni, kr. 97.732.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. júlí 1959 til 21. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá 21. febrúar 1960 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 10.500.00 í málskostnað.

Fyrir dæmdum upphæðum skal vera sjóveðréttur í m/b Pólstjörnunni, ÍS 85.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. desember 1961.

Nr. 175/1960. **Sigurður Þorgeirsson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Júlíusi Björnssyni
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Skuldamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. október 1960 og krafizt sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi, sem skaut málskostnaðarákvæði héraðsdóms til Hæstaréttar með kæru 30. september 1960, krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er varðar sakarefni, og að áfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Með úrskurði Hæstaréttar 1. desember 1961 var aðiljum samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 veitt færi á að afla skýrslna um tiltekin atriði, og hafa nokkur ný málsgögn verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um andvirði rafmagnstækja, er áfrýjandi hafi keypt í verzlun stefnda gegn gjaldfresti og greind eru í héraðsdómi.

Áfrýjandi hefur staðfastlega neitað því, að hann sjálfur eða nokkur fyrir hans hönd hafi tekið greind tæki út í verzlun stefnda. Hann hafi hins vegar samkvæmt beiðni Karls Jóhanns, sonar stefnda, tekið tæki þessi sem greiðslu fyrir vinnu sína og umsjón með smíð húss Karls Jóhanns að Lynghaga 11 í Reykjavík. Kveðst áfrýjandi þannig hafa tekið við tækjunum úr hendi Karls Jóhanns, og hafi þau fyrir hans atbeina verið afhent á heimili áfrýjanda. Sama

máli gegni um smávegis efni og rafvirkjavinnu, sem stefnukrafan tekur til.

Samkvæmt skýrslu stefnda og starfsmanna hans tíðkuðust lánsviðskipti ekki í verzlun stefnda á þeim tíma, er hér um ræðir, nema samþykki stefnda, Júlíusar Björnssonar, eða nafngreinds starfsmanns verzlunarinnar kæmi til, en hvorugur þessara aðilja minnist þess að hafa samþykkt afhendingu umræddra vara til áfrýjanda. Þá hefur það einnig komið fram, að í verzlun stefnda var viðskiptamaður að jafnaði látinn kvitta fyrir vöru, sem hann fékk þar með gjaldfesti, en í ljós er leitt, að hvorki áfrýjandi né nokkur annar hefur gefið slíka kvittun eða viðurkenningu, að því er varðar umrædd tæki, sem afgreidd voru á ýmsum tímum.

Karl Jóhann Júlíusson er stórkaupamaður, og verzlar hann með rafmagnstæki. Hefur hann og stefndi sameiginlegt verzlunarhúsnæði í húsi stefnda. Júlíus Björnsson hefur fyrir dómi lýst því, að Karl Jóhann hafi eigi verið starfsmaður rafmagnstækjaverzlunar sinnar síðan nokkru fyrir 1950. Þó hafi hann á stundum gripið þar í vinnu, ef nauðsyn bar til, en eigi hafi hann haft neina heimild til að selja vöru gegn gjaldfresti. Er Karl Jóhann kom fyrir héraðsdóm, neitaði hann því í fyrstu, að hann hefði „selt, afhent eða á annan hátt verið milligöngumaður um raftæki til" áfrýjanda, en síðar kvaðst hann „ekki vilja synja fyrir það, að „hann kunni að hafa átt þátt í afhendingu til stefnda á einhverjum þeirra hluta, er málið er risið af", enda játaði hann nú að hafa sjálfur ritað tvær afgreiðslunótur um hluta rafmagnstækjanna.

Umrædd tæki voru afgreidd úr verzlun stefnda á árunum 1954 og 1955, en sannað er, að á þeim árum vann áfrýjandi að smíð íbúðarhúss Karls Jóhanns, er áður greinir. Eigi er sannað, að áfrýjandi hafi verið krafinn um andvirði tækjanna fyrr en á árinu 1957, og þrátt fyrir brýnt tilefni í úrskurði Hæstaréttar hefur stefndi enga grein gert fyrir því, að áfrýjandi hafi í verzlunarbókum stefnda verið skuldaður fyrir fjárhæð þeirri, sem krafizt er í máli þessu.

Eigi skiptir hér máli hvernig sakir kunna að standa í skiptum þeirra áfrýjanda og Karls Jóhanns.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykja sönnur eigi að því leiddar, að stofnazt hafi krafa á hendur áfrýjanda vegna úttektar hans sjálfs eða annarra í umboði hans á vörum þeim, sem um er að tefla, né vinnu þeirrar, er áður greinir. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Eftir þessum úslitum og atvikum málsins er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 5000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sigurður Þorgeirsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Júlíusar Björnssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara og Lárusar Jóhannessonar hæstaréttardómara.

Stefndi, Júlíus Björnsson, rekur raktækjaverzlun í húsinu nr. 12 við Austurstræti í Reykjavík og selur vörur sínar einungis í smásölu. Sonur stefnda, Karl Jóhann Júlíusson, rekur í nefndu verzlunarhúsnæði stefnda umboðs- og heildverzlunina Elangro Trading. Verzlar Karl Jóhann Júlíusson aðallega með rafvörur alls konar í stórsölu, en eigi í smásölu, enda hefur hann eigi smásöluleyfi. Feðgarnir nota sömu skrifstofu, hvor fyrir sitt fyrirtæki. Þeir eru sammála um, að Karl Jóhann Júlíusson grípi til vinnu við verzlun stefnda, er nauðsyn ber til. Vitni, sem var afgreiðslustúlka við verzlun stefnda 1954, kveður Karl Jóhann Júlíusson hafa unnið talsvert við verzlunina á þeim tíma „og virtist" hann „vera þar verzlunarstjóri, a. m. k. réð hann mættu til starfs, og leit hún á hann sem verzlunarstjóra".

Á árunum 1954 og 1955 voru ýmis raftæki send frá verzl-

un stefnda heim til áfrýjanda, Bollagötu 16, Reykjavík. Einnig var sendur frá verzluninni rafvirki til að tengja þvottavél, sem var ein af raftækjunum, kæliskáp o. fl. Jafnframt ritaði afgreiðslumaður hvers tækis og fylgihluta afgreiðsluseðil (nótu) á hendur áfrýjanda með tilgreindu verði tækisins. Hafa þeir, hver fyrir sig, staðfest ritun sína á þessum skjölum, en eigi kveðast þeir muna, hver skipaði fyrir um afgreiðslu raftækjanna til áfrýjanda, en í þessu sambandi er þess að geta, að Karl Jóhann Júlíusson afgreiddi af tækjunum þrjá raflampa og ryksugu. Eigi virðist áfrýjandi hafa kvittað fyrir viðtöku tækjanna, en að vætti skrifstofumanns stefnda er það eigi alveg föst venja, að viðskiptamenn kvitti fyrir vörum, sem seldar eru með gjaldfresti. Aðiljar eru eigi sammála um, hvenær stefndi tók að krefja áfrýjanda um andvirði tækjanna og gjald fyrir uppsetningu. Kröfubréf hefur stefndi ritað áfrýjanda 26. janúar, 18. febrúar og 22. marz 1957. Áfrýjandi kveðst hvorki hafa pantað né tekið út í verzlun stefnda raftæki þau, sem hann er sóttur í máli þessu til greiðslu á, heldur hafi Karl Jóhann Júlíusson eftir samkomulagi þeirra sent honum þau sem greiðslu upp í vinnu, er hann innti af hendi fyrir Karl Jóhann Júlíusson við smíð hússins nr. 11 við Lynghaga í Reykjavík á árunum 1954 og 1955, en þar var áfrýjandi með vinnuflokk að starfi um tíma. Hefur kona áfrýjanda stutt skýrslu hans um þetta, en hún telur sig hafa fylgzt með viðskiptum þeirra. Lagðir hafa verið fram örfáir kvittaðir vinnureikningar frá áfrýjanda fyrir vinnu við nefnt hús, og er á tveimur þeirra getið umsjónarlauna, 15% af fjárhæð. Karl Jóhann Júlíusson kveðst hafa lokið reikningsskilum vegna vinnu áfrýjanda við húsið og innt greiðslu fyrir hana af höndum í reiðufé, en raftækin hafi alls eigi gengið sem greiðsla inn í þau viðskipti og séu þeim algerlega óviðkomandi. Áfrýjandi, sem er bókhaldsskyldur eftir 11. tl. 2. gr. laga nr. 62/1938, hefur þrátt fyrir áskorun hvorki lagt fram heildarreikning yfir vinnu sína og sinna starfsmanna við smíð hússins nr. 11 við Lynghaga né sundurliðaðan reikning yfir þær greiðslur, sem

Karl Jóhann Júlíusson innti af hendi fyrir vinnu þessa, og brestur þannig í málinu gögn til að leggja dóm á, hvernig reikningar áfrýjanda og Karls Jóhanns Júlíussonar standa út af vinnu áfrýjanda við nefnt hús. Gegn eindreginni neitun Karls Jóhanns Júlíussonar hefur áfrýjanda eigi tekizt að sanna, að hann hafi veitt viðtöku raftækjunum og uppsetningu þeirra úr hendi Karls Jóhanns sem greiðslu fyrir vinnu við húsið nr. 11 við Lynghaga. Málin standa því þannig, að áfrýjandi hefur eignað sér raftækin ásamt uppsetningu, en hefur hins vegar eigi sannað, að hann hafi innt af hendi gagngjald þeirra til Karls Jóhanns Júlíussonar, sem virðist stundum hafa ráðstafað málum verzlunar stefnda, né beint til stefnda. Verður því að dæma áfrýjanda til að greiða hina umkröfðu skuld, enda getur dráttur á innheimtunni engu breytt hér um.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda upp í málskostnað fyrir Hæstarétti kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Þorgeirsson, greiði stefnda, Júlíusi Björnssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. september 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 6. september s.l., hefur Júlíus Björnsson, raftækjaverzlun, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 15. júní 1957, gegn Sigurði Þorgeirssyni, Bollagötu 16, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 8.023.36, með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og jafnframt ríflegs málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig: „Hér er um að ræða nokkrar rafmagnsvörur, sem stefndi fékk í verzlun umbj.m. seint á árinu 1954. Innifalið í framangreindri stefnukröfu er og vinnulaun skv. nótum fyrir uppsetningu og tengingu rafmagnsverkfæra

þeirra, er stefndi keypti af stefnanda.“ Ekki er í greinargerð stefnanda gerð frekari grein fyrir stefnukröfunni.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að um aðildarskort sé að ræða. Hann hafi ekki átt þau viðskipti við stefnanda, sem stefnandi reisir kröfu sína á, og sé málið því ranglega höfðað gegn sér.

Til stuðnings kröfu sinni hefur stefnandi lagt fram tvo reikninga frá sér ásamt viðfestum nótum. Samkvæmt skjölum þessum má sundurliða stefnukröfuna þannig:

1.	Nóta, dags.	16/11	1954,	þrír lampar	kr. 675.00
2.	— —	16/6	1954,	þvottavél	— 5.200.00
3.	— —	18/3	1955,	ryksuga og fylgihl. ...	— 1.970.00
4.	— —	24/6	1954,	tengd þvottavél	— 57.38
5.	— —	16/8	1955,	lagt fyrir tengli fyrir kæliskáp	— 64.63
6.	— —	23/8	1955,	settur upp tengill	— 25.85
7.	— —	16/8	1955,	tengill o. fl.	— 30.50

Kr. 8.023.36

Ekki eru reikningar þessir undirritaðir af viðtakanda vörunnar, og ekki heldur af þeim, sem afgreitt hefur vörurnar. Lagðir hafa verið fram vinnulistar manna þeirra, sem framkvæmt hafa hina tilgreindu vinnu.

Stefndi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að á árunum 1954 og 1955 og ef til vill eitthvað fyrr, hafi hann unnið hjá Jóhanni Júlíussyni, syni fyrirsvarsmanns stefnanda, við byggingu hússins nr. 11 við Lynghaga, sem Jóhann hafði þá í smíðum. Hafi hann verið þarna að verki ýmist einn eða með vinnuflokk sinn. Stefndi kveður þá Jóhann hafa verið kunnuga og kveður upphaf viðskipta þeirra hafa verið það, að Jóhann hafi boðið sér þvottavél með þeim skilmálum, að hann, þ. e. stefndi, greiddi fyrir andvirði hennar með vinnu við hús Jóhanns. Stefndi kvaðst í fyrstu hafa færzt undan þessu, þar sem hann hafi verið önnum kafinn við önnur störf, en auk þess kveður hann sér hafa fundizt vélin of dýr. Hann kveðst þó að lokum hafa fallizt á þetta fyrir þrábeiðni Jóhanns, enda hafi Jóhann látið svo um mælt, að ef eitthvað hallaði á hann í viðskiptum þessum, þá gæti hann unnið fyrir mismuninum smám saman. Stefndi kveður Jóhann síðan hafa sent þvottavélina heim til sín og með henni rafvirkja til að setja hana upp. Kveðst stefndi hafa talið, að vélin væri úr verzlun stefnanda, þar sem hann hafi vitað, að Jóhann væri starfsmaður hennar að einhverju leyti. Er stefndi var búinn að vinna

fyrir andvirði þvottavélarinnar, kveðst hann hafa innt Jóhann eftir því, hvort hann gæti fengið ryksugu, og hafi Jóhann talið það sjálfsagt. Hafi verið gengið út frá því, að hann, þ. e. stefndi, ynni fyrir andvirði hennar á sama hátt og andvirði þvottavélarinnar. Ekki kveðst stefndi hafa beðið um þá þrjá lampa, sem krafið er um greiðslu fyrir, en hann kveður eiginkonu sína munu hafa rætt um þá við Jóhann. Stefndi kveður Jóhann hafa greitt vinnulaun manna þeirra, sem unnu á sínum vegum við bygginguna, beint til þeirra sjálfra, en fyrir sína persónulegu vinnu og umsjónarlaun kveður stefndi Jóhann hafa greitt með greindum rafmagnsvörum. Um vorið 1957 kveðst stefndi hafa látið Jóhann hafa sundurliðaðan reikning fyrir persónulega vinnu sína og umsjónarlaun, og hafi reikningsfjárhæðin numið um kr. 6.000.00 og kveðst hann því skulda Jóhanni um kr. 2.000.00. Stefndi hefur eindregið neitað því að hafa komið í verzlun stefnanda til að panta eða sækja umræddar vörur.

Vitnið Hulda Ottesen, eiginkona stefnda, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að Jóhann Júlíusson hafi eitt sinn komið á heimili þeirra hjónanna með eiginmanni hennar og boðið hjónunum þvottavél. Vitnið kveðst hafa tjáð Jóhanni, að þau hefðu ekki efni á að kaupa hana, en Jóhann hafi þá sagt, að stefndi myndi vinna af sér andvirði þvottavélarinnar, og hafi hann jafnframt látið í ljós, að þau hjónin gætu á sama hátt fengið hvaða heimilistæki önnur, sem þau vildu. Vitnið kveður Jóhann hafa sagt, að þau fengju tækin frá honum sjálfum, og hafi það því talið, að hann væri verzlunarmaður og hefði slík tæki undir höndum. Vitnið kveður Jóhann síðar hafa hringt í sig og sagt, að þvottavélin væri á leiðinni. Ekki kveður vitnið menn þá, sem með vélina komu, hafa haft tal af sér, og ekki kveður það neina nótu hafa fylgt henni. Nokkrum kvöldum eftir að komið hafði verið með þvottavélina, kveður vitnið Jóhann hafa komið og kennt því meðferð vélarinnar. Vitnið kveðst ekki muna eftir að hafa fengið lampa hjá Jóhanni. Vitnið kveður Jóhann hafa boðið fleiri heimilistæki, er greiðast skyldu á sama hátt og þvottavélin. Ekki kveðst vitnið vita annað en að tæki þessi kæmu frá Jóhanni Júlíussyni.

Fyrirsvarsmaður stefnanda, Júlíus Björnsson, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi sjálfur ekki vitað um úttektir á vörum þeim, sem mál þetta fjallar um, enda kveðst hann yfirleitt ekki fylgjast með úttektum í verzlun sinni, nema samkvæmt verzlunarbókum, sem starfsfólk verzlunarinnar sjái um.

Hann kveður reikninga þá, sem lagðir hafa verið fram í málinu yfir hinar umdeildu vörur, vera samda eftir viðskiptabókum, en kveðst ekki geta sagt um, hver hefði beðið um vörurnar eða hverjum þær hafi verið afhentar. Júlíus Björnsson kveður reikningsviðskipti við verzlunina aðeins fara fram, að undangenginni athugun á greiðslugetu viðkomandi viðskiptamanns, og sé sú athugun í höndum hans sjálfs eða skrifstofustjóra fyrirtækisins, Þóris Jenssonar. Þó geti verið sökum sérstakra ástæðna, að öðrum en þeim tveimur sé veitt heimild til lánsviðskipta. Ekki kveðst Júlíus minnast þess, að hann hafi veitt syni sínum Jóhanni sérstakt leyfi til að lána út í reikning í því tilviki, sem hér er fjallað um. Júlíus kveður Jóhann son sinn ekki hafa unnið hjá stefnanda um síðastliðið 10 ára skeið. Hann kveður Jóhann hafa skrásetta umboðs- og heildverzlun, sem sé til húsa í Austurstræti 12 A.

Vitnið Karl Jóhann Júlíusson, sonur fyrirsvarsmanns stefnanda, hefur skýrt svo frá, að það hafi í um 10 ára skeið rekið stórsölu, sem beri nafnið Elangro Trading og sé til húsa að Austurstræti 12. Kveðst vitnið aðallega verzla með alls konar rafmagnsvörur og selja þær í heildsölu, en ekki smásölu, þar sem það hafi ekki smásöluleyfi. Vitnið kveðst ekki hafa verið launaður starfsmaður hjá stefnanda, eftir að það stofnaði sitt eigið fyrirtæki. Það kveðst þó stundum hafa gripið í að afgreiða í verzlun stefnanda við sérstakar aðstæður, en hafa í staðinn fengið aðstoð frá verzluninni í þágu fyrirtækis síns. Vitnið kveðst oft hafa komið á heimili stefnda í sambandi við viðskipti þeirra vegna byggingar hússins nr. 11 við Lynghaga. Það kveður viðskipti sín og stefnda að fullu upp gerð. Vitnið hefur lýst því yfir, að það vilji ekki synja fyrir það, að það kunni að hafa átt þátt í afhendingu til stefnda á einhverjum þeirra hluta, sem mál þetta er risið af. Vitnið kveður, að það kunni að hafa haft afskipti af afhendingu muna þeirra, sem skráðir eru undir 1. lið hér að framan, þriggja lampa. Vitnið kveður áritunina „sent heim", sem skráð er á nótuna, tákna það, að viðskiptavinurinn hafi ekki tekið munina með sér heim. Vitnið kveður nótuna bera með sér, að ekki hafi verið um staðgreiðslu að ræða. Vitnið kveðst hafa ritað nótu þá, sem greind er undir 3. lið hér að framan, ryksuga og fylgihlutir. Kveður vitnið áritunina „Sj" á nótuna tákna það, að stefndi hafi sjálfur gert pöntunina og sennilega sjálfur veitt vörunni móttöku. Vitnið kveður aðra hafa ritað hinar nóturnar.

Vitnið Þórir Jón Jensson kveðst hafa ritað nótur þær, sem

greindar eru undir liðum 4, 5 og 6 hér að framan samkvæmt vinnulistum þeim, sem lagðir hafa verið fram í málinu. Vitnið man ekki, hvort það veitti heimild til þess, að stefndi fengi greindar vörur afgreiddar með greiðslufresti eða hvort það sá um heimsendingu varanna. Vitnið kveður það alveg fasta venju, að viðskiptamenn kvitti fyrir vörur, sem seldar eru gegn gjaldfresti.

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að tæki þau, sem fjallað er um í málinu, séu ekki komin úr heildverzlun vitnisins Jóhanns Júlíussonar, Elangro Trading. Hefur þessi yfirlýsing ekki sætt andmælum. Þá hefur stefndi lýst því yfir fyrir dómi, að hann hafi reiknað með því, að þvottavélin væri komin úr verzlun stefnanda, og eigi hefur því verið andmælt sérstaklega, að hin tækin, sem fjallað er um í málinu, séu einnig þaðan komin. Með hliðsjón af þessu og með vísan til gagna þeirra, sem lögð hafa verið fram til stuðnings kröfum stefnanda, þá verður að telja nægilega fram komið, að umrædd tæki séu úr verzlun hans. Þykir stefndi samkvæmt þessu bera ábyrgð á greiðslu andvirðis tækjanna til stefnanda, en eigi hefur hann fært sönnur að því, að það hafi verið greitt honum. Verður stefndi því dæmdur til að greiða það. Þá þykir og með vísan til þess, sem rakið hefur verið, bera að dæma stefnda til að greiða fyrir vinnu við uppsetningu tækjanna, enda hefur eigi verið vefengt, að hún hafi verið framkvæmd af starfsmönnum stefnanda.

Rétt þykir að dæma stefnda til að greiða 6% ársvexti af dæmdum fjárhæðum frá 1. janúar 1956.

Eftir atvikum og með hliðsjón af málavöxtum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Þorgeirsson, greiði stefnanda, Júlíusi Björnssyni, raftækjaverzlun, kr. 8.023.36 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1956 til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.